Kenni-númer auk-efnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lág-marks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingamyndandi eining (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: dýraræktaraukefni. Virkur hópur: þarmaflórustöðgarar									
4b1710	Prosol S.p.A.	*Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 sem inniheldur að lágmarki: 1×10^9 CFU/g aukefnis Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Lífvænlegar frumur *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 *Greiningaraðferð* (1) Ákvörðun á heildarfjölda: áhellingar-aðferð þar sem notaður er agar með klóramfenikólglúkósa (CGYE) og gerkjarna (EN 15789) Sanngreining: kjarnsýrumögnun (PCR-aðferð)	Öll svín, önnur en þau sem eru ætluð til undaneldis og fráfærugrísir	-	3×10^9	-	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu-skilyrði og stöðugleika við hitameð-höndlun.	16.3.2032
				Öll svín sem eru ætluð til undaneldis, önnur en gyltur	-	$6{,}4 \times 10^9$	-	2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrir-tækja koma á verklagsreglum og viðeigandi skipulagsráðstöfunum til að bregðast við hættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða hættunni á váhrifum gegnum húð, við innöndun eða á augu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota viðeigandi persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húðvörn, augnvörn og öndunarvörn.	
				Hundar	-	7×10^{10}			

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/273 **2022/EES/72/04**

frá 23. febrúar 2022

um leyfi fyrir blöndum með *Lacticaseibacillus rhamnosus* IMI 507023, *Pediococcus pentosaceus* IMI 507024, *Pediococcus pentosaceus* IMI 507025, *Lactiplantibacillus plantarum* IMI 507026, *Lactiplantibacillus plantarum* IMI 507027 og *Lactiplantibacillus plantarum* IMI 507028 sem votfóðursaukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 voru lagðar fram umsóknir um leyfi fyrir blöndum með *Lacticaseibacillus rhamnosus* IMI 507023, *Pediococcus pentosaceus* IMI 507024, *Pediococcus pentosaceus* IMI 507025, *Lactiplantibacillus plantarum* IMI 507026, *Lactiplantibacillus plantarum* IMI 507027 og *Lactiplantibacillus plantarum* IMI 507028. Umsóknunum fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknirnar varða leyfi fyrir blöndum með *Lacticaseibacillus rhamnosus* IMI 507023, *Pediococcus pentosaceus* IMI 507024, *Pediococcus pentosaceus* IMI 507025, *Lactiplantibacillus plantarum* IMI 507026, *Lactiplantibacillus plantarum* IMI 507027 og *Lactiplantibacillus plantarum* IMI 507028, í aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 23. júní 2021 ([2]), ([3]), ([4]), ([5]), ([6]), ([7]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blöndur með *Lacticaseibacillus rhamnosus* IMI 507023, *Pediococcus pentosaceus* IMI 507024, *Pediococcus pentosaceus* IMI 507025, *Lactiplantibacillus plantarum* IMI 507026, *Lactiplantibacillus plantarum* IMI 507027 og *Lactiplantibacillus plantarum* IMI 507028 ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, öryggi neytenda eða á umhverfið. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnin ættu að teljast öndunarfæranæmar og tók fram að ekki væri unnt að komast að niðurstöðu um hvort aukefnin valdi augn- og húðertingu eða húðnæmingu. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnanna. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að viðkomandi blöndur geti hugsanlega bætt varðveislu næringarefna í votfóðri sem er tilreitt úr efni sem er auðvelt eða meðalerfitt að votfóðursverka. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnin í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 43, 24.2.2022, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 228/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021, 19(7), 6700.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021, 19(7), 6701.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021, 19(7), 6702.

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021, 19(7), 6703.

([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021, 19(7), 6704.

([7]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021, 19(7), 6705.

5) Mat á blöndu með *Lacticaseibacillus rhamnosus* IMI 507023, *Pediococcus pentosaceus* IMI 507024, *Pediococcus pentosaceus* IMI 507025, *Lactiplantibacillus plantarum* IMI 507026, *Lactiplantibacillus plantarum* IMI 507027 og *Lactiplantibacillus plantarum* IMI 507028 sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessara blandna eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blöndurnar, sem tilheyra aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „aukefni í votfóður“ og eru tilgreindar í viðaukanum, eru leyfðar sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. febrúar 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					CFU aukefnis/kg fersks efnis			
Flokkur tæknilegra aukefna. Virkur hópur: aukefni í votfóður								
1k21701	*Lacticaseibacillus rhamnosus* IMI 507023	*Samsetning aukefnis:* Blanda með *Lacticaseibacillus rhamnosus* IMI 507023 sem inniheldur að lágmarki 1×10^{10} CFU/g aukefnis. Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins:* Lífvænlegar frumur *Lacticaseibacillus rhamnosus* IMI 507023. - *Greiningaraðferð* (1) — Sanngreining: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE) — Ákvörðun á heildarfjölda í fóður-aukefnum: Dreifingaraðferð með MRS-agar (EN 15787)	Allar dýrategundir	-	-	-	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndum skal tilgreina geymsluskilyrði. 2. Lágmarksinnihald aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í votfóður: 1×10^9 CFU/kg fersks efnis sem er auðvelt eða meðalerfitt að votfóðursverka (2). 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húðvörn, augnvörn og öndunarvörn.	16.3.2032

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

(2) Fóðurjurtir sem er auðvelt að votfóðursverka: > 3% leysanleg kolvetni í fersku efni, fóðurjurtir sem er meðalerfitt að votfóðursverka: 1,5-3% leysanleg kolvetni í fersku efni í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 429/2008 frá 25. apríl 2008 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar gerð og framsetningu umsókna og mat á aukefnum í fóðri og leyfi fyrir þeim (Stjtíð. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 1).

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					CFU aukefnis/kg fersks efnis			
Flokkur tæknilegra aukefna. Virkur hópur: aukefni í votfóður								
1k21016	*Pediococcus pentosaceus* IMI 507024	*Samsetning aukefnis:* Blanda með *Pediococcus pentosaceus* IMI 507024 sem inniheldur að lágmarki 1×10^{10} CFU/g aukefnis. Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins:* Lífvænlegar frumur *Pediococcus pentosaceus* IMI 507024. *Greiningaraðferð* (1) — Sanngreining: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE) — Ákvörðun á heildarfjölda í fóður-aukefninu: Dreifingaraðferð með MRS-agar (EN 15786)	Allar dýrategundir	-	-	-	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndum skal tilgreina geymsluskilyrði. 2. Lágmarksinnihald aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í votfóður: 1×10^9 CFU/kg fersks efnis sem er auðvelt eða meðalerfitt að votfóðursverka (2). 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húðvörn, augnvörn og öndunarvörn.	16.3.2032

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

(2) Fóðurjurtir sem er auðvelt að votfóðursverka: > 3% leysanleg kolvetni í fersku efni, fóðurjurtir sem er meðalerfitt að votfóðursverka: 1,5-3% leysanleg kolvetni í fersku efni í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 429/2008 frá 25. apríl 2008 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar gerð og framsetningu umsókna og mat á aukefnum í fóðri og leyfi fyrir þeim (Stjtíð. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 1).

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					CFU aukefnis/kg fersks efnis			
Flokkur tæknilegra aukefna. Virkur hópur: aukefni í votfóður								
1k21017	*Pediococcus pentosaceus* IMI 507025	*Samsetning aukefnis:* Blanda með *Pediococcus pentosaceus* IMI 507025 sem inniheldur að lágmarki 1×10^{10} CFU/g aukefnis. Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins:* Lífvænlegar frumur *Pediococcus pentosaceus* IMI 507025. *Greiningaraðferð* (1) — Sanngreining: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE) — Ákvörðun á heildarfjölda í fóður-aukefninu: Dreifingaraðferð með MRS-agar (EN 15786)	Allar dýrategundir	-	-	-	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndum skal tilgreina geymsluskilyrði. 2. Lágmarksinnihald aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í votfóður: 1×10^9 CFU/kg fersks efnis sem er auðvelt eða meðalerfitt að votfóðursverka (2). 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húðvörn, augnvörn og öndunarvörn.	16.3.2032

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

(2) Fóðurjurtir sem er auðvelt að votfóðursverka: > 3% leysanleg kolvetni í fersku efni, fóðurjurtir sem er meðalerfitt að votfóðursverka: 1,5-3% leysanleg kolvetni í fersku efni í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 429/2008 frá 25. apríl 2008 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar gerð og framsetningu umsókna og mat á aukefnum í fóðri og leyfi fyrir þeim (Stjtíð. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 1).

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					CFU aukefnis/kg fersks efnis			
Flokkur tæknilegra aukefna. Virkur hópur: aukefni í votfóður								
1k21601	*Lactiplantibacillus plantarum* IMI 507026	*Samsetning aukefnis:* Blanda með *Lactiplantibacillus plantarum* IMI 507026 sem inniheldur að lágmarki 1×10^{10} CFU/g aukefnis. Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins:* Lífvænlegar frumur *Lactiplantibacillus plantarum* IMI 507026. *Greiningaraðferð* (1) — Sanngreining: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE) — Ákvörðun á heildarfjölda í fóður-aukefnum: Dreifingaraðferð með MRS-agar (EN 15787)	Allar dýrategundir	-	-	-	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndum skal tilgreina geymsluskilyrði. 2. Lágmarksinnihald aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í votfóður: 1×10^9 CFU/kg fersks efnis sem er auðvelt eða meðalerfitt að votfóðursverka (2). 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húðvörn, augnvörn og öndunarvörn.	16.3.2032

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

(2) Fóðurjurtir sem er auðvelt að votfóðursverka: > 3% leysanleg kolvetni í fersku efni, fóðurjurtir sem er meðalerfitt að votfóðursverka: 1,5-3% leysanleg kolvetni í fersku efni í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 429/2008 frá 25. apríl 2008 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar gerð og framsetningu umsókna og mat á aukefnum í fóðri og leyfi fyrir þeim (Stjtíð. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 1).

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					CFU aukefnis/kg fersks efnis			
Flokkur tæknilegra aukefna. Virkur hópur: aukefni í votfóður								
1k21602	*Lactiplantibacillus plantarum* IMI 507027	*Samsetning aukefnis:* Blanda með *Lactiplantibacillus plantarum* IMI 507027 sem inniheldur að lágmarki 1×10^{10} CFU/g aukefnis. Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins:* Lífvænlegar frumur *Lactiplantibacillus plantarum* IMI 507027. - *Greiningaraðferð* (1) — Sanngreining: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE) — Ákvörðun á heildarfjölda í fóður-aukefnum: Dreifingaraðferð með MRS-agar (EN 15787)	Allar dýrategundir	-	-	-	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndum skal tilgreina geymsluskilyrði. 2. Lágmarksinnihald aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í votfóður: 1×10^9 CFU/kg fersks efnis sem er auðvelt eða meðalerfitt að votfóðursverka (2). 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóður-fyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húðvörn, augnvörn og öndunarvörn.	16.3.2032

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

(2) Fóðurjurtir sem er auðvelt að votfóðursverka: > 3% leysanleg kolvetni í fersku efni, fóðurjurtir sem er meðalerfitt að votfóðursverka: 1,5-3% leysanleg kolvetni í fersku efni í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 429/2008 frá 25. apríl 2008 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar gerð og framsetningu umsókna og mat á aukefnum í fóðri og leyfi fyrir þeim (Stjtíð. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 1).

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					CFU aukefnis/kg fersks efnis			
Flokkur tæknilegra aukefna. Virkur hópur: aukefni í votfóður								
1k21603	*Lactiplantibacillus plantarum* IMI 507028	*Samsetning aukefnis:* Blanda með *Lactiplantibacillus plantarum* IMI 507028 sem inniheldur að lágmarki 1×10^{10} CFU/g aukefnis. Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins:* Lífvænlegar frumur *Lactiplantibacillus plantarum* IMI 507028. *Greiningaraðferð* (1) — Sanngreining: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE) — Ákvörðun á heildarfjölda í fóður-aukefnum: Dreifingaraðferð með MRS-agar (EN 15787)	Allar dýrategundir	-	-	-	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndum skal tilgreina geymsluskilyrði. 2. Lágmarksinnihald aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í votfóður: 1×10^9 CFU/kg fersks efnis sem er auðvelt eða meðalerfitt að votfóðursverka (2). 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóður-fyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húðvörn, augnvörn og öndunarvörn.	16.3.2032

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

(2) Fóðurjurtir sem er auðvelt að votfóðursverka: > 3% leysanleg kolvetni í fersku efni, meðalerfitt að votfóðursverka: 1,5-3% leysanleg kolvetni í fersku efni í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 429/2008 frá 25. apríl 2008 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar gerð og framsetningu umsókna og mat á aukefnum í fóðri og leyfi fyrir þeim (Stjtíð. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 1).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/320 **2022/EES/72/05**

frá 25. febrúar 2022

um leyfi fyrir pressaðri mandarínuilmkjarnaolíu sem fóðuraukefni fyrir alifugla, svín, jórturdýr, hesta, kanínur og laxfiska (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 2. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Mandarínuilmkjarnaolía var leyfð án tímamarka, í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Aukefnið var síðan fært inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á pressaðri mandarínuilmkjarnaolíu fyrir allar dýrategundir.

4) Umsækjandinn óskaði eftir því að pressuð mandarínuilmkjarnaolía yrði einnig leyfð til notkunar í drykkjarvatn. Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er notkun bragðefna þó ekki leyfð í drykkjarvatn. Af þessum sökum ætti ekki að leyfa notkun pressaðrar mandarínuilmkjarnaolíu í drykkjarvatn.

5) Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „skynræn aukefni“ og virka hópinn „bragðefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

6) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 5. maí 2021 ([3]) að við tillögð skilyrði fyrir notkun hafi pressuð mandarínuilmkjarnaolía ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, heilbrigði neytenda eða á umhverfið. Ekki var þó hægt að komast að niðurstöðu um gæludýr og skrautfiska sem komast undir venjulegum kringumstæðum ekki í snertingu við aukaafurðir úr sítrusávöxtum. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að pressuð mandarínuilmkjarnaolía ætti að teljast húðnæmir og ertandi fyrir húð, augu og öndunarveg. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins.

7) Þar eð pressuð mandarínuilmkjarnaolía er viðurkennd sem bragðefni í matvæli og hlutverk hennar í fóðri er í raun það sama og í matvælum komst Matvælaöryggisstofnunin einnig að þeirri niðurstöðu að því teljist ekki nauðsynlegt að sýna frekar fram á verkun hennar. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2022, bls. 41. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 228/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19(6), 6625.

8) Mat á pressaðri mandarínuilmkjarnaolíu sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun efnisins eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

9) Sú staðreynd að notkun pressaðrar mandarínuilmkjarnaolíu sem bragðefni í drykkjarvatn er ekki leyfð kemur ekki í veg fyrir notkun hennar í fóðurblöndu sem er gefin með vatni.

10) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir efninu sem um er að ræða af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „bragðefni“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Efnið, sem er tilgreint í viðaukanum, og forblöndur sem innihalda efnið, sem eru framleidd og merkt fyrir 20. september 2022 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 20. mars 2022, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnið, sem er tilgreint í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 20. mars 2023 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 20. mars 2022, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. febrúar 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfis-hafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni									
2b142-eo	-	Pressuð manda-rínuilm-kjarnaolía	*Samsetning aukefnis* Mandarínuilmkjarnaolía sem er fengin úr ávaxtahýði *Citrus reticulata* Blanco. Vökvaform *Lýsing á eiginleikum virka efn-isins* Pressuð mandarínuilmkjarnaolía sem er fengin með kaldri pressun úr ávaxtahýði *Citrus reticulata* Blanco, eins og skilgreint er af Evrópuráði ([1]). d-límónen: 65–80% γ-terpínen: 13–22% α-pínen (pín-2(3)-en): 1–3,5% Mýrsen: 1–2% β-pínen (pín-2(10)-en): 1–2% Metýl-N-metýlantranílat: 0,15–0,7% Perillaldehýð: ≤ 0,063% CAS-númer: 8008-31-9 FEMA-númer: 2657 CoE-númer: 142	Alifuglar Kanínur Laxfiskar	-	-	15	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu-skilyrði og stöðugleika við hitameð-höndlun. 3. Leyft er að blanda pressaðri mandarínuilm-kjarnaolíu við önnur plöntuaukefni að því tilskildu að magn perillaldehýðs í fóður-efnum og fóðurblöndum sé minna en það sem leiðir af notkun staks aukefnis í hámarksmagni eða tillögðu magni fyrir tegund eða flokk dýra. 4. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrir-tækja koma á verklagsreglum og skipulags-ráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húð-vörn, augnvörn og öndunarvörn.	20. mars 2032
				Svín	-	-	33		
				Jórturdýr	-	-	30		
				Hestar	-	-	40		

			Greiningaraðferð (2) Til að magnákvarða plöntuefna-fræðilega merkiefnið *d-límónen* í fóðuraukefninu eða í blöndu af bragðefnum: — Gasgreining með logajón-unargreiningu (GC-FID) (á grundvelli ISO 3528)						

(1) „Natural sources of flavourings“ — Skýrsla nr. 2 (2007).

(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/347 **2022/EES/72/06**

frá 1. mars 2022

um leyfi fyrir ilmkjarnaolíu úr beiskjuappelsínutré sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 2. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Ilmkjarnaolía úr beiskjuappelsínutré var leyfð án tímamarka, í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Aukefnið var síðan fært inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á ilmkjarnaolíu úr beiskjuappelsínutré fyrir allar dýrategundir.

4) Umsækjandinn óskaði eftir því að ilmkjarnaolía úr beiskjuappelsínutré yrði einnig leyfð til notkunar í drykkjarvatn. Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er notkun bragðefna þó ekki leyfð í drykkjarvatn. Af þessum sökum ætti ekki að leyfa notkun ilmkjarnaolíu úr beiskjuappelsínutré í drykkjarvatn.

5) Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „skynræn aukefni“ og virka hópinn „bragðefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 64, 2.3.2022, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 228/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

6) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 5. maí 2021 ([3]) að við tillögð skilyrði fyrir notkun hafi ilmkjarnaolía úr beiskjuappelsínutré ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, heilbrigði neytenda eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að ilmkjarnaolía úr beiskjuappelsínutré ætti að teljast ertandi fyrir húð og augu og húð- og öndunarfæranæmir. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins.

7) Þar eð ilmkjarnaolía úr beiskjuappelsínutré er viðurkennd sem bragðefni í matvæli og hlutverk hennar í fóðri er í raun það sama og í matvælum komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að því teljist ekki nauðsynlegt að sýna frekar fram á verkun hennar. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

8) Mat á ilmkjarnaolíu úr beiskjuappelsínutré sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun efnisins eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

9) Kveða ætti á um tiltekin skilyrði til að greiða fyrir betra eftirliti. Einkum ætti að tilgreina ráðlagt innihald á merkimiðanum fyrir fóðuraukefnið. Þegar farið er yfir slíkt innihald ætti að tilgreina tilteknar upplýsingar á merkimiða forblandna.

10) Sú staðreynd að notkun ilmkjarnaolíu úr beiskjuappelsínutré sem bragðefni í drykkjarvatn er ekki leyfð kemur ekki í veg fyrir notkun hennar í fóðurblöndu sem er gefin með vatni.

11) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir efninu sem um er að ræða af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „bragðefni“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Efnið, sem er tilgreint í viðaukanum, og forblöndur sem innihalda efnið, sem eru framleidd og merkt fyrir 22. september 2022 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 22. mars 2022, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnið, sem er tilgreint í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 22. mars 2023 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 22. mars 2022, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

3. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnið, sem er tilgreint í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 22. mars 2024 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 22. mars 2022 má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem ekki gefa af sér afurðir til manneldis.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19(6), 6624.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. mars 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni									
Virkur hópur: Bragðefni									
2b136-eo	-	Ilmkjarnaolía úr beiskjuappel-sínutré	*Samsetning aukefnis* Ilmkjarnaolía úr beiskjuappelsínutré sem er fengin úr laufum *Citrus aurantium* L. Vökvaform *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Ilmkjarnaolía úr beiskjuappelsínutré er fengin með gufueimingu úr laufum *Citrus aurantium* L., eins og skilgreint er af Evrópuráðinu (1). Línalýlasetat: 40–72%. Línalól: 10–32%. α-terpíneól: 1–7%. d-límónen: 1–6%. Geranýlasetat: 1,5–5,5%. Geraníól: 1–4%. CAS-númer: 8014-17-3 EINECS-númer: 283-881-6 FEMA-númer: 2855 CoE-númer: 136	Eldiskjúklingar Varphænur Eldiskalkúnar Eldissvín Smágrísir Mjólkandi gyltur Kálfar Mjólkurkýr Eldisnautgripir Sauðfé/geitur Hestar Kanínur Laxfiskar	-	-	-	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins á hvert kg heilfóðurs með 12% rakainnihald: — Eldiskjúklingar: 10 mg. — Varphænur: 14 mg. — Eldiskalkúnar: 13 mg. — Eldissvín: 20 mg. — Smágrísir: 17 mg. — Mjólkandi gyltur: 25 mg. — Kálfar (staðgöngumjólk): 43 mg.	22. mars 2032

			Greiningaraðferð (2) Til að magnákvarða plöntuefnafræðilegu merkiefnin *línalýlasetat* og *línalól* í fóðuraukefninu (ilmkjarnaolíu úr beiskjuappelsínu) eða í blöndu af bragðefnum: — gasgreining með logajónunargreiningu (GC-FID) (á grundvelli ISO 8901)	Hundar Kettir Skrautfiskar				— Eldisnautgripir, sauðfé, geitur og hestar: 38 mg. — Mjólkurkýr: 24 mg. — Kanínur: 15 mg. — Laxfiskar: 42 mg. — Hundar: 44 mg. — Kettir: 8 mg. — Skrautfiskar: 125 mg“. 4. Tilgreina skal virkan hóp, kennínúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiða forblöndunnar ef notkunarmagnið á merkimiða forblöndunnar myndi leiða til þess að farið sé yfir magnið sem um getur í 3. lið. 5. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húðvörn, augnvörn og öndunarvörn.	

(1) „Natural sources of flavourings“ — Skýrsla nr. 2 (2007)
(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/385 **2022/EES/72/07**

frá 7. mars 2022

um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/421 um leyfi fyrir tinktúru úr *Artemisia vulgaris* L. (búrótartinktúru) sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/485 um leyfi fyrir fóðuraukefnunum engiferilmkjarnaolíu úr *Zingiber officinale* Roscoe fyrir allar dýrategundir, engiferóleóresíni úr *Zingiber officinale* Roscoe fyrir eldiskjúklinga, varphænur, eldiskalkúna, smágrísi, eldissvín, gyltur, mjólkurkýr, eldiskálfa (staðgöngumjólk), eldisnautgripi, sauðfé, geitur, hesta, kanínur, fiska og gæludýr og engifertinktúru úr *Zingiber officinale* Roscoe fyrir hesta og hunda og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/551 um leyfi fyrir túrmerikútdrætti, túrmerikolíu, túrmerikóleóresíni úr jarðstönglum *Curcuma longa* L. sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og túrmeriktinktúru úr jarðstönglum *Curcuma longa* L. sem fóðuraukefni fyrir hesta og hunda (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Notkun á tinktúru úr *Artemisia vulgaris* L. (búrótartinktúru) sem fóðuraukefni var leyfð til 10 ára fyrir allar dýrategundir með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/421 ([2]).

2) Notkun engiferilmkjarnaolíu úr *Zingiber officinale* Roscoe sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir, engiferóleóresíns úr *Zingiber officinale* Roscoe sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, varphænur, eldiskalkúna, smágrísi, eldissvín, gyltur, mjólkurkýr, eldiskálfa (staðgöngumjólk), eldisnautgripi, sauðfé, geitur, hesta, kanínur, fiska og gæludýr og engifertinktúru úr *Zingiber officinale* Roscoe sem fóðuraukefni fyrir hesta og hunda var leyfð til tíu ára með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/485 ([3]).

3) Notkun túrmerikútdráttar, túrmerikolíu, túrmerikóleóresíns úr jarðstönglum *Curcuma longa* L. sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og túrmeriktinktúru úr jarðstönglum *Curcuma longa* L. sem fóðuraukefni fyrir hesta og hunda var leyfð til tíu ára með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/551 ([4]).

4) Röngu ákvæði var bætt í viðaukana við framkvæmdarreglugerðir (ESB) 2021/421, (ESB) 2021/485 og (ESB) 2021/551 um merkingu á tillögðu hámarksinnihaldi virku efnanna í forblöndum í dálkinn „Önnur ákvæði“. Þetta ákvæði ætti eingöngu að gilda um sjálf aukefnin.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 78, 8.3.2022, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 228/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/421 frá 9. mars 2021 um leyfi fyrir tinktúru úr *Artemisia vulgaris* L. (búrótartinktúru) sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtíð. ESB L 83, 10.3.2021, bls. 21).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/485 frá 22. mars 2021 um leyfi fyrir fóðuraukefnunum engiferilmkjarnaolíu úr *Zingiber officinale* Roscoe fyrir allar dýrategundir, engiferóleóresíni úr *Zingiber officinale* Roscoe fyrir eldiskjúklinga, varphænur, eldiskalkúna, smágrísi, eldissvín, gyltur, mjólkurkýr, eldiskálfa (staðgöngumjólk), eldisnautgripi, sauðfé, geitur, hesta, kanínur, fiska og gæludýr og engifertinktúru úr *Zingiber officinale* Roscoe fyrir hesta og hunda (Stjtíð. ESB L 100, 23.3.2021, bls. 3).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/551 frá 30. mars 2021 um leyfi fyrir túrmerikútdrætti, túrmerikolíu, túrmerikóleóresíni úr jarðstönglum *Curcuma longa* L. sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og túrmeriktinktúru úr jarðstönglum *Curcuma longa* L. sem fóðuraukefni fyrir hesta og hunda (Stjtíð. ESB L 111, 31.3.2021, bls. 3).

5) Því ætti að leiðrétta framkvæmdarreglugerðir (ESB) 2021/421, (ESB) 2021/485 og (ESB) 2021/551 til samræmis við það. Fyrir skýrleika sakir þykir rétt að skipta út viðaukanum við þær framkvæmdarreglugerðir í heild sinni.

6) Til að gera stjórnendum matvælafyrirtækja kleift að laga merkingar á aukefnunum og fóðri sem inniheldur þau að leiðréttum skilyrðum fyrir leyfi ætti að veita umbreytingartímabil að því er varðar setningu þessara vara á markað.

7) Til að viðhalda lögmætum væntingum hagsmunaaðila í tengslum við skilyrði fyrir leyfi fyrir aukefnunum ætti þessi reglugerð að öðlast gildi sem fyrst.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/421 kemur I. viðauki við þessa reglugerð.

2. gr.

Í stað viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/485 kemur II. viðauki við þessa reglugerð.

3. gr.

Í stað viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/551 kemur III. viðauki við þessa reglugerð.

4. gr.

Efnin, sem eru tilgreind í I., II. og III. viðauka, og forblöndur sem innihalda efnin sem eru framleidd og merkt fyrir 9. september 2022 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 9. mars 2022 má áfram setja á markað þar til birgðir eru uppurnar.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. mars 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

I. VIÐAUKI

Kenni-númer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni									
Virkur hópur: Bragðefni									
2b72-t	-	Búrótartinktúra	*Samsetning aukefnis* Tinktúra sem er framleidd úr sundruðum hlutum *Artemisia vulgaris* L. sem eru ofanjarðar *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Tinktúra sem er framleidd úr sundruðum hlutum *Artemisia vulgaris* L. sem eru ofanjarðar með framlengdum útdrætti með blöndu úr vatni og etanóli eins og hún er skilgreind af Evrópuráðinu ([1]). Nákvæm skilgreining virka efnisins er: Þurrefni: 1,4–1,9% Aska: 0,2–0,5% Lífrænn þáttur: 1,13–1,65%, þar af — Heildarpólýfenól: 0,05–0,2% — Fenólsýrur 0,02–0,11% — Klórógensýra: 0,0028–0,0136% — α- og β-túján: < 0,005% — 1,8-síneól: 0,005% — Leysir (etanól): 98,1–98,6%	Allar dýrategundir	-	-	-	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins á hvert kg heilfóðurs með 12% rakainnihald: 400 mg/kg.“ 4. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiða forblöndunnar ef notkunar-magnið á merkimiða forblöndunnar myndi leiða til þess að farið sé yfir magnið sem um getur í 3. lið.	30.3.2031

			CoE-númer: 72 Vökvaform *Greiningaraðferð* (2) Til að greina eiginleika fóðuraukefnisins (búrótartinktúru): — þyngdarmæling til að ákvarða tap við þurrkun ásamt öskuinnihaldi — litrófsmælitækni til að ákvarða heildarinnihald pólýfenóla — háþrýstiþunnlagsskiljun (HPTLC) til að ákvarða heildarfenólsýrur, klórógensýru, alfa- og betatújón og evkalyptól					5. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanskar.	

(1) „Natural sources of flavourings“ — Skýrsla nr. 2 (2007).
(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

II. VIÐAUKI

Kenni-númer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni									
Virkur hópur: Bragðefni									
2b489-eo	-	Engiferilm-kjarnaolía	*Samsetning aukefnis* Ilmkjarnaolía sem er fengin með gufueimingu úr þurrkuðum jarðstönglum *Zingiber officinale* Roscoe. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Ilmkjarnaolía sem er fengin með gufueimingu úr þurrkuðum jarðstönglum *Zingiber officinale* Roscoe eins og skilgreint er af Evrópuráðinu ([1]). — α-singíberen: 29–40% — β-seskvífellandren: 8–14% — ar-kúrkúmen: 5–12% — α-farnesen: 4–10% — kamfen: 2–10% — β-bisabólen: 2–9% CAS-númer: 8007-08-7 EINECS-númer: 283-634-2 FEMA-númer: 2522 CoE-númer: 489 Vökvaform *Greiningaraðferð* ([2])	Allar dýrategundir	-	-	-	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins á hvert kg heilfóðurs með 12% rakainnihald: — eldiskálfar (staðgöngumjólk): 80 mg, — aðrar tegundir eða flokkar dýra: 20 mg“. 4. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiða forblöndunnar ef notkunarmagnið á merkimiða forblöndunnar myndi leiða til þess að farið sé yfir magnið sem um getur í 3. lið.	12.4.2031

			Til að magnákvarða alfa-singíberen, beta-seskvífellandren og ar-kúrkúmen í fóðurauka-efninu: — Gasgreining með massagreiningu (GC-MS) (heildarskönnunarhamur (e. *full scan mode*)) með læsingu rástíma (RTL) (eða staðalefni af plöntuefnafræðilegum merkiefnum) með (eða án) gasgreiningu með logajónunargreiningu (GC-FID) á grundvelli staðalaðferðar skv. ISO-staðlinum 11024.					5. Blanda með engiferilmkjarnaolíu með öðrum leyfðum aukefnum úr *Zingiber officinale* Roscoe skal ekki leyfð í fóður. 6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulags-ráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgler-augu og hlífðarhanskar.	

(1) „Natural sources of flavourings“ — Skýrsla nr. 2 (2007).
(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

Kenni-númer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni **Virkur hópur: Bragðefni**									
2b489-or	-	Engifer-óleóresín	*Samsetning aukefnis* Engiferóleóresín sem er fengið með gufueimingu og leysisútdrætti úr þurrkuðum jarðstönglum *Zingiber officinale* Roscoe.	Eldiskjúklingar Varphænur	-	-	-	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun.	12.4.2031

			Lýsing á eiginleikum virka efnisins Engiferóleóresín sem er fengið með gufueimingu og leysisútdrætti úr þurrkuðum jarðstönglum *Zingiber officinale* Roscoe eins og skilgreint er af Evrópuráðinu ([1]). Ilmkjarnaolía: 25–30 (massahlutfall) Heildarinnihald engiferóla: 0,5–8% (massahlutfall) — 6-engiferól — 8-engiferól — 10-engiferól Heildarinnihald sjógaóla: 3–6% (massahlutfall) — 6-sjógaól — 8-sjógaól Raki og rokgjörn efni: 25–30 (massahlutfall) CoE-númer: 489 Vökvaform *Greiningaraðferð* ([2]) Til að magnákvarða plöntuefnafræðileg merkiefni: heildarinnihald engiferóla og sjógaóla í fóðuraukefninu (engiferóleóresín): — Háþrýstivökvaskiljun (HPLC) með litrófsmæligreiningu (UV) – ISO 13685	Eldiskalkúnar Smágrísir Eldissvín Gyltur Mjólkurkýr Eldiskálfar (staðgöngumjólk) Eldisnautgripir Sauðfé og geitur Hestar Kanínur Fiskar Gæludýr				3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins á hvert kg heilfóðurs með 12% rakainnihald og fyrir staðgöngumjólk með 5,5% rakainnihald: — eldiskjúklingar: 5 mg, — varphænur og kanínur: 7 mg, — eldiskalkúnar: 6 mg, — smágrísir: 8 mg, — eldissvín: 10 mg, — gyltur: 13 mg, — mjólkurkýr: 12 mg, — eldiskálfar (staðgöngumjólk): 21 mg, — eldisnautgripir: 19 mg, — sauðfé, geitur, hestar og fiskar: 20 mg, — gæludýr: 1 mg“. 4. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiða forblöndunnar ef notkunarmagnið á merkimiða forblöndunnar myndi leiða til þess að farið sé yfir magnið sem um getur í 3. lið. 5. Blanda með engiferóleóresíni með öðrum leyfðum aukefnum úr *Zingiber officinale* Roscoe skal ekki leyfð í fóður.	

Kenni-númer aukefnis	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: tæknileg aukefni **Virkur hópur: rotvarnarefni**								
1k284	Ammóníum-própíónat	*Samsetning aukefnis* Blanda með ammóníumprópíónati ≥ 19%, própansýru ≥ 80%, vatni ≤ 30% Vökvaform *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Ammóníumprópíónat $C_3H_9O_2N$ CAS-nr. 17496-08-1 Framleitt með efnasmíði *Greiningaraðferð* (1) Til að ákvarða ammóníum í fóður-aukefninu: ISO-staðall 5664: eiming og títrun Til að ákvarða ammóníumprópíónat sem heildarmagn própansýru í fóðuraukefni, forblöndum og fóðri: Jónagreining með rafleiðniskynjun, IC-CD (EN 17294)	Allar dýrategundir aðrar en svín og alifuglar	-	-	-	1. Blanda ólíkra própansýrugjafa má ekki vera yfir leyfilegu hámarksgildi í heilfóðri. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og viðeigandi skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húðvörn, augnvörn og öndunarvörn. 3. Í notkunarleiðbeiningum fyrir aukefni, forblöndu og skyld fóðurefni fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis komi fram: „Notkun mismunandi lífrænna sýra, eða salta þeirra, samtímis er óráðleg ef ein eða fleiri þeirra eru notaðar við eða nálægt leyfilegu hámarksinnihaldi“.	3. apríl 2032
			Svín		-	30 000 (sem própansýra)		
			Alifuglar		-	10 000 (sem própansýra)		

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

Kenni-númer aukefn-isins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: tæknileg aukefni **Virkur hópur: rotvarnarefni.**								
1k236	Maurasýra	*Samsetning aukefnis* Maurasýra ≥ 84,5% Vökvaform *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Maurasýra ≥ 84,5% H_2CO_2 CAS-nr. 64-18-6 Framleitt með efnasmíði *Greiningaraðferð* (1) Til að ákvarða maurasýru í fóður-aukefni, forblöndum og fóðri: Jónagreining með rafleiðniskynjun, IC-CD (EN 17294)	Allar dýrategundir	-	-	10 000	1. Blanda ólíkra maurasýrugjafa má ekki vera yfir leyfilegu hámarksgildi í heilfóðri. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og viðeigandi skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húðvörn, augnvörn og öndunarvörn. 3. Í notkunarleiðbeiningum fyrir aukefni, forblöndu og skyld fóðurefni fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis komi fram: „Notkun mismunandi lífrænna sýra, eða salta þeirra, samtímis er óráðleg ef ein eða fleiri þeirra eru notaðar við eða nálægt leyfilegu hámarksinnihaldi“.	3. apríl 2032

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

Kenni-númer aukefn-isins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: tæknileg aukefni **Virkur hópur: rotvarnarefni.**								
1k237i	Natríum-format	*Samsetning aukefnis* Natríumformat ≥ 98% Fast form Natríumformat ≥ 15% Maurasýra ≥ 75% Vatn ≤ 25% Vökvaform *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Natríumformat HCO_2Na CAS-nr. 141-53-7 Framleitt með efnasmíði *Greiningaraðferð* (1) Til að ákvarða natríum í fóður-aukefninu: — EN ISO 6869: frumeindagleypn-imæling (AAS) eða — EN 15510: rafgasgeislunargreining (ICP-AES) Til að ákvarða natríumformat sem heildarmagn maurasýru í fóðuraukefni, forblöndum og fóðri: Jónagreining með rafleiðniskynjun, IC-CD (EN 17294)	Allar dýrategundir	-	-	10 000 (sem maurasýra)	1. Blanda ólíkra maurasýrugjafa má ekki vera yfir leyfilegu hámarksgildi í heilfóðri fyrir skyldar tegundir. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og viðeigandi skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húðvörn, augnvörn og öndunarvörn. 3. Í notkunarleiðbeiningum fyrir aukefni, forblöndu og skyld fóðurefni fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis komi fram: „Notkun mismunandi lífrænna sýra, eða salta þeirra, samtímis er óráðleg ef ein eða fleiri þeirra eru notaðar við eða nálægt leyfilegu hámarksinnihaldi“.	3. apríl 2032

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

Kenni-númer aukefn-isins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: tæknileg aukefni **Virkur hópur: rotvarnarefni.**								
1a238	Kalsíum-format	*Samsetning aukefnis* Kalsíumformat ≥ 98% Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Kalsíumformat $Ca(HCO)_2$ CAS-nr. 544-17-2 Framleitt með efnasmíði *Greiningaraðferð* (1) Til að ákvarða kalsíum í fóður-aukefninu: EN ISO 6869: frumeindagleypnimæling (AAS) eða EN 15510: rafgasgeislunar-greining (ICP-AES) Til að ákvarða kalsíumformat sem heildarmagn maurasýru í fóðuraukefni, forblöndum og fóðri: Jónagreining með rafleiðniskynjun, IC-CD (EN 17294)	Allar dýrategundir	-	-	10 000 (sem maurasýra)	1. Blanda ólíkra maurasýrugjafa má ekki vera yfir leyfilegu hámarksgildi í heilfóðri fyrir skyldar tegundir. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og viðeigandi skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húðvörn, augnvörn og öndunarvörn. 3. Í notkunarleiðbeiningum fyrir aukefni, forblöndu og skyld fóðurefni fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis komi fram: „Notkun mismunandi lífrænna sýra, eða salta þeirra, samtímis er óráðleg ef ein eða fleiri þeirra eru notaðar við eða nálægt leyfilegu hámarksinnihaldi“.	3. apríl 2032

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

Kenni-númer aukefn-isins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: tæknileg aukefni **Virkur hópur: rotvarnarefni.**								
1a295	Ammón-íumformat	*Samsetning aukefnis* Ammóníumformat ≥ 35% Maurasýra ≥ 64% Vökvaform *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Ammóníumformat ≥ 35% HCO_2NH_4 CAS-nr. 540-69-2 Formamíð < 3 000 mg/kg Framleitt með efnasmíði *Greiningaraðferð* (1) Ákvörðun á ammóníumi í fóður-aukefninu: ISO-staðall 5664: eiming og títrun Til að ákvarða ammóníumformat sem heildarmagn maurasýru í fóðuraukefni, forblöndum og fóðri: Jónagreining með rafleiðniskynjun, IC-CD (EN 17294)	Allar dýrategundir aðrar en varphænur, gyltur, jórturdýr til mjólkur-framleiðslu, gæludýr og dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis	-	-	2 000 (sem maurasýra)	1. Blanda ólíkra maurasýrugjafa má ekki vera yfir leyfilegu hámarksgildi í heilfóðri fyrir skyldar tegundir. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og viðeigandi skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húðvörn, augnvörn og öndunarvörn. 3. Í notkunarleiðbeiningum fyrir aukefni, forblöndu og skyld fóðurefni fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis komi fram: „Notkun mismunandi lífrænna sýra, eða salta þeirra, samtímis er óráðleg ef ein eða fleiri þeirra eru notaðar við eða nálægt leyfilegu hámarksinnihaldi“.	3. apríl 2032

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

Kenni-númer aukefnis	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: tæknileg aukefni **Virkur hópur: rotvarnarefni**								
1a270	Mjólkursýra	*Samsetning aukefnis* Mjólkursýra ≥ 72% (massahlutfall) Vökvaform *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Mjólkursýra: D-mjólkursýra ≤ 5% L-mjólkursýra ≥ 95% $C_3H_6O_3$ CAS-nr. 79-33-4 Framleidd með gerjun á: *Bacillus coagulans* (LMG S-26145 eða DSM 23965), eða *Bacillus smithii* (LMG S-27890) eða *Bacillus subtilis* (LMG S-27889). *Greiningaraðferð* (1) Til að ákvarða mjólkursýru sem heildarmagn mjólkursýru í fóðuraukefni, forblöndum og fóðri: Jónagreining með rafleiðniskynjun, IC-CD (EN 17294)	Allar dýrategundir, aðrar en svín og jórturdýr með virka vömb	-	-	20 000	1. Blanda ólíkra mjólkursýrugjafa má ekki vera yfir leyfilegu hámarksgildi í heilfóðri fyrir skyldar tegundir. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og viðeigandi skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húðvörn, augnvörn og öndunarvörn. 3. Í notkunarleiðbeiningum fyrir aukefni, forblöndu og skyld fóðurefni fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis komi fram: „Notkun mismunandi lífrænna sýra, eða salta þeirra, samtímis er óráðleg ef ein eða fleiri þeirra eru notaðar við eða nálægt leyfilegu hámarksinnihaldi“.	3. apríl 2032
			Svín og jórturdýr, aðrar en jórturdýr með óvirka vömb		-	50 000		

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

Kenni-númer aukefnis	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: tæknileg aukefni **Virkur hópur: rotvarnarefni**								
1a327	Kalsíumlaktat	*Samsetning aukefnis* Kalsíumlaktat ≥ 98% (miðað við þyngd af þurrefni) Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Kalsíumlaktat ≥ 98% $(C_3H_5O_2)_2 \cdot nH_2O$ CAS-nr. 814-80-2 Framleitt með efnasmíði *Greiningaraðferð* (1) Til að ákvarða kalsíumlaktat í fóður-aukefninu: — EN ISO 6869: frumeindagleypn-imæling (AAS) eða — EN 15510: rafgasgeislunargreining (ICP-AES) Til að ákvarða kalsíumlaktat sem heildarmagn mjólkursýru í fóðuraukefni, forblöndum og fóðri: Jónagreining með rafleiðniskynjun, IC-CD (EN 17294)	Allar dýrategundir, aðrar en svín og jórturdýr með virka vömb	-	-	20 000 (sem mjólkur-sýra)	1. Blanda ólíkra mjólkursýrugjafa má ekki vera yfir leyfilegu hámarksgildi í heilfóðri. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og viðeigandi skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húðvörn, augnvörn og öndunarvörn. 3. Í notkunarleiðbeiningum fyrir aukefni, forblöndu og skyld fóðurefni fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis komi fram: „Notkun mismunandi lífrænna sýra, eða salta þeirra, samtímis er óráðleg ef ein eða fleiri þeirra eru notaðar við eða nálægt leyfilegu hámarksinnihaldi“.	3. apríl 2032
			Svín og jórturdýr, aðrar en jórturdýr með óvirka vömb		-	30 000 (sem mjólkur-sýra)		

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/537 **2022/EES/72/09**

frá 4. apríl 2022

um leyfi fyrir blöndu með sítrónukjarna sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 2. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Sítrónukjarni var leyfður án tímamarka í samræmi við tilskipun 70/524/EBE sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Aukefnið var síðan fært inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á blöndu með sítrónukjarna fyrir allar dýrategundir.

4) Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „skynræn aukefni“ og virka hópinn „bragðefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

5) Umsækjandinn óskaði eftir því að blanda með sítrónukjarna yrði einnig leyfð til notkunar í drykkjarvatn. Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er notkun bragðefna þó ekki leyfð í drykkjarvatn. Af þessum sökum ætti ekki að leyfa notkun blöndu með sítrónukjarna í drykkjarvatn.

6) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 29. september 2021 ([3]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með sítrónukjarna ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, heilbrigði neytenda eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að blanda með sítrónukjarna ætti að teljast húð- og augnertandi og hugsanlega ætandi. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins.

7) Þar eð blanda með sítrónukjarna er viðurkennd sem bragðefni í matvæli og hlutverk hennar í fóðri er í raun það sama og í matvælum komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að því teljist ekki nauðsynlegt að sýna frekar fram á verkun hennar. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunar-rannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 106, 5.4.2022, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 229/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021, 19(11), 6893.

8) Mat á blöndu með sítrónukjarna sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

9) Kveða ætti á um tiltekin skilyrði til að greiða fyrir betra eftirliti. Einkum ætti að tilgreina ráðlagt innihald á merkimiðanum fyrir fóðuraukefnið. Þegar farið er yfir slíkt innihald ætti að tilgreina tilteknar upplýsingar á merkimiða forblandna.

10) Sú staðreynd að notkun blöndu með sítrónukjarna er ekki leyfð í drykkjarvatn sem bragðefni kemur ekki í veg fyrir notkun hennar í fóðurblöndu sem er gefin með vatni.

11) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir blöndunni sem um er að ræða af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila til að þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „bragðefni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Blandan, sem er tilgreind í viðaukanum, og forblöndur sem innihalda blönduna, sem eru framleiddar og merktar fyrir 25. október 2022 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 25. apríl 2022, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda blönduna, sem er tilgreind í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 25. apríl 2023 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 25. apríl 2022, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

3. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda blönduna, sem er tilgreind í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 25. apríl 2024 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 25. apríl 2022 má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem ekki gefa af sér afurðir til manneldis.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. apríl 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni								
2b139a-ex	Sítrónukjarni	*Samsetning aukefnis* Blanda með sítrónukjarna sem er fenginn úr aldinum *Citrus limon* (L.) Osbeck (1) með própansýru ≤ 1%. Vökvaform *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Vatnskenndur kjarni úr efniviðnum sem verður eftir þegar safi hefur verið dreginn út úr aldinum *Citrus limon* (L.) Osbeck, eins og skilgreint er af Evrópuráði (2). Þurrefni: 51–53% Heildarpólýfenól (gefin upp sem pýrógallólígildi): ≥ 1% Eríósítrín: ≥ 4 000 mg/kg Hesperidín: ≥ 2 000 mg/kg Límónín: 36–92 mg/kg Nómílín: 14–113 mg/kg Sítrónusýra: 4–7% Fjölsykrur (e. *osidic compounds*): ≥ 42%	Allar dýrategundir		-	-	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu-skilyrði og stöðugleika við hitameð-höndlun. 3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins á hvert kg heilfóðurs með 12% rakainni-hald: 1 000 mg“. 4. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiða forblöndunnar ef notkunar-magnið á merkimiða forblöndunnar myndi leiða til þess að farið sé yfir magnið sem um getur í 3. lið.	25. apríl 2032

		CAS-númer: 84929-31-7 EINECS-númer: 284-515-8 FEMA-númer: 2623 CoE-númer: 139a *Greiningaraðferð* (3) Til að magnákvarða plöntuefnafræðileg merkiefni (heildarinnihald pólýfenóla) í fóðuraukefninu: — Litrófsmæling við 760 nm sem gefur upp heildarinnihald pólýfenóla sem pýrógallólígildi (Evrópska lyfjaskráin, lýsing efnis 2.8.14)					5. Blanda með sítrónukjarna með öðrum leyfðum aukefnum úr *Citrus limon* (L.) Osbeck skal ekki leyfð í fóður. 6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húð- og augnvörn.	

(1) Samheiti *Citrus Limon* (L.) Burm. f.
(2) „Natural sources of flavourings“ — Skýrsla nr. 2 (2007).
(3) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/538 **2022/EES/72/10**

frá 4. apríl 2022

um endurnýjun á leyfi fyrir natríumbensóati sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi, um nýtt leyfi fyrir fráfærugrísi af öðrum tegundum svína og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 496/2011 (leyfishafi er Taminco Finland Oy) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Natríumbensóat var leyft til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 496/2011 ([2]).

3) Í samræmi við 1.mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, lagði handhafi leyfisins fram umsókn um endurnýjun leyfis fyrir natríumbensóati fyrir fráfærugrísi og fyrir nýrri notkun fyrir grísi annarra svínategunda og óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „dýraræktaraukefni“ og virka hópinn „önnur dýraræktaraukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 14. gr. þeirrar reglugerðar.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 29. september 2021 ([3]) að við tillögð skilyrði fyrir notkun hafi natríumbensóat ekki skaðleg áhrif á heilbrigði fráfærugrísa, öryggi neytenda eða á umhverfið. Þessar niðurstöður geta átt við aðrar svínategundir í vexti. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að aukefnið ætti að teljast húðnæmir og að áhætta við innöndun stafi af duftsamsetningu aukefnisins. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Enn fremur komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu, á grundvelli gagna um verkun sem áður höfðu verið metin, að aukefnið geti verið áhrifaríkt hjá fráfærugrísum. Niðurstöður um verkun sem næst hjá fráfrærugrísum geta átt við aðrar svínategundir í vexti á samsvarandi lífeðlisfræðilegu stigi. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á natríumbensóati sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að endurnýja leyfið fyrir aukefninu fyrir fráfærugrísi og leyfa ætti notkun þess fyrir spenagrísi annarra svínategunda á samsvarandi lífeðlisfræðilegu stigi eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Af endurnýjun leyfis fyrir natríumbensóati sem fóðuraukefni að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð leiðir að fella ætti framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 496/2011 úr gildi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 106, 5.4.2022, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 229/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 496/2011 frá 20. maí 2011 um leyfi fyrir natríumbensóati sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi (Stjtíð ESB L 134, 21.5.2011, bls. 9).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021, 19(11), 6899.

7) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir efninu sem um er að ræða af öryggisástæðum þykir rétt að veita umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila til að þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja endurnýjun á leyfinu.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „önnur dýraræktaraukefni“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft og endurnýjað sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 496/2011 er felld úr gildi.

3. gr.

1. Efnið, sem um getur í 1. gr., og fóðurblöndur sem innihalda það, sem eru framleidd og merkt fyrir 25. október 2022 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 25. apríl 2022, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurefni og fóðurblöndur, sem innihalda efnið sem um getur í 1. mgr., sem eru framleidd og merkt fyrir 25. apríl 2023 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 25. apríl 2022, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. apríl 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: dýraræktaraukefni. Virkur hópur: önnur dýraræktaraukefni (bættur árangur í dýrarækt)									
4d5	Taminco Finland Oy	Natríumben-sóat	*Samsetning aukefnis* Kornuð samsetning eða duftsam-setning með að lágmarki 99% natríumbensóat *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Natríumbensóat Efnaformúla: $C_7H_5O_2Na$ CAS-númer: 532-32-1 *Greiningaraðferð* (1) Til að ákvarða natríumbensóat (sem heildarbensósýru) í fóðuraukefni, forblöndum, fóðurblöndum og fóðurefnum: — Háþrýstivökvaskiljun með greiningu þar sem notast er við útfjólublátt ljós (HPLC-UV) – EN 17298 Til að ákvarða heildarinnihald natríums í fóðuraukefninu:	Fráfærugrísir af öllum svínategundum	-		4 000	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Ekki skal nota aukefnið með öðrum bensósýru- eða bensóata-gjöfum. 3. Ráðlagður lágmarksskammtur: 4 000 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald. 4. Í notkunarleiðbeiningunum skal tilgreina: „Ekki má gefa frá-færugrísum af öllum svínateg-undum fóðurbæti sem inniheldur óblandað natríumbensóat. Fóður-bæti sem inniheldur natríumben-sóat skal blanda vel saman við önnur efnasambönd í daglegum skammti“.	25. apríl 2032

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			— Frumeindagleypnimæling (AAS) – EN ISO 6869 eða — Rafgasgeislunargreining (ICP-AES) – EN 15510					5. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. augn-, húð- og öndunar-vörn.	

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/593 **2022/EES/72/11**

frá 1. mars 2022

um leyfi fyrir ilmkjarnaolíu úr berjum *Litsea cubeba* sem fóðuraukefni fyrir tilteknar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 2. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Ilmkjarnaolía úr berjum *Litsea cubeba* var leyfð án tímamarka, í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Aukefnið var síðan fært inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á ilmkjarnaolíu úr berjum *Litsea cubeba* fyrir allar dýrategundir.

4) Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „skynræn aukefni“ og virka hópinn „bragðefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

5) Umsækjandinn óskaði eftir því að ilmkjarnaolía úr berjum *Litsea cubeba* yrði einnig leyfð til notkunar í drykkjarvatn. Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er notkun bragðefna þó ekki leyfð í drykkjarvatn. Af þessum sökum ætti ekki að leyfa notkun ilmkjarnaolíu úr berjum *Litsea cubeba* í drykkjarvatn.

6) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 5. maí 2021 ([3]) að við tillögð skilyrði fyrir notkun hafi ilmkjarnaolía úr berjum Litsea cubeba ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, heilbrigði neytenda eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að ilmkjarnaolía úr berjum *Litsea cubeba* ætti að teljast ertandi fyrir húð og augu og húð- og öndunarfæranæmir. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 114, 12.4.2022, bls. 44. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 229/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021, 19(6), 6623.

7) Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að ilmkjarnaolía úr berjum *Litsea cubeba* sé viðurkennd sem bragðefni í matvæli og hlutverk hennar í fóðri sé í raun það sama og í matvælum. Því teljist ekki nauðsynlegt að sýna frekar fram á verkun hennar. Matvælaöryggisstofnunin staðfesti einnig skýrslu um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

8) Mat á ilmkjarnaolíu úr berjum *Litsea cubeba* sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessa efnis eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

9) Kveða ætti á um tiltekin skilyrði til að greiða fyrir betra eftirliti. Einkum ætti að tilgreina ráðlagt innihald á merkimiðanum fyrir fóðuraukefnin. Þegar farið er yfir slíkt innihald ætti að tilgreina tilteknar upplýsingar á merkimiða forblandna.

10) Sú staðreynd að notkun ilmkjarnaolíu úr berjum *Litsea cubeba* sem bragðefni í drykkjarvatn er ekki leyfð kemur ekki í veg fyrir notkun hennar í fóðurblöndu sem er gefin með vatni.

11) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir efninu sem um er að ræða af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „bragðefni“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Efnið, sem er tilgreint í viðaukanum, og forblöndur sem innihalda efnið, sem eru framleidd og merkt fyrir 2. nóvember 2022 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 2. maí 2022, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnið, sem er tilgreint í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 2. maí 2023 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 2. maí 2022, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

3. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnið, sem er tilgreint í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 2. maí 2024 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 2. maí 2022 má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem ekki gefa af sér afurðir til manneldis.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. mars 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni									
2b491-eo	-	Ilmkjarnaolía úr berjum *Litsea cubeba*	*Samsetning aukefnis* Ilmkjarnaolía sem er fengin úr aldinum *Litsea cubeba* (Lour.) Pers. Vökvaform *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Ilmkjarnaolía sem er fengin með gufueimingu úr aldinum *Litsea cubeba* (Lour.) Pers. eins og skilgreint er af Evrópuráðinu ([1]). Geraníal: 36–45% Neral: 25–35% Límónen: 9–15% Línalól: 0,4–3% Geraníól: 1–4% CAS-númer: 68855-99-2 EINECS-númer: *290*-018-7 FEMA-númer: 3846 CoE-númer: 491	Eldiskjúklingar Varphænur Eldiskalkúnar Eldissvín Smágrísir Mjólkandi gyltur Kálfar Mjólkurkýr Eldisnautgripir Sauðfé/geitur Hestar Kanínur	-	-	-	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins á hvert kg heilfóðurs með 12% rakainnihald: — Eldiskjúklingar: 11 mg, — Varphænur: 16 mg, — Eldiskalkúnar: 14 mg, — Eldissvín: 23 mg, — Smágrísir: 19 mg, — Mjólkandi gyltur: 28 mg, — Kálfar (staðgöngumjólk): 48 mg,	2. maí 2032

			Greiningaraðferð (2) Til að sanngreina plöntuefna-fræðilega merkiefnið *Neral* í fóðuraukefninu eða í blöndu af bragðefnum: — Gas- og massagreining með læsingu rástíma (RTL-GC-MS).	Laxfiskar Hundar Kettir Skrautfiskar				— Eldisnautgripir, sauðfé, geitur og hestar: 43 mg, — Mjólkurkýr: 28 mg, — Kanínur: 17 mg, — Laxfiskar: 47 mg, — Hundar: 50 mg, — Kettir: 8,5 mg, — Skrautfiskar: 125 mg“. 4. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiða forblöndunnar ef notkunarmagnið á merkimiða forblöndunnar myndi leiða til þess að farið sé yfir magnið sem um getur í 3. lið. 5. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húðvörn, augnvörn og öndunarvörn.	

(1) „Natural sources of flavourings“ — Skýrsla nr. 2 (2007).
(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/633 **2022/EES/72/12**

frá 13. apríl 2022

um leyfi fyrir blöndu með *Lactiplantibacillus plantarum* DSM 26571 sem votfóðursaukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með *Lactiplantibacillus plantarum* DSM 26571. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með *Lactiplantibacillus plantarum* DSM 26571, í aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 29. september 2021 ([2]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með *Lactiplantibacillus plantarum* DSM 26571 ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, öryggi neytenda eða á umhverfið. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið ætti að teljast öndunarfæranæmir. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að viðkomandi blanda geti hugsanlega bætt varðveislu næringarefna í votfóðri sem er tilreitt úr efni sem er auðvelt, meðalerfitt eða erfitt að votfóðursverka. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnin í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndu með *Lactiplantibacillus plantarum* DSM 26571 sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun blöndunnar eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „aukefni í votfóður“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 117, 19.4.2022, bls. 26. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 229/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021, 19(10), 6898.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. apríl 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					CFU aukefnis/kg fersks efnis			
Flokkur: tæknileg aukefni **Virkur hópur: aukefni í votfóður**								
1k1604	*Lactiplantibacillus plantarum* DSM 26571	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Lactiplantibacillus plantarum* DSM 26571 sem inniheldur að lágmarki 1×10^{11} CFU/g aukefnis. Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Lífvænlegar frumur *Lactiplantibacillus plantarum* DSM 26571. *Greiningaraðferð* (1) — Sanngreining: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE) — Ákvörðun á heildarfjölda í fóðuraukefninu: Dreifingaraðferð með MRS-agar (EN 15787)	Allar dýrategundir	-	-	-	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndum skal tilgreina geymsluskilyrði. 2. Lágmarksinnihald aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í votfóður: 1×10^{8} CFU/kg. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn.	9. maí 2032

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/652 **2022/EES/72/13**

frá 20. apríl 2022

um leyfi fyrir beiskjuappelsínukjarna sem fóðuraukefni fyrir tilteknar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 2. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Beiskjuappelsínukjarni var leyfður án tímamarka í samræmi við tilskipun 70/524/EBE sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Aukefnið var síðan fært inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „skynræn aukefni“ og virka hópinn „bragðefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á beiskjuappelsínukjarna fyrir allar dýrategundir.

5) Umsækjandinn óskaði eftir því að beiskjuappelsínukjarni yrði einnig leyfður til notkunar í drykkjarvatn. Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er notkun bragðefna þó ekki leyfð í drykkjarvatn. Af þessum sökum ætti ekki að leyfa notkun beiskjuappelsínukjarna í drykkjarvatn.

6) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 23. júní 2021 ([3]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi beiskjuappelsínukjarni ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, heilbrigði neytenda eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að beiskjuappelsínukjarni ætti að teljast ertandi fyrir húð og augu og húð- og öndunarfæranæmir. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins.

7) Þar eð beiskjuappelsínukjarni er viðurkenndur sem bragðefni í matvæli og hlutverk þess í fóðri er í raun það sama og í matvælum komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að því teljist ekki nauðsynlegt að sýna frekar fram á verkun hans. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 119, 21.4.2022, bls. 74. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 229/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021, 19(7), 6709.

8) Mat á beiskjuappelsínukjarna sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun efnisins eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

9) Kveða ætti á um tiltekin skilyrði til að greiða fyrir betra eftirliti. Einkum ætti að tilgreina ráðlagt innihald á merkimiðanum fyrir fóðuraukefnið. Þegar farið er yfir slíkt innihald ætti að tilgreina tilteknar upplýsingar á merkimiða forblandna.

10) Sú staðreynd að notkun beiskjuappelsínukjarna sem bragðefni í drykkjarvatn er ekki leyfð kemur ekki í veg fyrir notkun hans í fóðurblöndu sem er gefin með vatni.

11) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir efninu sem um er að ræða af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „bragðefni“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Efnið, sem er tilgreint í viðaukanum, og forblöndur sem innihalda efnið, sem eru framleidd og merkt fyrir 11. nóvember 2022 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 11. maí 2022, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnið, sem er tilgreint í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 11. maí 2023 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 11. maí 2022, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

3. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnið, sem er tilgreint í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 11. maí 2024 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 11. maí 2022 má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem ekki gefa af sér afurðir til manneldis.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. apríl 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni									
2b136-ex	-	Beiskju-appelsínu-kjarni	*Samsetning aukefnis:* Beiskjuappelsínukjarni úr aldinum *Citrus x aurantium* L. Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins:* Beiskjuappelsínukjarni úr aldinum *Citrus x aurantium* L. eins og skilgreint er af Evrópuráðinu ([1]). Flavonóíð: 45–55%, þar af — Naringín: 20–30% — Neóhesperidín: 10–20% 5-metoxýpsóralen (einnig þekkt sem bergapten): ≤ 0,03% (-)-Sýnefrín: ≤ 1% CoE-númer: 136	Eldiskjúklingar Varphænur Eldiskalkúnar Smágrísir Eldissvín Gyltur Mjólkurkýr Kálfar Eldisnautgripir Sauðfé/geitur Hestar Kanínur Laxfiskar Skrautfiskar Hundar Kettir	-	-		1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 3. Ekki skal nota aukefnið í samsetningu með neóhesperidíndíhýdrókalkóni (2b959). 4. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins á hvert kg heilfóðurs með 12% rakainnihald: — Eldiskjúklingar: 102 mg. — Varphænur: 151 mg. — Eldiskalkúnar: 136 mg. — Smágrísir: 182 mg. — Eldissvín: 217 mg. — Gyltur: 268 mg. — Mjólkurkýr: 259 mg. — Kálfar (staðgöngumjólk), eldisnautgripir, sauðfé/geitur, hestar, laxfiskar, hundar og skrautfiskar: 400 mg. — Kettir: 80 mg. — Kanínur: 161 mg.“	11. maí 2032

			Greiningaraðferð (2) Til að magnákvarða naringín (plöntuefnafræðilegt merkiefni) í fóðuraukefninu: — Háþrýstivökvaskiljun (HPLC) með litrófsmæligreiningu (UV)					5. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiða forblöndunnar ef notkunarmagnið á merkimiða forblöndunnar myndi leiða til þess að farið sé yfir magnið sem um getur í 4. lið. 6. Blanda með beiskjuappelsínukjarna úr aldinum *Citrus x aurantium* L. með öðrum leyfðum aukefnum sem eru fengin úr *Citrus aurantium* L. skal ekki leyfð í fóður. 7. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húðvörn, augnvörn og öndunarvörn.	

(1) „Natural sources of flavourings“ — Skýrsla nr. 2 (2007).
(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/653 **2022/EES/72/14**

frá 20. apríl 2022

um leyfi fyrir blöndu með útdrætti úr laufum *Melissa officinalis* L. sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 2. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Útdráttur úr laufum *Melissa officinalis* L. var leyfður án tímamarka í samræmi við tilskipun 70/524/EBE sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Aukefnið var síðan fært inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á blöndu með útdrætti úr laufum *Melissa officinalis* L. fyrir allar dýrategundir.

4) Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „skynræn aukefni“ og virka hópinn „bragðefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

5) Umsækjandinn óskaði eftir því að blanda með útdrætti úr laufum *Melissa officinalis* L. yrði einnig leyfð til notkunar í drykkjarvatn. Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er notkun bragðefna þó ekki leyfð í drykkjarvatn. Af þessum sökum ætti ekki að leyfa notkun blöndu með útdrætti úr laufum *Melissa officinalis* L. í drykkjarvatn.

6) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 28. janúar 2020 ([3]) og 29. september 2021 ([4]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með útdrætti úr laufum *Melissa officinalis* L. ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, heilbrigði neytenda eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að váhrif á notendur af völdum ryks frá aukefninu valdi ekki áhyggjum. Þó voru engin gögn lögð fram um ertandi eiginleika fyrir augu eða húð og var þess vegna ekki unnt að komast að niðurstöðu um þessi atriði. Vegna eðlis aukefnisins má gera ráð fyrir að það sé hugsanlega bæði húð- og öndunarfæranæmir. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins.

7) Þar eð blanda með útdrætti úr laufum *Melissa officinalis* L. er viðurkennd sem bragðefni í matvæli og hlutverk hennar í fóðri er í raun það sama og í matvælum komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að því teljist ekki nauðsynlegt að sýna frekar fram á verkun hennar. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 119, 21.4.2022, bls. 79. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 229/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. ESB L 270, 14.12. 1970, bls. 1).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020, 18(2), 6016.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021, 19(10), 6904.

8) Mat á blöndu með útdrætti úr laufum *Melissa officinalis* L. sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

9) Kveða ætti á um tiltekin skilyrði til að greiða fyrir betra eftirliti. Einkum ætti að tilgreina ráðlagt innihald á merkimiðanum fyrir fóðuraukefnið. Þegar farið er yfir slíkt innihald ætti að tilgreina tilteknar upplýsingar á merkimiða forblandna.

10) Sú staðreynd að notkun blöndu með útdrætti úr laufum *Melissa officinalis* L. er ekki leyfð í drykkjarvatn sem bragðefni kemur ekki í veg fyrir notkun hennar í fóðurblöndu sem er gefin með vatni.

11) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir blöndunni sem um er að ræða af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila til að þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „bragðefni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Blandan, sem er tilgreind í viðaukanum, og forblöndur sem innihalda blönduna, sem eru framleiddar og merktar fyrir 11. nóvember 2022 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 11. maí 2022, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda blönduna, sem er tilgreind í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 11. maí 2023 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 11. maí 2022, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

3. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda blönduna, sem er tilgreind í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 11. maí 2024 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 11. maí 2022 má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem ekki gefa af sér afurðir til manneldis.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. apríl 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni								
2b280-ex	Útdráttur úr laufum *Melissa officinalis* L.	*Samsetning aukefnis* Blanda með útdrætti úr laufum *Melissa officinalis* L. (með lágmarksinnihald 50%) með *maltódextríni* og kísiltvíoxíði. Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Þurrkaður vatnskenndur kjarni úr laufum *Melissa officinalis* L., eins og skilgreint er af Evrópuráði (1) Heildarinnihald fenólsambanda (heildarinnihald hýdroxýsinnamínsýruafleiða): ≥ 10% Flavonóíð: ≤ 3 mg/kg Rósmarínsýra: 3–6% Þurrefni ≥ 94% CAS-númer: 84082-61-1 EINECS-númer: 282-007-0 FEMA-númer: 2112 CoE-númer: 280	Allar dýrategundir		-	-	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins á hvert kg heilfóðurs með 12% rakainnihald: 100 mg“. 4. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiða forblöndunnar ef notkunarmagnið á merkimiða forblöndunnar myndi leiða til þess að farið sé yfir magnið sem um getur í 3. lið.	11. maí 2032

		Greiningaraðferð (2) Til að magnákvarða *rósmarínsýru* (plöntu-efnafræðilegt merkiefni) í fóðuraukefninu (þurr útdráttur úr *Melissa officinalis* L.): — háþrýstivökvaskiljun með óskautuðum stöðufasa með litrófsmæligreiningu (HPLC-UV) (Evrópska lyfjaskráin, lýsing efnis 2524)					5. Blanda með útdrætti úr laufum *Melissa officinalis* L. með öðrum leyfðum aukefnum úr *Melissa officinalis* L. skal ekki leyfð í fóður. 6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráð-stöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húðvörn, augnvörn og öndunarvörn.	

(1) „Natural sources of flavourings“ — Skýrsla nr. 2 (2007).
(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/654 **2022/EES/72/15**

frá 20. apríl 2022

um leyfi fyrir bútýlhýdroxýanisóli sem fóðuraukefni fyrir ketti (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr. og 5. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Einkum er í 2. mgr. 10. gr., í tengslum við 7. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar, kveðið á um sértæka málsmeðferð vegna endurmats á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]) og tilskipun ráðsins 82/471/EBE ([3]).

2) Bútýlhýdroxýanisól var leyft án tímamarka sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir í samræmi við tilskipun ráðsins 70/524/EBE. Aukefnið var síðan fært inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á bútýlhýdroxýanisóli sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Umsækjandinn dró síðar umsóknina til baka að því er varðar ketti vegna þess að Matvælaöryggisstofnun Evrópu samþykkti 12. nóvember 2019 ([4]) neikvætt álit um öryggi aukefnisins fyrir ketti. Endurmat á bútýlhýdroxýanisóli leiddi til leyfis fyrir því sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir, að undanskildum köttum, með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1399 ([5]).

4) Með 5. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 er gerð krafa um samþykki á reglugerð um að taka fóðuraukefni af markaði sem engin umsókn í samræmi við 2. og 7. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar var lögð fram fyrir innan frestsins sem kveðið er á um í þessum ákvæðum eða sem umsókn var lögð fram fyrir en síðan afturkölluð.

5) Þar eð umsækjandinn hefur dregið umsóknina til baka að því er varðar ketti ætti að taka bútýlhýdroxýanisól af markaði sem fóðuraukefni fyrir ketti.

6) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram ný umsókn um leyfi fyrir bútýlhýdroxýanisóli sem fóðuraukefni fyrir ketti í flokknum „tæknileg aukefni“ og í virka hópnum „þráavarnarefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 119, 21.4.2022, bls. 84. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 229/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) Tilskipun ráðsins 82/471/EBE frá 30. júní 1982 um ákveðnar afurðir í dýrafæðu (Stjtíð. EB L 213, 21.7.1982, bls. 8).

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019, 17(12), 5913.

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1399 frá 5. október 2020 um leyfi fyrir bútýlhýdroxýanisóli sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir, að undanskildum köttum (Stjtíð. ESB L 324, 6.10.2010, bls. 29).

7) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 23. júní 2021 ([6]) að við tillögð skilyrði fyrir notkun hafi bútýlhýdroxýanisól ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, öryggi neytenda eða á umhverfið. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið ætti að teljast húð- og augnertandi og hugsanlegur húðnæmir. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Þar eð bútýlhýdroxýanisól er leyft sem þráavarnarefni til notkunar í matvæli í sambærilegu notkunarmagni komst Matvælaöryggisstofnunin einnig að þeirri niðurstöðu að rannsóknir séu ekki nauðsynlegar til að sýna fram á skilvirkni bútýlhýdroxýanisóls sem þráavarnarefnis í fóðri fyrir ketti. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunar-rannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

8) Mat á bútýlhýdroxýanisóli sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun bútýlhýdroxýanisóls eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

9) Þar eð bútýlhýdroxýanisól, sem fóðuraukefni fyrir ketti, er tilbúið til að fá nýtt leyfi á sama tíma og ráðstöfun er samþykkt sem krefst þess að aukefnið verði tekið af markaði samkvæmt fyrri skilyrðunum fyrir leyfi í samræmi við 5. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 ætti taka af markaði ekki að koma í veg fyrir skilvirka beitingu nýja leyfisins. Skilyrðin fyrir nýja leyfinu eru önnur en þau fyrri, einkum að því leyti að kveðið er á um ítarlegri lýsingu á aukefninu og um tengdar greiningaraðferðir, nýtt kenninúmer fyrir aukefnið og önnur ákvæði í tengslum við notkunarleiðbeiningar og öryggi neytenda að því er varðar aukefnið og viðkomandi forblöndur.

10) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa töku bútýlhýdroxýanisóls af markaði af öryggisástæðum sem fóðuraukefni fyrri ketti samkvæmt fyrri skilyrðum fyrir leyfi þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila þar sem nota má fyrirliggjandi birgðir af bútýlhýdroxýanisóli sem fóðuraukefni fyrir ketti, forblöndum, fóðri og fóðurblöndum, sem framleidd voru með aukefninu, þar til þær eru uppurnar til að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „þráavarnarefni“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Taka af markaði

Bútýlhýdroxýanisól (E 320) skal tekið af markaði sem fóðuraukefni fyrir ketti að því marki að það uppfyllir ekki skilyrðin sem mælt er fyrir um í leyfinu sem um getur í 1. gr.

([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021, 19(7), 6714.

3. gr.

Umbreytingarráðstafanir að því er varðar töku af markaði

1. Bútýlhýdroxýanisól sem fóðuraukefni fyrir ketti og fóðurblöndur sem innihalda það, sem eru framleidd og merkt fyrir 11. nóvember 2022 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 11. maí 2022, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem eru ætluð köttum og innihalda bútýlhýdroxýanisól, sem eru framleidd og merkt fyrir 11. maí 2023 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 11. maí 2022, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. apríl 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Efnaformúla, lýsing, greiningaraðferðir	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Tæknileg aukefni. Virkur hópur: þráavarnarefni								
1b320	Bútýlhýdroxý-anisól	*Samsetning aukefnis* Bútýlhýdroxýanisól (BHA) (≥ 98,5%) Vaxkennt fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Blanda af: — 2-tert-bútýl-4-hýdroxýanisóli — 3-tert-bútýl-4-hýdroxýanisóli (≥ 85%) CAS-nr.: 25013-16-5 $C_{11}H_{16}O_2$ *Greiningaraðferð* ([1]) Til að magnákvarða bútýlhýdroxýanisól í fóðuraukefninu: — Gasgreining með logajónunargreiningu, (GC/FID) (FCC7-aðferð)	Kettir	-	-	150	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði. 2. Hægt er að nota bútýlhýdroxý-anisól ásamt bútýlhýdroxýtólúeni (BHT) í magni sem nemur allt að 150 mg blöndu/kg heilfóðurs. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklags-reglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húðvörn, augnvörn og öndunar-vörn.	11. maí 2032

		Til að magnákvarða bútýlhýdroxýanisól í forblöndum og fóðri: — Háþrýstivökvaskiljun með óskautuðum stöðufasa með greiningu á útfjólublárri sviði/með díóðufjölnema (RP-HPLC-UV-DAD, 285 nm)						

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/702 **2022/EES/72/16**

frá 5. maí 2022

um leyfi fyrir gullkyndilstinktúru sem fóðuraukefni fyrir tilteknar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir gullkyndilstinktúru. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir gullkyndilstinktúru, í flokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „bragðefni“, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir.

4) Umsækjandinn óskaði eftir því að gullkyndilstinktúra yrði einnig leyfð til notkunar í drykkjarvatn. Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er notkun bragðefna þó ekki leyfð í drykkjarvatn. Af þessum sökum ætti ekki að leyfa notkun gullkyndilstinktúru í drykkjarvatn.

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 12. nóvember 2019 ([2]) og 24. júní 2021 ([3]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi gullkyndilstinktúra ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, heilbrigði neytenda eða á umhverfið. Hins vegar var ekki unnt að komast að niðurstöðu um langlíf dýr (gæludýr og önnur dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis, hesta og dýr til undaneldis). Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að þar eð engin gögn liggja fyrir ætti að líta á gullkyndilstinktúru sem ertandi fyrir húð/augu eða sem húðnæmi. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 132, 6.5.2022, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 229/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(12), 5910.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19(7), 6711.

6) Þar eð gullkyndilstinktúra er viðurkennd sem bragðefni í matvæli og hlutverk hennar í fóðri er í raun það sama og í matvælum komst Matvælaöryggisstofnunin enn fremur að þeirri niðurstöðu að því teljist ekki nauðsynlegt að sýna frekar fram á verkun hennar. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

7) Mat á gullkyndilstinktúru sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun efnisins eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

8) Sú staðreynd að notkun gullkyndilstinktúru sem bragðefni í drykkjarvatn er ekki leyfð kemur ekki í veg fyrir notkun þess í fóðurblöndu sem er gefin með vatni.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „bragðefni“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. maí 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni **Virkur hópur: Bragðefni**									
2b475(m)-t	-	Gull-kyndilstinkt-úra	*Samsetning aukefnis* Gullkyndilstinktúra sem er fengin úr *Verbascum thapsus* L. Vökvaform *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Gullkyndilstinktúra sem er fengin úr *Verbascum thapsus* L., eins og skilgreint er af Evrópuráðinu ([1]). Þurrefni: ≤ 3% Leysir (vatn/etanól): ≤ 97,5% Aska: ≤ 0,3% Ákúbín: ≤ 0,006% Pólýfenól: ≤ 0,22% Heildarflavonóíð (jafngildi klórógensýru): ≤ 0,10% *Greiningaraðferð* ([2]) Til að greina eiginleika gullkyndilstinktúru:	Eldiskjúklingar Eldiskalkúnar Eldissvín Eldiskálfar Lömb og kiðlingar til eldis Laxfiskar, að undanskildum laxfiskum sem eru ætlaðir til undaneldis Eldiskanínur		-	50	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 3. Blöndun við önnur plöntuaukefni er leyfð að því tilskildu að magn ákúbíns í fóðurefnum og fóðurblöndum sé minna en það sem leiðir af notkun staks aukefnis í hámarksmagni eða tillögðu magni fyrir tegund eða flokk dýra. 4. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húð- og augnvörn.	26. maí 2032

			— Þyngdarmæling til að ákvarða tap við þurrkun ásamt öskuinnihaldi. — Litrófsmælitækni til að ákvarða heildarinnihald pólýfenóla — Háþrýstiþunnlagsskiljun (HPTLC) til að ákvarða heildarfenólsýrur.						

(1) „Natural sources of flavourings“ — Skýrsla nr. 2 (2007).

(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/703 **2022/EES/72/17**

frá 5. maí 2022

um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með *Bacillus velezensis* DSM 15544 sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi, leyfi fyrir allar tegundir og flokka fugla, um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/897, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2312 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1081 og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 333/2010, reglugerð (ESB) nr. 184/2011 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/893 (leyfishafi: Asahi Biocycle Co. Ltd., fulltrúi hans hjá Sambandinu er Pen & Tec Consulting S.L.U.) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu og endurnýjun á slíku leyfi.

2) Blanda með *Bacillus velezensis* DSM 15544, áður flokkunarfræðilega tilgreint sem *Bacillus subtilis* C-3102 (DSM 15544), var leyfð til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 333/2010 ([2]), fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, kalkúna, aukafuglategundir og aðra skrautfugla og veiðifugla með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 184/2011 ([3]), fyrir varphænur og skrautfiska með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/897 ([4]), fyrir gyltur, mjólkurgrísi og hunda með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2312 ([5]), fyrir eldissvín með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1081 ([6]) og fyrir eldiskjúklinga með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/893 ([7]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 132, 6.5.2022, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 229/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 333/2010 frá 22. apríl 2010 um leyfi fyrir nýrri notkun á *Bacillus subtilis* C- 3102 (DSM 15544) sem fóðuraukefni fyrir smágrísi sem búið er að venja undan (leyfishafi: Asahi Calpis Wellness Co. Ltd., fulltrúi hans hjá Evrópusambandinu er Pen & Tec Consulting S.L.U.) (Stjtíð. ESB L 102, 23.4.2010, bls. 19).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 184/2011 frá 25. febrúar 2011 um leyfi fyrir *Bacillus subtilis* C-3102 (DSM 15544) sem fóðuraukefni fyrir kjúklinga, sem eru aldir til að verða varphænur, kalkúna, aukafuglategundir og aðra skraut- og veiðifugla (leyfishafi er Asahi Calpis Wellness Co. Ltd, fulltrúi hans hjá Evrópusambandinu er Pen & Tec Consulting S.L.U.) (Stjtíð. ESB L 53, 26.2.2011, bls. 33).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/897 frá 8. júní 2016 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* (C-3102) (DSM 15544) sem fóðuraukefni fyrir varphænur og skrautfiska (leyfishafi er Asahi Calpis Wellness Co. Ltd, fulltrúi hans hjá Evrópusambandinu er Pen & Tec Consulting S.L.U.) og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1444/2006, (ESB) nr. 333/2010 og (ESB) nr. 184/2011 að því er varðar leyfishafa (Stjtíð. ESB L 152, 9.6.2016, bls. 7).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2312 frá 13. desember 2017 um leyfi fyrir nýrri notkun á blöndu með *Bacillus subtilis* C-3102 (DSM 15544) sem fóðuraukefni fyrir gyltur, mjólkurgrísi og hunda (leyfishafi er Asahi Calpis Wellness Co. Ltd, fulltrúi hans hjá Evrópusambandinu er Pen & Tec Consulting S.L.U.) (Stjtíð. ESB L 331, 14.12.2017, bls. 41).

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1081 frá 30. júlí 2018 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* C-3102 (DSM 15544) sem fóðuraukefni fyrir eldissvín (leyfishafi er Asahi Calpis Wellness Co. Ltd, fulltrúi hans hjá Evrópusambandinu er Pen & Tec Consulting S.L.U.) (Stjtíð. ESB L 194, 31.7.2018, bls. 17).

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/893 frá 28. maí 2019 um endurnýjun á leyfi fyrir *Bacillus subtilis* DSM 15544 sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1444/2006 (leyfishafi er Asahi Calpis Wellness Co. Ltd, fulltrúi hans hjá Evrópusambandinu er Pen & Tec Consulting S.L.U.) (Stjtíð. ESB L 142, 29.5.2019, bls. 60).

3) Leyfið fyrir blöndu með *Bacillus velezensis* DSM 15544 fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, kalkúna, aukafuglategundir og aðra skrautfugla og veiðifugla rann út 18. mars 2021.

4) Í samræmi við 3. mgr. 13. gr. og 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, voru tvær umsóknir lagðar fram um endurnýjun leyfis fyrir blöndu með *Bacillus velezensis* DSM 15544 sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi, um nýtt leyfi fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og til undaneldis, kalkúna til eldis, undaneldis og varps, aukategundir alifugla og allar aðrar fuglategundir til eldis, varps og undaneldis og óskað var eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „dýraræktaraukefni“ og um breytingu á skilyrðum fyrir leyfinu. Breytingin tengist breytingu á heiti aukefnisins. Umsóknunum fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr., 3. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 14. gr. þeirrar reglugerðar.

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 30. september 2020 ([8]) og 29. september 2021 ([9]) að umsækjandinn hafi lagt fram gögn sem sýna fram á að við tillögð notkunarskilyrði uppfylli blandan með *Bacillus velezensis* DSM 15544 gildandi skilyrði fyrir leyfisveitingu. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að blanda með *Bacillus velezensis* DSM 15544 hafi ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, öryggi neytenda eða á umhverfið. Hún tók einnig fram að blandan sé ekki húð-/augnertandi eða húðnæmir en ætti að teljast öndunarfæranæmir. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið ætti að vera flokkunarfræðilega tilgreint sem *Bacillus velezensis* DSM 15544 og að blandan geti verið áhrifarík sem dýraræktaraukefni í fóðri. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Matvælaöryggisstofnunin staðfesti einnig skýrslu um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

6) Hinn 2. desember lagði umsækjandinn, en fulltrúi hans í Sambandinu er Pen & Tec Consulting S.L.U., fram viðeigandi gögn til stuðnings að því er varðar breytingu á heiti leyfishafa í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1831/2003. Umsækjandinn fullyrti að núverandi heiti fyrirtækisins sem er leyfishafi hafi verið breytt í Asahi Biocycle Co. Ltd.

7) Sú fyrirhugaða breyting á skilmálum leyfisins er eingöngu stjórnsýslulegs eðlis og felur ekki í sér nýtt mat á viðkomandi aukefni. Matvælaöryggisstofnunin var upplýst um umsóknina.

8) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/897, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2312 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1081 til samræmis við það.

9) Mat á blöndu með *Bacillus velezensis* DSM 15544 sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að endurnýja leyfið fyrir aukefninu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

10) Af endurnýjun leyfis fyrir *Bacillus velezensis* DSM 15544 sem fóðuraukefni að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð leiðir að fella ætti reglugerð (ESB) nr. 333/2010 og reglugerð (ESB) nr. 184/2011 úr gildi.

11) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir blöndu með *Bacillus velezensis* DSM 15544 af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja endurnýjun á leyfinu.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

([8]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(11), 6283.
([9]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19(10), 6903.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun leyfis

Leyfið fyrir aukefninu, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“ og er tilgreint í viðaukanum, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/897

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/897 er breytt sem hér segir:

1) Í stað orðanna í titlinum „Asahi Calpis Wellness Co. Ltd“ koma orðin „Asahi Biocycle Co. Ltd.“ og í stað orðanna „*Bacillus subtilis* C-3102 (DSM 15544)“ koma orðin „*Bacillus velezensis* DSM 15544“.

2) Í stað orðanna „Asahi Calpis Wellness Co. Ltd“ í öðrum dálki viðaukans, „Nafn leyfishafa“, koma orðin „Asahi Biocycle Co. Ltd.“

3) Í stað orðanna „*Bacillus subtilis* C-3102 (DSM 15544)“ í þriðja dálki viðaukans, „Aukefni“, koma orðin „*Bacillus velezensis* DSM 15544“.

4) Í stað orðanna „*Bacillus subtilis* C-3102 (DSM 15544)“ í fjórða dálki viðaukans, „Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð“, koma orðin „*Bacillus velezensis* DSM 15544“.

5) Í fimmta dálki viðaukans, „Tegund eða flokkur dýra“, fellur „Varphænur“ brott.

6) Textinn „3×10^8“ í sjöunda dálki, „Lágmarksinnihald“, fellur brott.

3. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2312

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2312 er breytt sem hér segir:

1) Í stað orðanna „Asahi Calpis Wellness Co. Ltd“ í titlinum koma orðin „Asahi Biocycle Co. Ltd.“ og í stað orðanna „*Bacillus subtilis* C-3102 (DSM 15544)“ koma orðin „*Bacillus velezensis* DSM 15544“.

2) Í stað orðanna „*Bacillus subtilis* C-3102 (DSM 15544)“ í forsendum koma orðin „*Bacillus velezensis* DSM 15544“.

3) Í stað orðanna „Asahi Calpis Wellness Co. Ltd“ í öðrum dálki viðaukans, „Nafn leyfishafa“, koma orðin „Asahi Biocycle Co. Ltd.“

4) Í stað orðanna „*Bacillus subtilis* DSM 15544“ í þriðja dálki viðaukans, „Aukefni“, koma orðin „*Bacillus velezensis* DSM 15544“.

5) Í stað orðanna „*Bacillus subtilis* C-3102 DSM 15544“ í fjórða dálki viðaukans, „Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð“, í undirliðunum „Samsetning aukefnis“ og „Lýsing á eiginleikum virka efnisins“, koma orðin „*Bacillus velezensis* DSM 15544“.

4. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1081

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1081 er breytt sem hér segir:

1) Í stað orðanna „Asahi Calpis Wellness Co. Ltd“ í titlinum koma orðin „Asahi Biocycle Co. Ltd.“ og í stað orðanna „*Bacillus subtilis* C-3102 (DSM 15544)“ koma orðin „*Bacillus velezensis* DSM 15544“.

2) Í stað orðanna „*Bacillus subtilis* C-3102 (DSM 15544)“ í forsendum koma orðin „*Bacillus velezensis* DSM 15544“.

3) Í stað orðanna „Asahi Calpis Wellness Co. Ltd“ í öðrum dálki viðaukans, „Nafn leyfishafa“, koma orðin „Asahi Biocycle Co. Ltd.“

4) Í stað orðanna „*Bacillus subtilis* C-3102 (DSM 15544)“ í þriðja dálki viðaukans, „Aukefni“, kemur „*Bacillus velezensis* DSM 15544“.

5) Í stað orðanna „*Bacillus subtilis* C-3102 (DSM 15544)“ í fjórða dálki viðaukans, „Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð“, koma orðin „*Bacillus velezensis* DSM 15544“.

5. gr.

Umbreytingartímabil

1. Aukefnið, sem er tilgreint í viðaukanum við þessa reglugerð, sem og í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/897, í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2312, í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1081 og í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/893, og forblöndur sem innihalda það, sem eru framleidd og merkt fyrir 26. nóvember 2022 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 26. maí 2022, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda aukefnið, sem er tilgreint í viðaukanum við þessa reglugerð, sem og í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/897, í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2312, í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1081 og í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/893, sem eru framleidd og merkt fyrir 26. maí 2023 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 26. maí 2022, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

3. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda aukefnið, sem er tilgreint í viðaukanum við þessa reglugerð, sem og í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/897 og í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2312, sem eru framleidd og merkt fyrir 26. maí 2024 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 26. maí 2022, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem ekki gefa af sér afurðir til manneldis.

6. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (ESB) nr. 333/2010, reglugerð (ESB) nr. 184/2011 og framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 2019/893 eru felldar úr gildi.

7. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. maí 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingamyndandi eining (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: dýraræktaraukefni. Virkur hópur: þarmaflórustöðgarar									
4b1820	Asahi Biocycle Co. Ltd., full-trúi í Sam-bandinu er Pen & Tec Consulting S.L.U.	*Bacillus velezensis* DSM 15544	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Bacillus velezensis* DSM 15544 sem inniheldur að lágmarki 1×10^{10} CFU/g Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efn-isins* Lífvænleg gró *Bacillus velezensis* DSM 15544 *Greiningaraðferð* (1) Ákvörðun á heildarfjölda: dreifingaraðferð með trýptónsojaagar (EN 15784) Sanngreining: rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE).	Fráfærugrísir Allar tegundir og flokkar fugla	-	3×10^8 3×10^8	-	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu-skilyrði og stöðugleika við hitameð-höndlun. 2. Má nota í fóður sem inniheldur hin leyfðu hníslalyf fyrir hverja tegund og flokk fugla. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrir-tækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. augn- og öndunarvörn.	26. maí 2032

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARTILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/2171 **2022/EES/72/18**

frá 7. desember 2021

um breytingu á tilskipun ráðsins 66/402/EBE að því er varðar þyngd framleiðslueiningar fræs og sýna af Avena nuda (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns ([1]), einkum 21. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun 66/402/EBE var breytt með framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/415 ([2]) og vegna misritunar féll heiti tegundarinnar *Avena nuda* brott úr færslunni í þriðju línu í fyrsta dálki töflunnar í III. viðauka við tilskipun 66/402/EBE. Af því leiðir að hámarksþyngd framleiðslueiningar fræs og lágmarksþyngd fræsýnis af tegundinni *Avena nuda* fellur ekki lengur undir reglur. Því ætti að setja inn aftur heiti tegundarinnar *Avena nuda* sem fellt var brott.

2) Því ætti að breyta tilskipun 66/402/EBE til samræmis við það.

3) Í þágu réttarvissu ætti lögleiðingardagurinn, sem settur er fram í þessari tilskipun, að vera sá sami og lögleiðingardagurinn sem er settur fram í framkvæmdartilskipun (ESB) 2021/415.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breyting á tilskipun 66/402/EBE

Í stað færslunnar í þriðju línu í fyrsta dálki töflunnar í III. viðauka við tilskipun 66/402/EBE kemur eftirfarandi:

„*Avena nuda*, *Avena sativa*, *Avena strigosa*, *Hordeum vulgare*, *Triticum aestivum* subsp. *aestivum*, *Triticum turgidum* subsp. *durum*, *Triticum aestivum* subsp. *spelta*, *Secale cereale*, *xTriticosecale*“.

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. janúar 2022. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 438, 8.12.2021, bls. 84. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 230/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 125, 11.7.1966, bls. 2309.

([2]) Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/415 frá 8. mars 2021 um breytingu á tilskipunum ráðsins 66/401/EBE og 66/402/EBE til þess að aðlaga flokkunarfræðilega hópa og heiti tiltekinna tegunda fræs og illgresis að þróun á sviði vísinda- og tækniþekkingar (Stjtíð. ESB L 81, 9.3.2021, bls. 65).

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. febrúar 2022.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. desember 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/476 **2022/EES/72/19**

frá 24. mars 2022

um breytingu á II., III. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir ediksýru, asoxýstróbín, bensóvindíflúpýr, sýantranilípról, sýflúfenamíð, emamektín, flútólaníl, brennisteinskalk, maltódextrín og prókínasíð í eða á tilteknum afurðum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 5. gr. og a-lið 1. mgr. 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir asoxýstróbín, bensóvindíflúpýr, sýantranilípról, sýflúfenamíð, flútólaníl og prókínasíð. Í A-hluta III. viðauka við þá reglugerð voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir emamektín. Ediksýra, brennisteinskalk og maltódextrín eru á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.

2) Í tengslum við málsmeðferð sem varðaði leyfi fyrir plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið bensóvindíflúpýr til notkunar á „kryddjurtir og æt blóm“, vorlauka, pípulauka og blaðlauka voru lagðar fram tvær umsóknir skv. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 um að fá að breyta gildandi hámarksgildum leifa.

3) Að því er varðar sýantranilípról var lögð fram umsókn skv. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 um að fá að breyta gildandi hámarksgildum leifa varðandi ólífur til átu og ólífur til olíuframleiðslu. Að því er varðar sýflúfenamíð var slík umsókn lögð fram varðandi brómber og hindber (rauð og gul). Að því er varðar emamektín var slík umsókn lögð fram varðandi kjarnaávexti, apríkósur, kirsuber (sæt), „spínat og áþekk blöð“ og „jurtate úr blöðum og kryddjurtum“. Að því er varðar prókínasíð var slík umsókn lögð fram varðandi aðalbláber og trönuber.

4) Að því er varðar asoxýstróbín voru tvær umsóknir lagðar fram skv. 2. og 4. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 396/2005 um innflutningsvikmörk að því er varðar notkun efnisins á mangó í Brasilíu og á olíupálmaaldin í Kólumbíu sem og að því er varðar notkun flútólaníls á jarðhnetur í Bandaríkjunum. Umsækjendurnir héldu því fram að viðurkennd notkun efnanna á þessar nytjaplöntur í þeim löndum leiði til þess að styrkur leifa verður meiri en hámarksgildi leifa í reglugerð (EB) nr. 396/2005 segir til um og að nauðsynlegt sé að setja hærra hámarksgildi leifa til að komast hjá viðskipta-hindrunum við innflutning á þessum nytjaplöntum.

5) Viðkomandi aðildarríki mátu allar framangreindar umsóknir í samræmi við 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 og matsskýrslurnar voru sendar framkvæmdastjórninni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 98, 25.3.2022, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 231/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1

6) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) lagði mat á umsóknirnar og mats-skýrslurnar og rannsakaði einkum áhættu fyrir neytendur og, þar sem við átti, fyrir dýr, og skilaði rökstuddum álitum um tillögð hámarksgildi leifa ([2]). Hún sendi þessi álit til umsækjenda, framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna og gerði þau aðgengileg almenningi.

3.3.1	Fiskafurðir ([26]) og fiskhold ([24]) ([25]), þó ekki af tegundum sem eru tilgreindar í liðum 3.3.2 og 3.3.3. Hámarksgildið fyrir krabbadýr gildir fyrir fiskhold af útlimum og afturbol ([44]). Ef um er að ræða krabba og krabbadýr sem líkjast kröbbum (stutthali (*Brachyura*) og krabbar af ættinni *Anomura*) gildir hámarksgildið fyrir kjöt af vöðvum af útlimum.	0,50
3.3.2	Hold af eftirfarandi fiskum ([24]) ([25]): spánarflekk (*Pagellus acarne*) stinglaxi (*Aphanopus carbo*) kólguflekk (*Pagellus bogaraveo*) rákungum (*Sarda sarda*) roðaflekk (*Pagellus erythrinus*) slöngumakríl (*Lepidocybium flavobrunneum*) lúðu (*Hippoglossus* spp.) höfðaoddsporði (*Genypterus capensis*) merlingum (*Makaira* spp.) stórkjöftu (*Lepidorhombus* spp.) slöngumakríl *(Ruvettus pretiosus*) búrfisk (*Hoplostethus atlanticus*) bleikum oddsporði (*Genypterus blacodes*) geddu (*Esox* spp.) rákaleysingja (*Orcynopsis unicolor*) dvergþorski (*Tricopterus* spp.) sæskeggi (*Mullus barbatus barbatus*) slétthala (*Coryphaenoides rupestris*) kyrrahafsseglfiski (*Istiophorus* spp.) marbendli (*Lepidopus caudatus*) smjörmakríl, olíufiski og slöngunasa (*Gempylus serpens*) styrju (*Acipenser* spp.) sæskeggi (*Mullus surmuletus)* túnfiski (*Thunnus* spp., *Euthynnus* spp., *Katsuwonus pelamis*) hákarli (allar tegundir) sverðfiski (*Xiphias gladius*)	1,0
3.3.3	Smokkar Sæsniglar Hold af eftirfarandi fiskum ([24]) ([25]):	0,30

	ansjósu (*Engraulis* spp.) alaskaufsa (*Theragra chalcogrammus)* þorski (*Gadus morhua*) atlantshafssíld (*Clupea harengus*) basa (*Pangasius bocourti*) vatnakarpa (tegundir sem tilheyra ættinni *Cyprinidae*) sandkola (*Limanda limanda*) makríl (*Scomber* spp.) flundru (*Platichthys flesus*) skarkola (*Pleuronectes platessa*) brislingi (*Sprattus sprattus*) Mekong-risagrana (*Pangasianodon gigas*) lýr (*Pollachius pollachius*) ufsa (*Pollachius virens*) laxi og silungi (*Salmo* spp. og *Oncorhynchus* spp., að undanskilinni *Salmo trutta*) sardínu (*Dussumieria* spp., *Sardina* spp., *Sardinella* spp. og *Sardinops* spp.) sóla (*Solea solea*) rákasteinbít (*Pangasianodon hypothalamus*) lýsu (*Merlangius merlangus*)	
3.3.4	Fæðubótarefni ([39])	0,10
3.3.5	Salt	0,10“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/502 **2022/EES/72/26**

frá 29. mars 2022

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1321/2013 að því er varðar nafn leyfishafa fyrir reykbragðefnið „Scansmoke PB 1110“ á forstigi framleiðslu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2065/2003 frá 10. nóvember 2003 um reykbragðefni sem eru notuð eða eru ætluð til notkunar í eða á matvælum ([1]), einkum 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 1. október 2021 lagði Azelis Denmark A/S (hér á eftir nefnt „umsækjandinn“) fram umsókn í samræmi við 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 2065/2003 með beiðni um að breyta nafni leyfishafans fyrir reykbragðefnið „Scansmoke PB 1110“ á forstigi framleiðslu, eins og það er sett fram í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2013 ([2]).

2) Í umsókninni lýsti umsækjandinn því yfir að framselja ætti leyfið fyrir reykbragðefninu „Scansmoke PB 1110“ á forstigi framleiðslu til proFagus GmbH. Til stuðnings þeirri yfirlýsingu lagði umsækjandinn fram samning milli sín og proFagus GmbH um framsal á reykbragðefninu „Scansmoke PB 1110“ á forstigi framleiðslu.

3) Tillögð breyting á leyfishafa er eingöngu stjórnsýslulegs eðlis og felur ekki í sér nýtt mat á viðkomandi vöru.

4) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1321/2013 til samræmis við það.

5) Til að tryggja snurðulaus umskipti er viðeigandi að kveða á um að halda megi áfram að setja á markað og nota reykbragðefnið „Scansmoke PB 1110“ á forstigi framleiðslu, sem og reykbragðefni unnin úr því og matvæli sem innihalda þau, sem uppfylla reglurnar sem gilda fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar, þar til fyrirliggjandi birgðir eru uppurnar.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1321/2013

Í töflunni í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1321/2013 er færslunni um reykbragðefnið „Scansmoke PB 1110” á forstigi framleiðslu breytt sem hér segir:

1) í þriðju línu, „Nafn leyfishafa“ koma orðin „proFagus GmbH“ í stað orðanna „Azelis Denmark A/S“,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 102, 30.3.2022, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 236/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 26.11.2003, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2013 frá 10. desember 2013 um skrá Sambandsins yfir leyfð reykbragðefni á forstigi framleiðslu, til notkunar sem slík í eða á matvæli og/eða til framleiðslu á afleiddum reykbragðefnum (Stjtíð. ESB L 333, 12.12.2013, bls. 54.).

2) í fjórðu línu, „Heimilisfang leyfishafa“ koma orðin „Uslarer Str. 30, 37194 Bodenfelde, ÞÝSKALAND“ í stað orðanna „Lundtoftegaardsvej 95, 2800 Lyngby, DANMÖRK“.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Halda má áfram að setja á markað og nota reykbragðefnið “Scansmoke PB 1110” á forstigi framleiðslu, eins og það er sett fram í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1321/2013, sem og reykbragðefni unnin úr því og matvæli sem innihalda reykbragðefnið á forstigi framleiðslu eða reykbragðefni á forstigi framleiðslu sem eru unnin úr því, sem eru framleidd og merkt fyrir 19. apríl 2022 í samræmi við reglurnar sem gilda fyrir 19. apríl 2022, þar til fyrirliggjandi birgðir eru uppurnar.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. mars 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/2191 **2022/EES/72/27**

frá 10. desember 2021

um leyfi til að setja á markað ferskar plöntur af tegundinni Wolffia arrhiza og/eða Wolffia globosa sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 4. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins, á markað í Sambandinu. Hefðbundin matvæli frá þriðja landi eru nýfæði eins og skilgreint er í c-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

2) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2468 ([2]) er mælt fyrir um stjórnsýslu- og vísindakröfur varðandi hefðbundin matvæli frá þriðju löndum.

3) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([3]) um að koma á fót skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði samþykkt.

4) Hinn 7. september 2020 sendi fyrirtækið GreenOnyx Ltd (hér á eftir nefnt umsækjandinn) tilkynningu til framkvæmdastjórnarinnar um þá fyrirætlun sína að setja ferskar plöntur af tegundunum *Wolffia arrhiza* og *Wolffia globosa* á markað í Sambandinu sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Umsækjandinn fór fram á að almenningur notaði ferskar plöntur af tegundunum *Wolffia arrhiza* og *Wolffia globosa* sem slíkar.

5) Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2017/2468 óskaði framkvæmdastjórnin eftir viðbótarupplýsingum frá umsækjandanum að því er varðar kröfur um gildi tilkynningarinnar. Umbeðnar upplýsingar voru lagðar fram 16. október 2020.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 445, 13.12.2021, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 237/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2468 frá 20. desember 2017 um stjórnsýslu- og vísindakröfur varðandi hefðbundin matvæli frá þriðju löndum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 55).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

6) Gögnin sem umsækjandinn lagði fram sýna fram á að ferskar plöntur af tegundinni *Wolffia arrhiza* og/eða *Wolffia globosa* sem slíkar hafi reynst öruggar til notkunar sem matvæli í Suðaustur-Asíu, einkum í Laos, Myanmar (Mjanmar) og Taílandi.

7) Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 framsendi framkvæmdastjórnin gildu tilkynninguna til aðildarríkjanna og Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) 20. janúar 2021.

8) Engin tilhlýðilega rökstudd andmæli varðandi öryggi þess að setja ferskar plöntur af tegundunum *Wolffia arrhiza* og *Wolffia globosa* á markað í Sambandinu bárust framkvæmdastjórninni frá aðildarríkjunum eða Matvælaöryggisstofnuninni innan fjögurra mánaða tímabilsins, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

9) Hinn 30. júní 2021 birti Matvælaöryggisstofnunin skýrslu sína „Technical Report on the notification of fresh plants of *Wolffia Arrhiza* and *Wolffia globosa* as a traditional food from a third country pursuant to Article 14 of Regulation (EU) 2015/2283)“ ([4]). Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að fyrirliggjandi gögn um samsetningu og reynslu af notkun ferskra plantna af tegundunum *Wolffia arrhiza* og *Wolffia globosa* og gögnin sem lögð voru fram um hefðbundin matvæli sem ræktuð eru samkvæmt skilyrðum lóðrétts landbúnaðar, eins og lýst er í tilkynningunni, skapi ekki öryggisvanda.

10) Í þeirri skýrslu tók Matvælaöryggisstofnunin fram að umhverfisaðstæður á vatnasvæðinu, þar sem þessar plöntur eru ræktaðar, hafi mikil áhrif á öryggi ferskra plantna af tegundunum *Wolffia arrhiza* og *Wolffia globosa*. Því er ekki hægt að útiloka tilvist þungmálma og örsystíns í þessum fersku plöntum. Þar að auki geta tiltekin gildi tiltekinna snefilefna sem eru í þeim, s.s. kopars, mólýbdens, sinks, bórs og mangans, sem geta stafað af notkun áburðar við ræktun ferskra plantna af tegundunum *Wolffia arrhiza* og *Wolffia globosa*, skapað öryggisvanda fyrir heilbrigði manna. Því er rétt að fastsetja hámarksgildi fyrir þungmálma, örsystín, kopar, mólýbden, sink, bór og mangan í nákvæmu skilgreiningunni á þessum hefðbundnu matvælum í skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði.

11) Því ætti framkvæmdastjórnin að leyfa setningu ferskra plantna af tegundinni *Wolffia arrhiza* og/eða *Wolffia globosa* sem slíkra á markað í Sambandinu og uppfæra skrá Sambandsins yfir nýfæði til samræmis við það.

12) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Ferskar plöntur af tegundinni *Wolffia arrhiza* og/eða *Wolffia globosa*, eins og tilgreint eru í viðaukanum við þessa reglugerð, skulu færðar sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi á skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði eins og kveðið er á um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.

2. Færslan í skrá Sambandsins, sem um getur í 1. mgr., skal innihalda skilyrði fyrir notkun og nákvæmar skilgreiningar sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

([4]) EFSA Supporting Publications, https://doi.org/10.2903/sp.efsa.2021.EN-6658

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. desember 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færslu er bætt við í töflu 1 (Leyft nýfæði):

„Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur
Ferskar plöntur af tegundinni *Wolffia arrhiza* og/eða *Wolffia globosa* (hefðbundin matvæli frá þriðja landi)	Tilgreindur matvælaflokkur	Hámarksgildi	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera "*Wolffia arrhiza* og *Wolffia globosa*" eða "*Wolffia arrhiza*" eða "*Wolffia globosa*", eftir því hvaða planta er notuð."	
	Ferskar plöntur af tegundinni *Wolffia arrhiza* og/eða *Wolffia globosa* sem slíkar			

2) Eftirfarandi færslu er bætt við í töflu 2 (Nákvæm skilgreining):

„Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
Ferskar plöntur af tegundinni *Wolffia arrhiza* og/eða *Wolffia globosa* (hefðbundin matvæli frá þriðja landi)	**Lýsing/Skilgreining:** Hefðbundnu matvælin samanstanda af ferskum plöntum af tegundinni *Wolffia arrhiza* (L.) Horkel ex Wimm. og/eða *Wolffia globosa* (Roxb.) Hartog & Plas (ætt: Araceae). **Örverufræðilegar viðmiðanir:** Heildarlíftala: < 10^3 CFU/g Heildarfjöldi ger- og myglusveppa: < 100 CFU/g Heildarfjöldi iðrabaktería: < 100 CFU/g *Escherichia coli:* < 100 CFU/g *Salmonella:* Finnst ekki í 25 g *Listeria monocytogenes:* Finnst ekki í 25 g *Staphylococcus aureus:* Finnst ekki/10 g **Þungmálmar:** Blý: < 0,3 mg/kg Arsen (ólífrænt): < 0,10 mg/kg Kadmíum: < 0,2 mg/kg Króm: < 1 mg/kg Kvikasilfur: < 0,10 mg/kg **Snefilefni:** Kopar: < 0,8 mg/kg Mólýbden: < 0,3 mg/kg

	Sink: < 5 mg/kg Bór: < 5 mg/kg Mangan: < 6 mg/kg **Sýanótoxín:** Örsystín: 0,006 µg/g **Varnarefni:** Magn varnarefna í samræmi við kenninúmer 0254000 („undirhópur d) brunnperlur“ í flokknum blaðgrænmeti, kryddjurtir og æt blóm) sem sett er fram í reglugerð (EB) nr. 396/2005 ([1]).

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls.1).

(*) CFU: Þyrpingamyndandi einingar.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/47 **2022/EES/72/28**

frá 13. janúar 2022

um leyfi til að setja á markað þurrkað aldinkjöt kirsuberja af tegundinni *Coffea arabica* L og/eða *Coffea canephora* Pierre ex A.Froehner og seyði úr þeim sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 4. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins, á markað í Sambandinu. Hefðbundin matvæli frá þriðja landi eru nýfæði eins og skilgreint er í c-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

2) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2468 ([2]) er mælt fyrir um stjórnsýslu- og vísindakröfur varðandi hefðbundin matvæli frá þriðju löndum.

3) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði komið á fót með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([3]).

4) Samkvæmt 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 á framkvæmdastjórnin að taka ákvörðun um leyfisveitingu og um setningu hefðbundinna matvæla frá þriðja landi á markað í Sambandinu.

5) Hinn 6. maí 2020 sendi fyrirtækið Societé de Produits Nestlé SA (hér á eftir nefnt umsækjandinn) tilkynningu til framkvæmdastjórnarinnar um þá fyrirætlun sína að setja þurrkað aldinkjöt kirsuberja af tegundinni *Coffea arabica* L. og *Coffea canephora* Pierre ex A. Froehner og seyði úr þeim á markað í Sambandinu sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Umsækjandinn fór fram á að þurrkað aldinkjöt kirsuberja af tegundinni *Coffea arabica* L. og *Coffea canephora* Pierre ex A. Froehner og seyði úr þeim yrði notað sem innihaldsefni í seyði (þ.m.t. drykkjarvörur sem eru tilbúnar til drykkjar) og bragðbættar drykkjarvörur sem eru ætluð fyrir almenning.

6) Hinn 13. nóvember 2020 sendi fyrirtækið Luigi Lavazza SpA (hér á eftir nefnt umsækjandinn) tilkynningu til framkvæmdastjórnarinnar um þá fyrirætlun sína að setja þurrkað aldinkjöt kirsuberja af tegundinni *Coffea arabica* L. og *Coffea canephora* Pierre ex A. Froehner og seyði úr þeim á markað í Sambandinu sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Umsækjandinn fór fram á að þurrkað aldinkjöt kirsuberja af tegundinni *Coffea arabica* L. og *Coffea canephora* Pierre ex A. Froehner og seyði úr þeim yrði notað sem innihaldsefni í seyði og bragðbættar drykkjarvörur sem eru ætluð fyrir almenning.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 9, 14.1.2022, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 237/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2468 frá 20. desember 2017 um stjórnsýslu- og vísindakröfur varðandi hefðbundin matvæli frá þriðju löndum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 55).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

7) Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2017/2468 óskaði framkvæmdastjórnin eftir viðbótar-upplýsingum frá umsækjendunum að því er varðar gildi tilkynningarinnar. Societé de Produits Nestlé SA lagði umbeðnar upplýsingar fram 17. júlí 2020, 17. nóvember 2020 og 23. desember 2020 en Luigi Lavazza SpA lagði umbeðnar upplýsingar fram 2. apríl 2021.

8) Gögnin sem umsækjendurnir lögðu fram sýna fram á að þurrkað aldinkjöt kirsuberja af tegundinni *Coffea arabica* L. og/eða *Coffea canephora* Pierre ex A.Froehner og seyði úr þeim hafi reynst örugg til notkunar sem matvæli í Jemen, Eþíópíu og Bólivíu.

9) Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 framsendi framkvæmdastjórnin gildu tilkynningarnar til aðildarríkjanna og Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) 4. janúar 2021 og 6. apríl 2021.

10) Engin tilhlýðilega rökstudd andmæli varðandi öryggi þess að setja þurrkað aldinkjöt kirsuberja af tegundinni *Coffea arabica* L. og/eða *Coffea canephora* Pierre ex A.Froehner og seyði úr þeim á markað í Sambandinu bárust framkvæmdastjórninni frá aðildarríkjunum eða Matvælaöryggisstofnuninni innan fjögurra mánaða tímabilsins sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

11) Hinn 27. maí 2021 birti Matvælaöryggisstofnunin skýrslu sína „Technical Report on the notification of the coffee cherry pulp from *Coffea arabica* L. and *Coffea canephora* Pierre ex A.Froehner as a traditional food from a third country pursuant to Article 14 of Regulation (EU) 2015/2283“ ([4]) á grundvelli tilkynningarinnar frá Société de Produits Nestlé SA.

12) Hinn 2. september 2021 birti Matvælaöryggisstofnunin skýrslu sína „Technical Report on the notification of infusion from coffee leaves (*Coffea arabica* L. and *Coffea canephora* Pierre ex A. Froehner) as a traditional food from a third country pursuant to Article 14 of Regulation (EU) 2015/2283“ ([5]), á grundvelli tilkynningarinnar frá Luigi Lavazza SpA.

13) Í þessum skýrslum komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að fyrirliggjandi gögn um samsetningu og reynslu vegna tillagðrar notkunar á þurrkuðu aldinkjöti kirsuberja af tegundinni *Coffea arabica* L. og *Coffea canephora* Pierre ex A.Froehner og seyði úr þeim skapi ekki öryggisvanda.

14) Því ætti framkvæmdastjórnin að leyfa setningu þurrkaðs aldinkjöts kirsuberja af tegundinni *Coffea arabica* L. og/eða *Coffea canephora* Pierre ex A.Froehner og seyði úr þeim á markað í Sambandinu sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi og uppfæra skrá Sambandsins yfir nýfæði til samræmis við það.

15) Í áliti sínu tók Matvælaöryggisstofnunin fram að ekki er mælt með að börn eða þungaðar konur eða konur með barn á brjósti neyti drykkjarvara sem innihalda koffín ef koffíninnihaldið fer yfir 150 mg/l, eins og mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 ([6]). Ef vara sem inniheldur nýfæðið inniheldur meira en 150 mg/l af koffíni ætti því að setja á merkingu til að upplýsa neytendur á tilhlýðilegan hátt um koffíninnihaldið og að ekki sé mælt með vörunni fyrir börn, þungaðar konur og konur með barn á brjósti.

16) Að því er varðar aldinkjöt kaffiberja, sem er sett á markað sem slíkt til tilreiðslu á seyði, ætti að setja á merkingu til að upplýsa neytendur á tilhlýðilegan hátt um tilreiðslu vörunnar.

17) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 til samræmis við það.

([4]) EFSA Supporting publications, https://doi.org/10.2903/sp.efsa.2021.EN-6657

([5]) EFSA Supporting publications, https://doi/10.2903/sp.efsa.2021.EN-6808

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 og (EB) nr. 1925/2006 og um niðurfellingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/250/EBE, tilskipun ráðsins 90/496/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/10/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2002/67/EB og 2008/5/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 608/2004 (Stjtíð. ESB L 304, 22.11.2011, bls. 18).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Þurrkað aldinkjöt kirsuberja af tegundinni *Coffea arabica* L. og/eða *Coffea canephora* Pierre ex A.Froehner og seyði úr þeim, eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð, skal fært sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi á skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði eins og kveðið er á um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.

Færslan í skrá Sambandsins, sem um getur í 1. mgr., skal innihalda skilyrði fyrir notkun og kröfur um merkingu sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. janúar 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færslu er bætt við í töflu 1 (Leyft nýfæði):

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur
„Þurrkað aldinkjöt kirsuberja af tegundinni *Coffea arabica* L. og/eða *Coffea canephora* Pierre ex A.Froehner og seyði úr þeim (hefðbundin matvæli frá þriðja landi)	Tilgreindur matvælaflokkur	Hámarksgildi	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „aldinkjöt kaffiberja“ og/eða „cascara (aldinkjöt kaffiberja)“, og/eða „seyði úr aldinkjöti kaffiberja“ og/eða „seyði úr þurrkuðu aldinkjöti kaffiberja“. Ef vara sem inniheldur nýfæðið inniheldur meira en 150 mg/l af koffíni (sem slík eða eftir endurupplausn), skal merkja hana með eftirfarandi upplýsingum: „Hátt koffíninnihald. Ekki mælt með fyrir börn eða þungaðar konur eða konur með barn á brjósti“ á sama sjónsviði og heiti matvælanna og á eftir kemur koffíninnihaldið, gefið upp í mg á hverja 100 ml. Dæmigerð seyðisblanda er tilreidd með allt að 6 g af aldinkjöti kaffiberja á hverja 100 ml af heitu vatni (> 75 °C). Að því er varðar aldinkjöt kaffiberja sem er sett á markað sem slíkt til tilreiðslu á seyði skulu neytendur fá leiðbeiningar um tilreiðsluna.“	
	Aldinkjöt kaffiberja af tegundinni *Coffea arabica* L. og/eða *Coffea canephora* Pierre ex A.Froehner til tilreiðslu á seyði			
	Kaffi, kaffi- og kaffiífil-skjarnar, skyndikaffi, te, jurta- og aldinseyði, kaffilíki, kaffiblöndur og skyndi-blöndur fyrir heita drykki (og bragðbættar hliðstæður þeirra).			
	Bragðbættir og óbragðbættir óáfengir drykkir tilbúnir til drykkjar			

2) Eftirfarandi færslu er bætt við í töflu 2 (Nákvæm skilgreining):

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
„Þurrkað aldinkjöt kirsuberja af tegundinni Coffea arabica L. og/eða Coffea canephora Pierre ex A.Froehner og seyði úr þeim (hefðbundin matvæli frá þriðja landi)	**Lýsing/Skilgreining:** Hefðbundnu matvælin samanstanda af þurrkuðu óbrenndu aldinkjöti kaffiberja af tegundinni *Coffea arabica* L. og/eða *Coffea canephora* Pierre ex A. Froehner (ættkvísl: *Coffea* ætt: Rubiaceae) og seyði úr þeim. Seyðið er hægt að nota sem slíkt eða þykkt eða þurrkað. Þroskuðum kaffiberjum er safnað og síðan eru kaffibaunirnar fjarlægðar á vélrænan hátt, fyrir eða eftir þurrkunarvinnslu, og eftir verður þurrkað aldinkjöt kaffiberjanna sem er hægt að mala í duft. Aðskilið aldinkjöt kaffiberjanna er einnig þekkt sem „cascara“, dregið af spænska orðinu „cáscara“ sem merkir „hýði“.

	Að jafnaði er seyðið tilreitt með því að blanda allt að 6 g af aldinkjöti eða hýði „cascara“ í 100 ml af heitu vatni (> 75 °C), látið standa í nokkrar mínútur og síðan hellt gegnum síu, eða samsvarandi magn notað af þurrkuðu seyði eða skyndiseyði. **Samsetning þurrkaðs aldinkjöts kaffiberja:** Vatn: < 18% Vatnsvirkni (a_w): ≤ 0,65 Aska: < 10,4% DM (þurrefni) Prótín: < 15% DM (þurrefni) Fita: < 5% DM (þurrefni) Kolvetni: < 85% DM (þurrefni) **Örverufræðilegar viðmiðanir:** Fjöldi örvera við loftháð skilyrði: < 10^4 CFU/g Ger- og myglusveppir samtals < 100 CFU/g Iðrabakteríur: < 50 CFU/g *Salmonella*: Finnst ekki í 25 g *Bacillus cereus*: < 100 CFU/g **Sveppaeitur:** Okratoxín A: < 5,0 µg/kg Aflatoxín B1: < 2,0 µg/kg Aflatoxín B1, B2, G1, G2 (sem summa): < 4,0 µg/kg **Þungmálmar:** Kadmíum (Cd): < 0,05 mg/kg Blý (Pb) < 1,0 mg/kg Kopar: ≤ 50 mg/kg Kvikasilfur: ≤ 0,02 mg/kg Arsen: ≤ 0,2 mg/kg

	Óhreinindi: Bensó(a)pýren: < 10,0 µg/kg Summa bensó(a)pýrens, bens(a)antrasens, bensó(b)flúorantens og krýsens: < 50,0 µg/kg **Varnarefni:** Magn varnarefna í hefðbundnum matvælum skal vera í samræmi við gildin sem eru fastsett með reglugerð (EB) nr. 396/2005 fyrir „0639000“ fyrir „Jurtate úr öðrum plöntuhlutum“. CFU: Þyrpingamyndandi einingar DM: Þurrefni“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/168 **2022/EES/72/29**

frá 8. febrúar 2022

um leyfi til að setja á markað gerilsneyddar *Akkermansia muciniphila* sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins, á markað í Sambandinu.

2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([2]) um að koma á fót skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði samþykkt.

3) Hinn 24. október 2019 lagði fyrirtækið A-Mansia Biotech S.A. (hér á eftir nefnt umsækjandinn) umsókn fyrir framkvæmdastjórnina, í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, um að fá að setja gerilsneyddar *Akkermansia muciniphila* á markað í Sambandinu sem nýfæði. Umsækjandinn fór fram á að gerilsneyddar bakteríur *Akkermansia muciniphila* yrðu notaðar sem nýfæði, í magni sem fer ekki yfir 5×10^{10} frumur á dag, í fæðubótarefni eins og þau eru skilgreind í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB ([3]) og í matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi eins og þau eru skilgreind í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 ([4]) sem eru ætluð fyrir fullorðið fólk, að undanskildum þunguðum konum og konum með barn á brjósti.

4) Hinn 24. október 2019 fór umsækjandinn þess einnig á leit við framkvæmdastjórnina að gögn sem njóta einkaleyfisverndar nytu verndar í tengslum við nokkrar rannsóknir sem lagðar voru fram til stuðnings umsókninni, þ.e.a.s. prófun á bakstökkbreytingum hjá bakteríum ([5]), smákjarnaprófun í glasi á spendýrafrumum ([6]), 14 daga skammtastærðarrannsókn á eiturhrifum um munn hjá rottum ([7]), 90 daga rannsókn á eiturhrifum um munn hjá rottum ([8]), birt gögn um eiturhrif ([9]), rannsókn til að fullgilda frumuflæðissjárgreiningu ([10]) og rannsókn á ónæmi gegn sýkingalyfjum ([11]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 28, 9.2.2022, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 238/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB frá 10. júní 2002 um samræmingu laga aðildarríkjanna um fæðubótarefni (Stjtíð. EB L 183, 12.7.2002, bls. 51).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 frá 12. júní 2013 um matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/52/EBE, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB, 1999/21/EB, 2006/125/EB og 2006/141/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 og (EB) nr. 953/2009 (Stjtíð. ESB L 181, 29.6.2013, bls. 35).

([5]) Brient, 2019a (óbirt).

([6]) Brient, 2019b (óbirt).

([7]) Bracken, 2019a (óbirt).

([8]) Bracken, 2019b (óbirt).

([9]) Druart C., Plovier H., Van Hul M., Brient A., Phipps K.R., de Vos W.M. og Cani P.D., 2020. „Toxicological Safety evaluation of pasteurized *Akkermansia muciniphila*“. Journal of Applied Toxicology, 41:276-290.

([10]) Jensen, 2019 (óbirt).

([11]) Gueimonde, 2019 (óbirt).

5) Hinn 19. maí 2020 fór framkvæmdastjórnin þess á leit við Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) að hún framkvæmdi mat á gerilsneyddum *Akkermansia muciniphila* sem nýfæði í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

6) Hinn 7. júlí 2021 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin vísindalegt álit sitt um öryggi gerilsneyddra *Akkermansia muciniphila* sem nýfæði samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2283 ([12]).

7) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í vísindalegu áliti sínu að við tillögð notkunarskilyrði séu gerilsneyddar *Akkermansia muciniphila* öruggar fyrir tillagða markhópa í magni sem fer ekki yfir $3{,}4 \times 10^{10}$ frumur/dag. Þess vegna eru tilgreindar nægar forsendur í þessu vísindalega áliti til að ákvarða að gerilsneyddar *Akkermansia muciniphila*, þegar þær eru notaðar í magni sem fer ekki yfir $3{,}4 \times 10^{10}$ frumur/dag í fæðubótarefni og í matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi sem eru ætluð fyrir fullorðið fólk, að undanskildum þunguðum konum og konum með barn á brjósti, uppfylli skilyrðin fyrir setningu á markað í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283,

8) Matvælaöryggisstofnunin tók fram í vísindalegu áliti sínu að niðurstöður hennar um öryggi nýfæðisins byggðust á gögnunum úr prófun á bakstökkbreytingum hjá bakteríum, smákjarnaprófun í glasi á spendýrafrumum, 14 daga skammtastærðarrannsókn á eiturhrifum um munn hjá rottum, 90 daga rannsókn á eiturhrifum um munn hjá rottum, rannsókn á fullgildingu aðferðar til að greina samsetningu fyrir 90 daga rannsókn á eiturhrifum um munn hjá rottum og rannsókn á ónæmi gegn sýkingalyfjum.

9) Framkvæmdastjórnin fór þess á leit við umsækjandann að hann skýrði nánar framlagðan rökstuðning að því er varðar kröfu hans um einkaleyfisvernd vegna þessara gagna og að hann skýrði nánar kröfu sína um einkarétt á að vísa til þeirra í samræmi við b-lið 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

10) Umsækjandinn lýsti því yfir að hann hafi haft einkaleyfisvernd og einkarétt varðandi tilvísanir í gögnin úr prófun á bakstökkbreytingum hjá bakteríum, smákjarnaprófun í glasi á spendýrafrumum, 14 daga skammtastærðarrannsókn á eiturhrifum um munn hjá rottum, 90 daga rannsókn á eiturhrifum um munn hjá rottum, birt gögn um eiturhrif, rannsókn til að fullgilda frumuflæðissjárgreininguna og rannsókn á ónæmi gegn sýkingalyfjum þegar hann lagði umsóknina fram og því gætu þriðju aðilar ekki nálgast eða notað þessar rannsóknir með lögmætum hætti.

11) Framkvæmdastjórnin mat allar upplýsingarnar sem umsækjandinn lagði fram og taldi að umsækjandinn hefði fært fullnægjandi sannanir fyrir því að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, væru uppfylltar. Þess vegna ætti ekki að nota gögnin úr prófun á bakstökkbreytingum hjá bakteríum, smákjarnaprófun í glasi á spendýrafrumum, 14 daga skammtastærðarrannsókn á eiturhrifum um munn hjá rottum, 90 daga rannsókn á eiturhrifum um munn hjá rottum, birt gögn um eiturhrif, rannsókn til að fullgilda frumuflæðissjárgreininguna og rannsókn á ónæmi gegn sýkingalyfjum, sem er að finna í skrá umsækjandans sem var grundvöllurinn fyrir niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar um öryggi nýfæðisins og án hennar hefði hún ekki getað lagt mat á nýfæðið, í þágu síðari umsækjanda í fimm ár frá gildistökudegi þessarar reglugerðar. Til samræmis við það ætti eingöngu umsækjandanum að vera heimilt að setja gerilsneyddar *Akkermansia muciniphila* á markað innan Sambandsins á þessu tímabili.

12) Hins vegar kemur takmörkun á leyfi fyrir gerilsneyddum *Akkermansia muciniphila*, og á tilvísunum í rannsóknirnar sem finna má í skrá umsækjandans, eingöngu við notkun umsækjandans ekki í veg fyrir að aðrir umsækjendur sæki um leyfi til að setja sama nýfæðið á markað, að því tilskildu að viðkomandi umsókn byggist á upplýsingum sem fengnar eru með lögmætum hætti til stuðnings slíku leyfi.

13) Því ætti að breyta viðaukanum við reglugerð (ESB) 2017/2470 til samræmis við það.

14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

([12]) „Safety of pasteurised Akkermansia muciniphila as a novel food pursuant to Article 10 of Regulation (EU) 2015/2283“, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021:19(9), 6780.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Gerilsneyddar *Akkermansia muciniphila*, eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð, skulu færðar á skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði eins og kveðið er á um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.

2. Í fimm ár eftir að þessi reglugerð öðlast gildi má einungis upphaflegi umsækjandinn:

Fyrirtæki: A-Mansia Biotech S.A.,

heimilisfang: rue Granbonpré, 11 Bâtiment H 1435 Mont-Saint-Guibert, Belgíu,

setja nýfæðið, sem um getur í 1. mgr., á markað í Sambandinu nema síðari umsækjanda hlotnist leyfi fyrir nýfæðinu án tilvísunar í gögnin sem eru vernduð skv. 2. gr. eða með samþykki A-Mansia Biotech S.A.

3. Færslan í skrá Sambandsins, sem um getur í 1. mgr., skal innihalda skilyrði fyrir notkun og kröfur um merkingu sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

2. gr.

Ekki skal nota vísindagögnin í umsóknarskránni, sem voru grundvöllurinn fyrir mat Matvælaöryggisstofnunarinnar á nýfæðinu, sem um getur í 1. gr., og sem umsækjandinn hefur krafist einkaleyfisverndar fyrir og sem var forsenda þess að nýfæðið var leyft, í þágu síðari umsækjanda í fimm ár frá gildistökudegi þessarar reglugerðar nema A-Mansia Biotech S.A. samþykki það.

3. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. febrúar 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færslu er bætt við í töflu 1 (Leyft nýfæði):

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur	Gagnavernd
	Tilgreindur matvælaflokkur	*Hámarksgildi*			
„***Akkermansia muciniphila*** **(gerilsneyddar)**	Matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi, eins og þau eru skilgreind í reglugerð (ESB) nr. 609/2013, fyrir fullorðið fólk, að undanskildum þunguðum konum og konum með barn á brjósti	$3{,}4 \times 10^{10}$ frumur/dag	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „gerilsneyddar *Akkermansia muciniphila*“.		Leyft 1. mars 2022. Þessi skráning byggir á einkaleyfisverndaðri vísindaþekkingu og vísindagögnum sem njóta verndar í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Umsækjandi: A-Mansia Biotech S.A., rue Granbonpré, 11, Bâtiment H, 1435 Mont-Saint-Guibert. Belgíu. Á tímabilinu sem gagnaverndin varir er einungis A-Mansia Biotech S.A. leyfilegt að setja nýfæðið gerilsneyddar *Akkermansia muciniphila* á markað innan Sambandsins nema umsækjandi, sem leggur síðar fram umsókn, afli leyfis fyrir nýfæðinu án tilvísunar til einkaleyfisverndaðrar vísindaþekkingar eða vísindagagna sem njóta verndar í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 eða með samþykki Mansia Biotech S.A. Lokadagur gagnaverndar: 1. mars 2027.“
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB fyrir fullorðið fólk, að undanskildum þunguðum konum og konum með barn á brjósti	$3{,}4 \times 10^{10}$ frumur/dag	Á merkingu fæðubótarefna sem innihalda gerilsneyddar *Akkermansia muciniphila* skal vera yfirlýsing þess efnis að einungis fullorðið fólk, að undanskildum þunguðum konum og konum með barn á brjósti, skuli neyta þeirra.		

2) Eftirfarandi færslu er bætt við í töflu 2 (Nákvæm skilgreining):

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
„***Akkermansia muciniphila*** **(gerilsneyddar)**	**Lýsing:** Gerilsneyddar *Akkermansia muciniphila* (stofn ATCC BAA-835, CIP 107961) eru framleiddar með loftfirrðum vexti bakteríunnar og þar á eftir kemur gerilsneyðing, þétting frumna, frostgeymsla og frostþurrkun. **Eiginleikar/samsetning:** Heildarfjöldi fruma *A. muciniphila* (frumur/g): $2{,}5 \times 10^{10}$ til $2{,}5 \times 10^{12}$ Fjöldi lífvænlegra fruma *A. muciniphila* (CFU/g): < 10 (LoD) (*) Vatnsvirkni: ≤ 0,43 Raki (%): ≤ 12,0 Prótín (%): ≤ 35,0 Fita (%): ≤ 4,0 Hráaska (%): ≤ 21,0 Kolvetni (%): 36,0–86,0 **Örverufræðilegar viðmiðanir:** Heildarfjöldi loftháðra miðsækinna: ≤ 500 CFU (**)/g Súlfítafoxandi loftfirrðar bakteríur: ≤ 50 CFU/g Kóagúlasajákvæðir klasakokkar: ≤ 10 CFU/g Iðrabakteríur: ≤ 10 CFU/g Gersveppir: ≤ 10 CFU/g Myglusveppir: ≤ 10 CFU/g Bacillus cereus: ≤ 100 CFU/g *Listeria* spp.: Finnst ekki í 25 g *Salmonella* spp.: Finnst ekki í 25 g *Escherichia coli*: Finnst ekki í 1 g (*) LoD: Greiningarmörk. (**) Þyrpingamyndandi einingar.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/169 **2022/EES/72/30**

frá 8. febrúar 2022

um leyfi til að setja á markað fryst og þurrkað form og duftform mjölbjalla (lirfur *Tenebrio molitor*) sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins, á markað í Sambandinu.

2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([2]) um að koma á fót skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði samþykkt.

3) Hinn 28. desember 2018 lagði fyrirtækið Fair Insects BV (hér á eftir nefnt umsækjandinn) umsókn fyrir framkvæmdastjórnina, í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, um að fá að setja fryst og þurrkað form og duftform mjölbjalla (lirfur *Tenebrio molitor*) á markað í Sambandinu sem nýfæði. Umsækjandinn fór þess á leit að fryst og þurrkað form og duftform mjölbjalla (lirfur *Tenebrio molitor*) yrði notað í nokkrar tegundir matvæla sem eru ætluð fyrir almenning.

4) Umsækjandinn lagði einnig beiðni fyrir framkvæmdastjórnina um að gögn sem njóta einkaleyfisverndar nytu verndar að því er varðar ýmis gögn sem lögð voru fram til stuðnings umsókninni. Það er að segja ítarleg lýsing á framleiðsluferlinu ([3]), greiningargögn um samsetninguna ([4]), rannsóknir á stöðugleika ([5]), rannsókn á prótínmeltanleika ([6]), rannsókn á frumueiturhrifum, þ.m.t. rannsóknarskýrslur í heild sinni ([7]), skrá yfir greiningargögn um samsetninguna ([8]), mat á inntöku og tillögð notkun og notkunarmagn ([9]).

5) Í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 ráðfærði framkvæmdastjórnin sig við Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) 9. ágúst 2019 og bað hana að leggja fram vísindalegt álit með því að framkvæma mat á frystum og þurrkuðum blöndum úr mjölbjöllum (lirfur *Tenebrio molitor*) sem nýfæði.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 28, 9.2.2022, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 238/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

([3]) Section 2.3_Production process, including updates Appendix C11, Appendix C17 – Fair Insects BV, 2020 (óútgefið).

([4]) Section 2.4_Compositional data, including updates, Section 2.9_Nutritional information, including updates, Appendix B4, including updates, Appendix B5, including updates, Appendix C20, Appendix D1, including updates, Appendix D2, including updates, Appendix D6, including updates – Fair Insects BV, 2020 (óútgefið).

([5]) Section 2.4.4_Stability, including updates, Appendix C21, Appendix C22, Appendix D7, including updates – Fair Insects BV, 2020 (óútgefið).

([6]) Appendix D4, including updates, Fair Insects BV, 2020 (óútgefið), DIASS study (section 2.8_upd, section 2.9_upd, section 2.11_upd).

([7]) Section 2.10 Toxicological information, including updates, Appendix D5, including updates – Fair Insects BV, 2020 (óútgefið).

([8]) Appendix B2, Fair Insects BV, 2020 (óútgefið).

([9]) Intake assessment by Schuttelaar & Partners (section 2.7_upd), Proposed use and use levels data estimated by Schuttelaar & Partners (section 2.7_upd) – Fair Insects BV, 2020 (óútgefið).

6) Hinn 7. júlí 2021 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin, í samræmi við kröfurnar í 11. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, vísindalegt álit sitt „Safety of frozen and dried formulations from whole yellow mealworm (*Tenebrio molitor* larva) as a novel food pursuant to Regulation (EU) 2015/2283“ ([10]).

7) Í áliti sínu komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að fryst og þurrkað form og duftform mjölbjalla (lirfur *Tenebrio molitor*) væri öruggt m.t.t. tillagðrar notkunar og notkunarmagns. Í áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar eru því tilgreindar nægar forsendur til að ákvarða að fryst og þurrkað form og duftform mjölbjalla (lirfur *Tenebrio molitor*), við sértæku notkunarskilyrðin, uppfylli kröfur um setningu á markað í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

8) Í því áliti og í áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar „Scientific Opinion on the safety of dried yellow mealworm (*Tenebrio molitor* larva) as a novel food pursuant to Regulation (EU) 2015/2283“ ([11]) komst Matvælaöryggisstofnunin einnig að þeirri niðurstöðu, á grundvelli takmarkaðra birtra gagna um fæðuofnæmi sem tengist skordýrum, að neysla á nýfæðinu geti framkallað frumnæmingu og ofnæmisviðbrögð við prótínum úr mjölbjöllum. Í samræmi við ráðleggingar Matvælaöryggisstofnunarinnar um að gera rannsókn á ofnæmisvirkni við lirfum *Tenebrio molitor* er framkvæmdastjórnin sem stendur að kanna leiðir til að gera nauðsynlega rannsókn. Þangað til Matvælaöryggisstofnunin hefur lokið mati á gögnunum sem fást úr rannsóknunum og að teknu tilliti til þess að hingað til hefur eingöngu verið tilkynnt um fá tilvik, samkvæmt þeim gögnum sem skordýraiðnaðurinn hefur undir höndum, um ofnæmi í tengslum við lirfur *Tenebrio molitor* ([12]), telur framkvæmdastjórnin að ekki ætti að færa inn sérstakar kröfur um merkingu, að því er varðar hugsanlega getu lirfa *Tenebrio molitor* til að valda frumnæmingu, í skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði.

9) Í þessum álitum komst Matvælaöryggisstofnunin einnig að þeirri niðurstöðu að neysla á nýfæðinu geti valdið ofnæmisviðbrögðum hjá fólki sem er með ofnæmi fyrir krabbadýrum og rykmaurum vegna víxlsvörunar. Enn fremur benti Matvælaöryggisstofnunin á að fleiri ofnæmisvaldar gætu komið fyrir í nýfæðinu ef þessir ofnæmisvaldar eru fyrir hendi í næringarefnablöndunni sem er gefin skordýrunum. Þar á meðal geta verið ofnæmisvaldar sem eru skráðir í II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 ([13]). Því þykir rétt að fryst og þurrkað form og duftform mjölbjalla (lirfur *Tenebrio molitor)* sem eru gerð aðgengileg neytendum sem slík og matvæli sem innihalda þessar blöndur séu merkt á viðeigandi hátt í samræmi við kröfurnar í 9. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 og reglugerð (ESB) nr. 1169/2011.

10) Í áliti sínu tók Matvælaöryggisstofnunin fram að ítarleg lýsing á framleiðsluferlinu, greiningargögn um samsetninguna, rannsóknir á stöðugleika, rannsókn á prótínmeltanleika og rannsókn á frumueiturhrifum, þ.m.t. rannsóknarskýrslur í heild sinni, væru grundvöllurinn til að ákvarða öryggi nýfæðisins. Matvælaöryggisstofnunin tók einnig fram að hún hefði ekki getað komist að niðurstöðu sinni án þessara gagna sem umsækjandinn hefur krafist einkaleyfaverndar fyrir.

11) Framkvæmdastjórnin fór þess á leit við umsækjandann að hann skýrði nánar framlagðan rökstuðning að því er varðar kröfu hans um einkaleyfisvernd vegna þessara gagna og að hann skýrði nánar kröfu sína um einkarétt á að vísa til þessara gagna eins og krafist er skv. b-lið 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

12) Umsækjandinn lýsti því yfir að þegar umsóknin var lögð fram hafi hann haft einkaleyfisvernd og einkarétt varðandi tilvísanir í þau gögn samkvæmt landslögum og því gætu þriðju aðilar ekki nálgast, notað eða vísað í þessi gögn með lögmætum hætti.

([10]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19(8), 6778.

([11]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19(1), 6343.

([12]) Lirfur *Tenebrio molitor* eru settar á markað í fjölda aðildarríkja samkvæmt umbreytingarráðstöfunum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

([13]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 og (EB) nr. 1925/2006 og um niðurfellingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/250/EBE, tilskipun ráðsins 90/496/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/10/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2002/67/EB og 2008/5/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 608/2004 (Stjtíð. ESB L 304, 22.11.2011, bls. 18).

13) Framkvæmdastjórnin mat allar upplýsingarnar sem umsækjandinn lagði fram og taldi að umsækjandinn hefði fært fullnægjandi sannanir fyrir því að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, væru uppfylltar. Þess vegna ætti Matvælaöryggisstofnunin ekki að nota ítarlegu lýsinguna á framleiðsluferlinu ([14]), greiningargögnin um samsetninguna ([15]), rannsóknir á stöðugleika ([16]), rannsókn á prótínmeltanleika ([17]) og rannsókn á frumueiturhrifum, þ.m.t. rannsóknarskýrslur í heild sinni ([18]), sem er að finna í skrá umsækjandans sem var grundvöllurinn fyrir niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunar um öryggi nýfæðisins og án þeirra hefði hún ekki getað lagt mat á nýfæðið, í þágu síðari umsækjanda í fimm ár frá gildistökudegi þessarar reglugerðar. Til samræmis við það ætti eingöngu umsækjandanum að vera heimilt að setja fryst og þurrkað form og duftform mjölbjalla (lirfur *Tenebrio molitor*) á markað innan Sambandsins á þessu tímabili.

14) Hins vegar kemur takmörkun á leyfi fyrir frystu og þurrkuðu formi og duftformi mjölbjalla (lirfur *Tenebrio molitor*), og á tilvísunum í gögnin sem finna má í skrá umsækjandans, eingöngu við notkun umsækjandans ekki í veg fyrir að aðrir umsækjendur sæki um leyfi til að setja sama nýfæðið á markað, að því tilskildu að viðkomandi umsókn byggist á upplýsingum sem fengnar eru með lögmætum hætti til stuðnings slíku leyfi samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2283.

15) Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 til samræmis við það.

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Fryst og þurrkað form og duftform mjölbjalla (lirfur *Tenebrio molitor*), eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð, skal fært á skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði eins og kveðið er á um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.

2. Í fimm ár eftir að þessi reglugerð öðlast gildi má einungis upphaflegi umsækjandinn:

fyrirtæki: Fair Insects BV,

heimilisfang: Industriestraat 3, 5107 NC Dongen, Holland (Niðurland),

setja nýfæðið, sem um getur í 1. mgr., á markað í Sambandinu nema síðari umsækjanda hlotnist leyfi fyrir nýfæðinu án tilvísunar í gögnin sem eru vernduð skv. 2. gr. þessarar reglugerðar eða með samþykki Fair Insects BV.

3. Færslan í skrá Sambandsins, sem um getur í 1. mgr., skal innihalda skilyrði fyrir notkun og kröfur um merkingu sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð.

([14]) Section 2.3_Production process, including updates Appendix C11, Appendix C17 – Fair Insects BV, 2020 (óútgefið).
([15]) Section 2.4_Compositional data, including updates, Section 2.9_Nutritional information, including updates, Appendix B4, including updates, Appendix B5, including updates, Appendix C20, Appendix D1, including updates, Appendix D2, including updates, Appendix D6, including updates – Fair Insects BV, 2020 (óútgefið).
([16]) Section 2.4.4_Stability, including updates, Appendix C21, Appendix C22, Appendix D7, including updates – Fair Insects BV, 2020 (óútgefið).
([17]) Appendix D4, including updates, Fair Insects BV, 2020 (óútgefið), DIASS study (section 2.8_upd, section 2.9_upd, section 2.11_upd).
([18]) Section 2.10 Toxicological information, including updates, Appendix D5, including updates – Fair Insects BV, 2020 (óútgefið).

2. gr.

Ekki skal nota rannsóknirnar í umsóknarskránni, sem voru grundvöllurinn fyrir mat Matvælaöryggisstofnunarinnar á nýfæðinu, sem um getur í 1. gr., og sem umsækjandinn hefur krafist einkaleyfisverndar fyrir og sem var forsenda þess að nýfæðið var leyft, í þágu síðari umsækjanda í fimm ár frá gildistökudegi þessarar reglugerðar nema Fair Insects BV samþykki það.

3. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. febrúar 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færslu er bætt við í töflu 1 (Leyft nýfæði):

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið			Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur	Gagnavernd
„Fryst og þurrkað form og duftform mjölbjalla (lirfur *Tenebrio molitor*)	Tilgreindur matvælaflokkur	Hámarksgildi (g/100 g) (markaðssett sem slíkt eða endurgert samkvæmt leiðbeiningum)		1. Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „fryst mjölbjalla (lirfur *Tenebrio molitor*)“, „þurrkuð mjölbjalla (lirfur *Tenebrio molitor*)“ eða „duftform mjölbjalla (lirfur *Tenebrio molitor*)“, eftir því hvaða form er notað. 2. Á merkimiða matvæla sem innihalda fryst og þurrkað form og duftform mjölbjalla (lirfur *Tenebrio molitor*) skal vera yfirlýsing þess efnis að þetta innihaldsefni geti valdið ofnæmisviðbrögðum hjá neytendum sem eru með þekkt ofnæmi fyrir krabbadýrum og afurðum úr þeim og fyrir mítlum. Þessi yfirlýsing skal birtast nálægt listanum yfir innihaldsefnin.		Leyft 1. mars 2022. Þessi skráning byggir á einkaleyfisverndaðri vísindaþekkingu og vísindagögnum sem njóta verndar í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Umsækjandi: Fair Insects BV, Industriestraat 3, 5107 NC Dongen, Holland (Niðurland). Á tímabilinu sem gagnaverndin varir er einungis Fair Insects BV leyfilegt að setja nýfæðið á markað innan Sambandsins nema umsækjandi, sem leggur síðar fram umsókn, afli leyfis fyrir nýfæðinu án tilvísunar til einkaleyfisverndaðrar vísindaþekkingar eða vísindagagna sem njóta verndar í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 eða með samþykki Fair Insects BV. Lokadagur gagnaverndar: 1. mars 2027.“
		Fryst	Þurrkað eða duftform			
	Fryst og þurrkað form og duftform mjölbjalla (lirfur *Tenebrio molitor*)					
	Fjölkornabrauð og -smábrauð, kex og brauðstangir	30	10			
	Kornstangir	30	15			
	Þurrkaðar vörur að stofni til úr pasta, réttir að stofni til úr pasta (að undanskildu þurrkuðu, blásnu pasta), flatbökur og flatbökulíkir réttir	15	10			
	Þurrkaðar fylltar vörur að stofni til úr pasta	30	15			
	Forblöndur (þurrar) fyrir bakaðar vörur	30	15			
	Sósur	30	10			
	Réttir að stofni til úr kartöflum, réttir að stofni til úr belgávöxtum	15	10			
	Mysuduft	40	20			
	Kjöthliðstæður	80	50			
	Súpur og salöt	20	5			
	Franskar kartöflur/kartöfluflögur	40	20			
	Bjórlíkar drykkjarvörur, blandaðir áfengir drykkir, blöndur áfengra drykkja	1	1			
	Súkkulaðisælgæti	30	10			
	Hnetur, olíufræ og kjúklingabaunir	40	30			

	Frystar gerjaðar afurðir, að stofni til úr mjólk	15	5			
	Unnar kjötvörur	40	16			

2) Eftirfarandi færslu er bætt við í töflu 2 (Nákvæm skilgreining):

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining		
„Fryst og þurrkað form og duftform mjölbjalla (lirfur *Tenebrio molitor*)	**Lýsing/Skilgreining:** Nýfæðið er fryst og þurrkað form og duftform mjölbjalla (lirfur *Tenebrio molitor*). Heitið „mjölbjalla“ vísar til lirfuforms *Tenebrio molitor*, skordýrategundar sem tilheyrir ættinni *Tenebrionidae* (mjölbjölluætt). Annað staðfest vísindalegt samheiti er *Tenebrio molitor* Linnaeus. Mjölbjöllurnar eru ætlaðar til manneldis í heilu lagi, engir hlutar eru fjarlægðir. Gerð er krafa um a.m.k. sólarhringsföstu áður en skordýrin eru aflífuð með frystingu til að lirfurnar geti tæmt þarmana. Ætlunin er að setja nýfæðið á markað í þremur mismunandi formum, þ.e.a.s.: heilar, snöggsoðnar og frosnar lirfur *T. molitor* (frystar), heilar, snöggsoðnar og frostþurrkaðar lirfur *T. molitor* (þurrkaðar) sem geta verið í duftformi (duftform).		
	Mæliþættir	Fryst	Þurrkað eða duftform
	Eiginleikar/samsetning		
	Aska	0,9–1,10	3,6–4,1
	Raki (% massahlutfall)	69–75	≤ 5
	Hráprótín (N x 6,25) (% massahlutfall)	14–19	54–60
	Fita (% massahlutfall) — þar af mettaðar fitusýrur (% fita)	7–12,5 20–29	27–30 20–29
	Meltanleg kolvetni (% massahlutfall)	1–2	4–8
	Fæðutrefjar (% massahlutfall)	1,2–3,5	4–6
	Kítín (*) (% massahlutfall)	≤ 3	4–9

Peroxíðtala (meq O_2/kg fitu):	≤ 5	≤ 5
Aðskotaefni		
Þungmálmar		
Blý (mg/kg)	≤ 0,01	≤ 0.075
Kadmíum (mg/kg)	≤ 0,05	≤ 0,1
Sveppaeitur		
Aflatoxín (summa B1, B2, G1, G2) (µg/kg)	≤ 4	≤ 4
Aflatoxín B1 (µg/kg)	≤ 2	≤ 2
Deoxýnívalenól (µg/kg)	≤ 200	≤ 200
Okratoxín A (µg/kg)	≤ 1	≤ 1
Díoxín og PCB-efni		
Summa díoxína og díonxínlíkra PCB-efna (UB, WHO-TEQ2005) (**) (pg/g fitu)	≤ 0,75	≤ 0,75
Örverufræðilegar viðmiðanir		
Heildarfjöldi örvera við loftháð skilyrði (CFU/g)	≤ 10^5	≤ 10^5
Iðrabakteríur (líkur á) (CFU/g)	≤ 100	≤ 100
Escherichia coli (CFU/g)	≤ 50	≤ 50
Listeria monocytogenes	Finnst ekki í 25 g	Finnst ekki í 25 g
Salmonella spp.	Finnst ekki í 25 g	Finnst ekki í 25 g
Bacillus cereus (líkur á) (CFU/g)	≤ 100	≤ 100
Kóagúlasajákvæðir klasakokkar (CFU/g)	≤ 100	≤ 100
Súlfítafoxandi loftfirrðar bakteríur (CFU/g)	≤ 30	≤ 30
Ger- og myglusveppir (CFU/g)	≤ 100	≤ 100

(*) Kítín reiknað út sem mismunurinn á milli ADF-þáttarins (e. *Acid Detergent Fibre fraction*) og ADL-þáttarins (e. *Acid Detergent Lignin fraction*) (ADF-ADL), eins og lýst er af Hahn et al. (2018).

(**) Háreiknigildi summu fjölklóraðra díbensó-para-díoxína (PCDD), fjölklóraðra díbensófúrana (PCDF) og díoxínlíkra fjölklóraðra bífenýla (PCB-efna), gefin upp sem eiturjafngildi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (með því að nota eiturjafngildi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar frá 2005 (WHO-TEF)).

CFU: þyrpingamyndandi einingar.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/187 **2022/EES/72/31**

frá 10. febrúar 2022

um leyfi til að setja á markað setýlaðar fitusýrur sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins, á markað í Sambandinu.

2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([2]) um að koma á fót skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði samþykkt.

3) Hinn 4. júní 2020 lagði fyrirtækið Pharmanutra S.p.A. (hér á eftir nefnt umsækjandinn) umsókn fyrir framkvæmdastjórnina skv. 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 um að fá að setja setýlaðar fitusýrur á markað í Sambandinu sem nýfæði. Umsækjandinn óskaði eftir því að setýlaðar fitusýrur yrðu notaðar í fæðubótarefni eins og þau eru skilgreind í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB ([3]). Í umsókninni er tilgreint að fæðubótarefnin séu ætluð fyrir fullorðið fólk í notkunarmagni sem nemur að hámarki 2,1 g á dag.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 30, 11.2.2022, bls. 102. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 238/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síðar birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB frá 10. júní 2002 um samræmingu laga aðildarríkjanna um fæðubótarefni (Stjtíð. EB L 183, 12.7.2002, bls. 51).

4) Umsækjandinn lagði einnig beiðni fyrir framkvæmdastjórnina um að gögn sem njóta einkaleyfisverndar nytu verndar að því er varðar ýmis gögn sem lögð voru fram til stuðnings umsókninni. Það er að segja prófun á bakstökkbreytingum hjá bakteríum ([4]), smákjarnaprófun í glasi ([5]), 14 daga rannsókn á eiturhrifum á rottur ([6]), 13 vikna rannsókn á eiturhrifum á rottur ([7]), yfirlitstafla fyrir tölfræðilega marktækar athuganir í rannsóknum á eiturhrifum ([8]), greiningarvottorð, lotuprófun og greiningaraðferðir ([9]) og gögn um stöðugleika ([10]).

5) Í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 ráðfærði framkvæmdastjórnin sig við Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) 20. júlí 2020 og bað hana að leggja fram vísindalegt álit með því að framkvæma mat á setýluðum fitusýrum sem nýfæði.

6) Hinn 26. maí 2021 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin vísindalegt álit sitt „Safety of Cetylated Fatty Acids as a Novel Food pursuant to Regulation (EU) 2015/2283“ ([11]). Álitið er í samræmi við kröfurnar í 11. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

7) Í því áliti komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að nýfæðið setýlaðar fitusýrur væri öruggt við inntekið magn sem nemur 1,6 g á dag fyrir fullorðið fólk. Þetta örugga inntekna magn er minna en inntekið magn sem umsækjandinn lagði til sem nemur að hámarki 2,1 g á dag. Eins og Matvælaöryggisstofnunin tilgreindi taldist stærsti skammturinn sem var prófaður í rannsókn á hálflangvinnum eiturhrifum á rottur vera mörkin um engin merkjanleg, skaðleg áhrif (NOAEL). Notkun á sjálfgefnum óvissustuðli og sjálfgefinni líkamsþyngd fyrir fullorðið fólk leiðir til inntöku sem nemur 1,6 g á dag.

8) Í áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar eru því tilgreindar nægar forsendur til að ákvarða að setýlaðar fitusýrur, þegar þær eru notaðar í fæðubótarefni fyrir fullorðið fólk í magni sem nemur að hámarki 1,6 g á dag, uppfylli skilyrðin fyrir setningu á markað í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

9) Fólk undir 18 ára aldri ætti ekki að neyta fæðubótarefna sem innihalda setýlaðar fitusýrur og því ætti að setja kröfu um merkingar til að upplýsa neytendur um það á tilhlýðilegan hátt.

10) Í áliti sínu komst Matvælaöryggisstofnunin einnig að þeirri niðurstöðu að prófun á bakstökkbreytingum hjá bakteríum, smákjarnaprófun í glasi, 13 vikna rannsókn á eiturhrifum á rottur, yfirlitstafla fyrir tölfræðilega marktækar athuganir í rannsóknum á eiturhrifum, greiningarvottorð, lotuprófun og greiningaraðferðir og gögn um stöðugleika væru grundvöllurinn til að ákvarða öryggi nýfæðisins. Matvælaöryggisstofnunin tók einnig fram að hún hefði ekki getað komist að þessari niðurstöðu án þessara gagna sem umsækjandinn hefur krafist einkaleyfaverndar fyrir.

11) Framkvæmdastjórnin fór þess á leit við umsækjandann að hann skýrði nánar framlagðan rökstuðning að því er varðar kröfu hans um einkaleyfisvernd vegna þessara gagna og að hann skýrði nánar kröfu sína um einkarétt á að vísa til þessara gagna eins og krafist er skv. b-lið 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

12) Umsækjandinn lýsti því yfir að þegar umsóknin var lögð fram hafi hann haft einkaleyfisvernd og einkarétt varðandi tilvísanir í þau gögn samkvæmt landslögum og því gætu þriðju aðilar ekki nálgast eða notað þessi gögn eða vísað í þessi gögn með lögmætum hætti.

([4]) Thompson, 2017. Report, Cetilar: Reverse Mutation Assay ‘Ames Test’ using Salmonella typhimurium and Escherichia coli Salmonella typhimurium and Escherichia coli. Envigo Study Number: NW13QW. 4. desember 2017 (óbirt).

([5]) Morris, 2017. Report, Cetilar: micronucleus test in human lymphocytes in vitro. Envigo Study Number: SL29LL. Útgáfudagur: 9. nóvember 2017 (óbirt).

([6]) Piras, 2019. Final Report. 14-day repeated oral toxicity study in CRl CD (SD) Rat of the product named Cetilar. NB/080118 (óbirt).

([7]) Piras, 2020. Final Report. 13-week repeated oral toxicity study of T/08/041 in CD ISG (SD) rats with concominant recovery study. NB/080118 (óbirt).

([8]) Viðbætir B3. Piras (2020) (óbirtur).

([9]) III. viðauki (óbirtur).

([10]) IV. viðauki (óbirtur).

([11]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021, 19(7), 6670.

13) Framkvæmdastjórnin mat allar upplýsingarnar sem umsækjandinn lagði fram og taldi að umsækjandinn hefði fært fullnægjandi sannanir fyrir því að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, væru uppfylltar. Því ætti Matvælaöryggisstofnunin ekki að nota prófun á bakstökkbreytingum hjá bakteríum ([12]), smákjarnaprófun í glasi ([13]), 13 vikna rannsókn á eiturhrifum á rottur ([14]), yfirlitstöflu fyrir tölfræðilega marktækar athuganir í rannsóknum á eiturhrifum ([15]), greiningarvottorð, lotuprófun og greiningaraðferðir ([16]) og gögn um stöðugleika ([17]), sem er að finna í skrá umsækjandans, í þágu síðari umsækjanda í fimm ár frá gildistökudegi þessarar reglugerðar. Til samræmis við það ætti setning setýlaðra fitusýra á markað innan Sambandsins að vera takmörkuð við umsækjandann í þennan tíma.

14) Hins vegar kemur takmörkun á leyfi fyrir setýlaðar fitusýrur, og á tilvísunum í gögnin sem finna má í skrá umsækjandans, eingöngu við notkun umsækjandans ekki í veg fyrir að aðrir umsækjendur sæki um leyfi til að setja sama nýfæðið á markað, að því tilskildu að viðkomandi umsókn byggist á upplýsingum sem fengnar eru með lögmætum hætti til stuðnings slíku leyfi samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2283.

15) Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 til samræmis við það.

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Setýlaðar fitusýrur, eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð, skulu færðar á skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði eins og kveðið er á um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.

2. Í fimm ár eftir að þessi reglugerð öðlast gildi má einungis upphaflegi umsækjandinn:

fyrirtæki: Pharmanutra S.p.A.,

heimilisfang: Via Delle Lenze 216/b, 56122 Pisa, Ítalía

setja nýfæðið, sem um getur í 1. mgr., á markað í Sambandinu nema síðari umsækjanda hlotnist leyfi fyrir nýfæðinu án tilvísunar í gögnin sem eru vernduð skv. 2. gr. þessarar reglugerðar eða með samþykki Pharmanutra S.p.A.

3. Færslan í skrá Sambandsins, sem um getur í 1. mgr., skal innihalda skilyrði fyrir notkun og kröfur um merkingu sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Ekki skal nota rannsóknirnar í umsóknarskránni, sem voru grundvöllurinn fyrir mat Matvælaöryggisstofnunarinnar á nýfæðinu, sem um getur í 1. gr., og sem umsækjandinn hefur krafist einkaleyfisverndar fyrir og sem var forsenda þess að nýfæðið var leyft, í þágu síðari umsækjanda í fimm ár frá gildistökudegi þessarar reglugerðar nema Pharmanutra S.p.A. samþykki það.

([12]) Thompson, 2017. Report, Cetilar: Reverse Mutation Assay ‘Ames Test’ using Salmonella typhimurium and Escherichia coli Salmonella typhimurium and Escherichia coli. Envigo Study Number: NW13QW. 4. desember 2017 (óbirt).
([13]) Morris, 2017. Report, Cetilar: micronucleus test in human lymphocytes in vitro. Envigo Study Number: SL29LL. Útgáfudagur: 9. nóvember 2017 (óbirt).
([14]) Piras, 2020. Final Report. 13-week repeated oral toxicity study of T/08/041 in CD ISG (SD) rats with concominant recovery study. NB/080118 (óbirt).
([15]) Viðbætir B3. Piras (2020) (óbirtur).
([16]) III. viðauki (óbirtur).
([17]) IV. viðauki (óbirtur).

3. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færslu er bætt við í töflu 1 (Leyft nýfæði):

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur	Gagnavernd
„**Setýlaðar fitusýrur**	*Tilgreindur matvælaflokkur*	*Hámarksgildi*	1. Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „blanda af setýluðum fitusýrum“.		Leyft 3. mars 2022. Þessi skráning byggir á einkaleyfisverndaðri vísindaþekkingu og vísindagögnum sem njóta verndar í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Umsækjandi: Pharmanutra S.p.A., Via Delle Lenze 216/b, 56122 Pisa, Ítalía. Á tímabilinu sem gagnaverndin varir er einungis Pharmanutra S.p.A. leyfilegt að setja nýfæðið setýlaðar fitusýrur á markað innan Sambandsins nema umsækjandi, sem leggur síðar fram umsókn, afli leyfis fyrir nýfæðinu án tilvísunar til einkaleyfisverndaðrar vísindaþekkingar eða vísindagagna sem njóta verndar í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 eða með samþykki Pharmanutra S.p.A. Lokadagur gagnaverndar: 3. mars 2027“
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB sem eru ætluð fyrir fullorðið fólk	1,6 g/dag	2. Á merkingu fæðubótarefna sem innihalda nýfæðið skal vera yfirlýsing þess efnis að fólk undir 18 ára aldri skuli ekki neyta þessara fæðubótarefna.		

2) Eftirfarandi færslu er bætt við í töflu 2 (nákvæm skilgreining):

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
„**Setýlaðar fitusýrur**	**Lýsing/Skilgreining:** Nýfæðið er fyrst og fremst blanda af setýlaðri mýristínsýru og setýlaðri olíusýru, sem eru framleiddar úr setýlalkóhóli, mýristínsýru og olíusýru, og, í minna mæli, öðrum setýluðum fitusýrum og öðrum efnasamböndum úr ólífuolíu. **Eiginleikar/samsetning:** Estrainnihald: 70–80%, þar af: Setýlóleat: 22–30% Setýlmýrístat: 41–56% Þríglýseríð: 22–25%

	Sýrutala (mg KOH/g): ≤ 5 Sápunartala (mg KOH/g): 130–150 **Örverufræðilegar viðmiðanir:** Heildarfjöldi örvera við lofthá skilyrði: ≤ 1 000 CFU/g Ger- og myglusveppir: ≤ 100 CFU/g KOH: kalíumhýdroxíð CFU: þyrpingamyndandi einingar“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/188 **2022/EES/72/32**

frá 10. febrúar 2022

um leyfi til að setja á markað fryst og þurrkað form og duftform húskrybba (*Acheta domesticus*) sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins, á markað í Sambandinu.

2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([2]) um að koma á fót skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði samþykkt.

3) Hinn 28. desember 2018 lagði fyrirtækið Fair Insects B.V. (hér á eftir nefnt umsækjandinn) umsókn fyrir framkvæmdastjórnina, í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, um að fá að setja fryst og þurrkað form og duftform *Acheta domesticus* (húskrybba) á markað í Sambandinu sem nýfæði. Í umsókninni var óskað eftir því að fá að nota heilar *Acheta domesticus* (húskrybba) í frystu og þurrkuðu formi og (malaðar) duftformi sem nasl og sem innihaldsefni matvæla í fjölda matvæla fyrir almenning.

4) Umsækjandinn fór einnig þess á leit við framkvæmdastjórnina að vísindagögn sem njóta einkaleyfisverndar nytu verndar í tengslum við gögn sem voru lögð fram til stuðnings umsókninni, þ.e.a.s. lýsing á framleiðsluferlinu ([3]), niðurstöður úr næringarefnagreiningu ([4]), greiningargögn um aðskotaefni ([5]), niðurstöður úr stöðugleikarannsóknum ([6]), greiningargögn um örverufræðilegar breytur ([7]), upplýsingar um sölu fyrirtækisins á nýfæðinu ([8]), niðurstöður úr prófun á leysni nýfæðisins fyrir rannsókn á erfðaeiturhrifum ([9]), niðurstöður úr rannsóknum á prótínmeltanleika ([10]) og rannsókn á frumueiturhrifum/frumufræðilegum eiturhrifum ([11]).

5) Í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 ráðfærði framkvæmdastjórnin sig við Matvæla-öryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) 4. september 2019 og bað hana að leggja fram vísindalegt álit með því að framkvæma mat á frystum og þurrkuðum húskrybbum (*Acheta domesticus)* sem nýfæði.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 30, 11.2.2022, bls. 108. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 238/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

([3]) Fair Insects B.V. 2017 og 2019 (óbirt).

([4]) Fair Insects B.V. 2018 og 2019 (óbirt).

([5]) Fair Insects B.V. 2018 og 2019 (óbirt).

([6]) Fair Insects B.V. 2018 og 2019 (óbirt).

([7]) Fair Insects B.V. 2018 og 2019 (óbirt).

([8]) Fair Insects B.V. 2018 (óbirt).

([9]) Fair Insects B.V. 2018 (óbirt).

([10]) Fair Insects B.V. 2018 (óbirt).

([11]) Fair Insects B.V. 2018 og 2019 (óbirt).

6) Hinn 7. júlí 2021 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin, í samræmi við kröfurnar í 11. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, vísindalegt álit sitt „Safety of frozen and dried formulations from whole crickets (*Acheta domesticus*) as a novel food pursuant to Regulation (EU) 2015/2283“ ([12]).

7) Í áliti sínu komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að fryst og þurrkað form og duftform húskrybba (*Acheta domesticus)* væri öruggt m.t.t. tillagðrar notkunar og notkunarmagns. Í áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar eru því tilgreindar nægar forsendur til að ákvarða að fryst og þurrkað form og duftform húskrybba (*Acheta domesticus*), við metin notkunarskilyrði, uppfylli skilyrðin fyrir setningu þeirra á markað í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

8) Í álitinu komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu á grundvelli takmarkaðra birtra gagna um fæðuofnæmi sem tengist skordýrum almennt, þar sem neysla á húskrybbum (*Acheta domesticus*) er á tvíræðan hátt tengd við nokkur tilvik bráðaofnæmis, og á grundvelli gagna sem sýna fram á að húskrybbur (*Acheta domesticus*) innihaldi fjölda prótína sem geta hugsanlega verið ofnæmisvaldandi, að neysla á þessu nýfæði geti framkallað næmingu fyrir prótínum húskrybba (*Acheta domesticus*). Matvælaöryggisstofnunin mælti með því að gerðar yrðu frekari rannsóknir á ofnæmisvirkni húskrybba (*Acheta domesticus*).

9) Sem svar við tilmælum Matvælaöryggisstofnunarinnar er framkvæmdastjórnin sem stendur að kanna leiðir til að gera nauðsynlegar rannsóknir á ofnæmisvirkni húskrybba (*Acheta domesticus*). Þangað til Matvælaöryggisstofnunin hefur lokið mati á gögnunum sem fást úr rannsóknunum og að teknu tilliti til þess að hingað til hafa gögn sem tengja neyslu á húskrybbum (*Acheta domesticus*) beint við tilvik frumnæmingar og ofnæmis verið ófullnægjandi telur framkvæmdastjórnin að ekki ætti að færa inn sérstakar kröfur um merkingu, að því er varðar hugsanlega getu húskrybba (*Acheta domesticus*) til að valda frumnæmingu, í skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði.

10) Í álitinu fjallaði Matvælaöryggisstofnunin einnig um það að neysla á frystu og þurrkuðu formi og duftformi húskrybba (*Acheta domesticus*) geti valdið ofnæmisviðbrögðum hjá fólki sem er með ofnæmi fyrir krabbadýrum, lindýrum og mítlum. Enn fremur benti Matvælaöryggisstofnunin á að fleiri ofnæmisvaldar gætu komið fyrir í nýfæðinu ef þessir ofnæmisvaldar eru fyrir hendi í næringarefnablöndunni sem er gefin skordýrunum. Því þykir rétt að fryst og þurrkað form og duftform húskrybba (*Acheta domesticus*) sem er gert aðgengilegt neytendum sem slíkt og matvæli sem innihalda það séu merkt á viðeigandi hátt í samræmi við kröfurnar í 9. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

11) Matvælaöryggisstofnunin tók fram í vísindalegu áliti sínu að niðurstöður hennar um öryggi nýfæðisins byggðust á ítarlegri lýsingu á framleiðsluferlinu, niðurstöðum úr næringarefnagreiningu, greiningargögnum um aðskotaefni, niðurstöðum úr stöðugleikarannsóknum, greiningargögnum um örverufræðilegar breytur, upplýsingum um sölu fyrirtækisins á nýfæðinu, niðurstöðum úr prófun á leysni nýfæðisins fyrir rannsókn á erfðaeiturhrifum, niðurstöðum úr rannsóknum á prótínmeltanleika og rannsókn á frumueiturhrifum/frumufræðilegum eiturhrifum og tók einnig fram að hún hefði ekki getað komist að þessari niðurstöðu án gagna í óbirtum skýrslum um rannsóknirnar sem er að finna í skrá umsækjandans.

12) Framkvæmdastjórnin fór þess á leit við umsækjandann að hann skýrði nánar framlagðan rökstuðning að því er varðar kröfu hans um einkaleyfisvernd vegna þessara gagna og að hann skýrði nánar kröfu sína um einkarétt á að vísa til þeirra í samræmi við b-lið 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

13) Umsækjandinn lýsti því yfir að hann hafi haft einkaleyfisvernd og einkarétt varðandi tilvísanir í gögnin í ítarlegri lýsingu á framleiðsluferlinu, niðurstöðum úr næringarefnagreiningu, greiningargögnum um aðskotaefni, niðurstöðum úr stöðugleikarannsóknum, greiningargögnum um örverufræðilegar breytur, upplýsingum um sölu fyrirtækisins á nýfæðinu, niðurstöðum úr prófun á leysni nýfæðisins fyrir rannsókn á erfðaeiturhrifum, niðurstöðum úr rannsóknum á prótínmeltanleika og rannsókn á frumueiturhrifum/frumufræðilegum eiturhrifum þegar hann lagði umsóknina fram og því gætu þriðju aðilar ekki nálgast, notað eða vísað í þessar rannsóknir með lögmætum hætti.

([12]) „Safety of frozen and dried formulations from whole crickets (*Acheta domesticus*) as a novel food pursuant to Regulation (EU) 2015/2283“, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19(8), 6779.

14) Framkvæmdastjórnin mat allar upplýsingarnar sem umsækjandinn lagði fram og taldi að umsækjandinn hefði fært fullnægjandi sannanir fyrir því að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, væru uppfylltar. Þess vegna ætti ekki að nota gögnin úr framleiðsluferlinu, niðurstöður úr næringarefnagreiningu, greiningargögn um aðskotaefni, niðurstöður úr stöðugleikarannsóknum, greiningargögn um örverufræðilegar breytur, upplýsingar um sölu fyrirtækisins á nýfæðinu, niðurstöður úr prófun á leysni nýfæðisins fyrir rannsókn á erfðaeiturhrifum, niðurstöður úr rannsóknum á prótínmeltanleika og rannsókn á frumueiturhrifum/frumufræðilegum eiturhrifum, sem er að finna í skrá umsækjandans sem var grundvöllurinn fyrir niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar um öryggi nýfæðisins og án þeirra hefði hún ekki getað lagt mat á nýfæðið, í þágu síðari umsækjanda í fimm ár frá gildistökudegi þessarar reglugerðar. Til samræmis við það ætti eingöngu umsækjandanum að vera heimilt að setja fryst og þurrkað form og duftform húskrybba (*Acheta domesticus*) á markað innan Sambandsins á þessu tímabili.

15) Hins vegar kemur takmörkun á leyfi fyrir frystu og þurrkuðu formi og duftformi húskrybba (*Acheta domesticus*) og á tilvísunum í gögnin sem finna má í skrá umsækjandans, eingöngu við notkun umsækjandans ekki í veg fyrir að aðrir umsækjendur sæki um leyfi til að setja sama nýfæðið á markað, að því tilskildu að viðkomandi umsókn byggist á upplýsingum sem fengnar eru með lögmætum hætti til stuðnings slíku leyfi.

16) Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 til samræmis við það.

17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Fryst og þurrkað form og duftform húskrybba (*Acheta domesticus*), eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð, skal fært á skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði eins og kveðið er á um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.

2. Í fimm ár eftir að þessi reglugerð öðlast gildi má einungis upphaflegi umsækjandinn:

Fyrirtæki: Fair Insects B.V.

Heimilisfang: Industriestraat 3, 5107 NC Dongen, Holland (Niðurland)

setja nýfæðið, sem um getur í 1. mgr., á markað í Sambandinu nema síðari umsækjanda hlotnist leyfi fyrir nýfæðinu án tilvísunar í gögnin sem eru vernduð skv. 2. gr. þessarar reglugerðar eða með samþykki Fair Insects B.V.

3. Færslan í skrá Sambandsins, sem um getur í 1. mgr., skal innihalda skilyrði fyrir notkun og kröfur um merkingu sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Ekki skal nota rannsóknirnar í umsóknarskránni, sem voru grundvöllurinn fyrir mat Matvælaöryggisstofnunarinnar á nýfæðinu, sem um getur í 1. gr., og sem umsækjandinn hefur krafist einkaleyfisverndar fyrir og sem var forsenda þess að nýfæðið var leyft, í þágu síðari umsækjanda í fimm ár frá gildistökudegi þessarar reglugerðar nema Fair Insects B.V. samþykki það.

3. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færslu er bætt við í töflu 1 (Leyft nýfæði):

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið			Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur	Gagnavernd
	Tilgreindur matvælaflokkur	*Hámarksgildi* (g/100 g) (markaðssett sem slíkt eða endurgert samkvæmt leiðbeiningum)				
		Fryst	Þurrkað eða duftform			
„Fryst og þurrkað form og duftform húskrybba (*Acheta domesticus*)	Fryst og þurrkað form og duftform húskrybba (*Acheta domesticus*)			1. Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „fryst *Acheta domesticus* (húskrybba)“, „þurrkað form/duftform *Acheta domesticus* (húskrybba)“, eftir því hvaða form er notað. 2. Á merkimiða matvæla sem innihalda fryst eða þurrkað form eða duftform *Acheta domesticus* (húskrybba) skal vera yfirlýsing þess efnis að þetta innihaldsefni geti valdið ofnæmisviðbrögðum hjá neytendum sem eru með þekkt ofnæmi fyrir krabbadýrum, lindýrum og afurðum úr þeim og fyrir rykmaurum. Þessi yfirlýsing skal birtast nálægt listanum yfir innihaldsefnin.		Leyft 3. mars 2022. Þessi skráning byggir á einkaleyfisverndaðri vísindaþekkingu og vísindagögnum sem njóta verndar í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Umsækjandi: Fair Insects BV, Industriestraat 3, 5107 NC Dongen, Holland (Niðurland). Á tímabilinu sem gagnaverndin varir er einungis Fair Insects BV leyfilegt að setja nýfæðið á markað innan Sambandsins nema umsækjandi, sem leggur síðar fram umsókn, afli leyfis fyrir nýfæðinu án tilvísunar til einkaleyfisverndaðrar vísindaþekkingar eða vísindagagna sem njóta verndar í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 eða með samþykki Fair Insects BV. Lokadagur gagnaverndar: 3. mars 2027.“
	Prótínafurðir, aðrar en kjöthliðstæður	40	20			
	Brauð og smábrauð	30	10			
	Kaffibrauð, kornstangir og fylltar pastavörur	30	15			
	Kex	30	8			
	Vörur að stofni til úr pasta (þurrkaðar)	3	1			
	Súpur og súpuþykkni eða -duft	20	5			
	Unnar kartöfluafurðir, réttir að stofni til úr belgávöxtum og vörur að stofni til úr grænmeti og vörur að stofni til úr pasta eða flatbökulíkar vörur	15	5			
	Nasl að stofni til úr maísmjöli	40	20			
	Bjórlíkar drykkjarvörur, blöndur áfengra drykkja	1	1			
	Hnetur, olíufræ og kjúklingabaunir	40	25			

	Sósur	30	10			
	Unnar kjötvörur	40	16			
	Kjöthliðstæður	80	50			
	Súkkulaðisælgæti	30	10			
	Frystar gerjaðar afurðir, að stofni til úr mjólk	15	5			

2) Eftirfarandi færslu er bætt við í töflu 2 (Nákvæm skilgreining):

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining	
„Fryst og þurrkað form og duftform húskrybba (*Acheta domesticus*)	**Lýsing/Skilgreining:** Nýfæðið samanstendur af heilum húskrybbum og frystu og þurrkuðu formi og duftformi þeirra. Heitið „húskrybba“ á við um fullorðnar húskrybbur (*Acheta domesticus*), skordýrategund sem tilheyrir ættinni Gryllidae. Ætlunin er að setja nýfæðið á markað í þremur mismunandi formum: i) unnin með varmaferli og fryst heil *A. domesticus* (fryst *A. domesticus*), ii) unnin með varmaferli og frostþurrkuð heil *A. domesticus* (þurrkuð A. domesticus) og iii) unnin með varmaferli, frostþurrkuð og möluð heil *A. domesticus* (duft úr heilli *A. domesticus*). Gerð er krafa um a.m.k. sólarhringsföstu áður en skordýrin eru aflífuð með frystingu til að fullorðin skordýr geti tæmt þarmana.	
	Eiginleikar/samsetning (fryst *A. domesticus*): Aska (% massahlutfall): 0,6–1,2 Raki (% massahlutfall): 76–82 Hráprótín (N x 6,25) (% massahlutfall): 12–21 Meltanleg kolvetni (% massahlutfall): 0,1–2 Fita (% massahlutfall): 3–12 þar af mettuð (% massahlutfall): 36–45 Peroxíðtala (meq O_2/kg fitu): ≤ 5 Fæðutrefjar (% massahlutfall): 0,8–3 (*)Kítín (% massahlutfall): 0,7–3,0 **Þungmálmar:** Blý: ≤ 0,05 mg/kg Kadmíum: ≤ 0,06 mg/kg **Sveppaeitur:** Aflatoxín (summa B1, B2, G1, G2): ≤ 4 µg/kg	**Eiginleikar/samsetning (þurrkuð *A. domesticus* eða í duftformi)** Aska (% massahlutfall): 2,9–5,1 Raki (% massahlutfall): ≤ 5 Hráprótín (N x 6,25) (% massahlutfall): 55–65 Meltanleg kolvetni (% massahlutfall): 1–4 Fita (% massahlutfall): 29–35 þar af mettuð (% massahlutfall): 36–45 Peroxíðtala (meq O_2/kg fitu): ≤ 5 Fæðutrefjar (% massahlutfall): 3–6 (*)Kítín (% massahlutfall): 5,3–10,0 **Þungmálmar:** Blý: ≤ 0,05 mg/kg Kadmíum: ≤ 0,06 mg/kg **Sveppaeitur:** Aflatoxín (summa B1, B2, G1, G2): ≤ 4 µg/kg

	Aflatoxín B1 (µg/kg): ≤ 2 Deoxýnívalenól: ≤ 200 µg/kg Okratoxín A: ≤ 1 µg/kg **Díoxín og díoxínlík PCB-efni** Summa díoxína og díoxínlíkra PCB-efna UB ((**)WHO_{2005} PCDD/F-PCB-eiturjafngildi): ≤ 1,25 pg/g fitu **Örverufræðilegar viðmiðanir:** Heildarfjöldi örvera við loftháð skilyrði: ≤ 10^5 (***)CFU/g Ger- og myglusveppir: ≤ 100 CFU/g *Escherichia coli*: ≤ 50 CFU/g *Salmonella* spp.: Finnst ekki í 25 g *Listeria monocytogenes*: Finnst ekki í 25 g Súlfítafoxandi loftfirrðar bakteríur: ≤ 30 CFU/g *Bacillus cereus* (líkur á): ≤ 100 CFU/g Iðrabakteríur (líkur á): < 100 CFU/g Kóagúlasajákvæðir klasakokkar: ≤ 100 CFU/g	Aflatoxín B1 (µg/kg): ≤ 2 Deoxýnívalenól: ≤ 200 µg/kg Okratoxín A: ≤ 1 µg/kg **Díoxín og díoxínlík PCB-efni** Summa díoxína og díoxínlíkra PCB-efna UB ((**)WHO_{2005} PCDD/F-PCB-eiturjafngildi): ≤ 1,25 pg/g fitu **Örverufræðilegar viðmiðanir:** Heildarfjöldi örvera við loftháð skilyrði: ≤ 10^5 CFU/g Ger- og myglusveppir: ≤ 100 CFU/g *Escherichia coli*: ≤ 50 CFU/g *Salmonella* spp.: Finnst ekki í 25 g *Listeria monocytogenes*: Finnst ekki í 25 g Súlfítafoxandi loftfirrðar bakteríur: ≤ 30 CFU/g *Bacillus cereus* (líkur á): ≤ 100 CFU/g Iðrabakteríur (líkur á): < 100 CFU/g Kóagúlasajákvæðir klasakokkar: ≤ 100 CFU/g

(*) Fæðutrefjar mega ekki innihalda kítín vegna mismunandi greiningaraðferða.

(**) Háreiknigildi summu fjölklóraðra díbensó-para-díoxína (PCDD), fjölklóraðra díbensófúrana (PCDF) og díoxínlíkra fjölklóraðra bífenýla (PCB-efna), gefin upp sem eiturjafngildi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (með því að nota eiturjafngildi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar frá 2005 (WHO-TEF)).

(***) CFU: Þyrpingamyndandi einingar.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/196 **2022/EES/72/33**

frá 11. febrúar 2022

um leyfi fyrir rýmkun á notkun og breytingum á nákvæmum skilgreiningum á nýfæðinu brauðgeri, sem hefur verið meðhöndlað með útfjólubláu ljósi (*Saccharomyces cerevisiae*), samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins, á markað í Sambandinu.

2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði komið á fót með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([2]).

3) Skrá Sambandsins sem er sett fram í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 inniheldur brauðger, sem hefur verið meðhöndlað með útfjólubláu ljósi (*Saccharomyces cerevisiae*), sem leyft nýfæði.

4) Með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/396/ESB ([3]) var leyft, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 ([4]) og í kjölfar álits ([5]) Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, að setja nýfæðið brauðger, sem hefur verið meðhöndlað með útfjólubláu ljósi (*Saccharomyces cerevisiae*), á markað sem nýfæði til notkunar í tiltekin matvæli, þ.m.t. brauð og smábrauð úr gerdeigi og fínt kaffibrauð úr gerdeigi, sem og í fæðubótarefni eins og þau eru skilgreind í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB ([6]).

5) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1018 ([7]) var leyft, í samræmi við reglugerð (ESB) 2015/2283, að rýmka notkunina á nýfæðinu brauðger, sem hefur verið meðhöndlað með útfjólubláu ljósi (*Saccharomyces cerevisiae*), og notkunarmagn þess. Einkum var notkun á brauðgeri, sem hefur verið meðhöndlað með útfjólubláu ljósi (*Saccharomyces cerevisiae*), rýmkuð þannig að hún næði yfir fleiri matvælaflokka, þ.e. forpakkað nýtt ger eða þurrger til heimabaksturs og fæðubótarefni án tilgreiningar á leyfilegum hámarksgildum, og gerðar breytingar á D2-vítamíninnihaldi í gerþykkninu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 31, 14.2.2022, bls. 46. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 238/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síðar birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

([3]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 24. júní 2014 um leyfi til að setja brauðger (*Saccharomyces cerevisiae*) sem hefur verið meðhöndlað með útfjólubláu ljósi á markað sem nýtt innihaldsefni í matvælum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 (Stjtíð. ESB L 186, 26.6.2014, bls. 108).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 frá 27. janúar 1997 um ný matvæli og ný innihaldsefni í matvælum (Stjtíð. EB L 43, 14.2.1997, bls. 1).

([5]) „Scientific Opinion on the safety of vitamin D-enriched UV-treated baker's yeast“, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014, 12(1), 3520.

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB frá 10. júní 2002 um samræmingu laga aðildarríkjanna um fæðubótarefni (Stjtíð. EB L 183, 12.7.2002, bls. 51).

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1018 frá 18. júlí 2018 um leyfi fyrir rýmkun á notkun brauðgers, sem hefur verið meðhöndlað með útfjólubláu ljósi (*Saccharomyces cerevisiae*), sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjtíð. ESB L 183, 19.7.2018, bls. 9).

6) Hinn 15. maí 2020 lagði fyrirtækið Lallemand Bio-Ingredients Division (hér á eftir nefnt umsækjandinn) umsókn fyrir framkvæmdastjórnina skv. 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 um rýmkun á notkun nýfæðisins brauðgers sem hefur verið meðhöndlað með útfjólublá ljósi (*Saccharomyces cerevisiae*). Umsækjandinn fór fram á að notkun brauðgers, sem hefur verið meðhöndlað með útfjólublá ljósi (*Saccharomyces cerevisiae*), yrði rýmkuð þannig að hún næði yfir fleiri matvæli sem eru ætluð fyrir almenning. Umsækjandinn fór þess einnig á leit að nýfæðið yrði notað í matvæli sem eru ætluð fyrir ungbörn og smábörn.

7) Í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 ráðfærði framkvæmdastjórnin sig við Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) 20. júlí 2020 og bað hana að leggja fram vísindalegt álit um rýmkun á notkun brauðgers (*Saccharomyces cerevisiae*), sem hefur verið meðhöndlað með útfjólublá ljósi, sem nýfæði.

8) Hinn 28. apríl 2021 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin vísindalegt álit sitt „Safety of extended uses of Uv-treated baker´s yeast as a novel food pursuant to Regulation (EU) 2015/2283“ ([8]). Þetta vísindalega álit er í samræmi við kröfurnar í 11. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

9) Í áliti sínu komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að brauðger, sem hefur verið meðhöndlað með útfjólublá ljósi (*Saccharomyces cerevisiae*), sé öruggt við tillögðu notkunarskilyrðin. Í áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar eru því tilgreindar nægar forsendur til að ákvarða að brauðger, sem hefur verið meðhöndlað með útfjólublá ljósi (*Saccharomyces cerevisiae*), við sértæku notkunarskilyrðin, uppfylli skilyrðin fyrir setningu þess á markað í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

10) Í samræmi við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/125/EB ([9]) á ekki að bæta D-vítamíni við barnamat. Vegna D_2-vítamíninnihaldsins ætti ekki að heimila notkun á brauðgeri, sem hefur verið meðhöndlað með útfjólublá ljósi (*Saccharomyces cerevisiae*), í barnamat. Í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006 ([10]) má enn fremur ekki bæta vítamínum í óunnin matvæli. Því ætti ekki að heimila brauðger, sem hefur verið meðhöndlað með útfjólublá ljósi (*Saccharomyces cerevisiae*), til tillagðrar notkunar í froskdýr, skriðdýr, snigla, skordýr, þörunga og dreifkjörnungslífverur og í sveppi, mosa og fléttur.

11) Í samræmi við álit Matvælaöryggisstofnunarinnar verður að óvirkja brauðger, sem hefur verið meðhöndlað með útfjólublá ljósi (*Saccharomyces cerevisiae*), til notkunar í ungbarnablöndur og stoðblöndur, unnin matvæli með korn sem uppistöðu og í matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 609/2013 ([11]) og því þykir rétt að breyta nákvæmum skilgreiningum á nýfæðinu.

12) Í upplýsingunum sem eru veittar í umsókninni og í áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar eru tilgreindar nægar forsendur til að ákvarða að breytingarnar á nákvæmu skilgreiningunum og skilyrðunum fyrir notkun nýfæðisins uppfylli skilyrðin fyrir setningu þess á markað í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

13) Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 til samræmis við það.

14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

([8]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19(6), 6602.

([9]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/125/EB frá 5. desember 2006 um unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamat fyrir ungbörn og smábörn (kerfisbundin útgáfa) (Stjtíð. ESB L 339, 6.12.2006, bls. 16).

([10]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006 frá 20. desember 2006 um íblöndun vítamína og steinefna og tiltekinna annarra efna í matvæli (Stjtíð. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 26).

([11]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 frá 12. júní 2013 um matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/52/EBE, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB, 1999/21/EB, 2006/125/EB og 2006/141/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 og (EB) nr. 953/2009 (Stjtíð. ESB L 181, 29.6.2013, bls. 35).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Færslunni í skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470, þar sem vísað er til nýfæðisins brauðgers, sem hefur verið meðhöndlað með útfjólubláu ljósi (*Saccharomyces cerevisiae*), er breytt eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. Færslan í skrá Sambandsins, sem um getur í 1. mgr., skal innihalda skilyrði fyrir notkun og kröfur um merkingu sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. febrúar 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt sem hér segir:

1) Í stað færslunnar fyrir „brauðger, sem hefur verið meðhöndlað með útfjólublá ljósi (*Saccharomyces cerevisiae*)“, í töflu 1 (Leyft nýfæði) kemur eftirfarandi:

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur	Gagnavernd
„Brauðger sem hefur verið meðhöndlað með útfjólublá ljósi (*Saccharomyces cerevisiae*)	*Tilgreindur matvælaflokkur*	*Hámarksgildi D_2-vítamíns*	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „D-vítamínger“ eða „D_2-vítamínger“		
	Brauð og smábrauð úr gerdeigi	5 µg/100 g			
	Fínt kaffibrauð úr gerdeigi	5 µg/100 g			
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB	Í samræmi við tilskipun 2002/46/EB			
	Forpakkað nýtt ger eða þurrger til heimabaksturs	45 µg/100 g af nýju geri 200 µg/100 g af þurrgeri	1. Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „D-vítamínger“ eða „D_2-vítamínger“. 2. Á merkimiða nýfæðisins skal vera yfirlýsing þess efnis að matvælin séu einungis ætluð til baksturs og að ekki skuli borða þau hrá. 3. Á merkimiða nýfæðisins skulu vera notkunarleiðbeiningar fyrir lokaneytendur þannig að ekki verði farið yfir hámarksstyrk sem nemur 5 µg/100 g af D_2-vítamíni í fullunnum, heimabökuðum vörum.		
	Réttir, þ.m.t. máltíðir tilbúnar til neyslu (að undanskildum súpum og salötum)	3 µg/100 g	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „D-vítamínger“ eða „D_2-vítamínger“		
	Súpur og salöt	5 µg/100 g			
	Steikt eða útpressað morgunkorn, afurðir að stofni til úr fræi eða rótum	5 µg/100 g			

	Ungbarnablöndur og stoðblöndur eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013	Í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 609/2013			
	Unnin matvæli með korn sem uppistöðu eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013	Í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 609/2013			
	Unnar vörur úr aldinum	1,5 µg/100 g			
	Unnið grænmeti	2 µg/100 g			
	Brauð og svipaðar vörur	5 µg/100 g			
	Morgunkorn	4 µg/100 g			
	Pasta, deig og svipaðar vörur	5 µg/100 g			
	Aðrar vörur, að stofni til úr korni	3 µg/100 g			
	Krydd, kryddblöndur, bragðefni, sósuinnihaldsefni, eftirréttasósur/ofanálag	10 µg/100 g			
	Prótínafurðir	10 µg/100 g			
	Ostur	2 µg/100 g			
	Eftirréttir úr mjólk og svipaðar vörur	2 µg/100 g			
	Gerjuð mjólk eða gerjaður rjómi	1,5 µg/100 g			
	Mjólkurduft og -þykkni	25 µg/100 g			
	Afurðir sem eru að stofni til úr mjólk, mysa og rjómi	0,5 µg/100 g			

	Kjöt- og mjólkurvöruhliðstæður	2,5 µg/100 g			
	Þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013	5 µg/100 g			
	Staðgöngumáltíðir til að stýra þyngd	5 µg/100 g			
	Matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013	Í samræmi við sérstakar næringarþarfir einstaklinganna sem vörurnar eru ætlaðar fyrir			

2) Í stað færslunnar fyrir „brauðger, sem hefur verið meðhöndlað með útfjólublá ljósi (*Saccharomyces cerevisiae*)“, í töflu 2 (Nákvæm skilgreining) kemur eftirfarandi:

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
„Brauðger sem hefur verið meðhöndlað með útfjólublá ljósi (*Saccharomyces cerevisiae*)	**Lýsing/Skilgreining** Brauðger (*Saccharomyces cerevisiae*) er meðhöndlað með útfjólublá ljósi til að ergósteról umbreytist yfir í D_2-vítamín (ergókalsíferól). Innihald D_2-vítamíns í gerþykkninu er breytilegt á bilinu 800 000 – 3 500 000 IU af D-vítamíni/100 g (200–875 µg/g). Gerið skal óvirkjað til notkunar í ungbarnablöndur og stoðblöndur, unnin matvæli með korn sem uppistöðu og í matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013 en til notkunar í önnur matvæli getur gerið verið óvirkjað eða ekki. Gerþykknið er blandað með venjulegu brauðgeri til að ekki sé farið yfir hámarksgildin í forpökkuðu nýju geri eða þurrgeri til heimabaksturs. Gulbrún, léttfljótandi korn. **D_2-vítamín** Efnaheiti: (5Z,7E,22E)-(3S)-9,10-sekóergósta-5,7,10(19),22-tetraen-3-ól Samheiti: Ergókalsíferól CAS-nr.: 50-14-6 Sameindaþyngd: 396,65 g/mól **Örverufræðilegar viðmiðanir fyrir gerþykknið** Kólígerlar: $\leq 10^3$/g *Escherichia coli:* $\leq$ 10/g *Salmonella:* Finnst ekki í 25 g“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/202 **2022/EES/72/34**

frá 14. febrúar 2022

um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 8. gr.,

að höfðu samráði við fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 á framkvæmdastjórnin, eigi síðar en 1. janúar 2018, að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði sem er leyft eða tilkynnt um samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 ([2]).

2) Skrá Sambandsins yfir nýfæði, sem er leyft eða tilkynnt um samkvæmt reglugerð (EB) nr. 258/97, var komið á fót með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([3]).

3) Framkvæmdastjórnin greindi villur í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470. Þörf er á leiðréttingum til að skapa skýrleika og réttarvissu fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja og lögbær yfirvöld aðildarríkja og tryggja þannig rétta framkvæmd og notkun á skrá Sambandsins yfir nýfæði.

4) Lögbært yfirvald í Tékklandi leyfði nýfæðið *Cistus incanus* L. Pandalis (kryddjurt) með tilteknum notkunarskilyrðum skv. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97. Í nákvæmu skilgreiningunni fyrir þetta nýfæði var því fyrir mistök sleppt að nýfæðið samanstendur af þurrkuðum og skornum plöntuhlutum (ungir sprotar með viðarkennda hluta) *Cistus incanus* L. Pandalis. Þar að auki var fyrir mistök bætt við í nákvæmu skilgreininguna ítarlegum upplýsingum um samsetningu nýfæðisins, sem umsækjandinn hafði lagt fram sem viðbótarupplýsingar, sem var ekki fjallað um í álitinu frá lögbæru yfirvaldi í Tékklandi og sem ekki er þörf á fyrir öryggismatið eða lýsingu á eiginleikum vörunnar. Því ætti að fjarlægja þessar upplýsingar. Því ætti að leiðrétta nákvæmu skilgreininguna er varðar *Cistus incanus* L. Pandalis (kryddjurt) í töflu 2 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 33, 15.2.2022, bls. 41. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 238/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 frá 27. janúar 1997 um ný matvæli og ný innihaldsefni í matvælum (Stjtíð. EB L 43, 14.2.1997, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

5) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1318 ([4]) var skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði leiðrétt til að færa á skrá nýfæðið „kalsíum-L-metýlfólat“ sem var fyrir mistök ekki fært á skrá Sambandsins þegar upphaflegu skránni var komið á fót þó að lögbært yfirvald á Írlandi hefði leyft það í janúar 2008 með tilteknum notkunarskilyrðum í samræmi við reglugerð (EB) nr. 258/97. Í skilyrðunum fyrir notkun á „kalsíum-L-metýlfólati“ í fæðubótarefni, eins og þau eru skilgreind í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB ([5]), sem voru færð inn í skrá Sambandsins voru ungbörn og smábörn fyrir mistök útilokuð frá markhópi notenda en aftur á móti var sú notkun leyfð í upprunalega leyfinu. Því er nauðsynlegt að leiðrétta færsluna fyrir „kalsíum-L-metýlfólat“ í töflu 1 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.

6) Mörkin í forskriftinni fyrir kvikasilfur (≤ 1,0 mg/kg) og platínu (≤ 2 mg/kg) fyrir „kalsíum-L-metýlfólat“, sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1318, vísa til markanna í nákvæmu skilgreiningunni fyrir þetta nýfæði sem er leyft sem fólatgjafi í ungbarnablöndur, stoðblöndur, unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamat með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/571 ([6]). Upphaflega leyfði lögbært yfirvald á Írlandi þó einnig mörkin í forskriftinni, sem nema ≤ 1,5 mg/kg fyrir kvikasilfur og ≤ 10 mg/kg fyrir platínu, á árinu 2008 byggt á jákvæðu áliti Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um öryggi nýfæðisins ([7]). Því er nauðsynlegt að leiðrétta töflu 2 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 til samræmis við það.

7) Leiðrétta ætti framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470, sem inniheldur skrá Sambandsins yfir nýfæði, til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukinn við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er leiðréttur í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 14. febrúar 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1318 frá 9. ágúst 2021 um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði, ákvörðun 2008/968/EB um leyfi til að setja olíu úr sveppnum Mortierella alpina sem er auðug af arakídónsýru á markað sem nýtt innihaldsefni í matvælum og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/484 um leyfi til að setja á markað laktó-N-tetraósa sem nýfæði (Stjtíð. ESB L 286, 10.8.2021, bls. 5).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB frá 10. júní 2002 um samræmingu laga aðildarríkjanna um fæðubótarefni (Stjtíð. EB L 183, 12.7.2002, bls. 51).

([6]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/571 frá 20. janúar 2021 um breytingu á viðaukanum við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 að því er varðar skrá yfir efni sem heimilt er að bæta við ungbarnablöndur og stoðblöndur, barnamat og unnin matvæli með korn sem uppistöðu (Stjtíð. ESB L 120, 8.4.2021, bls. 1).

([7]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2004) 135, 1–20.

VIÐAUKI

Viðaukinn við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er leiðréttur sem hér segir:

1) Í stað færslunnar fyrir „kalsíum-L-metýlfólat“ kemur eftirfarandi:

a) Í töflu 1 (Leyft nýfæði):


Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur
„Kalsíum-L-metýlfólat	*Tilgreindur matvælaflokkur*	*Hámarksgildi (gefin upp sem fólínsýra)*	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „kalsíum-L-metýlfólat“.“	
	Matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013	Í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 609/2013		
	Ungbarnablöndur og stoðblöndur eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013	Í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 609/2013		
	Unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamatur fyrir ungbörn og smábörn eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013	Í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 609/2013		
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB	Í samræmi við tilskipun 2002/46/EB		
	Matvæli sem eru styrkt í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1925/2006	Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1925/2006		

og

b) Í töflu 2 (Nákvæm skilgreining):

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
„Kalsíum-L-metýlfólat	**Lýsing:** Nýfæðið er framleitt með efnasmíði sem hefst á fólínsýru. Það er hvítt yfir í fölgult, næstum lyktarlaust kristallað duft, torleysanlegt í vatni og mjög lítillega leysanlegt eða óleysanlegt í flestum lífrænum leysum. **Skilgreining:** Efnaformúla: $C_{20}H_{23}CaN_7O_6$

Kerfisbundið heiti: N-{4-[[((6S)-2-amínó-1,4,5,6,7,8-hexahýdró-5-metýl-4-oxó-6-teridínýl)metýl]amínó]bensóýl}-L-glútamínsýra, kalsíumsalt.
CAS-númer: 129025-21-4 (kalsíumsalt með ótilgreint hlutfall af L-5-MTHF/Ca^{2+}) og 151533-22-1 (kalsíumsalt með tilgreint hlutfall af L-5-MTHF/Ca^{2+} sem nemur 1:1).
Sameindaþyngd: 497,5 dalton
Samheiti: Kalsíum L-metýlfólat; L-5-metýltetrahýdrófólínsýra, kalsíumsalt [(L-5-MTHF-Ca)]; (6S)-5-metýltetrahýdrófólínsýra, kalsíumsalt [(6S)-5-MTHF-Ca]; (6S)-5-metýl-5,6,7,8-tetrahýdróteróýl-L-glútamínsýra, kalsíumsalt og L-5-metýl-tetrahýdrófólínsýra (L-5-MTHF) án tilgreindrar plúsjónar.
Byggingarformúla:



Eiginleikar
Hreinleiki: > 95% (miðað við þurrt ástand)
Vatn: ≤ 17,0%
Kalsíum (miðað við vatnsfrítt form og form án leysis): 7,0–8,5%
Kalsíum D-metýlfólat (6R, αS-hverfa); ≤ 1,0%
Önnur fólöt og skyld efni: ≤ 2,5%
Etanól: ≤ 0,5%
Aðskotaefni

Ungbörn og smábörn	Almenningur að undanskildum ungbörnum og smábörnum
Blý: ≤ 1 mg/kg	Blý: ≤ 1 mg/kg
Bór: ≤ 10 mg/kg	Bór: ≤ 10 mg/kg
Kadmíum ≤ 0,5 mg/kg	Kadmíum ≤ 0,5 mg/kg
Kvikasilfur ≤ 1,0 mg/kg	Kvikasilfur ≤ 1,5 mg/kg

	Arsen ≤ 1,5 mg/kg	Arsen ≤ 1,5 mg/kg
	Platína ≤ 2 mg/kg	Platína ≤ 10 mg/kg
	Örverufræðilegar viðmiðanir: Heildarfjöldi lífvænlegra örvera við lofthá skilyrði: ≤ 1 000 CFU/g Heildarfjöldi ger- og myglusveppa: ≤ 100 CFU/g	
CFU: Þyrpingamyndandi einingar“		

2) Í stað færslunnar fyrir *Cistus incanus* L. Pandalis (kryddjurt) í töflu 2 (nákvæm skilgreining) kemur eftirfarandi:

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
***Cistus incanus* L. Pandalis (kryddjurt)**	**Lýsing:** *Cistus incanus* L. Pandalis (kryddjurt); tegundin tilheyrir ættinni Cistaceae og er upprunaleg á Miðjarðarhafssvæðinu, Chalkidiki-skaganum. Nýfæðið samanstendur af þurrkuðum og skornum plöntuhlutum (ungir sprotar með viðarkennda hluta) *Cistus incanus* L. Pandalis“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/510 **2022/EES/72/35**

frá 29. mars 2022

um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 297/95 að því er varðar leiðréttingu á gjöldum til Lyfjastofnunar Evrópu með tilliti til verðbólgu, sem tekur gildi frá og með 1. apríl 2022 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 297/95 frá 10. febrúar 1995 um gjöld sem greiða ber til Lyfjamálastofnunar Evrópu ([1]), einkum fimmtu málsgrein 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 3. mgr. 67. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ([2]) samanstanda tekjur Lyfjastofnunar Evrópu af framlögum frá Sambandinu og gjöldum sem fyrirtæki greiða til Lyfjastofnunarinnar. Í reglugerð (EB) nr. 297/95 er mælt fyrir um flokka og fjárhæðir slíkra gjalda.

2) Þessi gjöld ætti að uppfæra með tilliti til upplýsinga um verðbólgustig fyrir 2020 og 2021. Verðbólgustigið í Sambandinu, eins og Hagstofa Evrópusambandsins ([3]) birti það, var 0,3% árið 2020 og 5,3% árið 2021.

3) Til einföldunar ætti að námunda aðlagaðar fjárhæðir gjalda að næstu 100 evrum.

4) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 297/95 til samræmis við það.

5) Vegna réttarvissu á þessi reglugerð ekki við um gildar umsóknir sem bíða umfjöllunar 1. apríl 2022.

6) Í samræmi við 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 297/95 ætti að uppfæra uppfærsluna þannig að hún gildi frá og með 1. apríl 2022. Því er rétt að þessi reglugerð öðlist gildi sem fyrst og gildi frá þeim degi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 297/95 er breytt sem hér segir:

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 103, 31.3.2022, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 239/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 35, 15.2.1995, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 frá 31. mars 2004 um málsmeðferð Bandalagsins við veitingu leyfa fyrir manna- og dýralyfjum og eftirlit með þeim lyfjum og um stofnun Lyfjastofnunar Evrópu (Stjtíð. ESB L 136, 30.4. 2004, bls. 1).

([3]) Hagstofa Evrópusambandsins, vísar í evrum 11/2022, birt 20. janúar 2022

1) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Ákvæðum a-liðar er breytt sem hér segir:

— Í fyrstu undirgrein kemur „313 200 evrum“ í stað „296 500 evrum“.

— Í annarri undirgrein kemur „31 500 evrum“ í stað „29 800 evrum“.

— Í þriðju undirgrein kemur „7 800 evrur“ í stað „7 400 evrur“.

ii. Ákvæðum b-liðar er breytt sem hér segir:

— Í fyrstu undirgrein kemur „121 500 evrum“ í stað „115 100 evrum“.

— Í annarri undirgrein kemur „202 500 evrum“ í stað „191 700 evrum“.

— Í þriðju undirgrein kemur „12 100 evrur“ í stað „11 500 evrur“.

— Í fjórðu undirgrein kemur „7 800 evrur“ í stað „7 400 evrur“.

iii. Ákvæðum c-liðar er breytt sem hér segir:

— Í fyrstu undirgrein kemur „94 000 evrum“ í stað „89 000 evrum“.

— Í annarri undirgrein kemur „23 700 til 70 600 evrur“ í stað „22 400 til 66 800 evrur“.

— Í þriðju undirgrein kemur „7 800 evrur“ í stað „7 400 evrur“.

b) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Fyrstu undirgrein a-liðar er breytt sem hér segir:

— Í stað „3 300 evrur“ kemur „3 500 evrur“.

— Í stað „7 400 evrur“ kemur „7 800 evrur“.

ii. Ákvæðum b-liðar er breytt sem hér segir:

— Í fyrstu undirgrein kemur „94 000 evrum“ í stað „89 000 evrum“.

— Í annarri undirgrein kemur „23 700 til 70 600 evrur“ í stað „22 400 til 66 800 evrur“.

c) Í 3. mgr. kemur „15 400 evrur“ í stað „14 600 evrur“.

d) Í fyrstu undirgrein 4. mgr. kemur „23 700 evrum“ í stað „22 400 evrum“.

e) Í 5. mgr. kemur „7 800 evrur“ í stað „7 400 evrur“.

f) Ákvæðum 6. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í fyrstu undirgrein kemur „112 200 evrum“ í stað „106 300 evrum“.

ii. Í annarri undirgrein kemur „27 900 til 84 100 evrur“ í stað „26 400 til 79 700 evrur“.

2) Í fyrstu undirgrein 4. gr. kemur „77 900 evrum“ í stað „73 800 evrum“.

3) Ákvæðum 5. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Ákvæðum a-liðar er breytt sem hér segir:

— Í fyrstu undirgrein kemur „156 700 evrum“ í stað „148 400 evrum“.

— Í annarri undirgrein kemur „15 400 evrur“ í stað „14 600 evrur“.

— Í þriðju undirgrein kemur „7 800 evrur“ í stað „7 400 evrur“.

— Fjórðu undirgrein er breytt sem hér segir:

— Í stað „73 800 evrur“ kemur „77 900 evrur“.

— Í stað „7 400 evrur“ kemur „7 800 evrur“.

ii. Ákvæðum b-liðar er breytt sem hér segir:

— Í fyrstu undirgrein kemur „77 900 evrum“ í stað „73 800 evrum“.

— Í annarri undirgrein kemur „132 400 evrum“ í stað „125 300 evrum“.

— Í þriðju undirgrein kemur „15 400 evrur“ í stað „14 600 evrur“.

— Í fjórðu undirgrein kemur „7 800 evrur“ í stað „7 400 evrur“.

— Fimmtu undirgrein er breytt sem hér segir:

— Í stað „37 100 evrur“ kemur „39 200 evrur“.

— Í stað „7 400 evrur“ kemur „7 800 evrur“.

iii. Ákvæðum c-liðar er breytt sem hér segir:

— Í fyrstu undirgrein kemur „39 200 evrum“ í stað „37 100 evrum“.

— Í annarri undirgrein kemur „9 700 til 29 500 evrur“ í stað „9 200 til 27 900 evrur“.

— Í þriðju undirgrein kemur „7 800 evrur“ í stað „7 400 evrur“.

b) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Fyrstu undirgrein a-liðar er breytt sem hér segir:

— Í stað „3 300 evrur“ kemur „3 500 evrur“.

— Í stað „7 400 evrur“ kemur „7 800 evrur“.

ii. Ákvæðum b-liðar er breytt sem hér segir:

— Í fyrstu undirgrein kemur „46 900 evrum“ í stað „44 400 evrum“.

— Í annarri undirgrein kemur „11 800 til 35 400 evrur“ í stað „11 200 til 33 500 evrur“.

— Í þriðju undirgrein kemur „7 800 evrur“ í stað „7 400 evrur“.

c) Í 3. mgr. kemur „7 800 evrur“ í stað „7 400 evrur“.

d) Í fyrstu undirgrein 4. mgr. kemur „23 700 evrum“ í stað „22 400 evrum“.

e) Í 5. mgr. kemur „7 800 evrur“ í stað „7 400 evrur“.

f) Ákvæðum 6. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í fyrstu undirgrein kemur „37 600 evrum“ í stað „35 600 evrum“.

ii. Í annarri undirgrein kemur „9 200 til 27 900 evrur“ í stað „8 700 til 26 400 evrur“.

4) Í fyrstu undirgrein 6. gr. kemur „46 900 evrum“ í stað „44 400 evrum“.

5) Ákvæðum 7. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í fyrstu málsgrein kemur „77 900 evrum“ í stað „73 800 evrum“.

b) Í annarri málsgrein kemur „23 700 evrum“ í stað „22 400 evrum“.

6) Ákvæðum 8. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í annarri undirgrein kemur „94 000 evrur“ í stað „89 000 evrur“.

ii. Í þriðju undirgrein kemur „46 900 evrur“ í stað „44 400 evrur“.

iii. Í fjórðu undirgrein kemur „23 700 til 70 600 evrur“ í stað „22 400 til 66 800 evrur“.

iv. Í fimmtu undirgrein kemur „11 800 til 35 400 evrur“ í stað „11 200 til 33 500 evrur“.

b) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í annarri undirgrein kemur „313 200 evrum“ í stað „296 500 evrum“.

ii. Í þriðju undirgrein kemur „156 700 evrur“ í stað „148 400 evrur“.

iii. Í fimmtu undirgrein kemur „3 500 til 269 900 evrur“ í stað „3 300 til 255 500 evrur“.

iv. Í sjöttu undirgrein kemur „3 500 til 135 100 evrur“ í stað „3 300 til 127 900 evrur“.

c) Í fyrstu undirgrein 3. mgr. kemur „7 800 evrum“ í stað „7 400 evrum“.

2. gr.

Reglugerðin á ekki við um gildar umsóknir sem bíða umfjöllunar 1. apríl 2022.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. apríl 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. mars 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/723 2022/EES/72/36

frá 26. febrúar 2021

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 að því er varðar að koma á fót opinberri skrá yfir aðila sem hvert aðildarríki tilnefnir til að hafa eftirlit með þroskunarferli brenndra drykkja (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 frá 17. apríl 2019 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja, notkun heita brenndra drykkja í kynningu og merkingu annarra matvæla, vernd landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki, notkun etanóls og eimis úr landbúnaði í áfenga drykki og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 110/2008 ([1]), einkum 2. mgr. 19. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 6. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 er þess krafist að allar aðferðir til að láta brennda drykki þroskast fari fram undir eftirliti skattayfirvalda aðildarríkis eða undir eftirliti sem veitir jafngilda ábyrgð.

2) Í því skyni skal hvert aðildarríki tilnefna aðila sem bera ábyrgð á eftirliti með slíkum þroskunarferlum og upplýsa framkvæmdastjórnina um það til þess að hún geti komið á fót opinberri skrá yfir þessa tilnefndu aðila.

3) Í þessu skyni þykir rétt að fastsetja reglur er varða að koma á fót þessari opinberu skrá.

4) Þessi reglugerð ætti að koma til framkvæmda frá og með 25. maí 2021 í samræmi við 3. mgr. 51. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Opinber skrá yfir aðila sem eru tilnefndir til að hafa eftirlit með þroskunarferlum brenndra drykkja

1. Á grundvelli tilkynninga frá aðildarríkjum í samræmi við 1. mgr. 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/724 ([2]) skal framkvæmdastjórnin taka saman og uppfæra skrá yfir aðila sem eru tilnefndir til að hafa eftirlit með þroskunarferlum brenndra drykkja.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 155, 5.5.2021, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 241/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/724 frá 3. mars 2021 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 að því er varðar samskipti aðildarríkja við framkvæmdastjórnina með tilliti til aðila sem eru tilnefndir til að hafa eftirlit með þroskunarferli brenndra drykkja og lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á að farið sé að ákvæðum þeirrar reglugerðar (Stjtíð. ESB L 155, 5.5.2021, bls. 3).

2. Framkvæmdastjórnin skal koma á fót opinberri skrá sem inniheldur uppfærða skrá yfir aðilana sem eru tilnefndir til að hafa eftirlit með þroskunarferlum. Skráin skal vera í formi rafræns gagnasafns sem almenningur hefur aðgang að.

2. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 25. maí 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. febrúar 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1235 **2022/EES/72/37**

frá 12. maí 2021

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 með reglum er varða umsóknir um skráningu á landfræðilegum merkingum á brenndum drykkjum, breytingar á forskriftum fyrir afurðir, afturköllun skráningar og skrána (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 frá 17. apríl 2019 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja, notkun heita brenndra drykkja í kynningu og merkingu annarra matvæla, vernd landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki, notkun etanóls og eimis úr landbúnaði í áfenga drykki og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 110/2008 ([1]), einkum 1. og 2. mgr. 33. gr. og 41. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reglugerð (ESB) 2019/787 felldi úr gildi og kom í stað reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 ([2]). Í III. kafla reglugerðar (ESB) 2019/787 er mælt fyrir um reglur um landfræðilegar merkingar í geira brenndra drykkja og framkvæmdastjórninni veitt vald til að samþykkja framseldar gerðir og framkvæmdargerðir að því er það varðar. Til að tryggja snurðulausa starfsemi markaðarins fyrir brennda drykki innan hins nýja lagaramma og einkum til að einfalda og hagræða starfsemi kerfisins fyrir landfræðilegar merkingar brenndra drykkja verður að samþykkja tilteknar reglur með slíkum gerðum. Einkum ættu þessi reglugerð og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1236 ([3]) að koma í staðinn fyrir hluta af ákvæðunum í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 716/2013 ([4]) og því ætti að fella hana úr gildi.

2) Til að greiða fyrir grannskoðun framkvæmdastjórnarinnar og til þess að hlutaðeigandi aðilar að andmælameðferðinni fái allar upplýsingar ef forskriftin fyrir afurðina inniheldur sértækar kröfur um umbúðir ætti eina skjalið sem fylgir með í umsókninni um skráningu á landfræðilegri merkingu að innihalda samantekt á rökstuðningnum fyrir því af hverju pökkunin skal fara fram innan skilgreinds landsvæðis til að vernda gæði, til að tryggja uppruna eða til að tryggja eftirlit með brennda drykknum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 270, 29.7.2021, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 241/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 (Stjtíð. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1236 frá 12. maí 2021 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 er varða umsóknir um skráningu á landfræðilegum merkingum á brenndum drykkjum, andmælameðferð, breytingar á forskriftum fyrir afurðir, afturköllun skráningar, notkun tákns og eftirlit (Stjtíð. ESB L 270, 29.7.2021, bls. 10).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 716/2013 frá 25. júlí 2013 um reglur vegna beitingar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum (Stjtíð. ESB L 201, 26.7.2013, bls. 21).

3) Af ástæðum sem varða samræmi í málsmeðferð og til að greiða fyrir grannskoðun framkvæmdastjórnarinnar ætti aðildarríki að tryggja að eina skjalið sé rétt samantekt á forskriftinni fyrir afurðina sem framkvæmdastjórnin getur treyst þegar hún metur umsóknina og sem önnur aðildarríki og hagsmunaaðilar geta treyst í tengslum við framfylgd landfræðilegu merkingarinnar. Af sömu ástæðum ætti tilvísunin í birtingu forskriftarinnar fyrir afurðina, sem fylgir með í umsóknargögnunum sem aðildarríkin leggja fyrir framkvæmdastjórnina, að vera rafræn tilvísun í forskriftina fyrir afurðina eins og hún var birt í samræmi við stjórnsýslukerfi aðildarríkisins.

4) Fastsetja ætti hvaða upplýsingar skal leggja fram til að umsókn um vernd, umsókn um samþykki fyrir breytingu á vegum Sambandsins eða beiðni um afturköllun teljist tæk til að greiða fyrir meðhöndlun slíkra umsókna eða beiðna og flýta fyrir rannsókn á þeim.

5) Til að yfirstíga tímabundna erfiðleika og til að tryggja að allir framleiðendur fari að forskriftum fyrir afurðir til lengri tíma ætti að heimila aðildarríkjunum að veita framleiðendum umbreytingartímabil til allt að 10 ára til að aðlagast breytingum á tilteknum reglum um forskrift fyrir afurð.

6) Framkvæmdastjórnin ber ábyrgð á því að samþykkja breytingar á vegum Sambandsins á forskrift fyrir afurð en aðildarríkin eða einstaklingur eða aðili sem ber ábyrgðina í þriðja landi samþykkir almennar breytingar. Þegar umsókn um samþykki fyrir breytingu á vegum Sambandsins inniheldur einnig almennar breytingar ætti að líta svo á, til að málsmeðferðin verði skilvirk, að þessar almennu breytingar séu ekki fyrir hendi og þær ættu ekki að teljast samþykktar í tengslum við breytinguna á vegum Sambandsins.

7) Koma ætti á málsmeðferð til að samþykkja almennar breytingar og tímabundnar breytingar þannig að aðildarríki geti gert viðeigandi mat á umsóknunum og til að tryggja samræmda nálgun á milli aðildarríkja. Mat aðildarríkjanna ætti að vera sambærilegt, að því er varðar nákvæmni og ítarleika, því sem krafist er fyrir matsferlið innan málsmeðferðarinnar fyrir umsóknir um skráningu landfræðilegra merkinga.

8) Nauðsynlegt er að mæla fyrir um reglur til að koma á samræmingu milli málsmeðferðar er varðar breytingar á forskrift fyrir afurð í tilvikum þar sem umsóknir sem varða breytingu á vegum Sambandsins og almenna breytingu liggja fyrir á sama tíma hjá framkvæmdastjórninni og lögbæru yfirvaldi, eftir því sem við á. Þar eð báðar umsóknirnar breyta sömu forskriftinni fyrir afurð en samkvæmt tvenns konar mismunandi samhliða málsmeðferð með mismunandi tímasetningum ætti að mæla fyrir um reglur til að komast hjá misræmi.

9) Bæta ætti við reglurnar um málsmeðferð við afturköllun skráningar á landfræðilegri merkingu til að skýra nánar að aðildarríkin eru meðal þeirra lögaðila sem kunna að hafa lögmætra hagsmuna að gæta að því er varðar að leggja fram beiðni um afturköllun samkvæmt fyrstu undirgrein 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 og til að tilgreina nánar nákvæmar tilvísanirnar í *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* þar sem birtingin á sér stað.

10) Til að tryggja gagnsæi og einsleitni milli aðildarríkja er nauðsynlegt að koma á fót rafrænu skránni yfir landfræðilegar merkingar á brenndum drykkjum, sem um getur í 33. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787, (hér á eftir nefnd skráin) og samþykkja frekari reglur um innihald og snið skrárinnar. Þar eð þau skjöl sem liggja fyrir, og sem koma til með að liggja fyrir, fyrir hvert skráð heiti eru mismunandi eftir því á hvaða lagagrundvelli heitin fengu fyrst vernd ætti einkum að aðlaga kröfurnar fyrir þessi skjöl til samræmis við það. Til að unnt sé að ákvarða forgangsréttardaga sem varða annan hugverkarétt sem skera þarf úr um ætti að tilgreina í skránni dagsetningu umsóknar um skráningu og dagsetningu og tilvísun í birtingu gerningsins sem verndar landfræðilegu merkinguna. Skráin ætti að vera rafrænt gagnasafn, sem er stjórnað innan stafrænna kerfa sem framkvæmdastjórnin gerir aðgengileg, og hún ætti að vera aðgengileg fyrir almenning.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

Inngangsákvæði

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur sem bæta við reglugerð (ESB) 2019/787 að því er varðar landfræðilegar merkingar á brenndum drykkjum, þá einkum varðandi:

a) umsóknir um skráningu,

b) breytingar á forskriftum fyrir afurðir,

c) afturköllun skráningar,

d) skrána yfir landfræðilegar merkingar.

II. KAFLI

Sértæk ákvæði

1. ÞÁTTUR

UMSÓKN UM SKRÁNINGU

2. gr.

(Framselt vald í samræmi við a-lið 1. mgr. 41. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787) Viðbótarkröfur varðandi eina skjalið

Ef sértækar kröfur um umbúðir koma fram í eina skjalinu sem um getur í c-lið 1. mgr. 23. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 skal það einnig innihalda samantekt á rökstuðningnum sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 22. gr. þeirrar reglugerðar.

3. gr.

(Framselt vald í samræmi við a-lið 1. mgr. 41. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787) Umsóknargögn aðildarríkis

Þegar hlutaðeigandi aðildarríki leggur umsóknargögn fyrir framkvæmdastjórnina, í samræmi við 7. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787, skal það votta að eina skjalið, sem um getur í b-lið 2. mgr. 23. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787, sé rétt samantekt á forskriftinni fyrir afurðina. Aðildarríkið skal bera ábyrgð á öllum efnislegum frávikum milli eina skjalsins og forskriftar fyrir afurð. Umsóknargögnin skulu innihalda tilvísun í birta útgáfu forskriftarinnar fyrir afurðina.

4. gr.

(Framselt vald í samræmi við b-lið 1. mgr. 41. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787) Lögmæti umsóknar

1. Umsókn um skráningu skal teljast tæk ef hún er lögð fram í samræmi við 24. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 og send til framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 1. mgr. 13. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/1236, þ.m.t. eina skjalið sem var útbúið í samræmi við 3. gr. þeirrar framkvæmdarreglugerðar, og ef hún er fullgerð.

Umsókn um skráningu skal teljast fullgerð þegar hún uppfyllir ákvæði 22. og 23. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 og 2. og 3. gr. þessarar reglugerðar.

2. Telji framkvæmdastjórnin að umsókn sé ótæk skal hún, eftir atvikum, tilkynna yfirvöldum hlutaðeigandi aðildarríkis eða þriðja lands eða umsækjandanum, sem hefur staðfestu í þriðja landi, um ástæðurnar fyrir því að hún er ótæk.

5. gr.

(Framselt vald í samræmi við b-lið 1. mgr. 41. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787) Landsbundið umbreytingartímabil

1. Í því skyni að yfirstíga tímabundna erfiðleika með það að langtímamarkmiði að tryggja að allir framleiðendur á viðkomandi svæði uppfylli forskriftina fyrir afurðina getur aðildarríki veitt vernd á umbreytingartímabili með því skilyrði að viðkomandi rekstraraðilar hafi sett umræddan brenndan drykk á markað með lögmætum hætti og notað viðkomandi heiti samfleytt í a.m.k. 5 ár fyrir framlagningu umsóknarinnar til yfirvalda aðildarríkisins og að fjallað hafi verið um þessa tímabundnu erfiðleika í landsbundnu andmælameðferðinni sem um getur í 6. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787.

Umbreytingartímabilið skal hefjast á þeim degi þegar umsóknargögnin eru lögð fyrir framkvæmdastjórnina og skal vera eins stutt og mögulegt er. Það skal ekki vara lengur en í 10 ár.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda að breyttu breytanda um landfræðilega merkingu sem vísar til landsvæðis sem er staðsett í þriðja landi, að landsbundnu andmælameðferðinni undanskilinni.

3. Umbreytingartímabilið, sem um getur í 1. mgr., skal tilgreint í umsóknargögnunum sem eru lögð fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við 7. eða 8. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787.

2. ÞÁTTUR

BREYTINGAR Á FORSKRIFTUM FYRIR AFURÐIR

6. gr.

(Framselt vald í samræmi við 2. mgr. 41. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787) Umsóknir um breytingar á vegum Sambandsins á forskriftum fyrir afurðir

Að því er varðar 31. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 skal umsókn um samþykki fyrir breytingum á vegum Sambandsins á forskriftum fyrir afurðir einungis innihalda breytingar á vegum Sambandsins. Ef umsókn um samþykki fyrir breytingu á vegum Sambandsins inniheldur einnig almennar breytingar eða tímabundnar breytingar gildir málsmeðferðin fyrir breytingu á vegum Sambandsins einungis um breytinguna á vegum Sambandsins. Líta skal svo á að almennu breytingarnar eða tímabundnu breytingarnar sem koma fram í umsókninni hafi ekki verið lagðar fram.

7. gr.

(Framselt vald í samræmi við 2. mgr. 41. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787) Lögmæti umsókna um samþykki fyrir breytingum á vegum Sambandsins

1. Umsóknir um samþykki fyrir breytingum á vegum Sambandsins á forskrift fyrir afurð skulu teljast tækar ef þær eru lagðar fram í samræmi við 31. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 og sendar til framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 1. mgr. 13. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/1236 og uppfylla ákvæði 7. gr. þeirrar framkvæmdarreglugerðar.

Samþykki framkvæmdastjórnarinnar á umsókn um samþykki fyrir breytingu á vegum Sambandsins á forskrift fyrir afurð skal einungis ná til þeirra breytinga á vegum Sambandsins sem koma fram í umsókninni sjálfri.

2. Telji framkvæmdastjórnin að umsókn sé ótæk skal hún, eftir atvikum, tilkynna yfirvöldum hlutaðeigandi aðildarríkis eða þriðja lands eða umsækjandanum, sem hefur staðfestu í þriðja landi, um ástæðurnar fyrir því að hún er ótæk.

8. gr.

(Framselt vald í samræmi við til 2. mgr. 41. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787) Almennar breytingar á forskriftum fyrir afurðir

1. Að því er varðar 5. mgr. 31. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 skulu umsóknir um samþykki fyrir almennri breytingu á forskrift fyrir afurð lagðar fyrir yfirvöld aðildarríkisins þar sem landsvæði viðkomandi afurðar er staðsett. Umsækjendur skulu uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1., 2. eða 3. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787. Ef umsókn um samþykki fyrir almennri breytingu á forskrift fyrir afurð kemur ekki frá umsækjandanum sem lagði fram umsóknina um verndun heitisins eða heitanna sem forskriftin fyrir afurð varðar skal aðildarríkið gefa þeim umsækjanda tækifæri til að gera athugasemdir varðandi umsóknina, ef sá umsækjandi er enn til staðar.

Umsókn um samþykki fyrir almennri breytingu skal innihalda lýsingu á almennu breytingunum og þar skal sýna fram á að tillagðar breytingar uppfylli skilyrði til að teljast vera almennar í samræmi við 31. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787. Bæta skal við samantekt á ástæðunum fyrir því hvers vegna breytingarnar eru nauðsynlegar.

2. Telji aðildarríki að kröfurnar í reglugerð (ESB) 2019/787 og ákvæði sem hafa verið samþykkt samkvæmt þeirri reglugerð séu uppfyllt getur það samþykkt almennu breytinguna. Ákvörðunin um samþykkið skal innihalda breyttu samsteyptu forskriftina fyrir afurðina og, ef við á, breytta samsteypta eina skjalið.

Ákvörðun um samþykki skal birt opinberlega. Samþykkta almenna breytingin skal gilda í hlutaðeigandi aðildarríki frá þeim degi þegar ákvörðunin um samþykki var birt opinberlega. Aðildarríkið skal tilkynna framkvæmdastjórninni um samþykktu almennu breytingarnar eigi síðar en einum mánuði frá þeim degi þegar landsbundin ákvörðun um samþykki var birt opinberlega. Aðildarríkið skal, án ástæðulausrar tafar, tilkynna framkvæmdastjórninni um alla endanlega og óáfrýjanlega landsbundna dóma sem ógilda ákvörðun um samþykki fyrir almennri breytingu.

3. Umsækjendahópur sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta skal tilkynna framkvæmdastjórninni um ákvarðanir um að samþykkja almennar breytingar sem varða brennda drykki sem eru upprunnir í þriðju löndum, annaðhvort beint til framkvæmdastjórnarinnar eða fyrir milligöngu yfirvalda hlutaðeigandi þriðja lands, eigi síðar en einum mánuði frá þeim degi þegar viðkomandi ákvörðun var birt opinberlega.

4. Orðsending til framkvæmdastjórnarinnar um samþykkta almenna breytingu skal teljast vera gerð á viðeigandi hátt þegar hún uppfyllir ákvæði 8. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/1236.

5. Ef almenna breytingin ber með sér breytingu á eina skjalinu skal framkvæmdastjórnin birta lýsinguna á almennu breytingunni og breytta eina skjalið í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* innan þriggja mánaða frá þeim degi sem hún veitti viðtöku orðsendingu um þá almennu breytingu.

Ef almenna breytingin ber ekki með sér breytingu á eina skjalinu skal framkvæmdastjórnin birta lýsinguna á almennu breytingunni gegnum upplýsingakerfin sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 13. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/1236 innan þriggja mánaða frá þeim degi sem hún veitti viðtöku orðsendingu um þá almennu breytingu.

Sendandi orðsendingar um almenna breytingu skal áfram bera ábyrgð á innihaldi hennar.

6. Almennar breytingar skulu gilda á yfirráðasvæði Sambandsins frá þeim degi þegar þær voru birtar samkvæmt fyrstu undirgrein 5. mgr. eða birtar opinberlega samkvæmt annarri undirgrein 5. mgr.

7. Ef landsvæðið nær yfir fleiri en eitt aðildarríki skulu hlutaðeigandi aðildarríki beita málsmeðferðinni fyrir almennar breytingar hvert fyrir sig fyrir þann hluta svæðisins sem er innan yfirráðasvæðis þeirra. Almenna breytingin skal einungis gilda á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkja eftir að síðasta landsbundna ákvörðunin um samþykki tekur gildi. Það aðildarríki sem er síðast til að samþykkja almennu breytinguna skal senda framkvæmdastjórninni viðeigandi orðsendingu eigi síðar en einum mánuði frá þeim degi þegar ákvörðun þess um samþykki var birt opinberlega.

Ef eitt eða fleiri hlutaðeigandi aðildarríki samþykkja ekki landsbundnu ákvörðunina um samþykki, sem um getur í fyrstu undirgrein, getur hvert hlutaðeigandi aðildarríkja sem er lagt þá umsókn fram samkvæmt málsmeðferðinni vegna breytinga á vegum Sambandsins.

8. Ákvæði 7. mgr. skulu gilda að breyttu breytanda ef hluti af viðkomandi landsvæði er staðsettur á yfirráðasvæði þriðja lands.

9. gr.

(Framselt vald í samræmi við 2. mgr. 41. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787) Tengsl milli breytinga á vegum Sambandsins og almennra breytinga

1. Ef almenn breyting sem ber með sér breytingu á eina skjalinu er samþykkt meðan umsókn um breytingu á vegum Sambandsins liggur fyrir skal hlutaðeigandi aðildarríki uppfæra eina skjalið, sem fylgir með í umsókninni um samþykki fyrir breytingu á vegum Sambandsins, til samræmis við það. Ef fyrirliggjandi breyting á vegum Sambandsins hefur verið birt í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* vegna andmæla skal birta uppfærðu útgáfuna af eina skjalinu í L-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* sem viðauka við framkvæmdarreglugerðina þar sem breytingin á vegum Sambandsins er samþykkt.

2. Ef ekki er tekið tillit til nýjustu breytinga á vegum Sambandsins, sem hafa verið samþykktar, í breyttri útgáfu eina skjalsins sem er hluti af umsókninni um almenna breytingu sem er samþykkt á landsvísu skal sú almenna breyting ekki birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Aðildarríkið sem samþykkti þá almennu breytingu skal senda framkvæmdastjórninni samsteyptu útgáfuna af eina skjalinu, eins og því var breytt bæði með breytingunni á vegum Sambandsins og almennu breytingunni, til birtingar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

10. gr.

(Framselt vald í samræmi við til 2. mgr. 41. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787) Tímabundnar breytingar á forskriftum fyrir afurðir

1. Aðildarríkið þar sem landsvæði viðkomandi afurðar er staðsett skal samþykkja og birta opinberlega tímabundnar breytingar á forskriftum fyrir afurðir. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni um tímabundnar breytingar ásamt ástæðum sem styðja þær eigi síðar en einum mánuði frá þeim degi þegar landsbundin ákvörðun um samþykki var birt opinberlega. Almenn breyting skal gilda í hlutaðeigandi aðildarríki frá þeim degi þegar ákvörðunin um að samþykkja breytinguna var birt opinberlega.

2. Ef landsvæðið nær yfir fleiri en eitt aðildarríki gildir málsmeðferðin fyrir tímabundnar breytingar sitt í hvoru lagi í hlutaðeigandi aðildarríkjum fyrir þann hluta svæðisins sem er innan yfirráðasvæðis þeirra.

3. Umsækjendahópur sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta skal tilkynna framkvæmdastjórninni um tímabundnar breytingar sem varða brennda drykki sem eru upprunnir í þriðju löndum ásamt ástæðum sem styðja þær, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu yfirvalda þess þriðja lands, eigi síðar en einum mánuði eftir að þær eru samþykktar.

4. Orðsending til framkvæmdastjórnarinnar um samþykkta tímabundna breytingu skal teljast vera gerð á viðeigandi hátt þegar hún uppfyllir ákvæði 9. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/1236.

5. Framkvæmdastjórnin skal birta opinberlega orðsendinguna um tímabundna breytingu gegnum stafrænu kerfin sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 13. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/1236 innan þriggja mánaða frá þeim degi sem hún veitti viðtöku tilkynningu um þá tímabundnu breytingu. Tímabundin breyting skal gilda á yfirráðasvæði Sambandsins frá þeim degi þegar framkvæmdastjórnin birti hana opinberlega.

Sendandi orðsendingar um tímabundna breytingu skal áfram bera ábyrgð á innihaldi hennar.

3. ÞÁTTUR

AFTURKÖLLUN Á LANDFRÆÐILEGRI MERKINGU

11. gr.

(Framselt vald í samræmi við b-lið 1. mgr. 41. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787) Afturköllunarferli

1. Að því er varðar fyrstu undirgrein 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 er aðildarríkjum heimilt, að eigin frumkvæði, að leggja fram beiðni um að afturkalla landfræðilega merkingu.

2. Framkvæmdastjórnin skal birta beiðnir um afturköllun, sem lagðar eru fram samkvæmt fyrstu undirgrein 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787, í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins.*

12. gr.

(Framselt vald í samræmi við b-lið 1. mgr. 41. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787) Lögmæti afturköllunarbeiðna

1. Að því er varðar 1. og 2. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 skal beiðni um afturköllun teljast tæk ef:

a) hún uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 10. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/1236 og

b) þegar um er að ræða beiðni skv. 1. mgr. 32. gr. 2019/787 byggist hún á forsendunum sem um getur í fyrstu undirgrein þess ákvæðis.

2. Telji framkvæmdastjórnin að beiðni um afturköllun sé ótæk skal hún tilkynna yfirvöldum hlutaðeigandi aðildarríkis eða þriðja lands eða einstaklingnum eða lögaðilanum sem lagði umsóknina fram, eftir atvikum, um ástæðurnar því að hún er ótæk.

3. Rökstuddar yfirlýsingar um andmæli að því er varðar afturköllun skulu einungis teljast tækar ef þær sýna fram á að hagsmunaaðilinn hafi notað skráða heitið í viðskiptalegum tilgangi.

4. ÞÁTTUR

SKRÁ

13. gr.

(Framselt vald í samræmi við 1. og 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787) Skrá

1. Koma skal á fót rafrænni skrá yfir landfræðilegar merkingar á brenndum drykkjum sem um getur í 33. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 (hér á eftir nefnd skráin). Hún skal byggjast á stafrænum kerfum sem er stjórnað af framkvæmdastjórninni og eru aðgengileg fyrir almenning.

2. Við gildistöku lagagernings um að veita heiti landfræðilegrar merkingar vernd skal framkvæmdastjórnin skrá eftirfarandi gögn í skrána:

a) heiti sem skal/skulu njóta verndar sem landfræðileg merking, þ.m.t., eftir atvikum, umritun þeirra á annað tungumál eða annað stafróf með latneskum rittáknum. Mörg heiti og umritun þeirra á annað tungumál eða annað stafróf skulu skráð sem staðgönguheiti, aðskilin með stafabili, skástriki og öðru stafabili,

b) flokk brennda drykkjarins,

c) skrásetningarnúmerið,

d) tegund landfræðilegrar merkingar,

e) heiti upprunalandsins eða -landanna,

f) umsóknardaginn og tilvísunina í lagagerninginn sem verndar heitið:

   i. fyrir landfræðilegar merkingar sem eru skráðar í samræmi við reglugerð (ESB) 2019/787 eða reglugerð (EB) nr. 110/2008, að undanskildum gildandi landfræðilegum merkingum sem um getur í 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008: umsóknardaginn og rafræna tilvísun í gerningana sem vernda heitið á vettvangi Sambandsins,

   ii. fyrir gildandi landfræðilegar merkingar sem um getur í 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008: birtingardag gerningsins sem veitti landfræðilegu merkingunni fyrst vernd á vettvangi Sambandsins og rafræna tilvísun í þann gerning,

g) rafræna tilvísun eða tilvísanir í lagagerning eða -gerninga, sem varða landfræðilegu merkinguna, sem koma á eftir lagagerningunum sem um getur í f-lið,

h) tilvísanirnar í eina skjalið, meginskilgreiningarnar í tækniskjalinu, forskriftina fyrir afurðina eða tækniskjalið, þar sem þær liggja fyrir, sem hér segir:

   i. fyrir landfræðilegar merkingar sem eru skráðar í samræmi við reglugerð (ESB) 2019/787: rafræna tilvísun í eina skjalið, þ.m.t. rafræna tilvísun í forskriftina fyrir afurðina. Ef landsvæðið liggur innan yfirráðasvæðis þriðja lands, rafræn tilvísun í eina skjalið, þ.m.t. tilvísun í birta útgáfu forskriftarinnar fyrir afurðina,

   ii. fyrir landfræðilegar merkingar sem eru skráðar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 110/2008: rafræna tilvísun í meginskilgreiningarnar í tækniskjalinu,

   iii. fyrir gildandi landfræðilegar merkingar sem um getur í 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008: tækniskjalið.

3. Þegar framkvæmdastjórnin samþykkir breytingu á vegum Sambandsins á forskrift fyrir afurð eða fær orðsendingu um samþykkta almenna breytingu á forskrift fyrir afurð, sem felur í sér breytingu á þeim upplýsingum sem eru skráðar í skrána, skal hún skrá nýju gögnin frá og með gildistökudagsetningu breytingarinnar í Sambandinu. Gögn sem varða tímabundnar breytingar skulu einnig skráð.

4. Ef skráning landfræðilegrar merkingar hefur verið afturkölluð skal framkvæmdastjórnin fella heitið brott úr skránni frá og með þeim degi þegar viðeigandi framkvæmdargerð skv. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 tekur gildi og skal halda skrá yfir afturköllunina.

5. Landfræðilegar merkingar sem eru verndaðar með framkvæmdarreglugerðum sem eru samþykktar á tímabilinu frá 8. júní 2019 og fram að þeim degi þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda skulu færðar í skrána.

6. Framkvæmdastjórnin skal geyma skjöl sem tengjast skráningu landfræðilegrar merkingar á stafrænu formi eða á pappírsformi á gildistíma landfræðilegu merkingarinnar og ef hún er afturkölluð í tíu ár eftir það.

III. KAFLI

Lokaákvæði

14. gr.

Niðurfelling

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 716/2013 er felld úr gildi.

15. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. maí 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1334 2022/EES/72/38

frá 27. maí 2021

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 að því er varðar óbeinar tilvitnanir til lögheita brenndra drykkja eða til landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki í lýsingu, kynningu og merkingu annarra brenndra drykkja (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 frá 17. apríl 2019 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja, notkun heita brenndra drykkja í kynningu og merkingu annarra matvæla, vernd landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki, notkun etanóls og eimis úr landbúnaði í áfenga drykki og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 110/2008 ([1]), einkum 3. mgr. 50. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 4. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 er mælt fyrir um hvernig skal sýna óbeinar tilvitnanir í lögheiti flokka brenndra drykkja eða landfræðilegar merkingar fyrir brennda drykki í kynningu eða merkingu áfengra drykkja.

2) Í 4. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 er þess ekki krafist að heiti áfenga drykkjarins sem verður til sé birt á sama sjónsviði og óbeina tilvitnunin. Ef heiti áfenga drykkjarins birtist á öðru sjónsviði en óbeina tilvitnunin getur það valdið því að neytendur telji að óbeina tilvitnunin sé hluti af heiti áfenga drykkjarins, einkum ef áfengi drykkurinn sem verður til er brenndur drykkur.

3) Enn fremur geta slíkar óbeinar tilvitnanir í tilteknum tilvikum leitt til óþarfa misnotkunar á orðspori flokka brenndra drykkja eða landfræðilegra merkinga sem, þegar þau eru sett saman við önnur matvæli sem ekki er þörf á eða eru ekki leyfð í framleiðslu þeirra, missa eðli sitt og mega ekki lengur vera merkt sem slík. Ef þessi heiti eru birt með áberandi hætti í kynningunni og merkingunni á brennda drykknum með óbeinni tilvitnun til þeirra getur það því leitt til óréttmætrar nýtingar á orðspori þeirra.

4) Í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 ([2]) er þess krafist að matvælaupplýsingar séu ekki villandi, einkum að því er varðar eðli og auðkenni matvælanna. Í 9. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um að gefa skuli upp lögboðnar matvælaupplýsingar, þ.m.t. heiti matvæla, og í 13. gr. reglugerðarinnar er þess krafist að lögboðnar upplýsingar séu settar á áberandi stað og þannig að þær séu auðsjáanlegar, auðlæsilegar og, þegar það á við, óafmáanlegar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 289, 12.8.2021, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 241/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 og (EB) nr. 1925/2006 og um niðurfellingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/250/EBE, tilskipun ráðsins 90/496/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/10/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2002/67/EB og 2008/5/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 608/2004 (Stjtíð. ESB L 304, 22.11.2011, bls. 18).

5) Í samræmi við 9. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 gilda kröfur er varða kynningu og merkingu sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 1169/2011 um áfenga drykki sem verða til vegna samsetningar brenndra drykkja og annarra matvæla. Til að tryggja að þessar kröfur verði uppfylltar á sem bestan hátt, einkum að því er varðar brennda drykki með óbeina tilvitnun til annarra brenndra drykkja, þykir rétt að krefjast þess að lögheiti brennda drykkjarins sem verður til birtist á sama sjónsviði og óbeina tilvitnunin til brennds drykkjar. Slíkt ætti að vera gert í hvert skipti sem óbein tilvitnun er tilgreind í lýsingu, kynningu eða merkingu á brenndum drykk. Þetta mun koma í veg fyrir blekkjandi aðferðir og tryggja að neytendur séu upplýstir á tilhlýðilegan hátt varðandi raunverulegt eðli brennda drykkjarins sem verður til vegna samsetningar brenndra drykkja og annarra matvæla.

6) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2019/787 til samræmis við það.

7) Kveða ætti á um umbreytingartímabil að því er varðar beitingu ákvæðanna um merkingu sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð til að gera það kleift að setja brennda drykki, sem eru merktir fyrir 31. desember 2022 í samræmi við ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 ([3]), á markað án þess að gerð sé krafa um endurmerkingu þeirra.

8) Í samræmi við 3. mgr. 51. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 og til að koma í veg fyrir reglusetningarlegt tómarúm ætti þessi reglugerð að gilda afturvirkt frá og með 25. maí 2021.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 4. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 kemur eftirfarandi:

„4. Óbeinu tilvitnanirnar, sem um getur í 2. og 3. mgr., skulu:

a) ekki vera í sömu línu og heiti áfenga drykkjarins,

b) birtast í leturstærð sem er ekki stærri en hálf sú leturstærð sem er notuð fyrir heiti áfenga drykkjarins og, ef samsett hugtök eru notuð, í leturstærð sem er ekki stærri en helmingurinn af leturstærðinni sem notuð er fyrir slík samsett hugtök, í samræmi við c-lið 3. mgr. 11. gr. og

c) ef um er að ræða óbeinar tilvitnanir í lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja, standa ásamt lögheiti brennda drykkjarins, sem skal birtast saman á sama sjónsviði og óbeina tilvitnunin.“

2. gr.

Halda má áfram að setja á markað brennda drykki sem ekki uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir í c-lið 4. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787, eins og henni er breytt með þessari reglugerð, en uppfylla kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 110/2008 og voru merktir fyrir 31. desember 2022, þangað til birgðir eru uppurnar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 25. maí 2021.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 (Stjtíð. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. maí 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1335 2022/EES/72/39

frá 27. maí 2021

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 að því er varðar merkingu brenndra drykkja sem kemur til vegna samsetningar brennds drykkjar og einna eða fleiri matvæla (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 frá 17. apríl 2019 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja, notkun heita brenndra drykkja í kynningu og merkingu annarra matvæla, vernd landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki, notkun etanóls og eimis úr landbúnaði í áfenga drykki og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 110/2008 ([1]), einkum 3. mgr. 50. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 3. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 er mælt fyrir um reglur um lýsingu, kynningu og merkingu á áfengum drykkjum sem fást með því að setja saman flokk brennds drykkjar eða landfræðilega merkingu fyrir brenndan drykk með öðrum matvælum. Slíkum áfengum drykkjum er lýst með samsettum hugtökum sem sameina annaðhvort lögheiti sem er gefið upp í flokkum brenndra drykkja, sem eru settir fram í I. viðauka, eða landfræðilega merkingu brennds drykkjar með heiti annarra matvæla.

2) Í 3. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 er þess ekki krafist að heiti áfenga drykkjarins sem verður til sé birt á sama sjónsviði og samsetta hugtakið. Þetta getur valdið því að neytendur telji að samsetta hugtakið sé hið raunverulega heiti áfenga drykkjarins þar sem orðspor flokka brenndra drykkja eða landfræðilegra merkinga er misnotað með óréttmætum hætti, einkum þegar áfengi drykkurinn sem verður til er brenndur drykkur.

3) Í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 ([2]) er þess krafist að matvælaupplýsingar séu ekki villandi einkum að því er varðar eðli og auðkenni matvælanna. Í 9. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um að gefa skuli upp lögboðnar matvælaupplýsingar, þ.m.t. heiti matvæla, og í 13. gr. reglugerðarinnar er þess krafist að lögboðnar upplýsingar séu settar á áberandi stað og þannig að þær séu auðsjáanlegar, auðlæsilegar og, þegar það á við, óafmáanlegar.

4) Í samræmi við 9. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 gilda kröfur er varða kynningu og merkingu sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 1169/2011 um áfenga drykki sem verða til vegna samsetningar brenndra drykkja og annarra matvæla. Til að tryggja að þessar kröfur verði uppfylltar á sem bestan hátt, einkum að því er varðar brennda drykki sem verða til vegna slíkra samsetninga, þykir rétt að krefjast þess að lögheiti brennda drykkjarins sem verður til birtist á sama sjónsviði og samsetta hugtakið sem lýsir þeirri samsetningu. Slíkt ætti að vera gert í hvert skipti sem samsett hugtak er tilgreint í lýsingunni, kynningunni eða merkingunni á brenndum drykk. Þetta mun koma í veg fyrir blekkjandi aðferðir og tryggja að neytendur séu upplýstir á tilhlýðilegan hátt varðandi raunverulegt eðli brennda drykkjarins sem verður til vegna samsetningar brenndra drykkja og annarra matvæla.

5) Þessi skuldbinding ætti þó ekki að gilda þegar lögheiti brennda drykkjarins er skipt út fyrir samsett hugtak, í samræmi við b-lið 5. mgr. 10. gr. í reglugerð (ESB) 2019/787, sem inniheldur hugtakið „líkjör“ eða „cream“, að því tilskildu að fullunna varan uppfylli kröfurnar fyrir flokk 33 í I. viðauka þeirrar reglugerðar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 289, 12.8.2021, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 241/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 og (EB) nr. 1925/2006 og um niðurfellingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/250/EBE, tilskipun ráðsins 90/496/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/10/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2002/67/EB og 2008/5/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 608/2004 (Stjtíð. ESB L 304, 22.11.2011, bls. 18).

6) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2019/787 til samræmis við það.

7) Kveða ætti á um umbreytingartímabil að því er varðar beitingu ákvæðanna um merkingu sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð til að gera það kleift að setja brennda drykki, sem eru merktir fyrir 31. desember 2022 í samræmi við ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 ([3]), á markað án þess að gerð sé krafa um endurmerkingu þeirra.

8) Í samræmi við 3. mgr. 51. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 og til að koma í veg fyrir reglusetningarlegt tómarúm ætti þessi reglugerð að gilda afturvirkt frá og með 25. maí 2021.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 3. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 kemur eftirfarandi:

„3. Samsett hugtök sem lýsa áfengum drykk skulu:

a) birtast með samræmdum bókstöfum í sömu leturgerð, stærð og lit,

b) ekki brotin upp með neinum texta eða myndrænum þætti sem ekki er hluti af þeim,

c) ekki vera með stærra letri en letrið sem notað er fyrir heiti áfenga drykkjarins og

d) ef áfengi drykkurinn er brenndur drykkur, standa ásamt lögheiti brennda drykkjarins, sem skulu birtast saman á sama sjónarsviði og samsetta hugtakið, nema ef lögheitinu er skipt út fyrir samsett hugtak í samræmi við b-lið 5. mgr. 10. gr.“

2. gr.

Halda má áfram að setja á markað brennda drykki sem ekki uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir í d-lið 3. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787, eins og henni er breytt með þessari reglugerð, en uppfylla kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 110/2008 og voru merktir fyrir 31. desember 2022, þangað til birgðir eru uppurnar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 25. maí 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. maí 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 (Stjtíð. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16).

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1465 **2022/EES/72/40**

frá 6. júlí 2021

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 að því er varðar skilgreiningu á óbeinum tilvitnunum til lögheita brenndra drykkja eða til landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki og notkun þeirra í lýsingu, kynningu og merkingu annarra brenndra drykkja en þeirra brenndu drykkja sem óbeina tilvitnunin vísar til (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 frá 17. apríl 2019 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja, notkun heita brenndra drykkja í kynningu og merkingu annarra matvæla, vernd landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki, notkun etanóls og eimis úr landbúnaði í áfenga drykki og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 110/2008 ([1]), einkum 3. mgr. 50. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (ESB) 2019/787 var orðalag tiltekinna ákvæða um framleiðslu og merkingar, sem varða brennda drykki og matvæli sem eru framleidd með því að nota brennda drykki sem innihaldsefni, skýrt nánar og því breytt verulega.

2) Einkum voru skilgreining á og skilyrði fyrir notkun óbeinna tilvitnana til lögheita eins eða fleiri flokka brenndra drykkja eða til landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki, eins og mælt er fyrir um í 1. mgr. 10. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 110/2008 ([2]) og d-lið 2. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 716/2013 ([3]), endurskoðuð í grundvallaratriðum með reglugerð (ESB) 2019/787 sem fellir úr gildi og kemur í stað reglugerðar (EB) nr. 110/2008 frá og með 25. maí 2021. Með nýju samsvarandi ákvæðunum í 3. mgr. 3. gr. og 12. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 er notkun óbeinna tilvitnana í raun eingöngu leyfð í lýsingu, kynningu og merkingu annarra matvæla en brenndra drykkja og líkjöra. Af þessum sökum falla óbeinar tilvitnanir í lýsingu, kynningu og merkingu annarra brenndra drykkja en líkjöra ekki undir nýju ákvæðin um óbeinar tilvitnanir í reglugerð (ESB) 2019/787. Þessi leið í löggjöfinni var valin til að komast hjá skörun milli óbeinna tilvitnana sem reglur hafa verið settar um í 12. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 og blandna sem reglur hafa verið settar um í 3. og 4. mgr. 13. gr. þeirrar reglugerðar. Í raun telst samsetning brennds drykkjar og annars brennds drykkjar vera blanda og ætti af þessum sökum ekki að vera merkt í samræmi við ákvæðin um óbeinar tilvitnanir í merkingum. Engu að síður var undanþágu bætt inn í 12. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 til að leyfa óbeinar tilvitnanir til annarra brenndra drykkja á líkjörum í því skyni að varðveita merkinguna á verulegum fjölda vara sem teljast hefðbundnar og eru almennt þekktar hjá neytendum. Í nýju skilgreiningunni og kröfunum varðandi óbeinar tilvitnanir var þó ekki tekið tillit til tveggja tilvika til viðbótar er varða hefðbundnar framleiðsluaðferðir þar sem vísað er í óbeinni tilvitnun til brenndra drykkja, sem eru eina áfenga innihaldsefnið í öðrum brenndum drykk, eða til brenndra drykkja í tunnu sem aðrir brenndir drykkir hafa verið látnir þroskast í, en í hvorugu tilvikinu telst vera um blöndu að ræða. Ef ekki verða settar reglur um þessi tilvik sem óbeinar tilvitnanir verða þau því ólögmæt samkvæmt reglugerð (ESB) 2019/787.

3) Samkvæmt 7. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 er bannað að nota lögheiti flokks brennds drykkjar eða landfræðilega merkingu fyrir brennda drykki í lýsingu, kynningu eða merkingu allra drykkja sem uppfylla ekki viðeigandi kröfur nema ef um er að ræða samsett hugtök, óbeinar tilvitnanir og skrár yfir innihaldsefni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 321, 13.9.2021, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 241/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 (Stjtíð. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 716/2013 frá 25. júlí 2013 um reglur vegna beitingar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum (Stjtíð. ESB L 201, 26.7.2013, bls. 21).

4) Þar af leiðandi og eftir samráð við iðnaðinn fyrir brennda drykki og aðildarríkin er orðið ljóst að umorðun ákvæðanna um óbeinar tilvitnanir leiðir til þess að ógerlegt verður að upplýsa neytendur um hefðbundnar framleiðsluaðferðir, sem eru notaðar til að framleiða tiltekna brennda drykki, ef slíkar upplýsingar varða heiti annarra brenndra drykkja. Þessar aðferðir felast í því að brenndur drykkur er notaður sem eina áfenga undirstöðuefnið, án þess að öðrum matvælum sé bætt við eða þynnt með vatni undir þann alkóhólstyrkleika sem þarf til frekari vinnslu til að úr verði annar brenndur drykkur, og geymslu á tilteknum brenndum drykkjum allan þroskunartímann eða hluta af honum í viðartunnum sem innihéldu áður annan brenndan drykk. Í síðara tilvikinu, að því er varðar þá flokka brenndu drykkja eða landfræðilegar merkingar fyrir brennda drykki þar sem bannað er að bæta vínanda við, verður að tæma fyrra innihald úr tunnunum áður en brenndi drykkurinn, sem síðar skal þroskast í þeim, er settur í þær.

5) Slíkar aðferðir hafa verið í hefðbundinni notkun í langan tíma í geiranum fyrir brennda drykki og ættu að falla undir reglugerð (ESB) 2019/787. Þegar slíkar hefðbundnar framleiðsluaðferðir eru notaðar og það tilgreint í lýsingu, kynningu og merkingu samsvarandi brenndra drykkja veitir það neytendum í raun mikilvægar og gagnlegar upplýsingar um vöruna sem þeir kjósa að kaupa og neyta og þjónar því hlutverki að aðgreina milli ólíkra vöruheita innan flokka. Einkum geta upplýsingar um það í hvaða tegund af tunnu brenndi drykkurinn var látinn þroskast útskýrt að einhverju leyti hversu margslunginn þessi brenndi drykkur er.

6) Til þess að varðveita þann möguleika framleiðenda að veita upplýsingar sem varða hefðbundnar framleiðsluaðferðir þykir rétt að breyta 3. mgr. 3. gr. og 12. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 til að leyfa óbeinar tilvitnanir til lögheita brenndra drykkja eða landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki í lýsingu, kynningu og merkingu annarra brenndra drykkja sem eru framleiddir með slíkum hefðbundnum aðferðum.

7) Þegar um er að ræða óbeinar tilvitnanir til brenndra drykkja sem voru áður í tunnum sem síðar eru notaðar til þroskunar á öðrum brenndum drykkjum myndi ákvæðið um merkingar, sem var innleitt með b-lið 4. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787, þar sem þess er krafist að óbeina tilvitnunin skuli birtast í leturstærð sem er ekki stærri en helmingurinn af leturstærðinni sem er notuð fyrir heiti áfenga drykkjarins og öll samsett hugtök, enn fremur leggja óhóflega byrði á iðnað brenndra drykkja, útheimta breytingar á þúsundum merkimiða og askja og ónauðsynlega breytingu á útliti merkimiða sem neytendur hafa átt að venjast árum saman. Að auki yrði slík krafa í mörgum tilvikum til þess að óbeina tilvitnunin yrði vart sýnileg með berum augum nema leturstærð lögheitisins yrði stækkað verulega sem ætti ekki að vera nauðsynlegt þegar lögheitið er einföld, skýr tilvísun til eins af flokkunum sem settir eru fram í I. viðauka við þá reglugerð eða til heitis landfræðilegrar merkingar fyrir brennda drykki þar sem engin hætta er á hugsanlegum ruglingi. Þess vegna þykir rétt að veita undanþágu frá þessari kröfu um merkingar og gera þess í stað kröfu um að óbeinar tilvitnanir birtist í leturstærð sem er ekki stærri og ekki meira áberandi en lögheiti brennda drykkjarins og, ef þau eru notuð, samsett hugtök.

8) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2019/787 til samræmis við það.

9) Kveða ætti á um umbreytingartímabil fyrir beitingu krafna um merkingu, sem mælt er fyrir um fyrir óbeinar tilvitnanir með reglugerð (ESB) 2019/787, fyrir óbeinar tilvitnanir til annarra brenndra drykkja en líkjöra. Þessi ákvæði ættu að koma til framkvæmda frá og með 31. desember 2022 til að gera kleift að setja viðkomandi brennda drykki, sem eru merktir fyrir þann dag í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 716/2013, áfram á markað án þess að gerð sé krafa um endurmerkingu þeirra.

10) Í samræmi við 3. mgr. 51. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 og til að koma í veg fyrir reglusetningarlegt tómarúm ætti þessi reglugerð að gilda afturvirkt frá og með 25. maí 2021.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) 2019/787 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 3. liðar 3. gr. kemur eftirfarandi:

„3) „óbein tilvitnun“: bein eða óbein tilvísun til eins eða fleiri lögheita sem eru gefin upp í flokkum brenndra drykkja sem eru settir fram í I. viðauka eða til einnar eða fleiri landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki, annarra en tilvitnana í samsettu hugtaki eða skrá yfir innihaldsefni, eins og um getur í 2. til 4. mgr. 13. gr., í lýsingu, kynningu og merkingu á:

a) matvælum, öðrum en brenndum drykkjum,

b) brenndum drykk sem uppfyllir kröfurnar í flokkum 33 til 40 í I. viðauka eða

c) brenndum drykk sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í 3. mgr. a í 12. gr.“

2) Ákvæðum 12. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi 3. mgr. a er bætt við:

„3a. Þrátt fyrir 1. mgr. skal óbein tilvitnun til lögheitis, sem gefið er upp í flokki brenndra drykkja sem settur er fram í I. viðauka, eða til landfræðilegrar merkingar fyrir brennda drykki leyfð í lýsingu, kynningu og merkingu brennds drykkjar, annars en brennds drykkjar sem uppfyllir kröfurnar fyrir flokka 33 til 40 í I. viðauka, með því skilyrði að:

a) brenndi drykkurinn sem vísað er til í óbeinu tilvitnuninni:

i. hafi verið notaður sem eina áfenga undirstöðuefnið til framleiðslu á fullunna brennda drykknum sem skal uppfylla kröfurnar fyrir flokk brenndra drykkja sem settir eru fram í I. viðauka,

ii. hafi ekki verið settur saman við nein önnur matvæli en matvælin sem eru notuð til framleiðslu hans eða til framleiðslu á fullunna brennda drykknum í samræmi við I. viðauka eða viðeigandi forskrift fyrir afurð, og

iii. hafi ekki verið þynntur með því að bæta við vatni þannig að alkóhólstyrkleikinn sé undir lágmarks-styrkleikanum sem kveðið er á um fyrir þann flokk brenndra drykkja sem settur er fram í I. viðauka eða í forskriftinni fyrir afurðina fyrir þá landfræðilegu merkingu sem brenndi drykkurinn, sem vísað er til í óbeinu tilvitnuninni, tilheyrir eða

b) brenndi drykkurinn hafi verið geymdur allan þroskunartímann eða hluta af honum í viðartunnu sem var áður notuð til þroskunar á brennda drykknum sem um getur í óbeinu tilvitnuninni, með því skilyrði að:

i. fyrra innihald hafi verið tæmt úr viðartunnunni fyrir þá flokka brenndra drykkja eða landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki þar sem bannað er að bæta vínanda við, hvort sem hann er þynntur eða ekki,

ii. óbeina tilvitnunin sé sett fram í lýsingunni á tunnunni sem er notuð til þroskunar á brennda drykknum sem verður til,

iii. óbeina tilvitnunin sé minna áberandi en lögheiti brennda drykkjarins eða samsett hugtak sem er notað og

iv. þrátt fyrir b-lið 4. mgr. sé leturstærð óbeinu tilvitnunarinnar ekki stærri en sú leturstærð sem er notuð fyrir lögheiti brennda drykkjarins eða samsett hugtak sem er notað.“

b) Í stað inngangsorðanna í 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Óbeinu tilvitnanirnar, sem um getur í 2. og 3. mgr. og 3. mgr. a, skulu:“

2. gr.

Halda má áfram að setja á markað brennda drykki sem um getur í 3. mgr. a í 12. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787, sem ekki uppfylla kröfurnar um merkingar sem mælt er fyrir í þeirri grein og í 4. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787, eins og henni er breytt með þessari reglugerð, en uppfylla kröfurnar í 4. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 716/2013 og voru merktir fyrir 31. desember 2022, þangað til birgðir eru uppurnar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 25. maí 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. júlí 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/198 **2022/EES/72/41**

frá 13. febrúar 2020

um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 251/2014 að því er varðar að koma á fót skrá yfir landfræðilegar merkingar sem njóta verndar í geiranum fyrir kryddblandaðar vínafurðir og innfærslu landfræðilegra sérmerkinga, sem fyrir eru, í þessa skrá (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 251/2014 frá 26. febrúar 2014 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91 ([1]), einkum 21. gr. og 1. og 3. mgr. 26. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91 ([2]) er sett fram skrá yfir landfræðilegar sérmerkingar á kryddblönduðum vínafurðum sem njóta verndar samkvæmt þeirri reglugerð. Reglugerð (ESB) nr. 251/2014 felldi úr gildi og kom í stað reglugerðar (EBE) nr. 1601/91. Í III. kafla reglugerðar (ESB) nr. 251/2014 er mælt fyrir um reglur um vernd landfræðilegra merkinga í geira kryddblandaðra vínafurða. Með þeim kafla er framkvæmdastjórninni einnig veitt vald m.a. til að samþykkja framkvæmdargerðir til að koma á fót og viðhalda rafrænni skrá yfir landfræðilegar merkingar fyrir kryddblandaðar vínafurðir, sem njóta verndar samkvæmt þeirri reglugerð, og skal hún vera aðgengileg almenningi. Vista ætti skrána á vefsetri á vegum framkvæmdastjórnarinnar.

2) Samkvæmt 1. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 251/2014 njóta fyrirliggjandi landfræðilegar sérmerkingar fyrir kryddblandaðar vínafurðir, sem eru skráðar í II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 1601/91 eða eru lagðar fyrir aðildarríki og samþykktar af því aðildarríki fyrir 27. mars 2014, sjálfkrafa verndar sem landfræðilegar merkingar samkvæmt þeirri reglugerð. Hins vegar ætti að fjarlægja úr skránni fyrirliggjandi landfræðilegar sérmerkingar, hafi hlutaðeigandi aðildarríki ekki sent framkvæmdastjórninni tækniskjalið og landsbundnu ákvörðunina um samþykki þeirra fyrir 28. mars 2017 í samræmi við 3. mgr. 26. gr. þeirrar reglugerðar.

3) Framkvæmdastjórninni bárust fyrir 28. mars 2017 tækniskjalið og landsbundna ákvörðunin um samþykki fyrir fyrirliggjandi landfræðilegu sérmerkingunum fyrir kryddblönduðu vínafurðirnar „Nürnberger Glühwein“ (17. mars 2017)*, „Samoborski bermet“* (23. mars 2017)*, „Thüringer Glühwein“* (17. mars 2017) og *„Vermut di Torino“* eða *„Vermouth di Torino“* (24. mars 2017), sem eru skráðar í II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 1601/91.

4) Spánn samþykkti landfræðilegu sérmerkinguna „*Vino Naranja del Condado de Huelva*“ 6. júlí 2011. Framkvæmdastjórninni bárust tækniskjalið og landsbundna ákvörðunin um samþykki 14. mars 2017.

5) Framkvæmdastjórnin mat fyrirliggjandi landfræðilegu sérmerkingarnar *„Nürnberger Glühwein“, „Samoborski bermet“, „Thüringer Glühwein“, „Vermut di Torino“* eða *„Vermouth di Torino“* og *„Vino Naranja del Condado de Huelva“* og komst að þeirri niðurstöðu að þær uppfylli skilgreininguna á landfræðilegri merkingu sem kveðið er á um í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 251/2014.

6) Því ætti að skrá fyrirliggjandi landfræðilegu sérmerkingarnar *„Nürnberger Glühwein“, „Samoborski bermet“, „Thüringer Glühwein“, „Vermut di Torino“* eða *„Vermouth di Torino“* og *„Vino Naranja del Condado de Huelva“* í skrána sem landfræðilegar merkingar fyrir kryddblandaðar vínafurðir sem njóta verndar samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 251/2014.

7) Framkvæmdastjórn hefur ekki fengið í hendur tækniskjalið og landsbundnu ákvörðunina um samþykki fyrir fyrirliggjandi landfræðilegu sérmerkingunni „*Vermouth de Chambéry*“. Þess vegna missti fyrirliggjandi landfræðilega sérmerkingin „*Vermouth de Chambéry*“ vernd sína frá og með 29. mars 2017. Þar eð ekki er enn búið að koma skránni á fót ætti framkvæmdastjórnin ekki að skrá heitið „*Vermouth de Chambéry*“ í skrána.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 42, 14.2.2020, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 241/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 84, 20.3.2014, bls. 14.

([2]) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91 frá 10. júní 1991 um almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á kryddvínum, drykkjum blönduðum með kryddvínum og hanastélum blönduðum með kryddvínum (Stjtíð. EB L 149, 14.6.1991, bls. 1).

8) Fyrir skýrleika sakir og í kjölfar beiðni frá umsækjendunum ætti að skrá heiti fyrirliggjandi ítölsku landfræðilegu sérmerkingarinnar, sem er gefin upp í II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 1601/91, sem annað hvort *„Vermouth di Torino“ eða „Vermut di Torino“,* allt eftir tungumálaútgáfum reglugerðarinnar, í skrána sem *„Vermut di Torino“/„Vermouth di Torino“*.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skrá

1. Rafrænu skránni yfir landfræðilegar merkingar fyrir kryddblandaðar vínafurðir (hér eftir nefnd „skráin“), sem um getur í 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. 251/2014, er hér með komið á fót með stafrænu kerfi sem framkvæmdastjórnin skal gera aðgengilegt fyrir almenning.

2. Í skránni skal telja upp heiti (eitt eða fleiri) þeirra kryddblönduðu vínafurða sem njóta verndar sem landfræðilegar merkingar samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 251/2014.

2. gr.

Fyrirliggjandi landfræðilegar sérmerkingar

Eftirfarandi fyrirliggjandi landfræðilegar sérmerkingar eru taldar upp í skránni sem landfræðilegar merkingar sem njóta verndar í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 251/2014:

a) „Nürnberger Glühwein“,

b) „Samoborski bermet“,

c) „Thüringer Glühwein“,

d) „Vermut di Torino“/„Vermouth di Torino“,

e) „Vino Naranja del Condado de Huelva“.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. febrúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/717 **2022/EES/72/42**

frá 26. apríl 2021

um skráningu landfræðilegrar merkingar fyrir brenndan drykk skv. 2. mgr. 30. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 (Nagykunsági szilvapálinka) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 frá 17. apríl 2019 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja, notkun heita brenndra drykkja í kynningu og merkingu annarra matvæla, vernd landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki, notkun etanóls og eimis úr landbúnaði í áfenga drykki og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 110/2008 ([1]), einkum 2. mgr. 30. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 ([2]) hefur framkvæmdastjórnin tekið til athugunar umsókn Ungverjalands frá 14. október 2016 um skráningu landfræðilegu merkingarinnar „Nagykunsági szilvapálinka“.

2) Reglugerð (ESB) 2019/787, sem kemur í stað reglugerðar (EB) nr. 110/2008, öðlaðist gildi 25. maí 2019. Samkvæmt 1. mgr. 49. gr. þeirrar reglugerðar er III. kafli reglugerðar (EB) nr. 110/2008 um landfræðilegar merkingar felldur úr gildi frá og með 8. júní 2019.

3) Eftir að framkvæmdastjórnin komst að þeirri niðurstöðu að umsóknin væri í samræmi við reglugerð (EB) nr. 110/2008 birti hún meginskilgreiningarnar í tækniskjalinu í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* ([3]) eins og krafist er skv. 6. mgr. 17. gr. þeirrar reglugerðar, í samræmi við fyrstu undirgrein 4. mgr. 50. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787.

4) Framkvæmdastjórninni hefur ekki borist nein yfirlýsing um andmæli skv. 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787.

5) Því ætti að skrá heitið „Nagykunsági szilvapálinka“ sem landfræðilega merkingu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Landfræðilega merkingin „Nagykunsági szilvapálinka“ er hér með færð inn í skrána. Reglugerð þessi veitir heitinu „Nagykunsági szilvapálinka“ vernd þá sem um getur í 21. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 í samræmi við 4. mgr. 30. gr. þeirrar reglugerðar.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 151, 3.5.2021, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 241/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 (Stjtíð. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16).

([3]) Stjtíð. ESB C 14, 13.1.2021, bls. 3.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. apríl 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd forsetans,

Janusz WOJCIECHOWSKI

framkvæmdastjóri.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/724 **2022/EES/72/43**

frá 3. mars 2021

um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 að því er varðar samskipti aðildarríkja við framkvæmdastjórnina með tilliti til aðila sem eru tilnefndir til að hafa eftirlit með þroskunarferli brenndra drykkja og lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á að farið sé að ákvæðum þeirrar reglugerðar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 frá 17. apríl 2019 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja, notkun heita brenndra drykkja í kynningu og merkingu annarra matvæla, vernd landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki, notkun etanóls og eimis úr landbúnaði í áfenga drykki og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 110/2008 ([1]), einkum a-lið fyrstu undirgreinar 20. gr. og 2. mgr. 44. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 6. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 er þess krafist að allar aðferðir til að láta brennda drykki þroskast fari fram undir eftirliti skattayfirvalda aðildarríkis eða undir eftirliti sem veitir jafngilda ábyrgð.

2) Í því skyni skulu aðildarríki tilnefna aðila sem bera ábyrgð á eftirliti með slíkum þroskunarferlum og upplýsa framkvæmdastjórnina um það til þess að hún geti komið á fót opinberri skrá yfir þessa tilnefndu aðila.

3) Í 1. mgr. 43. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 er kveðið á um að aðildarríki beri ábyrgð á eftirliti með brenndum drykkjum Þau skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að farið sé að þeirri reglugerð og tilnefna lögbæru yfirvöldin sem bera ábyrgð á að farið sé að þeirri reglugerð.

4) Í því skyni að tryggja skilvirk samskipti milli framkvæmdastjórnarinnar og aðila sem bera ábyrgð á eftirliti með þroskunarferlum og lögbærra yfirvalda sem bera ábyrgð á að tryggja að farið sé að ákvæðum reglugerðar (ESB) 2019/787 þykir rétt að krefjast þess að aðildarríkin tilkynni framkvæmdastjórninni um samskiptaupplýsingar viðkomandi aðila sem bera ábyrgð á eftirliti með þroskunarferlum og lögbærra yfirvalda sem bera ábyrgð á því að tryggja að farið sé að ákvæðum þeirrar reglugerðar.

5) Til að tryggja að samskipti milli aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar fari fram á einfaldan og skilvirkan hátt þykir rétt að krefjast þess að ef aðildarríki tilnefnir einn eða fleiri aðila sem hafa eftirlit með þroskunarferlum brenndra drykkja eða fleiri en eitt lögbært yfirvald sem ber ábyrgð á að tryggja að farið sé að ákvæðum reglugerðar (ESB) 2019/787 skuli viðkomandi aðildarríki tilnefna samskiptastofnun sem einn tengilið fyrir framkvæmdastjórnina. Aðildarríki ættu því einnig að tilkynna samskiptaupplýsingar samskiptastofnanna sinna til framkvæmdastjórnarinnar.

6) Til að tryggja skilvirka miðlun upplýsinga milli aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar ætti einnig að mæla fyrir um reglur varðandi snið og fresti fyrir slíka miðlun.

7) Þessi reglugerð ætti að koma til framkvæmda frá og með 25. maí 2021 í samræmi við 3. mgr. 51. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um brennda drykki.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 155, 5.5.2021, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 241/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 1.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Upplýsingar sem skal tilkynna framkvæmdastjórninni

1. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni eftirfarandi upplýsingar varðandi aðilana sem eru tilnefndir til að hafa eftirlit með þroskunarferlum brenndra drykkja í samræmi við 6. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787:

a) heiti, heimilisfang, símanúmer og tölvupóstfang aðilans sem er tilnefndur til að hafa eftirlit með þroskunarferlum brenndra drykkja,

b) sértæka ábyrgð hvers aðila fyrir sig ef nokkrir aðilar eru tilnefndir til að hafa eftirlit með þroskunarferlum brenndra drykkja,

c) heiti, heimilisfang, símanúmer og tölvupóstfang samskiptastofnunarinnar sem er tilnefnd í samræmi við fyrstu málsgrein 2. gr.

2. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni eftirfarandi upplýsingar varðandi lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á að tryggja að farið sé að ákvæðum reglugerðar (ESB) 2019/787 í samræmi við 1. mgr. 43. gr. þeirrar reglugerðar:

a) heiti, heimilisfang, símanúmer og tölvupóstfang lögbæra yfirvaldsins,

b) sértæka ábyrgð hvers lögbærs yfirvalds fyrir sig ef nokkur lögbær yfirvöld eru tilnefnd,

c) heiti, heimilisfang, símanúmer og tölvupóstfang samskiptastofnunarinnar sem er tilnefnd í samræmi við aðra málsgrein 2. gr.

2. gr.

Tilnefning samskiptastofnana

Ef aðildarríki tilnefnir fleiri en einn aðila til að hafa eftirlit með þroskunarferlum brenndra drykkja skal það tilnefna samskiptastofnun fyrir slíka aðila sem hafa eftirlit með þroskunarferlum.

Ef aðildarríki tilnefnir fleiri en eitt lögbært yfirvald sem ber ábyrgð á að tryggja að farið sé að ákvæðum reglugerðar (ESB) 2019/787 skal það tilnefna samskiptastofnun fyrir slík lögbær yfirvöld.

Báðar samskiptastofnanirnar skulu bera ábyrgð á miðlun upplýsinga til framkvæmdastjórnarinnar.

3. gr.

Frestur og fyrirkomulag varðandi tilkynningar frá aðilunum sem eru tilnefndir til að hafa eftirlit með þroskunarferlum brenndra drykkja og frá lögbærum yfirvöldum sem bera ábyrgð á að tryggja að farið sé að ákvæðum reglugerðar (ESB) 2019/787

1. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um upplýsingarnar sem settar eru fram í 1. gr. eigi síðar en 25. ágúst 2021.

2. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um allar breytingar á tilkynntum upplýsingum, sem um getur í 1. mgr., innan þriggja mánaða frá þeim degi þegar breytingin var gerð.

3. Tilkynningarnar skulu gerðar með að nota sniðin sem sett eru fram í I. viðauka fyrir upplýsingar er varða aðilana sem eru tilnefndir til að hafa eftirlit með þroskunarferlum brenndra drykkja og í II. viðauka fyrir upplýsingar er varða lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á að tryggja að farið sé að ákvæðum reglugerðar (ESB) 2019/787.

4. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 25. maí 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. mars 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

I. VIÐAUKI

Eyðublað fyrir tilkynninguna sem um getur í 1. mgr. 1. gr.

Aðildarríki:

Dagsetning tilkynningar:

Fylla skal út A-hluta ef einn aðili er tilnefndur til að hafa eftirlit með þroskunarferlum brenndra drykkja eða B-hluta ef nokkrir aðilar eru tilnefndir til að hafa eftirlit með þessum ferlum. Í síðara tilviki skal einnig fylla út C-hluta.

A-HLUTI

AÐILI SEM ER TILNEFNDUR TIL AÐ HAFA EFTIRLIT MEÐ ÞROSKUNARFERLUM BRENNDRA DRYKKJA

Heiti:

Heimilisfang:

Símanúmer:

Tölvupóstfang:

B-HLUTI

SKRÁ YFIR AÐILA SEM ERU TILNEFNDIR TIL AÐ HAFA EFTIRLIT MEÐ ÞROSKUNARFERLUM BRENNDRA DRYKKJA

Tilgreina skal eftirfarandi upplýsingar fyrir hvern aðila:

Heiti:

Heimilisfang:

Símanúmer:

Tölvupóstfang:

Sértæk ábyrgð:

C-HLUTI

SAMSKIPTASTOFNUN

Heiti:

Heimilisfang:

Símanúmer:

Tölvupóstfang:

———

II. VIÐAUKI

Eyðublað fyrir tilkynninguna sem um getur í 2. mgr. 1. gr.

Aðildarríki:

Dagsetning tilkynningar:

Fylla skal út A-hluta ef eitt lögbært yfirvald er tilnefnt til að tryggja að farið sé að ákvæðum reglugerðar (ESB) 2019/787 eða B-hluta ef nokkur lögbær yfirvöld eru tilnefnd. Í síðara tilviki skal einnig fylla út C-hluta.

A-HLUTI

LÖGBÆRT YFIRVALD SEM BER ÁBYRGÐ Á AÐ TRYGGJA AÐ FARIÐ SÉ AÐ ÁKVÆÐUM REGLUGERÐAR (ESB) 2019/787

Heiti:

Heimilisfang:

Símanúmer:

Tölvupóstfang:

B-HLUTI

SKRÁ YFIR LÖGBÆR YFIRVÖLD SEM BERA ÁBYRGÐ Á AÐ TRYGGJA AÐ FARIÐ SÉ AÐ ÁKVÆÐUM REGLUGERÐAR (ESB) 2019/787

Tilgreina skal eftirfarandi upplýsingar fyrir hvert lögbært yfirvald:

Heiti:

Heimilisfang:

Símanúmer:

Tölvupóstfang:

Sértæk ábyrgð:

C-HLUTI

SAMSKIPTASTOFNUN

Heiti:

Heimilisfang:

Símanúmer:

Tölvupóstfang:

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1236 **2022/EES/72/44**

frá 12. maí 2021

um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 er varða umsóknir um skráningu á landfræðilegum merkingum á brenndum drykkjum, andmælameðferð, breytingar á forskriftum fyrir afurðir, afturköllun skráningar, notkun tákns og eftirlit (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 frá 17. apríl 2019 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja, notkun heita brenndra drykkja í kynningu og merkingu annarra matvæla, vernd landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki, notkun etanóls og eimis úr landbúnaði í áfenga drykki og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 110/2008 ([1]), einkum c-lið fyrstu málsgreinar 20. gr. og 42. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reglugerð (ESB) 2019/787 felldi úr gildi og kom í stað reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 ([2]). Í III. kafla reglugerðar (ESB) 2019/787 er mælt fyrir um reglur um landfræðilegar merkingar í geira brenndra drykkja og framkvæmdastjórninni veitt vald til að samþykkja framseldar gerðir og framkvæmdargerðir að því er það varðar. Til að tryggja snurðulausa starfsemi markaðarins fyrir brennda drykki innan hins nýja lagaramma og einkum til að einfalda og hagræða starfsemi kerfisins fyrir landfræðilegar merkingar brenndra drykkja verður að samþykkja tilteknar reglur með slíkum gerðum. Þessar gerðir ættu að koma í staðinn fyrir hluta ákvæða framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 716/2013 ([3]) sem er felld úr gildi með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1235 ([4]).

2) Með reglugerð (ESB) 2019/787 er heimilað að nokkrir hópar frá mismunandi aðildarríkjum eða þriðju löndum leggi fram sameiginlega umsókn um skráningu landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum. Til glöggvunar ætti að mæla fyrir um viðbótarreglur um framlagningu slíkra sameiginlegra umsókna sem varða fleiri en eitt landsbundið yfirráðasvæði.

3) Til að tryggja að samræmdar og skilvirkar málsmeðferðarreglur séu fyrir hendi ætti að mæla fyrir um reglur um tilskildar upplýsingar og eyðublöð til að leggja fram umsóknir um skráningu, umsóknir um samþykki fyrir breytingum á vegum Sambandsins á forskrift fyrir afurð og orðsendingar varðandi samþykktar almennar og tímabundnar breytingar, tilkynningar og rökstuddar yfirlýsingar um andmæli, tilkynningar um lok samráðs í kjölfar andmælameðferðar og beiðnir um afturköllun skráninga.

4) Í forskriftinni fyrir afurðina ætti að lýsa því landsvæði landfræðilegra merkinga sem sóst er eftir vernd fyrir á sundurliðaðan, nákvæman og ótvíræðan hátt sem gerir framleiðendum, lögbærum yfirvöldum og eftirlitsaðilum kleift að starfa á öruggum, afdráttarlausum og áreiðanlegum grunni. Enn fremur ætti eina skjalið að innihalda gagnorða samantekt um landfræðilega svæðið.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 270, 29.7.2021, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 241/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 (Stjtíð. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 716/2013 frá 25. júlí 2013 um reglur vegna beitingar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum (Stjtíð. ESB L 201, 26.7.2013, bls. 21).

([4]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1235 frá 12. maí 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 með reglum er varða umsóknir um skráningu á landfræðilegum merkingum á brenndum drykkjum, breytingar á forskriftum fyrir afurðir, afturköllun skráningar og skrána (Stjtíð. ESB L 270, 29.7.2021, bls. 1).

5) Vernda ætti hagsmuni þriðju aðila í aðildarríki ef umtalsverðar breytingar eru gerðar á forskriftum fyrir afurðir, sem lagðar voru fram með umsókninni, í kjölfar athugasemda framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við grannskoðunina sem gerð var skv. 1. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787. Birta ætti slíkar breytingar á viðunandi hátt á vettvangi aðildarríkja til að einstaklingar eða lögaðilar sem eiga lögmætra hagsmuna að gæta geti lagt fram andmæli.

6) Í þágu réttarvissu og skilvirkrar stjórnunar kerfisins ætti að kveða á um ítarlegar reglur varðandi kröfur og fresti í tengslum við andmælameðferð, umsóknir um samþykki fyrir breytingum á vegum Sambandsins, orðsendingar varðandi samþykktar almennar eða tímabundnar breytingar og beiðnir um afturköllun.

7) Í samræmi við 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 á framkvæmdastjórnin að miðla tilkynningu um andmæli sem hafa verið lögð fram gegn umsókn um skráningu á landfræðilegri merkingu eða umsókn um samþykki fyrir breytingu á vegum Sambandsins eða gegn beiðni um afturköllun til yfirvaldsins, aðilans eða einstaklingsins sem lagði fram umsóknina eða beiðnina. Af ástæðum sem varða gagnsæi og hagkvæmni við málsmeðferðina ætti sú tilkynning að innihalda nafn og samskiptaupplýsingar mótaðilans. Umsækjandinn getur þá umsvifalaust hafið óformlegt samráð við hugsanlegan mótaðila og mögulega skýrt vandamálið áður en mótaðilinn sendir rökstudda yfirlýsingu um andmæli.

8) Ef tæk, rökstutt yfirlýsing um andmæli kemur á eftir tilkynningu um andmæli skal framkvæmdastjórnin láta yfirvaldinu, aðilanum eða einstaklingnum sem lagði fram tilkynninguna um andmælin og yfirvaldinu, aðilanum eða einstaklingnum sem lagði fram umsóknina um skráningu eða breytingu eða beiðni um afturköllun í té viðkomandi samskiptaupplýsingar til að gera aðilunum tveimur kleift að taka þátt í viðeigandi samráði í samræmi við 3. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787.

9) Nafn umsækjanda sem leggur fram umsókn um samþykki fyrir breytingu á vegum Sambandsins eða einstaklings, eða heiti lögaðila sem leggur fram beiðni um afturköllun í samræmi við 31. eða 32. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787, eftir því sem við á, skal birt til að auðkenna þá aðila sem hafa virkjað málsmeðferð fyrir breytingu eða afturköllun og til að gera hugsanlegum mótaðilum kleift að vefengja lögmæti hagsmuna þeirra.

10) Nauðsynlegt er að birta samþykktar almennar og tímabundnar breytingar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* til að breytingin verði opinber og taki gildi á yfirráðasvæði Sambandsins í samræmi við nýja kerfið til að samþykkja breytingar sem um getur í 31. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787. Birting samþykktrar almennrar breytingar sem vísar til landfræðilegrar merkingar sem er upprunnin í þriðja landi og sem einstaklingur eða lögaðili tilkynnti um getur innihaldið persónuupplýsingar til að auðkenna aðilann sem ber ábyrgð á að senda slíka breytingu.

11) Taka ætti gildandi reglur um notkun Evrópusambandstáknsins fyrir verndaðar landfræðilegar merkingar fyrir landbúnaðarafurðir og matvæli, eins og sett er fram í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 668/2014 ([5]), óbreyttar inn til að gera neytendum kleift að bera kennsl á brennda drykki sem bera verndaða landfræðilega merkingu.

12) Virðisauki landfræðilegrar merkingar byggist á trausti neytenda. Kerfið er einungis marktækt ef því fylgir skilvirk auðkenning, eftirlit og endurskoðun sem felst m.a. í kerfi fyrir eftirlit á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar sem er stjórnað af lögbærum yfirvöldum sem aðildarríkin tilnefna í samræmi við 1. mgr. 43. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 í tengslum við 2. mgr. 38. gr. þeirrar reglugerðar. Til að starfsemi innri markaðarins verði eins og best verður á kosið er mikilvægt að framleiðendur geti hratt og auðveldlega sýnt fram á, í ýmsu samhengi, að þeir hafi leyfi til að nota verndaða heitið, s.s. við eftirlit tollvarða, markaðseftirlit eða að beiðni rekstraraðila í viðskiptum. Kerfi sem aðildarríki hafa innleitt ætti einnig að tryggja að framleiðendur sem fara að reglunum eigi rétt á að falla undir sannprófun á samræmi við forskriftina fyrir afurðina.

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 668/2014 frá 13. júní 2014 um reglur vegna beitingar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1151/2012 um gæðakerfi fyrir landbúnaðarafurðir og matvæli (Stjtíð. ESB L 179, 19.6.2014, bls. 36).

13) Setja ætti reglur og taka upp eyðublöð að því er varðar sönnun fyrir vottun brenndra drykkja sem bera landfræðilega merkingu sem tengist landfræðilegu svæði í þriðja landi.

14) Til að auka skilvirkni í rekstri stjórnsýslu og með tilliti til reynslu sem fengist hefur í gegnum upplýsingakerfi sem framkvæmdastjórnin hefur komið upp skal einfalda samskiptin milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar og skiptast skal á upplýsingum í samræmi við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1183 ([6]) og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1185 ([7]).

15) Framkvæmdastjórnin hefur komið á fót upplýsingakerfinu *e*-Ambrosia til meðhöndla umsóknir um vernd landfræðilegra merkinga fyrir matvæli, vín, brennda drykki og kryddvín. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin ættu að halda áfram að nota það kerfi, að því er varðar brennda drykki, fyrir samskipti sem varða málsmeðferðarreglur í tengslum við umsóknir um skráningu og um samþykki fyrir breytingum á forskriftinni fyrir afurðina. Vegna hins stranga faggildingakerfis ætti þó ekki að nota þetta kerfi til samskipta við aðildarríki varðandi málsmeðferð vegna andmæla og beiðna um afturköllun og ekki ætti að nota það til samskipta við þriðju lönd fyrr en tilskildar ábyrgðir um stafrænt öryggi liggja fyrir. Þess í stað ættu aðildarríki, lögbær yfirvöld og framleiðendur í þriðju löndum, sem og einstaklingar eða lögaðilar sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta samkvæmt reglugerð (ESB) 2019/787, að eiga samskipti við framkvæmdastjórnina með tölvupósti að því er varðar málsmeðferð vegna andmæla og beiðna um afturköllun.

16) Skilgreina ætti með hvaða hætti framkvæmdastjórnin gerir upplýsingar um landfræðilegar merkingar í geira brenndra drykkja aðgengilegar fyrir almenning.

17) Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin annast málsmeðferð vegna skráningar, breytinga á forskrift fyrir afurð og afturköllun skráningar að því er varðar landfræðilegar merkingar á brenndum drykkjum, sem eru upprunnir í Sambandinu, og málsmeðferð sem varðar eftirlit samkvæmt reglugerð (ESB) 2019/787, framseldri reglugerð (ESB) 2021/1235 og þessari reglugerð. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin bera ábyrgð á aðgreindum þrepum í hverri tegund málsmeðferðar. Aðildarríkin bera ábyrgð á fyrsta þrepinu, sem felst í því að taka við umsókninni frá framleiðendahópnum, meta hana, þ.m.t. að fara í gegnum landsbundna andmælameðferð, og, þegar niðurstaða er komin úr matinu, að leggja umsóknina fyrir framkvæmdastjórnina. Framkvæmdastjórnin ber ábyrgð á því að grannskoða umsóknirnar, þ.m.t. að fara í gegnum alþjóðlega andmælameðferð, og taka ákvörðun um hvort veita eigi landfræðilegu merkingunni vernd. Framkvæmdastjórnin annast einnig samsvarandi málsmeðferð vegna landfræðilegra merkinga sem eru upprunnar í þriðju löndum.

18) Með það fyrir augum að lágmarka að persónuupplýsingar séu óvarðar ætti að forðast, eins og mögulegt er, að gera kröfu um að persónuupplýsingar komi fram í þeim skjölum sem lögð eru fram við viðkomandi málsmeðferð. Samt sem áður gætu framkvæmdastjórnin og aðildarríkin þurft að vinna með upplýsingar sem innihalda persónuupplýsingar, s.s. nöfn einstaklinga og samskiptaupplýsingar þeirra. Í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum gæti þurft að gefa upp slíkar upplýsingar eða birta þær opinberlega.

19) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ([8]) gildir um vinnslu persónuupplýsinga sem framkvæmdastjórnin framkvæmir við þessa málsmeðferð. Rétt þykir að skýra nánar að framkvæmdastjórnin skal teljast vera ábyrgðaraðili í skilningi reglugerðar (ESB) 2018/1725 í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga í þeirri málsmeðferð sem hún ber ábyrgð á samkvæmt reglugerð (ESB) 2019/787.

([6]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1183 frá 20. apríl 2017 um viðbætur við reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1307/2013 og (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar miðlun á upplýsingum og skjölum til framkvæmdastjórnarinnar (Stjtíð. ESB L 171, 4.7.2017, bls. 100).

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1185 frá 20. apríl 2017 um reglur um beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1307/2013 og (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar miðlun á upplýsingum og skjölum til framkvæmdastjórnarinnar og um breytingu og niðurfellingu á nokkrum reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (Stjtíð. ESB L 171, 4.7.2017, bls. 113).

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu stofnana, aðila, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39).

20) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ([9]) gildir um vinnslu persónuupplýsinga sem aðildarríki framkvæma við viðkomandi málsmeðferð. Því þykir rétt þykir að skýra nánar að lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu teljast vera ábyrgðaraðilar í skilningi reglugerðar (ESB) 2016/679 í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga í þeirri málsmeðferð sem þau bera ábyrgð á samkvæmt reglugerð (ESB) 2019/787.

21) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um brennda drykki.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

Inngangsákvæði

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um beitingu reglugerðar (ESB) 2019/787 að því er varðar landfræðilegar merkingar á brenndum drykkjum, þá einkum varðandi:

a) umsóknir um skráningu,

b) andmælameðferð,

c) breytingar á forskriftum fyrir afurðir,

d) afturköllun skráningar,

e) notkun á Evrópusambandstákninu,

f) eftirlit,

g) orðsendingar.

II. KAFLI

SÉRTÆK ÁKVÆÐI

1. ÞÁTTUR

UMSÓKN UM SKRÁNINGU

2. gr.

(Framkvæmdarvald í samræmi við 2. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787) Sameiginlegar umsóknir

1. Að því er varðar 4. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787, að því er varðar sameiginlegar umsóknir um skráningu á landfræðilegri merkingu, skulu kröfurnar sem mælt er fyrir um í 23. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 og í 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/1235 uppfylltar í öllum viðkomandi aðildarríkjum og þriðju löndum. Ákvæði 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/1235 skulu gilda um öll viðkomandi aðildarríki.

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

2. Aðildarríki, yfirvald þriðja lands eða umsækjandi sem hefur staðfestu í þriðja landi, sem leggur fyrir framkvæmdastjórnina sameiginlega umsókn eins og um getur í 1. mgr., verður viðtakandi allra tilkynninga eða ákvarðana sem framkvæmdastjórnin gefur út.

3. gr.

(Framkvæmdarvald í samræmi við 2. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787) Eina skjalið

1. Að því er varðar c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 23. gr. og b-lið 2. mgr. 23. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 skal eina skjalið vera gagnort og ekki lengra 2500 orð, nema í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum.

2. Ef umsóknin tengist landfræðilegu svæði í aðildarríki skal útbúa eina skjalið í samræmi við eyðublaðið sem er gert aðgengilegt í stafrænu kerfunum sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 13. gr.

3. Ef umsóknin tengist landfræðilegu svæði í þriðja landi skal yfirvald þriðja landsins eða umsækjandi með staðfestu í þriðja landi nota fyrirmyndina að einu skjali sem sett er fram í I. viðauka. Framkvæmdastjórnin getur fært þær upplýsingar sem þannig eru veittar inn í stafræn kerfi sín.

4. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu einnig gilda um eina skjalið sem fellur undir beiðni um birtingu í samræmi við 6. mgr. 50. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787.

4. gr.

(Framkvæmdarvald í samræmi við a-lið 1. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787) Landfræðilegt svæði

Landfræðilega svæðið sem um getur í d-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 skal skilgreint í forskriftinni fyrir afurðina á nákvæman hátt sem býður ekki upp á neina tvíræðni og vísar eftir því sem mögulegt er til efnislegra eða stjórnsýslulegra marka.

5. gr.

(Framkvæmdarvald í samræmi við 2. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787) Landsbundið viðbótargrannskoðunarferli

Ef gerðar eru, í kjölfar samskipta milli framkvæmdastjórnarinnar og hlutaðeigandi aðildarríkis sem um getur í 1. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787, umtalsverðar breytingar á forskrift fyrir afurð skulu þessar breytingar birtar á viðunandi hátt í hlutaðeigandi aðildarríki til að gera öllum einstaklingum eða lögaðilum, sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta og hafa staðfestu eða eru heimilisfastir á yfirráðasvæði viðkomandi aðildarríkis, kleift að leggja fram andmæli áður en nýja útgáfan af eina skjalinu er send til framkvæmdastjórnarinnar.

Í tilvikum þegar landsbundin viðbótarandmælameðferð á að fara fram getur framkvæmdastjórnin, óski hlutaðeigandi aðildarríki þess, framlengt frestinn til að leggja fram athugasemdir, sem um getur í 1. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787, um allt að sex mánuði.

Rafræna tilvísunin í birta útgáfu forskriftarinnar fyrir afurðina skal uppfærð og skal leiða til samsteyptrar útgáfu af fyrirhugaðri forskrift fyrir afurðina.

2. ÞÁTTUR

ANDMÆLAMEÐFERÐ

6. gr.

(Framkvæmdarvald í samræmi við b-lið 1. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787) Málsmeðferðarreglur vegna andmæla

1. Tilkynning um andmæli, eins og um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787, skal innihalda:

a) heitið, sem andmælin varða, sem birt var í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins*,

b) tilvísun í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* þar sem viðkomandi umsókn um skráningu heitisins, umsókn um breytingu á vegum Sambandsins eða beiðni um afturköllun var birt,

c) nafn og samskiptaupplýsingar yfirvalds aðildarríkisins eða þriðja landsins eða einstaklingsins eða heiti lögaðilans sem lagði fram tilkynninguna um andmælin,

d) yfirlýsingu um að umsóknin gæti brotið í bága við kröfurnar í III. kafla reglugerðar (ESB) 2019/787.

Útbúa skal tilkynningu um andmæli í samræmi við eyðublaðið sem sett er fram í II. viðauka.

2. Rökstudd yfirlýsing um andmæli, eins og um getur í 2. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787, skal innihalda:

a) heitið, sem andmælin varða, sem birt var í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins*,

b) tilvísun í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* þar sem heitið, sem andmælin varða, var birt,

c) nafn og samskiptaupplýsingar yfirvalds aðildarríkisins eða yfirvalds þriðja landsins eða einstaklingsins eða heiti lögaðilans sem lagði fram rökstuddu yfirlýsinguna um andmælin,

d) lýsingu á lögmætum hagsmunum einstaklingsins eða lögaðilans sem lagði fram tilkynninguna um andmælin; þessi krafa skal ekki gilda um landsyfirvöld,

e) tilgreiningu á ástæðunum fyrir andmælunum, eins og um getur í 28. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787,

f) upplýsingar um staðreyndir málsins, sönnunargögn og athugasemdir sem styðja við andmælin.

Ef við á mega fylgiskjöl fylgja rökstuddu yfirlýsingunni.

Útbúa skal rökstudda yfirlýsingu um andmæli í samræmi við eyðublaðið sem sett er fram í III. viðauka. Þrátt fyrir þetta getur framkvæmdastjórnin tekið við rökstuddri yfirlýsingu sem er ekki útbúin í samræmi við þetta eyðublað, að því tilskildu að allar þær upplýsingar sem krafist er samkvæmt þessari grein séu veittar.

3. Að því er varðar fimmtu undirgrein 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 skal senda nafn og samskiptaupplýsingar yfirvaldsins eða einstaklingsins sem lagði fram tilkynninguna um andmælin til yfirvaldsins, aðilans eða einstaklingsins sem lagði fram umsóknina um skráningu eða samþykki fyrir breytingu á vegum Sambandsins eða beiðni um afturköllun.

4. Að því er varðar 3. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 skal senda nafn og samskiptaupplýsingar yfirvaldsins eða einstaklingsins sem lagði fram rökstuddu yfirlýsinguna um andmæli og yfirvaldsins, aðilans eða einstaklingsins sem lagði fram umsóknina um skráningu eða um samþykki fyrir breytingu á vegum Sambandsins eða beiðni um afturköllun til hins aðilans.

5. Framkvæmdastjórninni skal tilkynnt um niðurstöður samráðsins, sem um getur í 3. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787, innan eins mánaðar frá því að samráðinu lýkur. Slík tilkynning skal innihalda:

a) heitið, sem andmælin varða, sem birt var í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins*,

b) tilvísun í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* þar sem heitið, sem andmælin varða, var birt,

c) nafn mótaðilans eða -aðilanna,

d) niðurstöður samráðsins,

e) upplýsingar um hvort eina skjalinu eða forskrift fyrir afurð hafi verið breytt og lýsingu á slíkum breytingum.

Tilkynningin um lok samráðs í kjölfar andmælameðferðar skal útbúin í samræmi við eyðublaðið sem sett er fram í IV. viðauka við þessa reglugerð.

3. ÞÁTTUR

BREYTINGAR Á FORSKRIFT FYRIR AFURÐ

7. gr.

(Framkvæmdarvald í samræmi við c-lið 1. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787) Umsóknir um breytingar á vegum Sambandsins

1. Umsókn um samþykki fyrir breytingu á vegum Sambandsins á forskrift fyrir afurð, eins og um getur í 31. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787, skal innihalda:

a) verndaða heitið sem breytingin varðar,

b) nafn og samskiptaupplýsingar umsækjanda og lýsingu á lögmætum hagsmunum umsækjandans,

c) þær yfirskriftir í forskriftinni fyrir afurðina og í eina skjalinu sem breytingin hefur áhrif á,

d) útskýringu á því hvers vegna breytingin fellur undir skilgreininguna á breytingu á vegum Sambandsins, eins og kveðið er á um í 31. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787,

e) lýsingu á og ástæðurnar fyrir hverri breytingu sem lögð er til,

f) samsteypta eina skjalið, með breytingum,

g) rafrænu tilvísunina í birta útgáfu samsteyptu forskriftarinnar fyrir afurðina, með breytingum,

h) yfirlýsingu frá aðildarríkinu um að það telji að umsóknin uppfylli kröfurnar í reglugerð (ESB) 2019/787og ákvæði sem samþykkt hafa verið í samræmi við hana,

i) einungis fyrir umsóknir frá þriðju löndum: sönnun fyrir því að breytingin sem óskað er eftir sé í samræmi við lög um vernd landfræðilegra merkinga sem gilda í því þriðja landi.

Lýsingin og ástæðurnar sem um getur í e-lið og skjalið sem um getur í f-lið skulu ekki vera lengri en 2500 orð hvort fyrir sig, nema í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum.

2. Umsókn um samþykki fyrir breytingu á vegum Sambandsins skal vera gagnorð og ekki lengri en 5000 orð, nema í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum. Umsókn frá aðildarríki skal tekin saman í samræmi við eyðublaðið sem er gert aðgengilegt í stafrænu kerfunum sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 13. gr. Umsækjendur frá þriðju löndum skulu nota eyðublaðið sem sett er fram í V. viðauka. Framkvæmdastjórnin getur fært þær upplýsingar sem þannig eru veittar inn í stafræn kerfi sín.

3. Breytta eina skjalið skal tekið saman í samræmi við 3. gr. Umsókn frá þriðja landi getur innihaldið samsteypta útgáfu forskriftarinnar fyrir afurðina í stað rafrænu tilvísunarinnar í birta útgáfu forskriftarinnar fyrir afurð.

4. Að því er varðar 4. mgr. 31. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787, í tengslum við 2. mgr. 26. gr. þeirrar reglugerðar, skal framkvæmdastjórnin birta, auk eina skjalsins, með breytingum, og tilvísunarinnar í birtingu forskriftarinnar fyrir afurðina, með breytingum, umsóknina um samþykki fyrir breytingu á vegum Sambandsins á forskrift fyrir afurð í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins.*

Nöfn einstaklinga eða lögaðila eða opinberra starfsmanna aðildarríkis eða þriðju landa sem leggja umsóknina fram skulu birt sem hluti af þeirri umsókn.

8. gr.

(Framkvæmdarvald í samræmi við c-lið 1. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787) Orðsending um almenna breytingu

1. Orðsending um samþykkta almenna breytingu á forskrift fyrir afurð, í samræmi við aðra undirgrein 2. mgr. 8. gr. og 3., 7. og 8. mgr. 8. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/1235, skal innihalda:

a) tilvísunina í verndaða heitið sem almenna breytingin varðar,

b) útskýringu á því hvers vegna breytingin fellur undir skilgreininguna á almennri breytingu, eins og kveðið er á um í 31. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787,

c) lýsingu á samþykktu breytingunni þar sem tilgreint er hvort breytingin leiðir til breytingar á eina skjalinu,

d) samantekt á ástæðunum fyrir því hvers vegna breytingin er nauðsynleg,

e) ákvörðunina um að samþykkja almennu breytinguna eins og um getur í 2. og 3. mgr. 8. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/1235,

f) ef við á, samsteypta eina skjalið, með breytingum,

g) rafrænu tilvísunina í birta útgáfu samsteyptu forskriftarinnar fyrir afurðina, með breytingum.

2. Ef aðildarríki sendir orðsendinguna skal hún innihalda yfirlýsingu frá því aðildarríki um að það telji samþykktu breytinguna samræmast kröfunum í reglugerð (ESB) 2019/787 og ákvæðum sem eru samþykkt í samræmi við hana.

3. Ef um er að ræða brennda drykki sem eru upprunnir í þriðju löndum skal tilgreina í orðsendingunni frá yfirvöldum þriðja landsins, eða frá umsækjanda í þriðja landi sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta, heiti þriðja landsins eða nafn umsækjandans sem sendir orðsendinguna og láta fylgja sönnun fyrir því að breytingin gildi í þriðja landinu. Hún getur innihaldið forskriftina fyrir afurðina eins og hún var birt opinberlega í staðinn fyrir rafrænu tilvísunina í birta útgáfu hennar.

4. Orðsending frá aðildarríki um samþykkta almenna breytingu skal tekin saman í samræmi við eyðublaðið sem er gert aðgengilegt í stafrænu kerfunum sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 13. gr. Fyrir orðsendingar frá þriðju löndum skal nota eyðublaðið sem sett er fram í VI. viðauka. Framkvæmdastjórnin getur fært þær upplýsingar sem þannig eru veittar inn í stafræn kerfi sín.

5. Að því er varðar 5. mgr. 8. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/1235 skal heiti aðildarríkisins eða þriðja landsins eða nafn einstaklingsins eða heiti lögaðilans sem sendi orðsendingu um samþykkta almenna breytingu á forskrift fyrir afurð fyrir landfræðilega merkingu birt sem hluti af orðsendingunni.

9. gr.

(Framkvæmdarvald í samræmi við c-lið 1. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787) Orðsending um tímabundna breytingu

1. Orðsending um samþykkta tímabundna breytingu á forskrift fyrir afurð, í samræmi við 1. til 4. mgr. 10. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/1235, skal innihalda:

a) tilvísunina í verndaða heitið sem hún varðar,

b) lýsingu á samþykktu tímabundnu breytingunni ásamt ástæðum sem styðja hana, eins og um getur í 3. mgr. 31. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/787,

c) tilvísunina í formlega viðurkenningu lögbærra yfirvalda á náttúruhamförunum eða óhagstæðum veðurskilyrðum eða um setningu lögboðinna ráðstafana um hollustuhætti eða á sviði heilbrigðis plantna,

d) rafrænu tilvísunina í birta útgáfu landsbundnu ákvörðunarinnar um að samþykkja tímabundnu breytinguna.

2. Ef aðildarríki sendir orðsendinguna skal hún innihalda yfirlýsingu frá því aðildarríki um að það telji samþykktu breytinguna samræmast kröfunum í reglugerð (ESB) 2019/787 og ákvæðum sem eru samþykkt í samræmi við hana.

3. Ef um er að ræða brennda drykki sem eru upprunnir í þriðju löndum skal tilgreina í orðsendingunni frá yfirvöldum þriðja landsins, eða frá umsækjanda í þriðja landi sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta, heiti þriðja landsins eða umsækjandans sem sendir orðsendinguna og láta fylgja sönnun fyrir því að breytingin gildi í þriðja landinu. Hún getur innihaldið landsbundnu ákvörðunina um að samþykkja tímabundnu breytinguna, eins og hún var birt opinberlega, í staðinn fyrir rafrænu tilvísunina í birtingu hennar.

4. Orðsending frá aðildarríki um samþykkta tímabundna breytingu skal tekin saman í samræmi við eyðublaðið sem er gert aðgengilegt í stafrænu kerfunum sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 13. gr. Fyrir orðsendingar frá þriðju löndum skal nota eyðublaðið sem sett er fram í VII. viðauka. Framkvæmdastjórnin getur fært þær upplýsingar sem þannig eru veittar inn í stafræn kerfi sín.

5. Að því er varðar 5. mgr. 10. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/1235 skal heiti aðildarríkisins eða þriðja landsins eða nafn einstaklingsins eða heiti lögaðilans sem sendi orðsendingu um samþykkta tímabundna breytingu á forskrift fyrir afurð fyrir landfræðilega merkingu birt sem hluti af orðsendingunni.

4. ÞÁTTUR

AFTURKÖLLUN

10. gr.

(Framselt vald í samræmi við d-lið 1. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787) Beiðnir um afturköllun

1. Beiðni um að afturkalla skráningu á landfræðilegri merkingu, eins og um getur í 32. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787, skal innihalda:

a) tilvísunina í verndaða heitið sem hún varðar,

b) aðildarríkið eða þriðja landið sem landfræðilega svæðið tilheyrir,

c) heiti og samskiptaupplýsingar yfirvaldsins eða lögaðilans sem vill láta afturkalla skráninguna. Ef einstaklingur óskar eftir afturköllun má sleppa nafni hans og öðrum persónuupplýsingum í beiðninni og senda aðskilið til framkvæmdastjórnarinnar,

d) lýsingu á lögmætum hagsmunum einstaklingsins eða lögaðilans sem vill láta afturkalla skráninguna. Þessi krafa skal ekki gilda um landsyfirvöld,

e) tilgreiningu á ástæðunni fyrir afturkölluninni,

f) upplýsingar um staðreyndir málsins, sönnunargögn og athugasemdir sem styðja við beiðnina um afturköllun,

g) yfirlýsingu frá aðildarríkinu um að það telji að beiðnin um afturköllun uppfylli kröfurnar í 32. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787og ákvæði sem samþykkt hafa verið í samræmi við hana.

Ef við á mega fylgiskjöl fylgja beiðninni um afturköllun.

2. Útbúa skal beiðni um afturköllun í samræmi við eyðublaðið í VIII. viðauka.

3. Framkvæmdastjórnin skal, að því er varðar aðra undirgrein 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787, í tengslum við 2. mgr. 26. gr. þeirrar reglugerðar, birta beiðnina um afturköllun í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins*. Nöfn einstaklinga eða lögaðila eða opinberra starfsmanna aðildarríkis eða þriðju landa sem leggja fram beiðni um afturköllun skulu birt sem hluti af þeirri beiðni.

5. ÞÁTTUR

NOTKUN Á EVRÓPUSAMBANDSTÁKNINU

11. gr.

(Framkvæmdarvald í samræmi við c-lið 20. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787) Evrópusambandstákn

Evrópusambandstáknið sem gefur til kynna vernd sem landfræðileg merking, sem um getur í 16. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787, skal birt á því formi sem mælt er fyrir um í X. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 668/2014.

6. ÞÁTTUR

EFTIRLIT

12. gr.

(Framkvæmdarvald í samræmi við e-lið 1. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787) Sannprófun á því að farið sé að forskriftinni fyrir afurðina

1. Að því er varðar þessa grein merkir „framleiðandi brennds drykkjar sem ber landfræðilega merkingu“ eða „vinnsluaðili brennds drykkjar sem ber landfræðilega merkingu“, hér á eftir nefndir „framleiðandi“ eða „vinnsluaðili“, eftir því sem við á: rekstraraðili sem stundar starfsemi sem fellur undir forskrift fyrir afurð fyrir samsvarandi landfræðilega merkingu.

2. Hver sá framleiðandi eða vinnsluaðili sem fer að reglunum sem kveðið er á um í III. kafla reglugerðar (ESB) 2019/787 hefur rétt á því að falla undir sannprófun á því að farið sé að tilskildum ákvæðum sem eru fastsett skv. 38. gr. þeirrar reglugerðar. Framleiðandi eða vinnsluaðili skal tilkynna um rekstur sinn til lögbæra yfirvaldsins sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787.

3. Framleiðandi eða vinnsluaðili afurðar sem staðfest er, í kjölfar sannprófunarferlisins sem um getur í 38. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787, að samræmist forskrift fyrir afurð fyrir landfræðilega merkingu sem nýtur verndar í samræmi við þá reglugerð skal annaðhvort:

a) fá vottorð, sem má vera staðfest afrit, sem staðfestir að farið sé að forskriftinni fyrir afurðina. Vottorðið skal a.m.k. vera á rafrænu formi og heimilt er að gera það aðgengilegt á vefsíðu sem framleiðandinn eða vinnsluaðilinn hefur aðgang að og þaðan sem framleiðandinn eða vinnsluaðilinn getur halað vottorðinu niður. Útgáfudagurinn skal koma fram á vottorðinu. Vottaðir framleiðendur eða vinnsluaðilar skulu gera vottorð sitt aðgengilegt fyrir allar opinberar eftirlitsstofnanir eða önnur eftirlitsyfirvöld. Þeir geta einnig gert vottorð sitt aðgengilegt fyrir almenning eða hvern þann einstakling sem kann að óska eftir sönnun fyrir vottun þegar viðskipti fara fram. Slíkt vottorð skal vera ritað með latnesku letri eða því fylgja umritun á annað tungumál eða annað stafróf með latneskum rittáknum eða

b) vera á skrá yfir samþykkta framleiðendur eða vinnsluaðila sem lögbært yfirvald kom á fót. Færslan í skránni, sem má vera viðeigandi útdráttur úr heildarskránni, skal gerð aðgengileg fyrir alla framleiðendur eða vinnsluaðila sem eru skráðir í skrána. Hún skal a.m.k. vera á rafrænu formi og heimilt er að gera hana aðgengilega á vefsíðu sem framleiðandinn eða vinnsluaðilinn hefur aðgang að og þaðan sem framleiðandinn eða vinnsluaðilinn getur halað niður opinberum útdrætti úr samsvarandi færslu í skránni. Í færslunni í skránni skal dagsetning innfærslu koma fram. Framleiðandinn eða vinnsluaðilinn skal gera færslu sína í skránni aðgengilega fyrir allar opinberar eftirlitsstofnanir eða önnur eftirlitsyfirvöld, sé þess óskað. Þeir geta einnig gert færslu sína í skránni aðgengilega fyrir almenning og fyrir hvern þann einstakling sem kann að óska eftir sönnun fyrir færslu í skránni þegar viðskipti fara fram. Slík færsla í skránni skal vera rituð með latnesku letri eða henni fylgja umritun á annað tungumál eða annað stafróf með latneskum rittáknum.

4. Vottorðið og færslan í skránni, sem um getur í 3. mgr., skulu uppfærð með reglulegu millibili á grundvelli áhættumats. Vottorðið og færslan í skránni skulu a.m.k. innihalda eftirfarandi gögn:

a) heiti vernduðu landfræðilegu merkingarinnar,

b) flokk brennda drykkjarins,

c) númer framleiðandans (valkvætt),

d) firmaheiti og samskiptaupplýsingar framleiðandans eða vinnsluaðilans,

e) firmaheiti eða opinbert heiti og samskiptaupplýsingar eftirlitsaðila eða yfirvalds sem ber ábyrgð á færslunni í skránni,

f) starf framleiðandans eða vinnsluaðilans sem vottunin eða færslan í skránni gildir um, þ.e. „framleiðsla“, „vinnsla“, „átöppun (pökkun)“ og/eða „annað“ (skal skilgreint nánar),

g) útgáfudag vottorðsins eða dagsetningu innfærslu í skrána,

h) undirskrift, innsigli eða merki eftirlitsaðila eða yfirvalds sem ber ábyrgð á færslunni í skránni sem má vera rafræn.

5. Ef framleiðandi eða vinnsluaðili missir vottunina eða er tekinn af skránni skulu aðildarríki tryggja að framleiðandinn eða vinnsluaðilinn haldi ekki áfram að sýna eða nota vottorðið eða færsluna í skránni.

6. Til að greiða fyrir frjálsu flæði innan Sambandsins er aðilum sem gefa út vottorð og yfirvöldum sem bera ábyrgð á færslunum í skránum, sem um getur í 3. mgr., heimilt að nota eyðublaðið sem sett er fram í IX. viðauka.

7. Að því er varðar afurðir sem eru framleiddar í þriðju löndum skal framleiðandi eða vinnsluaðili afurðar með skráða landfræðilega merkingu sem er flutt inn í Sambandið láta innflytjanda afurðarinnar til Sambandsins í té, sé þess óskað, sönnun fyrir vottun sinni, eins og hún kemur frá landsbundnu eftirlitsyfirvaldi eða vottunaraðila þess þriðja lands, sem framleiðandi eða vinnsluaðili afurðar með þessa landfræðilegu merkingu.

Sönnun fyrir vottun má vera vottorð eða færsla í skrá yfir heimilaða framleiðendur eða vinnsluaðila og viðkomandi landsbundið yfirvald eða vottunaraðili getur afhent það beint. Sönnun fyrir vottun má vera á pappírsformi eða rafræn. Hún skal vera á eða henni fylgja þýðing á opinberu tungumáli Sambandsins og með letri sem er auðskiljanlegt í aðildarríkinu eða aðildarríkjunum þar sem afurðin er sett á markað. Hún skal ekki vera fallin úr gildi, í samræmi við landslög þriðja landsins, þann dag sem hún er gerð aðgengileg fyrir innflytjandann.

8. Innflytjandinn skal, sé þess óskað, gera sönnunina fyrir vottuninni sem um getur í 7. mgr. aðgengilega fyrir tollyfirvöld eða önnur yfirvöld í ESB sem taka þátt í að sannprófa notkun landfræðilegra merkinga á vörum sem eru tilkynntar í frjálst flæði eða settar á markað í Sambandinu. Innflytjandinn getur gert sönnunina fyrir vottuninni aðgengilega fyrir almenning eða hvern þann einstakling sem óskar eftir sönnun fyrir vottun þegar viðskipti fara fram.

III. KAFLI

ORÐSENDINGAR

13. gr.

(Framkvæmdarvald í samræmi við 2. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787) Orðsendingar milli framkvæmdastjórnarinnar, aðildarríkjanna, þriðju landa og annarra rekstraraðila

1. Skjöl og upplýsingar sem krafist er til að koma III. kafla reglugerðar (ESB) 2019/787 og II. kafla þessarar reglugerðar í framkvæmd skulu send til framkvæmdastjórnarinnar sem hér segir:

a) frá lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna: gegnum stafrænu kerfin sem framkvæmdastjórnin gerir aðgengileg, með fyrirvara um 2. mgr.,

b) frá lögbærum yfirvöldum og framleiðendum í þriðju löndum, sem og einstaklingum eða lögaðilum sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta samkvæmt reglugerð (ESB) 2019/787: með tölvupósti með því að nota eyðublöðin sem sett eru fram í I. til VIII. viðauka við þessa reglugerð.

Þær meginreglur og kröfur sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2017/1183 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/1185 gilda um orðsendingar sem sendar eru skv. a-lið fyrstu undirgreinar.

2. Þrátt fyrir a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. skulu lögbær yfirvöld aðildarríkjanna senda tilkynninguna um andmælin, rökstuddu yfirlýsinguna um andmælin og tilkynninguna um niðurstöður samráðsins sem um getur í 6. gr., sem og beiðnina um afturköllun sem um getur í 10. gr., til framkvæmdastjórnarinnar með tölvupósti.

3. Framkvæmdastjórnin skal senda upplýsingar og gera þær aðgengilegar fyrir lögbær yfirvöld aðildarríkjanna í gegnum stafrænu kerfin sem framkvæmdastjórnin gerir aðgengileg í samræmi við a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. Framkvæmdastjórnin skal senda upplýsingar í tengslum við málsmeðferð, sem um getur í b-lið 1. mgr. og í 2. mgr., til aðildarríkjanna, lögbærra yfirvalda og umsækjendahópa í þriðju löndum, sem og til einstaklinga eða lögaðila sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta samkvæmt reglugerð (ESB) 2019/787, með tölvupósti.

4. Að því er varðar opinberar tæknilegar orðsendingar sem varða landfræðilegar merkingar á brenndum drykkjum skal hvert aðildarríki senda framkvæmdastjórninni einn tengilið sem samanstendur af heiti deildar og póstfangi hennar, virku tölvupóstfangi og símanúmeri deildarinnar. Aðildarríkið skal halda þessum tengiliðum uppfærðum. Í þessum gögnum skal einungis tilgreina opinberar stöður, skrifstofur og deildir. Í gögnunum skal hvorki tilgreina einstaklinga né persónuupplýsingar sem annars kunna að vera hluti af heimilisföngum, símanúmerum tengiliða eða öðrum gagnaatriðum.

Framkvæmdastjórnin getur varðveitt, geymt, miðlað, birt opinberlega og dreift með reglulegu millibili allri skránni yfir slíka tengiliði, þ.m.t. til sinna eigin skrifstofa, annarra stofnana og aðila Sambandsins, og til allra tengiliða í skránni. Framkvæmdastjórnin getur gert kröfu um að þessi gögn séu lögð fram í gegnum stafræn kerfi sem hún gerir aðgengileg.

14. gr.

(Framkvæmdarvald í samræmi við 2. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787) Framlagning og viðtaka orðsendinga

1. Orðsendingar og framlögð gögn sem um getur í 13. gr. skulu teljast hafa verið framlögð á þeim degi sem þau berast framkvæmdastjórninni.

2. Framkvæmdastjórnin skal staðfesta viðtöku allra orðsendinga sem henni berast og allra skráa sem eru sendar gegnum stafrænu kerfin, sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 13. gr., til lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna gegnum stafrænu kerfin.

Framkvæmdastjórnin skal úthluta hverri nýrri umsókn um skráningu, umsókn um samþykki fyrir breytingu á vegum Sambandsins, orðsendingum sem varða samþykktar almennar breytingar og orðsendingum sem varða samþykktar tímabundnar breytingar skrásetningarnúmeri.

Staðfesting á viðtöku skal a.m.k. innihalda eftirfarandi þætti:

a) skrásetningarnúmerið,

b) heiti viðkomandi afurðar,

c) viðtökudaginn.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna um og gera aðgengilegar upplýsingar og athugasemdir varðandi slíkar orðsendingar og framlögð gögn gegnum stafrænu kerfin sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 13. gr.

3. Að því er varðar orðsendingar og framlagningar skráa sem eru sendar með tölvupósti skal framkvæmdastjórnin staðfesta viðtöku með tölvupósti.

Hún skal úthluta hverri nýrri umsókn um skráningu, umsókn um samþykki fyrir breytingum á vegum Sambandsins, orðsendingum sem varða samþykktar almennar breytingar og orðsendingum varðandi samþykktar tímabundnar breytingar skrásetningarnúmeri.

Staðfesting á viðtöku skal a.m.k. innihalda eftirfarandi þætti:

a) skrásetningarnúmerið,

b) heiti viðkomandi afurðar,

c) viðtökudaginn.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna um og gera aðgengilegar upplýsingar og athugasemdir varðandi slíkar orðsendingar og framlagningar með tölvupósti.

4. Ákvæði 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/1183 og 1. til 5. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2017/1185 gilda að breyttu breytanda um tilkynningar og að gera upplýsingar aðgengilegar eins og um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

15. gr.

(Framkvæmdarvald í samræmi við 2. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787) Upplýsingar sem birta skal opinberlega

Þær upplýsingar sem framkvæmdastjórninni ber að birta opinberlega í samræmi við III. kafla reglugerðar (ESB) 2019/787, framselda reglugerð (ESB) 2021/1235 og þessa reglugerð skulu birtar opinberlega í gegnum stafrænu kerfin sem framkvæmdastjórnin gerir aðgengileg eins og um getur í a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 13. gr. þessarar reglugerðar.

IV. KAFLI

Persónuupplýsingar

16. gr.

(Framkvæmdarvald í samræmi við 2. lið 1. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787) Persónuupplýsingar

1. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu vinna þær persónuupplýsingar sem þeim berast við málsmeðferð vegna skráningar, samþykkis fyrir breytingum, afturköllunar og eftirlits samkvæmt reglugerð (ESB) 2019/787, framseldri reglugerð (ESB) 2021/1235 og þessari reglugerð í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1725 og reglugerð (ESB) 2016/679.

2. Framkvæmdastjórnin skal teljast vera ábyrgðaraðili í skilningi reglugerðar (ESB) 2018/1725 í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga í málsmeðferð þar sem hún er lögbær í samræmi við reglugerð (ESB) 2019/787, framselda reglugerð (ESB) 2021/1235 og þessa reglugerð.

3. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu teljast vera ábyrgðaraðilar í skilningi reglugerðar (ESB) 2016/679 í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga í málsmeðferð þar sem þau eru lögbær í samræmi við reglugerð (ESB) 2019/787, framselda reglugerð (ESB) 2021/1235 og þessa reglugerð.

V. KAFLI

Lokaákvæði

17. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. maí 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

EINA SKJALIÐ (REGLUGERÐ (ESB) 2019/787)

„HEITI“

GI-XX-XXXX

Dagsetning umsóknar: XX-XX-XXXX

Mikilvæg tilkynning: umsækjendum er ráðlagt að gefa ekki upp neinar persónuupplýsingar (þ.m.t. nöfn einstaklinga) og einkum í samskiptaupplýsingum (s.s. einkasímanúmer og -tölvupóstföng). Allar persónuupplýsingar sem lagðar eru fram á þessu eyðublaði verða unnar í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ([1]). *Ef til andmæla kemur er nafn umsækjanda sent til mótaðilans til að viðeigandi samráð geti hafist í samræmi við 3. mgr. 27. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787* ([2]). *Persónuverndaryfirlýsingin er aðgengileg á Europa-vefsetrinu.*

1. **Heiti sem skal skrá:**

…

2. **Þriðja land eða lönd sem landfræðilega svæðið tilheyrir:**

…

3. **Tegund landfræðilegrar merkingar:**

Landfræðileg merking

4. **Flokkur eða flokkar brennda drykkjarins:**

…

5. **Lýsing á eiginleikum brennda drykkjarins:**

…

6. **Skilgreining á landfræðilega svæðinu:**

…

7. **Framleiðsluaðferð:**

…

8. **Sértækar reglur varðandi umbúðir:**

… *[Ef það á ekki við skal skilja eftir eyðu Samantekt rökstuðnings fyrir hvers konar takmörkunum skal koma fram]*.

9. **Sértækar reglur varðandi merkingar:**

… *[Ef það á ekki við skal skilja eftir eyðu* Samantekt rökstuðnings fyrir hvers konar takmörkun skal koma fram].

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu stofnana, aðila, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 frá 17. apríl 2019 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja, notkun heita brenndra drykkja í kynningu og merkingu annarra matvæla, vernd landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki, notkun etanóls og eimis úr landbúnaði í áfenga drykki og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 110/2008 (Stjtíð. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 1).

10. **Lýsing á tengslunum milli brennda drykkjarins og landfræðilegs uppruna hans, þ.m.t., eftir því sem við á, sérstakir þættir afurðalýsingarinnar eða framleiðsluaðferðarinnar sem réttlæta tengslin:**

…

Tilvísun í birta útgáfu forskriftarinnar fyrir afurðina

…

———

II. VIÐAUKI

TILKYNNING UM ANDMÆLI (REGLUGERÐ (ESB) 2019/787)

Mikilvæg tilkynning: umsækjendum er ráðlagt að gefa ekki upp neinar persónuupplýsingar (þ.m.t. nöfn einstaklinga) og einkum í samskiptaupplýsingum (s.s. einkasímanúmer og -tölvupóstföng). Allar persónuupplýsingar sem lagðar eru fram á þessu eyðublaði verða unnar í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ([1]). *Tilkynning um andmæli, þ.m.t. nafn mótaðilans, er send til umsækjandans í samræmi við 1. mgr. 27. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787* ([2]). *Persónuverndaryfirlýsingin er aðgengileg á Europa-vefsetrinu.*

1. **Heiti afurðar**

[eins og það birtist í *Stjórnartíðindunum*]

…

2. **Tilvísun**

[eins og það birtist í *Stjórnartíðindunum*]

Tilvísunarnúmer:…

Dagsetning birtingar í *Stjórnartíðindunum*:…

3. **Tilkynning um andmæli**

[Heiti aðildarríkisins eða þriðja landsins eða lögaðilans eða nafn einstaklingsins, sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta og hefur staðfestu í þriðja landi, sem leggur fram þessa tilkynningu um andmæli] telur að umsóknin, sem um getur í 1. og 2. lið, gæti brotið í bága við skilyrðin sem mælt er fyrir um í III. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 og áskilur sér rétt til að senda rökstudda yfirlýsingu um andmæli í samræmi við 2. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787.]

4. **Samskiptaupplýsingar**

Tengiliður*:…

Hópur/samtök eða landsyfirvald:…

Deild:…

Heimilisfang: …

…

Sími: + …

Tölvupóstfang:…

5. **Dagsetning og undirskrift**

[Heiti]

[Deild/stofnun eða fyrirtæki]

[Heimilisfang]

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu stofnana, aðila, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 frá 17. apríl 2019 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja, notkun heita brenndra drykkja í kynningu og merkingu annarra matvæla, vernd landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki, notkun etanóls og eimis úr landbúnaði í áfenga drykki og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 110/2008 (Stjtíð. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 1).

[Símanúmer:+]

[Tölvupóstfang:]

[Dagsetning:]

[Undirskrift:]

———

III. VIÐAUKI

RÖKSTUDD YFIRLÝSING UM ANDMÆLI (REGLUGERÐ (ESB) 2019/787)

Mikilvæg tilkynning: umsækjendum er ráðlagt að gefa ekki upp neinar persónuupplýsingar (þ.m.t. nöfn einstaklinga) og einkum í samskiptaupplýsingum (s.s. einkasímanúmer og -tölvupóstföng). Allar persónuupplýsingar sem lagðar eru fram á þessu eyðublaði verða unnar í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ([1]). *Ef andmæli teljast tæk er nafn mótaðilans sent til umsækjandans til að viðeigandi samráð geti hafist í samræmi við 3. mgr. 27. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787* ([2]). *Persónuverndaryfirlýsingin er aðgengileg á Europa-vefsetrinu.*

1. **Heiti afurðar**

[eins og það birtist í *Stjórnartíðindunum*]

…

2. **Tilvísun**

[eins og það birtist í *Stjórnartíðindunum*]

Tilvísunarnúmer:…

Dagsetning birtingar í *Stjórnartíðindunum*:…

3. **Nafn mótaðilans**

[Aðildarríki, þriðja land, einstaklingur eða lögaðili með staðfestu í þriðja landi]

…

4. **Samskiptaupplýsingar**

Tengiliður:

Hópur/samtök eða landsyfirvald:

Deild:…

Heimilisfang:

…

Sími + …

Tölvupóstfang:…

5. **Lögmætir hagsmunir (ekki krafist fyrir landsyfirvöld)**

[*Leggið fram yfirlýsingu með útskýringum á lögmætum hagsmunum mótaðilans. Ef andmæli varða beiðni um afturköllun skal sýna fram á notkun á skráða heitinu í viðskiptalegum tilgangi (3. mgr. 12. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1235 ([3])). Landsyfirvöld eru undanþegin þessari kröfu.*]

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu stofnana, aðila, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 frá 17. apríl 2019 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja, notkun heita brenndra drykkja í kynningu og merkingu annarra matvæla, vernd landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki, notkun etanóls og eimis úr landbúnaði í áfenga drykki og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 110/2008 (Stjtíð. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 1).

([3]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1235 frá 12. maí 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 með reglum er varða umsóknir um skráningu á landfræðilegum merkingum á brenndum drykkjum, breytingar á forskriftum fyrir afurðir, afturköllun skráningar og skrána (Stjtíð. ESB L 270, 29.7.2021, bls. 1).

6. **Ástæður fyrir andmælum:**

☐ Umsókn um skráningu eða samþykki fyrir breytingu á vegum Sambandsins eða beiðni um afturköllun samræmist ekki reglunum um landfræðilegar merkingar á brenndum drykkjum vegna þess að hún myndi brjóta í bága við 4. mgr. 3. gr. og 22., 31. eða 32. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787, eftir því sem við á, og við ákvæði sem eru samþykkt í samræmi við hana.

☐ Umsókn um skráningu eða samþykki fyrir breytingu á vegum Sambandsins samræmist ekki reglunum um landfræðilegar merkingar á brenndum drykkjum vegna þess að hún myndi brjóta í bága við 34. eða 35. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787.

☐ Umsókn um skráningu eða samþykki fyrir breytingu á vegum Sambandsins samræmist ekki reglunum um landfræðilegar merkingar á brenndum drykkjum vegna þess að skráningin á tillögðu landfræðilegu merkingunni myndi stofna í hættu tilvist heitis eða vörumerkis sem er næstum því eða alveg eins, eða tilvist vöru sem hefur verið löglega á markaði í a.m.k. 5 ár fyrir útgáfudaginn sem kveðið er á um í 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787.

7. **Nánari upplýsingar um andmælin**

[*Leggið fram tilhlýðilega rökstuddar ástæður og rökstuðning, upplýsingar um staðreyndir málsins, sannanir og athugasemdir til stuðnings andmælunum. Leggið fram nauðsynleg gögn ef um er að ræða andmæli á grundvelli tilvistar eldra vörumerkis sem nýtur orðspors og orðstírs (2. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787)*].

8. **Skrá yfir fylgiskjöl** [*Leggið fram skrána yfir skjölin sem send eru til stuðnings andmælunum*].

9. **Dagsetning og undirskrift**

[Heiti]

[Deild/stofnun eða fyrirtæki]

[Heimilisfang]

[Símanúmer:+]

[Tölvupóstfang:]

[Dagsetning:]

[Undirskrift:]

———

IV. VIÐAUKI

TILKYNNING UM LOK SAMRÁÐS Í KJÖLFAR ANDMÆLAMEÐFERÐAR (REGLUGERÐ (ESB) 2019/787)

Mikilvæg tilkynning: umsækjendum er ráðlagt að gefa ekki upp neinar persónuupplýsingar (þ.m.t. nöfn einstaklinga) og einkum í samskiptaupplýsingum (s.s. einkasímanúmer og -tölvupóstföng). Persónuverndaryfirlýsingin er aðgengileg á Europa-vefsetrinu.

1. **Heiti afurðar**

[eins og það birtist í *Stjórnartíðindunum*]

2. **Tilvísun**

[eins og það birtist í *Stjórnartíðindunum*]

Tilvísunarnúmer:

Dagsetning birtingar í *Stjórnartíðindunum*:

3. **Nafn mótaðilans**

[Aðildarríki, þriðja land, einstaklingur eða lögaðili með staðfestu í þriðja landi]

…

4. **Niðurstaða samráðs**

4.1. *Samkomulag náðist við eftirfarandi mótaðila:*

[bætið við afritum af bréfum sem sýna fram á samkomulag og alla þætti sem gerðu það kleift að ná samkomulagi (3. mgr. 27. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 ([1]))]

4.2. *Samkomulag náðist ekki við eftirfarandi mótaðila:*

[bætið við þeim upplýsingum sem um getur í 3. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787]

5. **Forskrift fyrir afurð og eina skjalið**

5.1. *Forskrift fyrir afurð hefur verið breytt:*

… Já* …Nei

Ef merkt var við „Já“ skal bæta við lýsingu á breytingunum og breyttu forskriftinni fyrir afurðina

5.2. *Eina skjalinu hefur verið breytt:*

… Já** … Nei

**Ef svarið er „Já“, skal bæta uppfærða skjalinu við

6. **Dagsetning og undirskrift**

_____

[Heiti]

[Deild/stofnun eða fyrirtæki]

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 frá 17. apríl 2019 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja, notkun heita brenndra drykkja í kynningu og merkingu annarra matvæla, vernd landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki, notkun etanóls og eimis úr landbúnaði í áfenga drykki og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 110/2008 (Stjtíð. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 1).

[Heimilisfang]

[Símanúmer:+]

[Tölvupóstfang:]

[Dagsetning:]

[Undirskrift:]

———

V. VIÐAUKI

UMSÓKN UM SAMÞYKKI FYRIR BREYTINGU Á VEGUM SAMBANDSINS Á FORSKRIFT FYRIR AFURÐ (REGLUGERÐ (ESB) 2019/787)

Mikilvæg tilkynning: umsækjendum er ráðlagt að gefa ekki upp neinar persónuupplýsingar (þ.m.t. nöfn einstaklinga) og einkum í samskiptaupplýsingum (s.s. einkasímanúmer og -tölvupóstföng). Allar persónuupplýsingar sem lagðar eru fram á þessu eyðublaði verða unnar í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ([1]). *Af ástæðum sem varða gagnsæi og til að gera hugsanlegum mótaðilum kleift að andmæla kröfunni um lögmæta hagsmuni umsækjandans verður að birta nafn umsækjandans um breytingu á vegum Sambandsins á forskriftinni fyrir afurðina. Persónuverndaryfirlýsingin er aðgengileg á Europa-vefsetrinu.*

1. **Heiti afurðar**

[eins og það birtist í *Stjórnartíðindunum*]

2. **Umsækjandi og lögmætir hagsmunir**

[*Gefið upp nafn, heimilisfang, símanúmer og tölvupóstfang umsækjandans sem leggur til breytinguna. Ef heimilisfang, símanúmer og tölvupóstfang varða einstakling mega þær upplýsingar ekki koma fram á þessu eyðublaði og þær eru sendar aðskilið til framkvæmdastjórnarinnar.*

Leggið einnig fram yfirlýsingu þar sem fram koma lögmætir hagsmunir umsækjandans.]

3. **Þriðja land sem landfræðilega svæðið tilheyrir**

…

4. **Yfirskrift í forskriftinni fyrir afurðina og í eina skjalinu sem breytingin eða breytingarnar hafa áhrif á**

☐ Heiti afurðar

☐ Flokkur eða lögheiti brennda drykkjarins

☐ Tengsl

☐ Markaðshindranir

5. **Tegund breytinga(r)**

[*Leggið fram yfirlýsingu með útskýringum á því hvers vegna breytingin eða breytingarnar falla undir skilgreininguna á breytingu á vegum Sambandsins eins og kveðið er á um í 31. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787* ([2])].

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu stofnana, aðila, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 frá 17. apríl 2019 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja, notkun heita brenndra drykkja í kynningu og merkingu annarra matvæla, vernd landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki, notkun etanóls og eimis úr landbúnaði í áfenga drykki og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 110/2008 (Stjtíð. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 1).

6. **Breyting(ar)**

[*Leggið fram tæmandi lýsingu á og ástæðurnar fyrir hverri breytingu. Umsókn um breytingu verður að vera ítarleg og tæmandi eins og kveðið er á um í 1. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1235 ([3]) og 7. gr. framkvæmdarreglugerðar* framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1236 ([4])].

7. **Viðaukar**

7.1. Samsteypta eina skjalið, með breytingum

7.2. Samsteypta útgáfan af forskriftinni fyrir afurðina, eins og hún var birt, eða tilvísunin í birta útgáfu forskriftarinnar fyrir afurðina

7.3. Sönnun fyrir því að breyttu skjölin samsvari landfræðilegu merkingunni sem gildir í þriðja landinu

———

([3]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1235 frá 12. maí 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 með reglum er varða umsóknir um skráningu á landfræðilegum merkingum á brenndum drykkjum, breytingar á forskriftum fyrir afurðir, afturköllun skráningar og skrána (Stjtíð. ESB L 270, 29.7.2021, bls. 1).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1236 frá 12. maí 2021 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 er varða umsóknir um skráningu á landfræðilegum merkingum á brenndum drykkjum, andmælameðferð, breytingar á forskriftum fyrir afurðir, afturköllun skráningar, notkun tákns og eftirlit (Stjtíð. ESB L 270, 29.7.2021, bls. 10).

VI. VIÐAUKI

ORÐSENDING UM SAMÞYKKI FYRIR ALMENNRI BREYTINGU (REGLUGERÐ (ESB) 2019/787)

Mikilvæg tilkynning: umsækjendum er ráðlagt að gefa ekki upp neinar persónuupplýsingar (þ.m.t. nöfn einstaklinga) og einkum í samskiptaupplýsingum (s.s. einkasímanúmer og -tölvupóstföng). Allar persónuupplýsingar sem lagðar eru fram á þessu eyðublaði verða unnar í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ([1]). *Af ástæðum sem varða gagnsæi verður að birta nafn sendandans. Persónuverndaryfirlýsingin er aðgengileg á Europa-vefsetrinu.*

1. **Heiti afurðar**

[eins og það birtist í *Stjórnartíðindunum*]

2. **Þriðja land sem landfræðilega svæðið tilheyrir**

…

3. **Sendandi**

[*Einn framleiðandi eða hópur framleiðenda sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta eða yfirvöld í þriðja landinu sem landfræðilega svæðið tilheyrir (sjá 8. mgr. 24. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 ([2]))*].

4. **Lýsing á samþykktu breytingunni eða breytingunum**

[Leggið fram lýsingu á almennu breytingunni eða breytingunum og yfirlýsingu með útskýringum á því af hverju breytingin eða breytingarnar falla undir skilgreininguna á almennri breytingu eins og kveðið er á um í 3. mgr. 31. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787. Bæta skal við samantekt á ástæðunum fyrir því hvers vegna breytingarnar eru nauðsynlegar]. Tilgreinið hvort breytingin leiðir til breytingar á eina skjalinu eða ekki.]

5. **Viðaukar**

5,1. Ákvörðunin um að samþykkja almennu breytinguna

5.2. Sönnun fyrir því að breytingin gildi í þriðja landinu

5.3. Samsteypta eina skjalið, með breytingum, ef við á

5.4. Afrit af samsteyptu útgáfunni af forskriftinni fyrir afurðina eins og hún var birt, eða tilvísunin í birta útgáfu forskriftarinnar fyrir afurðina

———

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu stofnana, aðila, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 frá 17. apríl 2019 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja, notkun heita brenndra drykkja í kynningu og merkingu annarra matvæla, vernd landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki, notkun etanóls og eimis úr landbúnaði í áfenga drykki og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 110/2008 (Stjtíð. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 1).

VII. VIÐAUKI

ORÐSENDING UM SAMÞYKKI FYRIR TÍMABUNDINNI BREYTINGU (REGLUGERÐ (ESB) 2019/787)

Mikilvæg tilkynning: umsækjendum er ráðlagt að gefa ekki upp neinar persónuupplýsingar (þ.m.t. nöfn einstaklinga) og einkum í samskiptaupplýsingum (s.s. einkasímanúmer og -tölvupóstföng). Allar persónuupplýsingar sem lagðar eru fram á þessu eyðublaði verða unnar í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ([1]). *Af ástæðum sem varða gagnsæi verður að birta nafn sendandans. Persónuverndaryfirlýsingin er aðgengileg á Europa-vefsetrinu.*

1. **Heiti afurðar**

[eins og það birtist í *Stjórnartíðindunum*]

2. **Þriðja land sem landfræðilega svæðið tilheyrir**

…

3. **Sendandi**

[*Einn framleiðandi eða hópur framleiðenda sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta eða yfirvöld í þriðja landinu sem landfræðilega svæðið tilheyrir (sjá 8. mgr. 24. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 ([2]))*].

4. **Lýsing á samþykktu breytingunni eða breytingunum**

[*Leggið fram lýsingu á tímabundnu breytingunni eða breytingunum og sérstökum ástæðum fyrir henni eða þeim, þ.m.t. tilvísun í formlega viðurkenningu lögbæru yfirvaldanna á náttúruhamförum eða óhagstæðum veðurskilyrðum eða um setningu lögboðinna ráðstafana um hollustuhætti eða á sviði heilbrigðis plantna. Leggið einnig fram yfirlýsingu með útskýringum á því af hverju breytingin eða breytingarnar falla undir skilgreininguna á tímabundinni breytingu eins og kveðið er á um í 3. mgr. 31. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787.*]

5. **Viðaukar**

5.1. Umsóknin um samþykktu tímabundnu breytinguna

5.2. Ákvörðunin um að samþykkja tímabundnu breytinguna

5.3. Sönnun fyrir því að breytingin gildi í þriðja landinu

———

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu stofnana, aðila, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 frá 17. apríl 2019 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja, notkun heita brenndra drykkja í kynningu og merkingu annarra matvæla, vernd landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki, notkun etanóls og eimis úr landbúnaði í áfenga drykki og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 110/2008 (Stjtíð. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 1).

VIII. VIÐAUKI

BEIÐNI UM AFTURKÖLLUN (REGLUGERÐ (ESB) 2019/787)

Mikilvæg tilkynning: umsækjendum er ráðlagt að gefa ekki upp neinar persónuupplýsingar (þ.m.t. nöfn einstaklinga) og einkum í samskiptaupplýsingum (s.s. einkasímanúmer og -tölvupóstföng). Allar persónuupplýsingar sem lagðar eru fram á þessu eyðublaði verða unnar í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ([1]). *Af ástæðum sem varða gagnsæi og til að gera hugsanlegum mótaðilum kleift að andmæla kröfunni um lögmæta hagsmuni einstaklingsins eða lögaðilans sem leggur fram beiðni um afturköllun verður að birta heiti þess aðila. Persónuverndaryfirlýsingin er aðgengileg á Europa-vefsetrinu.*

1. **Skráð heiti sem lagt er til að verði afturkallað**

…

2. **Aðildarríki eða þriðja land sem landfræðilega svæðið tilheyrir**

…

3. **Einstaklingur eða lögaðili, aðildarríki eða þriðja land sem leggur fram beiðni um afturköllun**

[*Gefið upp nafn, heimilisfang, símanúmer og tölvupóstfang einstaklings eða lögaðila eða framleiðenda sem óska eftir afturkölluninni. Ef heimilisfang, símanúmer og tölvupóstfang varða einstakling mega þær upplýsingar ekki koma fram á þessu eyðublaði og þær eru sendar aðskilið til framkvæmdastjórnarinnar.*

Leggið einnig fram yfirlýsingu með útskýringum á lögmætum hagsmunum einstaklingsins eða lögaðilans sem óskar eftir afturkölluninni (ekki krafist fyrir landsyfirvöld).]

4. **Ástæður fyrir afturköllun og tengdar ástæður**

☐ Í samræmi við 1. mgr. 32. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 ([2]),

☐ a-liður

[*Leggið fram ítarlegan rökstuðning og, eftir því sem við á, sannanir fyrir afturköllun skráningarinnar á heitinu í samræmi við a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787.*]

☐ b-liður

[*Leggið fram ítarlegan rökstuðning og, eftir því sem við á, sannanir fyrir afturköllun skráningarinnar á heitinu í samræmi við b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787.*]

☐ Í samræmi við 2. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787

[*Leggið fram ítarlegan rökstuðning og, eftir því sem við á, sannanir fyrir afturköllun skráningarinnar á heitinu í samræmi við 2. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787.*]

5. **Skrá yfir fylgiskjöl**

[*Leggið fram skrá yfir skjölin sem eru send til að styðja við beiðnina um afturköllun, ef við á.*

Aðildarríki eru beðin um að leggja fram yfirlýsingu um að beiðnin um afturköllun uppfylli kröfurnar í 32. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 og ákvæði sem eru samþykkt í samræmi við hana.]

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu stofnana, aðila, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 frá 17. apríl 2019 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja, notkun heita brenndra drykkja í kynningu og merkingu annarra matvæla, vernd landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki, notkun etanóls og eimis úr landbúnaði í áfenga drykki og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 110/2008 (Stjtíð. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 1).

6. **Dagsetning og undirskrift**

[Heiti]

[Deild/stofnun eða fyrirtæki]

[Dagsetning:]

[Undirskrift:]

IX. VIÐAUKI

OPINBERT VOTTORÐ EÐA OPINBER FÆRSLA Í SKRÁ YFIR FRAMLEIÐENDUR EÐA VINNSLUAÐILA SEM FARA AÐ FORSKRIFT FYRIR AFURÐ FYRIR LANDFRÆÐILEGA MERKINGU Í GEIRA BRENNDRA DRYKKJA SKV. 3. MGR. 12. GR. FRAMKVÆMDARREGLUGERÐAR FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1236 ([1])

Þetta skjal staðfestir að framleiðandinn eða vinnsluaðilinn er vottaður til að merkja afurð sem landfræðilega merkingu sem nýtur verndar í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 ([2])	
1. Vernduð landfræðileg merking (VLM) (*) [*VLM eins og hún er færð inn í skrána*]	
2. Flokkur brenndra drykkja (*)	
3. Framleiðandi eða vinnsluaðili (*) [*firmaheiti, samskiptaupplýsingar og númer framleiðanda*]	
4. Eftirlitsaðili eða útgáfuyfirvald (*) [*firmaheiti og samskiptaupplýsingar*]	
5. Tilvísun [*það er valkvætt fyrir eftirlitsaðila eða útgáfuyfirvald að veita þessar upplýsingar*]	
6. Starf framleiðandans eða vinnsluaðilans sem vottunin gildir um (*) *(„framleiðsla“, „vinnsla,“, „átöppun (pökkun)“ eða „annað (skilgreinið nánar)“ – færið inn allt sem við á*]	
7. Útgáfudagur vottorðsins eða dagsetning innfærslu í skrána (færslan í skránni má vera viðeigandi útdráttur) (*) *[dd.mm.áááá]*	
8. Undirskrift, innsigli eða merki eftirlitsaðilans eða útgáfuyfirvaldsins (*)	
(*) *skyldubundnir reitir*	

([1]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1236 frá 12. maí 2021 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 er varða umsóknir um skráningu á landfræðilegum merkingum á brenndum drykkjum, andmælameðferð, breytingar á forskriftum fyrir afurðir, afturköllun skráningar, notkun tákns og eftirlit (Stjtíð. ESB L 270, 29.7.2021, bls. 10).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 frá 17. apríl 2019 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja, notkun heita brenndra drykkja í kynningu og merkingu annarra matvæla, vernd landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki, notkun etanóls og eimis úr landbúnaði í áfenga drykki og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 110/2008 (Stjtíð. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 1).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1291 **2022/EES/72/45**

frá 28. júlí 2021

um skráningu landfræðilegrar merkingar fyrir brenndan drykk skv. 2. mgr. 30. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 („Demerara Rum) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 frá 17. apríl 2019 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja, notkun heita brenndra drykkja í kynningu og merkingu annarra matvæla, vernd landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki, notkun etanóls og eimis úr landbúnaði í áfenga drykki og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 110/2008 ([1]), einkum 2. mgr. 30. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 ([2]) hefur framkvæmdastjórnin tekið til athugunar umsókn Gvæjana frá 28. júní 2018 um skráningu landfræðilegu merkingarinnar „Demerara Rum“.

2) Reglugerð (ESB) 2019/787, sem kemur í stað reglugerðar (EB) nr. 110/2008, kom til framkvæmdar 25. maí 2019. Samkvæmt 1. mgr. 49. gr. þeirrar reglugerðar er III. kafli reglugerðar (EB) nr. 110/2008 um landfræðilegar merkingar felldur úr gildi frá og með 8. júní 2019.

3) Eftir að framkvæmdastjórnin komst að þeirri niðurstöðu að umsóknin væri í samræmi við reglugerð (EB) nr. 110/2008 birti hún meginskilgreiningarnar í tækniskjalinu í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* ([3]) eins og krafist er skv. 6. mgr. 17. gr. þeirrar reglugerðar, í samræmi við fyrstu undirgrein 4. mgr. 50. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787.

4) Framkvæmdastjórninni hefur ekki borist nein yfirlýsing um andmæli skv. 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787.

5) Því ætti að skrá heitið „Demerara Rum“ sem landfræðilega merkingu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Landfræðilega merkingin „Demerara Rum“ er hér með skráð. Reglugerð þessi veitir heitinu „Demerara Rum“ vernd þá sem um getur í 21. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 í samræmi við 4. mgr. 30. gr. þeirrar reglugerðar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 281, 4.8.2021, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 241/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 (Stjtíð. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16).

([3]) Stjtíð. ESB C 120, 8.4.2021, bls. 7.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. júlí 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd forsetans,

Janusz WOJCIECHOWSKI

framkvæmdastjóri.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1265 **2022/EES/72/46**

frá 26. júlí 2021

um skráningu landfræðilegrar merkingar fyrir brenndan drykk skv. 2. mgr. 30. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 („Bayerischer Bärwurz“) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 frá 17. apríl 2019 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja, notkun heita brenndra drykkja í kynningu og merkingu annarra matvæla, vernd landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki, notkun etanóls og eimis úr landbúnaði í áfenga drykki og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 110/2008 ([1]), einkum 2. mgr. 30. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 ([2]) hefur framkvæmdastjórnin tekið til athugunar umsókn Þýskalands frá 7. júní 2019 um skráningu landfræðilegu merkingarinnar „Bayerischer Bärwurz“.

2) Reglugerð (ESB) 2019/787, sem kemur í stað reglugerðar (EB) nr. 110/2008, kom til framkvæmdar 25. maí 2019. Samkvæmt 1. mgr. 49. gr. þeirrar reglugerðar er III. kafli reglugerðar (EB) nr. 110/2008 um landfræðilegar merkingar felldur úr gildi frá og með 8. júní 2019.

3) Eftir að framkvæmdastjórnin komst að þeirri niðurstöðu að umsóknin væri í samræmi við reglugerð (EB) nr. 110/2008 birti hún meginskilgreiningarnar í tækniskjalinu í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* ([3]) eins og krafist er skv. 6. mgr. 17. gr. þeirrar reglugerðar, í samræmi við fyrstu undirgrein 4. mgr. 50. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787.

4) Framkvæmdastjórninni hefur ekki borist nein yfirlýsing um andmæli skv. 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787.

5) Því ætti að skrá heitið „Bayerischer Bärwurz“ sem landfræðilega merkingu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Landfræðilega merkingin „Bayerischer Bärwurz“ er hér með skráð. Reglugerð þessi veitir heitinu „Bayerischer Bärwurz“ vernd þá sem um getur í 21. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 í samræmi við 4. mgr. 30. gr. þeirrar reglugerðar.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 277, 2.8.2021, bls. 32. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 241/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 (Stjtíð. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16).

([3]) Stjtíð. ESB C 129, 13.4.2021, bls. 26.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. júlí 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd forsetans,

Janusz WOJCIECHOWSKI

framkvæmdastjóri.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1343 **2022/EES/72/47**

frá 10. ágúst 2021

um samþykki fyrir breytingum á nákvæmri skilgreiningu fyrir brenndan drykk en heiti hans er skráð sem landfræðileg merking

[Újfehértói meggypálinka] (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 frá 17. apríl 2019 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja, notkun heita brenndra drykkja í kynningu og merkingu annarra matvæla, vernd landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki, notkun etanóls og eimis úr landbúnaði í áfenga drykki og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 110/2008 ([1]), einkum 2. mgr. 30. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 21. gr., í tengslum við 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 ([2]), tók framkvæmdastjórnin til athugunar umsókn Ungverjalands frá 18. apríl 2017 um samþykki fyrir breytingum á tækniskjalinu fyrir landfræðilegu merkinguna „Újfehértói meggypálinka“, sem nýtur verndar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 110/2008.

2) Reglugerð (ESB) 2019/787, sem kemur í stað reglugerðar (EB) nr. 110/2008, kom til framkvæmdar 25. maí 2019. Samkvæmt 1. mgr. 49. gr. þeirrar reglugerðar er III. kafli reglugerðar (EB) nr. 110/2008 um landfræðilegar merkingar felldur úr gildi frá og með 8. júní 2019. Samkvæmt 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 skulu tækniskjöl, sem lögð eru fram fyrir 8. júní 2019 sem hluti umsóknar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 110/2008, teljast forskriftir fyrir afurð.

3) Eftir að framkvæmdastjórnin komst að þeirri niðurstöðu að umsóknin væri í samræmi við reglugerð (EB) nr. 110/2008 birti hún umsóknina um breytingarnar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* ([3]) eins og krafist er skv. 6. mgr. 17. gr. þeirrar reglugerðar, í samræmi við fyrstu undirgrein 4. mgr. 50. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787.

4) Þar eð framkvæmdastjórninni hefur ekki borist nein tilkynning um andmæli skv. 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 ætti að samþykkja breytingarnar á forskriftinni skv. 2. mgr. 30. gr. þeirrar reglugerðar sem gildir að breyttu breytanda um breytingar á forskriftum afurða.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingarnar á nákvæmri skilgreiningu á heitinu „Újfehértói meggypálinka“, sem birtar voru í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, eru hér með samþykktar.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 292, 16.8.2021, bls. 25. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 241/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 (Stjtíð. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16).

([3]) Stjtíð. ESB C 147, 26.4. 2021, bls. 7.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. ágúst 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd forsetans,

Janusz WOJCIECHOWSKI

framkvæmdastjóri.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1419 **2022/EES/72/48**

frá 24. ágúst 2021

um skráningu landfræðilegrar merkingar fyrir brenndan drykk skv. 2. mgr. 30. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 („Nagykunsági birspálinka“) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 frá 17. apríl 2019 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja, notkun heita brenndra drykkja í kynningu og merkingu annarra matvæla, vernd landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki, notkun etanóls og eimis úr landbúnaði í áfenga drykki og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 110/2008 ([1]), einkum 2. mgr. 30. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 ([2]) hefur framkvæmdastjórnin tekið til athugunar umsókn Ungverjalands frá 18. október 2016 um skráningu landfræðilegu merkingarinnar „Nagykunsági birspálinka“.

2) Reglugerð (ESB) 2019/787, sem kemur í stað reglugerðar (EB) nr. 110/2008, kom til framkvæmdar 25. maí 2019. Samkvæmt 1. mgr. 49. gr. þeirrar reglugerðar er III. kafli reglugerðar (EB) nr. 110/2008 um landfræðilegar merkingar felldur úr gildi frá og með 8. júní 2019.

3) Eftir að framkvæmdastjórnin komst að þeirri niðurstöðu að umsóknin væri í samræmi við reglugerð (EB) nr. 110/2008 birti hún meginskilgreiningarnar í tækniskjalinu í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* ([3]) eins og krafist er skv. 6. mgr. 17. gr. þeirrar reglugerðar, í samræmi við fyrstu undirgrein 4. mgr. 50. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787.

4) Framkvæmdastjórninni hefur ekki borist nein yfirlýsing um andmæli skv. 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787.

5) Því ætti að skrá heitið „Nagykunsági birspálinka“ sem landfræðilega merkingu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Landfræðilega merkingin „Nagykunsági birspálinka“ er hér með færð í skrána. Reglugerð þessi veitir heitinu „Nagykunsági birspálinka“ vernd þá sem um getur í 21. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 í samræmi við 4. mgr. 30. gr. þeirrar reglugerðar.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 305, 31.8.2021, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 241/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 (Stjtíð. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16).

([3]) Stjtíð. ESB C 184, 12.5.2021, bls. 19.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. ágúst 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd forsetans,

Janusz WOJCIECHOWSKI

framkvæmdastjóri.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1687 **2022/EES/72/49**

frá 14. september 2021

um skráningu landfræðilegrar merkingar fyrir brenndan drykk skv. 2. mgr. 30. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 („Madarasi birspálinka“) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 frá 17. apríl 2019 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja, notkun heita brenndra drykkja í kynningu og merkingu annarra matvæla, vernd landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki, notkun etanóls og eimis úr landbúnaði í áfenga drykki og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 110/2008 ([1]), einkum 2. mgr. 30. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 ([2]) hefur framkvæmdastjórnin tekið til athugunar umsókn Ungverjalands frá 6. mars 2019 um skráningu landfræðilegu merkingarinnar „Madarasi birspálinka“.

2) Reglugerð (ESB) 2019/787, sem kemur í stað reglugerðar (EB) nr. 110/2008, öðlaðist gildi 25. maí 2019. Samkvæmt 1. mgr. 49. gr. þeirrar reglugerðar er III. kafli reglugerðar (EB) nr. 110/2008 um landfræðilegar merkingar felldur úr gildi frá og með 8. júní 2019.

3) Eftir að framkvæmdastjórnin komst að þeirri niðurstöðu að umsóknin væri í samræmi við reglugerð (EB) nr. 110/2008 birti hún meginskilgreiningarnar í tækniskjalinu í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* ([3]) eins og krafist er skv. 6. mgr. 17. gr. þeirrar reglugerðar, í samræmi við fyrstu undirgrein 4. mgr. 50. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787.

4) Framkvæmdastjórninni hefur ekki borist nein yfirlýsing um andmæli skv. 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787.

5) Því ætti að skrá heitið „Madarasi birspálinka“ sem landfræðilega merkingu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Landfræðilega merkingin „Madarasi birspálinka“ er hér með færð inn í skrána. Reglugerð þessi veitir heitinu „Madarasi birspálinka“ vernd þá sem um getur í 21. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 í samræmi við 4. mgr. 30. gr. þeirrar reglugerðar.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 332, 21.9.2021, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 241/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 (Stjtíð. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16).

([3]) Stjtíð. ESB C 205, 31.5.2021, bls. 13.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. september 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd forsetans,

Janusz WOJCIECHOWSKI

framkvæmdastjóri.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/2262 **2022/EES/72/50**

frá 13. desember 2021

um skráningu landfræðilegrar merkingar fyrir brenndan drykk skv. 2. mgr. 30. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 („Bayerischer Blutwurz“) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 frá 17. apríl 2019 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja, notkun heita brenndra drykkja í kynningu og merkingu annarra matvæla, vernd landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki, notkun etanóls og eimis úr landbúnaði í áfenga drykki og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 110/2008 ([1]), einkum 2. mgr. 30. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 ([2]) hefur framkvæmdastjórnin tekið til athugunar umsókn Þýskalands frá 7. júní 2019 um skráningu heitisins „Bayerischer Blutwurz“ sem landfræðilegrar merkingar.

2) Reglugerð (ESB) 2019/787, sem kemur í stað reglugerðar (EB) nr. 110/2008, öðlaðist gildi 25. maí 2019. Samkvæmt 1. mgr. 49. gr. þeirrar reglugerðar er III. kafli reglugerðar (EB) nr. 110/2008 um landfræðilegar merkingar felldur úr gildi frá og með 8. júní 2019.

3) Eftir að framkvæmdastjórnin komst að þeirri niðurstöðu að umsóknin væri í samræmi við reglugerð (EB) nr. 110/2008 birti hún meginskilgreiningarnar í tækniskjalinu í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* ([3]) eins og krafist er skv. 6. mgr. 17. gr. þeirrar reglugerðar, í samræmi við fyrstu undirgrein 4. mgr. 50. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787.

4) Framkvæmdastjórninni hefur ekki borist nein yfirlýsing um andmæli skv. 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787.

5) Því ætti að skrá heitið „Bayerischer Blutwurz“ sem landfræðilega merkingu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 455, 20.12.2021, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 241/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síðar birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 (Stjtíð. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16).

([3]) Stjtíð. ESB C 351, 1.9.2021, bls. 28.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Landfræðilega merkingin „Bayerischer Blutwurz“ er hér með færð inn í skrána. Reglugerð þessi veitir landfræðilegu merkingunni „Bayerischer Blutwurz“ vernd þá sem um getur í 21. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 í samræmi við 4. mgr. 30. gr. þeirrar reglugerðar.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. desember 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd forsetans,

Janusz WOJCIECHOWSKI

framkvæmdastjóri.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/2078 **2022/EES/72/51**

frá 26. nóvember 2021

um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/745 að því er varðar Evrópska gagnabankann um lækningatæki (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/745 frá 5. apríl 2017 um lækningatæki, um breytingu á tilskipun 2001/83/EB, reglugerð (EB) nr. 178/2002 og reglugerð (EB) nr. 1223/2009 og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 90/385/EBE og 93/42/EBE ([1]), einkum 8. mgr. 33. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/745 er þess krafist að framkvæmdastjórnin mæli fyrir um ítarlegt fyrirkomulag sem er nauðsynlegt til að setja upp Evrópska gagnabankann um lækningatæki og viðhalda honum.

2) Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/746 ([2]) er þess krafist að framkvæmdastjórnin setji upp, viðhaldi og stjórni Evrópska gagnabankanum um lækningatæki í samræmi við skilyrði og ítarlegt fyrirkomulag sem voru fastsett með reglugerð (ESB) 2017/745.

3) Eins og kveðið er á um í reglugerðum (ESB) 2017/745 og (ESB) 2017/746 ættu framkvæmdastjórnin, lögbær yfirvöld, yfirvöld sem bera ábyrgð á tilkynntum aðilum, tilkynntir aðilar, framleiðendur, viðurkenndir fulltrúar, innflytjendur, einstaklingar eða lögaðilar sem um getur í 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2017/745 (framleiðendur kerfis- eða aðgerðarpakka) og bakhjarlar klínískra rannsókna og rannsókna á virkni að hafa aðgang að og nota Evrópska gagnabankann um lækningatæki í þeim tilgangi að uppfylla skyldur sínar og framkvæma verkefni sín samkvæmt þessum reglugerðum. Því er nauðsynlegt að kveða á um aðgengi að Evrópska gagnabankanum um lækningatæki gegnum vefsetur með takmörkuðum aðgangi (e. *restricted website*). Að auki ætti Evrópski gagnabankinn um lækningatæki að veita almenningi fullnægjandi upplýsingar um tæki sem sett eru á markaðinn, samsvarandi vottorð sem tilkynntir aðilar gefa út, viðkomandi rekstraraðila og klíníska rannsóknir. Því er einnig nauðsynlegt að gera Evrópska gagnabankann um lækningatæki aðgengilegan gegnum opinbert vefsetur. Til að unnt sé að skiptast á gögnum milli Evrópska gagnabankans um lækningatæki og landsbundinna gagnagrunna er enn fremur nauðsynlegt að gera Evrópska gagnabankann um lækningatæki aðgengilegan gegnum gagnaskiptaþjónustur milli véla.

4) Að því er varðar einstaklinga og lögaðila sem þurfa að geta haft aðgang að Evrópska gagnabankanum um lækningatæki gegnum vefsetur með takmörkuðum aðgangi er nauðsynlegt að tilgreina skilyrðin og aðferðina við að veita slíkan aðgang.

5) Framkvæmdastjórnin hefur komið á fót Evrópsku nafnakerfi fyrir lækningatæki (EMDN) eins og kveðið er á um í reglugerðum (ESB) 2017/745 og (ESB) 2017/746. Því ætti að gera Evrópska nafnakerfið fyrir lækningatæki aðgengilegt í Evrópska gagnabankanum um lækningatæki án endurgjalds og nota það til að veita upplýsingar um lækningatæki í Evrópska gagnabankanum um lækningatæki.

6) Til að tryggja að notendur Evrópska gagnabankans um lækningatæki fái nauðsynlegan stuðning þegar þeir nota gagnabankann ætti framkvæmdastjórnin að veita þeim tímanlega tækni- og stjórnsýsluaðstoð varðandi Evrópska gagnabankann um lækningatæki.

7) Ef Evrópski gagnabankinn um lækningatæki verður tæknilega óaðgengilegur eða bilar ættu viðurkenndir notendur þó enn að vera færir um að uppfylla skyldur sínar. Því er nauðsynlegt að tilgreina annað fyrirkomulag sem skal nota til að skiptast á gögnum í slíkum tilvikum og að mæla fyrir um viðbúnaðarreglur vegna slíks fyrirkomulags.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 426, 29.11.2021, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 242/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síðar birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 117, 5.5.2017, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/746 frá 5. apríl 2017 um lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi og um niðurfellingu á tilskipun 98/79/EB og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/227/ESB (Stjtíð. ESB L 117, 5.5.2017, bls. 176).

8) Reglur um upplýsingatækniöryggi sem settar voru fram í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB, KBE) 2017/46 ([3]) gilda um Evrópska gagnabankann um lækningatæki. Til að Evrópski gagnabankinn um lækningatæki virki með öruggum hætti þannig að aðgengi að honum, heilleiki hans og leynd um virkni og gögn séu varin ætti að mæla fyrir um viðbótaröryggisreglur.

9) Til að draga úr áhættu og taka á mögulegri sviksamlegri notkun á Evrópska gagnabankanum um lækningatæki ætti að mæla fyrir um sérstök ákvæði um sviksamlegar athafnir notenda í Evrópska gagnabankanum um lækningatæki.

10) Samráð var haft við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 1. mgr. 42. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ([4]) og skilaði hún áliti 9. júlí 2021.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um lækningatæki,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „aðili“: framkvæmdastjórnin, lögbært yfirvald, yfirvald sem ber ábyrgð á tilkynntum aðilum, tilkynntur aðili, framleiðandi, viðurkenndur fulltrúi, innflytjandi, framleiðandi kerfis- eða aðgerðarpakka eða bakhjarl sem hefur verið skráður í Evrópska gagnabankann um lækningatæki í samræmi við 3. gr. þessarar reglugerðar til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt reglugerðum (ESB) 2017/745 og (ESB) 2017/764,

2) „viðurkenndur notandi“: einstaklingur sem fengið hefur aðgang að Evrópska gagnabankanum um lækningatæki gegnum vefsetur með takmörkuðum aðgangi til að koma fram fyrir hönd aðila,

3) „staðbundinn stjórnandi aðila“: viðurkenndur notandi sem á rétt á að stjórna tilteknum upplýsingum sem varða nánari upplýsingar um aðilann og veita öðrum einstaklingum aðgang að Evrópska gagnabankanum um lækningatæki gegnum vefsetur með takmörkuðum aðgangi til að þeir geti komið fram fyrir hönd þess aðila,

4) „staðbundinn stjórnandi notanda“: viðurkenndur notandi sem á rétt á að veita öðrum einstaklingum sem koma fram fyrir hönd aðila aðgang að Evrópska gagnabankanum um lækningatæki gegnum vefsetur með takmörkuðum aðgangi,

5) „bilun“: veruleg bilun á starfsemi Evrópska gagnabankans um lækningatæki, þ.m.t. hvers konar bilun af völdum ófyrirsjáanlegra aðstæðna eða óviðráðanlegs atviks, sem getur haft neikvæð áhrif á upplýsingatækniöryggi eða komið í veg fyrir að einhver virkni rafrænna kerfa Evrópska gagnabankans um lækningatæki, sem um getur í 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2017/745, sé tiltæk.

2. gr.

Aðgangsleiðir

1. Evrópski gagnabankinn um lækningatæki skal vera aðgengilegur fyrir viðurkennda notendur gegnum vefsetur með takmörkuðum aðgangi (hér á eftir nefnt „vefsetrið með takmarkaða aðganginum“) og fyrir notendur sem hafa ekki verið viðurkenndir gegnum opinbert vefsetur (hér á eftir nefnt „opinbera vefsetrið“).

2. Evrópski gagnabankinn um lækningatæki skal vera aðgengilegur fyrir lögbær yfirvöld gegnum gagnaskiptaþjónustur milli véla, eins og um getur í 101. gr. reglugerðar (ESB) 2017/745 og 96. gr. reglugerðar (ESB) 2017/746, og fyrir tilkynnta aðila sem eru skráðir í Evrópska gagnabankann um lækningatæki í samræmi við 3. gr. þessarar reglugerðar. Framkvæmdastjórnin skal láta hverju aðildarríki og hverjum tilkynntum aðila, óski þau eftir því, í té aðgangsstaði til gagnaskipta sem gerir þeim kleift að nota slíkar gagnaskiptaþjónustur.

([3]) Ákvörðun ráðsins (ESB, KBE) 2017/46 frá 10. janúar 2017 um öryggi fjarskipta- og upplýsingakerfa í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (Stjtíð. ESB L 6, 11.1.2017, bls. 40).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu stofnana, aðila, skrifstofa og sérstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39).

Evrópski gagnabankinn um lækningatæki skal vera aðgengilegur, gegnum gagnaskiptaþjónustur milli véla, fyrir aðra aðila en lögbær yfirvöld og tilkynnta aðila að því tilskildu að staðbundinn stjórnandi aðilans sem um er að ræða leggi fram beiðni um slíkan aðgang eins og um getur í fyrstu undirgrein 8. mgr. 3. gr. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja þessa beiðni samkvæmt skilyrðunum sem sett eru fram í annarri undirgrein 8. mgr. 3. gr.

3. gr.

Skráning í Evrópska gagnabankann um lækningatæki og aðgangur að Evrópska gagnabankanum um lækningatæki gegnum vefsetrið með takmarkaða aðganginum

1. Til að fá aðgang að Evrópska gagnabankanum um lækningatæki gegnum vefsetrið með takmarkaða aðganginum skal einstaklingur stofna reikning á vefsetri sannvottunarþjónustu framkvæmdastjórnarinnar.

2. Framkvæmdastjórnin skal skrá lögbær yfirvöld og yfirvöld sem bera ábyrgð á tilkynntum aðilum og veita fyrsta einstaklingnum sem kemur fram fyrir þeirra hönd aðgang að vefsetrinu með takmarkaða aðganginum. Í þeim tilgangi skulu aðildarríkin veita framkvæmdastjórninni upplýsingar um lögbær yfirvöld sín, yfirvöld sem bera ábyrgð á tilkynntum aðilum og einstaklingana sem verða fyrstu viðurkenndu notendur þessara yfirvalda.

3. Framkvæmdastjórnin skal skrá tilkynnta aðila í Evrópska gagnabankann um lækningatæki á grundvelli upplýsinga í gagnabankanum um tilkynnta aðila sem framkvæmdastjórnin hefur þróað og hefur umsjón með (NANDO).

Til að fá aðgang að Evrópska gagnabankanum um lækningatæki gegnum vefsetrið með takmarkaða aðganginum skal fyrsti einstaklingurinn sem kemur fram fyrir hönd aðila sem er tilkynntur aðili senda beiðni um aðgang í gegnum vefsetrið með takmarkaða aðganginum. Yfirvaldið sem ber ábyrgð á tilkynntum aðila skal samþykkja beiðnina.

4. Til að unnt sé að skrá aðra aðila en þá sem getið er í 2. og 3. mgr. í Evrópska gagnabankann um lækningatæki skal einstaklingur, sem kemur fram fyrir hönd tilvonandi aðila, senda beiðni um skráningu aðila gegnum vefsetrið með takmarkaða aðganginum. Beiðni um skráningu aðila skal innihalda undirritaða yfirlýsingu um ábyrgð á upplýsingaöryggi sem um getur í 1. mgr. 10. gr. Lögbært landsyfirvald skal samþykkja beiðni um skráningu aðila nema þegar beiðnin varðar bakhjarl klínískrar rannsóknar eða rannsókn á virkni.

Þegar beiðni um skráningu aðila hefur verið samþykkt eða, ef um er að ræða bakhjarl, þegar beiðni um skráningu aðila hefur verið lögð fram skal einstaklingurinn sem lagði þá beiðni fram, eins og um getur í fyrstu undirgrein, sjálfkrafa fá aðgang að vefsetrinu með takmarkaða aðganginum og verða fyrsti viðurkenndi notandinn, að því tilskildu að skilyrðin í 6. mgr. séu uppfyllt.

Að því er varðar þessa málsgrein skal lögbært landsyfirvald vera yfirvaldið á staðfestustað tilvonandi aðila. Að því er varðar framleiðendur með staðfestu utan Sambandsins skal lögbært landsyfirvald vera það yfirvald sem ber ábyrgð á viðurkennda fulltrúanum sem getið er í beiðninni um skráningu aðila. Að því er varðar framleiðendur kerfis- eða aðgerðarpakka sem eru með staðfestu utan Sambandsins skal lögbært landsyfirvald vera yfirvald aðildarríkisins þar sem setja á fyrsta kerfis- eða aðgerðarpakka þessa framleiðanda á markað.

5. Til að einstaklingur fái aðgang að vefsetrinu með takmarkaða aðganginum til að koma fram fyrir hönd aðila skal hann eða hún senda beiðni um aðgang gegnum vefsetrið með takmarkaða aðganginum. Staðbundinn stjórnandi aðila eða staðbundinn stjórnandi notanda að því er varðar þennan aðila skal samþykkja beiðnina um aðgang.

6. Til að verða viðurkenndir notendur skulu einstaklingar samþykkja réttindi notenda og skyldur, eins og sett er fram í skjalinu sem um getur í a-lið 1. mgr. 10. gr., og taka mið af persónuverndaryfirlýsingunni sem um getur í c-lið þeirrar greinar.

7. Fyrsti viðurkenndi notandi aðila skal sjálfkrafa verða fyrsti staðbundinn stjórnandi aðila fyrir þann aðila.

8. Staðbundinn stjórnandi aðila getur, gegnum vefsetrið með takmarkaða aðganginum, farið þess á leit við framkvæmdastjórnina að fá tengingu milli véla til að skiptast á gögnum milli gagnabanka aðilans og Evrópska gagnabankans um lækningatæki.

Framkvæmdastjórnin getur samþykkt beiðnina, sem um getur í fyrstu undirgrein, að því tilskildu að staðbundinn stjórnandi aðila hafi staðfest að aðilinn uppfylli kröfur um upplýsingaöryggi vegna gagnaskipta sem um getur í 1. mgr. 10. gr.

4. gr.

Nafnakerfi

Viðurkenndir notendur skulu nota kóða fyrir opinn aðgang í Evrópska nafnakerfinu fyrir lækningatæki þegar þeir setja upplýsingar um lækningatæki inn í Evrópska gagnabankann um lækningatæki.

Framkvæmdastjórnin skal gera Evrópska nafnakerfið fyrir lækningatæki aðgengilegt í Evrópska gagnabankanum um lækningatæki án endurgjalds.

5. gr.

Tæknileg og stjórnsýsluleg aðstoð

1. Framkvæmdastjórnin skal koma á fót forritastuðningsteymi (e. *application support team*), sem er hægt að hafa samband við gegnum virkt pósthólf, til að veita notendum Evrópska gagnabankans um lækningatæki tímanlega aðstoð.

2. Framkvæmdastjórnin skal gera viðeigandi tæknigögn um Evrópska gagnabankann um lækningatæki, algengar spurningar varðandi Evrópska gagnabankann um lækningatæki og gögn til stuðnings gagnaskiptaþjónustum milli véla aðgengileg fyrir notendur Evrópska gagnabankans um lækningatæki.

6. gr.

Eignarhald og vinnsla persónuupplýsinga

1. Framkvæmdastjórnin skal vera eigandi Evrópska gagnabankans um lækningatæki og skal hafa full stjórnunarréttindi.

2. Vinna skal persónuupplýsingar í Evrópska gagnabankanum um lækningatæki í þeim tilgangi að fara að skuldbindingunum sem settar eru fram í reglugerðum (ESB) 2017/745 og (ESB) 2017/746.

3. Eftirfarandi flokkar persónuupplýsinga skulu unnir:

a) heiti aðila og viðurkenndra notenda,

b) samskiptaupplýsingar aðila og viðurkenndra notenda,

c) auðkenningar- og tengiliðaupplýsingar og gögn um faglega menntun og hæfi annarra einstaklinga eða lögaðila sem skal tilkynna í Evrópska gagnabankann um lækningatæki í þeim tilgangi að fara að skuldbindingunum sem settar eru fram í reglugerðum (ESB) 2017/745 og (ESB) 2017/746.

7. gr.

Reglur um starfsemi

1. Innsending gagna í Evrópska gagnabankann um lækningatæki skal teljast framkvæmd á þeim degi og tímapunkti þegar gögnin eru fullskráð í Evrópska gagnabankann um lækningatæki. Dagsetning og tímapunktur innsendingar skulu ákvörðuð á grundvelli Mið-Evróputíma eða sumartíma Mið-Evróputíma, eftir því sem við á.

2. Evrópski gagnabankinn um lækningatæki skal alltaf vera aðgengilegur nema á nauðsynlegum og áður tilkynntum niðritíma vegna viðhaldsaðgerða, þ.m.t. nýjar útgáfur. Framkvæmdastjórnin skal birta fyrirfram tilkynningu þar að lútandi á vefsetrinu með takmarkaða aðganginum eða opinbera vefsetrinu, eftir því sem við á.

8. gr.

Bilun

1. Framkvæmdastjórnin skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir hvers konar bilun og greina hana, án ástæðulausrar tafar, þegar hún á sér stað.

2. Ef aðili eða viðurkenndur notandi fær grun um bilun skal hann án tafar upplýsa framkvæmdastjórnina um það.

3. Ef framkvæmdastjórnin greinir bilun skal hún gera eftirfarandi ráðstafanir:

a) birta án tafar tilkynningu þar að lútandi (hér á eftir nefnd „tilkynning um bilun“) á vefsetrinu með takmarkaða aðganginum eða opinbera vefsetrinu, eftir því sem við á, nema eðli bilunarinnar komi í veg fyrir að framkvæmdastjórnin geti gert það en í því tilviki skal hún, að því marki sem mögulegt er, birta tilkynninguna á sérstöku vefsetri sínu fyrir lækningatæki,

b) fella tímabundið úr gildi fresti til innsendingar gagna í Evrópska gagnabankann um lækningatæki, sem voru fastsettir í reglugerðum (ESB) 2017/745 og (ESB) 2017/746, ef bilunin kemur í veg fyrir innfærslu viðeigandi gagna.

Ef framkvæmdastjórnin fellir frestina til innsendingar gagna í Evrópska gagnabankann um lækningatæki tímabundið úr gildi, eins og kveðið er á um í fyrstu undirgrein b-liðar, skal tilgreina í tilkynningunni um bilun á hvaða tímapunkti sú tilkynning er birt og líklega tímalengd tímabundnu niðurfellingarinnar.

4. Til viðbótar við að fella frestina, sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar 3. mgr. þessarar greinar, tímabundið úr gildi ef bilun kemur í veg fyrir að farið sé að einhverjum af þeim skuldbindingum sem um getur í 80. gr., 87. gr. (1. mgr.), 89. gr. (5., 7., 8. og 9. mgr.), 95. gr. (2., 4. og 6. mgr.) eða 98. gr. (2. mgr.) reglugerðar (ESB) 2017/745 eða í 76. gr., 82. gr. (1. mgr.), 84. gr. (5., 7., 8., og 9. mgr.), 90. gr. (2., 4. og 6. mgr.) eða 93. gr. (2. mgr.) reglugerðar (ESB) 2017/746 skal önnur af eftirfarandi tilhögun gilda:

a) ef bilunin varir lengur en í 12 klukkustundir eftir birtingu tilkynningarinnar um bilunina skal aðilinn án tafar veita framkvæmdastjórninni, hlutaðeigandi lögbærum landsyfirvöldum og tilkynnta aðilanum sem gaf út samræmisvottorðið sem um getur í 56. gr. reglugerðar (ESB) 2017/745 eða 51. gr. reglugerðar (ESB) 2017/746, eftir því sem við á, almennar upplýsingar um viðeigandi gögn og tilgreina að vegna bilunarinnar sé sendingu gagnanna ekki lokið,

b) ef bilunin varir lengur en í 24 klukkustundir eftir birtingu tilkynningarinnar um bilunina, eða ef bilunin varir skemur en 24 klukkustundir og hlutaðeigandi lögbær landsyfirvöld fara fram á það eftir að hafa fengið upplýsingarnar sem um getur í a-lið þessarar málsgreinar, skal aðilinn án tafar láta þessum yfirvöldum í té viðeigandi gögn á þann hátt sem þau mæltu fyrir um.

5. Til viðbótar við að fella frestina, sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar 3. mgr. þessarar greinar, tímabundið úr gildi ef til bilunar kemur sem kemur í veg fyrir að farið sé að einhverri af skuldbindingunum sem settar eru fram í reglugerð (ESB) 2017/745 eða reglugerð (ESB) 2017/746, öðrum en skuldbindingunum sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar, skal eftirfarandi tilhögun gilda:

a) ef bilunin varir lengur en í 36 klukkustundir eftir birtingu tilkynningarinnar um bilunina skal aðilinn án tafar veita framkvæmdastjórninni, hlutaðeigandi lögbærum landsyfirvöldum og tilkynnta aðilanum sem gaf út samræmisvottorðið sem um getur í 56. gr. reglugerðar (ESB) 2017/745 eða 51. gr. reglugerðar (ESB) 2017/746, eftir því sem við á, almennar upplýsingar um þessi gögn og tilgreina að vegna bilunarinnar sé sendingu gagnanna ekki lokið,

b) ef bilunin varir lengur en í fimm daga eftir birtingu tilkynningarinnar um bilunina skal aðilinn upplýsa hlutaðeigandi lögbær landsyfirvöld um það og láta þeim í té, ef þau fara fram á það, viðeigandi gögn á þann hátt sem þau mæltu fyrir um.

6. Þegar framkvæmdastjórnin hefur staðfest að bilunin sé ekki lengur fyrir hendi skal hún senda upplýsingar um það til lögbærra yfirvalda. Að auki skal framkvæmdastjórnin birta tilkynningu þar að lútandi á vefsetrinu með takmarkaða aðganginum og/eða á opinbera vefsetrinu, eftir því sem við á. Bæði í orðsendingunni og tilkynningunni skal tilgreina hversu lengi bilunin varði og að frestirnir, sem um getur í b-lið 3. mgr, hafi verið felldir tímabundið úr gildi.

7. Þegar framkvæmdastjórnin hefur birt tilkynninguna sem um getur í 6. mgr. skulu aðilar án tafar færa inn gögnin sem þeir gátu ekki sent meðan Evrópski gagnabankinn um lækningatæki var bilaður.

9. gr.

Vefsetur til prófunar og þjálfunar

1. Framkvæmdastjórnin skal gera vefsetur aðgengileg fyrir aðila í þeim tilgangi að prófa og þjálfa notkun á Evrópska gagnabankanum um lækningatæki („vefsetur til prófunar og þjálfunar“).

Gögn sem eru færð inn á vefsetrum til prófunar og þjálfunar skulu ekki teljast raunveruleg og skulu ekki gerð aðgengileg almenningi.

2. Áður en aðili notar gagnaskiptaþjónustur milli véla í fyrsta sinn skal hann gera a.m.k. eina vel heppnaða tilraun til að senda gögn milli véla með því að nota vefsetur til prófunar og þjálfunar.

3. Hvers konar breytingar sem framkvæmdastjórnin hyggst innleiða á gagnaskiptaþjónustum Evrópska gagnabankans um lækningatæki milli véla skal framkvæmdastjórnin kynna áður á vefsetrum til prófunar og þjálfunar og þær skulu vera aðgengilegar á þessum vefsetrum á tímabili sem framkvæmdastjórnin skal skilgreina fyrirfram í samstarfi við samræmingarhópinn um lækningatæki sem komið var á fót skv. 103. gr. reglugerðar (ESB) 2017/745.

Framkvæmdastjórnin skal, gegnum Evrópska gagnabankann um lækningatæki, upplýsa hlutaðeigandi aðila um fyrirhugaðar breytingar fyrirfram og hversu lengi þær verða aðgengilegar á vefsetrum til prófunar og þjálfunar.

10. gr.

Upplýsingatækniöryggi

1. Framkvæmdastjórnin skal gera eftirfarandi skjöl aðgengileg á vefsetrinu með takmarkaða aðganginum:

a) skjal um réttindi notenda og skyldur,

b) yfirlýsingu um ábyrgð á upplýsingaöryggi,

c) persónuverndaryfirlýsingu,

d) kröfur um upplýsingaöryggi vegna gagnaskipta.

2. Aðilar skulu fylgja skilmálum og skilyrðum sem sett eru fram í skjölunum sem um getur í b-lið 1. mgr, og, eftir atvikum, í d-lið þeirrar málsgreinar.

3. Ef framkvæmdastjórnin fær grun um að upplýsingatækniöryggisatvik, upplýsingatækniöryggisáhætta eða upplýsingatækniöryggisógn, eins og skilgreint er í 15., 22. og 25. lið 2. gr. ákvörðunar (ESB, KBE) 2017/46, sem hún telur að sé mögulega skaðleg fyrir Evrópska gagnabankann um lækningatæki, gögn í honum eða leynd á þeim („upplýsingatækniöryggisatvik, upplýsingatækniöryggisáhætta eða upplýsingatækniöryggisógn“) hafi komið upp eða sé til staðar getur hún fellt tímabundið úr gildi allan aðgang að Evrópska gagnabankanum um lækningatæki.

4. Framkvæmdastjórnin getur fellt tímabundið úr gildi alla eða hluta af virkni rafrænna kerfa Evrópska gagnabankans um lækningatæki ef hún greinir upplýsingatækniöryggisatvik, upplýsingatækniöryggisógn eða upplýsingatækniöryggisáhættu.

Ef tímabundna niðurfellingin, sem um getur í fyrstu undirgrein, kemur í veg fyrir innfærslu gagna í Evrópska gagnabankann um lækningatæki skulu 3., 4. og 5. mgr. 8. gr. gilda að breyttu breytanda.

5. Sérhver aðili eða viðurkenndur notandi sem verður var við eða fær grun um upplýsingatækniöryggisatvik, upplýsingatækniöryggisógn eða upplýsingatækniöryggisáhættu skal án tafar upplýsa framkvæmdastjórnina og hlutaðeigandi aðildarríki um það.

11. gr.

Sviksamlegar athafnir notanda í Evrópska gagnabankanum um lækningatæki

1. Ef lögbært yfirvald, staðbundinn stjórnandi aðila eða staðbundinn stjórnandi notanda fær grun um sviksamlega beiðni um aðgang að Evrópska gagnabankanum um lækningatæki skal hann synja um beiðnina og upplýsa framkvæmdastjórnina án tafar um slíka synjun, fyrir milligöngu forritastuðningsteymisins sem um getur í 1. mgr. 5. gr., og tilgreina að hún varði grun um sviksamlega beiðni um aðgang.

2. Ef framkvæmdastjórnin hefur réttmætan grun um sviksamlegar athafnir viðurkennds notanda, sem hefur áhrif á upplýsingatækniöryggi Evrópska gagnabankans um lækningatæki, skal hún fella tímabundið úr gildi aðgang þessa viðurkennda notanda að Evrópska gagnabankanum um lækningatæki. Í því tilviki skal framkvæmdastjórnin án tafar upplýsa öll aðildarríkin og hlutaðeigandi aðila um tímabundnu niðurfellinguna ásamt rökstuðningi.

3. Sérhver aðili eða viðurkenndur notandi sem fær grun um sviksamlega athafnir af hálfu viðurkennds notanda skal án tafar upplýsa framkvæmdastjórnina og aðildarríkin um sviksamlegu athafnirnar sem grunur er um, fyrir milligöngu forritastuðningsteymisins sem um getur í 1. mgr. 5. gr.

4. Ef framkvæmdastjórnin kemst að raun um sviksamlegar athafnir í Evrópska gagnabankanum um lækningatæki skal hún án tafar fella úr gildi aðgang viðkomandi viðurkenndra notenda að Evrópska gagnabankanum um lækningatæki og gera nauðsynlegar ráðstafanir, þ.m.t., eftir því sem við á, koma í veg fyrir allan framtíðaraðgang að Evrópska gagnabankanum um lækningatæki frá tengdum reikningum sem stofnaðir voru á vefsetri sannvottunarþjónustu framkvæmdastjórnarinnar. Framkvæmdastjórnin skal án tafar upplýsa viðeigandi lögbær landsyfirvöld og hlutaðeigandi aðila um allar ráðstafanir sem gripið var til samkvæmt þessari málsgrein.

12. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. nóvember 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2018/849 **2022/EES/72/52**

frá 30. maí 2018

um breytingu á tilskipun 2000/53/EB um úr sér gengin ökutæki, tilskipun 2006/66/EB um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma og tilskipun 2012/19/ESB um raf- og rafeindabúnaðarúrgang (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 192. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Bæta ætti úrgangsstjórnun innan Sambandsins í því skyni að vernda, varðveita og auka gæði umhverfisins, vernda heilbrigði manna, tryggja varfærna, skilvirka og skynsamlega nýtingu náttúruauðlinda og stuðla að meginreglum hringrásarhagkerfisins.

2) Til að minnka stjórnsýslubyrði á litlar starfsstöðvar eða fyrirtæki ætti að innleiða einföldun á kröfum fyrir leyfisveitingar og skráningu fyrir litlar starfsstöðvar eða fyrirtæki.

3) Framkvæmdaskýrslur sem aðildarríki útbúa á þriggja ára fresti hafa ekki reynst skilvirkt verkfæri til að sannreyna reglufylgni eða tryggja góða framkvæmd og leiða til óþarfa stjórnsýsluálags. Því er rétt að fella úr gildi ákvæði sem skylda aðildarríki til að gera slíkar skýrslur. Þess í stað ætti eingöngu að byggja samræmiseftirlit á gögnunum sem aðildarríki gefa framkvæmdastjórninni árlega skýrslu um.

4) Gögn úr skýrslugjöf aðildarríkjanna eru nauðsynleg fyrir framkvæmdastjórnina til að meta reglufylgni aðildarríkjanna við lög Sambandsins um úrgang. Bæta ætti gæði, áreiðanleika og samanburðarhæfi gagna með því að innleiða einn inngöngustað fyrir öll gögn um úrgang, fella brott úreltar skýrslugjafarkröfur, setja viðmiðanir um landsbundna aðferðafræði við skýrslugjöf og innleiða skýrslu um eftirlit með gæðum gagna.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 93. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 243/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 264, 20.7.2016, bls. 98.

([2]) Stjtíð. ESB C 17, 18.1.2017, bls. 46.

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 18. apríl 2018 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 22. maí 2018.

5) Áreiðanleg skýrslugjöf um gögn sem varða úrgangsstjórnun hefur mikla þýðingu fyrir skilvirka framkvæmd og til að tryggja samanburðarhæfi gagna milli aðildarríkjanna. Þegar aðildarríkin gefa skýrslur um árangur sinn við að ná markmiðunum, sem sett eru fram í tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB ([4]), 2006/66/EB ([5]) og 2012/19/ESB ([6]), ættu þau því að nota nýjustu reglurnar, sem framkvæmdastjórnin þróaði, og aðferðafræðina sem þróuð var af viðkomandi lögbærum landsyfirvöldum sem bera ábyrgð á framkvæmd þessara tilskipana.

6) Úrgangsmetakerfið sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB ([7]) gildir sem forgangsröð í löggjöf Sambandsins um forvarnir gegn myndun úrgangs og úrgangsstjórnun. Þegar aðildarríkin fara að markmiðum þessarar tilskipunar ættu þau að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tekið sé tillit til forgangsröðunar úrgangsmetakerfisins og tryggja framkvæmd þessarar forgangsröðunar í reynd.

7) Í tengslum við skuldbindingar Sambandsins um að ná fram umbreytingu yfir í hringrásarhagkerfi ætti að endurskoða og, ef nauðsyn krefur, breyta tilskipunum 2000/53/EB, 2006/66/EB og 2012/19/ESB, að teknu tilliti til framkvæmdar þeirra og gefa m.a. gaum að hagkvæmni þess að setja markmið fyrir tiltekin efni sem eru í viðkomandi úrgangsstraumum. Við endurskoðun á tilskipun 2000/53/EB ætti einnig að huga að vandanum við úr sér gengin ökutæki sem ekki er gerð grein fyrir, þ.m.t. tilflutningur á notuðum ökutækjum sem grunur leikur á um að séu úr sér gengin ökutæki, og við beitingu á viðmiðunarreglum nr. 9 fyrir fulltrúa um tilflutning ökutækjaúrgangs. Við endurskoðun á tilskipun 2006/66/EB ætti einnig að taka tillit til tækniþróunar á nýjum gerðum rafgeyma sem hættuleg efni eru ekki notuð í.

8) Til að unnt sé að breyta og bæta við tilskipun 2000/53/EB og breyta tilskipun 2012/19/ESB ætti að framselja heimildina til að samþykkja gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, til framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar 4. gr. (b-lið, 2. mgr.), 5. gr. (5. mgr.), 6. gr. (6. mgr.) og 8. gr. (2. mgr.) tilskipunar 2000/53/EB, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, og 19. gr. tilskipunar 2012/19/ESB, eins og henni er breytt með þessari tilskipun. Einkum er mikilvægt er að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi milli stofnana frá 13. apríl 2016 um betri lagasetningu ([8]) Til að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða fá Evrópuþingið og ráðið í hendur öll skjöl á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkjanna og hafa sérfræðingar þeirra kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem hafa umsjón með undirbúningi framseldra gerða.

9) Til að tryggja samræmd skilyrði við framkvæmd tilskipunar 2000/53/EB að því er varðar 7. gr. (2. mgr.) og 9. gr. (1. mgr. d) hennar, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, og við framkvæmd tilskipunar 2012/19/ESB að því er varðar 16. gr. (9. mgr.) hennar, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald. Þessu valdi ætti beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([9]).

10) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að bæta úrgangsstjórnun í Sambandinu og stuðla þannig að því að vernda, varðveita og bæta gæði umhverfisins og að náttúruauðlindir séu nýttar af varúð og skynsemi, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs og áhrifa ráðstafananna, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum.

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB frá 18. september 2000 um úr sér gengin ökutæki (Stjtíð. EB L 269, 21.10.2000, bls. 34).
([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB frá 6. september 2006 um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma og um niðurfellingu tilskipunar 91/157/EBE (Stjtíð. ESB L 266, 26.9.2006, bls. 1).
([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB frá 4. júlí 2012 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang (Stjtíð. ESB L 197, 24.7.2012, bls. 38).
([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjtíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).
([8]) Stjtíð. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.
([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

11) Því ætti að breyta tilskipunum 2000/53/EB, 2006/66/EB og 2012/19/ESB til samræmis við það.

12) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl ([10]) hafa aðildarríkin skuldbundið sig til að láta, í rökstuddum tilvikum, eitt eða fleiri skjöl fylgja tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar til að útskýra sambandið milli efnisþátta tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerninga. Að því er varðar þessa tilskipun telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé rökstudd.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breyting á tilskipun 2000/53/EB

Tilskipun 2000/53/EB er breytt sem hér segir:

1) Í stað b-liðar 2. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

„b) Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 9. gr. a, til að breyta II. viðauka reglulega til að laga hann að framförum í tækni og vísindum í því skyni að:

i) ákvarða, eftir því sem þörf krefur, ásættanlegan hámarksstyrk þeirra efna, sem um getur í a-lið þessarar málsgreinar, í tilteknum smíðaefnum og íhlutum ökutækja,

ii) veita ákveðnum smíðaefnum og íhlutum ökutækja undanþágu frá a-lið þessarar málsgreinar ef notkun efnanna, sem um getur í þeim lið, er óhjákvæmileg,

iii) fella smíðaefni og íhluti ökutækja brott úr II. viðauka ef notkun efnanna, sem um getur í a-lið þessarar málsgreinar, er óhjákvæmileg,

iv) tiltaka samkvæmt i. og ii. lið þau smíðaefni og íhluti ökutækja sem hægt er að fjarlægja áður en frekari meðhöndlun fer fram og gera þá kröfu að þau séu merkt eða auðkennd á annan viðeigandi hátt.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja aðskilda, framselda gerð að því er varðar hvert efni, smíðaefni eða íhlut sem i. til iv. liður hafa áhrif á.“

2) Í stað 5. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi:

„5. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að lögbær yfirvöld viðurkenni og samþykki gagnkvæm eyðingarvottorð, sem eru gefin út í öðrum aðildarríkjum, í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 9. gr. a, í því skyni að bæta við þessa tilskipun með því að ákvarða lágmarkskröfur varðandi eyðingarvottorð.“

3) Ákvæðum 6. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að öll úr sér gengin ökutæki séu geymd (jafnvel til bráðabirgða) og meðhöndluð í samræmi við úrgangsmetakerfið og almennar kröfur, sem mælt er fyrir um í 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB (*), og í samræmi við lágmarkstæknikröfur, sem settar eru fram í I. viðauka við þessa tilskipun, með fyrirvara um landsbundnar heilbrigðis- og umhverfisreglur.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjtíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).“

b) Í stað 6. mgr. komi eftirfarandi:

„6. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 9. gr. a, til að breyta I. viðauka til að laga hann að framförum í tækni og vísindum.“

([10]) Stjtíð. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.

4) Í stað þriðju undirgreinar 2. mgr. 7. gr. komi eftirfarandi:

„Framkvæmdastjórninni er heimilt að samþykkja framkvæmdargerðir sem varða nákvæmar reglur sem eru nauðsynlegar til að hafa eftirlit með því hvort aðildarríkin nái þeim markmiðum sem sett eru fram í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar. Þegar framkvæmdastjórnin undirbýr þessar reglur skal hún taka tillit til allra þátta sem máli skipta, m.a. framboðs á gögnum og inn- og útflutnings úr sér genginna ökutækja. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 11. gr.“

5) Í stað 2. mgr. 8. gr. komi eftirfarandi:

„2. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 9. gr. a, í því skyni að bæta við þessa tilskipun með því að ákvarða staðlana sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar. Við undirbúning slíkra staðla skal framkvæmdastjórnin taka mið af því starfi sem fram fer á þessu sviði í viðeigandi alþjóðlegu samhengi. Framkvæmdastjórnin skal leggja sitt af mörkum til þessa starfs eftir því sem við á.“

6) Ákvæðum 9. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæði 1. mgr. falli brott.

b) Eftirfarandi málsgreinar bætist við:

„1a. Aðildarríkin skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu fyrir hvert almanaksár um gögn sem varða framkvæmd 2. mgr. 7. gr.

Þau skulu gefa skýrslu um gögnin rafrænt innan 18 mánaða frá lokum skýrslugjafarársins sem gögnunum er safnað fyrir. Gefa skal skýrslu um gögnin á sniðinu sem framkvæmdastjórnin ákvarðar í samræmi við 1. mgr. d í þessari grein.

Fyrsta skýrslutímabilið skal hefjast á fyrsta heila almanaksárinu eftir að framkvæmdargerðin, þar sem sniðið fyrir skýrslugjöfina er ákvarðað, er samþykkt, í samræmi við 1. mgr. d í þessari grein, og það skal taka til gagna fyrir viðkomandi skýrslutímabil.

1b. Gögnum úr skýrslugjöf aðildarríkjanna í samræmi við 1. mgr. a skal fylgja skýrsla um gæðaeftirlit.

1c. Framkvæmdastjórnin skal fara yfir gögnin úr skýrslugjöfinni í samræmi við 1. mgr. a og birta skýrslu um niðurstöðurnar úr yfirferð sinni. Í skýrslunni skal meta skipulagningu gagnaöflunarinnar, uppruna gagnanna og aðferðafræðina sem er notuð í aðildarríkjunum sem og heilleika, áreiðanleika og samkvæmni gagnanna og hversu tímanleg þau eru. Matið má innihalda sérstök tilmæli um úrbætur. Skýrslan skal tekin saman eftir fyrstu skýrslugjöf aðildarríkjanna um gögnin og á fjögurra ára fresti eftir það.

1d. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um snið til að gefa skýrslu um gögnin sem um getur í 1. mgr. a í þessari grein. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 11. gr.“

7) Eftirfarandi grein bætist við:

„9. gr. a

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 4. gr. (b-lið 2. mgr.), 5. gr. (5. mgr.), 6. gr. (6. mgr.) og 8. gr. (2. mgr.), í fimm ár á tímabili sem hefst 4. júlí 2018. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um valdaframsalið eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Valdaframsalið skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla valdaframsalið sem um getur í 4. gr. (b-lið 2. mgr.), 5. gr. (5. mgr.), 6. gr. (6. mgr.) og 8. gr. (2. mgr.). Með ákvörðun um afturköllun skal binda enda á valdaframsalið sem um getur í þeirri ákvörðun Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í henni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi neinna framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Áður en framseld gerð er samþykkt skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 (*).

5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

6. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 4. gr. (b-lið 2. mgr.), 5. gr. (5. mgr.), 6. gr. (6. mgr.) og 8. gr. (2. mgr.), skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

(*) Stjtíð. ESB L123, 12.5.2016, bls. 1.“

8) Eftirfarandi grein bætist við:

„10. gr. a

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa tilskipun, eigi síðar en 31. desember 2020, og leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið í þessu skyni ásamt, ef við á, tillögu að nýrri löggjöf.“

9) Í stað 11. gr. komi eftirfarandi:

„11. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar. Sú nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 (*).

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

Skili nefndin ekki áliti skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og þriðja undirgrein 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 skal gilda.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).“

2. gr.

Breyting á tilskipun 2006/66/EB

Tilskipun 2006/66/EB er breytt sem hér segir:

1) Í stað 3. mgr. 10. gr. komi eftirfarandi:

„3. Aðildarríkin skulu fylgjast með söfnunarhlutföllum á ársgrundvelli samkvæmt kerfinu sem sett er fram í I. viðauka við þessa tilskipun. Með fyrirvara um reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2150/2002 (*), skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni skýrslur rafrænt innan 18 mánaða frá lokum skýrslugjafarársins sem gögnunum er safnað fyrir. Í skýrslunum skal tilgreina hvernig nauðsynlegra gagna til að reikna söfnunarhlutfallið var aflað.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2150/2002 frá 25. nóvember 2002 um hagskýrslur um úrgang (Stjtíð. EB L 332, 9.12.2002, bls. 1).“

2) Í stað 5. mgr. 12. gr. komi eftirfarandi:

„5. Aðildarríkin skulu gefa skýrslu um hvaða endurvinnslustigi hefur verið náð á viðkomandi almanaksári og hvort þeirri endurvinnslunýtni sem um getur í B-hluta III. viðauka hefur verið náð. Þau skulu leggja gögnin rafrænt fyrir framkvæmdastjórnina innan 18 mánaða frá lokum skýrslugjafarársins sem gögnunum er safnað fyrir.“

3) Ákvæði 22. gr. falli brott.

4) Eftirfarandi grein bætist við:

„22. gr. a

Hvatar til beitingar úrgangsmetakerfisins

Til að stuðla að markmiðunum, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, mega aðildarríkin nýta sér efnahagsleg stjórntæki og aðrar ráðstafanir til að hvetja til beitingar úrgangsmetakerfisins, s.s. þær sem tilgreindar eru í IV. viðauka a við tilskipun 2008/98/EB, eða önnur viðeigandi stjórntæki og ráðstafanir.“

5) Ákvæðum 23. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar og áhrif hennar á umhverfið og starfsemi innri markaðarins eigi síðar en 31. desember 2018.“

b) Í stað inngangshlutans í 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Í skýrslu sinni skal framkvæmdastjórnin taka með mat á eftirfarandi þáttum í þessari tilskipun:“

3. gr.

Breyting á tilskipun 2012/19/ESB

Tilskipun 2012/19/ESB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 16. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæði 5. mgr. falli brott.

b) Eftirfarandi málsgreinar bætist við:

„6. Aðildarríkin skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu fyrir hvert almanaksár um gögn sem varða framkvæmd 4. mgr.

Þau skulu gefa skýrslu um gögnin rafrænt innan 18 mánaða frá lokum skýrslugjafarársins sem gögnunum er safnað fyrir. Gefa skal skýrslu um gögnin á sniðinu sem framkvæmdastjórnin ákvarðar í samræmi við 9. mgr.

Fyrsta skýrslutímabilið skal hefjast á fyrsta heila almanaksárinu eftir að framkvæmdargerðin, þar sem sniðið fyrir skýrslugjöfina er ákvarðað, er samþykkt, í samræmi við 9. mgr., og það skal taka til gagna fyrir viðkomandi skýrslutímabil.

7. Gögnum úr skýrslugjöf aðildarríkjanna í samræmi við 6. mgr. skal fylgja skýrsla um gæðaeftirlit.

8. Framkvæmdastjórnin skal fara yfir gögnin úr skýrslugjöfinni í samræmi við 6. mgr. og birta skýrslu um niðurstöðurnar úr yfirferð sinni. Í skýrslunni skal meta skipulagningu gagnaöflunarinnar, uppruna gagnanna og aðferðafræðina sem er notuð í aðildarríkjunum sem og heilleika, áreiðanleika og samkvæmni gagnanna og hversu tímanleg þau eru. Matið má innihalda sérstök tilmæli um úrbætur. Skýrslan skal tekin saman eftir fyrstu skýrslugjöf aðildarríkjanna um gögnin og á fjögurra ára fresti eftir það.

9. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um snið til að gefa skýrslu um gögnin sem um getur í 6. mgr. þessarar greinar. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 21. gr.“

2) Eftirfarandi grein bætist við:

„16. gr. a

Hvatar til beitingar úrgangsmetakerfisins

Til að stuðla að markmiðunum, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, mega aðildarríkin nýta sér efnahagsleg stjórntæki og aðrar ráðstafanir til að hvetja til beitingar úrgangsmetakerfisins, s.s. þær sem tilgreindar eru í IV. viðauka a við tilskipun 2008/98/EB, eða önnur viðeigandi stjórntæki og ráðstafanir.“

3) Í stað fyrstu málsgreinar 19. gr. komi eftirfarandi:

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 20. gr. þessarar tilskipunar, að því er varðar þær breytingar sem eru nauðsynlegar til að aðlaga IV., VII., VIII. og IX. viðauka við þessa tilskipun að framförum í vísindum og tækni. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja aðskilda, framselda gerð að því er varðar hvern viðauka sem á að breyta. Við breytingar á VII. viðauka við þessa tilskipun skal taka tillit til undanþáganna sem veittar eru samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB (*).

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði (Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88).“

4. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 5. júlí 2020. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna það hinum aðildarríkjunum.

5. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

6. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 30. maí 2018.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
A. TAJANI	L. PAVLOVA
forseti.	*forseti.*

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/1096 **2022/EES/72/53**

frá 30. júní 2022

um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Kóreu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) til að auðvelda frjálsa för á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir ([1]), einkum 2. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2021/953 er mælt fyrir um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (hér á eftir nefnt „stafrænt ESB-vottorð vegna COVID“) í því skyni að auðvelda handhöfum þeirra að nýta sér rétt sinn til frjálsrar farar á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir. Hún á einnig að stuðla að því að auðvelda afléttingu í áföngum á takmörkunum á frjálsri för, sem aðildarríkin hafa sett í samræmi við lög Sambandsins til að hefta útbreiðslu SARS-CoV-2, með samræmdum hætti.

2) Reglugerð (ESB) 2021/953 heimilar viðurkenningu COVID-19-vottorða sem þriðju lönd gefa út til handa borgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að umrædd COVID-19-vottorð séu gefin út í samræmi við staðla sem jafngilda þeim sem komið er á fót samkvæmt þeirri reglugerð. Enn fremur eiga aðildarríkin, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 ([2]), að beita þeim reglum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2021/953 gagnvart ríkisborgurum þriðju landa sem falla ekki undir gildissvið þeirrar reglugerðar en dvelja eða eru búsettir löglega á yfirráðasvæði þeirra og hafa rétt til að ferðast til annarra aðildarríkja í samræmi við lög Sambandsins. Af þeim sökum ættu sérhverjar niðurstöður um jafngildi sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun að eiga við um COVID-19-vottorð um bólusetningu sem gefin eru út í Lýðveldinu Kóreu til handa ríkisborgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra. Á sama hátt ættu slíkar niðurstöður um jafngildi einnig, á grundvelli reglugerðar (ESB) 2021/954, að eiga við um COVID-19-vottorð um bólusetningu sem gefin eru út í Lýðveldinu Kóreu til handa ríkisborgurum þriðju landa sem dvelja eða búa löglega á yfirráðasvæði aðildarríkjanna með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.

3) Hinn 29. september 2021 lét Lýðveldið Kórea framkvæmdastjórninni í té ítarlegar upplýsingar um útgáfu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu innan kerfis sem ber heitið „COOV“. Lýðveldið Kórea upplýsti framkvæmdastjórnina um að það líti svo á að COVID-19-vottorð þess séu gefin út í samræmi við staðal og tæknikerfi sem eru samvirkandi við traustrammann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953 og gera kleift að sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna. Lýðveldið Kórea hefur í þessu tilliti upplýst framkvæmdastjórnina um að COVID-19-vottorð um bólusetningu sem Lýðveldið Kórea hefur gefið út í samræmi við kerfið „COOV“ innihaldi þau gögn sem fram koma í viðaukanum við reglugerð (ESB) 2021/953.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 176, 1.7.2022, bls. 64. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 244/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) og VIII. viðauki (Staðfesturéttur) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) vegna ríkisborgara þriðju landa sem dvelja eða búa löglega á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir (Stjtíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 24).

4) Lýðveldið Kórea upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um að sem stendur eru engar ferðatakmarkanir í gildi í tengslum við COVID-19 að því er varðar komu og dvöl í Lýðveldinu Kóreu. Ef nauðsynlegt reynist að taka ferðatakmarkanir upp að nýju staðfestir Lýðveldið Kórea að það myndi viðurkenna vottorð um bólusetningu og próf sem aðildarríkin og EES-löndin gefa út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953. Að því er bólusetningarvottorð varðar upplýsti Lýðveldið Kórea framkvæmdastjórnina um að það muni aðeins viðurkenna vottorð um bólusetningu, sem fengið hefur leyfi innan alls Evrópusambandsins, ef bóluefnið hefur lokið skráningarferli fyrir skrá Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar yfir neyðarnotkun. Að því er varðar viðurkenningu einkum vottorð um bata staðfestir Lýðveldið Kórea að það myndi ekki viðurkenna slík vottorð ef nauðsynlegt reynist að taka að nýju upp ferðatakmarkanir.

5) Hinn 30. maí 2022 lét framkvæmdastjórnin, í kjölfar beiðni frá Lýðveldinu Kóreu, gera tæknipróf sem sýndu fram á að COVID-19-vottorðin um bólusetningu sem Lýðveldið Kórea hefur gefið út eru í samræmi við kerfið „COOV“ sem er samvirkandi við traustrammann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953 og gerir kleift að sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna. Framkvæmdastjórnin staðfesti einnig að COVID-19-vottorðin um bólusetningu sem Lýðveldið Kórea hefur gefið út í samræmi við kerfið „COOV“ innihaldi nauðsynleg gögn.

6) Auk þessa upplýsti Lýðveldið Kórea framkvæmdastjórnina um að það gefi út samvirkandi bólusetningarvottorð fyrir COVID-19-bóluefni. Þessi bóluefni eru nú Comirnaty, Spikevax, Vaxzevria, Nuvaxovid og Jcovden.

7) Lýðveldið Kórea upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um það að það gefi ekki út samvirkandi prófvottorð.

8) Enn fremur upplýsti Lýðveldið Kórea framkvæmdastjórnina um að það gefi ekki út samvirkandi batavottorð.

9) Enn fremur upplýsti Lýðveldið Kórea framkvæmdastjórnina um að þegar sannprófendur í Lýðveldinu Kóreu sannprófa vottorð verði persónuupplýsingar sem fram koma í þeim aðeins unnar til að sannprófa og staðfesta bólusetningu eða prófniðurstöðu handhafa og verði ekki geymdar eftir það.

10) Þannig eru til staðar nauðsynlegir þættir til að ákveða að líta skuli á COVID-19-vottorð um bólusetningu sem gefin eru út í Lýðveldinu Kóreu í samræmi við kerfið „COOV“ sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953.

11) Því ætti að viðurkenna COVID-19-vottorð um bólusetningu sem gefin eru út af Lýðveldinu Kóreu í samræmi við kerfið „COOV“ með þeim skilyrðum sem um getur í 5. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953.

12) Til að þessi ákvörðun öðlist gildi ætti að tengja Lýðveldið Kóreu við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.

13) Til að vernda hagsmuni Sambandsins, einkum á sviði lýðheilsu, er framkvæmdastjórninni heimilt að beita heimildum sínum til að fresta beitingu þessarar ákvörðunar eða fella hana úr gildi ef skilyrði 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953 eru ekki lengur uppfyllt.

14) Til að tengja Lýðveldið Kóreu við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID, sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953, eins fljótt og unnt er ætti þessi ákvörðun að öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið er á fót með 14. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Líta skal á COVID-19-vottorð um bólusetningu sem Lýðveldið Kórea gefur út í samræmi við kerfið „COOV“ sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins.

2. gr.

Tengja skal Lýðveldið Kóreu við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 30. júní 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/1097 **2022/EES/72/54**

frá 30. júní 2022

um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Madagaskar og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) til að auðvelda frjálsa för á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir ([1]), einkum 2. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2021/953 er mælt fyrir um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (hér á eftir nefnt „stafrænt ESB-vottorð vegna COVID“) í því skyni að auðvelda handhöfum þeirra að nýta sér rétt sinn til frjálsrar farar á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir. Hún á einnig að stuðla að því að auðvelda afléttingu í áföngum á takmörkunum á frjálsri för, sem aðildarríkin hafa sett í samræmi við lög Sambandsins til að hefta útbreiðslu SARS-CoV-2, með samræmdum hætti.

2) Reglugerð (ESB) 2021/953 heimilar viðurkenningu COVID-19-vottorða sem þriðju lönd gefa út til handa borgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að umrædd COVID-19-vottorð séu gefin út í samræmi við staðla sem líta ber á sem jafngilda þeim sem komið er á fót samkvæmt þeirri reglugerð. Enn fremur eiga aðildarríkin, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 ([2]), að beita þeim reglum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2021/953 gagnvart ríkisborgurum þriðju landa sem falla ekki undir gildissvið þeirrar reglugerðar en dvelja eða eru búsettir löglega á yfirráðasvæði þeirra og hafa rétt til að ferðast til annarra aðildarríkja í samræmi við lög Sambandsins. Af þeim sökum ættu sérhverjar niðurstöður um jafngildi sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun að eiga við um COVID-19-vottorð um bólusetningu sem gefin eru út í Lýðveldinu Madagaskar til handa ríkisborgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra. Á sama hátt ættu slíkar niðurstöður um jafngildi einnig, á grundvelli reglugerðar (ESB) 2021/954, að eiga við um COVID-19-vottorð um bólusetningu sem gefin eru út í Lýðveldinu Madagaskar til handa ríkisborgurum þriðju landa sem dvelja eða búa löglega á yfirráðasvæði aðildarríkjanna með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.

3) Hinn 28. mars 2022 lét Lýðveldið Madagaskar framkvæmdastjórninni í té ítarlegar upplýsingar um útgáfu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu innan kerfis sem ber heitið „vaksiny.gov.mg“. Lýðveldið Madagaskar upplýsti framkvæmdastjórnina um að það líti svo á að COVID-19-vottorð þess séu gefin út í samræmi við staðal og tæknikerfi sem eru samvirkandi við traustrammann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953 og gera kleift að sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna. Lýðveldið Madagaskar hefur í þessu tilliti upplýst framkvæmdastjórnina um að COVID-19-vottorð um bólusetningu sem Lýðveldið Madagaskar hefur gefið út í samræmi við kerfið „vaksiny.gov.mg“ innihaldi þau gögn sem fram koma í viðaukanum við reglugerð (ESB) 2021/953.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 176, 1.7.2022, bls. 67. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 244/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) og VIII. viðauki (Staðfesturéttur) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) vegna ríkisborgara þriðju landa sem dvelja eða búa löglega á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir (Stjtíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 24).

4) Lýðveldið Madagaskar upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um að það viðurkenni vottorð um bólusetningu, próf og bata sem aðildarríkin og EES-löndin gefa út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953. Þó upplýsti Lýðveldið Madagaskar framkvæmdastjórnina um, vegna núverandi stöðu faraldursins, að mótefnavakahraðpróf (RATs) væru skyldubundin fyrir alla ferðamenn við komu þeirra til alþjóðaflugvalla á Madagaskar.

5) Hinn 1. júní 2022 lét framkvæmdastjórnin, í kjölfar beiðni frá Lýðveldinu Madagaskar, gera tækniþróf sem sýndu fram á að COVID-19-vottorðin um bólusetningu sem Lýðveldið Madagaskar hefur gefið út eru í samræmi við kerfið „vaksiny.gov.mg“ sem er samvirkandi við traustrammann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953 og gerir kleift að sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna.

6) Framkvæmdastjórnin staðfesti einnig að COVID-19-vottorðin um bólusetningu sem Lýðveldið Madagaskar hefur gefið út í samræmi við kerfið „vaksiny.gov.mg“ innihaldi nauðsynleg gögn. Auk þessa upplýsti Lýðveldið Madagaskar framkvæmdastjórnina um að það gefi út samvirkandi bólusetningarvottorð fyrir COVID-19-bóluefni. Þessi bóluefni eru nú Comirnaty, Covishield, BBIBP-CorV, Vaxzevria og Jcovden.

7) Lýðveldið Madagaskar upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um það að það gefi ekki út samvirkandi prófvottorð.

8) Enn fremur upplýsti Lýðveldið Madagaskar framkvæmdastjórnina um að það gefi ekki út samvirkandi batavottorð.

9) Enn fremur upplýsti Lýðveldið Madagaskar framkvæmdastjórnina um að þegar sannprófendur í Madagaskar sannprófa vottorð verði persónuupplýsingar sem fram koma í þeim aðeins unnar til að sannprófa og staðfesta bólusetningu, prófniðurstöðu eða bata handhafa og verði ekki geymdar eftir það.

10) Þannig eru til staðar nauðsynlegir þættir til að ákveða að líta skuli á COVID-19-vottorð um bólusetningu sem gefin eru út í Lýðveldinu Madagaskar í samræmi við kerfið „vaksiny.gov.mg“ sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953.

11) Því ætti að viðurkenna COVID-19-vottorð um bólusetningu sem gefin eru út af Lýðveldinu Madagaskar í samræmi við kerfið „vaksiny.gov.mg“ með þeim skilyrðum sem um getur í 5. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953.

12) Til að þessi ákvörðun öðlist gildi ætti að tengja Lýðveldið Madagaskar við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.

13) Til að vernda hagsmuni Sambandsins, einkum á sviði lýðheilsu, er framkvæmdastjórninni heimilt að beita heimildum sínum til að fresta beitingu þessarar ákvörðunar eða fella hana úr gildi ef skilyrði 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953 eru ekki lengur uppfyllt.

14) Til að tengja Lýðveldið Madagaskar við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID, sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953, eins fljótt og unnt er ætti þessi ákvörðun að öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið er á fót með 14. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Líta skal á COVID-19-vottorð um bólusetningu sem Lýðveldið Madagaskar gefur út í samræmi við kerfið „vaksiny.gov.mg“ sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins.

2. gr.

Tengja skal Lýðveldið Madagaskar við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Gjört í Brussel 30. júní 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/1098 **2022/EES/72/55**

frá 30. júní 2022

um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Kósovó (*) **og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) til að auðvelda frjálsa för á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir ([1]), einkum 2. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2021/953 er mælt fyrir um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (hér á eftir nefnt „stafrænt ESB-vottorð vegna COVID“) í því skyni að auðvelda handhöfum þeirra að nýta sér rétt sinn til frjálsrar farar á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir. Hún á einnig að stuðla að því að auðvelda afléttingu í áföngum á takmörkunum á frjálsri för, sem aðildarríkin hafa sett í samræmi við lög Sambandsins til að hefta útbreiðslu SARS-CoV-2, með samræmdum hætti.

2) Reglugerð (ESB) 2021/953 heimilar viðurkenningu COVID-19-vottorða sem þriðju lönd gefa út til handa borgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að umrædd COVID-19-vottorð séu gefin út í samræmi við staðla sem líta ber á sem jafngilda þeim sem komið er á fót samkvæmt þeirri reglugerð. Enn fremur eiga aðildarríkin, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 ([2]), að beita þeim reglum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2021/953 gagnvart ríkisborgurum þriðju landa sem falla ekki undir gildissvið þeirrar reglugerðar en dvelja eða eru búsettir löglega á yfirráðasvæði þeirra og hafa rétt til að ferðast til annarra aðildarríkja í samræmi við lög Sambandsins. Af þeim sökum ættu sérhverjar niðurstöður um jafngildi sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun að eiga við um COVID-19-vottorð um bólusetningu, próf og bata sem gefin eru út í Kósovó til handa ríkisborgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra. Á sama hátt ættu slíkar niðurstöður um jafngildi einnig, á grundvelli reglugerðar (ESB) 2021/954, að eiga við um COVID-19-vottorð um bólusetningu, próf og bata sem gefin eru út í Kósovó til handa ríkisborgurum þriðju landa sem dvelja eða búa löglega á yfirráðasvæði aðildarríkjanna með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.

3) Hinn 23. september 2021 lét Kósovó framkvæmdastjórninni í té ítarlegar upplýsingar um útgáfu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata innan kerfis sem ber heitið „Basic HIS“. Kósovó upplýsti framkvæmdastjórnina um að það líti svo á að COVID-19-vottorð þess séu gefin út í samræmi við staðal og tæknikerfi sem eru samvirkandi við traustrammann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953 og gera kleift að sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna. Kósovó hefur í þessu tilliti upplýst framkvæmdastjórnina um að COVID-19-vottorð um bólusetningu, próf og bata sem Kósovó hefur gefið út í samræmi við kerfið „Basic HIS“ innihaldi þau gögn sem fram koma í viðaukanum við reglugerð (ESB) 2021/953.

(*) Þessi merking hefur ekki áhrif á afstöðu til stöðu Kósovó og er í samræmi við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna 1244/1999 og álit Alþjóðadómstólsins í Haag um sjálfstæðisyfirlýsingu Kósovó.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 176, 1.7.2022, bls. 70. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 244/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) og VIII. viðauki (Staðfesturéttur) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) vegna ríkisborgara þriðju landa sem dvelja eða búa löglega á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir (Stjtíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 24).

4) Kósovó upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um að það viðurkenni vottorð um bólusetningu, próf og bata sem aðildarríkin og EES-löndin gefa út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953.

5) Hinn 6. maí 2022 lét framkvæmdastjórnin, í kjölfar beiðni frá Kósovó, gera tæknipróf sem sýndu fram á að COVID-19-vottorðin um bólusetningu, próf og bata sem Kósovó hefur gefið út eru í samræmi við kerfið „Basic HIS“ sem er samvirkandi við traustrammann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953 og gerir kleift að sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna. Framkvæmdastjórnin staðfesti einnig að COVID-19-vottorðin um bólusetningu, próf og bata sem Kósovó hefur gefið út í samræmi við kerfið „Basic HIS“ innihaldi nauðsynleg gögn.

6) Auk þessa upplýsti Kósovó framkvæmdastjórnina um að það gefi út samvirkandi bólusetningarvottorð fyrir COVID-19-bóluefni. Þessi bóluefni eru nú Comirnaty og Vaxzevria.

7) Kósovó upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um að það gefi út samvirkandi prófvottorð fyrir kjarnsýrumögnunarpróf.

8) Enn fremur upplýsti Kósovó framkvæmdastjórnina um að það gefi út samvirkandi vottorð um bata. Þessi vottorð gilda í allt að 180 daga frá fyrstu jákvæðu prófniðurstöðu.

9) Enn fremur upplýsti Kósovó framkvæmdastjórnina um að þegar sannprófendur í Kósovó sannprófa vottorð verði persónuupplýsingar sem fram koma í þeim aðeins unnar til að sannprófa og staðfesta bólusetningu, próf eða bata handhafa og verði ekki geymdar eftir það.

10) Þannig eru til staðar nauðsynlegir þættir til að ákveða að líta skuli á COVID-19-vottorð um bólusetningu, próf og bata sem eru gefin út í Kósovó í samræmi við kerfið „Basic HIS“ sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953.

11) Því ætti að viðurkenna COVID-19-vottorð um bólusetningu, próf og bata sem gefin eru út af Kósovó í samræmi við kerfið „Basic HIS“ með þeim skilyrðum sem um getur í 5. gr. (5. mgr.), 6. gr. (5. mgr.) og 7. gr. (8. mgr.) reglugerðar (ESB) 2021/953.

12) Til að þessi ákvörðun öðlist gildi ætti að tengja Kósovó við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.

13) Til að vernda hagsmuni Sambandsins, einkum á sviði lýðheilsu, er framkvæmdastjórninni heimilt að beita heimildum sínum til að fresta beitingu þessarar ákvörðunar eða fella hana úr gildi ef skilyrði 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953 eru ekki lengur uppfyllt.

14) Til að tengja Kósovó við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID, sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953, eins fljótt og unnt er ætti þessi ákvörðun að öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið er á fót með 14. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Líta skal á COVID-19-vottorð um bólusetningu, próf og bata sem Kósovó gefur út í samræmi við kerfið „Basic HIS“ sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins.

2. gr.

Tengja skal Kósovó við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Gjört í Brussel 30. júní 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/1099 **2022/EES/72/56**

frá 30. júní 2022

um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Konungsríkinu Barein og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) til að auðvelda frjálsa för á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir ([1]), einkum 2. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2021/953 er mælt fyrir um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (hér á eftir nefnt „stafrænt ESB-vottorð vegna COVID“) í því skyni að auðvelda handhöfum þeirra að nýta sér rétt sinn til frjálsrar farar á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir. Hún á einnig að stuðla að því að auðvelda afléttingu í áföngum á takmörkunum á frjálsri för, sem aðildarríkin hafa sett í samræmi við lög Sambandsins til að hefta útbreiðslu SARS-CoV-2, með samræmdum hætti.

2) Reglugerð (ESB) 2021/953 heimilar viðurkenningu COVID-19-vottorða sem þriðju lönd gefa út til handa borgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að umrædd COVID-19-vottorð séu gefin út í samræmi við staðla sem líta ber á sem jafngilda þeim sem komið er á fót samkvæmt þeirri reglugerð. Enn fremur eiga aðildarríkin, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 ([2]), að beita þeim reglum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2021/953 gagnvart ríkisborgurum þriðju landa sem falla ekki undir gildissvið þeirrar reglugerðar en dvelja eða eru búsettir löglega á yfirráðasvæði þeirra og hafa rétt til að ferðast til annarra aðildarríkja í samræmi við lög Sambandsins. Af þeim sökum ættu sérhverjar niðurstöður um jafngildi sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun að eiga við um COVID-19-vottorð um bólusetningu, próf og bata sem gefin eru út í Konungsríkinu Barein til handa ríkisborgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra. Á sama hátt ættu slíkar niðurstöður um jafngildi einnig, á grundvelli reglugerðar (ESB) 2021/954, að eiga við um COVID-19-vottorð um bólusetningu, próf og bata sem gefin eru út í Konungsríkinu Barein til handa ríkisborgurum þriðju landa sem dvelja eða búa löglega á yfirráðasvæði aðildarríkjanna með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.

3) Hinn 17. febrúar 2022 lét Konungsríkið Barein framkvæmdastjórninni í té ítarlegar upplýsingar um útgáfu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata innan kerfis sem ber heitið „BeAware Bahrain application“. Konungsríkið Barein upplýsti framkvæmdastjórnina um að það liti svo á að COVID-19-vottorð þess væru gefin út í samræmi við staðal og tæknikerfi sem eru samvirkandi við traustrammann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953 og gera kleift að sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna. Konungsríkið Barein hefur í þessu tilliti upplýst framkvæmdastjórnina um að COVID-19-vottorð um bólusetningu, próf og bata sem Konungsríkið Barein hefur gefið út í samræmi við kerfið „BeAware Bahrain application“ innihaldi þau gögn sem fram koma í viðaukanum við reglugerð (ESB) 2021/953.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 176, 1.7.2022, bls. 73. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 244/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) og VIII. viðauki (Staðfesturéttur) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) vegna ríkisborgara þriðju landa sem dvelja eða búa löglega á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir (Stjtíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 24).

4) Konungsríkið Barein upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um að það viðurkenni vottorð um bólusetningu, kjarnsýrumögnunarpróf og bata sem aðildarríkin og EES-löndin gefa út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953.

5) Hinn 10. júní 2022 lét framkvæmdastjórnin, í kjölfar beiðni frá Konungsríkinu Barein, gera tæknipróf sem sýndu fram á að COVID-19-vottorðin um bólusetningu, próf og bata sem Konungsríkið Barein hefur gefið út eru í samræmi við kerfið „BeAware Bahrain application“ sem er samvirkandi við traustrammann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953 og gerir kleift að sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna. Framkvæmdastjórnin staðfesti einnig að COVID-19-vottorðin um bólusetningu, próf og bata sem Konungsríkið Barein hefur gefið út í samræmi við kerfið „BeAware Bahrain application“ innihaldi nauðsynleg gögn.

6) Auk þessa upplýsti Konungsríkið Barein framkvæmdastjórnina um að það gefi út samvirkandi bólusetningarvottorð fyrir COVID-19-bóluefni. Þessi bóluefni eru nú Comirnaty, Vaxzevria, BBIBP-CorV, Covaxin, COVID-19-bóluefnið Janssen og Sputnik V.

7) Konungsríkið Barein upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um að það gefi út samvirkandi prófvottorð fyrir kjarnsýrumögnunarpróf en ekki fyrir skyndipróf.

8) Enn fremur upplýsti Konungsríkið Barein framkvæmdastjórnina um að það gefi út samvirkandi vottorð um bata. Þessi vottorð gilda í allt að 180 daga frá fyrstu jákvæðu prófniðurstöðu.

9) Enn fremur upplýsti Konungsríkið Barein framkvæmdastjórnina um að þegar sannprófendur í Barein sannprófa vottorð verði persónuupplýsingar, sem fram koma í þeim, aðeins unnar til að sannprófa og staðfesta bólusetningu, próf eða bata handhafa og verði ekki geymdar eftir það.

10) Þannig eru til staðar nauðsynlegir þættir til að ákveða að líta skuli á COVID-19-vottorð um bólusetningu, próf og bata sem gefin eru út í Konungsríkinu Barein í samræmi við kerfið „BeAware Bahrain application“ sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953.

11) Því ætti að viðurkenna COVID-19-vottorð um bólusetningu, próf og bata sem gefin eru út í Konungsríkinu Barein í samræmi við kerfið „BeAware Bahrain application“ með þeim skilyrðum sem um getur í 5. gr. (5. mgr.), 6. gr. (5. mgr.) og 7. gr. (8. mgr.) reglugerðar (ESB) 2021/953.

12) Til að þessi ákvörðun öðlist gildi ætti að tengja Konungsríkið Barein við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið var á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.

13) Til að vernda hagsmuni Sambandsins, einkum á sviði lýðheilsu, er framkvæmdastjórninni heimilt að beita heimildum sínum til að fresta beitingu þessarar ákvörðunar eða fella hana úr gildi ef skilyrði 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953 eru ekki lengur uppfyllt.

14) Til að tengja Konungsríkið Barein við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID, sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953, eins fljótt og unnt er ætti þessi ákvörðun að öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið er á fót með 14. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Líta skal á COVID-19-vottorð um bólusetningu, próf og bata sem Konungsríkið Barein gefur út í samræmi við kerfið „BeAware Bahrain application“ sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins.

2. gr.

Tengja skal Konungsríkið Barein við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið var á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Gjört í Brussel 30. júní 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/1100 **2022/EES/72/57**

frá 30. júní 2022

um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Ekvador og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) til að auðvelda frjálsa för á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir **(**[1]), einkum 2. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2021/953 er mælt fyrir um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (hér á eftir nefnt „stafrænt ESB-vottorð vegna COVID“) í því skyni að auðvelda handhöfum þeirra að nýta sér rétt sinn til frjálsrar farar á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir. Hún á einnig að stuðla að því að auðvelda afléttingu í áföngum á takmörkunum á frjálsri för, sem aðildarríkin hafa sett í samræmi við lög Sambandsins til að hefta útbreiðslu SARS-CoV-2, með samræmdum hætti.

2) Reglugerð (ESB) 2021/953 heimilar viðurkenningu COVID-19-vottorða sem þriðju lönd gefa út til handa borgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að umrædd COVID-19-vottorð séu gefin út í samræmi við staðla sem jafngilda þeim sem komið er á fót samkvæmt þeirri reglugerð. Enn fremur eiga aðildarríkin í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 ([2]) að beita þeim reglum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2021/953 gagnvart ríkisborgurum þriðju landa sem falla ekki undir gildissvið þeirrar reglugerðar en dvelja eða eru búsettir löglega á yfirráðasvæði þeirra og hafa rétt til að ferðast til annarra aðildarríkja í samræmi við lög Sambandsins. Af þeim sökum ættu sérhverjar niðurstöður um jafngildi sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun að eiga við um COVID-19-vottorð um bólusetningu sem gefin eru út í Lýðveldinu Ekvador til handa ríkisborgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra. Á sama hátt ættu slíkar niðurstöður um jafngildi einnig, á grundvelli reglugerðar (ESB) 2021/954, að eiga við um COVID-19-vottorð um bólusetningu sem gefin eru út í Lýðveldinu Ekvador til handa ríkisborgurum þriðju landa sem dvelja eða eru búsettir löglega á yfirráðasvæði aðildarríkjanna með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.

3) Hinn 5. febrúar 2022 lét Lýðveldið Ekvador framkvæmdastjórninni í té ítarlegar upplýsingar um útgáfu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu innan kerfis sem ber heitið „New development“. Lýðveldið Ekvador upplýsti framkvæmdastjórnina um að það líti svo á að COVID-19-vottorð þess séu gefin út í samræmi við staðal og tæknikerfi sem eru samvirkandi við traustrammann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953 og gera kleift að sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna. Lýðveldið Ekvador hefur í þessu tilliti upplýst framkvæmdastjórnina um að COVID-19-vottorð um bólusetningu sem Lýðveldið Ekvador hefur gefið út í samræmi við kerfið „New development“ innihaldi þau gögn sem fram koma í viðaukanum við reglugerð (ESB) 2021/953.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 176, 1.7.2022, bls. 76. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 244/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) og VIII. viðauki (Staðfesturéttur) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) vegna ríkisborgara þriðju landa sem dvelja eða búa löglega á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir (Stjtíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 24).

4) Lýðveldið Ekvador upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um að það viðurkenni vottorð um bólusetningu, próf og bata sem aðildarríkin og EES-löndin gefa út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953.

5) Hinn 10. júní 2022 lét framkvæmdastjórnin, í kjölfar beiðni frá Lýðveldinu Ekvador, gera tæknipróf sem sýndu fram á að COVID-19-vottorðin um bólusetningu sem Lýðveldið Ekvador hefur gefið út eru í samræmi við kerfið „New development“ sem er samvirkandi við traustrammann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953 og gerir kleift að sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna. Framkvæmdastjórnin staðfesti einnig að COVID-19-vottorðin um bólusetningu sem Lýðveldið Ekvador hefur gefið út í samræmi við kerfið „New development“ innihaldi nauðsynleg gögn.

6) Auk þessa upplýsti Lýðveldið Ekvador framkvæmdastjórnina um að það gefi út samvirkandi bólusetningarvottorð fyrir COVID-19-bóluefni. Þessi bóluefni eru nú Comirnaty, Spikevax, Sputnik V, BBIBP-CorV, Nuvaxovid, Soberana 02, Soberana Plus, Convidecia, CoronaVac, Vaxzevria, Abdala og Jcovden.

7) Lýðveldið Ekvador upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um það að það gefi ekki út samvirkandi prófvottorð.

8) Enn fremur upplýsti Lýðveldið Ekvador framkvæmdastjórnina um að það gefi ekki út samvirkandi batavottorð.

9) Enn fremur upplýsti Lýðveldið Ekvador framkvæmdastjórnina um að þegar sannprófendur í Lýðveldinu Ekvador sannprófa vottorð verði persónuupplýsingar sem fram koma í þeim aðeins unnar til að sannprófa og staðfesta bólusetningu, prófniðurstöðu eða bata handhafa og verði ekki geymdar eftir það.

10) Þannig eru til staðar nauðsynlegir þættir til að ákveða að líta skuli á COVID-19-vottorð um bólusetningu sem gefin eru út í Lýðveldinu Ekvador í samræmi við kerfið „New development“ sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953.

11) Því ætti að viðurkenna COVID-19-vottorð um bólusetningu sem gefin eru út af Lýðveldinu Ekvador í samræmi við kerfið „New development“ með þeim skilyrðum sem um getur í 5. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953.

12) Til að þessi ákvörðun öðlist gildi ætti að tengja Lýðveldið Ekvador við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.

13) Til að vernda hagsmuni Sambandsins, einkum á sviði lýðheilsu, er framkvæmdastjórninni heimilt að beita heimildum sínum til að fresta beitingu þessarar ákvörðunar eða fella hana úr gildi ef skilyrði 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953 eru ekki lengur uppfyllt.

14) Til að tengja Lýðveldið Ekvador við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID, sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953, eins fljótt og unnt er ætti þessi ákvörðun að öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

15) Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið er á fót með 14. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Líta skal á COVID-19-vottorð um bólusetningu sem Lýðveldið Ekvador gefur út í samræmi við kerfið „New development“ sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins.

2. gr.

Tengja skal Lýðveldið Ekvador við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Gjört í Brussel 30. júní 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/1338 **2022/EES/72/58**

frá 29. júlí 2022

um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Filippseyjum og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) til að auðvelda frjálsa för á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir **(**[1]), einkum 2. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2021/953 er mælt fyrir um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (hér á eftir nefnt „stafrænt ESB-vottorð vegna COVID“) í því skyni að auðvelda handhöfum þeirra að nýta sér rétt sinn til frjálsrar farar á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir. Hún á einnig að stuðla að því að auðvelda afléttingu í áföngum á takmörkunum á frjálsri för, sem aðildarríkin hafa sett í samræmi við lög Sambandsins til að hefta útbreiðslu SARS-CoV-2, með samræmdum hætti.

2) Reglugerð (ESB) 2021/953 heimilar viðurkenningu COVID-19-vottorða sem þriðju lönd gefa út til handa borgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að umrædd COVID-19-vottorð séu gefin út í samræmi við staðla sem líta skal á sem jafngilda þeim sem komið er á fót samkvæmt þeirri reglugerð. Enn fremur eiga aðildarríkin í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 ([2]) að beita þeim reglum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2021/953 gagnvart ríkisborgurum þriðju landa sem falla ekki undir gildissvið þeirrar reglugerðar en dvelja eða eru búsettir löglega á yfirráðasvæði þeirra og hafa rétt til að ferðast til annarra aðildarríkja í samræmi við lög Sambandsins. Af þeim sökum ættu sérhverjar niðurstöður um jafngildi sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun að eiga við um COVID-19-vottorð um bólusetningu sem gefin eru út í Lýðveldinu Filippseyjum til handa ríkisborgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra. Á sama hátt ættu slíkar niðurstöður um jafngildi einnig, á grundvelli reglugerðar (ESB) 2021/954, að eiga við um COVID-19-vottorð um bólusetningu sem gefin eru út í Lýðveldinu Filippseyjum til handa ríkisborgurum þriðju landa sem dvelja eða eru búsettir löglega á yfirráðasvæði aðildarríkjanna með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.

3) Hinn 27. október 2021 lét Lýðveldið Filippseyjar framkvæmdastjórninni í té ítarlegar upplýsingar um útgáfu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu innan kerfis sem ber heitið „VaxCertPH“. Lýðveldið Filippseyjar upplýsti framkvæmdastjórnina um að það líti svo á að COVID-19-vottorð þess séu gefin út í samræmi við staðal og tæknikerfi sem eru samvirkandi við traustrammann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953 og gera kleift að sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna. Lýðveldið Filippseyjar hefur í þessu tilliti upplýst framkvæmdastjórnina um að COVID-19-vottorð um bólusetningu sem Lýðveldið Filippseyjar hefur gefið út í samræmi við kerfið „VaxCertPH“ innihaldi þau gögn sem fram koma í viðaukanum við reglugerð (ESB) 2021/953.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 201, 1.8.2022, bls. 54. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 245/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) og VIII. viðauki (Staðfesturéttur) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) vegna ríkisborgara þriðju landa sem dvelja eða búa löglega á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir (Stjtíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 24).

4) Lýðveldið Filippseyjar upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um að það viðurkenni vottorð um bólusetningu, NAAT-prófvottorð (t.d.: vízlritakjarnsýrumögnun) og batavottorð sem aðildarríkin og EES-löndin gefa út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953.

5) Hinn 14. júlí 2022 lét framkvæmdastjórnin, í kjölfar beiðni frá Lýðveldinu Filippseyjum, gera tæknipróf sem sýndu fram á að COVID-19-vottorðin um bólusetningu sem Lýðveldið Filippseyjar hefur gefið út eru í samræmi við kerfið „VaxCertPH“ sem er samvirkandi við traustrammann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953 og gerir kleift að sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna. Framkvæmdastjórnin staðfesti einnig að COVID-19-vottorðin um bólusetningu sem Lýðveldið Filippseyjar hefur gefið út í samræmi við kerfið „VaxCertPH“ innihaldi nauðsynleg gögn.

6) Auk þessa upplýsti Lýðveldið Filippseyjar framkvæmdastjórnina um að það gefi út samvirkandi bólusetningarvottorð fyrir COVID-19-bóluefni. Þessi bóluefni eru nú Comirnaty, Vaxzevria, CoronaVac, Sputnik V, Sputnik Light, Jcovden, Covaxin, Spikevax og Covovax.

7) Lýðveldið Filippseyjar upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um það að það gefi ekki út samvirkandi prófvottorð.

8) Enn fremur upplýsti Lýðveldið Filippseyjar framkvæmdastjórnina um að það gefi ekki út samvirkandi batavottorð.

9) Enn fremur upplýsti Lýðveldið Filippseyjar framkvæmdastjórnina um að þegar sannprófendur á Filippseyjum sannprófa vottorð verði persónuupplýsingar sem fram koma í þeim aðeins unnar til að sannprófa og staðfesta bólusetningu, prófniðurstöðu eða bata handhafa og verði ekki geymdar eftir það.

10) Þannig eru til staðar nauðsynlegir þættir til að ákveða að líta skuli á COVID-19-vottorð um bólusetningu sem gefin eru út í Lýðveldinu Filippseyjum í samræmi við kerfið „VaxCertPH“ sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953.

11) Því ætti að viðurkenna COVID-19-vottorð um bólusetningu sem gefin eru út af Lýðveldinu Filippseyjum í samræmi við kerfið „VaxCertPH“ með þeim skilyrðum sem um getur í 5. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953.

12) Til að þessi ákvörðun öðlist gildi ætti að tengja Lýðveldið Filippseyjar við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.

13) Til að vernda hagsmuni Sambandsins, einkum á sviði lýðheilsu, er framkvæmdastjórninni heimilt að beita heimildum sínum til að fresta beitingu þessarar ákvörðunar eða fella hana úr gildi ef skilyrði 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953 eru ekki lengur uppfyllt.

14) Til að tengja Lýðveldið Filippseyjar við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID, sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953, eins fljótt og unnt er ætti þessi ákvörðun að öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

15) Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið er á fót með 14. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Líta skal á COVID-19-vottorð um bólusetningu sem Lýðveldið Filippseyjar gefur út í samræmi við kerfið „VaxCertPH“ sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins.

2. gr.

Tengja skal Lýðveldið Filippseyjar við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Gjört í Brussel 29. júlí 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/1339 **2022/EES/72/59**

frá 29. júlí 2022

um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Soldánsveldinu Óman og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) til að auðvelda frjálsa för á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir ([1]), einkum 2. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2021/953 er mælt fyrir um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (hér á eftir nefnt „stafrænt ESB-vottorð vegna COVID“) í því skyni að auðvelda handhöfum þeirra að nýta sér rétt sinn til frjálsrar farar á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir. Hún á einnig að stuðla að því að auðvelda afléttingu í áföngum á takmörkunum á frjálsri för, sem aðildarríkin hafa sett í samræmi við lög Sambandsins til að hefta útbreiðslu SARS-CoV-2, með samræmdum hætti.

2) Reglugerð (ESB) 2021/953 heimilar viðurkenningu COVID-19-vottorða sem þriðju lönd gefa út til handa borgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að umrædd COVID-19-vottorð séu gefin út í samræmi við staðla sem jafngilda þeim sem komið er á fót samkvæmt þeirri reglugerð. Enn fremur eiga aðildarríkin, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 ([2]), að beita þeim reglum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2021/953 gagnvart ríkisborgurum þriðju landa sem falla ekki undir gildissvið þeirrar reglugerðar en dvelja eða eru búsettir löglega á yfirráðasvæði þeirra og hafa rétt til að ferðast til annarra aðildarríkja í samræmi við lög Sambandsins. Af þeim sökum ættu sérhverjar niðurstöður um jafngildi sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun að eiga við um COVID-19-vottorð um bólusetningu sem gefin eru út í Soldánsveldinu Óman til handa ríkisborgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra. Á sama hátt ættu slíkar niðurstöður um jafngildi einnig, á grundvelli reglugerðar (ESB) 2021/954, að eiga við um COVID-19-vottorð um bólusetningu sem gefin eru út í Soldánsveldinu Óman til handa ríkisborgurum þriðju landa sem dvelja eða búa löglega á yfirráðasvæði aðildarríkjanna með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.

3) Hinn 3. mars 2022 lét Soldánsveldið Óman framkvæmdastjórninni í té ítarlegar upplýsingar um útgáfu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu innan kerfis sem ber heitið „Tarassud“. Soldánsveldið Óman upplýsti framkvæmdastjórnina um að það líti svo á að COVID-19-vottorð þess séu gefin út í samræmi við staðal og tæknikerfi sem eru samvirkandi við traustrammann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953 og gera kleift að sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna. Soldánsveldið Óman hefur í þessu tilliti upplýst framkvæmdastjórnina um að COVID-19-vottorð um bólusetningu sem Soldánsveldið Óman hefur gefið út í samræmi við kerfið „Tarassud“ innihaldi þau gögn sem fram koma í viðaukanum við reglugerð (ESB) 2021/953.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 201, 1.8.2022, bls. 57. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 245/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) og VIII. viðauki (Staðfesturéttur) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) vegna ríkisborgara þriðju landa sem dvelja eða búa löglega á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir (Stjtíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 24).

4) Soldánsveldið Óman upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um að það viðurkenni vottorð um bólusetningu, próf og bata sem aðildarríkin og EES-löndin gefa út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953.

5) Hinn 14. júlí 2022 lét framkvæmdastjórnin, í kjölfar beiðni frá Soldánsveldinu Óman, gera tæknipróf sem sýndu fram á að COVID-19-vottorðin um bólusetningu sem Soldánsveldið Óman hefur gefið út eru í samræmi við kerfið „Tassarud“ sem er samvirkandi við traustrammann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953 og gerir kleift að sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna. Framkvæmdastjórnin staðfesti einnig að COVID-19-vottorðin um bólusetningu sem Soldánsveldið Óman hefur gefið út í samræmi við kerfið „Tarassud“ innihaldi nauðsynleg gögn.

6) Auk þessa upplýsti Soldánsveldið Óman framkvæmdastjórnina um að það gefi út samvirkandi bólusetningarvottorð fyrir COVID-19-bóluefni. Þessi bóluefni eru nú Comirnaty, Covishield, R-COVI, Sputnik V, CoronaVac og Vaxzevria.

7) Soldánsveldið Óman upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um það að það gefi ekki út samvirkandi prófvottorð.

8) Enn fremur upplýsti Soldánsveldið Óman framkvæmdastjórnina um að það gefi ekki út samvirkandi batavottorð.

9) Enn fremur upplýsti Soldánsveldið Óman framkvæmdastjórnina um að þegar sannprófendur í Óman sannprófa vottorð verði persónuupplýsingar sem fram koma í þeim aðeins unnar til að sannprófa og staðfesta bólusetningu, prófniðurstöðu eða bata handhafa og verði ekki geymdar eftir það.

10) Þannig eru til staðar nauðsynlegir þættir til að ákveða að líta skuli á COVID-19-vottorð um bólusetningu sem gefin eru út í Soldánsveldinu Óman í samræmi við kerfið „Tarassud“ sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953.

11) Því ætti að viðurkenna COVID-19-vottorð um bólusetningu sem gefin eru út af Soldánsveldinu Óman í samræmi við kerfið „Tarassud“ með þeim skilyrðum sem um getur í 5. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953.

12) Til að þessi ákvörðun öðlist gildi ætti að tengja Soldánsveldið Óman við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.

13) Til að vernda hagsmuni Sambandsins, einkum á sviði lýðheilsu, er framkvæmdastjórninni heimilt að beita heimildum sínum til að fresta beitingu þessarar ákvörðunar eða fella hana úr gildi ef skilyrði 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953 eru ekki lengur uppfyllt.

14) Til að tengja Soldánsveldið Óman við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID, sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953, eins fljótt og unnt er ætti þessi ákvörðun að öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið er á fót með 14. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Líta skal á COVID-19-vottorð um bólusetningu sem Soldánsveldið Óman gefur út í samræmi við kerfið „Tarassud“ sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins.

2. gr.

Tengja skal Soldánsveldið Óman við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 29. júlí 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/1340 **2022/EES/72/60**

frá 29. júlí 2022

um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Perú og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) til að auðvelda frjálsa för á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir ([1]), einkum 2. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2021/953 er mælt fyrir um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (hér á eftir nefnt „stafrænt ESB-vottorð vegna COVID“) í því skyni að auðvelda handhöfum þeirra að nýta sér rétt sinn til frjálsrar farar á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir. Hún á einnig að stuðla að því að auðvelda afléttingu í áföngum á takmörkunum á frjálsri för, sem aðildarríkin hafa sett í samræmi við lög Sambandsins til að hefta útbreiðslu SARS-CoV-2, með samræmdum hætti.

2) Reglugerð (ESB) 2021/953 heimilar viðurkenningu COVID-19-vottorða sem þriðju lönd gefa út til handa borgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að umrædd COVID-19-vottorð séu gefin út í samræmi við staðla sem líta ber á sem jafngilda þeim sem komið er á fót samkvæmt þeirri reglugerð. Enn fremur eiga aðildarríkin, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 ([2]), að beita þeim reglum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2021/953 gagnvart ríkisborgurum þriðju landa sem falla ekki undir gildissvið þeirrar reglugerðar en dvelja eða eru búsettir löglega á yfirráðasvæði þeirra og hafa rétt til að ferðast til annarra aðildarríkja í samræmi við lög Sambandsins. Af þeim sökum ættu sérhverjar niðurstöður um jafngildi sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun að eiga við um COVID-19-vottorð um bólusetningu sem gefin eru út í Lýðveldinu Perú til handa ríkisborgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra. Á sama hátt ættu slíkar niðurstöður um jafngildi einnig, á grundvelli reglugerðar (ESB) 2021/954, að eiga við um COVID-19-vottorð um bólusetningu sem gefin eru út í Lýðveldinu Perú til handa ríkisborgurum þriðju landa sem dvelja eða búa löglega á yfirráðasvæði aðildarríkjanna með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.

3) Hinn 7. apríl 2022 lét Lýðveldið Perú framkvæmdastjórninni í té ítarlegar upplýsingar um útgáfu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu innan kerfis sem ber heitið „Vaccination Card against COVID–19“. Lýðveldið Perú upplýsti framkvæmdastjórnina um að það líti svo á að COVID-19-vottorð þess séu gefin út í samræmi við staðal og tæknikerfi sem eru samvirkandi við traustrammann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953 og gera kleift að sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna. Lýðveldið Perú hefur í þessu tilliti upplýst framkvæmdastjórnina um að COVID-19-vottorð um bólusetningu sem Lýðveldið Perú hefur gefið út í samræmi við kerfið „Vaccination Card against COVID–19“ innihaldi þau gögn sem fram koma í viðaukanum við reglugerð (ESB) 2021/953.

4) Lýðveldið Perú upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um að það viðurkenni vottorð um bólusetningu, próf og bata sem aðildarríkin og EES-löndin gefa út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 201, 1.8.2022, bls. 60. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 245/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) og VIII. viðauki (Staðfesturéttur) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) vegna ríkisborgara þriðju landa sem dvelja eða búa löglega á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir (Stjtíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 24).

5) Hinn 29. júní 2022 lét framkvæmdastjórnin, í kjölfar beiðni frá Lýðveldinu Perú, gera tækniprof sem sýndu fram á að COVID-19-vottorðin um bólusetningu sem Lýðveldið Perú hefur gefið út eru í samræmi við kerfið „Vaccination Card against COVID–19“ sem er samvirkandi við traustrammann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953 og gerir kleift að sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna. Framkvæmdastjórnin staðfesti einnig að COVID-19-vottorðin um bólusetningu sem Lýðveldið Perú hefur gefið út í samræmi við kerfið „Vaccination Card against COVID–19“ innihaldi nauðsynleg gögn.

6) Auk þessa upplýsti Lýðveldið Perú framkvæmdastjórnina um að það gefi út samvirkandi bólusetningarvottorð fyrir COVID-19-bóluefni. Þessi bóluefni eru nú Comirnaty, Vaxzevria, BBIBP-CorV, Spikevax og Jcovden.

7) Lýðveldið Perú upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um það að það gefi ekki út samvirkandi prófvottorð.

8) Enn fremur upplýsti Lýðveldið Perú framkvæmdastjórnina um að það gefi ekki út samvirkandi batavottorð.

9) Enn fremur upplýsti Lýðveldið Perú framkvæmdastjórnina um að þegar sannprófendur í Perú sannprófa vottorð verði persónuupplýsingar sem fram koma í þeim aðeins unnar til að sannprófa og staðfesta bólusetningu, prófniðurstöðu eða bata handhafa og verði ekki geymdar eftir það.

10) Þannig eru til staðar nauðsynlegir þættir til að ákveða að líta skuli á COVID-19-vottorð um bólusetningu sem gefin eru út í Lýðveldinu Perú í samræmi við kerfið „Vaccination Card against COVID- 19“ sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953.

11) Því ætti að viðurkenna COVID-19-vottorð um bólusetningu sem gefin eru út af Lýðveldinu Perú í samræmi við kerfið „Vaccination Card against COVID- 19“ með þeim skilyrðum sem um getur í 5. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953.

12) Til að þessi ákvörðun öðlist gildi ætti að tengja Lýðveldið Perú við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.

13) Til að vernda hagsmuni Sambandsins, einkum á sviði lýðheilsu, er framkvæmdastjórninni heimilt að beita heimildum sínum til að fresta beitingu þessarar ákvörðunar eða fella hana úr gildi ef skilyrði 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953 eru ekki lengur uppfyllt.

14) Til að tengja Lýðveldið Perú við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID, sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953, eins fljótt og unnt er ætti þessi ákvörðun að öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

15) Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið er á fót með 14. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Líta skal á COVID-19-vottorð um bólusetningu sem Lýðveldið Perú gefur út í samræmi við kerfið „Vaccination Card against COVID- 19“ sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins.

2. gr.

Tengja skal Lýðveldið Perú við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 29. júlí 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1253 **2022/EES/72/61**

frá 21. apríl 2021

um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2017/565 að því er varðar samþættingu sjálfbærniþátta, -áhættu og -óska í tilteknar skipulagskröfur og rekstrarskilyrði fyrir verðbréfafyrirtæki (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB ([1]), einkum 16. gr. (12. mgr.), 24. gr. (13. mgr.) og 25. gr. (8. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Umbreytingin yfir í hringrásarhagkerfi sem losar lítið af kolefni og er sjálfbærara og auðlindanýtið, í samræmi við heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun, er lykilþáttur í að tryggja samkeppnishæfni hagkerfis Sambandsins til langs tíma. Sambandið samþykkti Parísarsamninginn árið 2016 ([2]). Ákvæði c-liðar 1. mgr. 2. gr. Parísarsamningsins miða að því að styrkja viðbrögð við loftslagsbreytingum með því, m.a., að gera fjármagnsflæði samrýmanlegt við ferli í átt að lítilli losun gróðurhúsalofttegunda og þróun viðnáms gegn loftslagsbreytingum.

2) Til að bregðast við þessari áskorun lagði framkvæmdastjórnin fram Grænt samkomulag í Evrópu ([3]) í desember árið 2019. Græna samkomulagið er ný vaxtarstefna sem miðar að því að umbreyta Sambandinu í sanngjarnt og velmegandi samfélag, með nútímalegt, auðlindanýtið og samkeppnishæft hagkerfi þar sem hrein losun gróðurhúsalofttegunda verður engin frá árinu 2050 og þar sem hagvöxtur er aftengdur frá nýtingu auðlinda. Þetta markmið krefst þess að fjárfestar fái skýr skilaboð að því er varðar fjárfestingar sínar til að komast hjá því að eignir verði verðlausar og til að virkja sjálfbæra fjármögnun.

3) Framkvæmdastjórnin birti í mars 2018 aðgerðaáætlun sína „Fjármögnun sjálfbærs vaxtar“ ([4]) og hratt af stað metnaðarfullri og yfirgripsmikilli áætlun um sjálfbær fjármál. Eitt af markmiðum þessarar aðgerðaáætlunar er að beina fjármagnsstreymi í átt að sjálfbærri fjárfestingu til að ná fram sjálfbærum hagvexti fyrir alla. Áhrifamatið sem er grundvöllur síðara frumkvæðis að löggjöf sem birt var í maí árið 2018 ([5]) sýndi fram á að þörf er á að skýra að verðbréfafyrirtæki þurfa að taka tillit til sjálfbærniþátta sem hluta af skyldum sínum gagnvart viðskiptavinum og

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 277, 2.8.2021, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 249/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349.

([2]) Ákvörðun ráðsins (ESB) 2016/1841 frá 5. október 2016 um gerð, fyrir hönd Evrópusambandsins, Parísarsamningsins sem var samþykktur samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (Stjtíð. ESB L 282, 19.10.2016, bls. 1).

([3]) COM(2019) 640, lokagerð.

([4]) COM(2018) 97 lokagerð.

([5]) SWD(2018) 264, lokagerð.

hugsanlegum viðskiptavinum. Verðbréfafyrirtæki ættu því ekki aðeins að taka tillit til allrar viðeigandi fjárhagslegrar áhættu á viðvarandi grundvelli heldur einnig til allrar viðeigandi sjálfbærniáhættu eins og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 ([6]) sem, ef hún kemur upp, myndi hafa raunveruleg eða möguleg veruleg neikvæð áhrif á virði fjárfestingar. Ekki er vísað sérstaklega til sjálfbærniáhættu í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/565 ([7]). Af þessum sökum og til að tryggja að innri starfsreglur og skipulagsráðstafanir séu innleidd og fylgt á tilhlýðilegan hátt er nauðsynlegt að skýra að verklagsreglur, kerfi og innra eftirlit verðbréfafyrirtækja ættu að endurspegla sjálfbærniáhættu og að tæknileg geta og þekking sé nauðsynleg til að greina þessa áhættu.

4) Til að viðhalda ströngum kröfum um fjárfestavernd ættu verðbréfafyrirtæki, þegar þau greina þær tegundir hagsmunaárekstra sem geta skaðað hagsmuni viðskiptavinar eða hugsanlegs viðskiptavinar ef þær koma upp, að telja með þær tegundir hagsmunaárekstra sem rekja má til óska viðskiptavinarins hvað varðar sjálfbærni. Að því er varðar starfandi viðskiptavini sem hæfismat hefur þegar verið gert fyrir ættu verðbréfafyrirtæki að geta greint sérstakar óskir viðskiptavinarins hvað varðar sjálfbærni við næstu reglubundnu uppfærslu fyrirliggjandi hæfismats.

5) Verðbréfafyrirtæki sem veita fjárfestingarráðgjöf og stýringu eignasafns ættu að geta mælt með hentugum fjármálagerningum við viðskiptavini sína og hugsanlega viðskiptavini og ættu því að geta spurt spurninga til að greina sérstakar óskir viðskiptavinarins hvað varðar sjálfbærni. Í samræmi við þá skyldu verðbréfafyrirtækis að gæta hagsmuna viðskiptavina sinna ætti ráðgjöf til viðskiptavina og hugsanlegra viðskiptavina að endurspegla bæði fjárhagsleg markmið og hvers konar óskir um sjálfbærni sem þeir viðskiptavinir hafa látið í ljós. Því er nauðsynlegt að skýra að verðbréfafyrirtæki ættu að hafa viðeigandi fyrirkomulag til að tryggja að þegar sjálfbærniþættir koma inn í ráðgjafarferlið og eignasafnsstýringuna leiði það ekki til villandi söluaðferða eða rangra staðhæfinga um að fjármálagerningar eða áætlanir uppfylli óskir um sjálfbærni þegar sú er ekki raunin. Til að koma í veg fyrir slíkar aðferðir og staðhæfingar ættu verðbréfafyrirtæki sem veita fjárfestingarráðgjöf fyrst að meta önnur fjárfestingarmarkmið, tímabil og aðstæður hvers og eins viðskiptavinar eða hugsanlegs viðskiptavinar áður en þau kalla eftir mögulegum óskum hans hvað varðar sjálfbærni.

6) Fram til þessa hafa verið þróaðir fjármálagerningar af misjöfnum metnaði þegar kemur að sjálfbærni. Til að gera viðskiptavinum eða hugsanlegum viðskiptavinum kleift að skilja þessa sjálfbærni á mismunandi stigum ættu verðbréfafyrirtæki sem veita fjárfestingaráðgjöf og stýringu eignasafns að útskýra muninn á, annars vegar, fjármálagerningum sem, að öllu leyti eða að hluta, stefna að sjálfbærum fjárfestingum í atvinnustarfsemi sem uppfyllir skilyrði til að teljast umhverfislega sjálfbær samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 ([8]), sjálfbærum fjárfestingum eins og þær eru skilgreindar í 17. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088 og fjármálagerningum sem taka tillit til helstu neikvæðu áhrifanna á sjálfbærniþætti sem hægt væri að mæla með á grundvelli þess að þeir uppfylli sérstakar óskir viðskiptavina um sjálfbærni og, á hinn bóginn, öðrum fjármálagerningum sem ekki hafa þessi sérkenni og ekki ætti að vera hægt að mæla með við viðskiptavini eða hugsanlega viðskiptavini sem hafa sérstakar óskir um sjálfbærni.

7) Nauðsynlegt er að bregðast við áhyggjum af „grænþvotti“, sem miðar að því að ná ósanngjörnu samkeppnisforskoti með því að mæla með fjármálagerningi sem umhverfisvænum eða umhverfissjálfbærum þegar hann uppfyllir í raun ekki grundvallar umhverfislega eða aðra sjálfbærnitengda staðla. Til að koma í veg fyrir villandi söluaðferðir eða grænþvott ættu verðbréfafyrirtæki ekki að mæla með eða ákveða viðskipti með fjármálagerninga á þeim grundvelli að þeir uppfylli einstakar óskir um sjálfbærni ef þeir uppfylla þær ekki. Verðbréfafyrirtæki ættu að útskýra fyrir viðskiptavinum sínum eða hugsanlegum viðskiptavinum ástæðurnar fyrir að gera það ekki og halda skrá um þær ástæður.

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 frá 27. nóvember 2019 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (Stjtíð. ESB L 317, 9.12.2019, bls. 1).

([7]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/565 frá 25. apríl 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar skipulagskröfur og rekstrarskilyrði verðbréfafyrirtækja og hugtök sem skilgreind eru að því er varðar þá tilskipun (Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 1).

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 frá 18. júní 2020 um að koma á fót ramma til að greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu og um breytingu á reglugerð (ESB) 2019/2088 (Stjtíð. ESB L 198, 22.6.2020, bls. 13).

8) Nauðsynlegt er að skýra að þó fjármálagerningar séu ekki viðeigandi með tilliti til sérstakra óska um sjálfbærni geta verðbréfafyrirtæki samt mælt með þeim en ekki á þeim grundvelli að þeir uppfylli sérstakar óskir hvað sjálfbærni varðar. Til að hægt sé að veita viðskiptavinum eða hugsanlegum viðskiptavinum frekari ráðgjöf í þeim tilvikum þar sem fjármálagerningar uppfylla ekki óskir viðskiptavinarins um sjálfbærni ætti viðskiptavinurinn að eiga kost á að aðlaga upplýsingarnar um óskir sínar hvað varðar sjálfbærni. Til að koma í veg fyrir villandi söluaðferðir eða grænþvott ættu verðbréfafyrirtæki að skrásetja ákvörðun viðskiptavinarins ásamt útskýringu hans til stuðnings aðlöguninni.

9) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2017/565 til samræmis við það.

10) Veita ætti lögbærum yfirvöldum og verðbréfafyrirtækjum nægan tíma til að aðlagast nýju kröfunum í þessari reglugerð. Því ætti að fresta gildistöku hennar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á framseldri reglugerð (ESB) 2017/565

Framseldri reglugerð (ESB) 2017/565 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi 7., 8. og 9. liður bætast við 2. gr.:

„7) „óskir um sjálfbærni“: val viðskiptavinar eða hugsanlegs viðskiptavinar á því hvort og þá að hvaða marki einn eða fleiri af eftirfarandi fjármálagerningum skuli felldir inn í fjárfestingu hans:

a) fjármálagerningur sem viðskiptavinurinn eða hugsanlegi viðskiptavinurinn ákveður að lágmarkshlutfall skuli fjárfest með í umhverfislega sjálfbærum fjárfestingum eins og þær eru skilgreindar i 1. lið 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 (*),

b) fjármálagerningur sem viðskiptavinurinn eða hugsanlegi viðskiptavinurinn ákveður að lágmarkshlutfall skuli fjárfest með í sjálfbærum fjárfestingum eins og þær eru skilgreindar í 17. lið 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 (**),

c) fjármálagerningur sem felur í sér að tekið sé tillit til helstu neikvæðu áhrifa á sjálfbærniþætti þar sem viðskiptavinurinn eða hugsanlegi viðskiptavinurinn ákvarðar eigindlega eða megindlega þætti sem sýna fram á að slíkt tillit sé tekið,

8) „sjálfbærniþættir“: sjálfbærniþættir eins og þeir eru skilgreindir í 24. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088,

9) „sjálfbærniáhætta“: sjálfbærniáhætta eins og hún er skilgreind í 22. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 frá 18. júní 2020 um að koma á fót ramma til að greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu og um breytingu á reglugerð (ESB) 2019/2088 (Stjtíð. ESB L 198, 22.6.2020, bls. 13).

(**) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 frá 27. nóvember 2019 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (Stjtíð. ESB L 317, 9.12.2019, bls. 1).“

2) Ákvæðum 1. mgr. 21. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað annarrar undirgreinar kemur eftirfarandi:

„Verðbréfafyrirtæki skulu taka tillit til sjálfbærniáhættu þegar þau hlíta kröfunum sem settar eru fram í þessari málsgrein.“,

b) Eftirfarandi undirgrein bætist við:

„Að því er varðar hlítingu við kröfur þessarar málsgreinar skulu verðbréfafyrirtæki taka mið af eðli, umfangi og flækjustigi starfsemi fyrirtækisins sem og eðlis og fjölbreytileika þeirrar fjárfestingarþjónustu og -starfsemi sem fyrirtækið stundar.“,

3) Í stað a-liðar 1. mgr. 23. gr. kemur eftirfarandi:

„a) koma á, innleiða og viðhalda viðunandi áhættustýringarstefnum og -ferlum til að greina áhættu í tengslum við starfsemi, ferla og kerfi fyrirtækisins og, eftir því sem við á, ákvarða áhættuþol fyrirtækisins. Í þessu sambandi skulu verðbréfafyrirtæki taka tillit til sjálfbærniáhættu,“,

4) Í stað 33. gr. kemur eftirfarandi:

„33. gr.

Hagsmunaárekstrar sem geta mögulega skaðað viðskiptavin

(Ákvæði 3. mgr. 16. gr. og 23. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

Í því skyni að greina þær tegundir hagsmunaárekstra sem skapast við veitingu fjárfestingar- og viðbótarþjónustu, eða blöndu af hvoru tveggja, og sem geta skaðað hagsmuni viðskiptavinar, þ.m.t. hvað varðar óskir hans um sjálfbærni, skal verðbréfafyrirtæki að lágmarki meta hvort einhverjar af eftirfarandi aðstæðum eiga við um verðbréfafyrirtækið eða viðkomandi aðila, eða um aðila sem er beint eða óbeint tengdur fyrirtækinu gegnum yfirráð, hvort sem það er vegna veitingar fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu eða fjárfestingastarfsemi eða annars:

a) líklegt sé að fyrirtækið eða sá aðili njóti fjárhagslegs ávinnings, eða komist hjá fjárhagslegu tapi, á kostnað viðskiptavinarins,

b) fyrirtækið eða sá aðili eigi aðra hagsmuni undir en viðskiptavinurinn að því er varðar niðurstöðu þjónustu sem veitt er viðskiptavini eða niðurstöðu viðskipta sem framkvæmd eru fyrir hönd viðskiptavinarins,

c) fyrirtækið eða sá aðili hafi fjárhagslegan eða annan hvata til að setja hagsmuni annars viðskiptavinar eða hóps viðskiptavina framar hagsmunum viðskiptavinarins,

d) fyrirtækið eða sá aðili stundi sams konar rekstur og viðskiptavinurinn,

e) fyrirtækið eða sá aðili taki við eða muni taka við hvatagreiðslu í formi peningalegs eða ópeningalegs ávinnings eða þjónustu frá öðrum aðila en viðskiptavininum í tengslum við þjónustu sem veitt er viðskiptavininum.“,

5) Í stað 3. mgr. 52. gr. kemur eftirfarandi:

„3. Verðbréfafyrirtæki skulu gefa lýsingu á:

a) þeim tegundum fjármálagerninga sem koma til greina,

b) úrvali fjármálagerninga og veitenda, sem eru greindir eftir hverri tegund gernings samkvæmt umfangi þjónustunnar,

c) ef við á, þeim sjálfbærniþáttum sem tekið er tillit til í ferlinu við val fjármálagerninga,

d) þegar óháð ráðgjöf er veitt, því hvernig þjónustan sem veitt er uppfyllir skilyrðin fyrir veitingu fjárfestingarráðgjafar á óháðum grundvelli ásamt lýsingu á þeim þáttum sem horft er til í valferlinu sem verðbréfafyrirtækið notar til að mæla með fjármálagerningum, s.s. áhættu, kostnaði og flækjustigi fjármálagerninganna.“

6) Ákvæðum 54. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað a-liðar 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„a) þau hæfi fjárfestingarmarkmiðum viðkomandi viðskiptavinar, þ.m.t. með tilliti til áhættuþols og óska hans um sjálfbærni,“,

b) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Upplýsingarnar um fjárfestingarmarkmið viðskiptavinar eða hugsanlegs viðskiptavinar skulu fela í sér, þar sem við á, upplýsingar um hve lengi viðskiptavinurinn óskar eftir að halda fjárfestingunni, óskir hans um áhættutöku, áhættuþol hans og tilgang fjárfestingarinnar og enn fremur óskir hans um sjálfbærni.“,

c) Í stað 9. mgr. kemur eftirfarandi:

„9. Verðbréfafyrirtæki skulu hafa og skulu geta sýnt fram á að þau hafi fullnægjandi stefnur og starfsreglur til að tryggja að þau skilji eðli og eiginleika, þ.m.t. kostnað og áhættu af, fjárfestingarþjónustu og fjármálagerningum sem valdir eru fyrir viðskiptavini þeirra, þ.m.t. hvers konar sjálfbærniþætti, og að þau leggi mat á það, að teknu tilliti til kostnaðar og flækjustigs, hvort sambærileg fjárfestingarþjónusta eða fjármálagerningar geti uppfyllt þarfir viðskiptavinarins.“,

d) Í stað 10. mgr. kemur eftirfarandi:

„10. Þegar verðbréfafyrirtæki veitir fjárfestingarþjónustu á sviði fjárfestingarráðgjafar eða stýringar eignasafns skal það ekki mæla með eða ákveða að eiga í viðskiptum ef hvorki þjónustan né gerningarnir hæfa viðskiptavininum.

Verðbréfafyrirtæki skal ekki mæla með fjármálagerningum eða ákveða að eiga í viðskiptum með slíka gerninga á grundvelli þess að þeir uppfylli óskir viðskiptavinar eða hugsanlegs viðskiptavinar um sjálfbærni ef þeir fjármálagerningar uppfylla ekki þær óskir. Verðbréfafyrirtækið skal útskýra fyrir viðskiptavininum eða hugsanlega viðskiptavininum hvers vegna það er ekki gert og halda skrár um ástæðurnar.

Uppfylli enginn fjármálagerningur óskir viðskiptavinarins eða hugsanlega viðskiptavinarins um sjálfbærni og viðskiptavinurinn ákveður að aðlaga óskir sínar um sjálfbærni skal verðbréfafyrirtækið halda skrár um ákvörðun viðskiptavinarins, þ.m.t. ástæður þeirrar ákvörðunar.“

e) Í stað fyrstu undirgreinar 12. mgr. kemur eftirfarandi:

„12. Þegar verðbréfafyrirtæki veita fjárfestingarráðgjöf skulu þau leggja fyrir almenna fjárfestinn skýrslu sem hefur að geyma yfirlit um ráðgjöfina sem er veitt og sem útskýrir af hverju ráðleggingin hentar almenna fjárfestinum, þ.m.t. hvernig ráðgjöfin þjónar fjárfestingarmarkmiðum viðskiptavinarins, hæfir einstaklingsbundnum aðstæðum hans með tilliti til fjárfestingartímans sem til þarf, þekkingu og reynslu hans, viðhorfi hans til áhættu, getu hans til að taka á sig tap og óskum hans um sjálfbærni.“,

f) Eftirfarandi undirgrein bætist við 13. mgr.:

„Kröfurnar um að uppfylla óskir viðskiptavina eða hugsanlegra viðskiptavina um sjálfbærni, þar sem við á, skulu ekki breyta þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein.“

2. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 2. ágúst 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. apríl 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/1180 2022/EES/72/62

frá 11. janúar 2022

um leiðréttingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/45/EB um öryggisreglur og -staðla fyrir farþegaskip (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/45/EB frá 6. maí 2009 um öryggisreglur og staðla fyrir farþegaskip ([1]), einkum 2. og 3. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/411 ([2]) er að finna villu í breyttum B-hluta í kafla II-1 í 2. þætti I. viðauka við tilskipun 2009/45/EB.

2) Ákvæði B-hluta í kafla II-1 í 2. þætti I. viðauka við tilskipun 2009/45/EB, eins og henni var breytt með framseldri reglugerð (ESB) 2020/411, undanskilja ekki reglu 8.1 frá gildissviði viðkomandi hluta alþjóðasamningsins um öryggi mannslífa á hafinu, sem gerður var í London 1. nóvember 1974 (SOLAS-samþykktin frá 1974), með áorðnum breytingum, að því er varðar farþegaskip í flokkum B, C og D.

3) Við samningaviðræður að drögunum að framseldri reglugerð (ESB) 2020/411 voru sérfræðingar sammála um að kröfur um að geta siglt til hafnar með öruggum hætti, samkvæmt reglu 8.1 í B-hluta í kafla II-1 í SOLAS-samþykktinni frá 1974, ættu ekki að gilda um farþegaskip í flokkum B, C og D þar sem það væri óhóflegt miðað við þær aðstæður sem skip, sem falla undir þá flokka, starfa við.

4) Því ætti að leiðrétta tilskipun 2009/45/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað B-hluta í kafla II-1 í 2. þætti I. viðauka við tilskipun 2009/45/EB kemur eftirfarandi:

„B-HLUTI — STÖÐUGLEIKI Í ÓLEKU ÁSTANDI, NIÐURHÓLFUN OG STÖÐUGLEIKI Í LÖSKUÐU ÁSTANDI

Skip skulu uppfylla kröfurnar í viðeigandi ákvæðum B-hluta til B-4, kafla II-1 í SOLAS-samþykktinni, með áorðnum breytingum, að undanskilinni reglu 8.1.“

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 184, 11.7.2022, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 261/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 163, 25.6.2009, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/411 frá 19. nóvember 2019 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðins 2009/45/EB um öryggisreglur og -staðla fyrir farþegaskip að því er varðar öryggiskröfur fyrir farþegaskip í innanlandssiglingum (Stjtíð. ESB L 83, 19.3.2020, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. janúar 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/790 **2022/EES/72/63**

frá 19. maí 2022

um leiðréttingu á tilteknum tungumálaútgáfum af reglugerð (ESB) nr. 965/2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 31. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Eftir að reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1199 ([2]) var samþykkt fannst villa í tékknesku og sænsku tungumálaútgáfunni, í b-lið 1. liðar í viðaukanum við þá reglugerð. Sá liður, þar sem sett er fram skilgreiningin á heitinu „starfræksla á hafi úti“, kom í stað 86. liðar í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 ([3]) Villan hefur áhrif á efni þess ákvæðis.

2) Því ætti að leiðrétta tékknesku og sænsku tungumálaútgáfuna af reglugerð (ESB) nr. 965/2012 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.

3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

(Á ekki við um íslensku útgáfuna).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 141, 20.5.2022, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 262/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8. 2018, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1199 frá 22. júlí 2016 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 að því er varðar samþykki fyrir starfrækslu sem byggist á hæfisbundinni leiðsögu, vottun og umsjón með veitendum gagnaþjónustu og starfrækslu þyrlu á hafi úti, og um leiðréttingu þeirrar reglugerðar (Stjtíð. ESB L 198, 23.7.2016, bls. 13).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. maí 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/594 **2022/EES/72/64**

frá 8. apríl 2022

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 að því er varðar skrá yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur eða sæta rekstrartakmörkunum innan Sambandsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 frá 14. desember 2005 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins og um að upplýsa flugfarþega um hvaða flugrekendur annast flutning og um niðurfellingu 9. gr. tilskipunar 2004/36/EB ([1]), einkum 2. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006 ([2]) var stofnuð skrá yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins.

2) Flugrekendur, sem hafa fengið vottun hjá Flugmálastjórn Rússlands (FATA), eru hvorki skráðir í viðauka A né B við reglugerð (EB) nr. 474/2006, að undanskildum flugrekandanum *SKOL Airline LLC* sem var bætt við viðauka A með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2070 ([3]).

3) Í samræmi við 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 sendu tiltekin aðildarríki Evrópusambandsins og Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins (hér á eftir nefnd „Flugöryggisstofnunin“) framkvæmdastjórninni upplýsingar sem gætu skipt máli í tengslum við uppfærslu þeirrar skrár. Þriðju lönd og alþjóðastofnanir veittu einnig viðeigandi upplýsingar. Framkvæmdastjórnin hefur tekið tilhlýðilegt tillit til upplýsinganna sem lagðar voru fram til að ákvarða hvort rétt þyki að uppfæra skrána.

4) Samkvæmt samkomulaginu, sem gert var árið 1999 á milli Bermúdaeyja og Rússlands um framkvæmd 83. gr. a í Chicago-samningnum um alþjóðlegt almenningsflug, sem undirritaður var í Chicago 7. desember 1944 („Chicago-samningurinn“), að því er varðar loftför í loftfaraskrá Bermúdaeyja, sem starfrækt eru af flugrekendum, sem hafa fengið vottun hjá Flugmálastjórn Rússlands, varðandi færslu starfa og verkefna í tengslum við lögboðið eftirlit, sem um getur í 1., 2. og 6. viðauka við Chicago-samninginn, tilkynnti Flugmálastjórn Bermúdaeyja (BCAA) Flugmálastjórn Rússlands 14. mars 2022, með almennu tilkynningunni GEN-01-2022, að lofthæfivottorð fyrir öll leigð loftför, sem skráð eru á Bermúdaeyjum og starfrækt eru af flugrekendum, sem hafa fengið vottun hjá Flugmálastjórn Rússlands, yrðu felld tímabundið úr gildi frá og með 12. mars 2022 klukkan 23:59 á alheimstíma, á grundvelli ákvörðunarinnar um að ekki væri hægt að tryggja áframhaldandi lofthæfi þessara loftfara.

5) Samkvæmt samkomulaginu, sem gert var árið 2002 milli Írlands og Rússlands um framkvæmd 83. gr. a í Chicago-samningnum að því er varðar loftför í loftfaraskrá Írlands, sem starfrækt eru af flugrekendum, sem hafa fengið vottun hjá Flugmálastjórn Rússlands, varðandi færslu starfa og verkefna í tengslum við lögboðið eftirlit, sem um getur í 1., 2. og 6. viðauka við Chicago-samninginn, sendi Flugmálastjórn Írlands (IAA) frá sér flugmálatilkynninguna A.114 15. mars 2022 þar sem hún lýsti yfir að öll lofthæfivottorð fyrir loftför, sem starfrækt eru af flugrekendum, sem hafa fengið vottun hjá Flugmálastjórn Rússlands, féllu úr gildi frá og með dagsetningu tilkynningarinnar, á grundvelli ákvörðunarinnar um að ekki væri hægt að tryggja áframhaldandi lofthæfi þessara loftfara.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 114, 12.4.2022, bls. 49. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 263/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 344, 27.12.2005, bls. 15.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006 frá 22. mars 2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins sem um getur í II. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 (Stjtíð. ESB L 84, 23.3.2006, bls. 14).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2070 frá 25. nóvember 2021 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 að því er varðar skrá yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur eða sæta rekstrartakmörkunum innan Sambandsins (Stjtíð. ESB L 421, 26.11.2021, bls. 31).

6) Þrátt fyrir þessar ákvarðanir Flugmálastjórnar Bermúdaeyja og Flugmálastjórnar Írlands, í hlutverki þeirra sem lögbær yfirvöld skráningarríkjanna, eru fjölmörg loftför, sem þessarar ákvarðanir hafa áhrif á, enn starfrækt af flugrekendum, sem hafa fengið vottun hjá Flugmálastjórn Rússlands, í tengslum við flug bæði innan Rússlands sem og til tiltekinna annarra þriðju landa. Alþjóðaflugmálastofnunin minnti á, í rafrænu fréttatilkynningu sinni 2022/12 frá 11. mars 2022, að slík aðgerð brjóti beint gegn 29. og 31. gr. Chicago-samningsins. Samkvæmt þessari rafrænu fréttatilkynningu hefði Flugmálastjórn Rússlands, í hlutverki sínu sem yfirvald sem ber ábyrgð á að tryggja að flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Rússlandi, fari að ákvæðum viðeigandi alþjóðlegra öryggiskrafa, ekki átt að hafa heimilað að slík starfræksla færi fram. Enn fremur hafa flugrekendur, sem hafa fengið vottun hjá Flugmálastjórn Rússlands, sem starfrækja slík flug með loftförunum, sem um getur í forsendum 4 og 5, vísvitandi gert það í bága við viðeigandi alþjóðlegar öryggiskröfur, einkum kröfu liðar 5.2.3 í 5. kafla í I. hluta 6. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, „Flugvél skal starfrækt í samræmi við skilmála lofthæfivottorðs hennar og innan samþykktra starfrækslumarka í flughandbók hennar," í þeim skilningi að slík lofthæfivottorð eru gefin út af skráningarríkinu.

7) Enn fremur hefur mikill fjöldi þessara loftfara verið færður í loftfaraskrá Rússlands án samþykkis eigendanna og án viðeigandi samstarfs um öryggi við annaðhvort Flugmálastjórn Bermúdaeyja eða Flugmálastjórn Írlands. Eins og einnig kom fram í rafrænu fréttatilkynningunni frá Alþjóðaflugmálastofnuninni, sem um getur í forsendu 6, brýtur slík aðgerð í bága við 17. og 18. gr. Chicago-samningsins.

8) Hinn 18. mars 2022 birti Alþjóðaflugmálastofnunin ríkisbréf sitt, AN 3/1.1-22/41, þar sem hún minnir öll samningsríki Chicago-samningsins á ábyrgðina og skuldbindingarnar í tengslum við eftirlit, sem leiða af samningnum og viðaukunum við hann, að því er varðar fullnægjandi framkvæmd öryggiseftirlits.

9) Hinn 18. mars 2022 tilkynnti Rússland Bermúdaeyjum að það myndi fella tímabundið úr gildi samkomulagið um 83. gr. a, sem um getur í forsendu 4, þegar í stað. Af þessum sökum hvarf allt lögboðið eftirlit, sem áður hafði verið flutt til Rússlands samkvæmt því samkomulagi, aftur til Bermúdaeyja sem skráningarríkis, í samræmi við viðeigandi alþjóðlegar öryggiskröfur um almenningsflug.

10) Í bága við gildandi alþjóðlegar öryggiskröfur um almenningsflug hefur Flugmálastjórn Rússlands haldið eftir lögboðna eftirlitinu sem fært var, sem um getur í forsendu 4 og 5, og tekið við, án nokkurs samráðs við Bermúdaeyjar og Írland sem skráningarríkja, störfunum og verkefnunum í tengslum við eftirlit sem tilgreind eru í 8. viðauka við Chicago-samninginn. Engin sannprófanleg gögn liggja fyrir svo hægt sé að ályktа að Flugmálastjórn Rússlands hafi þróað nauðsynlega getu á sviði öryggiseftirlits til að geta sinnt svo víðtækri eftirlitsskyldu með svo stuttum fyrirvara með fullnægjandi hætti og fyrir jafn mikinn fjölda loftfara.

11) Hinn 21. mars 2022 upplýsti framkvæmdastjórnin, skv. 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 473/2006 ([4]), Flugmálastjórn Rússlands um þungar áhyggjur sínar af stöðu öryggiseftirlits með flugi í Rússlandi og upplýsti hana um mikilvægar staðreyndir og forsendur, sem myndu liggja til grundvallar ákvörðun um bann við flugrekstri flugrekenda, sem hafa fengið vottun hjá Flugmálastjórn Rússlands, innan Sambandsins.

12) Framkvæmdastjórnin gaf Flugmálastjórn Rússlands tækifæri til að leggja fram skriflegar athugasemdir og koma munnlegum athugasemdum á framfæri við framkvæmdastjórnina og við flugöryggisnefnd ESB 5. apríl 2022. Farið var þess á leit við Flugmálastjórn Rússlands að hún greindi frá því, eigi síðar en 1. apríl 2022, hvort hún ætli að nýta rétt sinn til varnar og koma fyrir flugöryggisnefnd ESB.

13) Hinn 21. mars 2022 upplýsti framkvæmdastjórnin flugöryggisnefnd ESB um yfirstandandi sameiginlegt samráð, innan ramma reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 473/2006, við Flugmálastjórn Rússlands.

14) Hinn 31. mars 2022 upplýsti Flugmálastjórn Rússlands í bréfi til framkvæmdastjórnarinnar að hún hafni ásökununum sem varða öryggisframmistöðu flugrekenda, sem hafa fengið vottun hjá Flugmálastjórn Rússlands, og að hún telji að hún annist þau skyldustörf, sem lögð eru á samningsríki Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, að fullu. Flugmálastjórn Rússlands lagði þó hvorki fram gögn né upplýsingar til að styðja yfirlýsingar sínar og sýndi ekki fram á hvernig hún innir af hendi skyldustörf sín að því er varðar störfin og verkefnin í tengslum við eftirlit, sem um getur í 8. viðauka við Chicago-samninginn, einkum að því er varðar flugrekendurna sem starfrækja loftförin sem um getur í forsendum 4 og 5.

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 473/2006 frá 22. mars 2006 þar sem mælt er fyrir um framkvæmdarreglur um skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins sem um getur í II. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 (Stjtíð. ESB L 84, 23.3.2006, bls. 8).

15) Hinn 1. apríl 2022 vakti framkvæmdastjórnin athygli á því að Flugmálastjórn Rússlands hafði ekki greint frá því, eins og farið var fram á í bréfi framkvæmdastjórnarinnar sem sent var til Flugmálastjórnar Rússlands 21. mars 2022, hvort hún hygðist nýta rétt sinn til varnar, eins og kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

16) Hinn 5. apríl 2022 fundaði flugöryggisnefnd ESB til að ræða öryggisframmistöðu flugrekendanna, sem hafa fengið vottun hjá Flugmálastjórn Rússlands, sem og getu Flugmálastjórnar Rússlands til að uppfylla alþjóðlegar öryggiskröfur um flug. Flugöryggisnefnd ESB vakti athygli á brotunum á Chicago-samningnum, sem um getur í forsendum 6 og 7, sem og á brotunum á gildandi alþjóðlegum öryggiskröfum um almenningsflug sem um getur í forsendu 10. Hún vakti einnig athygli á skorti á vilja til að starfa með framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum Evrópusambandsins til að leita svara við því hvort Flugmálastjórn Rússlands og flugrekendurnir, sem hún hefur veitt vottun, hafi getu til að tryggja áframhaldandi lofthæfi og starfræksluöryggi flota flugrekendanna, þ.m.t. loftfaranna sem um getur í forsendum 4 og 5.

17) Einnig voru afleidd áhrif þvingunaraðgerða, sem stafa af reglugerð ráðsins (ESB) 2022/328 ([5]) um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014, tekin til frekari athugunar og einkum rekstrarleg áhrif til skemmri tíma af því að hafa aðeins takmarkaðan aðgang að uppfærslum flugleiðsögugagnabanka og gagnabanka jarðvarakerfa, sem skerða þannig alvarlega örugga flugleiðsögugetu loftfaranna sem starfrækt eru af flugrekendum, sem hafa fengið vottun hjá Flugmálastjórn Rússlands.

18) Tekið var mið af því að tæknilegur stuðningur til flugrekenda, sem hafa fengið vottun hjá Flugmálastjórn Rússlands, hefur verið takmarkaður í kjölfar gildandi þvingunaraðgerða. Enn fremur mun skortur á slíkum stuðningi ásamt aukinni eftirlitsstarfsemi, sem stafar af því af umtalsverðum fjölda nýrra loftfara hefur verið bætt við rússnesku skrána, auka vinnuálag Flugmálastjórnar Rússlands og þörfina á sérfræðikunnáttu, sem ólíklegt er að náist þegar í stað að teknu tilliti til skilyrða samkomulagsins um 83. gr. a annars vegar, en samkvæmt þeirri grein hefur slík starfsemi verið innt af hendi í Rússland fram að þessu, og afleiðinga gildandi þvingunaraðgerða hins vegar.

19) Í ljósi fyrrnefndra brota og skorts á vilja til að starfa með framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum Evrópusambandsins til að bregðast við tilteknum atriðum og áhyggjuefnum, sem framkvæmdastjórnin vakti athygli á bréfi sínu frá 21. mars 2022, komust framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefnd ESB að þeirri niðurstöðu, í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, einkum þriðju viðmiðunina, að engin gögn væru til staðar sem færðu sönnur á að Flugmálastjórn Rússlands hafi getu til að annast skyldustörf sín samkvæmt Chicago-samningnum og kröfunum, sem er að finna í viðaukunum við hann, að því er varðar flugrekendur, sem hafa fengið vottun hjá Flugmálastjórn Rússlands sem starfrækja loftförin sem um getur í forsendum 4 og 5.

20) Enn fremur, í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, og einkum fyrstu viðmiðunina, hafa flugrekendur, sem hafa fengið vottun hjá Flugmálastjórn Rússlands, sem hafa starfrækt eitt eða fleiri loftför, sem um getur í forsendum 4 og 5, sýnt alvarlega annmarka í öryggismálum með því að heimila að flugrekstur eigi sér stað í bága við viðeigandi alþjóðlegar öryggiskröfur sem eiga við um flutningaflug.

21) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, metur framkvæmdastjórnin það svo að breyta ætti skránni yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, sem um getur í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006, til að bæta öllum flugrekendunum, sem hafa fengið vottun í Rússlandi, sem starfrækja loftförin, sem um getur í forsendum 4 og 5, við skrána.

22) Aðildarríki ættu að halda áfram að sannprófa hvort flugrekendur, sem hafa fengið vottun hjá Flugmálastjórn Rússlands, uppfylli viðeigandi alþjóðlegar öryggiskröfur á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför þessara flugrekenda séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 ([6]).

([5]) Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 2022/328 frá 25. febrúar 2022 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtíð. ESB L 49, 25.2.2022, bls. 1).

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).

23) Fylgst verður vel með stöðunni að því er varðar hæfni og getu Flugmálastjórnar Rússlands til að annast hlutverk sitt og skyldustörf með tilliti til eftirlits með flugiðnaði sínum sem og með öllum flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Rússlandi, þ.m.t. einkum með flugrekendunum sem starfrækja loftförin, sem um getur í forsendum 4 og 5, og mun hún sæta frekari athugun af hendi framkvæmdastjórnarinnar með aðstoð Flugöryggisstofnunarinnar með tilliti til endurskoðunar á næstu fundum flugöryggisnefndar ESB.

24) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 474/2006 til samræmis við það.

25) Í 5. og 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 er viðurkennt að nauðsynlegt sé að taka ákvarðanir með skjótum hætti og, eftir því sem við á, eins fljótt og unnt er, miðað við afleiðingarnar sem það getur haft fyrir öryggi. Því er nauðsynlegt, til að vernda viðkvæmar upplýsingar og farþega, að ákvarðanir, sem teknar eru í tengslum við uppfærslu á skránni yfir flugrekendur, sem sæta flugrekstrarbanni eða takmörkunum á flugrekstri innan Sambandsins, séu birtar og að þær öðlist gildi um leið og þær hafa verið samþykktar.

26) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit flugöryggisnefndar ESB sem komið var á fót með 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 474/2006 er breytt sem hér segir:

1) Í stað viðauka A kemur texti I. viðauka við þessa reglugerð.

2) Í stað viðauka B kemur texti II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. apríl 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd forsetans,

Adina VĂLEAN

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

„VIÐAUKI A

SKRÁ YFIR FLUGREKENDUR, SEM ER BANNAÐ AÐ STUNDA FLUGREKSTUR INNAN SAMBANDSINS, MEÐ UNDANÞÁGUM ([1])

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	Þriggja stafa ICAO-kóði	Ríki flugrekanda
AVIOR AIRLINES	ROI-RNR-011	ROI	Venesúela
BLUE WING AIRLINES	SRBWA-01/2002	BWI	Súrínam
IRAN ASEMAN AIRLINES	FS-102	IRC	Íran
IRAQI AIRWAYS	001	IAW	Írak
MED-VIEW AIRLINE	MVA/AOC/10-12/05	MEV	Nígería
AIR ZIMBABWE (PVT)	177/04	AZW	Zimbabwe
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Afganistan, þ.m.t.			**Afganistan**
ARIANA AFGHAN AIRLINES	AOC 009	AFG	Afganistan
KAM AIR	AOC 001	KMF	Afganistan
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Angóla, að undanskildum flugrekendunum *TAAG Angola Airlines* og *Heli Malongo*, þ.m.t.			**Angóla**
AEROJET	AO-008/11-07/17 TEJ	TEJ	Angóla
GUICANGO	AO-009/11-06/17 YYY	Óskráður	Angóla
AIR JET	AO-006/11-08/18 MBC	MBC	Angóla
BESTFLYA AIRCRAFT MANAGEMENT	AO-015/15-06/17YYY	Óskráður	Angóla
HELIANG	AO 007/11-08/18 YYY	Óskráður	Angóla
SJL	AO-014/13-08/18YYY	Óskráður	Angóla
SONAIR	AO-002/11-08/17 SOR	SOR	Angóla
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Armeníu, þ.m.t.			**Armenía**
AIRCOMPANY ARMENIA	AM AOC 065	NGT	Armenía

([1]) Unnt væri að heimila að allir flugrekendur, sem eru skráðir í viðauka A, nýti flugréttindi, með því að nota loftfar í þjónustuleigu frá flugrekanda, sem er ekki bannað að stunda flugrekstur, að því tilskildu að viðeigandi öryggiskröfur séu uppfylltar.

ARMENIA AIRWAYS	AM AOC 063	AMW	Armenía
ARMENIAN HELICOPTERS	AM AOC 067	KAV	Armenía
FLYONE ARMENIA	AM AOC 074		Armenía
NOVAIR	AM AOC 071	NAI	Armenía
SHIRAK AVIA	AM AOC 072	SHS	Armenía
SKYBALL	AM AOC 073	Á ekki við	Armenía
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Kongó (Brazzaville), þ.m.t.			**Kongó (Brazzaville)**
CANADIAN AIRWAYS CONGO	CG-CTA 006	TWC	Kongó (Brazzaville)
EQUAFLIGHT SERVICES	CG-CTA 002	EKA	Kongó (Brazzaville)
EQUAJET	RAC06-007	EKJ	Kongó (Brazzaville)
TRANS AIR CONGO	CG-CTA 001	TSG	Kongó (Brazzaville)
SOCIETE NOUVELLE AIR CONGO	CG-CTA 004	Óskráður	Kongó (Brazzaville)
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, þ.m.t.			**Lýðstjórnarlýðveldið Kongó**
AIR FAST CONGO	AAC/DG/OPS-09/03	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
AIR KATANGA	AAC/DG/OPS-09/08	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
BUSY BEE CONGO	AAC/DG/OPS-09/04	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
COMPAGNIE AFRICAINE D'AVIATION (CAA)	AAC/DG/OPS-09/02	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
CONGO AIRWAYS	AAC/DG/OPS-09/01	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
KIN AVIA	AAC/DG/OPS-09/10	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
MALU AVIATION	AAC/DG/OPS-09/05	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
SERVE AIR CARGO	AAC/DG/OPS-09/07	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó

SWALA AVIATION	AAC/DG/OPS-09/06	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
MWANT JET	AAC/DG/OPS-09/09	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Djibúti, þ.m.t.			**Djibúti**
DAALLO AIRLINES	Óskráð	DAO	Djibúti
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Miðbaugs-Gíneu, þ.m.t.			**Miðbaugs-Gínea**
CEIBA INTERCONTINENTAL	2011/0001/MTTCT/DGAC/SOPS	CEL	Miðbaugs-Gínea
CRONOS AIRLINES	2011/0004/MTTCT/DGAC/SOPS	Óskráður	Miðbaugs-Gínea
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Eritreu, þ.m.t.			**Eritrea**
ERITREAN AIRLINES	AOC No 004	ERT	Eritrea
NASAIR ERITREA	AOC No 005	NAS	Eritrea
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Kirgistan, þ.m.t.			**Kirgistan**
AEROSTAN	*08*	*BSC*	Kirgistan
AIR COMPANY AIR KG	50	Óskráður	Kirgistan
AIR MANAS	17	MBB	Kirgistan
AVIA TRAFFIC COMPANY	23	AVJ	Kirgistan
FLYSKY AIRLINES	53	FSQ	Kirgistan
HELI SKY	47	HAC	Kirgistan
KAP.KG AIRCOMPANY	52	KGS	Kirgistan
SKY KG AIRLINES	41	KGK	Kirgistan
TEZ JET	46	TEZ	Kirgistan
VALOR AIR	07	VAC	Kirgistan
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Líberíu.			**Líbería**
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Líbíu, þ.m.t.			**Líbía**
AFRIQIYAH AIRWAYS	007/01	AAW	Líbía

AIR LIBYA	004/01	TLR	Líbía
AL MAHA AVIATION	030/18	Óskráður	Líbía
BERNIQ AIRWAYS	032/21	BNL	Líbía
BURAQ AIR	002/01	BRQ	Líbía
GLOBAL AIR TRANSPORT	008/05	GAK	Líbía
HALA AIRLINES	033/21	HTP	Líbía
LIBYAN AIRLINES	001/01	LAA	Líbía
LIBYAN WINGS AIRLINES	029/15	LWA	Líbía
PETRO AIR	025/08	PEO	Líbía
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Nepal, þ.m.t.			**Nepal**
AIR DYNASTY HELI. S.	035/2001	Óskráður	Nepal
ALTITUDE AIR	085/2016	Óskráður	Nepal
BUDDHA AIR	014/1996	BHA	Nepal
FISHTAIL AIR	017/2001	Óskráður	Nepal
SUMMIT AIR	064/2010	Óskráður	Nepal
HELI EVEREST	086/2016	Óskráður	Nepal
HIMALAYA AIRLINES	084/2015	HIM	Nepal
KAILASH HELICOPTER SERVICES	087/2018	Óskráður	Nepal
MAKALU AIR	057A/2009	Óskráður	Nepal
MANANG AIR PVT	082/2014	Óskráður	Nepal
MOUNTAIN HELICOPTERS	055/2009	Óskráður	Nepal
PRABHU HELICOPTERS	081/2013	Óskráður	Nepal
NEPAL AIRLINES CORPORATION	003/2000	RNA	Nepal
SAURYA AIRLINES	083/2014	Óskráður	Nepal
SHREE AIRLINES	030/2002	SHA	Nepal
SIMRIK AIR	034/2000	Óskráður	Nepal
SIMRIK AIRLINES	052/2009	RMK	Nepal
SITA AIR	033/2000	Óskráður	Nepal
TARA AIR	053/2009	Óskráður	Nepal
YETI AIRLINES	037/2004	NYT	Nepal
Eftirfarandi flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Rússlandi			**Rússland**
AURORA AIRLINES	486	SHU	Rússland
AVIACOMPANY "AVIASTAR-TU" CO. LTD	458	TUP	Rússland

IZHAVIA	479	IZA	Rússland
JOINT STOCK COMPANY "AIR COMPANY "YAKUTIA"	464	SYL	Rússland
JOINT STOCK COMPANY "RUSJET"	498	RSJ	Rússland
JOINT STOCK COMPANY "UVT AERO"	567	UVT	Rússland
JOINT STOCK COMPANY SIBERIA AIRLINES	31	SBI	Rússland
JOINT STOCK COMPANY SMARTAVIA AIRLINES	466	AUL	Rússland
JOINT-STOCK COMPANY "IRAERO" AIRLINES	480	IAE	Rússland
JOINT-STOCK COMPANY "URAL AIRLINES"	18	SVR	Rússland
JOINT–STOCK COMPANY ALROSA AIR COMPANY	230	DRU	Rússland
JOINT-STOCK COMPANY NORDSTAR AIRLINES	452	TYA	Rússland
JS AVIATION COMPANY "RUSLINE"	225	RLU	Rússland
JSC YAMAL AIRLINES	142	LLM	Rússland
LLC "NORD WIND"	516	NWS	Rússland
LLC "AIRCOMPANY IKAR"	36	KAR	Rússland
POBEDA AIRLINES LIMITED LIABILITY COMPANY	562	PBD	Rússland
PUBLIC JOINT STOCK COMPANY "AEROFLOT - RUSSIAN AIRLINES"	1	AFL	Rússland
ROSSIYA AIRLINES, JOINT STOCK COMPANY	2	SMD	Rússland
SKOL AIRLINE LLC	228	CDV	Rússland
UTAIR AVIATION, JOINT-STOCK COMPANY	6	UTA	Rússland
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Saó Tóme og Prinsípe, þ.m.t.			**Saó Tóme og Prinsípe**
AFRICA'S CONNECTION	10/AOC/2008	ACH	Saó Tóme og Prinsípe
STP AIRWAYS	03/AOC/2006	STP	Saó Tóme og Prinsípe
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Síerra Leóne			**Síerra Leóne**
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Súdan, þ.m.t.			**Súdan**

ALFA AIRLINES SD	54	AAJ	Súdan
BADR AIRLINES	35	BDR	Súdan
BLUE BIRD AVIATION	11	BLB	Súdan
ELDINDER AVIATION	8	DND	Súdan
GREEN FLAG AVIATION	17	GNF	Súdan
HELEJETIC AIR	57	HJT	Súdan
KATA AIR TRANSPORT	9	KTV	Súdan
KUSH AVIATION CO.	60	KUH	Súdan
NOVA AIRWAYS	46	NOV	Súdan
SUDAN AIRWAYS CO.	1	SUD	Súdan
SUN AIR	51	SNR	Súdan
TARCO AIR	56	TRQ	Súdan“.

II. VIÐAUKI

„VIÐAUKI B

SKRÁ YFIR FLUGREKENDUR SEM SÆTA REKSTRARTAKMÖRKUNUM INNAN SAMBANDSINS ([1])

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekanda-skírteinis (AOC)	Þriggja stafa ICAO-kóði	Ríki flugrekanda	Tegund loftfars sem sætir takmörkunum	Skrásetningarmerki og, ef það er fyrir hendi, framleiðsluraðnúmer þeirra loftfara sem sæta takmörkunum	Skrán-ingarríki
IRAN AIR	FS100	IRA	Íran	Öll loftför af tegundinni Fokker F100 og af tegundinni Boeing B747.	Loftför af tegundinni Fokker F100, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteininu; loftför af tegundinni Boeing B747, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteininu.	Íran
AIR KORYO	GAC-AOC/ KOR-01	KOR	Norður-Kórea	Öll loftför, að undanskildum: tveimur loftförum af tegundinni TU-204.	Öll loftför, að undanskildum: P-632, P-633.	Norður-Kórea“.

([1]) Unnt væri að heimila að allir flugrekendur, sem eru skráðir í viðauka B, nýti flugréttindi, með því að nota loftfar í þjónustuleigu frá flugrekanda, sem er ekki bannað að stunda flugrekstur, að því tilskildu að viðeigandi öryggiskröfur séu uppfylltar.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/392 **2022/EES/72/65**

frá 4. mars 2021

um vöktun og skýrslugjöf gagna um koltvísýringslosun frá fólksbifreiðum og léttum atvinnuökutækjum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631 og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1014/2010, (ESB) nr. 293/2012, (ESB) 2017/1152 og (ESB) 2017/1153 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631 frá 17. apríl 2019 um að setja staðla um frammistöðu vegna losunar koltvísýrings fyrir nýjar fólksbifreiðar og ný, létt atvinnuökutæki og um niðurfellingu reglugerða (EB) nr. 443/2009 og (ESB) nr. 510/2011 ([1]), einkum 7. gr. (7. mgr.), 12. gr. (4. mgr.), 13. gr. (4. mgr.) og 15. gr. (7. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Vöktun og skýrslugjöf gagna um fólksbifreiðar og létt atvinnuökutæki, sem skráð eru í Sambandinu, skipta miklu máli til að staðlar um frammistöðu vegna losunar koltvísýrings, sem settir eru fram í reglugerð (ESB) 2019/631, skili tilætluðum árangri. Að teknu tilliti til þess að sú reglugerð öðlaðist gildi 1. janúar 2020 þykir rétt að einfalda og skýra ákvæðin, sem sett eru fram í framkvæmdarreglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1014/2010 ([2]) og (ESB) nr. 293/2012 ([3]), og að safna þeim ákvæðum saman í eina framkvæmdarreglugerð. Að því er varðar skýrslugjöf gagna fyrir almanaksárið 2020 þykir hins vegar rétt að bæði ný og fyrirliggjandi ákvæði skarist til 28. febrúar 2021.

2) Nauðsynlegt er að setja verklagsreglur fyrir vöktun og skýrslugjöf gagna varðandi nýjar fólksbifreiðar og létt atvinnuökutæki sem lögbær yfirvöld aðildarríkjanna, framleiðendur ásamt framkvæmdastjórninni og Umhverfisstofnun Evrópu (EEA) eiga að fylgja.

3) Ferlið fyrir vöktun og skýrslugjöf, sem kveðið er á um í 7. gr. reglugerðar (ESB) 2019/631, felur í sér þrjú meginþrep: árlega skýrslugjöf yfirvalda aðildarríkja til framkvæmdastjórnarinnar varðandi bráðabirgðagögn, sem byggjast á skráningu nýrra ökutækja á næstliðnu almanaksári, sendingu þeirra bráðabirgðagagna frá framkvæmdastjórninni til viðkomandi framleiðenda með aðstoð Umhverfisstofnunar Evrópu, sannprófun framleiðenda á þeim gögnum og, ef nauðsyn krefur, tilkynningu til framkvæmdastjórnarinnar um leiðréttingar á þeim gögnum.

4) Tilgreina ætti nákvæmlega hvaða ráðstafanir mismunandi aðilar eiga að gera, sem hluta af þeim þremur þrepum, innan viðeigandi tímamarka til að ábyrgjast traustleika og áreiðanleika endanlega gagnasafnsins, sem framkvæmdastjórnin birtir skv. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2019/631, en á þeim grunni er sértæk meðalkoltvísýringslosun framleiðanda og hlítni við markmið framleiðandans um sértæka koltvísýringslosun ákvörðuð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 77, 5.3.2021, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 267/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á XX. Viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 111, 25.4. 2019, bls. 13.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1014/2010 frá 10. nóvember 2010 um vöktun og skýrslugjöf gagna um skráningu nýrra fólksbifreiða samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 443/2009 (Stjtíð ESB L 293, 11.11.2010, bls. 15).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 293/2012 frá 3. apríl 2012 um vöktun og skýrslugjöf gagna um skráningu nýrra, léttra atvinnuökutækja samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 (Stjtíð ESB L 98, 4.4.2012, bls. 1).

5) Samkvæmt ákvæðum 12. gr. reglugerðar (ESB) 2019/631 er framkvæmdastjórninni skylt, frá árinu 2021, að safna gögnum um eldsneytis- eða orkunotkun fólksbifreiða og léttra atvinnuökutækja sem fást í raunverulegum akstri og eru skráð með því að nota innbyggðan búnað til að vakta eldsneytis- og/eða orkunotkun, eins og kveðið er á um í 4. gr. a í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 ([4]).

6) Safna ætti slíkum gögnum sem fást í raunverulegum akstri um leið og þau verða aðgengileg því nauðsynlegt er að greina, eins fljótt og auðið er, hvaða þróun á sér stað til lengri tíma á muninum milli losunar og eldsneytis- eða orkunotkunar í raunverulegum akstri og samsvarandi gerðarviðurkenningargilda, bæði til að vakta skilvirkni staðla fyrir koltvísýringslosun í því skyni að draga úr koltvísýringslosun ökutækja og til að upplýsa almenning.

7) Til að tryggja að unnt sé að fá aðgang að gögnum um eldsneytis- og orkunotkun í raunverulegum akstri, eins fljótt og auðið er, ætti framleiðendum að vera skylt að safna slíkum gögnum frá nýjum fólksbifreiðum og léttum atvinnu-ökutækjum sem eru skráð frá og með 1. janúar 2021. Heimilt er að safna slíkum gögnum annaðhvort með beinum gagnaflutningi frá ökutækjum til framleiðandanna eða fyrir milligöngu viðurkenndra seljenda eða viðurkenndra viðgerðarverkstæða þeirra þegar ökutæki eru færð til viðhalds eða viðgerða og þegar lesa á af innbyggðum búnaði í öðrum tilgangi. Ef slík gögn eru gerð aðgengileg fyrir framleiðanda ætti að gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um það með því að tilgreina fyrst gögn varðandi ný ökutæki sem eru skráð í fyrsta sinn í Sambandinu 2021.

8) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) 2017/1151 gildir skyldan um að útbúa ökutæki með innbyggðum vöktunarbúnaði fyrir eldsneytis- eða orkunotkun ekki um tiltekna smærri framleiðendur og ættu þeir því einnig að vera undanþegnir skyldunni um að safna gögnum sem fást í raunverulegum akstri og gefa skýrslu um þau. Þó ætti þetta ekki að koma í veg fyrir að smærri framleiðendur leggi fram gögn sem fást í raunverulegum akstri ef þeir óska þess.

9) Aðildarríki ættu að safna gögnum um eldsneytis- og orkunotkun sem fást í raunverulegum akstri sem hluta af prófunum á akstursháfni sem gerðar eru í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/45/ESB ([5]). Til að greiða fyrir þessu verkefni þykir rétt að laga skylduna um að safna gögnum sem fást í raunverulegum akstri að kröfunum sem eru settar fram í tilskipun 2014/45/ESB, bæði að því er varðar landsbundnar tímaáætlanir fyrir prófanir á akstursháfni og fyrir lestur gagna með raðtengi til að tengjast innbyggðu greiningarkerfi (e. *on-board diagnostics serial port*) ökutækisins. Gagnasöfnunin ætti því að hefjast við fyrstu prófun á akstursháfni og ekki ætti að krefjast hennar fyrir 20. maí 2023 sem er dagsetningin þegar aðilarnir og fyrirtækin, sem framkvæma þær prófanir, eiga að hafa yfir að ráða nauðsynlegum tækjum, s.s. skönnunartækjum, samkvæmt þeirri tilskipun. Þó ætti ekki að koma í veg fyrir að aðildarríkin afhendi gögn fyrir þann dag ef þau óska þess.

10) Framleiðendur og aðildarríki ættu að gefa framkvæmdastjórninni og Umhverfisstofnun Evrópu skýrslu um gögn sem fást í raunverulegum akstri og er safnað á einu almanaksári með því að nota verklagsreglur fyrir gagnasendingar sem Umhverfisstofnun Evrópu leggur fram. Ef slík gögn eru ekki aðgengileg, sem getur einkum verið raunin á fyrstu almanaksárunum eftir árið 2021, ættu framleiðendur og aðildarríki að upplýsa framkvæmdastjórnina um það og gefa skýringar þar að lútandi.

11) Safna ætti gögnum um eldsneytis- og orkunotkun sem fást í raunverulegum akstri ásamt verksmiðjunúmeri ökutækis. Verksmiðjunúmer ökutækisins telst til persónuupplýsinga um leið og ökutækið hefur verið skráð og fellur því undir kröfurnar sem mælt er fyrir um að því er varðar vernd slíkra gagna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 frá 1. júní 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1230/2012 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 (Stjtíð. ESB L 175, 7.7.2017, bls. 1).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/45/ESB frá 3. apríl 2014 um reglubundnar prófanir á akstursháfni vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra og um niðurfellingu á tilskipun 2009/40/EB (Stjtíð. ESB L 127, 29.4.2014, bls. 51).

(ESB) 2016/679 ([6]). Vinnsla verksmiðjunúmera ökutækja, að því er varðar reglugerð (ESB) 2019/631, ætti að teljast lögleg skv. c-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Enn fremur ætti að tilgreina að litið sé svo á að aðilarnir, sem taka þátt í söfnun, skýrslugjöf og vinnslu verksmiðjunúmera, séu ábyrgðaraðilar slíkra gagna í skilningi 7. liðar 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2016/679 og, að því er varðar Umhverfisstofnun Evrópu og framkvæmdastjórnina, í skilningi 8. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ([7]).Einnig ætti að tryggja að verksmiðjunúmerum sé safnað með öruggum samskiptaleiðum og að skráðir aðilar, þ.e. eigendur ökutækja, séu nægilega upplýstir í samræmi við 13. og 14. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679.

12) Þar að auki ætti að tilgreina hvernig nota eigi gögnin sem fást í raunverulegum akstri og verksmiðjunúmer ökutækja sem og hversu lengi gögnin eigi að vera í vörslu hinna ýmsu aðila sem taka þátt í söfnun og skýrslugjöf. Þar sem markmiðið er að fylgjast með þróun frammistöðu ökutækis í raunverulegum akstri í áætlaðan endingartíma þess ætti að safna gögnum sem fást í sama ökutækinu á 15 ára tímabili og varðveita þau hjá Umhverfisstofnun Evrópu í 20 ár. Að því er varðar aðra aðila, sem safna og gefa skýrslu um gögn, ættu þeir þó einungis að geyma gögnin í þann tíma sem er nauðsynlegur til að undirbúa gögnin fyrir sendingu til Umhverfisstofnunar Evrópu.

13) Söfnun gagna sem fást í raunverulegum akstri og verksmiðjunúmera ökutækja ætti að vera algerlega gagnsæ og eigendur ökutækja ættu því að eiga kost á að neita að gera þau gögn aðgengileg framleiðendum eða meðan á prófunum á akstursháttum stendur. Hafa ætti í huga að sá neitunarréttur eiganda ökutækisins byggist ekki á 21. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 og neitunin ætti einungis að teljast gild að því er varðar þau gögn sem er safnað í tengslum við þessa reglugerð.

14) Gögnin, sem birta á í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2019/631, ættu hvorki að gera mögulegt að auðkenna einstök ökutæki né ökumenn og ætti einungis að birta þau í samanteknum gagnasöfnum þar sem nafnleyndar er gætt án nokkurrar tilvísunar í verksmiðjunúmer ökutækja.

15) Á grundvelli matsins, sem um getur í fyrstu undirgrein 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2019/631, ætti framkvæmdastjórnin að endurskoða tiltekna þætti ákvæðanna um vöktun, skýrslugjöf og birtingu gagna um eldsneytis- og orkunotkun sem fást í raunverulegum akstri, m.a. að teknu tilliti til aðgengis að gögnum um beinan gagnaflutning frá ökutækjum.

16) Til að tryggja aðgengi að gögnum um gerðarviðurkenningu í þeim tilgangi að setja verklagsreglu fyrir sannprófun á koltvísýringslosun frá fólksbifreiðum og léttum atvinnuökutækjum í notkun, eins og krafist er í 13. gr. reglugerðar (ESB) 2019/631, ætti söfnun slíkra gagna samkvæmt framkvæmdarreglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1152 ([8]) og (ESB) 2017/1153 ([9]) að halda áfram, einnig eftir að regla sem skyldar aðila að safna slíkum gögnum fellur úr gildi 1. janúar 2021.

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu stofnana, aðila, skrifstofa og sérstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39).

([8]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1152 frá 2. júní 2017 um aðferð til að ákvarða nauðsynlegar fylgnibreytur til að endurspegla breytinguna á lögbundnu prófunaraðferðinni með tilliti til léttra atvinnuökutækja og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 293/2012 (Stjtíð. ESB L 175, 7.7.2017, bls. 644).

([9]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1153 frá 2. júní 2017 um aðferð til að ákvarða nauðsynlegar fylgnibreytur til að endurspegla breytinguna á lögbundnu prófunaraðferðinni og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1014/2010 (Stjtíð. ESB L 175, 7.7.2017, bls. 679).

17) Gerðarviðurkenningaryfirvöld ættu því að tryggja að gögn, sem varða prófanirnar sem gerðar eru í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/1151, séu áfram skráð og send til Sameiginlegrar rannsóknarmiðstöðvar framkvæmdastjórnarinnar með því að nota verklagsregluna fyrir örugga sendingu sem rannsóknarmiðstöðin leggur fram.

18) Frá og með 1. janúar 2021 er ekki lengur nauðsynlegt að ákvarða koltvísýringslosun frá fólksbifreiðum og léttum atvinnuökutækjum í samræmi við nýju evrópsku akstursloturna (NEDC), eins og kveðið er á um í framkvæmdarreglugerðum (ESB) 2017/1152 og (ESB) 2017/1153, að undanskildum tvinnraffólksbifreiðum sem eru ætlaðar fyrir ytri hleðslu og sem eru settar á markað til 31. desember 2022, óski framleiðandi eftir því að hagnast á sérstökum ívilnunum eins og þær eru settar fram í 5. gr. reglugerðar (ESB) 2019/631.

19) Þar eð umskiptunum úr stöðlum fyrir koltvísýringslosun á grunni nýju evrópsku akstursloturnar (NEDC) í staðla á grunni prófunaraðferðarinnar fyrir létt ökutæki sem samræmd er á heimsvísu (WLTP), sem sett eru fram í reglugerð (ESB) 2017/1151, verður ekki fyllilega lokið fyrr en í lok 2023 og verða að lokum tilkynnt sem hluti af árlegu ferli fyrir vöktun gagna um koltvísýringslosun fyrir árið 2024 og sérstaklega í ljósi ákvæðanna um vistvæna nýsköpun og síðustu ökutæki gerðar ættu framkvæmdarreglugerðir (ESB) 2017/1152 og (ESB) 2017/1153 að gilda til loka 2024.

20) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 1. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725 og skilaði hún athugasemdum sínum 14. janúar 2021.

21) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni

1. Í þessari reglugerð eru settar fram ítarlegar reglur um verklagsreglur aðildarríkja og framleiðenda við vöktun og skýrslugjöf gagna, að því er varðar koltvísýringslosun frá nýjum fólksbifreiðum og léttum atvinnuökutækjum, og gagna um koltvísýringslosun og eldsneytis- eða orkunotkun þeirra ökutækja sem fást í raunverulegum akstri.

2. Í þeim tilgangi að setja verklagsreglu um sannprófun á koltvísýringslosun frá ökutækjum í notkun, í samræmi við 13. gr. reglugerðar (ESB) 2019/631, er í þessari reglugerð einnig kveðið á um skýrslugjöf lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna á tilteknum gögnum sem skráð eru sem hluti af gerðarviðurkenningarprófununum sem framkvæmdar eru í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/1151.

2. gr.

Skilgreiningar

Auk skilgreininganna, sem settar eru fram í 3. gr. reglugerðar (ESB) 2019/631, er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „ítarleg vöktunargögn“: ítarleg vöktunargögn sem eru tilgreind fyrir fólksbifreiðar í 2. þætti B-hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/631 og fyrir létt atvinnuökutæki í 2. þætti C-hluta III. viðauka við þá reglugerð,

b) „samantekin vöktunargögn“: samantekin gögn sem eru tilgreind fyrir fólksbifreiðar í 1. þætti B-hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/631 og fyrir létt atvinnuökutæki í 1. þætti C-hluta III. viðauka við þá reglugerð,

c) „gögn sem fást í raunverulegum akstri“: gögnin sem um getur í a- og b-lið liðar 3.1 og a- til g-lið og l-lið liðar 3.2 í XXII. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151 sem fengin eru frá innbyggðum vöktunarbúnaði fyrir eldsneytis- og/eða orkunotkun.

2. KAFLI

SKÝRSLUGJÖF GAGNA Í SAMRÆMI VIÐ 7. GR. REGLUGERÐAR (ESB) 2019/631

3. gr.

Samantekin og ítarleg vöktunargögn

1. Aðildarríki skulu tryggja viðhald, söfnun, eftirlit, sannprófun og tímanlega sendingu samantekinna og ítarlegra vöktunargagna til framkvæmdastjórnarinnar og Umhverfisstofnunar Evrópu.

Aðildarríki skulu tryggja að tilnefndir tengiliðir þeirra bregðist tafarlaust við beiðnum Umhverfisstofnunar Evrópu um skýringar eða leiðréttingar á gögnum sem hafa verið send.

2. Skýrslugjöf samanteknu og ítarlegu vöktunargagnanna skal fela í sér tvö aðskilin gagnasöfn fyrir fólksbifreiðar og létt atvinnuökutæki, eftir því sem við á, í samræmi við B-hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/631 og C-hluta III. viðauka við þá reglugerð.

3. Aðildarríki skulu senda samanteknu og ítarlegu vöktunargögnin á rafrænan hátt í miðlæga gagnasafnið sem Umhverfisstofnun Evrópu stýrir. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um sendingu gagnanna.

4. gr.

Bráðabirgðaútreikningur og gögn

1. Framkvæmdastjórnin, ásamt Umhverfisstofnun Evrópu, skal tryggja, í samræmi við 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2019/631, að sérhverjum framleiðanda og samlagi framleiðenda, sem bera ábyrgð á nýjum fólksbifreiðum eða léttum atvinnuökutækjum sem skráð eru í Sambandinu, sé tilkynnt um bráðabirgðaútreikninga á markmiðum sínum um sértæka losun og um meðaltal sértækrar losunar koltvísýrings og um gögnin sem aðildarríkin gefa skýrslu um.

2. Tilkynna skal bráðabirgðaútreikningana og gögnin, sem um getur í 1. mgr., sérstaklega fyrir fólksbifreiðar og létt atvinnuökutæki og skulu þau fela í sér skráningar sem hægt er að eigna framleiðandanum á grundvelli nafns og auðkennis hans á heimsvísu.

3. Miðlæga gagnasafnið, sem um getur í 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2019/631, skal fela í sér allar færslur gagna sem aðildarríkin gefa skýrslu um, að undanskildum verksmiðjunúmerum ökutækja.

Umhverfisstofnun Evrópu skal geyma verksmiðjunúmer ökutækja í 20 ár frá þeim degi sem þeim var fyrst halað upp í miðlæga gagnasafnið eða í viðskiptagagnasafn Umhverfisstofnunar Evrópu.

5. gr.

Upplýsingar um framleiðanda

Framleiðendur sem setja eða hyggjast setja fólksbifreiðar eða létt atvinnuökutæki, sem falla undir gildissvið reglugerðar (ESB) 2019/631, á markað Sambandsins skulu tilkynna framkvæmdastjórninni án tafar eftirfarandi upplýsingar og um allar breytingar á þeim upplýsingum:

a) nafn framleiðandans sem þeir tilgreina eða hyggjast tilgreina á samræmisvottorðunum,

b) auðkenni framleiðandans á heimsvísu, sem samsvarar fyrstu þremur rittáknunum í verksmiðjunúmeri ökutækis, sem þeir tilgreina eða hyggjast tilgreina á samræmisvottorðunum,

c) að því er varðar tilkynninguna, sem um getur í annarri undirgrein 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2019/631, nafn og heimilisfang tengiliðarins sem kemur fram fyrir hönd framleiðandans sem senda á tilkynningu um bráðabirgðaútreikninga og gögn til.

Nöfnin og heimilisföngin, sem um getur í c-lið, teljast til persónuupplýsinga í skilningi reglugerðar (ESB) 2018/1725.

6. gr.

Tilkynningar um villur í gögnunum sem notuð eru við bráðabirgðaútreikninga

1. Ef framleiðandi sannprófar bráðabirgðagögnin, í samræmi við fyrstu undirgrein 5. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2019/631, skal hann nota gagnasafnið sem Umhverfisstofnun Evrópu lætur í té í þeim tilgangi.

2. Ef villa greinist í gagnasafninu skal framleiðandinn, ef unnt er, leiðrétta hana og tilgreina, með aðskilinni færslu í gagnasafninu fyrir hverja ökutækjaskráningu, sem ber yfirskriftina „Athugasemdir framleiðanda“, einn af eftirfarandi kóðum:

a) kóða A, ef framleiðandinn hefur breytt skránni,

b) kóða B, ef framleiðandinn getur ekki auðkennt ökutækið,

c) kóða C, ef ökutækið fellur utan gildissviðs reglugerðar (ESB) 2019/631,

d) kóða D, ef ökutæki í flokki N1 hefur verið eignað framleiðanda sem er framleiðandi fjölþrepa fullbúins ökutækis en ekki ófullbúna eða fullbúna grunnökutækisins.

Að því er varðar b-lið telst ekki vera hægt að auðkenna ökutæki ef verksmiðjunúmer ökutækisins vantar eða það er greinilega rangt.

3. Framleiðendur skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um allar villur í samræmi við 5. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2019/631 með því að hala upp öllu leiðrétta gagnasafninu í viðskiptagagnasafnið. Þeir skulu einnig til upplýsingar senda rafrænt eintak af tilkynningunni á eftirfarandi tölvupóstföng:

EC-CO2-LDV-implementation@ec.europa.eu

og

CO2-monitoring@eea.europa.eu

4. Framleiðendur skulu tryggja að tengiliðir þeirra, sem eru tilnefndir í samræmi við c-lið 5. gr. þessarar reglugerðar, bregðist tafarlaust við beiðnum um skýringar á leiðréttingum frá framkvæmdastjórninni eða Umhverfisstofnun Evrópu.

5. Ef framleiðandi hefur ekki tilkynnt framkvæmdastjórninni um neinar villur fyrir lok þriggja mánaða frestsins, sem kveðið er á um í 5. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2019/631, teljast bráðabirgðagildin, sem tilkynnt eru í samræmi við 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar, vera endanleg gildi.

7. gr.

Skýrslugjöf gagna varðandi fjölþrepa fullbúin létt atvinnuökutæki

Framleiðendur grunnökutækis, eins og um getur í lið 1.2.2 í III. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/631, skulu senda gögnin, sem um getur í þeim lið, með rafrænum hætti í viðskiptagagnasafnið eigi síðar en innan þriggja mánaða frá því að þeim er tilkynnt um bráðabirgðagögnin í samræmi við 4. gr. þessarar reglugerðar.

8. gr.

Skýrslugjöf varðandi NEDC-koltvísýringslosun að því er varðar 5. gr. reglugerðar (ESB) 2019/631

1. Framleiðendur nýrra fólksbifreiða, sem skráðar eru á almanaksárunum 2021 eða 2022 með mæld NEDC-koltvísýringsgildi undir 50 g CO_2/km, eins og kveðið er á um í 5. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2017/1153, skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um þau mældu NEDC-koltvísýringsgildi, auk þess að senda henni tilkynninguna sem um getur í 6. gr. þessarar reglugerðar.

2. Framkvæmdastjórnin getur óskað eftir því að framleiðandinn leggi fram viðeigandi samræmisvottorð og gerðarviðurkenningarvottorð sem styðja við koltvísýringslosunargildin sem gefin eru upp.

3. KAFLI

SÖFNUN OG SKÝRSLUGJÖF GAGNA SEM FÁST Í RAUNVERULEGUM AKSTRI

9. gr.

Söfnun og skýrslugjöf framleiðenda á gögnum sem fást í raunverulegum akstri

1. Framleiðendur skulu safna gögnum sem fást í raunverulegum akstri ásamt verksmiðjunúmerum nýrra fólksbifreiða og nýrra léttra atvinnuökutækja, sem eru skráð frá 1. janúar 2021 og útbúin innbyggðum vöktunarbúnaði fyrir eldsneytis- og/eða orkunotkun í samræmi við 4. gr. a reglugerðar (ESB) 2017/1151, nema eigandi ökutækisins neiti alfarið að gera þau gögn aðgengileg framleiðandanum eða viðurkenndum seljanda eða viðurkenndu viðgerðarverkstæði hans.

2. Ef framleiðandinn safnar hvorki gögnum sem fást í raunverulegum akstri né verksmiðjunúmerum ökutækja með beinum gagnaflutningi úr ökutækinu skal framleiðandinn tryggja að gögnunum sé safnað og að viðurkenndur seljandi eða viðurkennt viðgerðarverkstæði hans safni og sendi gögnin til hans í hvert sinn sem ökutæki er fært til viðhalds eða viðgerðar eða til einhverrar annarrar íhlutunar, og að gögn séu lesin með raðtengi til að tengjast innbyggðu greiningarkerfi ökutækisins. Búnaðurinn eða skönnunartækið, sem notað er, skal hafa getu til að lesa gögnin eins og þau eru skráð í innbyggða vöktunarbúnaðinum fyrir eldsneytis- og/eða orkunotkun. Aflestur gagnanna skal vera án endurgjalds og ekki sæta neinum sérstökum skilyrðum.

Framleiðandinn og, eftir atvikum, viðurkenndur seljandi eða viðurkennt viðgerðarverkstæði hans skulu tryggja að örugg samskiptaleið sé notuð við söfnun verksmiðjunúmera ökutækja.

3. Hinn 1. apríl ár hvert, frá og með 2022, skal framleiðandi gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um öll gögn sem fást í raunverulegum akstri ásamt verksmiðjunúmerum ökutækja sem safnað var á næstliðnu almanaksári, eins og tilgreint er í töflu 1 í viðaukanum, með því að hala þeim upp í viðskiptagagnasafnið.

Ef framleiðandi safnar á sama almanaksári mörgum skráningum sem vísa til sama verksmiðjunúmers ökutækis er það skráning gagna sem fást í raunverulegum akstri sem vísa til lengstu heildarvegalengdarinnar, sem farin er, sem gefa á skýrslu um. Safna skal gögnum, sem fást í raunverulegum akstri, fyrir tiltekið ökutæki í að hámarki 15 ár frá þeim degi sem Umhverfisstofnun Evrópu var fyrst gefin skýrsla um gögnin fyrir það ökutæki.

Ef framleiðandi heldur því fram að ekki sé hægt að gefa skýrslu um gögn sem fást í raunverulegum akstri eða að einungis sé hægt að gefa skýrslu um hluta þeirra gagna skal hann senda yfirlýsingu þess efnis til framkvæmdastjórnarinnar og gera grein fyrir ástæðum þess. Yfirlýsingunni og rökstuðningnum skal halað upp í viðskiptagagnasafnið.

4. Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. gilda ekki um smærri framleiðendur eins og um getur í 11. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1151.

10. gr.

Söfnun og skýrslugjöf aðildarríkja á gögnum sem fást í raunverulegum akstri

1. Aðildarríki skulu tryggja að aðilarnir eða fyrirtækin, sem um getur í 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/45/ESB, safni gögnum sem fást í raunverulegum akstri ásamt verksmiðjunúmerum nýrra fólksbifreiða og nýrra léttra atvinnuökutækja sem skráð eru frá og með 1. janúar 2021 og útbúin innbyggðum vöktunarbúnaði fyrir eldsneytis- og/eða orkunotkun í samræmi við 4. gr. a reglugerðar (ESB) 2017/1151.

Frá og með 20. maí 2023 skal gögnum sem fást í raunverulegum akstri safnað ásamt verksmiðjunúmerum ökutækja þegar gerð er prófun á akstureiginleikum ökutækjanna, í samræmi við 5. gr. tilskipunar 2014/45/ESB, nema eigandi ökutækisins neiti alfarið að gera þau gögn aðgengileg.

Aflestur gagna sem fást í raunverulegum akstri skal fara fram með því að nota búnað sem unnt er að tengja við skilflöt rafökutækisins, s.s. skönnunartæki eins og um getur í III. viðauka við tilskipun 2014/45/ESB. Búnaðurinn, sem er notaður, skal hafa getu til að lesa gögnin eins og þau eru skráð í innbyggða vöktunarbúnaðinum fyrir eldsneytis- og/eða orkunotkun.

2. Frá og með 2022 skulu aðildarríkin tryggja að framkvæmdastjórnin fái skýrslu 1. apríl ár hvert um gögnin sem fást í raunverulegum akstri ásamt verksmiðjunúmerum ökutækja sem safnað var á næstliðnu almanaksári, eins og tilgreint er í töflu 1 í viðaukanum, með því að hala þeim upp í miðlæga gagnasafnið. Ef engin slík gögn eru aðgengileg skal yfirlýsing þess efnis, að meðtöldum ástæðum þess að gögnin séu ekki aðgengileg, halað upp í miðlæga gagnasafnið.

Aðildarríki skulu tryggja að gögnunum sem fást í raunverulegum akstri fyrir tiltekið ökutæki sé safnað í að hámarki 15 ár frá þeim degi sem Umhverfisstofnun Evrópu er fyrst gefin skýrsla um gögnin fyrir það ökutæki.

Aðildarríkin og aðilarnir og fyrirtækin, sem bera ábyrgð á söfnun verksmiðjunúmera ökutækja, skulu tryggja að örugg samskiptaleið sé notuð við þá söfnun.

11. gr.

Skyldur að því er varðar vernd persónuupplýsinga

1. Eftirfarandi aðilar sem bera ábyrgð á söfnun verksmiðjunúmera ökutækja ásamt gögnum sem fást beint frá ökutækjum í raunverulegum akstri skulu, með tilliti til söfnunar og vinnslu verksmiðjunúmeranna, teljast vera ábyrgðaraðilar viðeigandi gagna í skilningi 7. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679:

a) framleiðendur ef um er að ræða beinan gagnaflutning frá ökutækjum til framleiðanda,

b) viðurkenndir seljendur eða viðurkennd viðgerðarverkstæði,

c) aðilar eða fyrirtæki sem bera ábyrgð á prófunum á akstureiginleikum.

Aðilarnir eða fyrirtækin skulu tryggja að þau uppfylli upplýsingaskylduna gagnvart eigendum ökutækja í hlutverki sínu sem skráðir aðilar, eins og sett er fram í 13. gr. þeirrar reglugerðar.

2. Ef verksmiðjunúmer ökutækja eru fengin óbeint frá eiganda ökutækis, að því er varðar 3., 9. eða 10. gr., skulu aðildarríkin og, eftir atvikum, framleiðendur, sem ábyrgðaraðilar gagna, tryggja að þau uppfylli upplýsingaskylduna gagnvart eigendum ökutækja, eins og hún er sett fram í 14. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679.

3. Að því er þessa reglugerð varðar skulu Umhverfisstofnun Evrópu og framkvæmdastjórnin teljast vera ábyrgðaraðilar gagna í tengslum við söfnun og vinnslu verksmiðjunúmera ökutækja, sbr. þó ákvæðin sem sett eru fram í reglugerð (ESB) 2018/1725.

4. Ekki er heimilt að nota verksmiðjunúmer ökutækja ásamt gögnum sem fást í raunverulegum akstri, sem safnað er í samræmi við 9. og 10. gr. þessarar reglugerðar, í neinum öðrum tilgangi en þeim sem tilgreindur er í 12. gr. reglugerðar (ESB) 2019/631.

5. Einungis er heimilt að geyma verksmiðjunúmer ökutækja ásamt gögnum sem fást í raunverulegum akstri, sem safnað er í samræmi við 9. og 10. gr., í eftirfarandi tíma:

a) hjá framleiðendum þar til gefin hefur verið skýrsla um gögnin í samræmi við 3. mgr. 9. gr.,

b) hjá viðurkenndum seljendum og viðurkenndum viðgerðarverkstæðum þar til gögnin hafa verið send til framleiðandans í samræmi við 2. mgr. 9. gr.,

c) hjá aðilum og fyrirtækjum sem bera ábyrgð á prófunum á akstureiginleikum þar til gögnin hafa verið send til Umhverfisstofnunar Evrópu eða til yfirvaldsins sem aðildarríkin tilnefna til að annast skýrslugjöf gagna fyrir Umhverfisstofnun Evrópu í samræmi við 2. mgr. 10. gr.,

d) hjá yfirvöldum sem aðildarríkin tilnefna til að annast skýrslugjöf gagna, sem fást í raunverulegum akstri, fyrir Umhverfisstofnun Evrópu þar til skýrsla hefur verið gefin um þau gögn í samræmi við 2. mgr. 10. gr.,

e) hjá Umhverfisstofnun Evrópu þar til 20 árum frá þeim degi sem gögnunum er fyrst halað upp í viðskiptagagnasafnið í samræmi við 3. mgr. 9. gr. eða í miðlæga gagnasafnið í samræmi við 2. mgr. 10. gr.

12. gr.

Birting gagna sem fást í raunverulegum akstri

Frá og með desember 2022 skal framkvæmdastjórnin ár hvert birta samantekin gagnasöfn þar sem nafnleyndar er gætt sem eru aðskilin fyrir fólksbifreiðar og létt atvinnuökutæki sem knúin eru brunahreyfli og tvinnrafökutæki ætluð fyrir ytri hleðslu (OVC-HEV) í sömu flokkum, þ.m.t. eftirfarandi gögn frá hverjum framleiðanda:

a) meðaleldsneytisnotkun (l/100 km) á grundvelli gagna sem gefin er skýrsla um skv. 9. og 10. gr.,

b) meðalraforkunotkun (kWh/100 km) á grundvelli gagna sem gefin er skýrsla um skv. 9. og 10. gr.,

c) meðalkoltvísýringslosun (g/km) sem er reiknuð út á grundvelli gagna sem gefin er skýrsla um skv. 9. og 10. gr.,

d) munur á meðaleldsneytisnotkuninni, sem um getur í a-lið, og meðalgildum eldsneytisnotkunarinnar sem skráð eru í samræmisvottorðum sömu ökutækja þar sem gefin hefur verið skýrsla um gögn sem fást í raunverulegum akstri,

e) munur á meðalraforkunotkuninni, sem um getur í b-lið, og meðalgildum raforkunotkunarinnar sem skráð eru í samræmisvottorðum sömu ökutækja þar sem gefin hefur verið skýrsla um gögn sem fást í raunverulegum akstri,

f) munur á meðalkoltvísýringslosun (g/km), sem er reiknuð út í samræmi við c-lið, og meðalgildum koltvísýringslosunar sem skráð eru í samræmisvottorðum sömu ökutækja þar sem gefin hefur verið skýrsla um gögn sem fást í raunverulegum akstri.

Ákvæði b- og e-liðar gilda einungis að því er varðar tvinnrafökutæki ætluð fyrir ytri hleðslu.

13. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal, á grundvelli matsins sem um getur í fyrstu undirgrein 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2019/631, endurskoða framkvæmd 9.–12. gr. þessarar reglugerðar, einkum að teknu tilliti til eftirfarandi:

a) fjölda ökutækja með búnað fyrir beinan gagnaflutning,

b) nauðsynjar á áframhaldandi vöktun og skýrslugjöf framleiðenda á gögnum sem fást í raunverulegum akstri,

c) tímabilsins á meðan vakta þarf og gefa skýrslu um gögn sem fást í raunverulegum akstri,

d) viðeigandi stig samantekinna gagna sem framkvæmdastjórnin á að birta skv. 12. gr. þessarar reglugerðar.

4. KAFLI

VÖKTUN OG SKÝRSLUGJÖF GAGNA SEM FÁST ÚR PRÓFUNUM SEM GERÐAR ERU Í SAMRÆMI VIÐ REGLUGERÐ (ESB) 2017/1151

14. gr.

Prófunargögn

1. Gerðarviðurkenningaryfirvöld skulu tryggja að gögnin, sem tilgreind eru í töflu 2 í viðaukanum, séu skráð fyrir hverja prófun 1 sem gerð er í samræmi við XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151.

2. Hala skal skráðu gögnunum upp á dulkóðuðu sniði á sérstakan netþjón framkvæmdastjórnarinnar. Ef gögnunum er halað upp á réttan hátt skal staðfesting á móttöku send frá netþjóni framkvæmdastjórnarinnar til aðilans sem annaðist upphalið.

3. Prófunargögnin skulu ekki birt.

15. gr.

Niðurfelling

1. Framkvæmdarreglugerðir (ESB) nr. 1014/2010 og (ESB) nr. 293/2012 falla úr gildi frá og með 1. mars 2021.

2. Framkvæmdarreglugerðir (ESB) 2017/1152 og (ESB) 2017/1153 falla úr gildi frá og með 1. janúar 2025.

16. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. mars 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

1. **Söfnun og skýrslugjöf gagna sem fást í raunverulegum akstri ásamt verksmiðjunúmerum ökutækja í samræmi við 9. og 10. gr.**

Tafla 1

Gögn sem gefa á skýrslu um í samræmi við 9. og 10. gr.

Mæliþáttur	Mælieining	Ökutæki í flokkum M1 og N1	
		Ökutæki sem hafa einungis brunahreyfil og tvinnrafökutæki sem ekki eru ætluð fyrir ytri hleðslu ([1])	Tvinnrafökutæki ætluð fyrir ytri hleðslu ([2])
Verksmiðjunúmer ökutækis	-	√	√
Heildarmagn eldsneytisnotkunar (á endingartíma)	l	√	√
Heildarvegalengd sem farin er (á endingartíma)	km	√	√
Heildarmagn eldsneytisnotkunar við rekstur í afhleðsluham (á endingartíma)	l	_	√
Heildarmagn eldsneytisnotkunar við valkvæð rekstrarskilyrði sem auka hleðslu (á endingartíma)	l	_	√
Heildarvegalengd sem farin er við rekstur í afhleðsluham með hreyfilinn ekki í gangi (á endingartíma)	km	_	√
Heildarvegalengd sem farin er við rekstur í afhleðsluham með hreyfilinn í gangi (á endingartíma)	km	_	√
Heildarvegalengd sem farin er við valkvæð rekstrarskilyrði sem auka hleðslu (á endingartíma)	km	_	√
Heildarorka úr dreifikerfi í rafgeymi (á endingartíma)	kWh	_	√

([1]) Einungis knúin með jarðefnadísilolíu, lífdísilolíu, bensíni, etanóli eða með samsetningu af þessum eldsneytistegundum.
([2]) Knúin með raforku og jarðefnadísilolíu, lífdísilolíu, bensíni eða etanóli.

2. **Skýrslugjöf gagna í samræmi við 14. gr.**

Gefa skal skýrslu um eftirfarandi mæliþætti fyrir hvern brúunarhóp, þ.e. fyrir hálosandi ökutæki (VH) og, eftir atvikum, láglosandi ökutæki (VL) eða ökutæki M fyrir prófanir 1 sem gerðar eru í samræmi við XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151.

Nema annað sé tekið fram í töflu 2, ef fleiri en ein prófun 1 er gerð á hálosandi eða láglosandi ökutæki, skal gefa skýrslu um prófunargögnin í samræmi við eftirfarandi:

a) ef um er að ræða tvær prófanir 1, prófunargögn fyrir prófun 1 með mestu mældu koltvísýringslosunina (blandaður akstur),

b) ef um er að ræða þrjár prófanir 1, prófunargögn fyrir prófun 1 með miðgildi af mældri koltvísýringslosun (blandaður akstur).

Tafla 2

Prófunargögn fyrir prófun 1

Nr.	Mæliþættir	Mælieining	Heimild (nema annað sé tekið fram eru allar tilvísanir í reglugerð (ESB) 2017/1151)	Athugasemdir
1	Auðkenni brúunarhóps	-	Ákvæði 0. liðar II. þáttar gerðarviðurkenningarvottorðsins í 4. viðbæti við I. viðauka	*Leggja skal fram gögn fyrir hvern gerðarviðurkenndan brúunarhóp*
2	Aðalauðkenni brúunarhóps (eftir atvikum)	-	-	*Tilgreina skal aðalauðkenni brúunarhóps ef prófunargögnin hafa verið ákvörðuð fyrir annan brúunarhóp*
3	Rýmkun gerðarviðurkenningar	-	EB-gerðarviður-kenningarvottorð	*0 = nei | 1 = já – ef prófunin er gerð í þeim tilgangi að rýmka gerðarviðurkenningu*
4	Tegund knúningsafls	-		*Ökutæki sem hafa einungis brunahreyfil, tvinnrafökutæki ætlað fyrir ytri hleðslu, tvinnrafökutæki sem ekki er ætlað fyrir ytri hleðslu*
5	Ökutækjaflokkur og undirflokkur		Liður 0.4 í 3. viðbæti við I. viðauka	*M1 eða N1 í undirflokki 1, 2 eða 3*
6	Gerð kveikju		Liður 3.2.1.1 í 3. viðbæti við I. viðauka	*Rafkveikja eða þjöppukveikja*
7	Fjöldi strokka	-	Liður 3.2.1.2 í 3. viðbæti við I. viðauka	*Ef fjöldinn er ekki tilgreindur er staðlaður fjöldi fjórir*
8	Slaglengd hreyfils	mm	Liður 3.2.1.2.2 í 3. viðbæti við I. viðauka	
9	Slagrými hreyfils	cm^3	Liður 3.2.1.3 í 3. viðbæti við I. viðauka	
10	Málafl hreyfils	kW	Liður 3.2.1.8 í 3. viðbæti við I. viðauka	
11	Snúningshraði hreyfils við málafl	min^{-1}	Liður 3.2.1.8 í 3. viðbæti við I. viðauka	*Snúningshraði hreyfils við hámarksnettóafl*
12	Tegund eldsneytis	-	Liður 3.2.2.1 í 3. viðbæti við I. viðauka	*Dísilolía/bensín/fljótandi jarðolíugas/jarðgas eða lífmetan/etanól(E85)/lífdísilolía/vetni*
13	Tvíeldsneytisökutæki	-	Liður 3.2.2.4 í 3. viðbæti við I. viðauka	*0 = nei | 1 = já* *Ef um er að ræða tvíeldsneytisökutæki skal leggja fram prófunarniðurstöður fyrir báðar tegundir eldsneytis (tvö innsláttarform)*

14	Hámarksafköst hverrar rafvélar (P0, P1, P2, P2 stjörnugír, P3 eða P4) (*)	kW	Liður 3.3.1.1.1 í 3. viðbæti við I. viðauka	*Tvinnrafökutæki ætlað fyrir ytri hleðslu og tvinnrafökutæki sem ekki er ætlað fyrir ytri hleðslu*
15	Fjöldi hólfa í endurhlaðanlega raforkugeymslukerfinu	-	Liður 3.3.2.1 í 3. viðbæti við I. viðauka	*Tvinnrafökutæki ætlað fyrir ytri hleðslu og tvinnrafökutæki sem ekki er ætlað fyrir ytri hleðslu*
16	Rýmd neyslurafgeymis	Ah	Liður 3.4.4.5 í 3. viðbæti við I. viðauka	*Rýmd lágspennurafgeymis*
17	Nafnspenna riðstraumsrafala	V	Liður 3.4.4.5 í 3. viðbæti við I. viðauka	*Nafnspenna riðstraumsrafala (skyldubundið fyrir ökutæki sem hafa einungis brunahreyfil)*
18	Hjólbarðastærð (framan/aftan)	-	Liður 3.5.7.1 Mæliþættir fyrir prófunarökutæki, í 3. viðbæti við I. viðauka	*Kóði (t.d. P195/55R1685H) hjólbarða á prófunarökutækinu*
19	Ökumótstöðustuðull F0	N	Liður 3.5.7.1 í 3. viðbæti við I. viðauka	*Hálosandi ökutæki og láglosandi ökutæki (ef við á)*
20	Ökumótstöðustuðull F1	N/(km/klst.)	Liður 3.5.7.1 í 3. viðbæti við I. viðauka	*Hálosandi ökutæki og láglosandi ökutæki (ef við á)*
21	Ökumótstöðustuðull F2	$N/(km/klst.)^2$	Liður 3.5.7.1 í 3. viðbæti við I. viðauka	*Hálosandi ökutæki og láglosandi ökutæki (ef við á)*
22	Gerð gírkassa	-	Liður 4.5.1 í 3. viðbæti við I. viðauka	*sjálfskiptur/beinskiptur/samfelld stiglaus skipting (CVT)/stjörnugír*
23	Gírhlutföll	-	Liður 4.6 í 3. viðbæti við I. viðauka	*Aðskilið fyrir hvern gír*
24	Endanlegt drifhlutfall eða drifhlutföll	-	Liður 4.6 í 3. viðbæti við I. viðauka	*Ef ökutækið hefur fleiri en eitt ásdrif skal færa inn gildi, aðskilið fyrir hvern gír*
25	Gildi fyrir viðbótaröryggisbil (ASM)	%	Liður 4.6.1.7.1 í 3. viðbæti við I. viðauka	*Gefa skal skýrslu um gildi þegar þau eru notuð í útreikningi á gírskiptingu*
26	Knúin hjól	-	Liður 1.7 í 4. viðbæti við I. viðauka	*Tvíhjóladrif, fjórhjóladrif*
27	Koltvísýringslosun í afhleðsluham (blandaður akstur)	gCO_2/km	Liður 2.5.3.2 í 4. viðbæti við I. viðauka	*Einungis tvinnrafökutæki ætluð fyrir ytri hleðslu* *Ef um er að ræða tvær eða þrjár prófanir skulu allar niðurstöður uppgefnar.*
28	Koltvísýringslosun í vegnum, blönduðum akstri (mæld)	gCO_2/km	Liður 2.5.3.3 í 4. viðbæti við I. viðauka	*Einungis tvinnrafökutæki ætluð fyrir ytri hleðslu* *Ef um er að ræða tvær eða þrjár prófanir skulu allar niðurstöður uppgefnar.*
29	Koltvísýringslosun í vegnum, blönduðum akstri (yfirlýst)	gCO_2/km	Liður 2.5.3.3 í 4. viðbæti við I. viðauka	*Einungis tvinnrafökutæki ætluð fyrir ytri hleðslu*

30	Jafngildi fullrar rafdrægni (EAER) í blönduðum akstri	km	Liður 2.5.3.7.2 Jafngild, full rafdrægni (EAER), í 4. viðbæti við I. viðauka	*Einungis tvinnrafökutæki ætluð fyrir ytri hleðslu*
31	Lausagangshraði hreyfils	min^{-1}	Liður 1.1.2 í 8. viðbæti a við I. viðauka	*Lausagangshraði við heit skilyrði*
32	Willans-stuðlar fyrir brunahreyfil fyrir koltvísýringslosun	gCO_2/MJ	Liður 1.1.3 í 8. viðbæti a við I. viðauka	*Gildi í samræmi við töflu A6, viðb.2/3, sem notuð eru við leiðréttingu fyrir hleðslujafnvægi endurhlaðanlegs raforkugeymslukerfis*
33	Rýmd endurhlaðanlegs raforkugeymslukerfis með drifrafgeymi	Ah	Liður 1.1.10 í 8. viðbæti a við I. viðauka	*Tvinnrafökutæki ætlað fyrir ytri hleðslu og tvinnrafökutæki sem ekki er ætlað fyrir ytri hleðslu*
34	Tegund tækni fyrir endurhlaðanlegt raforkugeymslukerfi með drifrafgeymi	-	Liður 1.1.10 í 8. viðbæti a við I. viðauka	*Tvinnrafökutæki ætlað fyrir ytri hleðslu og tvinnrafökutæki sem ekki er ætlað fyrir ytri hleðslu*
35	Nafnspenna eða tímaröð fyrir endurhlaðanlegt raforkugeymslukerfi með drifrafgeymi	V	Liður 1.1.10 í 8. viðbæti a við I. viðauka	*Tvinnrafökutæki ætlað fyrir ytri hleðslu og tvinnrafökutæki sem ekki er ætlað fyrir ytri hleðslu* *Nafngildi eða tímaröðunargildi sem notuð eru við prófunina (20Hz)*
36	Prófunarmassi	kg	Liður 1.2.1 fyrir hálosandi ökutæki og liður 1.3.1 fyrir láglosandi ökutæki í 8. viðbæti a við I. viðauka	*Hálosandi ökutæki og láglosandi ökutæki (ef við á)*
37	Fjöldi ása vegkeflis við prófun	-	Liður 2.1 í 8. viðbæti a við I. viðauka	*Stilling vegkeflis við prófun 1 (einn ás, tveir ásar) fyrir hálosandi ökutæki eða láglosandi ökutæki*
38	Straumur rið-straumsrafala (jafn-straumur-jafnstraum-sumriðill – lág-spennumegin – ef um er að ræða tvinnrafökutæki sem ekki eru ætluð fyrir ytri hleðslu og tvinnrafökutæki ætluð fyrir ytri hleðslu)	A	Eins og mælt er í prófun 1	*Mörg gildi: 1 Hz, 0,1 A nákvæmni, ytri mælibúnaður samstilltur við vegkeflið*
39	Margfaldandi/samleggjandi endurnýjun-arstuðull K_i	-	Liður 2.1.1.2.1 í 8. viðbæti a við I. viðauka	*Að því er varðar koltvísýringslosun frá ökutækjum, sem eru ekki með kerfi sem endurnýjar sig reglubundið, er þetta gildi jafnt og 1*
40	Mæligildi koltvísýrings í lágfasa	gCO_2/km	Liður 2.1.1.2.1 í 8. viðbæti a við I. viðauka	*Óleiðrétt mæligildi $M_{CO2.p.1}$ í lágfasa (gildi í hleðsluham ef um er að ræða tvinnrafökutæki sem ekki er ætlað fyrir ytri hleðslu og tvinnrafökutæki ætlað fyrir ytri hleðslu).*
41	Mæligildi koltvísýrings í miðfasa	gCO_2/km	Liður 2.1.1.2.1 í 8. viðbæti a við I. viðauka	*Óleiðrétt mæligildi $M_{CO2.p.1}$ í miðfasa (gildi í hleðsluham ef um er að ræða tvinnrafökutæki sem ekki er ætlað fyrir ytri hleðslu og tvinnrafökutæki ætlað fyrir ytri hleðslu).*
42	Mæligildi koltvísýrings í háfasa	gCO_2/km	Liður 2.1.1.2.1 í 8. viðbæti a við I. viðauka	*Óleiðrétt mæligildi $M_{CO2.p.1}$ í háfasa (gildi í hleðsluham ef um er að ræða tvinnrafökutæki sem ekki er ætlað fyrir ytri hleðslu og tvinnrafökutæki ætlað fyrir ytri hleðslu).*
43	Mæligildi koltvísýrings í hæsta fasa	gCO_2/km	Liður 2.1.1.2.1 í 8. viðbæti a við I. viðauka	*Óleiðrétt mæligildi $M_{CO2.p.\ 1}$ í hæsta fasa (gildi í hleðsluham ef um er að ræða tvinnrafökutæki sem ekki er ætlað fyrir ytri hleðslu og tvinnrafökutæki ætlað fyrir ytri hleðslu).*

44	Mæligildi koltvísýrings (blandaður akstur)	gCO_2/km	Liður 2.1.1.2.1 í 8. viðbæti a við I. viðauka	*Óleiðrétt mæligildi $M_{CO2,c,1}$ í heilli lotu (gildi í hleðsluham ef um er að ræða tvinnrafökutæki sem ekki er ætlað fyrir ytri hleðslu og tvinnrafökutæki ætlað fyrir ytri hleðslu). Ef um er að ræða tvær og þrjár prófanir skulu allar mældar niðurstöður uppgefnar.*
45	Mæligildi koltvísýrings leiðrétt (blandaður akstur)	gCO_2/km	Liður 2.1.1.2.1 í 8. viðbæti a við I. viðauka	*Mæld koltvísýringslosun í blönduðum akstri fyrir ökutæki H og L eftir allar viðeigandi leiðréttingar, $M_{CO2,C,5}$. Ef um er að ræða tvær og þrjár prófanir skulu allar mældar leiðréttar niðurstöður uppgefnar. Þetta er hleðsluhamur ef um er að ræða tvinnrafökutæki ætlað fyrir ytri hleðslu og tvinnrafökutæki sem ekki er ætlað fyrir ytri hleðslu.*
46	Yfirlýst gildi koltvísýrings	gCO_2/km	Liður 2.1.1.2.1 í 8. viðbæti a við I. viðauka	*Yfirlýst gildi framleiðanda*
47	Leiðréttingarstuðull ATCT-hóps	-	Liður 2.1.1.2.2 í 8. viðbæti a við I. viðauka	*Leiðréttingarstuðull ATCT-hóps (14 °C leiðrétting)*
48	Eldsneytisnotkun í prófun 1 eins og hún er skráð í innbyggða vöktunarbúnaðinum fyrir eldsneytisnotkun.	l	Liður 2.1.1.3.1 í 8. viðbæti a við I. viðauka	*Eldsneytisnotkun við prófun (gildi í hleðsluham ef um er að ræða tvinnrafökutæki sem ekki er ætlað fyrir ytri hleðslu og tvinnrafökutæki ætlað fyrir ytri hleðslu). Ef um er að ræða tvær og þrjár prófanir skulu allar niðurstöður uppgefnar.*
49	Skrárnúmer umbreytingarlotunnar	-	Liður 2.1.1.4.1,4 í 8. viðbæti a við I. viðauka	*Fyrir tvinnrafökutæki ætlað fyrir ytri hleðslu skal tilgreina skrárnúmer umbreytingarlotunnar*
50	Nafnspenna í endurhlaðanlegu raforkugeymslukerfi	V	Liður 1.1.10 í 8. viðbæti a við I. viðauka	*Fyrir lágspennurafgeymi eins og lýst er í 2. viðbæti við 6. undirviðauka við XXI. viðauka*
51	Leiðrétting fyrir hleðslujafnvægi endurhlaðanlegs raforkugeymslukerfis (RCB)			*Leiðrétting framkvæmd?* *0 = nei | 1 = já*
52	Leiðréttingarstuðull fyrir hleðslujafnvægi endurhlaðanlegs raforkugeymslukerfis	(g/km)/(Wh/km)	Liður 2.1.1.2.1 í 8. viðbæti a við I. viðauka	*Tvinnrafökutæki sem ekki er ætlað fyrir ytri hleðslu og tvinnrafökutæki ætlað fyrir ytri hleðslu*
53	Eldsneytisnotkun	l/100 km	Ákvarðað í samræmi við 6. lið 7. undirviðauka við XXI. viðauka og með notkun niðurstaðna á markgildalosun og koltvísýringslosun í 2. þrepi í töflu A7/1.	*Ójöfnuð eldsneytisnotkun í prófun 1 fyrir prófunarökutæki H og, eftir atvikum, ökutæki L. Ef um er að ræða tvær eða þrjár prófanir skal gefa skýrslu um öll gildin.*
54	Tími	sek.	Eins og mælt er í prófun 1	*Mörg gildi: gögn frá innbyggðu greiningarkerfi (OBD) og vegkefli, 1 Hz*

55	Hraðamynstur (fræðilegt)	km/klst.	Eins og notað er í prófun 1	*Mörg gildi: 1 Hz, 0,1 km/klst. nákvæmni Ef ekki er gefið upp neitt hraðasnið gildir hraðasniðið sem gefið er upp í 6. lið 1. undirviðauka við XXI. viðauka og einkum töflur A1/7-A1/9, A1/11 og A1/12*
56	Hraðasnið (raunverulegt)	km/klst.	Eins og mælt er í prófun 1	*Mörg gildi: Gögn frá innbyggðu greiningarkerfi (OBD) og vegkefli, 1 Hz og 10 Hz, 0,1 km/klst. nákvæmni*
57	Gírar (fræðilegir)	-	Eins og notað er í prófun 1, á grundvelli útreikninga sem skilgreindir eru í 2. undirviðauka við XXI. viðauka	*Mörg gildi: 1Hz. Skyldubundið fyrir ökutæki með handskiptingu*
58	Snúningshraði hreyfils	snún./mín.	Eins og mælt er í prófun 1	*Mörg gildi: 1 Hz, 10 snún./mín. nákvæmni frá innbyggðu greiningarkerfi*
59	Hitastig kælivökva hreyfils	°C	Eins og mælt er í prófun 1	*Mörg gildi: Gögn frá innbyggðu greiningarkerfi, 1 Hz, 1 °C nákvæmni*
60	Straumur neyslurafgeymis	A	Eins og mælt er í prófun 1	*Mörg gildi: 1 Hz, 0,1 A nákvæmni, ytri mælibúnaður samstilltur við vegkeflið*
61	Útreiknuð hleðsla	-	Eins og mælt er í prófun 1	*Mörg gildi: Gögn frá innbyggðu greiningarkerfi, a.m.k. 1 Hz (hærri tíðni möguleg, 1% nákvæmni) prófunarmæling*
62	Rafstraumur í endurhlaðanlegu raforkugeymslukerfi með drifrafgeymi	A	Eins og mælt er í prófun 1	*20 Hz tímaraðargildi sem notuð eru við prófun eða prófanir sem eru endurgerðar við 1 Hz* *Skyldubundið fyrir tvinnrafökutæki sem ekki er ætlað fyrir ytri hleðslu og tvinnrafökutæki ætlað fyrir ytri hleðslu*
63	Eldsneytisstreymi hreyfils	g/s	Eins og mælt er í prófun 1	*Augnabliksmerki skráð fyrir prófun (gildi í hleðsluham ef um er að ræða tvinnrafökutæki sem ekki er ætlað fyrir ytri hleðslu og tvinnrafökutæki ætlað fyrir ytri hleðslu).*
64	Eldsneytisstreymi hreyfils	l/klst.	Eins og mælt er í prófun 1	*Sama og hér að framan*
65	Eldsneytisstreymi ökutækis	g/s	Eins og mælt er í prófun 1	*Sama og hér að framan*
66	Aflferill við fullt álag í tengslum við ökutæki með brunahreyfil	kW á móti snún./mín.	Yfirlýsing framleiðanda	*Aflferillinn við fullt álag á snúningshraðasviði hreyfils frá n_{idle} til n_{rated} eða n_{max} , eða n_{dv} (n_{gvmax}) × v_{max}, eftir því hvort er hærra*
67	Upphaflegt hleðsluástand endurhlaðanlegs raforkugeymslukerfis með drifrafgeymi	%	Yfirlýsing framleiðanda	*Upphaflegt hleðsluástand endurhlaðanlegs raforkugeymslukerfis með drifrafgeymi í hleðsluham (fyrir tvinnrafökutæki ætlað fyrir ytri hleðslu og tvinnrafökutæki sem ekki er ætlað fyrir ytri hleðslu)*

68	Eldsneytiseyðsla hreyfils í lausagangi	g/s	Yfirlýsing framleiðanda	*Eldsneytiseyðsla í lausagangi við heit skilyrði*
69	Hámarksafl riðstraumsrafala	kW	Yfirlýsing framleiðanda	
70	Nýtni riðstraumsrafala	-	Yfirlýsing framleiðanda	*Staðalgildi = 0,67*
71	Snúningsvægisbreytir	-	Yfirlýsing framleiðanda	*0 = nei, 1 = já. Notar ökutækið snúningsvægisbreyti?*
72	Eldsneytissparnaðargír fyrir sjálfskiptingu	-	Yfirlýsing framleiðanda	*0 = nei, 1 = já*
73	Hverfilforþjappa eða forþjappa	-	Yfirlýsing framleiðanda	*0 = nei | 1 = já – Er hreyfillinn útbúinn einhvers konar hleðslukerfi?*
74	Ræsing-stöðvun	-	Yfirlýsing framleiðanda	*0 = nei | 1 = já – Er ökutækið útbúið stöðvunar-/ræsingarkerfi?*
75	Endurheimt hemlaorku	-	Yfirlýsing framleiðanda	*0 = nei | 1 = já – Er ökutækið útbúið tækni til að endurheimta orku?*
76	Breytileg ventilstýring	-	Yfirlýsing framleiðanda	*0 = nei | 1 = já – Er hreyfillinn með breytilega ventilstýringu?*
77	Hitastýring	-	Yfirlýsing framleiðanda	*0 = nei | 1 = já – Er ökutækið útbúið tækni sem stýrir hitastigi gírkassans með virkum hætti?*
78	Bein innsprautun/ eldsneytisinnsprautun í soggöng	-	Yfirlýsing framleiðanda	*0 = eldsneytisinnsprautun í soggöng | 1 = bein innsprautun*
79	Þunnbruni	-	Yfirlýsing framleiðanda	*0 = nei | 1 = já – Er hreyfillinn með þunnbruna?*
80	Strokkur gerður óvirkur	-	Yfirlýsing framleiðanda	*0 = nei | 1 = já – Er hreyfillinn með kerfi sem gerir strokk óvirkan? Ef svarið er já skal einnig gefa upp hlutfall virkra strokka*
81	Útblástursshringrás	-	Yfirlýsing framleiðanda	*0 = nei | 1 = já – Er ökutækið útbúið ytri útblástursshringrás?*
82	Agnasía	-	Yfirlýsing framleiðanda	*0 = nei | 1 = já – Er ökutækið útbúið agnasíu?*
83	Valvís afoxun með hvata	-	Yfirlýsing framleiðanda	*0 = nei | 1 = já – Er ökutækið útbúið kerfi fyrir valvísa afoxun með hvata?*
84	Hvati með NOx-bindingu	-	Yfirlýsing framleiðanda	*0 = nei | 1 = já – Er ökutækið útbúið hvata með NOx-bindingu?*

85	Lögun tvinnökutækis (P0, P1, P2, P2 stjörnugír, P3 eða P4) (*)	-	Yfirlýsing framleiðanda	*Er ökutækið útbúið rafvél sem notuð er til að knýja ökutækið og raforkuframleiðslu í stöðunni P0, P1, P2, P2 stjörnugír, P3 eða P4 eða samsetningu þeirra?*
86	Hámarkssnúningsvægi hverrar rafvélar (P0, P1, P2, P2 stjörnugír, P3 eða P4) (*)	Nm	Yfirlýsing framleiðanda	
87	Fyrir hverja rafvél hlutfallið á milli snúningshraða og viðmiðunar-snúningshraða (P0, P1, P2, P2 stjörnugír, P3 eða P4) (*)	-	Yfirlýsing framleiðanda	
88	Fríhjólunarvirkni með hreyfilinn í gangi	-	Yfirlýsing framleiðanda	*Já/nei Hefur ökutækið fríhjólunarvirkni með hreyfilinn í lausagangi (hreyfillinn er látinn ganga í lausagangi þegar ökutækið fríhjólar til þess að spara eldsneyti)?*
89	Fríhjólunarvirkni án hreyfilafls	-	Yfirlýsing framleiðanda	*Já/nei Hefur ökutækið fríhjólunarvirkni án hreyfilafls (hreyfillinn er látinn slökkva á sér á meðan ökutækið fríhjólar til þess að spara eldsneyti)?*
90	Ökutækið er ófullbúið	-	Yfirlýsing framleiðanda	*0 = Nei | 1 = Já – Er ökutækið ófullbúið?*
91	Massi ökutækis sem er tilbúið til aksturs	kg	Liður 1.1 í 4. viðbæti við I. viðauka	*Massi ökutækis sem er tilbúið til aksturs (MRO) fyrir hálosandi ökutæki og láglosandi ökutæki (ef við á)*
92	Takmörkun á hraða ökutækis	km/klst.	Liður 1.2.3 Mæliþættir fyrir val á lotu í 8. viðbæti a við I. viðauka	*Tilgreina skal hvort notuð var takmörkun á hraða (og gildi hans) í prófun 1 fyrir hálosandi ökutæki og láglosandi ökutæki (ef við á)*
93	Hámarkshraði ökutækisins	km/klst.	Liður 1.2.3 Mæliþættir fyrir val á lotu í 8. viðbæti a við I. viðauka	*Tilgreina skal hámarkshraða ökutækisins fyrir hálosandi ökutæki og láglosandi ökutæki (ef við á)*
94	Viðbótarupplýsingar varðandi útreikning á gírskiptingu	min^{-1}	Liður 1.2.4 Gírskipting í 8. viðbæti a við I. viðauka	*Einungis fyrir ökutæki með handskiptingu Upplýsingar um n_min drive*

(*) P0: rafvélin er tengd drifreim hreyfilsins og hefur því snúningshraða hreyfils sem viðmiðunarsnúningshraða.
P1: rafvélin er tengd sveifarás hreyfilsins og hefur því snúningshraða hreyfils sem viðmiðunarsnúningshraða.

P2: rafvélin er uppsett beint fyrir framan gírskiptinguna (gírkassann eða samfelldu, stiglausu skiptinguna) og hefur því innhraða gírskiptingar sem viðmiðunarsnúningshraða.
P2 stjörnugír: rafvélin er tengd gírnum í stjörnuhjólasamstæðu sem er hvorki tengd brunahreyflinum né ásdrifinu sem vísað er til hér sem stjörnugírsmegin. Í þessu tilviki er hraðahlutfallið, sem á að tilgreina, hlutfallið á milli rafvélarinnar og snúningshraða stjörnugírsins (viðmiðunarsnúningshraði) sem endurspeglar áhrif hraðaaukningar/hraðaniðurfærslu á niðurfærslugírinn.
P3: rafvélin er uppsett beint fyrir framan ásdrif drifáss og hefur því snúningshraða endanlega drifsins sem viðmiðunarsnúningshraða (þetta tekur til rafvéla sem eru tengdar kransi í stjörnuhjólasamstæðu á endanlega drifinu). Ökutæki getur haft allt að tvo P3 hreyfla (einn fyrir framás (P3a) og einn fyrir afturás (P3b)).
P4: rafvélin er uppsett fyrir aftan ásdrifið og hefur því snúningshraða hjóls sem viðmiðunarsnúningshraða. Ökutæki getur haft allt að fjóra P4 hreyfla (einn fyrir hvert hjól þar sem P4a vísar til framhjóla og P4b til afturhjóla).

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2019/1151 2022/EES/72/66

frá 20. júní 2019

um breytingu á tilskipun (ESB) 2017/1132 að því er varðar notkun stafrænna tóla og ferla í félagarétti (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 50 gr. og b-, c-, f- og g-lið 2. mgr. 50. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1132 ([3]) er m.a. mælt fyrir um reglur um upplýsingagjöf og samtengingu aðal-, fyrirtækja- og félagaskráa í aðildarríkjunum.

2) Notkun stafrænna tóla og ferla til að hefja atvinnustarfsemi með því að stofnsetja félag eða opna útibú þess félags í öðru aðildarríki á auðveldari, fljótlegri, tíma- og kostnaðarhagkvæmari hátt, og til að veita ýtarlegar og aðgengilegar upplýsingar um félög, er ein af forsendunum fyrir skilvirkri starfsemi, nútímavæðingu og stjórnunarlegri hagræðingu samkeppnishæfs innri markaðar og til að tryggja samkeppnishæfni og áreiðanleika félaga.

3) Mjög mikilvægt er að tryggja að til staðar sé laga- og stjórnsýsluumhverfi sem ræður við nýjar félagslegar og efnahagslegar áskoranir hnattvæðingar og stafvæðingar, annars vegar til að veita nauðsynlega vernd gegn misnotkun og svikum og hins vegar til að vinna að markmiðum eins og eflingu hagvaxtar, atvinnusköpun og að laða fjárfestingu að Sambandinu, sem allt hefði í för með sér efnahagslegan og félagslegan ávinning fyrir samfélagið í heild.

4) Sem stendur er umtalsverður munur milli aðildarríkja að því er varðar aðgang að tólum á netinu sem gera atvinnurekendum og félögum kleift að eiga samskipti við yfirvöld um mál varðandi félagarétt. Rafræn þjónusta hins opinbera er mismunandi milli aðildarríkja. Sum aðildarríki veita yfirgripsmikla og notendavæna þjónustu að öllu leyti á netinu á meðan önnur eru ekki fær um að láta í té lausnir á netinu við tiltekna mikilvæga áfanga á lífsferli félags. Sem dæmi leyfa sum aðildarríki aðeins að stofnsetning félaga eða innlagning breytinga á skjölum og upplýsingum hjá skránni fari fram í eigin persónu, sum leyfa að þessar aðgerðir fari fram annaðhvort í eigin persónu eða á netinu og í öðrum aðildarríkjum geta þær aðeins farið fram á netinu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 186, 11.7.2019, bls. 80. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 270/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 62, 15.2.2019, bls. 24.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 18. apríl 2019 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 13. júní 2019.

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1132 frá 14. júní 2017 um tiltekna þætti félagaréttar (Stjtíð. ESB L 169, 30.6.2017, bls. 46).

5) Að því er varðar aðgengi að upplýsingum um félög mæla lög Sambandsins enn fremur fyrir um að ávallt verði að láta í té lágmarksgögn án endurgjalds. Umfang slíkra upplýsinga verður þó áfram takmarkað. Aðgengi að slíkum upplýsingum er misjafnt, þar sem meiri upplýsingar eru gerðar aðgengilegar án endurgjalds í sumum aðildarríkjum en öðrum, sem veldur þannig ójafnvægi í Sambandinu.

6) Í orðsendingu sinni „Áætlun um stafrænan innri markað fyrir Evrópu“ og orðsendingu sinni „Aðgerðaáætlun ESB um rafræna stjórnsýslu 2016-2020: Að hraða stafrænni umbreytingu stjórnsýslu“ lagði framkvæmdastjórnin áherslu á hlutverk opinberrar stjórnsýslu við að aðstoða fyrirtæki við að hefja starfsemi sína, stunda rekstur á netinu og víkka út starfsemi sína yfir landamæri á auðveldan hátt. Mikilvægi þess að betrumbæta notkun stafrænna tóla þegar farið er að kröfum sem tengjast félagarétti var sérstaklega viðurkennt í aðgerðaáætlun ESB um rafræna stjórnsýslu (e. EU e-Government Action Plan). Auk þess settu aðildarríkin fram kröftugt ákall í „Tallinn-yfirlýsingunni um rafræna stjórnsýslu“ frá 6. október 2017 um að auka viðleitni til að bjóða upp á skilvirka og notendamiðaða rafræna málsmeðferð í Sambandinu.

7) Samtenging aðal-, fyrirtækja- og félagaskráa í aðildarríkjunum varð starfhæf í júní 2017 sem auðveldaði þar með mjög aðgang yfir landamæri að upplýsingum um félög í Sambandinu og gerði skrám í aðildarríkjunum kleift að hafa samskipti sín á milli með rafrænum hætti í tengslum við tilteknar aðgerðir yfir landamæri sem hafa áhrif á félög.

8) Í því skyni að auðvelda stofnsetningu félaga og skráningu útibúa og til að draga úr kostnaði, tíma- og stjórnsýsluálagi í tengslum við þessa ferla, einkum fyrir örfyrirtæki, lítil fyrirtæki og meðalstór fyrirtæki eins og þau eru skilgreind í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB ([4]), ætti að koma á fót málsmeðferð til að gera kleift á koma félögum á stofn og skrá útibú að fullu á netinu. Þessi tilskipun ætti ekki að skylda félög til að nota slíka málsmeðferð. Aðildarríki ættu þó að geta ákveðið að gera suma eða alla málsmeðferð á netinu skyldubundna. Núverandi kostnaður og fyrirhöfn í tengslum við málsmeðferð við stofnsetningu og skráningu leiðir ekki aðeins af umsýslugjöldum sem eru innheimt fyrir stofnsetningu félags eða skráningu útibús, heldur einnig af öðrum kröfum sem lengja tímann sem heildarferlið tekur, einkum þegar viðveru umsækjanda í eigin persónu er krafist. Að auki ættu upplýsingar um slíka málsmeðferð að vera aðgengilegar á netinu og án endurgjalds.

9) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1724 ([5]), þar sem sameiginlegu stafrænu gáttinni er komið á fót, er kveðið á um almennar reglur varðandi tilhögun upplýsingamiðlunar, málsmeðferðar og stuðningsþjónustu á netinu sem skiptir máli fyrir starfsemi innri markaðarins. Í þessari tilskipun eru settar sértækar reglur varðandi stofnsetningu félaga með takmarkaðri ábyrgð, skráningu útibúa og innlagningu af hálfu félaga og útibúa á skjölum og upplýsingum á netinu („málsmeðferð á netinu“), sem falla ekki undir þá reglugerð. Aðildarríki ættu einkum að veita sértækar upplýsingar um málsmeðferð á netinu sem kveðið er á um í þessari tilskipun og fyrirmyndir að stofnsamningum („sniðmát“) á þeim vefsetrum sem eru aðgengileg í gegnum sameiginlegu stafrænu gáttina.

10) Ef unnt verður að koma á stofn félögum, skrá útibú og leggja inn skjöl og upplýsingar að fullu á netinu myndi það gera félögum kleift að nota stafræn tól í samskiptum sínum við lögbær yfirvöld aðildarríkja. Í því skyni að auka traust ættu aðildarríkin að tryggja að örugg rafræn auðkenning og notkun á traustþjónustu verði möguleg fyrir notendur innanlands sem og yfir landamæri í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 ([6]). Til að gera rafræna auðkenningu yfir landamæri mögulega ættu aðildarríkin enn fremur að koma á rafrænni auðkenningarskipan þar sem kveðið er á um leyfilegar rafrænar auðkenningarleiðir. Slík landsbundin skipan yrði notuð sem grundvöllur fyrir viðurkenningu á rafrænum auðkenningarleiðum sem gefnar eru út í öðru aðildarríki. Í því skyni að tryggja að traust ríki við aðstæður sem ná yfir landamæri ætti aðeins að viðurkenna rafrænar auðkenningarleiðir sem uppfylla 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014. Hvað sem öðru líður ætti þessi tilskipun einungis að skylda aðildarríkin til að gera umsækjendum sem eru borgarar Sambandsins kleift að stofnsetja fyrirtæki á netinu, skrá útibú og leggja inn skjöl og upplýsingar á netinu með viðurkenningu á rafrænum auðkenningarleiðum þeirra. Aðildarríkin ættu að ákveða hvernig auðkenningarleiðirnar sem þau viðurkenna, þ.m.t. þær sem falla ekki undir reglugerð (ESB) nr. 910/2014, eru gerðar aðgengilegar öllum.

([4]) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB frá 6. maí 2003 um skilgreininguna á örfyrirtækjum, litlum fyrirtækjum og meðalstórum fyrirtækjum (Stjtíð. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1724 frá 2. október 2018 um að koma á einni stafrænni gátt til að veita aðgang að upplýsingum, málsmeðferðarreglum og aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1024/2012 (Stjtíð. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 1).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 frá 23. júlí 2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum og um niðurfellingu á tilskipun 1999/93/EB (Stjtíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 73).

11) Aðildarríkjum ætti áfram að vera frjálst að ákveða hvaða einstaklingur eða einstaklingar skuli koma til greina samkvæmt landslögum sem umsækjendur að því er varðar málsmeðferð á netinu, að því tilskildu að það takmarki ekki gildissvið og markmið þessarar tilskipunar.

12) Í því skyni að auðvelda málsmeðferð á netinu fyrir félög ættu skrár aðildarríkjanna að tryggja að reglur um gjöld, sem gilda um þá málsmeðferð á netinu sem kveðið er á um í þessari tilskipun, séu gagnsæjar og þeim beitt á jafnréttisgrundvelli. Krafan um gagnsæi reglna um gjöld ætti þó ekki að hafa áhrif á samningsfrelsi, eftir atvikum, milli umsækjenda og einstaklinga sem aðstoða þá við einhvern hluta málsmeðferðarinnar á netinu, þ.m.t. frelsi til að semja um viðeigandi verð fyrir slíka þjónustu.

13) Gjöld sem skrárnar innheimta fyrir málsmeðferð á netinu ætti að reikna út á grundvelli kostnaðar við þjónustuna sem um er að ræða. Slík gjöld gætu einnig tekið til m.a. kostnaðar við minni háttar þjónustu sem er veitt án endurgjalds. Við útreikning á fjárhæð þeirra ættu aðildarríkin að eiga rétt á að taka til greina allan þann kostnað sem tengist framkvæmd málsmeðferðarinnar á netinu, þ.m.t. hlutfall óbeins kostnaðar sem hægt er að rekja til hennar. Enn fremur ætti aðildarríkjunum að vera heimilt að leggja á föst gjöld og fastsetja fjárhæð slíkra gjalda um óákveðinn tíma, að því tilskildu að þau gangi með reglulegu millibili úr skugga um að slík gjöld fari ekki yfir meðalkostnað við þjónustuna sem um er að ræða. Gjöld fyrir málsmeðferð á netinu sem skráin í aðildarríkjunum innheimtir ættu ekki að fara yfir endurheimtarkostnað við að veita slíka þjónustu. Þar að auki ætti að vera mögulegt ef krafist er greiðslu við lok málsmeðferðar að inna greiðsluna af hendi í gegnum greiðsluþjónustu sem er almennt aðgengileg yfir landamæri, s.s. kreditkort og millifærslur.

14) Aðildarríki ættu að aðstoða einstaklinga sem óska eftir að stofnsetja félag eða skrá útibú með því að veita tilteknar upplýsingar í gegnum sameiginlegu stafrænu gáttina og, eftir atvikum, á gáttinni að rafrænu réttarkerfi, á gagnorðan og notendavænan hátt að því er varðar málsmeðferð og kröfur vegna stofnsetningar félaga með takmarkaðri ábyrgð, skráningar útibúa og innlagningar skjala og upplýsinga, reglur varðandi vanhæfi stjórnarmanna og yfirlit yfir valdheimildir og ábyrgð stjórnar, framkvæmdastjórnar og eftirlitsstjórnar í félögum.

15) Það ætti að vera mögulegt að stofnsetja félög að fullu á netinu. Aðildarríkjum ætti þó að vera heimilt að takmarka stofnsetningu á netinu við tilteknar tegundir félaga með takmarkaðri ábyrgð, eins og tilgreint er í þessari tilskipun, vegna þess hversu flókin stofnsetning annarra tegunda félaga er í landslögum. Hvað sem öðru líður ættu aðildarríkin að mæla fyrir um ýtarlegar reglur varðandi stofnsetningu á netinu. Það ætti að vera mögulegt að ljúka stofnsetningu á netinu með framlagningu skjala eða upplýsinga á rafrænu formi, með fyrirvara um kröfur aðildarríkjanna varðandi efni og málsmeðferð, þ.m.t. þær sem varða lagareglur um gerð stofnsamninga, og um sannvottaðan uppruna, nákvæmni, áreiðanleika, trúverðugleika og viðeigandi lagalegt form skjala eða upplýsinga sem lagðar eru fram. Þessar kröfur um efni og málsmeðferð ættu þó ekki að gera málsmeðferð á netinu ómögulega, einkum vegna stofnsetningar félags á netinu og skráningar útibús á netinu. Þegar ekki er tæknilega mögulegt að fá rafræn afrit skjala sem uppfylla kröfur aðildarríkjanna væri hægt, með undanþágu, að krefjast skjala á pappír.

16) Þegar öll formsatriði sem krafist er vegna stofnsetningar félags á netinu eru uppfyllt, þ.m.t. krafan um að félagið afhendi öll skjöl og upplýsingar með réttum hætti, ætti stofnsetning á netinu fyrir yfirvöldum eða hjá einstaklingum eða aðilum, sem hafa umboð samkvæmt landslögum til að sjá um sérhvern þátt málsmeðferðar á netinu, að vera hraðvirk. Í tilvikum þar sem vafi leikur á því hvort nauðsynleg formsatriði hafi verið uppfyllt, þ.m.t. að því er varðar deili á umsækjanda, lögmæti heitis félagsins, vanhæfi stjórnarmanns eða það hvort aðrar upplýsingar eða skjöl séu í samræmi við lagakröfur, eða í tilvikum þar sem grunur vaknar um svik eða misnotkun, kann stofnsetning á netinu þó að taka lengri tíma og ætti frestur yfirvalda ekki að hefjast fyrr en slík formsatriði hafa verið uppfyllt. Þegar ekki er mögulegt að ljúka málsmeðferð innan frestanna ættu aðildarríki hvað sem öðru líður að tryggja að umsækjandanum sé tilkynnt um ástæðurnar fyrir sérhverri töf.

17) Í því skyni að tryggja tímanlega stofnsetningu félags á netinu eða skráningu útibús á netinu ættu aðildarríki ekki að binda þá stofnsetningu eða skráningu skilyrði um að leyfis eða heimildar sé aflað áður en unnt er að ljúka þeirri stofnsetningu eða skráningu nema kveðið sé á um það í landslögum í þeim tilgangi að tryggja tilhlýðilegt eftirlit með tiltekinni starfsemi. Eftir stofnsetningu eða skráningu ættu landslög að gilda um aðstæður þar sem félögum eða útibúum er ekki heimilt að annast tiltekna starfsemi án þess að afla leyfis eða heimildar.

18) Í því skyni að aðstoða fyrirtæki, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki, við stofnsetningu ætti að vera mögulegt að stofnsetja einkahlutafélag með takmarkaðri ábyrgð með því að nota sniðmát sem ættu að vera aðgengileg á netinu. Aðildarríki ættu að tryggja að hægt sé að nota slík sniðmát við stofnsetningu á netinu og þeim ætti áfram að vera frjálst að ákvarða hvert lagalegt gildi þeirra er. Slík sniðmát gætu innihaldið fyrirframskilgreinda röð valkosta í samræmi við landslög. Umsækjendur ættu að geta valið á milli þess að nota sniðmát eða stofnsetja félag með sérsniðnum stofnsamningum og aðildarríkin ættu að eiga kost á að láta einnig í té sniðmát fyrir aðrar tegundir félaga.

19) Í því skyni að virða hefðir aðildarríkja varðandi félagarétt er mikilvægt að leyfa sveigjanleika varðandi það hvernig þau koma á kerfi sem er að fullu á netinu vegna stofnsetningar félaga, skráningar útibúa og innlagningar skjala og upplýsinga, þ.m.t. í tengslum við hlutverk lögbókenda eða lögfræðinga í sérhverjum hluta slíkrar málsmeðferðar á netinu. Málefni varðandi málsmeðferð á netinu sem reglur eru ekki settar um í þessari tilskipun ættu að falla áfram undir gildissvið landslaga.

20) Til að berjast gegn svikum og ránum á félögum og til að veita tryggingu fyrir áreiðanleika og trúverðugleika skjala og upplýsinga í landsbundnum skrám ættu ákvæði varðandi málsmeðferð á netinu, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, auk þess einnig að fela í sér eftirlit með deilum á einstaklingum og rétthæfi og gerhæfi einstaklinga sem leitast við að stofnsetja félag eða skrá útibú eða leggja inn skjöl eða upplýsingar. Þetta eftirlit gæti verið hluti af athugun á lögmæti sem sum aðildarríki krefjast. Það ætti að vera undir aðildarríkjunum komið að þróa og samþykkja aðferðir og leiðir til að annast þetta eftirlit. Í þessu skyni ættu aðildarríkin að geta farið fram á þátttöku lögbókenda eða lögfræðinga í sérhverjum hluta málsmeðferðar á netinu. Slík þátttaka ætti þó ekki að koma í veg fyrir að málsmeðferð verði lokið í heild sinni á netinu.

21) Þegar réttlætanlegt er vegna almannahagsmuna að koma í veg fyrir misnotkun eða breytingu á deilum eða tryggja að farið sé að reglum um rétthæfi og gerhæfi og um heimild umsækjenda til að koma fram fyrir hönd félags ætti aðildarríkjum að vera heimilt að grípa til ráðstafana í samræmi við landslög sem gætu krafist viðveru umsækjanda í eigin persónu frammi fyrir yfirvaldi eða hjá einstaklingi eða aðila sem hefur umboð samkvæmt landslögum til að sjá um sérhvern þátt málsmeðferðar á netinu í því aðildarríki þar sem stofnsetja á félag eða skrá útibú. Slíkrar viðveru ætti þó ekki að krefjast kerfisbundið heldur aðeins í hverju tilviki þar sem rökstuddur grunur er uppi um fölsun á deilum eða að ekki sé farið að reglum um rétthæfi og gerhæfi og um heimild umsækjenda til að koma fram fyrir hönd félags. Slíkur grunur ætti að byggjast á upplýsingum sem tiltækar eru yfirvöldum, einstaklingum eða aðilum sem hafa umboð samkvæmt landslögum til að framkvæma slíkar tegundir eftirlits. Ef viðveru er krafist ættu aðildarríkin að tryggja að unnt sé að ljúka öllum öðrum skrefum málsmeðferðarinnar á netinu. Líta ætti svo á að hugtakið „rétthæfi og gerhæfi“ feli í sér getu til athafna.

22) Aðildarríkjum ætti einnig að vera heimilt að gera lögbærum yfirvöldum sínum, einstaklingum eða aðilum kleift að sannprófa, með rafrænu viðbótareftirliti með deilum, rétthæfi og gerhæfi og lögmæti, hvort öll skilyrði fyrir stofnsetningu félaga séu uppfyllt. Slíkt eftirlit gæti m.a. falið í sér myndfundi eða aðrar leiðir á netinu sem bjóða upp á hljóð- og myndtengingu í rauntíma.

23) Í því skyni að tryggja að allir einstaklingar sem eiga samskipti við félög njóti verndar ættu aðildarríki að geta komið í veg fyrir sviksamlegt athæfi eða aðra misnotkun með því að hafna tilnefningu einstaklings til stjórnarsetu í félagi, að teknu tilliti til ekki aðeins fyrra framferðis þess einstaklings á þeirra eigin yfirráðasvæði heldur einnig, þar sem kveðið er á um slíkt í landslögum, upplýsinga frá öðrum aðildarríkjum. Aðildarríkjum ætti því að vera heimilt að óska eftir upplýsingum frá öðrum aðildarríkjum. Svarið gæti annaðhvort samanstaðið af upplýsingum um vanhæfi sem er í gildi eða öðrum upplýsingum sem skipta máli varðandi vanhæfi í því aðildarríki sem veitti beiðninni viðtöku. Slíkar beiðnir um upplýsingar ættu að vera mögulegar í gegnum samtengingarkerfi skráa. Í þessu tilliti ætti aðildarríkjum að vera frjálst að velja hvernig best sé að safna þessum upplýsingum, s.s. með því að safna viðeigandi upplýsingum frá skrám eða öðrum stöðum þar sem þær eru geymdar í samræmi við landslög eða með því að koma á fót sérstökum skrám eða sérstökum köflum í fyrirtækjaskrám. Þegar frekari upplýsinga er þörf, s.s. um tímabil og ástæður vanhæfis, ætti aðildarríkjum að vera heimilt að veita þær í gegnum öll tiltæk kerfi til upplýsingaskipta, í samræmi við landslög. Þessi tilskipun ætti þó ekki að skapa skyldu til að óska eftir slíkum upplýsingum í hverju máli. Það að heimilt sé að taka tillit til upplýsinga um vanhæfi í öðru aðildarríki ætti þar að auki ekki að skylda aðildarríki til að viðurkenna vanhæfi sem er í gildi í öðrum aðildarríkjum.

24) Til að tryggja að allir einstaklingar sem eiga samskipti við félög eða útibú njóti verndar og að komið verði í veg fyrir sviksamlegt athæfi eða aðra misnotkun er mikilvægt að lögbær yfirvöld í aðildarríkjum geti sannreynt að einstaklingi sem tilnefna á til stjórnarsetu sé ekki bannað að sinna skyldum stjórnarmanns. Í þessu skyni ættu lögbær yfirvöld einnig að fá vitneskju um hvort tiltekinn einstaklingur sé skráður í einhverja af þeim skrám sem varða vanhæfi stjórnarmanna í öðrum aðildarríkjum, í gegnum samtengingarkerfi fyrirtækjaskráa. Þær skrár, yfirvöld, einstaklingar eða aðilar sem hafa umboð samkvæmt landslögum til að sjá um sérhvern þátt málsmeðferðar á netinu ættu ekki að geyma slíkar persónuupplýsingar lengur en nauðsynlegt er til að meta hæfi einstaklingsins til að vera tilnefndur til stjórnarsetu. Slíkar einingar gætu þó þurft að geyma slíkar upplýsingar í lengri tíma vegna hugsanlegrar endurskoðunar á neikvæðri ákvörðun. Varðveislutímabilið ætti aldrei að vera lengra en það tímabil sem mælt er fyrir um í landsbundnum reglum um varðveislu persónuupplýsinga sem tengjast stofnsetningu félags eða skráningu útibús eða tengdri innlagningu skjala og upplýsinga.

25) Þær skyldur sem kveðið er á um í þessari tilskipun varðandi stofnsetningu félaga og skráningu útibúa á netinu ættu ekki að hafa áhrif á önnur formsatriði ótengd félagarétti sem félag þarf að uppfylla til að hefja starfsemi í samræmi við lög Sambandsins og landslög.

26) Eins og við stofnsetningu félaga og skráningu útibúa á netinu ætti einnig að vera hægt, til að lækka kostnað og draga úr fyrirhöfn félaga, að leggja inn skjöl og upplýsingar hjá landsbundnum skrám allan lífsferil félaga að fullu á netinu. Á sama tíma ætti aðildarríkjum að vera frjálst að heimila að skjöl og upplýsingar verði lögð inn með öðrum hætti, þ.m.t. á pappír. Auk þess ætti birting upplýsinga um félög að eiga sér stað þegar þær upplýsingar eru gerðar aðgengilegar öllum í þessum landsbundnu skrám, þar eð þær eru nú samtengdar og láta notendum í té alhliða uppflettistað. Í því skyni að forðast truflun á núverandi aðferðum við birtingu ættu aðildarríki einnig að hafa val um að birta annaðhvort allar eða tilteknar upplýsingar um félög í lögbirtingablaði, jafnframt því að tryggja að skráin sendi upplýsingarnar rafrænt til þess lögbirtingablaðs. Þessi tilskipun ætti ekki að hafa áhrif á landsbundnar reglur varðandi lagalegt gildi skrárinnar og hlutverk lögbirtingablaðs.

27) Í því skyni að auðvelda með hvaða hætti hægt er að leita að upplýsingum sem landsbundnar skrár geyma og miðla þeim með öðrum kerfum ættu aðildarríki að tryggja að eftir að viðkomandi umbreytingartímabil er liðið geti skrárnar geymt öll skjöl og upplýsingar sem veitt voru yfirvaldi, einstaklingi eða aðila sem hefur umboð samkvæmt landslögum til að sjá um sérhvern þátt málsmeðferðar á netinu, sem hluta af þeirri málsmeðferð á netinu sem kveðið er á um í þessari tilskipun, á tölvulesanlegu og leitarbæru sniði eða sem formföst gögn. Þetta þýðir að skipan skráasniðsins ætti að vera þannig að notkunarhugbúnaður geti auðveldlega borið kennsl á, þekkt aftur og dregið sértæk gögn úr því ásamt innri skipan þeirra. Krafan um að tryggja að snið skjala og upplýsinga sé leitarbært ætti ekki að ná yfir skannaðar undirskriftir eða önnur gögn sem henta ekki fyrir tölvulesanleika. Þar sem þetta gæti krafist breytinga á núverandi upplýsingakerfum aðildarríkjanna ætti umbreytingartímabil vegna þessarar kröfu að vera lengra.

28) Í því skyni að lækka kostnað og draga úr stjórnsýsluálagi og lengd málsmeðferðar fyrir félög ættu aðildarríki að beita meginreglunni um að leggja upplýsingar aðeins fram einu sinni á sviði félagaréttar, sem er viðtekin í Sambandinu, eins og m.a. er vitnað um í reglugerð (ESB) 2018/1724, aðgerðaáætlun framkvæmdastjórnarinnar um rafræna stjórnsýslu eða Tallinn-yfirlýsingunni um rafræna stjórnsýslu. Beiting meginreglunnar um að leggja fram upplýsingar aðeins einu sinni felur í sér að félög eru ekki beðin um að leggja sömu upplýsingar fram hjá opinberum yfirvöldum oftar en einu sinni. Félög ættu t.d. ekki að þurfa að leggja sömu upplýsingarnar inn bæði hjá landsbundnu skránni og lögbirtingablaðinu. Þess í stað ætti skráin að senda þær upplýsingar sem þegar hafa verið lagðar inn beint til lögbirtingablaðsins. Þegar félag er stofnsett í einu aðildarríki og vill skrá útibú í öðru ætti félaginu á sama hátt að vera mögulegt að nýta skjöl eða upplýsingar sem áður hafa verið lagðar inn hjá skrá. Enn fremur ætti félagi að vera mögulegt, þegar það er stofnsett í einu aðildarríki en hefur útibú í öðru, að leggja tilteknar breytingar á upplýsingum um félagið aðeins inn hjá þeirri skrá þar sem félagið er skráð, án þess að þörf sé á að leggja sömu upplýsingarnar inn hjá skránni þar sem útibúið er skráð. Upplýsingum eins og um breytingu á heiti félags eða breytingu á skráðri skrifstofu félagsins ætti þess í stað að miðla rafrænt milli þeirrar skrár þar sem félagið er skráð og skrárinnar þar sem útibúið er skráð með því að nota samtengingarkerfi skráa.

29) Í því skyni að tryggja að samræmdar og uppfærðar upplýsingar um félög séu aðgengilegar í Sambandinu og til að auka enn frekar gagnsæi ætti að vera mögulegt að nota samtengingu skráa til að miðla upplýsingum um allar tegundir félaga sem eru skráðar í skrár aðildarríkjanna í samræmi við landslög. Aðildarríkin ættu einnig að eiga þess kost að gera rafræn afrit af skjölum og upplýsingum um aðrar tegundir félaga aðgengileg í gegnum samtengingarkerfi skráa.

30) Í þágu gagnsæis og verndar á hagsmunum launafólks, lánveitenda og minnihlutahluthafa og til að stuðla að trausti á viðskiptafærslum, þ.m.t. þeim sem ná yfir landamæri innan innri markaðarins, er mikilvægt að fjárfestar, hagsmunaaðilar, viðskiptafélagar og yfirvöld geti auðveldlega nálgast upplýsingar um félög. Til að bæta aðgengi að þessum upplýsingum ættu frekari upplýsingar að vera aðgengilegar án endurgjalds í öllum aðildarríkjum. Slíkar upplýsingar ættu að innihalda stöðu félags og upplýsingar um útibú þess í öðrum aðildarríkjum, sem og upplýsingar varðandi þá einstaklinga sem hafa heimild, annaðhvort sem aðili eða sem félagsaðilar að slíkum aðila, til að koma fram fyrir hönd félagsins. Enn fremur ætti gjaldið fyrir að fá afrit af skjölum og upplýsingum sem félagið birtir, í heild eða að hluta, á pappír eða með rafrænum hætti, ekki að vera hærra en sem nemur tengdum stjórnsýslukostnaði, þ.m.t. kostnaður við þróun og viðhald skráa, að því tilskildu að gjaldið sé ekki óhóflegt með tilliti til þeirra upplýsinga sem leitað er eftir.

31) Aðildarríkjum er nú mögulegt að koma á fót valkvæðum aðgangsstöðum í tengslum við samtengingarkerfi skráa. Framkvæmdastjórninni er hins vegar ekki mögulegt að tengja aðra hagsmunaaðila við samtengingarkerfi skráa. Til að aðrir hagsmunaaðilar njóti góðs af samtengingu skráa og tryggja að kerfi þeirra innihaldi nákvæmar, uppfærðar og áreiðanlegar upplýsingar um félög ætti framkvæmdastjórninni að vera heimilt að koma á fót fleiri aðgangsstöðum. Slíkir aðgangsstaðir ættu að vísa til kerfa sem framkvæmdastjórnin eða aðrar meginstofnanir, stofnanir, skrifstofur eða fagstofnanir Sambandsins þróa og reka til þess að sinna stjórnsýsluhlutverki sínu eða uppfylla ákvæði laga Sambandsins.

32) Í því skyni að aðstoða félög með staðfestu á innri markaðinum við að útvíkka atvinnustarfsemi sína yfir landamæri með auðveldari hætti ætti þeim að vera mögulegt að opna og skrá útibú í öðru aðildarríki á netinu. Aðildarríkin ættu því að gera kleift, á svipaðan hátt og varðandi félög, að skrá útibú á netinu og leggja inn skjöl og upplýsingar á netinu og aðstoða þar með við að lækka kostnað, jafnframt því að draga úr stjórnsýsluálagi og þeim tíma sem formsatriði taka í tengslum við útvíkkun yfir landamæri.

33) Þegar aðildarríki skrá útibú félags sem skráð er í öðru aðildarríki ættu þau einnig að geta sannprófað tilteknar upplýsingar um félagið í gegnum samtengingarkerfi skráa. Þegar útibúi er lokað í einu aðildarríki ætti skráin í því aðildarríki enn fremur að upplýsa aðildarríkið þar sem félagið er skráð um slíka lokun í gegnum samtengingarkerfi skráa og báðar skrár ættu að skrá þessar upplýsingar.

34) Til að tryggja samræmi við lög Sambandsins og landslög er nauðsynlegt að fella brott ákvæði varðandi tengslanefndina sem ekki er lengur til og uppfæra tegundir félaga sem settar eru fram í I. og II. viðauka við tilskipun (ESB) 2017/1132.

35) Í því skyni að taka tillit til framtíðarbreytinga á lögum aðildarríkja og löggjöf Sambandsins að því er varðar tegundir félaga ætti að veita framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, til að uppfæra skrána yfir tegundir félaga sem er að finna í I. og II. viðauka og II. viðauka A við tilskipun (ESB) 2017/1132. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 ([7]). Til að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða fá Evrópuþingið og ráðið í hendur öll skjöl á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkja og hafa sérfræðingar þeirra kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem hafa umsjón með undirbúningi framseldra gerða.

36) Ákvæði þessarar tilskipunar, þ.m.t. skyldur varðandi skráningu félaga, hafa ekki áhrif á landslög að því er varðar skattaráðstafanir aðildarríkja eða svæðisbundinna umdæma og stjórnsýsluumdæma þeirra.

([7]) Stjtíð. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

37) Þessi tilskipun ætti hvorki að hafa áhrif á vald aðildarríkja til að hafna umsóknum um stofnsetningu félaga og skráningu útibúa þegar um svik eða misnotkun er að ræða né rannsóknar- og framfylgdaraðgerðir aðildarríkjanna, þ.m.t. af hálfu lögreglu eða annarra lögbærra yfirvalda. Aðrar skyldur samkvæmt lögum Sambandsins og landslögum, þ.m.t. þær sem leiðir af reglum varðandi baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og um raunverulegt eignarhald, ættu einnig að haldast óbreyttar. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 ([8]) sem taka á áhættu af peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, einkum skyldurnar sem tengjast framkvæmd viðeigandi ráðstafana um könnun á áreiðanleika viðskiptamanna á grundvelli áhættunæmni, svo og auðkenningu og skráningu raunverulegs eiganda sérhvers nýstofnsetts félags í aðildarríkinu þar sem það var stofnsett.

38) Þessari tilskipun ætti að beita í samræmi við persónuverndarlög Sambandsins og verndun friðhelgi einkalífs og persónuupplýsinga eins og fram kemur í 7. og 8. gr. sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi. Vinnslu persónuupplýsinga einstaklinga samkvæmt þessari tilskipun á að haga í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ([9]).

39) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 2. mgr. 28. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 ([10]) og skilaði hún áliti 26. júlí 2018.

40) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. að láta í té fleiri stafrænar lausnir fyrir félög á innri markaðinum, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs þeirra og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.

41) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl ([11]) hafa aðildarríkin skuldbundið sig til að láta, í rökstuddum tilvikum, eitt eða fleiri skjöl fylgja tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar til að útskýra sambandið milli efnisþátta tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerninga. Að því er þessa tilskipun varðar telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé réttlætanleg.

42) Í ljósi þess hversu flóknar breytingarnar eru sem nauðsynlegt er að gera á landsbundnum kerfum til að uppfylla ákvæði þessarar tilskipunar, og þess verulega munar sem nú er fyrir hendi meðal aðildarríkja að því er varðar notkun stafrænna tóla og ferla á sviði félagaréttar, þykir rétt að kveða á um að aðildarríki sem eiga í sérstökum erfiðleikum með að lögleiða tiltekin ákvæði þessarar tilskipunar geti tilkynnt framkvæmdastjórninni um að þau þurfi allt að eins árs framlengingu á viðkomandi framkvæmdartímabili. Aðildarríkin ættu að tilgreina hlutlægar ástæður sínar fyrir umsókn um slíka framlengingu.

43) Framkvæmdastjórnin ætti að leggja mat á þessa tilskipun. Samkvæmt 22. lið samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 ætti þetta mat að byggjast á fimm viðmiðunum um skilvirkni, árangur, mikilvægi, samræmi og virðisauka og skapa grunn fyrir áhrifamat á hugsanlegum frekari ráðstöfunum. Aðildarríki ættu að aðstoða við framkvæmd þessa mats með því að láta framkvæmdastjórninni í té þau gögn sem þeim eru aðgengileg um það hvernig stofnsetning félaga á netinu virkar í raun, t.d. gögn um fjölda stofnsetninga á netinu, fjölda tilvika þar sem sniðmát voru notuð eða þar sem viðveru var krafist og um meðaltímalengd og kostnað við stofnsetningu á netinu.

([8]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB (Stjtíð. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73).

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

([10]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

([11]) Stjtíð. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.

44) Safna ætti upplýsingum til að meta árangurinn af þessari tilskipun með tilliti til þess markmiðs sem hún stefnir að og til að framkvæma mat í samræmi við 22. lið samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016.

45) Því ætti að breyta tilskipun (ESB) 2017/1132 til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun (ESB) 2017/1132

Tilskipun (ESB) 2017/1132 er breytt sem hér segir:

1) Í 1. gr. bætist eftirfarandi undirliður við á eftir öðrum undirlið:

„— reglur um stofnsetningu félaga á netinu, skráningu útibúa á netinu og innlagningu af hálfu félaga og útibúa á skjölum og upplýsingum á netinu,“.

2) Í stað fyrirsagnar III. kafla í I. bálki kemur eftirfarandi:

„Málsmeðferð á netinu (stofnsetning, skráning og innlagning), upplýsingagjöf og skrár“.

3) Í stað 13. gr. kemur eftirfarandi:

„13. gr.

Gildissvið

Ráðstafanir til samræmingar, sem mælt er fyrir um í þessum þætti og 1. þætti A, skulu taka til laga og stjórnsýslufyrirmæla í aðildarríkjunum um þær tegundir félaga sem eru taldar upp í II. viðauka og, þar sem það er tilgreint, um þær tegundir félaga sem eru taldar upp í I. viðauka og II. viðauka A.“

4) Eftirfarandi greinar bætast við:

„13. gr. a

Skilgreiningar

Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „rafræn auðkenningarleið“: rafræn auðkenningarleið eins og hún er skilgreind í 2. lið 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 (*),

2) „rafræn auðkenningarskipan“: rafræn auðkenningarskipan eins og hún er skilgreind í 4. lið 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014,

3) „rafrænar aðferðir“: rafrænn búnaður sem notaður er til vinnslu, þ.m.t. stafrænnar samþjöppunar, og geymslu gagna og til að senda upplýsingar í upphafi og taka við þeim á ákvörðunarstað; þær upplýsingar eru sendar, fluttar og við þeim tekið eingöngu á þann hátt sem aðildarríkin ákveða,

4) „stofnsetning“: allt ferlið við að koma á fót félagi í samræmi við landslög, þ.m.t. gerð stofnsamnings félagsins og allar nauðsynlegar aðgerðir vegna færslu félagsins inn í skrána,

5) „skráning útibús“: ferli sem leiðir til birtingar skjala og upplýsinga varðandi útibú sem nýlega hefur verið opnað í aðildarríki,

6) „sniðmát“: fyrirmynd að stofnsamningi félags sem aðildarríkin útbúa í samræmi við landslög og er notuð við stofnsetningu félags á netinu í samræmi við 13. gr. g.

13. gr. b

Viðurkenning á auðkenningarleiðum að því er varðar málsmeðferð á netinu

1. Aðildarríki skulu tryggja að umsækjendur sem eru borgarar Sambandsins geti notað eftirfarandi rafrænar auðkenningarleiðir við þá málsmeðferð á netinu sem um getur í þessum kafla:

a) rafræna auðkenningarleið sem gefin er út samkvæmt rafrænni auðkenningarskipan sem þeirra eigið aðildarríki hefur samþykkt,

b) rafræna auðkenningarleið sem gefin er út í öðru aðildarríki og viðurkennd í þágu sannvottunar yfir landamæri í samræmi við 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014.

2. Aðildarríki geta neitað að viðurkenna rafrænar auðkenningarleiðir ef fullvissustig þeirra rafrænu auðkenningarleiða uppfylla ekki skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014.

3. Allar auðkenningarleiðir sem aðildarríki viðurkenna skulu gerðar aðgengilegur öllum.

4. Þegar réttlætanlegt er vegna almannahagsmuna af því að koma í veg fyrir misnotkun eða breytingu á deilum er aðildarríkjum heimilt, í þeim tilgangi að sannprófa deili á umsækjanda, að grípa til ráðstafana sem gætu krafist viðveru þess umsækjanda í eigin persónu frammi fyrir yfirvaldi eða hjá einstaklingi eða aðila sem hefur umboð samkvæmt landslögum til að sjá um sérhvern þátt þeirrar málsmeðferðar á netinu sem um getur í þessum kafla, þ.m.t. gerð stofnsamnings félags. Aðildarríkin skulu tryggja að eingöngu sé heimilt að krefjast viðveru umsækjanda í eigin persónu í tilviki þar sem rökstuddur grunur er um fölsun á deilum og að unnt sé að ljúka öllum öðrum skrefum málsmeðferðarinnar á netinu.

13. gr. c

Almenn ákvæði um málsmeðferð á netinu

1. Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á landslög þar sem yfirvöld, einstaklingar eða aðilar, sem hafa umboð samkvæmt landslögum til að sjá um sérhvern þátt stofnsetningar félaga á netinu, skráningar útibúa á netinu og innlagningar skjala og upplýsinga á netinu, eru tilnefndir í samræmi við réttarkerfi og lagahefðir aðildarríkja.

2. Þessi tilskipun skal ekki heldur hafa áhrif á málsmeðferð og kröfur sem mælt er fyrir um í landslögum, þ.m.t. þær sem varða lagareglur fyrir gerð stofnsamninga, að því tilskildu að stofnsetning félags á netinu, eins og um getur í 13. gr. g, og skráning útibús á netinu, eins og um getur í 28. gr. a, svo og innlagning skjala og upplýsinga á netinu, eins og um getur í 13. gr. j og 28. gr. b, séu mögulegar.

3. Kröfur samkvæmt viðeigandi landslögum að því er varðar sannvottaðan uppruna, nákvæmni, áreiðanleika, trúverðugleika og viðeigandi lagalegt form skjala eða upplýsinga sem lagðar eru fram skulu haldast óbreyttar þrátt fyrir þessa tilskipun, að því tilskildu að stofnsetning á netinu, eins og um getur í 13. gr. g, og skráning útibús á netinu, eins og um getur í 28. gr. a, svo og innlagning skjala og upplýsinga á netinu, eins og um getur í 13. gr. j og 28. gr. b, séu mögulegar.

13. gr. d

Gjöld fyrir málsmeðferð á netinu

1. Aðildarríki skulu tryggja að reglur um gjöld, sem gilda um þá málsmeðferð á netinu sem um getur í þessum kafla, séu gagnsæjar og þeim sé beitt á jafnréttisgrundvelli.

2. Gjöld fyrir málsmeðferð á netinu, sem skrárnar sem um getur í 16. gr. innheimta, skulu ekki fara yfir endurheimt kostnaðar við að veita slíka þjónustu.

13. gr. e

Greiðslur

Ef krafist er greiðslu við lok málsmeðferðar sem mælt er fyrir um í þessum kafla skulu aðildarríki tryggja að hægt sé að inna þá greiðslu af hendi í gegnum almennt aðgengilega greiðsluþjónustu á netinu sem hægt er að nota til greiðslu yfir landamæri, sem gerir það kleift að segja deili á einstaklingnum sem innir greiðsluna af hendi og sem fjármálastofnun eða greiðsluþjónustuveitandi með staðfestu í aðildarríki lætur í té.

13. gr. f

Kröfur varðandi upplýsingar

Aðildarríki skulu tryggja að gagnorðar og notendavænar upplýsingar, sem veittar eru án endurgjalds og a.m.k. á tungumáli sem eins margir notendur yfir landamæri og mögulegt er skilja að mestu leyti, séu gerðar aðgengilegar á skráningargáttum eða vefsetrum sem eru aðgengileg í gegnum sameiginlegu stafrænu gáttina til að aðstoða við stofnsetningu félaga og skráningu útibúa. Upplýsingarnar skulu ná yfir a.m.k. eftirfarandi:

a) reglur um stofnsetningu félaga, þ.m.t. málsmeðferð á netinu sem um getur í 13. gr. g og 13. gr. j, og kröfur sem varða notkun sniðmáta og önnur skjöl vegna stofnsetningar, auðkenningu einstaklinga, notkun tungumála og viðeigandi gjöld,

b) reglur um skráningu útibúa, þ.m.t. málsmeðferð á netinu sem um getur í 28. gr. a og 28. gr. b, og kröfur sem varða skjöl vegna skráningar, auðkenningu einstaklinga og notkun tungumála,

c) yfirlit yfir reglur sem gilda um það að taka sæti í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn félags, þ.m.t. yfir reglur um vanhæfi stjórnarmanna, og um yfirvöld eða aðila sem bera ábyrgð á því að geyma upplýsingar um vanhæfa stjórnarmenn,

d) yfirlit yfir valdheimildir og ábyrgð stjórnar, framkvæmdastjórnar og eftirlitsstjórnar félags, þ.m.t. heimild til að koma fram fyrir hönd félags í viðskiptum við þriðju aðila.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 frá 23. júlí 2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum og um niðurfellingu á tilskipun 1999/93/EB (Stjtíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 73).“

5) Eftirfarandi þáttur bætist við III. kafla í I. bálk:

„1. þáttur A

Stofnsetning á netinu, innlagning á netinu og upplýsingagjöf

13. gr. g

Stofnsetning félaga á netinu

1. Aðildarríki skulu tryggja að stofnsetning félaga á netinu megi ljúka að fullu á netinu án þess að nauðsynlegt sé að umsækjendur mæti í eigin persónu frammi fyrir yfirvaldi eða hjá einstaklingi eða aðila sem hefur umboð samkvæmt landslögum til að sjá um sérhvern þátt stofnunar félaga á netinu, þ.m.t. gerð stofnsamnings félags, sbr. þó ákvæðin sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 13. gr. b og 8. mgr. þessarar greinar.

Aðildarríkin geta hins vegar ákveðið að sjá ekki fyrir málsmeðferð vegna stofnsetningar á netinu fyrir aðrar tegundir félaga en þær sem eru taldar upp í II. viðauka A.

2. Aðildarríki skulu mæla fyrir um ýtarlegar reglur varðandi stofnsetningu félaga á netinu, þ.m.t. reglur um notkun sniðmáta eins og um getur í 13. gr. h og um skjöl og upplýsingar sem þarf til að stofnsetja félag. Sem hluta af þessum reglum skulu aðildarríkin tryggja að ljúka megi slíkri stofnsetningu á netinu með því að leggja fram skjöl eða upplýsingar á rafrænu formi, þ.m.t. rafræn afrit þeirra skjala og upplýsinga sem um getur í 4. mgr. 16. gr. a.

3. Í reglunum sem um getur í 2. mgr. skal a.m.k. kveða á um eftirfarandi:

a) málsmeðferð til að tryggja að umsækjendur hafi nauðsynlegt rétthæfi og gerhæfi og hafi heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins,

b) aðferðir til að sannprófa deili á umsækjendum í samræmi við 13. gr. b,

c) kröfur um að umsækjendur noti traustþjónustu sem um getur í reglugerð (ESB) nr. 910/2014,

d) málsmeðferð til að sannprófa lögmæti tilgangs félagsins, að því leyti sem kveðið er á um slíkar athuganir samkvæmt landslögum,

e) málsmeðferð til að sannprófa lögmæti heitis félagsins, að því leyti sem kveðið er á um slíkar athuganir samkvæmt landslögum,

f) málsmeðferð til að sannprófa tilnefningu stjórnarmanna.

4. Í reglunum sem um getur í 2. mgr. má einnig, einkum, kveða á um eftirfarandi:

a) málsmeðferð til að tryggja lögmæti stofnsamninga félagsins, þ.m.t. sannprófun á réttri notkun sniðmáta,

b) afleiðingar þess að lögbært yfirvald í einhverju aðildarríkjanna sviptir stjórnarmann rétti til setu í stjórn,

c) hlutverk lögbókanda eða annars einstaklings eða aðila sem hefur umboð samkvæmt landslögum til að sjá um sérhvern þátt stofnsetningar félags á netinu,

d) útilokun stofnsetningar á netinu í tilvikum þar sem hlutafé félagsins er greitt með framlögum í fríðu.

5. Aðildarríki skulu ekki binda stofnsetningu félags á netinu skilyrði um að leyfis eða heimildar sé aflað áður en félagið er skráð nema slíkt skilyrði sé nauðsynlegt fyrir það tilhlýðilega eftirlit með tiltekinni starfsemi sem mælt er fyrir um í landslögum.

6. Aðildarríki skulu tryggja að þegar greiðslu hlutafjár er krafist sem hluta málsmeðferðar til að stofnsetja félag sé hægt að inna slíka greiðslu af hendi á netinu, í samræmi við 13. gr. e, inn á bankareikning í banka sem starfar innan Sambandsins. Að auki skulu aðildarríkin tryggja að einnig sé unnt að færa sönnur á slíkar greiðslur á netinu.

7. Aðildarríki skulu tryggja að stofnsetningu á netinu sé lokið innan fimm virkra daga þegar félag er eingöngu stofnsett af einstaklingum sem nota sniðmátin, sem um getur í 13. gr. h, eða innan tíu virkra daga í öðrum tilvikum, frá þeim degi sem ber upp síðar af eftirfarandi:

a) þeim degi þegar gengið hefur verið frá öllum formsatriðum sem krafist er vegna stofnsetningar á netinu, þ.m.t. viðtöku yfirvalds, einstaklings eða aðila, sem hefur umboð samkvæmt landslögum til að sjá um sérhvern þátt stofnunar félags, á öllum skjölum og upplýsingum sem uppfylla landslög,

b) þeim degi þegar skráningargjald er greitt, hlutafé er greitt með reiðufé eða hlutaféð er greitt með framlagi í fríðu, eins og kveðið er á um samkvæmt landslögum.

Þegar ekki er mögulegt að ljúka málsmeðferð innan frestanna sem um getur í þessari málsgrein skulu aðildarríkin tryggja að umsækjandanum sé tilkynnt um ástæðurnar fyrir töfinni.

8. Þegar réttlætanlegt er vegna almannahagsmuna af því að tryggja að farið sé að reglum um rétthæfi og gerhæfi og um heimild umsækjenda til að koma fram fyrir hönd félags er yfirvaldi, einstaklingi eða aðila sem hefur umboð samkvæmt landslögum til að sjá um sérhvern þátt stofnsetningar félags á netinu, þ.m.t. gerð stofnsamnings, heimilt að krefjast viðveru umsækjanda í eigin persónu. Aðildarríki skulu tryggja að í slíkum tilvikum sé eingöngu heimilt að krefjast viðveru umsækjanda í eigin persónu í tilviki þar sem rökstuddur grunur er um að ekki sé farið að reglunum sem um getur í a-lið 3. mgr. Aðildarríki skulu tryggja að öllum öðrum skrefum málsmeðferðarinnar sé engu að síður unnt að ljúka á netinu.

13. gr. h

Sniðmát fyrir stofnsetningu félaga á netinu

1. Aðildarríki skulu gera sniðmát aðgengileg, fyrir þær tegundir félaga sem eru taldar upp í II. viðauka A, á skráningargáttum eða vefsetrum sem eru aðgengileg í gegnum sameiginlegu stafrænu gáttina. Aðildarríki geta einnig gert sniðmát aðgengileg á netinu fyrir stofnsetningu annarra tegunda félaga.

2. Aðildarríki skulu tryggja að umsækjendur geti notað sniðmátin, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, sem hluta af þeirri málsmeðferð vegna stofnsetningar á netinu sem um getur í 13. gr. g. Þegar umsækjendur nota þessi sniðmát í samræmi við reglurnar sem um getur í a-lið 4. mgr. 13. gr. g skal litið svo á að kröfunni um að stofnsamningar félagsins séu gerðir og vottaðir á tilhlýðilegu lagalegu formi, þar sem ekki er kveðið á um fyrirbyggjandi eftirlit af hálfu stjórnvalda eða dómstóla, eins og mælt er fyrir um í 10. gr., hafi verið fullnægt.

Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á kröfur samkvæmt landslögum um að stofnsamningar séu útbúnir á tilhlýðilegu lagalegu formi, svo lengi sem stofnsetning á netinu sem um getur í 13. gr. g sé möguleg.

3. Aðildarríki skulu gera sniðmátin aðgengileg a.m.k. á opinberu tungumáli Sambandsins sem eins margir notendur yfir landamæri og mögulegt er skilja að mestu leyti. Aðgangur að sniðmátum á öðrum tungumálum en opinberu tungumáli eða tungumálum hlutaðeigandi aðildarríkis skal aðeins vera í upplýsingaskyni nema það aðildarríki ákveði að einnig sé mögulegt að stofnsetja félag með sniðmátum á slíkum öðrum tungumálum.

4. Innihald sniðmátanna skal falla undir gildissvið landslaga.

13. gr. i

Vanhæfir stjórnarmenn

1. Aðildarríki skulu tryggja að þau hafi reglur um vanhæfi stjórnarmanna. Þessar reglur skulu ná yfir möguleikann á að taka tillit til vanhæfis sem er í gildi, eða upplýsinga sem skipta máli varðandi vanhæfi, í öðru aðildarríki. Að því er varðar þessa grein skal telja til stjórnarmanna a.m.k. þá einstaklinga sem um getur í i. lið d-liðar 14. gr.

2. Aðildarríki geta krafist þess að einstaklingar sem sækja um að verða stjórnarmenn tilkynni um hvort þeim sé kunnugt um aðstæður sem gætu leitt til vanhæfis í hlutaðeigandi aðildarríki.

Aðildarríkin geta hafnað tilnefningu einstaklings til stjórnarsetu í félagi ef sá einstaklingur er sem stendur vanhæfur til stjórnarsetu í öðru aðildarríki.

3. Aðildarríki skulu tryggja að þau geti svarað beiðni frá öðru aðildarríki um upplýsingar sem skipta máli varðandi vanhæfi stjórnarmanna samkvæmt lögum þess aðildarríkis sem svarar beiðninni.

4. Í því skyni að svara beiðni sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar skulu aðildarríki a.m.k. gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þau geti, í gegnum kerfið sem um getur í 22. gr., veitt án tafar upplýsingar um það hvort tiltekinn einstaklingur hafi verið gerður vanhæfur eða sé skráður í einhverja af skrám þeirra sem innihalda upplýsingar sem skipta máli varðandi vanhæfi stjórnarmanna. Aðildarríkjunum er einnig heimilt að skiptast á frekari upplýsingum, s.s. um tímabil og ástæður vanhæfis. Landslög gilda um slík skipti.

5. Framkvæmdastjórnin skal mæla fyrir um ýtarlegt fyrirkomulag og tæknileg atriði varðandi skipti á þeim upplýsingum sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar með framkvæmdargerðunum sem um getur í 24. gr.

6. Ákvæði 1.–5. mgr. þessarar greinar skulu gilda að breyttu breytanda þegar félag leggur upplýsingar varðandi tilnefningu nýs stjórnarmanns inn hjá skránni sem um getur í 16. gr.

7. Persónuupplýsingar einstaklinga sem um getur í þessari grein skal vinna í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/679 og landslög til að gera yfirvaldinu, einstaklingnum eða aðilanum sem hefur umboð samkvæmt landslögum kleift að meta nauðsynlegar upplýsingar varðandi vanhæfi einstaklings til stjórnarsetu, með það fyrir augum að koma í veg fyrir sviksamlegt athæfi eða aðra misnotkun og tryggja að allir einstaklingar sem eiga samskipti við félög eða útibú njóti verndar.

Aðildarríki skulu tryggja að skrárnar sem um getur í 16. gr., yfirvöld, einstaklingar eða aðilar sem hafa umboð samkvæmt landslögum til að sjá um sérhvern þátt málsmeðferðar á netinu geymi ekki persónuupplýsingar, sem sendar eru við beitingu þessarar greinar, lengur en nauðsynlegt er og hvað sem öðru líður ekki lengur en á við um þær persónu-upplýsingar sem tengjast stofnun félags, skráningu útibús eða innlagningu félags eða útibús.

13. gr. j

Innlagning skjala og upplýsinga um félög á netinu

1. Aðildarríki skulu tryggja að hægt sé að leggja skjöl og upplýsingar sem um getur í 14. gr., þ.m.t. allar breytingar á þeim, inn á netinu hjá skránni innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í lögum þess aðildarríkis þar sem félagið er skráð. Aðildarríkin skulu tryggja að unnt sé að ljúka slíkri innlagningu á netinu í heild sinni án þess að nauðsynlegt sé að umsækjandi mæti í eigin persónu frammi fyrir yfirvaldi eða hjá einstaklingi eða aðila sem hefur umboð samkvæmt landslögum til að sjá um innlagningu á netinu, sbr. þó ákvæðin sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 13. gr. b og, eftir atvikum, 8. mgr. 13. gr. g.

2. Aðildarríki skulu tryggja að uppruna og heilleika skjala sem lögð eru inn á netinu megi sannprófa rafrænt.

3. Aðildarríki geta krafist þess að tiltekin félög eða öll félög leggi tiltekin eða öll skjöl og upplýsingar sem um getur í 1. mgr. inn á netinu.

4. Ákvæði 2.–5. mgr. 13. gr. g skulu gilda að breyttu breytanda um innlagningu skjala og upplýsinga á netinu.

5. Aðildarríki geta haldið áfram að leyfa önnur form innlagningar en þau sem um getur í 1. mgr., þ.m.t. með rafrænum hætti eða á pappír, fyrir félög, lögbókendur eða aðra einstaklinga eða aðila sem hafa umboð samkvæmt landslögum til að sjá um slík form innlagningar.“

6) Í stað 16. gr. kemur eftirfarandi:

„16. gr.

Birting upplýsinga í skránni

1. Í hverju aðildarríki skal geyma möppu í aðal-, fyrirtækja- eða félagaskrá („skránni“) fyrir hvert félag sem þar er skráð.

Aðildarríkin skulu tryggja að félög hafi einkvæmt evrópskt auðkenni, sem um getur í 8. lið viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/884 (*), þannig að hægt sé að auðkenna þau án nokkurs vafa í samskiptum milli skráa í gegnum samtengingarkerfi skráa sem komið er á í samræmi við 22. gr. („samtengingarkerfi skráa“). Þetta einkvæma auðkenni skal a.m.k. fela í sér þætti sem gera kleift að auðkenna aðildarríki skrárinnar, upprunalegu innlendu skrána og númer félagsins í þeirri skrá og, þar sem það á við, þætti til að forðast ranga auðkenningu.

2. Öll skjöl og upplýsingar, sem skylt er að birta skv. 14. gr., skal varðveita í möppunni sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar eða færa beint inn í skrána og efnisinnihald færslna í skránni skal skrá í möppuna.

Öll skjöl og upplýsingar sem um getur í 14. gr. skal, án tillits til þess með hvaða hætti þau eru lögð inn, varðveita í möppunni í skránni eða færa beint inn í hana á rafrænu formi. Aðildarríki skulu tryggja að öll skjöl og upplýsingar sem eru lögð inn á pappír verði færð á rafrænt form í skránni eins fljótt og auðið er.

Aðildarríkin skulu tryggja að skráin færi skjöl og upplýsingar, sem um getur í 14. gr. og voru lögð inn á pappír fyrir 31. desember 2006, yfir á rafrænt form um leið og tekið er við umsókn um birtingu með rafrænum hætti.

3. Aðildarríki skulu tryggja að birting skjala og upplýsinga, sem um getur í 14. gr., eigi sér stað með því að gera þau aðgengileg öllum í skránni. Auk þess geta aðildarríkin einnig krafist þess að sum eða öll þessi skjöl og upplýsingar séu birt í lögbirtingablaði sem tilnefnt er í þeim tilgangi eða með jafnskilvirkum aðferðum. Þessar aðferðir skulu a.m.k. fela í sér notkun kerfis þar sem nálgast má skjölin eða upplýsingarnar, sem birtar eru, í tímaröð um miðlægan, rafrænan vettvang. Í slíkum tilvikum skal skráin tryggja að þessi skjöl og upplýsingar séu send rafrænt frá skránni til lögbirtingablaðsins eða miðlægs, rafræns vettvangs.

4. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að forðast misræmi milli þess sem er í skránni og í möppunni.

Aðildarríkin sem krefjast birtingar skjala og upplýsinga í lögbirtingablaði eða á miðlægum, rafrænum vettvangi skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að forðast misræmi milli þess sem er birt í samræmi við 3. mgr. og þess sem er birt í lögbirtingablaðinu eða á vettvanginum.

Ef um misræmi er að ræða samkvæmt þessari grein skulu þau skjöl og upplýsingar sem eru aðgengileg í skránni ganga framar.

5. Félagið getur aðeins borið fyrir sig skjölin og upplýsingarnar, sem um getur í 14. gr., gagnvart þriðju aðilum eftir að þau hafa verið birt í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar nema félagið sýnir fram á að þriðju aðilar hafi haft vitneskju um þau.

Ef viðskipti eiga sér stað fyrir sextánda dag eftir birtingu skal þó ekki bera fyrir sig skjöl og upplýsingar gagnvart þriðju aðilum sem sanna að það hafi verið ómögulegt fyrir þá að vita um þau.

Þriðju aðilar geta ávallt borið fyrir sig skjöl og upplýsingar þótt ekki hafi enn verið gengið frá formsatriðum um birtingu nema ástæðan fyrir því að slík skjöl eða upplýsingar öðlast ekki gildi sé sú að þau hafi ekki verið birt.

6. Aðildarríki skulu tryggja að skrárnar geymi öll skjöl og upplýsingar, sem lögð eru fram sem hluti af stofnun félags, skráningu útibús eða innlagningu félags eða útibús, á tölvulesanlegu og leitarbæru sniði eða sem formföst gögn.

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/884 frá 8. júní 2015 um að koma á nauðsynlegum tækniforskriftum og verklagsreglum fyrir samtengingarkerfi skráa sem komið var á með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/101/EB (Stjtíð. ESB L 144, 10.6.2015, bls. 1).“

7) Eftirfarandi grein er bætt við:

„16. gr. a

Aðgangur að birtum upplýsingum

1. Aðildarríki skulu tryggja að fá megi afrit af skjölunum og upplýsingunum, sem um getur í 14. gr., í heild eða að hluta, frá skránni við umsókn og að leggja megi slíka umsókn inn hjá skránni annaðhvort á pappír eða með rafrænum hætti.

Þó geta aðildarríkin ákveðið að tilteknar tegundir eða hlutar skjala og upplýsinga, sem lögð voru inn á pappír 31. desember 2006 eða fyrir þann dag, verði ekki hægt að fá með rafrænum hætti ef tilgreindur tími hefur liðið frá því að þau voru lögð inn og þar til umsóknin er lögð inn. Þessi tilgreindi tími skal ekki vera skemmri en tíu ár.

2. Gjaldið fyrir að fá afrit af skjölunum og upplýsingunum, sem um getur í 14. gr, í heild eða að hluta, á pappír eða með rafrænum hætti, skal ekki vera hærra en sem nemur kostnaðinum við gerð þeirra, þ.m.t. kostnaður við þróun og viðhald skráa.

3. Rafræn afrit og pappírsafrit, sem látin eru umsækjanda í té, skulu vera staðfest sem „rétt afrit“ nema umsækjandi telji slíka staðfestingu óþarfa.

4. Aðildarríki skulu tryggja að rafræn afrit og útdrættir úr skjölum og upplýsingum sem fengin eru frá skránni hafi verið sannvottuð með traustþjónustu sem um getur í reglugerð (ESB) nr. 910/2014, til að tryggja að rafrænu afritin eða útdrættirnir hafi verið fengin frá skránni og að innihald þeirra sé rétt afrit af skjali sem skráin hefur að geyma eða að það sé í samræmi við upplýsingar sem þar er að finna.“

8) Í stað 1. mgr. 17. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Aðildarríki skulu tryggja að uppfærðar upplýsingar séu gerðar aðgengilegar þar sem útskýrð eru ákvæði landslaga um að þriðju aðilar geti, í samræmi við 3., 4. og 5. mgr. 16. gr., borið fyrir sig upplýsingar og tegundir skjala sem um getur í 14. gr.“

9) Ákvæðum 18. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Rafræn afrit skjalanna og upplýsinganna, sem um getur í 14. gr., skulu einnig gerð aðgengileg öllum í gegnum samtengingarkerfi skráa. Aðildarríki geta einnig gert skjöl og upplýsingar, sem um getur í 14. gr., aðgengileg fyrir aðrar tegundir félaga en þær sem eru taldar upp í II. viðauka.“

b) Í stað a-liðar 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„a) skjölin og upplýsingarnar sem um getur í 14. gr., þ.m.t. fyrir aðrar tegundir félaga en þær sem eru taldar upp í II. viðauka, þegar aðildarríki gera slík skjöl aðgengileg,“.

10) Í stað 19. gr. kemur eftirfarandi:

„19. gr.

Gjöld sem ber að greiða fyrir skjöl og upplýsingar

1. Gjöldin sem ber að greiða til að fá skjöl og upplýsingar, sem um getur í 14. gr., í gegnum samtengingarkerfi skráa skulu ekki vera hærri en sem nemur tengdum stjórnsýslukostnaði, þ.m.t. kostnaður við þróun og viðhald skráa.

2. Aðildarríki skulu tryggja að a.m.k. eftirfarandi upplýsingar og skjöl séu aðgengileg án endurgjalds í gegnum samtengingarkerfi skráa:

a) eitt eða fleiri heiti félagsins og rekstrarform þess að lögum,

b) skráð skrifstofa félagsins og aðildarríkið þar sem hún er skráð,

c) skráningarnúmer félagsins og einkvæmt evrópskt auðkenni þess,

d) upplýsingar um vefsetur félagsins, ef slíkar upplýsingar eru skráðar í landsbundnu skrána,

e) staða félagsins, s.s. hvort því hefur verið lokað, tekið af skrá, slitið, leyst upp, er efnahagslega virkt eða óvirkt eins og það er skilgreint í landslögum og ef það er skráð í landsbundnu skrárnar,

f) tilgangur félagsins, ef hann er skráður í landsbundnu skrána,

g) upplýsingar um hverja þá einstaklinga sem hafa, annaðhvort sem aðili eða sem félagsaðilar að slíkum aðila, sem stendur heimild félagsins til að koma fram fyrir hönd þess í viðskiptum við þriðju aðila og í málarekstri og upplýsingar um það hvort þeir einstaklingar sem hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins megi gera það einir eða þurfi að koma fram sem ein heild,

h) upplýsingar um öll útibú sem félagið hefur opnað í öðru aðildarríki, þ.m.t. heiti, skráningarnúmer, einkvæmt evrópskt auðkenni og aðildarríkið þar sem útibúið er skráð.

3. Upplýsingaskipti í gegnum samtengingarkerfi skráa skulu vera gjaldfrjáls fyrir skrárnar.

4. Aðildarríki geta ákveðið að þær upplýsingar sem um getur í d- og f-lið eigi aðeins að gera aðgengilegar án endurgjalds fyrir yfirvöld í öðrum aðildarríkjum.“

11) Ákvæði 3. mgr. 20. gr. falla brott.

12) Ákvæðum 22. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi undirgrein bætist við 4. mgr.:

„Framkvæmdastjórnin getur einnig komið á fót valkvæðum aðgangsstöðum fyrir samtengingarkerfi skráa. Slíkir aðgangsstaðir skulu samanstanda af kerfum sem framkvæmdastjórnin eða aðrar meginstofnanir, stofnanir, skrifstofur eða fagstofnanir Sambandsins þróa og reka til þess að sinna stjórnsýsluhlutverki sínu eða uppfylla ákvæði laga Sambandsins. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna aðildarríkjunum án ástæðulausrar tafar um að slíkum aðgangsstöðum hafi verið komið á fót og um allar umtalsverðar breytingar á starfsemi þeirra.“

b) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Aðgangur að upplýsingum frá samtengingarkerfi skráa skal veittur í gegnum vefgáttina og í gegnum valkvæðu aðgangsstaðina sem aðildarríkin og framkvæmdastjórnin koma á fót.“

13) Ákvæðum 24. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað d-liðar kemur eftirfarandi:

„d) tækniforskriftirnar þar sem aðferðir við upplýsingaskipti eru skilgreindar á milli félagaskrárinnar og útibúa-skrárinnar eins og um getur í 20. gr., 28. gr. a, 28. gr. c, 30. gr. a og 34. gr.,“.

b) Í stað e-liðar kemur eftirfarandi:

„e) ýtarlegan lista yfir gögn sem senda á í því skyni að skiptast á upplýsingum á milli skránna eins og um getur í 20. gr., 28. gr. a, 28. gr. c, 30. gr. a, 34. gr. og 130. gr.,“.

c) Í stað n-liðar kemur eftirfarandi:

„n) málsmeðferð og tæknilegar kröfur vegna tengingar valkvæðu aðgangsstaðanna við vettvanginn eins og um getur í 22. gr.,“.

d) Eftirfarandi liður bætist við:

„o) ýtarlegt fyrirkomulag og tæknileg atriði varðandi skipti á milli skráa á þeim upplýsingum sem um getur í 13. gr. i.“

e) Eftirfarandi málsgrein bætast við í lok greinarinnar:

„Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðirnar samkvæmt d-, e-, n- og o-lið eigi síðar en 1. febrúar 2021.“

14) Í stað fyrirsagnar 2. þáttar III. kafla í I. bálki kemur eftirfarandi:

„**Reglur um skráningu og upplýsingagjöf sem eiga við um útibú félaga frá öðrum aðildarríkjum“.**

15) Eftirfarandi greinar bætast við 2. þátt III. kafla í I. bálki:

„28. gr. a

Skráning útibúa á netinu

1. Aðildarríki skulu tryggja að skráningu í aðildarríki á útibúi félags, sem fellur undir gildissvið laga annars aðildarríkis, megi ljúka að fullu á netinu án þess að nauðsynlegt sé að umsækjendur mæti í eigin persónu frammi fyrir yfirvaldi eða hjá einstaklingi eða aðila sem hefur umboð samkvæmt landslögum til að sjá um sérhvern þátt umsóknar um skráningu útibúa, sbr. þó 4. mgr. 13. gr. b og að breyttu breytanda 8. mgr. 13. gr. g.

2. Aðildarríki skulu mæla fyrir um ýtarlegar reglur varðandi skráningu útibúa á netinu, þ.m.t. reglur um þau skjöl og upplýsingar sem nauðsynlegt er að leggja fram hjá lögbæru yfirvaldi. Sem hluta af þessum reglum skulu aðildarríkin tryggja að ljúka megi skráningu á netinu með því að leggja fram upplýsingar eða skjöl á rafrænu formi, þ.m.t. rafræn afrit af þeim skjölum og upplýsingum sem um getur í 4. mgr. 16. gr. a eða með því að nýta upplýsingar eða skjöl sem áður hafa verið lögð inn hjá skrá.

3. Í reglunum sem um getur í 2. mgr. skal a.m.k. kveða á um eftirfarandi:

a) málsmeðferð til að tryggja að umsækjendur hafi nauðsynlegt rétthæfi og gerhæfi og að þeir hafi heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins,

b) aðferðir við sannprófun á deilum einstaklings eða einstaklinga sem skrá útibúið eða fulltrúa þeirra,

c) kröfur um að umsækjendur noti traustþjónustuna sem um getur í reglugerð (ESB) nr. 910/2014.

4. Í reglunum sem um getur í 2. mgr. má einnig kveða á um málsmeðferð vegna eftirfarandi:

a) sannprófunar á lögmæti tilgangs útibúsins,

b) sannprófunar á lögmæti heitis útibúsins,

c) sannprófunar á lögmæti þeirra skjala og upplýsinga sem eru lögð fram vegna skráningar útibúsins,

d) til að kveða á um hlutverk lögbókanda eða annars einstaklings eða aðila sem kemur að ferlinu við að skrá útibúið samkvæmt gildandi ákvæðum landslaga.

5. Aðildarríkjum er heimilt að sannprófa upplýsingar um félag í gegnum samtengingarkerfi skráa þegar þau skrá útibú félags með staðfestu í öðru aðildarríki.

Aðildarríkin skulu ekki binda skráningu útibús á netinu skilyrði um að leyfis eða heimildar sé aflað áður en útibúið er skráð nema slíkt skilyrði sé nauðsynlegt fyrir það tilhlýðilega eftirlit með tiltekinni starfsemi sem mælt er fyrir um í landslögum.

6. Aðildarríki skulu tryggja að skráningu útibús á netinu sé lokið innan tíu virkra daga frá því að gengið hefur verið frá öllum formsatriðum, þ.m.t. viðtöku yfirvalds, einstaklings eða aðila, sem hefur umboð samkvæmt landslögum til að sjá um sérhvern þátt skráningar útibús, á öllum nauðsynlegum skjölum og upplýsingum sem uppfylla landslög.

Þegar ekki er mögulegt að skrá útibú innan frestsins sem um getur í þessari málsgrein skulu aðildarríkin tryggja að umsækjandanum sé tilkynnt um ástæður fyrir töfinni.

7. Eftir skráningu útibús félags sem komið er á fót samkvæmt lögum annars aðildarríkis skal skráin í aðildarríkinu þar sem útibúið er skráð tilkynna í gegnum samtengingarkerfi skráa aðildarríkinu þar sem félagið er skráð um að útibúið hafi verið skráð. Aðildarríkið þar sem félagið er skráð skal staðfesta móttöku slíkrar tilkynningar og skrá upplýsingarnar í skrá sína án tafar.

28. gr. b

Innlagning skjala og upplýsinga á netinu vegna útibúa

1. Aðildarríki skulu tryggja að leggja megi skjöl og upplýsingar sem um getur í 30. gr., eða hvers kyns breytingar á þeim, inn á netinu innan þess tíma sem kveðið er á um í lögum þess aðildarríkis þar sem útibúinu er komið á fót. Aðildarríkin skulu tryggja að ljúka megi slíkri innlagningu á netinu í heild sinni án þess að nauðsynlegt sé að umsækjendur mæti í eigin persónu frammi fyrir yfirvaldi eða hjá einstaklingi eða aðila sem hefur umboð samkvæmt landslögum til að sjá um innlagningu á netinu, sbr. þó ákvæðin sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 13. gr. b og að breyttu breytanda í 8. mgr. 13. gr. g.

2. Ákvæði 2.–5. mgr. 28. gr. a skulu gilda að breyttu breytanda um innlagningu á netinu fyrir útibú.

3. Aðildarríki geta krafist þess að tiltekin eða öll skjöl og upplýsingar sem um getur í 1. mgr. séu eingöngu lögð inn á netinu.

28. gr. c

Lokun útibúa

Eftir móttöku skjalanna og upplýsinganna sem um getur í h-lið 1. mgr. 30. gr. skulu aðildarríkin tryggja að skráin í aðildarríki þar sem útibú félags er skráð upplýsi, í gegnum samtengingarkerfi skráa, skrána í aðildarríkinu þar sem félagið er skráð um að útibúi þess hafi verið lokað og tekið af skránni. Skráin í aðildarríki félagsins skal staðfesta móttöku slíkrar tilkynningar einnig í gegnum það kerfi og skrá upplýsingarnar án tafar.“

16) Eftirfarandi grein er bætt við:

„30. gr. a

Breytingar á skjölum og upplýsingum um félagið

Aðildarríkið þar sem félag er skráð skal án tafar tilkynna, í gegnum samtengingarkerfi skráa, aðildarríkinu þar sem útibú félagsins er skráð ef breyting hefur verið lögð inn varðandi eitthvert af eftirfarandi:

a) heiti félagsins,

b) skráða skrifstofu félagsins,

c) skráningarnúmer félagsins í skránni,

d) rekstrarform félagsins að lögum,

e) skjölin og upplýsingarnar sem um getur í d- og f-lið 14. gr.

Eftir móttöku tilkynningarinnar sem um getur í fyrstu málsgrein þessarar greinar skal skráin þar sem útibúið er skráð staðfesta, í gegnum samtengingarkerfi skráa, móttöku slíkrar tilkynningar og tryggja að skjölin og upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 30. gr. séu uppfærð án tafar.“

17) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 31. gr.:

„Aðildarríki geta kveðið á um að lögbundin birtingarskylda bókhaldsgagna sem um getur í g-lið 1. mgr. 30. gr. megi teljast uppfyllt með birtingu í skrá þess aðildarríkis þar sem félagið er skráð í samræmi við f-lið 14. gr.“

18) Ákvæði 43. gr. falla brott.

19) Í stað 161. gr. kemur eftirfarandi:

„161. gr.

Persónuvernd

Vinnsla allra persónuupplýsinga í tengslum við þessa tilskipun skal falla undir reglugerð (ESB) 2016/679.“

20) Eftirfarandi grein er bætt við:

„162. gr. a

Breytingar á viðaukunum

Aðildarríki skulu án tafar upplýsa framkvæmdastjórnina um allar breytingar á þeim tegundum félaga með takmarkaðri ábyrgð sem kveðið er á um í landslögum þeirra og sem myndu hafa áhrif á efni I. og II. viðauka and II. viðauka A.

Ef aðildarríki upplýsir framkvæmdastjórnina samkvæmt fyrstu málsgrein þessarar greinar skal framkvæmdastjórninni falið vald til að breyta skránni yfir tegundir félaga sem er að finna í I. og II. viðauka og II. viðauka A í samræmi við upplýsingarnar sem um getur í fyrstu málsgrein þessarar greinar með framseldum gerðum í samræmi við 163. gr.“

21) Í stað 163. gr. kemur eftirfarandi:

„163. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 3. mgr. 25. gr. og 162. gr. a, um óákveðinn tíma frá 31. júlí 2019.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 3. mgr. 25. gr. og 162. gr. a. Með ákvörðun um afturköllun skal binda enda á valdaframsalið sem um getur í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í henni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi neinna framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Áður en framseld gerð er samþykkt skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016.

5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

6. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 3. mgr. 25. gr. eða 162. gr. a, skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan þriggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um þrjá mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.“

22) Í stað tuttugasta og sjöunda undirliðar í I. viðauka kemur eftirfarandi:

„— Svíþjóð:

publikt aktiebolag;“.

23) Í stað tuttugasta og sjöunda undirliðar í II. viðauka kemur eftirfarandi:

„— Svíþjóð:

privat aktiebolag

publikt aktiebolag;“.

24) II. viðauka A, eins og hann er settur fram í viðaukanum við þessa tilskipun, er bætt við.

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. ágúst 2021. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar skulu aðildarríkin samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að 5. lið 1. gr. þessarar tilskipunar, að því er varðar 13. gr. i og 2. mgr. 13. gr. j í tilskipun (ESB) 2017/1132, og 6. lið 1. gr. þessarar tilskipunar, að því er varðar 6. mgr. 16. gr. í tilskipun (ESB) 2017/1132, eigi síðar en 1. ágúst 2023.

3. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu aðildarríki sem eiga í sérstökum erfiðleikum með að lögleiða þessa tilskipun eiga rétt á að allt að eins árs framlengingu á tímabilinu sem kveðið er á um í 1. mgr. Þau skulu gefa upp hlutlægar ástæður fyrir þörf á slíkri framlengingu. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þá fyrirætlan sína að nýta slíka framlengingu eigi síðar en 1. febrúar 2021.

4. Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

5. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Skýrslugjöf, endurskoðun og gagnaöflun

1. Framkvæmdastjórnin skal eigi síðar en 1. ágúst 2024, eða ef eitthvert aðildarríki nýtir sér undanþáguna sem kveðið er á um í 3. mgr. 2. gr. eigi síðar en 1. ágúst 2025, framkvæma mat á ákvæðunum sem eru innleidd í tilskipun (ESB) 2017/1132 með þessari tilskipun og leggja skýrslu um niðurstöðurnar fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefnd Evrópusambandsins nema að því er varðar ákvæðin sem um getur í 2. mgr. 2. gr. en vegna þeirra skal framkvæma mat og leggja fram skýrslu eigi síðar en 1. ágúst 2026.

Aðildarríkin skulu veita framkvæmdastjórninni þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar fyrir gerð skýrslnanna, þ.e. með því að láta í té gögn um fjölda skráninga á netinu og tengdan kostnað.

2. Í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar skal m.a. meta eftirfarandi:

a) hagkvæmni þess að kveða á um fulla skráningu annarra tegunda félaga en þeirra sem eru taldar upp í II. viðauka A á netinu,

b) hagkvæmni þess að aðildarríki láti í té sniðmát fyrir allar tegundir félaga með takmarkaðri ábyrgð og þörf á og hagkvæmni þess að láta í té samræmt sniðmát innan Sambandsins sem öll aðildarríkin skulu nota fyrir þær tegundir félaga sem eru taldar upp í II. viðauka A,

c) fengna reynslu af beitingu reglnanna um vanhæfi stjórnarmanna sem um getur í 13. gr. i,

d) aðferðir við innlagningu á netinu og aðgengi á netinu, þ.m.t. notkun forritaskila,

e) þörf á og hagkvæmni þess að gera upplýsingar aðgengilegar án endurgjalds í meira mæli en krafist er í 2. mgr. 19. gr. og tryggja aðgengi án kvaða að slíkum upplýsingum,

f) þörf á og hagkvæmni frekari beitingar meginreglunnar um að leggja fram upplýsingar aðeins einu sinni.

3. Skýrslunni skulu fylgja tillögur að breytingum á tilskipun (ESB) 2017/1132, ef við á.

4. Með það í huga að setja fram áreiðanlegt mat á ákvæðunum sem eru innleidd í tilskipun (ESB) 2017/1132 með þessari tilskipun skulu aðildarríki afla gagna um það hvernig stofnun á netinu virkar í raun. Þessar upplýsingar skulu að jafnaði fela í sér fjölda stofnsetninga á netinu, fjölda tilvika þar sem sniðmát voru notuð eða þar sem viðveru var krafist og meðaltímalengd og kostnað við stofnsetningar á netinu. Þau skulu tilkynna þessar upplýsingar til framkvæmdastjórnarinnar tvisvar, eigi síðar en tveimur árum eftir lögleiðingardag.

4. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

5. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. júní 2019.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
A. TAJANI	G. CIAMBA
forseti.	*forseti.*

———

VIÐAUKI

„II. VIÐAUKI A

TEGUNDIR FÉLAGA

SEM UM GETUR Í GR. 13,13 f, 13 g, 13 h og 162 a

— Belgía:

société privée à responsabilité limitée/besloten vennootschap met beperkte aansprakelijkheid,

société privée à responsabilité limitée unipersonnelle/Eenpersoons besloten vennootschap met beperkte aansprakelijkheid;

— Búlgaría:

дружество с ограничена отговорност,

еднолично дружество с ограничена отговорност;

— Tékkland:

společnost s ručením omezeným;

— Danmörk:

Anpartsselskab;

— Þýskaland:

Gesellschaft mit beschränkter Haftung;

— Eistland:

osaühing;

— Írland:

private company limited by shares or by guarantee/cuideachta phríobháideach faoi theorainn scaireanna nó ráthaíochta,

designated activity company/cuideachta ghníomhaíochta ainmnithe;

— Grikkland:

εταιρεία περιορισμένης ευθύνης,

ιδιωτική κεφαλαιουχική εταιρεία;

— Spánn:

sociedad de responsabilidad limitada;

— Frakkland:

société à responsabilité limitée,

entreprise unipersonnelle à responsabilité limitée,

société par actions simplifiée,

société par actions simplifiée unipersonnelle;

— Króatía:

društvo s ograničenom odgovornošću,

jednostavno društvo s ograničenom odgovornošću;

— Ítalía:

società a responsabilità limitata,

società a responsabilità limitata semplificata;

— Kýpur:

ιδιωτική εταιρεία περιορισμένης ευθύνης με μετοχές ή/και με εγγύηση;

— Lettland:

sabiedrība ar ierobežotu atbildību;

— Litáen:

uždaroji akcinė bendrovė;

— Lúxemborg:

société à responsabilité limitée;

— Ungverjaland:

korlátolt felelősségű társaság;

— Malta:

private limited liability company/kumpannija privata;

— Holland:

besloten vennootschap met beperkte aansprakelijkheid;

— Austurríki:

Gesellschaft mit beschränkter Haftung;

— Pólland:

spółka z ograniczoną odpowiedzialnością;

— Portúgal:

sociedade por quotas;

— Rúmenía:

societate cu răspundere limitată;

— Slóvenía:

družba z omejeno odgovornostjo;

— Slóvakía:

spoločnosť s ručením obmedzeným;

— Finnland:

yksityinen osakeyhtiö/privat aktiebolag;

— Svíþjóð:

privat aktiebolag;

— Bretland:

private company limited by shares or guarantee.“

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/273 **2022/EES/72/67**

frá 11. desember 2017

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar fyrirkomulag við veitingu leyfa til plöntunar á vínvið, skrána yfir vínekrur, fylgiskjöl og vottun, innfærslu- og útfærsluskrána, lögboðnar yfirlýsingar, tilkynningar og birtingu tilkynntra upplýsinga og um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1306/2013 að því er varðar viðeigandi eftirlit og viðurlög, um breytingu á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 555/2008, (EB) nr. 606/2009 og (EB) nr. 607/2009 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 436/2009 og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/560 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 ([1]), einkum 69. gr., 89. gr., 145. gr. (4. mgr.), 147. gr. (3. mgr.) og 223. gr. (2. mgr.) og 5. lið D-þáttar II. hluta VIII. viðauka við þá reglugerð,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1306/2013 frá 17. desember 2013 um fjármögnun, stjórnun og eftirlit með sameiginlegu landbúnaðarstefnunni og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 352/78, (EB) nr. 165/94, (EB) nr. 2799/98, (EB) nr. 814/2000, (EB) nr. 1290/2005 og (EB) nr. 485/2008 ([2]), einkum 6. mgr. 64. gr. og 5. mgr. 89. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 felldi úr gildi og kom í stað reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1234/2007 ([3]). Ákvæði III. kafla I. bálks og 2. þáttar II. kafla II. bálks í II. hluta reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 innihalda reglur, að því er varðar fyrirkomulag við veitingu leyfa til plöntunar á vínvið og stjórnun þess, skrána yfir vínekrur, fylgiskjöl og vottun, innfærslu- og útfærsluskrá og samskiptakröfur í víngeiranum, og fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hvað þetta varðar. Þessar gerðir ættu að koma í stað viðkomandi ákvæða í reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 555/2008 ([4]) og (EB) nr. 436/2009 ([5]) sem og tiltekinna ákvæða í reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009 ([6]) og (EB) nr. 607/2009 ([7]) varðandi vottun einyrkisvína og stjórnsýslureglur sem varða innfærslu- og útfærsluskrár. Til einföldunar ætti einnig að fella ákvæði framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/560 ([8]) inn í nýju framseldu gerðina.

2) Í þágu réttarvissu ætti að skilgreina tiltekin hugtök sem eru notuð í þessari reglugerð og í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/274 ([9]). Rétt þykir að skilgreina mismunandi tegundir vínsvæða og rekstraraðila í tengslum við sértæk réttindi og kröfur sem kveðið er á um fyrir hver þeirra í báðum reglugerðum.

3) Í 62. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 er mælt fyrir um þá almennu kröfu að aðildarríki veiti leyfi til að planta vínvið þegar framleiðendur, sem hyggjast planta eða endurplanta vínvið, hafa lagt fram umsókn. Tiltekin svæði eru þó

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 58, 28.2.2018, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 272/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín (bíður birtingar).

undanþegin fyrirkomulaginu við veitingu leyfa skv. 4. mgr. þeirrar greinar. Nauðsynlegt er að mæla fyrir um reglur varðandi skilyrði fyrir beitingu þeirrar undanþágu. Þau svæði sem eru ætluð til notkunar í tilraunaskyni eða undir gróðrarstöðvar fyrir ágræðslukvisti ætti eingöngu að nota í tilgreindum tilgangi til að forðast að nýja fyrirkomulagið sé sniðgengið. Ekki ætti að setja vínræktarafurðir frá slíkum svæðum á markað nema aðildarríkin telji að engin hætta sé á markaðsröskunum. Tilraunir á sviði vínræktar og gróðrarstöðvar fyrir ágræðslukvisti, sem þegar eru til staðar, ættu að fá að halda áfram samkvæmt þeim reglum sem giltu um þær fyrir gildistöku framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/560. Til að tryggja að svæði, þar sem vín eða vínafurðir eru einvörðungu ætlaðar til neyslu á heimili vínræktandans, stuðli ekki að markaðsröskunum þykir rétt að mæla fyrir um stærðartakmörk og gera undanþáguna háða skilyrðum um að vínræktandinn stundi ekki vínframleiðslu í viðskiptaskyni. Af sömu ástæðu ætti einnig að rýmka slíka undanþágu svo hún nái til stofnana sem ekki stunda viðskiptastarfsemi. Að því er varðar svæði sem er komið á fót af framleiðanda sem hefur, vegna eignarnáms í þágu almennings samkvæmt landslögum, misst tiltekið svæði þar sem vínvið var plantað ætti að mæla fyrir um skilyrði, að því er varðar hámarksyfirborðsflöt nýja svæðisins, til að forðast að grafa undan hinum almennu markmiðum með fyrirkomulaginu við veitingu leyfa til plöntunar á vínvið.

4) Í 1. og 2. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 er mælt fyrir um reglur um veitingu leyfa fyrir nýplöntun og settar fram hæfis- og forgangsviðmiðanir sem aðildarríki geta beitt. Mæla ætti fyrir um sértæk skilyrði tengd sumum hæfis- og forgangsviðmiðununum til að koma á jöfnum samkeppnisskilyrðum fyrir framkvæmd þeirra og til að forðast að framleiðendur, sem hafa fengið veitt leyfi, geti sniðgengið leyfisveitingakerfið. Auk þess ætti að viðhalda þeim þremur viðbótarviðmiðunum sem komið var á með framseldri reglugerð (ESB) 2015/560: hæfisviðmiðun um óréttmæta nýtingu á orðspori verndaðra landfræðilegra merkinga; forgangsviðmiðun sem ívilnar þeim framleiðendum sem fara að reglum fyrirkomulagsins og hafa ekki vínekrur á búi sínu sem eru í órækt; og forgangsviðmiðun sem ívilnar stofnunum sem eru ekki reknar í hagnaðarskyni og hafa félagslegan tilgang og hafa fengið afhent land sem var gert upptækt í tengslum við hryðjuverkastarfsemi eða aðrar tegundir afbrota. Með hæfisviðmiðuninni er brugðist við þörfinni á að vernda orðspor tiltekinna landfræðilegra merkinga á svipaðan hátt og tiltekinna upprunatákna og tryggja að þeim stafi ekki ógn af nýplöntunum. Fyrsta forgangsviðmiðunin ívilnar tilteknum umsækjendum byggt á bakgrunni þeirra sem sýnir að þeir virða reglur fyrirkomulagsins við veitingu leyfa og að þeir eru ekki að sækja um leyfi fyrir nýplöntun á meðan þeir eru með svæði þar sem vínvið hefur verið plantað en engin framleiðsla fer þar fram, sem gæti gefið tilefni til leyfis til endurplöntunar. Önnur forgangsviðmiðunin hefur þann tilgang að ívilna stofnunum sem eru ekki reknar í hagnaðarskyni og hafa félagslegan tilgang og hafa fengið afhent land sem var gert upptækt í tengslum við hryðjuverka-starfsemi og aðrar tegundir afbrota, til að hvetja til félagslegrar nýtingar á landi þar sem annars væri hætta á að framleiðsla færi ekki fram.

5) Með tilliti til ákvæða 118. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1306/2013 og til að takast á við náttúrulegan mismun og félagslegan og hagrænan mismun, sem og mismunandi áætlanir rekstraraðila um vöxt innan þessara mismunandi svæða innan tiltekins yfirráðasvæðis, ætti að heimila aðildarríkjunum að beita hæfisviðmiðununum og forgangsviðmiðununum, sem um getur í 1. og 2. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, sem og hæfis- og forgangsviðmiðununum þremur til viðbótar, á annan hátt á svæðisvísu varðandi tiltekin svæði sem hafa rétt til að fá verndaða upprunatáknun (VUT), varðandi tiltekin svæði sem hafa rétt til að fá verndaða, landfræðilega merkingu (VLM) eða varðandi svæði án landfræðilegrar merkingar. Slíkur munur á beitingu umræddra viðmiðana á hinum mismunandi svæðum tiltekins yfirráðasvæðis ætti ávallt að byggjast á muninum á milli umræddra svæða.

6) Til að bregðast við tilvikum þar sem kerfið er sniðgengið á hátt sem ekki er gert ráð fyrir í þessari reglugerð ættu aðildarríkin að samþykkja ráðstafanir til að forðast að umsækjendur um leyfi sniðgangi hæfis- eða forgangsviðmiðanir þegar þau tilteknu ákvæði gegn sniðgöngu sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð ná ekki til athæfis þeirra að því er varðar sértæku hæfis- og forgangsviðmiðanirnar.

7) Í 2. mgr. 66. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 er kveðið á um möguleika á því að rækta megi samhliða vínvið, sem framleiðandinn hefur skuldbundið sig til að ryðja, og nýplantaðan vínvið. Til að koma í veg fyrir misfellur ættu aðildarríkin að hafa möguleika á að tryggja, með viðeigandi aðferðum, að skuldbindingin um ruðningu sé uppfyllt, þ.m.t. krafan um að leggja fram tryggingu samhliða veitingu leyfis til fyrirhugaðrar endurplöntunar. Að auki er nauðsynlegt að tilgreina að ef ruðning er ekki framkvæmd innan fjögurra ára frestsins sem er settur fram í því ákvæði skal líta svo á að vínviðurinn sem er plantað á svæðinu sem skuldbindingin nær til sé óleyfilegur.

8) Ákvæði 3. mgr. 66. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 gerir aðildarríkjum kleift að takmarka endurplöntun á svæðum þar sem framleiða má vín með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu, á grundvelli tilmæla frá fagfélögum sem eru viðurkennd og koma fram fyrir hönd geirans. Skilgreina ætti forsendur eða ástæður fyrir slíkum ákvörðunum um takmarkanir til að skýra hver mörk gildissviðs þeirra eru, ásamt því að tryggja samræmi í fyrirkomulaginu og að komið sé í veg fyrir að það sé sniðgengið. Tryggja ætti að sjálfvirknin í veitingum leyfa til endurplöntunar, sem komið er á með ákvæði 1. mgr. 66. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, komi ekki

í veg fyrir þann möguleika að aðildarríkin takmarki útgáfu leyfa fyrir tiltekin svæði í samræmi við b-lið 2. mgr. og 3. mgr. 63. gr. þeirrar reglugerðar. Engu að síður ætti að taka skýrt fram að ekki megi líta svo á að tiltekin sértæk tilvik teljist sem fyrirkomulagið sé sniðgengið.

9) Í 145. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 er kveðið á um að tiltekin aðildarríki skuli halda skrá yfir vínekrur sem inniheldur uppfærðar upplýsingar um framleiðslugetuna. Í þessari reglugerð ætti að mæla fyrir um nánari lýsingu á upplýsingunum sem eiga að vera í skránni yfir vínekrur.

10) Samkvæmt 1. mgr. 147. gr. reglugerðar (EB) nr. 1308/2013 er einungis heimilt að setja vínafurðir í dreifingu innan yfirráðasvæðis Sambandsins ef þeim fylgir opinberlega viðurkennt fylgiskjal. Mæla ætti fyrir um reglur um notkun þessa fylgiskjals.

11) Reynsla aðildarríkjanna hefur sýnt að gildissvið undanþága frá þeirri skyldu að flytja vínafurðir með fylgiskjal getur náð yfir lengri vegalengdir og fleiri tegundir starfsemi og þannig auðveldað flutning á víni án þess að koma í veg fyrir fullnægjandi rekjanleikastig vínafurða. Einkum ættu þrúgusafi og must, sem falla undir SN-númer 2009 61 og 2009 69, sem eru afhent rekstraraðilum sem stunda ekki vínframleiðslu, einnig að vera undanþegin þar eð þessir rekstraraðilar falla ekki undir eftirlit þeirra yfirvalda sem stjórna víngeiranum og hægt er að tryggja rekjanleika þessara afurða með viðskiptaskjölum.

12) Tilskipun ráðsins 2008/118/EB ([10]) inniheldur samræmt fyrirkomulag fyrir tilteknar vörur sem bera vörugjald, þ.m.t. tilteknir áfengir drykkir, og þar er kveðið á um rafrænt stjórnsýsluskjal og önnur skjöl sem verða að fylgja sendingum slíkra vara. Með það fyrir augum að setja samræmdar reglur, sem gilda innan Sambandsins, og einfalda formsatriði á sviði stjórnsýslu fyrir rekstraraðila þykir rétt að kveða á um að fylgiskjöl með sendingum vínafurða, í þeim tilgangi að beita reglum um vörugjald, teljist einnig viðurkennd fylgiskjöl í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

13) Með tilliti til ákvæða 40. gr. tilskipunar 2008/118/EB og til að hraða formsatriðum á sviði stjórnsýslu fyrir rekstraraðila og veita meiri tryggingar fyrir áreiðanleika m.t.t. vottunar og rekjanleika vínafurða ætti að viðurkenna notkun á einfölduðu upplýsingakerfi fyrir útgáfu rafrænna fylgiskjala, sem aðildarríkin koma á fót, sem gerir það kleift að nota viðskiptaskjal þar sem fram koma a.m.k. nauðsynlegar upplýsingar til að sanngreina vöruna og til að rekja flutninga á henni, að því er varðar sendingar vínafurða frá smáframleiðendum og sendingar vínafurða sem eru ekki vörugjaldsskyldar. Til að gera aðildarríkjum, sem eru enn ekki farin að nota slíkt upplýsingakerfi, kleift að koma því á fót ætti þó að kveða á um umbreytingartímabil og meðan á því stendur er heimilt að nota fylgiskjöl bæði á pappírsformi og rafrænu formi.

14) Með tilliti til ákvæða 30. gr. tilskipunar 2008/118/EB ætti aðildarríkjum að vera heimilt að nota einfaldað ferli og skjöl sem gera þeim kleift að vakta flutninga á vínafurðum sem fara eingöngu fram á yfirráðasvæði þeirra.

15) Fylgiskjölin geta einnig þjónað þeim tilgangi að votta tiltekin einkenni vínafurða almennt og árgang þeirra eða vínþrúguyrki og einkum VUT þeirra eða VLM. Til að tryggja jafna meðferð allra rekstraraðila ætti í þessari reglugerð að mæla fyrir um við hvaða skilyrði er unnt að nota fylgiskjöl til slíkrar vottunar. Til að einfalda formsatriði á sviði stjórnsýslu fyrir rekstraraðila og til að létta álagi vegna venjubundinna verkefna af lögbærum yfirvöldum ætti að sjá til þess að þau geti heimilað sendendum að fylla út og votta sjálfir í fylgiskjölunum uppruna eða upprunastað og einkenni vínafurðanna, árgang eða þrúguyrki sem afurðin er framleidd úr og VUT eða VLM vínsins.

16) Ef rekstraraðilar þurfa að leggja fram sértæk vottorð varðandi einkenni vínafurða, að beiðni þriðju landa, ætti í þessari reglugerð að veita þann möguleika að nota vottun fyrir útfluttar vínafurðir og fastsetja skilyrði fyrir ósvikni þess og notkun.

17) Samkvæmt tollareglum er gerð krafa um viðbótarskjöl, s.s. útflutningsskýrslur, til viðbótar við fylgiskjölin, til sönnunar á útflutningi á vínafurðum. Því ætti að mæla fyrir um viðbótarmálsmeðferðarreglur um gerð og fullgildingu þessara skjala í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í eða samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013 ([11]).

18) Meiri líkur eru á svikum með vínafurðir sem fluttar eru í lausu en afurðir sem merktar eru á flöskum með einnota lokunarbúnaði. Að því er varðar slíkar sendingar ætti því að gera kröfu um að lögbært yfirvald á fermingarstaðnum upplýsi fyrirfram um þau atriði sem koma fram í fylgiskjalinu nema upplýsingakerfi sé notað sem gerir lögbæra yfirvaldinu á affermingarstaðnum mögulegt að fá þessar upplýsingar.

19) Til að greiða fyrir eftirliti lögbærra yfirvalda með flutningi afurðasendinga frá þriðju löndum, sem settar eru í frjálst flæði, eða með afurðum Sambandsins sem voru upphaflega fluttar út og síðan fluttar aftur inn til Sambandsins ætti gera kröfu um að tilvísun í skjölin, sem notuð voru við setningu þeirra í frjálst flæði, eða, ef um er að ræða afurðir sem upprunnar eru í Sambandinu, í fylgiskjölin sem gefin voru út fyrir upphaflegu sendinguna eða önnur samþykkt skjöl, sem sanna uppruna afurðanna, sé í skjölunum sem fylgja sendingum slíkra afurða eftir að þær eru settar í frjálst flæði.

20) Í þágu réttarvissu ætti að mæla fyrir um reglur til að samræma aðgerðir sem viðtakandi á að grípa til ef afurð, sem flutt er á grundvelli fylgiskjals, er synjað og til að tilgreina á grundvelli hvaða fylgiskjals megi síðar flytja afurðina.

21) Til að takast á við þau tilvik þegar lögbært yfirvald kemst að því, eða hefur rökstuddan grun um, að sendandi hafi framið alvarlegt brot á reglum Sambandsins eða landsbundnum reglum í víngeiranum, að því er varðar flutning vínafurða á grundvelli fylgiskjala eða framleiðsluskilyrði eða samsetningu slíkra afurða, og með það fyrir augum að gera lögbærum yfirvöldum kleift að vakta flutning í kjölfarið eða til að taka ákvörðun um notkun viðkomandi afurðar síðar þykir rétt að mæla fyrir um ítarleg ákvæði varðandi þær verklagsreglur sem lögbæra yfirvaldið kann að gera kröfu um, að því er varðar fylgiskjöl og upplýsingaskipti og gagnkvæma aðstoð milli lögbærra yfirvalda í slíkum tilvikum.

22) Til að tryggja varnaðaráhrif eða til að koma lögmæti aftur á ef um er að ræða brot, sem eru ekki alvarleg, sem varða fylgiskjöl fyrir flutninga á vínafurðum ætti að mæla fyrir um reglur sem gera lögbæra yfirvaldinu, sem uppgötvaði frávikið, kleift að grípa til viðeigandi ráðstafana til að setja reglur um slíkan flutning eða grípa til ráðstafana sem eru í réttu hlutfalli við brot að því er varðar frávikin, þ.m.t. bann við að setja afurðirnar, sem um ræðir, á markað og að upplýsa lögbær yfirvöld á fermingarstað.

23) Í þágu réttarvissu þykir rétt að kveðið sé á um reglur er varða óviðráðanleg atvik eða ófyrirséð óhöpp á meðan á flutningi stendur svo að flutningsaðilanum sé ljóst hvers er krafist til að flutningsaðgerðin, sem um ræðir, sé samkvæmt reglum.

24) Í ákvæðum 90. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 er kveðið á um að innfluttum vínafurðum, sem falla undir þá grein, skuli fylgja vottorð, sem þar til bær aðili í upprunalandi afurðarinnar útbýr, og greiningarskýrsla sem stofnun eða deild, sem þriðja land sem er upprunaland tilnefnir, útbýr. Til að draga úr fjölda skjala, sem krafist er við innflutning til Sambandsins, og greiða fyrir eftirliti lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna ætti að sameina þetta vottorð og þessa greiningarskýrslu í eitt skjal, VI-1 skjal. Með það fyrir augum að tryggja réttarvissu og greiða fyrir viðskiptum ætti að sjá til þess að slíkt skjal teljist votta einkenni vínafurðarinnar, árgang eða þrúguyrki eða VUT eða VLM.

25) Í þágu samræmingar og til að draga úr stjórnsýsluálagi, bæði fyrir rekstraraðila og aðildarríki, ætti að færa undanþágur frá kröfunni um að leggja fram VI-1 skjal fyrir vínafurðir, sem flytja á inn til Sambandsins, til samræmis við undanþágur sem gilda um skjöl sem fylgja sendingum vínafurða eftir að þær eru settar í frjálst flæði í Sambandinu, við skipan Sambandsins um að koma á tollfríðindum, sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1186/2009 ([12]), og við undanþágur sem stafa af tilteknum samningum um stjórnmálasamband sem gerðir voru við þriðju lönd.

26) Til að gera lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna kleift að beita samræmdum aðferðum og nota sömu tegund skjals, sama hvert viðtökuaðildarríki innfluttu afurðanna er, ætti að láta í té fyrirmynd að VI-1 skjalinu og að útdrætti úr því, VI-2 útdráttur, ásamt upplýsingum varðandi aðferðina sem skal fylgja við útgáfu þeirra.

27) Mæla ætti fyrir um reglur um notkun VI-1 skjalsins og VI-2 útdráttarins til að tryggja að allir hlutaðeigandi aðilar fylgi sama verklagi við afgreiðslu sendingar í frjálst flæði. Að teknu tilliti til viðskiptahátta ætti að skýra nánar að ef vínsendingu er skipt upp ættu lögbær yfirvöld að hafa vald til að láta útbúa útdrætti úr VI-1 skjalinu undir eftirliti þeirra sem á að fylgja hverri nýrri sendingu sem verður til við skiptinguna.

28) Með það fyrir augum að greiða fyrir viðskiptum og einfalda óbeinan innflutning þykir rétt að mæla fyrir um reglur þar sem tilgreind eru þau tilvik þar sem ekki er þörf á frekari greiningu fyrir innflutning frá öðru þriðja landi en upprunalandi vínafurðarinnar.

29) Með það fyrir augum að taka tillit til sérkenna tiltekinna vína s.s. líkjörvína og vína sem eru styrkt fyrir eimingu, sem og vína með landfræðilega merkingu, ætti að mæla fyrir um reglur í tengslum við notkun VI-1 skjalsins fyrir sendingar af slíkum vínum. Til að létta verkefni útflytjenda og yfirvalda ætti að vera nóg að leggja fram VI-1 skjalið til að votta landfræðilega merkingu eða að alkóhól, sem er bætt við líkjörvín og vín sem eru styrkt fyrir eimingu, sé fengið úr vínafurðum, að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

30) Með það fyrir augum að greiða fyrir viðskiptum við þriðju lönd sem hafa gert samninga við Sambandið, sem innihalda ákvæði varðandi nánari samvinnu um að koma í veg fyrir svik, og sem viðhalda góðum viðskiptatengslum við Sambandið þykir rétt að heimila framleiðendum í þessum löndum að gefa sjálfir út VI-1 skjöl og að líta á þessi skjöl sem skjöl sem þar til bærir aðilar þriðju landanna, eða stofnanir eða deildir sem þriðju löndin tilnefna, gefa út, eins og um getur í 90. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, með svipuðum hætti og þegar hefur verið leyft fyrir vín sem er upprunnið í Sambandinu.

31) Að teknu tilliti til þróunar tölvukerfa í víngeiranum og til að auðvelda vöktun á flutningum og eftirlit með vínafurðum þykir rétt að heimila einnig notkun tölvukerfa og rafrænna skjala, sem þar til bærir aðilar þriðju landa skulu gefa út eða rekstraraðilar í þriðju löndunum gefa út beint, undir eftirliti lögbærra yfirvalda þeirra. Engu að síður ætti notkun tölvukerfa að falla undir tiltekin lágmarksskilyrði og viðurkenningu Sambandsins á því að eftirlitskerfi, sem komið er á í þriðja landi, bjóði upp á nægar tryggingar að því er varðar eðli, uppruna og rekjanleika vínafurðanna sem fluttar eru inn í Sambandið frá því þriðja landi. Því er nauðsynlegt að mæla fyrir um þessi lágmarksskilyrði. Til að einfalda og hraða málsmeðferð við útgáfu VI-2 útdrátta, bæði fyrir rekstraraðila og lögbær yfirvöld, þykir rétt að heimila yfirvöldum aðildarríkjanna að gefa út slíka útdrætti með því að nota tölvukerfi, í samræmi við málsmeðferðarreglur sem þeir koma til með að fastsetja.

32) Samkvæmt 2. mgr. 147. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 eiga einstaklingar eða lögaðilar, sem hafa vínafurðir undir höndum, að halda innfærslu- og útfærsluskrá fyrir þessar afurðir. Að því er varðar tiltekna rekstraraðila, þar sem birgðir og sala fara ekki yfir tiltekin viðmiðunarmörk eða sem selja eingöngu á sínu athafnasvæði, væri það þó óhófleg byrði að halda skrá. Þeir ættu því að vera undanþegnir þessari skyldu. Í þágu gagnsæis og eftirlits ættu aðildarríkin að halda skrá yfir þá rekstraraðila sem er skylt að halda innfærslu- og útfærsluskrá. Til að tryggja rekjanleika og vöktun flutnings og birgðahalds á vínafurðum ætti einnig að mæla fyrir um reglur varðandi nauðsyn þess að hafa aðskilda skrá fyrir hvert fyrirtæki, nánari upplýsingar um hvernig halda skuli skrána sem og um þær aðgerðir sem gera skal grein fyrir í skránni.

33) Í þessari reglugerð ætti að kveða á um sameiginlegar reglur sem gilda fyrir alla rekstraraðila. Með það fyrir augum að auðvelda eftirlit ættu aðildarríki engu að síður að geta sett viðbótarreglur um skráningu upplýsinga varðandi tilteknar afurðir eða starfsemi, sem gera skal grein fyrir í skránni, og gert þá kröfu að rekstraraðilar tilkynni um tiltekna meðhöndlun sem gera skal grein fyrir í skránni. Þar eð þessar tilkynningar gætu þó valdið óhóflegu stjórnsýsluálagi fyrir tiltekna rekstraraðila er réttlætanlegt að takmarka möguleika aðildarríkis á að krefjast slíkra tilkynninga.

34) Til að auðvelda söfnun markaðsupplýsingagagna fyrir vöktun og stjórnun markaðarins en takmarka um leið stjórnsýsluálag ætti að mæla fyrir um ákvæði til að tryggja að viðkomandi rekstraraðilar, með staðfestu í aðildarríkjum sem ber skylda til að halda skrá yfir vínekrur, leggi fram yfirlýsingar um framleiðslu og birgðir. Aðildarríki, sem ber ekki skylda til að halda skrá yfir vínekrur, ættu þó að eiga þess kost að gera kröfu um slíkar yfirlýsingar. Til að komast hjá tvíritun gagna ættu þau aðildarríki sem hafa innleitt skrá yfir vínekrur, sem inniheldur upplýsingar sem eru uppfærðar árlega um svæði hvers vínræktanda þar sem vínvið hefur verið plantað, að eiga þess kost að veita rekstraraðilum undanþágu frá því að gera grein fyrir svæðinu í framleiðsluyfirlýsingunni.

35) Með það að markmiði að bæta rekjanleika og markaðsstjórnun ætti aðildarríkjunum að vera heimilt að safna viðbótargögnum varðandi framleiðslu á þrúgum og musti sem ætluð eru til vínframleiðslu. Í þessu skyni ætti aðildarríkjunum að vera heimilt að krefjast uppskeruyfirlýsinga.

36) Með það að markmiði að bæta rekjanleika og markaðsstjórnun ætti aðildarríkjunum að vera heimilt að safna gögnum um starfsemi sem kann fara fram milli raunverulegrar uppskerudagsetningar og dagsetninga þegar framleiðslu- og uppskeruyfirlýsingar varðandi meðhöndlun eða setningu á markað á þrúgum úr uppskeru og musti eða þrúgusafa, sem framleidd eru úr þeim, eru lagðar fram.

37) Í þágu aukins gagnsæis og stjórnunar markaðarins ættu reglurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, ekki að hindra aðildarríki í að krefjast ítarlegri upplýsinga. Þar að auki ætti aðildarríkjum að vera heimilt að veita rekstraraðilum undanþágu frá því að leggja fram yfirlýsingar í tilvikum þar sem framleiðsla eða birgðir eru ekki til staðar.

38) Að því er varðar 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1306/2013 ætti að mæla fyrir um samræmdar reglur um eftirlit sem framkvæma skal í tengslum við innri markaðinn. Þau yfirvöld, sem bera ábyrgð á vöktun á geymslu og setningu vínafurða á markað, ættu því að fá nauðsynleg stjórntæki til að annast skilvirkt eftirlit, í samræmi við samræmdar reglur sem gilda í gervöllu Sambandinu, að því er varðar framleiðslugetu, skrána yfir vínekrur, fylgiskjöl, vottun og innfærslu- og útfærsluskrá.

39) Til að tryggja snurðulausa framkvæmd eftirlits og sýnatöku úr þrúgum og vínafurðum ætti að samþykkja ákvæði til að koma í veg fyrir að aðilar, sem falla undir eftirlit, hindri slíkt eftirlit og að skuldbinda þá til að auðvelda sýnatöku og veita þær upplýsingar sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð.

40) Með það fyrir augum að láta aðildarríkjum í té skilvirk tæki til að takast á við áhættuna á því að átt sé við vín á ólöglegan hátt hefur greiningargagnagrunni fyrir samsætugögn (e. *analytical databank of isotopic data*), sem um getur í 5. mgr. 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1306/2013, verið komið á fót hjá og undir stjórn evrópsku tilvísunarmiðstöðvarinnar fyrir eftirlit innan víngeirans (e. *European reference centre for the control in the wine sector*) sem sett var á stofn innan Sameiginlegu rannsóknarmiðstöðvarinnar. Notkun á tilvísunaraðferðum við samsætugreiningar tryggir skilvirkt eftirlit varðandi auðgun á vínafurðum eða það að komast að raun um íblöndun vatns í slíkar afurðir. Greiningargagnagrunnur fyrir samsætugögn, ásamt öðrum greiningaraðferðum, hjálpar til við að sannprófa samræmi vínafurða við yfirlýstan uppruna og yrki. Í þessu skyni ætti að mæla fyrir um ákvæði varðandi notkun tilvísunaraðferða við samsætugreiningar og að því er varðar að hafa umsjón með og uppfæra greiningargagnagrunninn.

41) Aðildarríkin ættu að tryggja skilvirkni þeirra yfirvalda sem bera ábyrgð á eftirliti innan víngeirans. Í því skyni ætti að samræma eftirlitsaðgerðir milli lögbærra yfirvalda í aðildarríkjum þar sem nokkur yfirvöld bera ábyrgð á eftirliti innan víngeirans og aðildarríkin ættu að tilnefna einn aðila sem ber ábyrgð á samskiptum milli þeirra og framkvæmdastjórnarinnar.

42) Til að greiða fyrir eftirliti í gervöllu Sambandinu ættu aðildarríkin að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að embættismenn lögbærra yfirvalda hafi nægilegar valdheimildir til rannsókna til að tryggja að farið sé að reglunum.

43) Með það fyrir augum að tryggja rekjanleika vínafurða og að farið sé að reglum Sambandsins í víngeiranum ætti að viðhalda samræmingu á eftirliti og aðgangi lögbærra yfirvalda að upplýsingum í víngeiranum. Til að uppfylla þessa samræmdu nálgun að fullu ættu hin ýmsu yfirvöld, sem taka þátt í eftirliti með vínafurðum sem vörugjald er lagt á, að hafa aðgang að upplýsingum um flutninga á þessum afurðum sem fara fram samkvæmt tilskipun 2008/118/EB og reglugerð (EB) nr. 684/2009. Í þessu skyni þykir rétt að taka tillit til tölvukerfisins fyrir flutning og eftirlit með vörugjaldsskyldum afurðum sem komið var á fót með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1152/2003/EB ([13]).

44) Víxltengsl markaða í víngeiranum og viðskipti milli aðildarríkja og þriðju landa kalla á nána samvinnu milli hinna ýmsu yfirvalda sem bera ábyrgð á eftirliti. Að því er varðar skilvirkt samstarf milli aðildarríkjanna við beitingu reglna í víngeiranum ættu lögbær yfirvöld aðildarríkjanna að eiga þess kost að hafa samráð við lögbær yfirvöld í öðru aðildarríki. Í þessu skyni ætti að mæla fyrir um reglur sem gilda um gagnkvæma aðstoð að fenginni beiðni. Í því skyni að einfalda stjórnun útgjalda sem varða töku og sendingar á sýnum, greiningu og skynmatsprófanir og nýtingu á þjónustu sérfræðings ætti að fastsetja þá meginreglu að slík útgjöld skuli falla á lögbært yfirvald aðildarríkisins sem pantar sýnatökuna eða þjónustu sérfræðingsins.

45) Til að auka skilvirkni gagnkvæmrar aðstoðar lögbærra yfirvalda ætti þessi reglugerð að innihalda ákvæði um sönnunargildi niðurstaða úr eftirliti sem er framkvæmt samkvæmt þessari reglugerð í öðru aðildarríki en aðildarríkinu þar sem eftirlitið var framkvæmt.

46) Til að berjast gegn svikum með skilvirkum hætti, til að forðast alvarlega áhættu á svikum eða til að grípa til viðeigandi aðgerða, ef grunur leikur á að ekki sé farið að reglum Sambandsins varðandi vínafurðir eða ef slíkt hefur komið í ljós, ættu samskiptastofnanir hlutaðeigandi aðildarríkja að eiga þess kost að tilkynna hver annarri um slík tilvik. Í þessu skyni ættu hlutaðeigandi aðildarríki að nota upplýsingakerfi sem framkvæmdastjórnin gerir aðgengileg.

47) Í 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1306/2013 er kveðið á um stjórnsýsluviðurlög ef ekki er farið að reglum um hæfisviðmiðanir, skuldbindingar og aðrar skyldur sem leiða af beitingu sérlaga um landbúnað. Samkvæmt 4. mgr. 71. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 skal kveða á um stjórnsýsluviðurlög í tengslum við plantanir sem ekki hefur verið veitt leyfi fyrir. Til að tryggja varnaðaráhrif ættu aðildarríkin að geta stigskipt þessum viðurlögum í samræmi við söluverðmæti vínsins sem er framleitt á viðkomandi vínekrum. Lágmarksgildi umræddra viðurlaga ætti að samsvara meðalárstekjum á hektara vínsvæða á vettvangi Sambandsins, mælt sem heildarframlegð á hvern hektara vínsvæða. Út frá þessu lágmarksgildi ætti að ákveða stighækkun sem veltur á því hversu lengi brot gegn reglunum hafa staðið yfir. Ef lágmarksgildi sem er fastsett á vettvangi Sambandsins er lægra en áætlaðar meðalárstekjur á hektara á viðkomandi svæði ætti einnig að gefa aðildarríkjunum möguleika á að beita hærri lágmarksviðurlögum gagnvart framleiðendum á tilteknu svæði. Slík hækkun á lágmarksgildi viðurlaga ætti að vera í réttu hlutfalli við áætlaðar meðalárstekjur á hektara á svæðinu þar sem vínræktarsvæðið sem ekki var veitt leyfi fyrir er staðsett.

48) Að teknu tilliti til nauðsynjar þess að tryggja skjóta og öfluga vernd neytenda er mikilvægt að kveða á um möguleikann á því að stöðva tímabundið notkun fylgiskjala og vottunaraðferða af hálfu rekstraraðila, sem staðfest er, eða grunur leikur á um, að fari ekki að reglum Sambandsins um framleiðslu eða flutning á vínafurðum eða notkun á einfölduðu fyrirkomulagi eða rafrænum aðferðum fyrir innflutning, ef um er að ræða svik eða heilbrigðisáhættu fyrir neytendur.

49) Til að tryggja skilvirka beitingu þessarar reglugerðar og tilhlýðilega vöktun á vínmarkaðnum ætti að kveða á um viðurlög með varnaðaráhrifum, sem aðildarríkin skulu beita samkvæmt alvarleika þess þegar ekki er farið að tilskildum ákvæðum og ef það kemur fyrir aftur, í tilvikum þegar ekki er staðið við skuldbindingar um að halda inn- og útfærsluskrár, leggja fram yfirlýsingar eða gera tilkynningar.

50) Til að tryggja rekstraraðilum sanngjarna meðferð ætti að mæla fyrir um reglur um tilvik þar sem um er að ræða augljósar villur og undantekningartilvik.

51) Í samræmi við 223. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 ætti að mæla fyrir um reglur um tilkynningar sem aðildarríki skulu senda framkvæmdastjórninni. Í þessu skyni þykir rétt að mæla fyrir um eðli og gerð þeirra upplýsinga sem skal veita og skilyrði varðandi birtingu upplýsinganna.

52) Til að auðvelda eftirlit með skjölum fyrir innflutning á vínafurðum, sem þriðju lönd gefa út, ætti framkvæmdastjórnin að útbúa og birta skrá yfir þar til bæra aðila, tilnefndar stofnanir eða deildir og viðurkennda vínframleiðendur sem þriðju lönd hafa tilkynnt um að því er varðar að útbúa slík skjöl. Með það fyrir augum að auðvelda tilkynningar og beiðnir um aðstoð milli aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar annars vegar og þriðju landa hins vegar ætti framkvæmdastjórnin einnig að birta opinberlega þá samskiptastofnun sem er tilnefnd í hverju þriðja landi til að vera í samskiptum við framkvæmdastjórnina og aðildarríkin.

53) Til að tryggja gæði vínafurða ætti að mæla fyrir um ákvæði sem varða framkvæmd bannsins við því að ofpressa þrúgur. Sannprófun á því að þessu banni sé beitt rétt útheimtir viðeigandi vöktun á aukaafurðum úr vínframleiðslu og endanlegri notkun þeirra. Í þessu skyni ætti að fastsetja reglur um lágmarkshlutfall alkóhóls í aukaafurðum eftir pressun á þrúgum sem og um skilyrði fyrir skyldubundinni ráðstöfun aukaafurða, sem einstaklingar eða lögaðilar eða hópar einstaklinga eða lögaðila hafa undir höndum, undir eftirliti lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna. Þar eð slík skilyrði tengjast beinlínis vínframleiðsluferlinu ætti að tilgreina þau með vínfræðilegu vinnsluaðferðunum og takmörkununum, sem gilda um framleiðslu á víni, sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 606/2009. Því ætti að breyta þeirri reglugerð til samræmis við það.

54) Í þágu skýrleika og réttarvissu ætti að fella brott þau ákvæði reglugerða (EB) nr. 555/2008, (EB) nr. 606/2009 og (EB) nr. 607/2009 sem þessi reglugerð og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/274 koma í staðinn fyrir. Af sömu ástæðu ætti að fella reglugerð (EB) nr. 436/2009 og framselda reglugerð (ESB) 2015/560 úr gildi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

INNGANGSÁKVÆÐI

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur sem koma til viðbótar við reglugerðir (ESB) nr. 1306/2013 og (ESB) nr. 1308/2013, eftir því sem við á, að því er varðar:

a) fyrirkomulag við veitingu leyfa til plöntunar á vínvið,

b) skrána yfir vínekrur,

c) viðurkennd fylgiskjöl, vottun og reglur um innflutning á víni,

d) innfærslu- og útfærsluskrána,

e) lögboðnar yfirlýsingar,

f) eftirlit og greiningargagnagrunn fyrir samsætugögn,

g) lögbær yfirvöld og gagnkvæma aðstoð milli þeirra,

h) viðurlög,

i) tilkynningar og birtingu tilkynntra upplýsinga.

2. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari reglugerð og framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 2018/274 er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „vínræktandi“: einstaklingur eða lögaðili eða hópur einstaklinga eða lögaðila, óháð réttarstöðu hópsins og aðila hans samkvæmt landslögum, sem hefur yfir að ráða búi á yfirráðasvæði Sambandsins, eins og skilgreint er í 52. gr. sáttmálans um Evrópusambandið í tengslum við 355. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, og er með svæði þar sem vínvið hefur verið plantað þar sem afurð svæðisins er notuð til framleiðslu á vínafurðum í viðskiptaskyni, eða svæðið nýtur undanþágu vegna notkunar í tilraunaskyni eða undir gróðrarstöðvar fyrir ágræðslukvisti, sem um getur í 2. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar,

b) „vínafurðir“: afurðirnar sem tilgreindar eru í XII. hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, að undanskildu vínediki sem fellur undir SN-númer 2209 00 11 og 2209 00 19,

c) „vínekruspilda“: landbúnaðarspilda eins og hún er skilgreind í a-lið 4. mgr. 67. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1306/2013 þar sem vínvið hefur verið plantað og annaðhvort stefnt að framleiðslu á vínafurðum í viðskiptaskyni eða hún nýtur undanþágu vegna notkunar í tilraunaskyni eða undir gróðrarstöðvar fyrir ágræðslukvisti, sem um getur í 2. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar,

d) „yfirgefið vínræktarsvæði“: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað, sem hefur ekki verið nýtt til reglubundinnar ræktunar með það fyrir augum að framleiða markaðshæfa afurð í meira en fimm vínár, með fyrirvara um sértæk tilvik, sem aðildarríkin skilgreina, og þar sem ruðningin veitir framleiðanda ekki lengur rétt til fá leyfi til endurplöntunar í samræmi við 66. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013,

e) „uppskerandi“: einstaklingur eða lögaðili eða hópur slíkra aðila, óháð réttarstöðu hópsins og aðila hans samkvæmt landslögum, sem safnar þrúgnauppskeru á svæði þar sem vínvið hefur verið plantað til að setja þrúgurnar á markað fyrir framleiðslu þriðju aðila á vínafurðum, eða til að vinna úr þeim vínafurð á búi sínu, eða lætur slíkt fara fram fyrir sína hönd, í viðskiptalegum tilgangi,

f) „vinnsluaðili“: einstaklingur eða lögaðili eða hópur slíkra aðila, óháð réttarstöðu hópsins og aðila hans samkvæmt landslögum, sem vinnur vín eða lætur vinna það fyrir sína hönd, þar sem útkoman er léttvín, líkjörvín, freyðivín eða hálffreyðandi vín, loftblandað freyðivín eða loftblandað hálffreyðandi vín, gæðafreyðivín eða ilmríkt gæðafreyðivín,

g) „smásali“: einstaklingur eða lögaðili eða hópur slíkra aðila, óháð réttarstöðu hópsins og aðila hans samkvæmt landslögum, sem stundar m.a. þá starfsemi að selja vín og must beint til neytenda í smáum stíl, en hvert aðildarríki skilgreinir magnið nánar með hliðsjón af því sem einkennir viðskiptin og dreifinguna, en að undanskildum aðilum sem nota kjallara sem eru búnir til geymslu eða aðstöðu til að setja vín á flöskur í stórum stíl og farandkaupmönnum sem selja vín sem eru flutt í lausu,

h) „átöppun“: það að tappa víni á ílát, sem rúma mest 60 lítra, sem lokaafurð til að bjóða megi hana til sölu,

i) „átappari“: einstaklingur eða lögaðili eða hópur slíkra aðila, óháð réttarstöðu hópsins og aðila hans samkvæmt landslögum, sem stundar átöppun víns eða lætur átöppun fara fram fyrir sína hönd,

j) „söluaðili“: einstaklingur eða lögaðili eða hópur slíkra aðila, óháð réttarstöðu hópsins og aðila hans samkvæmt landslögum, aðrir en einkaneytendur eða smásalar, sem heldur birgðir af vínafurðum í viðskiptalegum tilgangi eða tengist viðskipum með þær og tappar þeim hugsanlega einnig á ílát, að undanskildum eimingarstöðvum,

k) „vínár“: markaðsárið fyrir víngeirann eins og um getur í d-lið 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2008.

2. Að því er varðar IV. til VIII. kafla í þessari reglugerð, að undanskilinni 47. gr., og IV. til VII. kafla í framkvæmdar-reglugerð (ESB) 32018/274 er „framleiðandi“ einstaklingur eða lögaðili eða hópur slíkra aðila, óháð réttarstöðu hópsins og aðila hans samkvæmt landslögum, sem vinnur sjálfur vín eða must úr ferskum þrúgum, musti eða nýju víni, sem er enn í gerjun, í viðskiptalegum tilgangi eða lætur framleiða það fyrir sína hönd.

3. Að því er varðar 1. mgr. 10. gr. er „smáframleiðandi“ framleiðandi sem framleiðir að meðaltali minna en 1000 hl af víni á ári, á grundvelli árlegrar meðalframleiðslu a.m.k. þriggja vínára í röð.

Aðildarríki geta ákveðið að skilgreiningin á „smáframleiðanda“ nái ekki yfir framleiðendur sem kaupa ferskar þrúgur, must eða nýtt vín sem er enn í gerjun til að vinna úr því vín.

II. KAFLI

FYRIRKOMULAG VIÐ VEITINGU LEYFA TIL PLÖNTUNAR Á VÍNVIÐ

3. gr.

Svæði sem eru undanþegin frá fyrirkomulaginu við veitingu leyfa til plöntunar á vínvið

1. Fyrirkomulagið við veitingu leyfa til plöntunar á vínvið, sem mælt er fyrir um í III. kafla I. bálks II. hluta reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, gildir ekki um plöntun eða endurplöntun á svæðum, sem um getur í 4. mgr. 62. gr. þeirrar reglugerðar, sem uppfylla viðeigandi skilyrði sem sett eru fram í 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar.

2. Tilkynna skal lögbærum yfirvöldum fyrirfram um plöntun eða endurplöntun á svæðum sem ætluð eru til notkunar í tilraunaskyni eða undir gróðrarstöðvar fyrir ágræðslukvisti. Í tilkynningunni skulu koma fram allar viðkomandi upplýsingar um þessi svæði og um tímabilið þegar tilraunin stendur yfir eða um tímabilið þegar gróðrarstöðin fyrir ágræðslukvisti mun stunda framleiðslu. Lögbærum yfirvöldum skal einnig tilkynnt um framlengingar á slíkum tímabilum.

Þegar ekki er talin vera nein hætta á markaðsröskunum geta aðildarríkin ákveðið að á þeim tímabilum sem um getur í fyrstu undirgrein sé heimilt að setja þrúgurnar, sem eru framleiddar á þessum svæðum, og vínafurðirnar sem fást úr þessum þrúgum, á markað. Við lok þessara tímabila skal framleiðandinn annað hvort:

a) afla sér leyfis í samræmi við 64. eða 68. gr. reglugerðar (ESB) 1308/2013 fyrir viðkomandi svæði, til að setja megi þrúgurnar, sem eru framleiddar á því svæði, og vínafurðirnar, sem eru fengnar úr þessum þrúgum, á markað eða

b) ryðja slíkt svæði á eigin kostnað í samræmi við 1. mgr. 71. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

Öll svæði sem eru ætluð undir tilraunastarfsemi eða gróðrarstöðvar fyrir ágræðslukvisti, sem er plantað fyrir 1. janúar 2016 eftir veitingu nýplöntunarréttinda, skulu eftir þá dagsetningu fara áfram að öllum skilyrðum sem eru skilgreind fyrir nýtingu slíkra réttinda fram til loka tilraunatímabilsins eða framleiðslutímabils gróðrarstöðvarinnar fyrir ágræðslukvisti sem leyfin voru veitt fyrir. Að slíkum tímabilum loknum gilda reglurnar sem mælt er fyrir um í fyrstu og annarri undirgrein.

3. Plöntun eða endurplöntun á svæðum þar sem vín eða vínafurðir eru einvörðungu ætlaðar til neyslu á heimili vínræktandans skal háð eftirfarandi skilyrðum:

a) slíkt svæði er ekki stærra en 0,1 hektari,

b) viðkomandi vínræktandi stundar ekki vínframleiðslu eða framleiðslu á öðrum vínafurðum í viðskiptaskyni.

Að því er varðar þessa málsgrein mega aðildarríkin líta svo á að tilteknar stofnanir, sem ekki eru með viðskiptastarfsemi, jafngildi heimili vínræktanda.

Aðildarríki geta ákveðið að tilkynna skuli um plantanirnar sem um getur í fyrstu undirgrein.

4. Framleiðandi sem hefur misst tiltekið svæði, þar sem vínvið var plantað, vegna eignarnáms í þágu almennings samkvæmt landslögum skal hafa rétt til að planta á nýju svæði að því tilskildu að slíkt svæði, þar sem nýplöntun á að fara fram, sé ekki stærra en 105% af svæðinu sem hann missti, miðað við hreinrækt. Svæðið þar sem nýplöntun á að fara fram skal skráð í skrána yfir vínekrur.

5. Ruðning svæða sem njóta undanþágunnar sem um getur í 2. og 3. mgr. skal ekki vera grundvöllur fyrir leyfi til endurplöntunar skv. 66. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013. Hins vegar skal veita slíkt leyfi ef svæði þar sem nýplöntun hefur farið fram eru rudd, í samræmi við undanþáguna í 4. mgr.

4. gr.

Skilyrði fyrir veitingu leyfa

1. Þegar aðildarríki beita hæfisviðmiðuninni sem er mælt er fyrir um í c-lið 1. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 gilda reglurnar sem mælt er fyrir um í A-þætti I. viðauka við þessa reglugerð.

Aðildarríkin mega einnig beita því viðbótarmarkmiði og þeim viðmiðunum án mismununar að umsóknin skal ekki valda umtalsverðri hættu á óréttmætri nýtingu á orðspori tiltekinna verndaðra upprunatáknana og skal það teljast gefið ef opinber yfirvöld sýna ekki fram á tilvist slíkrar áhættu.

Mælt er fyrir um reglurnar um beitingu þessarar viðbótarviðmiðunar í B-þætti I. viðauka.

2. Ef aðildarríki ákveða, við veitingu leyfa fyrir nýplöntun, að beita einni eða fleiri af hæfisviðmiðununum sem um getur í a- til c-lið 1. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 og viðbótarviðmiðuninni sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, geta þau beitt slíkum viðmiðunum á landsvísu eða á lægra, svæðisbundnu stigi.

3. Þegar aðildarríki beita einni eða fleiri af forgangsviðmiðununum sem eru tilgreindar í 2. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 gilda reglurnar sem mælt er fyrir um í A- til H-þætti II. viðauka við þessa reglugerð.

Aðildarríkin geta einnig beitt því viðbótarmarkmiði og þeim viðmiðunum án mismununar varðandi fyrri hegðun framleiðanda og stofnana, sem eru ekki reknar í hagnaðarskyni og hafa félagslegan tilgang, sem hafa fengið afhent land sem var gert upptækt í tengslum við hryðjuverkastarfsemi og önnur afbrot. Mælt er fyrir um reglurnar um beitingu þessara viðbótarviðmiðana í I. þætti II. viðauka.

4. Ef aðildarríki ákveða, við veitingu leyfa fyrir nýplöntun, að beita einni eða fleiri af forgangsviðmiðununum sem um getur í a- til h-lið 2. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 og viðbótarviðmiðuninni sem kveðið er á um í 3. mgr. þessarar greinar, geta þau beitt slíkum viðmiðunum á samræmdan hátt á landsvísu eða með mismiklum áherslum á mismunandi svæðum aðildarríkjanna.

5. Notkun á einni eða fleiri af viðmiðununum sem eru tilgreindar í 2. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 sem hæfisviðmiðanir á einu af þeim landfræðilegu þrepum sem um getur í 2. mgr. 63. gr. skal teljast tilhlýðilega rökstudd að því er varðar d-lið 1. mgr. 64. gr. þeirrar reglugerðar ef með notkun hennar er stefnt að því að takast á við tiltekið vandamál sem hefur áhrif á vínræktargeirann á því tiltekna landfræðilega stigi, sem einungis er hægt að takast á við með slíkri takmörkun.

6. Með fyrirvara um reglurnar sem mælt er fyrir um í I. og II. viðauka að því er varðar sértækar hæfis- og forgangsviðmiðanir skulu aðildarríkin, ef nauðsyn krefur, samþykkja viðbótarráðstafanir til að forðast að umsækjendur sniðgangi hæfis- og forgangsviðmiðanirnar sem er að finna í þeim viðaukum.

5. gr.

Leyfi til fyrirhugaðrar endurplöntunar

Aðildarríki geta sett fram þá kröfu að lögð sé fram trygging gegn veitingu leyfis til framleiðanda sem skuldbindur sig til að ryðja svæði þar sem vínvið hefur verið plantað í samræmi við 2. mgr. 66. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

Ef framleiðendur framkvæma ekki ruðningu fyrir lok fjórða ársins frá þeim degi þegar nýjum vínvið var plantað skulu ákvæði 71. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 alltaf gilda að því er varðar svæðið sem skuldbindingin varðar en hefur ekki verið rutt.

6. gr.

Takmarkanir á endurplöntun

Aðildarríkin geta takmarkað endurplöntun á grundvelli 3. mgr. 66. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 ef hið tiltekna svæði þar sem endurplöntun á að fara fram er staðsett á svæði þar sem útgáfa leyfa fyrir nýplöntun er takmörkuð, í samræmi við b-lið 2. mgr. 63. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, og að því tilskildu að ákvörðunin sé rökstudd með þörfinni fyrir að forðast staðfesta hættu á umtalsverðri verðmætisrýrnun tiltekinnar verndaðrar upprunatáknunar (VUT) eða verndaðrar, landfræðilegrar merkingar (VLM).

Hættan á umtalsverðri verðmætisrýrnun sem um getur í fyrstu undirgrein er ekki til staðar ef:

a) hið tiltekna svæði þar sem endurplöntun á að fara fram er staðsett á sama VUT- og VLM-svæði og svæðið sem var rutt og endurplöntun vínviðar er í samræmi við sömu VUT- og VLM-forskrift og svæðið sem var rutt,

b) markmið endurplöntunarinnar er framleiðsla á víni án landfræðilegrar merkingar, að því tilskildu að umsækjandinn taki á sig sömu skuldbindingar og þær sem mælt er fyrir um í 2. lið í A- og B-þætti I. viðauka við þessa reglugerð, í tengslum við nýplöntun.

III. KAFLI

SKRÁIN YFIR VÍNEKRUR

7. gr.

Lágmarksupplýsingar í skránni yfir vínekrur

1. Að því er varðar 1. mgr. 145. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, í aðildarríkjum sem innleiða fyrirkomulagið við veitingu leyfa til plöntunar á vínvið, skulu uppfærðu upplýsingarnar í skránni yfir vínekrur innihalda a.m.k. upplýsingarnar og nákvæmu skilgreiningarnar sem settar eru fram í III. og IV. viðauka við þessa reglugerð að því er varðar hvern vínræktanda.

2. Að því er varðar 3. mgr. 145. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, í aðildarríkjum sem innleiða ekki fyrirkomulagið við veitingu leyfa til plöntunar á vínvið en innleiða landsbundnar stuðningsáætlanir fyrir endurskipulagningu eða breytingar á vínekrum, skulu uppfærðu upplýsingarnar í skránni yfir vínekrur innihalda a.m.k. einfölduðu upplýsingarnar og nákvæmu skilgreiningarnar sem settar eru fram í III. viðauka við þessa reglugerð.

IV. KAFLI

FYLGISKJÖL OG REGLUR UM INNFLUTNING Á VÍNAFURÐUM

I. ÞÁTTUR

FYLGISKJÖL VEGNA VÖKTUNAR OG VOTTUN VÍNAFURÐA

8. gr.

Almennar reglur

1. Að því er varðar 1. mgr. 147. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 skal fylgiskjal fylgja sérhverri flutningsaðgerð í tengslum við vínafurðir sem fer fram milli vínræktenda, uppskerenda, framleiðenda, vinnsluaðila, átappara eða söluaðila eða frá þeim til smásala.

Rekstraraðilarnir, sem um getur í fyrstu undirgrein, skulu geta lagt fylgiskjalið fyrir lögbæru yfirvöldin meðan flutningsaðgerðin stendur yfir.

2. Einungis er heimilt að nota fylgiskjalið vegna einnar sendingar.

3. Aðildarríkin skulu útbúa skrá yfir rekstraraðilana, sem um getur í þessari grein, og halda henni uppfærðri. Ef slík skrá eða listi hefur þegar verið útbúinn í öðrum tilgangi er einnig heimilt að nota hann til að ná markmiðum þessarar reglugerðar.

9. gr.

Undanþágur

1. Þrátt fyrir ***8. gr.*** er ekki krafist fylgiskjals í eftirfarandi tilvikum:

a) vínafurðir eru fluttar frá vínekru til vínframleiðsluathafnasvæðis, milli tveggja athafnasvæða sama fyrirtækis eða milli athafnasvæða sem tilheyra hópi framleiðenda, án eigendaskipta, að því tilskildu að flutt sé til vínframleiðslu, vinnslu, geymslu eða átöppunar, að heildarvegalengd fari ekki yfir 70 km og flutningurinn eigi sér eingöngu stað innan yfirráðasvæðis eins aðildarríkis eða að lögbær yfirvöld hlutaðeigandi aðildarríkja hafi samþykkt hann,

b) þrúguhrat og víndreggjar:

   i. eru flutt til eimingarstöðvar eða edikframleiðslustöðvar ef afurðinni fylgir afhendingarseðill framleiðandans samkvæmt þeim skilyrðum sem lögbær yfirvöld aðildarríkisins, þar sem flutningurinn hefst, hafa mælt fyrir um, eða

   ii. ef flutt er í þeim tilgangi að innkalla vínafurðina úr vínframleiðsluferlinu eða úr annarri vinnslu á þrúgum undir eftirliti lögbærra yfirvalda, eins og kveðið er á um í vii. lið b-liðar 1. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 18. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/274,

c) þrúgusafi og must, sem falla undir SN-númer 2009 61 og 2009 69, eru afhent rekstraraðilum, sem stunda ekki vínframleiðslu, ef afurðinni fylgir viðskiptaskjal,

d) vínafurðir eru framleiddar og fluttar eingöngu innan yfirráðasvæðis aðildarríkja sem falla ekki undir þá skuldbindingu að halda skrá yfir vínekrur, í samræmi við 1. mgr. 145. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013,

e) þegar um er að ræða eftirfarandi vínafurðir, sem eru eingöngu fluttar innan yfirráðasvæðis aðildarríkis, í ílátum með nafnrúmmál að hámarki 60 lítrar:

   i. vínafurðir í merktum ílátum, sem lokað er með einnota lokunarbúnaði, með nafnrúmmál að hámarki 10 lítra þar sem heildarmagn fer ekki yfir:

      — fimm lítra eða fimm kíló ef um er að ræða þrúgumustsþykkni, einnig hreinsað,

      — 100 lítra af öllum öðrum afurðum,

ii. vín eða þrúgusafa ætlað sendiráðum, ræðismannsskrifstofum og svipuðum stofnunum, innan þeirra marka sem þeim eru sett,

iii. vín eða þrúgusafa:

— sem flutt er með búslóð í einkaeign og er ekki ætlað til sölu,

— í skipum, flugvélum eða lestum og ætlað til neyslu um borð,

iv. vín, hlutgerjað vín, hlutgerjað þrúgumust og þrúgumust, sem einstaklingar flytja og er ætlað til einkaneyslu viðtakanda eða fjölskyldu hans, þar sem flutt magn fer ekki yfir 30 lítra,

v. hvers konar afurð sem er ætluð til vísindalegra eða tæknilegra tilrauna, þar sem flutt heildarmagn fer ekki yfir einn hektólítra,

vi. sýnishorn af vöru,

vii. sýnishorn fyrir lögbært yfirvald eða tilnefnda rannsóknarstofu.

2. Þegar ekki er krafist fylgiskjals skulu sendendur hvenær sem er geta sannað að upplýsingarnar sem skráðar eru í innfærslu- og útfærsluskránni, sem kveðið er á um í V. kafla, eða öðrum skrám, sem aðildarríkið þar sem flutningsaðgerðin hófst gerir kröfu um, séu réttar.

10. gr.

Viðurkennd fylgiskjöl

1. Lögbær yfirvöld skulu viðurkenna eftirfarandi skjöl sem fylgiskjöl að því tilskildu að þau uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. til 5. mgr. og í V. viðauka:

a) þegar um er að ræða vínafurðir sem sendar eru innan aðildarríkis eða frá einu aðildarríki til annars, án þess að það hafi áhrif á b-lið þessarar undirgreinar:

i. eitt af þeim skjölum sem um getur í 21. gr. (6. mgr.) eða 26. gr. (a-lið 1. mgr.) tilskipunar 2008/118/EB þegar um er að ræða afurðir sem eru fluttar samkvæmt skattfrestunarkerfi innan Sambandsins, að því tilskildu að einstaka stjórnsýslulega tilvísunarkóðanúmerið („ARC númer“), sem um getur í 21. gr. (3. mgr.) þeirrar tilskipunar, komi greinilega fram, að það sé útbúið í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 684/2009 ([14]) og, ef skjalið sem um getur í 26. gr. (a-lið 1. mgr.) tilskipunar 2008/118/EB er notað, að sendandinn fari að ákvæðum 1. mgr.,

ii. þegar um er að ræða vörur sem bera vörugjald og eru fluttar innan Sambandsins, eftir að þær hafa verið afhentar til neyslu í aðildarríkinu þar sem flutningsaðgerðin hófst: einfaldaða fylgiskjalið, sem um getur í 1. mgr. 34. gr. tilskipunar 2008/118/EB, sem er útbúið og notað í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3649/92 ([15]),

iii. þegar um er að ræða vínafurðir sem bera vörugjald, sem smáframleiðendur senda skv. 40. gr. tilskipunar 2008/118/EB, og vínafurðir sem eru ekki vörugjaldsskyldar: eitt af eftirfarandi skjölum, sem er útbúið í samræmi við skilyrðin sem sendingaraðildarríkið mælir fyrir um:

— þegar aðildarríkið notar upplýsingakerfi: prentað afrit af rafræna stjórnsýsluskjalinu, sem er gert á grundvelli þess kerfis, eða viðskiptaskjal þar sem sérstaka stjórnsýslunúmerið („MVV númerið“), sem kerfið úthlutar rafræna stjórnsýsluskjalinu, kemur greinilega fram að því tilskildu að skjalið sé gert í samræmi við gildandi landsbundnar reglur,

— þegar aðildarríkið notar ekki upplýsingakerfi: stjórnsýsluskjal eða viðskiptaskjal með MVV númerinu sem lögbært yfirvald úthlutar, að því tilskildu að skjalið og afrit af því séu fullgilt í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar,

b) þegar um er að ræða vínafurðir sem eru sendar til þriðja lands eða yfirráðasvæðis sem um getur í 2. og 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 2008/118/EB: eitt af skjölunum sem um getur í i. eða iii. lið a-liðar.

Eingöngu er heimilt að nota skjölin, sem um getur í öðrum undirlið iii. liðar a-liðar fyrstu undirgreinar, fram til 31. desember 2020.

2. Á skjölunum, sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr., skulu koma fram upplýsingarnar sem eru tilgreindar í A-þætti V. viðauka eða lögbærum yfirvöldum veittur aðgangur að þeim upplýsingum.

Þegar þessi skjöl eru með stjórnsýslulegt tilvísunarkóðanúmer (ARC númer) sem tölvukerfið, sem um getur í 2. mgr. 21. gr. tilskipunar 2008/118/EB, úthlutar eða MVV númer sem upplýsingakerfi, sem sendingaraðildarríkið kemur á fót, eins og um getur í fyrsta undirlið iii. liðar a-liðar fyrstu undirgreinar 1. mgr., úthlutar skulu upplýsingarnar, sem um getur í A-þætti V. viðauka við þessa reglugerð, geymdar í kerfinu sem er notað.

3. Fullgilda skal skjölin, sem um getur í öðrum undirlið iii. liðar a-liðar fyrstu undirgreinar 1. mgr., og afrit þeirra fyrir sendingu:

a) með dagsetningu, undirritun embættismanns lögbæra yfirvaldsins og stimpli þess embættismanns eða

b) með dagsetningu og undirritun sendanda og að sendandinn setji á, eins og við á:

   i. sérstakan stimpil í samræmi við fyrirmyndina sem um getur í C-þætti V. viðauka,

   ii. stimpil sem lögbæru yfirvöldin mæla fyrir um, eða

   iii. merki eftir stimpilvél sem lögbær yfirvöld hafa samþykkt.

Sérstaka stimpilinn eða stimpilinn sem mælt er fyrir um, sem um getur í b-lið, má prenta fyrirfram á eyðublöðin þegar prentun fer fram með prentara sem er viðurkenndur til slíkrar notkunar.

4. Ef um er að ræða vínafurðir sem eru fluttar inn frá þriðja landi skal í skjölunum, sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr., vísað til vottorðsins sem er útbúið í upprunalandinu í samræmi við 20. gr.

5. Þrátt fyrir 1. mgr. geta aðildarríkin viðurkennt önnur skjöl sem fylgiskjöl, þ.m.t. skjöl sem eru gerð með tölvuvæddum aðferðum, sem er ætlað að einfalda málsmeðferðina að því er varðar flutning vínafurða sem fer eingöngu fram á yfirráðasvæði þeirra og þegar þær eru fluttar út beint frá yfirráðasvæði þeirra.

11. gr.

Vottun um uppruna eða upprunastað, einkenni, árgang eða vínþrúguyrki og VUT eða VLM

1. Litið skal svo á að skjölin sem um getur í i. og iii. lið a-liðar fyrstu undirgreinar 1. mgr. 10. gr. votti uppruna eða upprunastað, gæði og einkenni vínafurðarinnar, árgang eða þrúguyrki sem hún er framleidd úr og, eftir atvikum, VUT eða VLM. Í því skyni skal sendandinn eða aðili sem hefur heimild til að koma fram fyrir hönd sendandans færa inn í reit 17l í þessum skjölum viðeigandi upplýsingar sem settar eru fram í I. hluta VI. viðauka.

2. Sendandinn skal votta að upplýsingarnar sem krafist er skv. 1. mgr. séu nákvæmar, á grundvelli innfærslu- og útfærsluskrár sem skal halda í samræmi við V. kafla eða á grundvelli vottuðu upplýsinganna í skjölunum sem fylgja fyrri sendingum af viðkomandi afurð og opinberum samræmisathugunum sem lögbær yfirvöld framkvæma í samræmi við VII. kafla.

3. Þegar aðildarríkin krefjast þess að eftirlitsaðili, sem er tilnefndur í þessu skyni, útbúi vottorð um verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu að því er varðar vínafurðir, sem eru framleiddar á yfirráðasvæði þeirra, skal á fylgiskjalinu vera tilvísun í þetta vottorð, heiti og, eftir atvikum, tölvupóstfang eftirlitsaðilans.

12. gr.

Vottun um útfluttar vínafurðir

1. Í hvert skipti sem lögbær yfirvöld þriðja lands, sem er viðtökuland, krefjast vottunar, eins og um getur í 11. gr., fyrir vínafurðir sem eru sendar til þess þriðja lands skal sú vottun vera í formi eins af eftirfarandi:

a) rafrænt stjórnsýsluskjal eða annað viðskiptaskjal, sem er notað í samræmi við 6. mgr. 21. gr. tilskipunar 2008/118/EB, eða skjal eins og um getur í iii. lið a-liðar 1. mgr. 10. gr. þessarar reglugerðar, að því tilskildu að sendandinn eða aðili sem hefur heimild til að koma fram fyrir hönd sendandans tilgreini viðeigandi upplýsingar sem settar eru fram í I. hluta VI. viðauka við þessa reglugerð,

b) sértækt vottorð fyrir útflutning sem er útbúið á grundvelli sniðmátsins og krafnanna sem settar eru fram í II. hluta VI. viðauka við þessa reglugerð.

2. Vottorðið, sem um getur í b-lið 1. mgr., skal teljast ósvikið þegar það er fullgilt með dagsetningu og undirritun sendandans eða aðila sem hefur heimild til að koma fram fyrir hönd sendandans og þegar sendandinn tilgreinir ARC númer eða MVV númer, sem lögbæra yfirvaldið úthlutar fylgiskjalinu, á vottorðinu sem stjórnsýslulega tilvísun.

3. Ákvæði 2. og 3. mgr. 11. gr. gilda, að breyttu breytanda, um vottunina sem um getur í 1. mgr.

13. gr.

Skjöl notuð sem sönnun fyrir útflutningi

1. Þegar vínafurðir fara í dreifingu á grundvelli skjals, sem um getur í i. lið a-liðar fyrstu undirgreinar 1. mgr. 10. gr., skal sönnun fyrir útflutningi frá tollsvæði Sambandsins vera á formi útflutningsskýrslu, sem um getur í 28. gr. tilskipunar 2008/118/EB, og útflutningstollstöðin útbýr í samræmi við 334. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/2447 ([16]).

2. Þegar vínafurðir fara í dreifingu á grundvelli skjals, sem um getur í iii. lið a-liðar fyrstu undirgreinar 1. mgr. 10. gr., skal leggja fram sönnun fyrir útflutningi frá tollsvæði Sambandsins í samræmi við 334. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2015/2447. Í því tilviki skal sendandinn eða aðili sem hefur heimild til að koma fram fyrir hönd sendandans skrá tilvísun útflutningsskýrslunnar, sem um getur í 331. gr. þeirrar reglugerðar og útflutningstollstöðin gefur út, á fylgiskjalið með einhverjum af þeim upplýsingum sem settar eru fram í D-þætti V. viðauka við þessa reglugerð.

3. Auk fylgiskjalsins skal upplýsingablaðið, sem tollasamvinnuráðið mælir fyrir um í ályktun sinni frá 3. desember 1963, fylgja vínafurðum, sem eru fluttar út til bráðabirgða til eins af aðildarríkjum Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) í samræmi við ráðstafanir sem gilda um ytri aðvinnslu sem kveðið er á um í d-lið 210. gr. reglugerðar (ESB) nr. 952/2013 í samræmi við I. og V. kafla VII. bálks framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2446 ([17]) og I. kafla VII. bálks framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2015/2447, til geymslu, þroskunar og/eða pökkunar. Í reitum á blaðinu, sem eru ætlaðir fyrir lýsingu á afurðinni, skal henni lýst í samræmi við reglur Sambandinu og landsbundnar reglur og tilgreint það magn víns sem flutt er.

Þessar upplýsingar skulu teknar úr frumriti fylgiskjalsins sem fylgir víninu við flutning til tollskrifstofunnar þar sem upplýsingablaðið er gefið út. Á upplýsingablaðinu skal einnig tilgreina tegund, dagsetningu og númer skjalsins er fylgdi sendingunni áður.

Ef flytja á afurðirnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, aftur inn á tollsvæði Sambandsins, skal til þess bær EFTA-tollstöð fylla út upplýsingablaðið á viðeigandi hátt. Líta skal á það skjal sem ígildi fylgiskjals vegna flutnings til tollstöðvar, annaðhvort á ákvörðunarstað í Sambandinu eða þar sem afurðin er sett í dreifingu til neyslu, að því tilskildu að í reitnum „Vörulýsing“ sé að finna þær upplýsingar sem tilgreindar eru í fyrstu undirgrein.

Hlutaðeigandi tollstöð í Sambandinu skal stimpla á afrit eða ljósrit af því skjali sem viðtakandi eða fulltrúi hans leggur fram og senda honum það aftur í samræmi við þessa reglugerð.

14. gr.

Sendingar ópakkaðra vínafurða

1. Þegar tölvukerfið eða upplýsingakerfið, sem um getur í fyrsta undirlið iii. liðar a-liðar fyrstu undirgreinar 1. mgr. 10. gr. eða í 5. mgr. 10. gr., er ekki notað eða þegar þetta kerfi gerir það ekki mögulegt að senda lögbæra yfirvaldinu á afferm-ingarstaðnum upplýsingarnar skal sendandi sendingar ópakkaðra vínafurða, í síðasta lagi við brottför flutningatækis, senda lögbæra yfirvaldinu á yfirráðasvæðinu, þar sem fermingarstaðurinn er staðsettur, afrit af fylgiskjalinu að því er varðar eftirfarandi afurðir:

a) afurðir upprunnar í Sambandinu, þegar um er að ræða meira magn en 60 lítra:

   i. vín sem er ætlað til framleiðslu á víni með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu eða einyrkisvíni eða árgangsvíni eða ætlað til átöppunar og setningar á markað sem slíkt,

   ii. hlutgerjað þrúgumust,

iii. þrúgumustsþykkni, einnig hreinsað,

iv. ferskt þrúgumust þar sem gerjun var stöðvuð með íblöndun alkóhóls,

v. þrúgusafi,

vi. þrúgusafaþykkni,

b) afurðir sem eru ekki upprunnar í Sambandinu, þegar um er að ræða meira magn en 60 lítra:

i. ferskar þrúgur, þó ekki vínber til neyslu,

ii. þrúgumust,

iii. þrúgumustsþykkni, einnig hreinsað,

iv. hlutgerjað þrúgumust,

v. ferskt þrúgumust þar sem gerjun var stöðvuð með íblöndun alkóhóls,

vi. þrúgusafi,

vii. þrúgusafaþykkni,

viii. líkjörvín sem er notað við framleiðslu afurða sem falla ekki undir SAT-númer 2204.

c) afurðir, óháð uppruna þeirra og því magni sem er flutt, með fyrirvara um undanþágur sem um getur í 9. gr.:

i. víndreggjar,

ii. þrúguhrat sem er ætlað til eimingar eða annarrar iðnaðarvinnslu,

iii. piquette-vín,

iv. vín, styrkt fyrir eimingu,

v. vín úr þrúgum af yrkjum sem eru ekki skráð sem vínviðaryrki í flokkuninni sem gerð var af aðildarríkjunum skv. 81. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 fyrir þá stjórnsýslueiningu sem þær eru uppskornar á,

vi. afurðir sem ekki má bjóða eða afhenda til beinnar neyslu.

Lögbært yfirvald á yfirráðasvæðinu þar sem fermingarstaðurinn er staðsettur skal tilkynna lögbæru yfirvaldi á yfirráðasvæðinu þar sem affermingarstaðurinn er staðsettur um að flutningur sé hafinn.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta aðildarríkin fastsett ólík tímabil til að senda afrit af fylgiskjalinu að því er varðar sendingar vínafurða sem eru fluttar eingöngu innan yfirráðasvæðis þeirra.

15. gr.

Sendingar afurða frá þriðja landi eða afurða Sambandsins sem hafa áður verið fluttar út til þriðja lands

1. Þegar um er að ræða flutning innan tollsvæðis Sambandsins á sendingu afurða frá þriðja landi sem sett er í frjáls flæði skal fylgiskjalið byggja á VI-1 skjalinu, sem um getur í 20. gr., eða jafngildu skjali, eins og um getur í 26. eða 27. gr., og skal innihalda eftirfarandi upplýsingar eða lögbærum yfirvöldum veittur aðgangur að þeim upplýsingum:

a) númer VI-1 skjals eða tilvísanir í eitt af skjölunum sem um getur í 26. og 27. gr.,

b) nafn og heimilisfang aðilans í þriðja landinu sem fyllti út skjalið, sem um getur í a-lið, eða heimilaði framleiðanda að fylla það út,

c) hvenær skjalið, sem um getur í a-lið, var fyllt út.

Rekstraraðilinn skal geta lagt fram VI-1 skjal, jafngilt skjal, eins og um getur í 26. eða 27. gr., eða VI-2 útdrátt, sem um getur í 22. gr., hvenær sem lögbær yfirvöld aðildarríkjanna fara fram á það.

2. Þegar um er að ræða flutning innan tollsvæðis Sambandsins á sendingu vínafurða sem eiga uppruna sinn innan Sambandsins og hafa áður verið fluttar út til þriðja lands eða yfirráðasvæðis, sem um getur í 2. og 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 2008/118/EB, skal fylgiskjalið innihalda eftirfarandi upplýsingar eða lögbærum yfirvöldum veittur aðgangur að þessum upplýsingum:

a) tilvísun í fylgiskjalið, sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 10. gr. þessarar reglugerðar, og er útbúið fyrir upphaflegu sendinguna eða

b) tilvísanir í önnur fylgiskjöl sem innflytjandi leggur fram til sönnunar á uppruna afurðarinnar og lögbært yfirvald telur fullnægjandi þegar afurðin er sett í frjálst flæði í Sambandinu.

3. Þegar tölvukerfið, sem um getur í 2. mgr. 21. gr. tilskipunar 2008/118/EB, eða upplýsingakerfi, sem sendingaraðildarríkið kemur á fót, er notað skulu upplýsingarnar sem eru tilgreindar í 1. og 2. mgr. þessarar greinar geymdar í kerfinu sem er notað.

16. gr.

Höfnun viðtakanda

Ef viðtakandi hafnar, í heild eða að hluta til, afurð sem er flutt á grundvelli fylgiskjals skal hann rita orðin „hafnað af viðtakanda“ aftan á skjalið, ásamt dagsetningu og undirritun viðtakanda ásamt, ef við á, upplýsingum um það magn sem er hafnað, í lítrum eða kílóum.

Í slíku tilviki er heimilt að endursenda afurðina til sendanda með sama fylgiskjali eða geyma hana á athafnasvæði flutningsaðila þar til búið er að fylla út nýtt skjal til að senda með afurðinni til baka.

17. gr.

Fullgilding á fylgiskjalinu ef um er að ræða alvarlegt brot eða ef ekki er farið að tilskildum ákvæðum

1. Ef lögbært yfirvald kemst að því, eða hefur rökstuddan grun um, að sendandi flytji eða hafi flutt vínafurð sem er ekki í samræmi við ákvæði Sambandsins, eða ákvæði landslaga sem samþykkt hafa verið samkvæmt þeim, að því er varðar framleiðsluskilyrði eða samsetningu þess, eða vínafurð þar sem alvarlegt brot í tengslum við fylgiskjöl hefur verið framið, getur yfirvaldið farið fram á að sendandinn útfylli nýtt fylgiskjal fyrir þá vínafurð og fái lögbært yfirvald til að fullgilda það.

Þegar fullgilding er veitt geta fylgt henni skilyrði varðandi notkun afurðarinnar síðar eða bann við því að setja afurðina á markað. Hún skal samanstanda af stimpli, undirritun embættismanns lögbæra yfirvaldsins og dagsetningu.

2. Yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. skal upplýsa það yfirvald sem ber ábyrgð á svæðinu þar sem fermingarstaðurinn er. Ef um er að ræða flutning innan Sambandsins gildir gagnkvæm aðstoð eða tilkynningar um grun um að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum skv. 43. og 45. gr.

18. gr.

Ráðstafanir ef um er að ræða brot varðandi fylgiskjöl, önnur en alvarleg brot

1. Ef lögbært yfirvald kemst að því að sending, sem útheimtir fylgiskjal, er flutt án slíks skjals eða flutt á grundvelli skjals sem inniheldur villur eða ófullnægjandi upplýsingar skal það gera nauðsynlegar ráðstafanir til að samræma slíkan flutning settum reglum, annaðhvort með því að leiðrétta efnislegar villur eða með því að fylla út nýtt skjal.

Yfirvaldið, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal stimpla skjöl sem búið er að leiðrétta eða fylla út í samræmi við það ákvæði. Úrbætur vegna frávika frá reglum mega ekki seinka umræddri flutningsaðgerð lengur en bráð nauðsyn krefur.

Ef upp koma endurtekin frávik frá reglum af hálfu sama sendanda skal yfirvaldið, sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr., upplýsa yfirvaldið, sem ber ábyrgð á svæðinu þar sem fermingarstaðurinn er, um slíkt. Ef um er að ræða flutning innan Sambandsins gildir gagnkvæm aðstoð eða tilkynningar um grun um að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum skv. 43. og 45. gr.

2. Ef ómögulegt reynist að samræma flutningsaðgerðina settum reglum samkvæmt fyrstu undirgrein 1. mgr. skal yfirvaldið, sem um getur í þeirri undirgrein, stöðva flutninginn. Það skal tilkynna sendanda að flutningurinn hafi verið stöðvaður og um þær ráðstafanir sem gripið var til í kjölfarið. Í þessum ráðstöfunum getur falist bann við því að setja afurðina á markað.

19. gr.

Óviðráðanleg atvik eða ófyrirséð óhöpp

Ef nauðsynlegt reynist meðan á flutningi stendur, vegna óviðráðanlegra atvika eða ófyrirséðs óhapps, að skipta farmi, sem krafist er fylgiskjals með, eða farmurinn glatast, allur eða að hluta, skal flytjandi fara fram á það við lögbært yfirvald, sem er næst þeim stað þar sem óhappið eða óviðráðanlega atvikið átti sér stað, að það gefi út yfirlýsingu þar um og geri nauðsynlegar ráðstafanir til að samræma flutningsaðgerðina, sem um ræðir, settum reglum.

II. ÞÁTTUR

FYLGISKJÖL FYRIR SETNINGU INNFLUTTRA VÍNAFURÐA Í FRJÁLST FLÆÐI

20. gr.

Vottun um að innfluttar vínafurðir séu í samræmi við tilskilin ákvæði

1. Fylgiskjal fyrir innflutning á vínafurðum skal samanstanda annars vegar af vottorðinu og hins vegar af greiningarskýrslunni, sem um getur í a- og b-lið 3. mgr. 90. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, eftir því sem við á, og skal vera í einu skjali, hér á eftir nefnt „VI-1 skjal“. Greiningarskýrsluþáttur VI-1 skjalsins þarf þó ekki að vera útfylltur ef afurðirnar eru ekki ætlaðar til beinnar neyslu.

Þar til bærir aðilar og tilnefndar stofnanir eða deildir, sem um getur í a- og b-lið 3. mgr. 90. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, skulu vera þau sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 51. gr. þessarar reglugerðar að því er varðar hlutaðeigandi þriðju lönd.

2. VI-1 skjalið skal útbúið og notað í samræmi við 22. til 25. gr. og líta skal svo á að það votti að innfluttu afurðirnar:

a) hafi einkenni vínafurðar í samræmi við lög Sambandsins eða í samræmi við tvíhliða samninga sem eru í gildi á milli Sambandsins og þriðja lands,

b) hafi verið framleiddar úr þrúgum úr tilteknum árgangi eða hafi verið framleiddar úr tilteknu vínþrúguyrki eða -yrkjum,

c) séu, eftir atvikum, samkvæmt forskriftum fyrir landfræðilegar merkingar í samræmi við samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um hugverkarétt í viðskiptum („TRIPS-samningurinn“), löggjöf Sambandsins um landfræðilegar merkingar eða samning um viðurkenningu og verndun landfræðilegra merkinga milli Sambandsins og þriðja landsins þar sem vínið er upprunnið.

21. gr.

Undanþágur

Þrátt fyrir 3. mgr. 90. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 gilda eftirfarandi undanþágur:

a) ekki þarf að leggja fram VI-1 skjal fyrir:

   i. afurðir í merktum ílátum með nafnrúmmál að hámarki 10 lítra, sem lokað er með einnota lokunarbúnaði, þar sem heildarmagnið sem flutt er, hvort sem það samanstendur af aðskildum sendingum eða ekki, fer ekki yfir 100 lítra,

   ii. vín og þrúgusafa sem er hluti af einkaeign einstaklinga sem flytja fastan búsetustað sinn frá þriðja landi til Sambandsins í skilningi 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1186/2009,

iii. vín sent í vörusendingum frá einum einstaklingi til annars, í skilningi 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 1186/2009, að hámarki 30 lítrar í hverri sendingu,

iv. vín, þrúgumust og þrúgusafa sem eru í persónulegum farangri ferðamanna, í skilningi 41. gr. reglugerðar (EB) nr. 1186/2009, að hámarki 30 lítrar á hvern ferðamann,

v. vín og þrúgusafa fyrir kaupstefnur, eins og þær eru skilgreindar í 90. gr. reglugerðar (EB) nr. 1186/2009, að því tilskildu að viðkomandi afurðir séu í merktum ílátum sem eru að hámarki tveir lítrar og með einnota lokunarbúnaði,

vi. magn af víni, þrúgumusti og þrúgusafa í öðrum ílátum en þeim sem um getur í v. lið, sem er flutt inn í þeim tilgangi að nota það til vísindalegra og tæknilegra tilrauna, að hámarki 100 lítrar,

vii. vín og þrúgusafa sem eru flutt inn í samræmi við ákvæði Vínarsamningsins um stjórnmálasamband frá 18. apríl 1961, Vínarsamningsins um ræðissamband frá 24. apríl 1963 eða annarra ræðissamninga, eða New York samningsins frá 16. desember 1969 um sérstakar sendinefndir,

viii. vín og þrúgusafa sem geymd eru um borð í skipum og flugvélum sem notuð eru í millilandaflutningum,

ix. vín og þrúgusafa sem eru upprunnin og átöppuð í Sambandinu, flutt út til þriðja lands og endursend til tollsvæðis Sambandsins og afgreidd í frjálst flæði,

b) ef um er að ræða vín í merktum ílátum, sem rúma mest 60 lítra, með einnota lokunarbúnaði og að því tilskildu að vínið sé upprunnið í landi sem hefur boðið sérstakar ábyrgðir sem Sambandið samþykkir, eins og tilgreint er í A-þætti IV. hluta VII. viðauka, þarf eingöngu að fylla út greiningarskýrsluþátt VI-1 skjalsins að því er varðar:

i. raunverulegan alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál,

ii. heildarsýruinnihald,

iii. heildarinnihald brennisteinsdíoxíðs.

22. gr.

Reglur um gerð VI-1 skjalsins og VI-2 útdráttarins

1. VI-1 skjalið skal útbúið á formi sem svarar til fyrirmyndarinnar í I. hluta VII. viðauka í samræmi við tæknireglurnar sem settar eru fram í þeim viðauka.

Það skal undirritað af embættismanni þar til bærs aðila og af embættismanni tilnefndrar stofnunar eða deildar sem er í skránni sem kveðið er á um í 1. mgr. 51. gr.

Frumrit og afrit VI-1 skjalsins skal fylgja afurðinni.

Heimilt er að útbúa útdrátt, hér á eftir nefndur „VI-2 útdráttur“, í samræmi við fyrirmyndina í II. hluta VII. viðauka, sem inniheldur þau gögn sem koma fram í VI-1 skjalinu eða, ef VI-2 útdráttur var lagður fram, í þeim VI-2 útdrætti, og tollstöð Sambandsins stimpla hann. Frumrit og tvö afrit VI-2 útdráttarins skulu fylgja afurðinni.

2. VI-1 skjöl og VI-2 útdrættir skulu bera raðnúmer sem þar til bær aðili úthlutar, ef um er að ræða VI-1 skjöl, og embættismaður hans undirritar skjalið og, ef um er að ræða VI-2 útdrætti, sem tollstöðin, sem stimplar þau, úthlutar.

23. gr.

Notkun VI-1 skjals og VI-2 útdrátta

Þegar gengið hefur verið frá formkröfunum við tollmeðferð til að afgreiða sendingu í frjálst flæði skal afhenda lögbærum yfirvöldum í aðildarríkinu þar sem tollmeðferðin fer fram frumritið og afritið af VI-1 skjalinu, eða frumritið og afritin af VI-2 útdrættinum fyrir sendingarnar, sem þau fylgja, sem hér segir:

a) tollyfirvöld skulu árita bakhliðina á bæði frumriti og afriti VI-skjalsins eða frumriti og afritum VI-2 útdráttanna, skila viðkomandi aðila frumriti VI-1 skjalsins eða frumriti og eintaki af VI-2 útdrætti og geyma afrit af VI-1 skjalinu eða af VI-2 útdrættinum í a.m.k. fimm ár,

b) ef framsenda á sendingu áður en hún er afgreidd í frjálst flæði skal nýi sendandinn afhenda tollyfirvöldum, sem hafa eftirlit með sendingunni, VI-1 skjalið og VI-2 útdráttinn sem varða þá sendingu eða, ef sendingin fellur undir VI-2 útdrátt sem var útfylltur áður og VI-2 útdrátt sem var útfylltur síðar, þessa tvo VI-2 útdrætti.

Ef VI-2 útdráttur er afhentur ásamt VI-1 skjalinu skulu tollyfirvöld sannprófa að upplýsingarnar sem færðar eru inn í VI-1 skjalið samsvari þeim sem færðar eru inn í VI-2 útdráttinn. Ef um er að ræða að VI-2 útdráttur sem var útfylltur síðar er afhentur ásamt VI-2 útdrætti sem var útfylltur áður skulu tollyfirvöld sannprófa að upplýsingarnar sem færðar eru inn í VI-2 útdráttinn sem var útfylltur áður samsvari þeim sem færðar eru inn í VI-2 útdráttinn sem var útfylltur síðar og þau skulu stimpla þann síðarnefnda, sem skal þá vera jafngildur VI-2 útdrættinum sem var útfylltur áður.

Tollyfirvöld skulu árita bakhliðina á bæði frumriti og afriti VI-1 skjalsins eða VI-2 útdráttarins sem var útfylltur áður.

Tollyfirvöld skulu skila frumriti VI-1 skjalsins og sérhverjum VI-2 útdrætti til nýja sendandans og skulu geyma afritin í a.m.k. fimm ár.

Ekki er þó þörf á að fylla út VI-2 útdrátt ef sending afurðar er endurútflutt til þriðja lands,

c) ef sendingu er skipt upp áður en hún er afgreidd í frjálst flæði skal viðkomandi aðili afhenda tollyfirvöldum, sem hafa eftirlit með sendingunni, frumrit og afrit VI-1 skjalsins eða VI-2 útdráttarins sem var útfylltur áður, sem varðar sendinguna sem á að skipta upp, ásamt frumriti VI-2 útdráttarins sem var útfylltur síðar fyrir hverja nýja sendingu og tveimur afritum af þeim.

Tollyfirvöld skulu sannprófa að upplýsingarnar sem færðar eru inn í VI-1 skjalið eða VI-2 útdráttinn sem var útfylltur áður samsvari þeim sem eru í VI-2 útdrættinum sem var útfylltur síðar fyrir hverja nýja sendingu. Ef þær eru samsvarandi skulu tollyfirvöld stimpla það síðara, sem verður þá jafngilt VI-2 útdrættinum sem var útfylltur áður, og árita bakhliðina á bæði frumriti og afriti VI-1 skjalsins eða VI-2 útdráttarins sem var útfylltur áður. Þau skulu skila frumriti VI-2 útdráttarins sem var útfylltur síðar til viðkomandi aðila ásamt frumriti VI-1 skjalsins eða VI-2 útdráttarins sem var útfylltur áður og geyma afrit af hverju þessara skjala í a.m.k. fimm ár.

24. gr.

Notkun VI-1 skjals ef um er að ræða óbeinan innflutning

Í tilvikum þegar vín hefur verið flutt út frá þriðja landi, frá því yfirráðasvæði þar sem það var framleitt (hér á eftir nefnt „upprunaland“), til annars þriðja lands (hér á eftir nefnt „útflutningsland“) áður en það er flutt út til Sambandsins skal VI-1 skjalið fyrir viðkomandi vín teljast gilt fyrir innflutning til Sambandsins ef þar til bærir aðilar útflutningslandsins útbjuggu það, án frekari greiningar á víninu, á grundvelli VI-1 skjals eða jafngildis þess sem þar til bærir aðilar upprunalandsins útbjuggu, að því tilskildu að vínið:

a) hafi verið átappað og merkt í upprunalandinu og verði það áfram eða

b) hafi verið innflutt í lausu frá upprunalandinu og átappað og merkt í útflutningslandinu án frekari vinnslu.

Á VI-1 skjali útflutningslandsins skal vera vottun þar til bærs aðila í því landi um að vínið, sem um er að ræða, sé vín eins og um getur í fyrstu undirgrein og að það uppfylli skilyrðin sem þar eru sett fram.

Frumrit eða staðfest afrit af VI-1 skjali upprunalandsins, eða jafngildi þess, skal fest við VI-1 skjal útflutningslandsins.

Að því er varðar þessa grein skulu þar til bærir aðilar þriðju landa vera þeir sem eru á skránni sem kveðið er á um í 1. mgr. 51. gr.

25. gr.

Sérreglur um vottun fyrir tiltekin vín

1. Ef um er að ræða líkjörvín og vín sem eru styrkt fyrir eimingu skulu VI-1 skjölin einungis viðurkennd sem gild þegar þar til bær aðili, sem er í skránni sem kveðið er á um í 1. mgr. 51. gr., hefur fært eftirfarandi inn í reit 14:

„alkóhólið sem er bætt við þetta vín er vottað sem alkóhól úr víni“.

2. Heimilt er að nota VI-1 skjalið til að votta að innflutt vín beri landfræðilega merkingu í samræmi við TRIPS-samninginn eða löggjöf Sambandsins um landfræðilegar merkingar eða samning um viðurkenningu og verndun landfræðilegra merkinga milli Sambandsins og þriðja landsins þar sem vínið er upprunnið.

Í slíku tilviki skal tilgreina eftirfarandi í reit 14:

„vínið sem fellur undir þetta skjal er vottað sem framleitt í vínræktarhéraði og var veitt landfræðileg merking, sem kemur fram í reit 6, í samræmi við lagaákvæði upprunalandsins“.

3. Vottuninni í reit 14, sem um getur í 1. og 2. mgr., skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar:

a) fullt nafn og heimilisfang þar til bærs aðila sem gefur hana út,

b) undirritun embættismanns þar til bæra aðilans,

c) stimpill þar til bæra aðilans.

26. gr.

Einfaldað ferli

1. Litið skal svo á að VI-1 skjöl sem vínframleiðendur í þriðju löndum, sem hafa boðið sérstakar ábyrgðir sem Sambandið samþykkir, útbúa, eins og tilgreint er í B-þætti IV. hluta VII. viðauka, séu VI-1 skjöl sem þar til bærir aðilar og tilnefndar stofnanir eða deildir, sem eru í skránni sem kveðið er á um í 1. mgr. 51. gr., útbúa að því er varðar hlutaðeigandi þriðju lönd, að því tilskildu að framleiðendurnir hafi hver um sig fengið heimild frá þar til bærum aðilum þessara þriðju landa og falli undir skoðanir af þeirra hálfu.

2. Heimilaðir framleiðendur, eins og um getur í 1. mgr., skulu nota og fylla út VI-1 skjöl, einkum með því að færa inn:

a) í reit 1, heiti þeirra og heimilisföng og skráningarnúmer þeirra í þriðju löndunum sem tilgreind eru í B-þætti IV. hluta VII. viðauka,

b) í reit 9, heiti og heimilisfang þar til bærs aðila í þriðja landinu sem veitti þeim heimild,

c) í reit 10, a.m.k. upplýsingarnar sem kveðið er á um í b-lið 21. gr.

Framleiðendurnir skulu undirrita í bilið sem gefið er í reitum 9 og 10 eftir að hafa strikað yfir orðin „nafn og titill embættismanns“.

Hvorki er þörf á stimplum né heiti og heimilisfangi tilnefndrar stofnunar eða deildar.

27. gr.

Rafrænt skjal

1. Heimilt er að skipta VI-1 skjali út fyrir rafrænt skjal fyrir innflutning á vínafurðum til Sambandsins frá þriðju löndum, sem eru með til staðar kerfi fyrir eftirlit sem Sambandið samþykkir, í samræmi við aðra undirgrein, sem jafngildir því sem komið er á fót fyrir sömu afurðir samkvæmt löggjöf Sambandsins.

Heimilt er að samþykkja kerfi fyrir eftirlit í þriðja landi sem jafngilt því sem Sambandið kemur á fót fyrir sömu afurðir ef það uppfyllir a.m.k. eftirfarandi skilyrði:

a) það veitir fullnægjandi ábyrgðir að því er varðar eðli, uppruna og rekjanleika vínafurðanna sem eru framleiddar eða sem viðskipti eru höfð með á yfirráðasvæði hlutaðeigandi þriðja lands,

b) það tryggir aðgang að gögnum sem geymd eru í rafræna kerfinu sem er notað að því er varðar skráningu og auðkenningu á rekstraraðilum, þar til bærum aðilum og tilnefndum stofnunum eða deildum,

c) það tryggir að hægt sé að skoða gögnin, sem um getur í b-lið, innan ramma gagnkvæmrar samvinnu á sviði stjórnsýslu.

Þriðju lönd sem eru með til staðar kerfi fyrir eftirlit, sem Sambandið samþykkir sem jafngilt í samræmi við aðra undirgrein, skulu færð í skrána sem sett er fram í C-þætti IV. hluta VII. viðauka.

2. Rafræna skjalið, sem kveðið er á um í 1. mgr., skal innihalda a.m.k. þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að útbúa VI-1 skjal og einstakt stjórnsýslulegt tilvísunarkóðanúmer sem er úthlutað af þar til bærum aðilum þriðja landsins, sem er útflutningsland, eða undir þeirra stjórn. Númerið skal tilgreint á viðskiptaskjölum sem krafist er vegna innflutnings inn á tollsvæði Sambandsins.

3. Þriðja landið, sem er útflutningsland, skal veita aðgengi að rafræna skjalinu, eða að nauðsynlegum gögnum til að búa það til, að fenginni beiðni frá lögbærum yfirvöldum í því aðildarríki þar sem setja á vörurnar í frjálst flæði. Ef aðgengi að viðeigandi rafrænum kerfum er ekki til staðar er einnig heimilt að leggja beiðni um slík gögn fram á pappírsskjali.

4. Einnig má gefa út VI-2 útdrættina, sem um getur í 1. mgr. 22. gr., og nota þá í tölvukerfum í samræmi við nákvæmar reglur sem lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum mæla fyrir um. Innihald rafræns VI-2 útdráttar skal vera nákvæmlega eins og það sem er á pappírsforminu.

V. KAFLI

INNFÆRSLU- OG ÚTFÆRSLUSKRÁ

28. gr.

Innfærslu- og útfærsluskráahald

1. Þrátt fyrir 2. mgr. 147. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 og að því tilskildu að unnt sé að hafa eftirlit með inn- og útfærslu afurða og birgðum hvenær sem er á grundvelli viðskiptaskjala sem eru notuð við bókhald, þurfa eftirfarandi ekki að halda innfærslu- og útfærsluskrá, sem í þessum kafla nefnist „skrá“,:

a) rekstraraðilar sem halda einungis birgðir af vínafurðum eða bjóða þær til sölu í merktum ílátum með nafnrúmmál að hámarki 10 lítra, sem lokað er með einnota lokunarbúnaði, þar sem heildarmagnið fer ekki yfir 5 lítra eða 5 kíló ef um er að ræða þrúgumustsþykkni, einnig hreinsað, og 100 lítra af öllum öðrum afurðum,

b) rekstraraðilar sem selja drykki einungis til neyslu á staðnum.

2. Aðildarríki geta krafist þess að söluaðilar, sem ekki halda birgðir, haldi skrár og í slíku tilviki er því heimilt að fastsetja reglur og verklagsreglur.

3. Aðildarríkin skulu útbúa skrá yfir rekstraraðila sem er skylt að halda skrá og halda henni uppfærðri. Ef slíkur listi eða skrá hefur þegar verið útbúin í öðrum tilgangi er einnig heimilt að nota hana til að ná markmiðum þessarar reglugerðar.

4. Halda skal sérstaka skrá fyrir hvert fyrirtæki.

Ef smásöluverslanir, sem selja beint til endanlegra notenda, eru hluti af einu og sama fyrirtækinu og fá vörur sínar frá einu eða fleiri miðlægum birgðageymslum sem tilheyra því fyrirtæki skal halda skrá fyrir hverja slíka miðlæga birgðageymslu, með fyrirvara um a-lið 1. mgr., að því er varðar afurðir sem eru afhentar. Afhending til smávöruverslana skal skráð sem útfærsla í skrána.

5. Halda skal skrána á því athafnasvæði sem afurðirnar eru geymdar á.

Hins vegar og með því skilyrði að alltaf sé unnt að hafa eftirlit með inn- og útfærslu afurða og birgðum á raunverulegum birgðastað afurðanna á grundvelli annarra fylgiskjala, geta lögbær yfirvöld veitt heimild til:

a) að skráin sé haldin í skráðri starfsstöð fyrirtækisins ef afurðirnar eru geymdar á ýmsum stöðum er tilheyra sama fyrirtækinu innan sömu staðbundinnar stjórnsýslueiningar eða staðbundnum stjórnsýslueiningum sem eru staðsettar í næsta nágrenni við hver aðra,

b) að sérhæft fyrirtæki á þessu sviði haldi skrána.

29. gr.

Aðgerðir sem gera skal grein fyrir í skránni

1. Rekstraraðilar sem krafist er að haldi skrána skulu tilgreina vínfræðilegar vinnsluaðferðir, vinnslu og meðhöndlun sem þeir hafa framkvæmt, í samræmi við kröfurnar og vínfræðilegu vinnsluaðferðirnar sem um getur í 2. mgr. 78. gr. og 80. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 og í I. viðauka A og I. viðauka D við reglugerð (EB) nr. 606/2009, sem og beitingu nýrra vínfræðilegra vinnsluaðferða í tilraunaskyni, þ.m.t. viðeigandi tilvísun í heimildina sem hlutaðeigandi aðildarríki veitir í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 606/2009.

2. Gera skal grein fyrir aðgerðum að því er varðar eftirfarandi meðhöndlanir í skránni, ef þær eru framkvæmdar, í samræmi við 16. og 17. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/274, þ.m.t., ef aðildarríkin mæla fyrir um slíkt, viðeigandi tilvísanir í tilkynningar til lögbærra yfirvalda í samræmi við 30. gr. (2. mgr.):

a) leiðréttingu á alkóhólstyrkleika víns (40. liður og 10. viðbætir við I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 606/2009) og minnkun á sykurinnihaldi musts með himnutengingum (49. liður og 16. viðbætir við I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 606/2009),

b) auðgun og sætun (A- og B-liður I. hluta VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, 11. og 12. gr. og I. viðauki D og II. viðauki við reglugerð (EB) nr. 606/2009),

c) sýringu og afsýringu (C- og D-liður I. hluta VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, 13. gr. og 12., 13., 46., 48. og 50. liður I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 606/2009),

d) meðhöndlun með viðarkolum til vínfræðilegrar notkunar (9. liður I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 606/2009),

e) meðhöndlun með kalíumferrósýaníði (26. liður I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 606/2009),

f) meðhöndlun með rafskiljun eða með plúsjónaskiptum til að tryggja stöðgun víns með tilliti til vínsýrumagns eða sýringu með meðhöndlun með plúsjónaskiptum (20., 36. og 43. liður I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 606/2009),

g) viðbót dímetýldíkarbónats (DMDC) í vín (34. liður I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 606/2009),

h) notkun eikarspæna við vínframleiðslu (38. liður og 9. viðbætir við I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 606/2009),

i) beitingu nýrra vínfræðilegra vinnsluaðferða í tilraunaskyni (4. gr. reglugerðar (EB) nr. 606/2009),

j) meðhöndlun á uppleystum lofttegundum í víni með því að nota himnu (52. liður I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 606/2009),

k) meðhöndlun með notkun á himnutækni ásamt virku kolefni (53. liður I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 606/2009),

l) notkun á pólývínýlimídasól-/pólývínýlpýrrólídónsamfjölliðum (54. liður I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 606/2009),

m) notkun á silfurklóríði (55. liður I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 606/2009).

3. Gera skal grein fyrir eftirfarandi aðgerðum í skránni, ef þær eru framkvæmdar:

a) blöndun eins og kveðið er á um í 7. og 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 606/2009,

b) átöppun,

c) framleiðslu allra flokka freyðivíns, hálffreyðandi víns og loftblandaðs hálffreyðandi víns,

d) framleiðslu líkjörvíns,

e) framleiðslu þrúgumustsþykknis, einnig hreinsaðs,

f) framleiðslu víns sem er styrkt fyrir eimingu,

g) vinnslu sem gefur af sér aðra afurðaflokka, s.s. kryddvín,

Ef um er að ræða átöppun skal tilgreina skal fjölda íláta sem voru fyllt og innihald þeirra.

30. gr.

Landsbundnar reglur

1. Aðildarríkjum er heimilt að samþykkja viðbótarreglur um skráningu upplýsinga varðandi:

a) afurðir í merktum ílátum með nafnrúmmál að hámarki 10 lítra, sem lokuð eru með einnota lokunarbúnaði, eins og um getur í a-lið 1. mgr. 28. gr., sem setja skal á markað á yfirráðasvæði þeirra,

b) tiltekna afurðaflokka sem um getur í a-lið 1. mgr. 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/274,

c) tilteknar aðgerðir sem um getur í 29. gr.

Aðildarríkjum er heimilt að kveða á um skyldu til að halda aðskilið bókhald eða aðlaga fyrirliggjandi skrá.

2. Með fyrirvara um þá skyldu að skrá upplýsingar varðandi hverja aðgerð í tengslum við leiðréttingu á alkóhólstyrkleika, auðgun, sýringu og afsýringu, sem um getur í a-, b- og c-lið 2. mgr. 29. gr., er aðildarríkjum heimilt að krefjast þess að rekstraraðilar, sem framkvæma viðkomandi aðgerðir á þeirra yfirráðasvæði, tilkynni þessar aðgerðir til lögbærra yfirvalda sinna eða stofnana innan tiltekinna tímamarka eftir þær eða, ef um er að ræða auðgunaraðgerðir, áður en þær eru framkvæmdar.

Ekki skal gera kröfu um tilkynninguna, sem um getur í fyrstu undirgrein, fyrir vínafurðir sem falla undir kerfisbundið greiningareftirlit á öllum framleiðslulotum af hálfu lögbærra eftirlitsyfirvalda aðildarríkjanna.

VI. KAFLI

YFIRLÝSINGAR

31. gr.

Framleiðsluyfirlýsingar

1. Framleiðendur, sem eru með staðfestu í aðildarríki sem ber skylda til að halda uppfærða skrá yfir vínekrur, í samræmi við 1. mgr. 145. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, skulu árlega leggja framleiðsluyfirlýsingu fyrir lögbær yfirvöld í því aðildarríki í tengslum við framleiðslu sína á viðkomandi vínári í því aðildarríki.

Aðildarríkjum sem hafa komið á fót skrá yfir vínekrur, sem er uppfærð árlega, sem hægt er að nota til að tengja saman yfirlýsendur, yfirlýsta framleiðslu og viðkomandi vínekruspildur er heimilt að veita framleiðendum undanþágu frá þeirri skyldu að tilkynna um upplýsingar sem um getur í e-lið 2. mgr. 22. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/274. Í slíkum tilvikum skulu lögbæru yfirvöldin í aðildarríkjunum sjálf fullgera yfirlýsingarnar með því að tilgreina flatarmál svæðis á grundvelli gagnanna í skránni fyrir vínekrur.

2. Veita skal uppskerendum, sem eru aðilar að eða tengjast einu eða fleiri vínbrugghúsum samvinnufélaga eða hópum framleiðenda og hafa farið með alla þrúgnauppskeru sína eða must til þessara vínbrugghúsa samvinnufélaga eða hópa en áskilja sér rétt til að framleiða vín, í magni sem er undir 10 hektólítrum, til neyslu innan fjölskyldu sinnar, undanþágu frá þeirri skyldu að leggja fram framleiðsluyfirlýsingu, að því tilskildu að þessum vínbrugghúsum samvinnufélaga eða hópum sé skylt að leggja fram framleiðsluyfirlýsingu.

3. Aðildarríkjum, sem ber ekki skylda til að halda uppfærða skrá yfir vínekrur í samræmi við 1. mgr. 145. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, er heimilt að fara fram á að framleiðendur, með staðfestu á þeirra yfirráðasvæði, leggi fram framleiðsluyfirlýsinguna sem um getur í 1. mgr.

Í því tilviki gildir 2. mgr. að breyttu breytanda.

32. gr.

Birgðayfirlýsingar

1. Framleiðendur, vinnsluaðilar, átapparar og söluaðilar, sem halda birgðir í aðildarríki sem ber skylda til að halda uppfærða skrá yfir vínekrur, í samræmi við 1. mgr. 145. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, skulu árlega leggja birgðayfirlýsingu vegna víns og musts, sem þeir hafa undir höndum 31. júlí, fyrir lögbær yfirvöld í því aðildarríki.

2. Aðildarríkjum, sem ber ekki skylda til að halda uppfærða skrá yfir vínekrur í samræmi við 1. mgr. 145. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, er heimilt að fara fram á að framleiðendur, vinnsluaðilar, átapparar og söluaðilar, með staðfestu á þeirra yfirráðasvæði, leggi fram birgðayfirlýsinguna sem um getur í 1. mgr.

33. gr.

Uppskeruyfirlýsingar

Aðildarríkin geta krafist þess að allir uppskerendur eða, á grundvelli viðmiðana sem eru hlutlægar og án mismununar, hluti þeirra leggi uppskeruyfirlýsingu fyrir lögbær yfirvöld að því er varðar vínárið þegar uppskeran fór fram.

34. gr.

Yfirlýsingar um meðhöndlun eða setningu á markað

1. Aðildarríki geta ákveðið að uppskerendur, framleiðendur og söluaðilar þrúgna, þrúgusafa og musts sem hafa meðhöndlað eða sett á markað vínafurðir sem ætlaðar eru til framleiðslu á víni, fyrir dagsetningarnar fyrir framlagningu á framleiðslu- og uppskeruyfirlýsingum eins og tilgreint er í 22. og 24. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/274, verði að leggja yfirlýsingu fyrir lögbær yfirvöld um meðhöndlun eða setningu á markað að því er varðar vínárið þegar meðhöndlunin eða setningin á markað fór fram.

2. Fari aðildarríki fram á að uppskerendur leggi fram yfirlýsingu um meðhöndlun eða setningu á markað skv. 1. mgr. skal veita uppskerendum, sem eru aðilar að eða tengjast einu eða fleiri vínbrugghúsum samvinnufélaga eða hópum framleiðenda og hafa farið með alla þrúgnauppskeru sína eða must til þessara vínbrugghúsa eða hópa framleiðenda en áskilja sér rétt til að framleiða vín, í magni sem er undir 10 hektólítrum, til neyslu innan fjölskyldu sinnar, undanþágu frá þeirri skyldu að leggja fram slíka yfirlýsingu, að því tilskildu að þessum vínbrugghúsum samvinnufélaga eða hópum sé skylt að leggja fram yfirlýsingu um meðhöndlun eða setningu á markað skv. 1. mgr.

35. gr.

Sameiginleg ákvæði

Aðildarríki geta krafist ítarlegri upplýsinga að því er varðar skrána yfir vínekrur eða yfirlýsingar um framleiðslu eða birgðir.

Aðildarríki geta veitt rekstraraðila undanþágu frá þeirri skyldu að leggja fram yfirlýsingarnar, sem kveðið er á um í 31. og 32. gr., varðandi vínár þegar engin framleiðsla fór fram eða engar birgðir voru eftir.

VII. KAFLI

EFTIRLIT, LÖGBÆR YFIRVÖLD, GAGNKVÆM AÐSTOÐ OG VIÐURLÖG

I. ÞÁTTUR

EFTIRLIT, LÖGBÆR YFIRVÖLD, SAMSKIPTASTOFNANIR OG GAGNKVÆM AÐSTOÐ

36. gr.

Almennar meginreglur

1. Aðildarríki skulu kveða á um eftirlit, að því marki sem það er nauðsynlegt, til að tryggja rétta beitingu reglna varðandi fyrirkomulag við veitingu leyfa til plöntunar á vínvið, skrána yfir vínekrur, fylgiskjöl og vottun, innflutning á víni, innfærslu- og útfærsluskrá og lögboðnar yfirlýsingar sem mælt er fyrir um fyrir þann geira í 90. gr. og III. kafla I. bálks og 2. þætti II. kafla II. bálks í II. hluta reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 og í þessari reglugerð. Aðildarríki skulu kveða á um kerfi fyrir skilvirkt og áhættumiðað opinbert eftirlit.

2. Lögbært yfirvald eða yfirvöld skulu framkvæma opinbert eftirlit, í samræmi við almennar meginreglur sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 ([18]), með fyrirvara um ákvæði þessarar reglugerðar og VI. kafla framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/274.

Ákvæði 59. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1306/2013 gilda að breyttu breytanda um fyrirkomulagið við veitingu leyfa til plöntunar á vínvið.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda að breyttu breytanda um eftirlit með vínafurðum með VUT eða VLM, sem kveðið er á um í 2. þætti I. kafla II. bálks II. hluta reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, að því er varðar að farið sé að kröfum um forskriftir fyrir þessar afurðir.

37. gr.

Sameiginleg ákvæði varðandi eftirlit

1. Framkvæma skal eftirlit í aðildarríkinu þar sem framleiðslan fór fram, með fyrirvara um slembiathuganir eða athuganir á grundvelli áhættugreiningar í sendingaraðildarríkinu.

Ef um er að ræða eftirlit sem framkvæmt er með sýnatöku skal fjöldi, eðli og tíðni eftirlitsins vera þannig að eftirlitið sé dæmigert fyrir allt yfirráðasvæði aðildarríkisins og samsvari, eftir atvikum, því magni framleiddra afurða úr víngeiranum sem eru settar á markað eða geymdar með það fyrir augum að setja þær á markað.

2. Eftirlitið, sem um getur í 1. mgr., skal vera stjórnsýslueftirlit og, eftir því sem við á, vettvangseftirlit.

Stjórnsýslueftirlitið skal, eftir því sem við á, fela í sér milligátanir, m.a. á gögnum frá samþætta stjórnunar- og eftirlitskerfinu sem kveðið er á um í II. kafla V. bálks reglugerðar (ESB) nr. 1306/2013.

Vettvangseftirlit skal vera án fyrirvara. Þó er leyfilegt að tilkynna um eftirlitið með fyrirvara, sem takmarkast við stysta nauðsynlegan tíma, að því tilskildu að markmiði eftirlitsins sé ekki stefnt í hættu. Slíkur fyrirvari skal ekki vera lengri en 48 klst. nema í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum eða að því er varðar þær ráðstafanir þegar kerfisbundið vettvangseftirlit fer fram. Það skal framkvæmt með sýnatöku hjá hæfilegu hlutfalli framleiðenda á grundvelli áhættugreiningar. Gera skal eftirlitsskýrslu í hvert sinn sem vettvangseftirlit fer fram sem gerir það kleift að fara yfir upplýsingarnar um eftirlitið sem er framkvæmt.

3. Að því er varðar skrána yfir vínekrur skulu aðildarríkin sannprófa að þær rekstraraðstæður sem fram koma í undirskrám um vínræktendur og framleiðslu, sem kveðið er á um í III. og IV. viðauka, svari til raunverulegra aðstæðna að því er varðar hvern vínræktanda og einstakling eða lögaðila eða hóp slíkra aðila sem skylt er að leggja fram framleiðsluyfirlýsinguna sem mælt er fyrir um í 31. gr. Undirskránum skal breytt á grundvelli þessarar sannprófunar.

4. Eftirlit með víni og öðrum vínafurðum frá þriðju löndum skal framkvæmt í aðildarríkinu þar sem þau koma inn á yfirráðasvæði Sambandsins á grundvelli VI-1 skjalsins.

38. gr.

Aðilar sem falla undir eftirlit

1. Einstaklingar eða lögaðilar og hópar slíkra aðila með atvinnustarfsemi sem fellur undir eftirlitið sem um getur í þessari reglugerð skulu ekki hindra slíkt eftirlit og skulu ávallt greiða fyrir því.

2. Rekstraraðilar sem embættismenn lögbærs yfirvalds taka sýni hjá:

a) mega ekki hamla sýnatöku á nokkurn hátt og

b) skulu veita þessum embættismönnum allar þær upplýsingar sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð eða samkvæmt framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/274.

39. gr.

Greiningargagnagrunnur fyrir samsætugögn

Evrópska tilvísunarmiðstöðin fyrir eftirlit innan víngeirans skal hafa umsjón með og uppfæra greiningargagnagrunn fyrir samsætugögn á vettvangi Sambandsins á grundvelli gagna sem tilnefndar rannsóknarstofur í aðildarríkjunum tilkynna um. Þessi gögn skulu fengin úr samræmdum samsætugreiningum á efnisþáttum etanóls og vatns í vínafurðum og gera það kleift að hafa viðeigandi eftirliti í öllu ferlinu við setningu á markað í samræmi við greiningaraðferðirnar sem mælt er fyrir um skv. 5. mgr. 80. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 og reglurnar og málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 27., 28. og 29. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar (ESB) 2018/274.

40. gr.

Lögbær yfirvöld og samskiptastofnanir

Aðildarríkin skulu tilnefna lögbær yfirvöld til að framkvæma eftirlitið sem um getur í 37. gr. Þessi yfirvöld skulu vera með nægan fjölda starfsfólks með viðeigandi réttindi og hæfi og reynslu til að framkvæma þetta eftirlit með skilvirkum hætti.

Þegar aðildarríki tilnefnir nokkur lögbær yfirvöld til að hafa eftirlit með því hvort farið sé að reglunum sem gilda um víngeirann skal það tilgreina tiltekna ábyrgð þeirra og samræma starfsemi þeirra.

Hvert aðildarríki skal tilnefna eina samskiptastofnun sem skal bera ábyrgð á samskiptum við framkvæmdastjórnina, samskiptastofnanir annarra aðildarríkja og þriðju landa og skal taka við beiðnum um stjórnsýsluaðstoð og áframsenda þær.

41. gr.

Valdsvið embættismanna

Hvert aðildarríki skal gera viðeigandi ráðstafanir til að greiða fyrir starfi embættismanna lögbærra yfirvalda sinna. Það skal tryggja að slíkir embættismenn, eftir því sem við á ásamt embættismönnum annarra stofnana sem það veitir heimild í því skyni:

a) hafi aðgang að vínekrum, vínframleiðslustöðvum og geymslustöðvum, stöðvum til að vinna afurðir úr víngeiranum og farartækjum sem notuð eru til að flytja þessar afurðir,

b) hafi aðgang að atvinnuhúsnæði eða vörugeymslum og farartækjum allra sem geyma birgðir með það í huga að selja, setja á markað eða flytja afurðir úr víngeiranum eða afurðir sem eru e.t.v. ætlaðar til notkunar í víngeiranum,

c) geti gert birgðaskrá yfir afurðir úr víngeiranum og efni eða vörur sem hægt er að nota við tilreiðslu slíkra afurða,

d) geti tekið sýni úr afurðum úr víngeiranum, efnum eða vörum sem hægt er að nota við tilreiðslu slíkra afurða og afurða sem eru geymdar með það í huga að selja þær, setja á markað eða flytja,

e) geti rannsakað bókhaldsgögn og önnur skjöl sem koma að gagni við málsmeðferð við eftirlit og tekið afrit eða gert útdrátt úr þeim,

f) geti gert viðeigandi verndarráðstafanir varðandi tilreiðslu, geymslu, flutning, lýsingu, kynningu og setningu afurðar úr víngeiranum á markað á eða vöru sem ætluð er til notkunar við tilreiðslu á slíkri afurð ef ástæða er til að ætla að alvarlegt brot á löggjöf Sambandsins hafi átt sér stað, einkum ef um er að ræða sviksamlega meðferð eða áhættu sem ógnar heilbrigði.

42. gr.

Samræming eftirlits og aðgangur að upplýsingum

Að því er varðar eftirlit með sendingum, sem fer fram á grundvelli fylgiskjalanna sem um getur í 10. gr., skulu lögbæru yfirvöldin, sem eru tilnefnd skv. 40. gr., hafa aðgang að upplýsingunum sem finna má í tölvukerfinu sem um getur í 21. gr. tilskipunar 2008/118/EB og að upplýsingum um flutning á vínafurðum sem eru í dreifingu samkvæmt fyrirkomulaginu sem mælt er fyrir um í IV. kafla þeirrar tilskipunar.

Þessi lögbæru yfirvöld skulu einnig hafa aðgang að upplýsingunum sem finna má í upplýsingakerfunum sem komið er á fót til að hafa eftirlit með flutningi á vínafurðum, öðrum en þeim sem um getur í fyrstu málsgrein.

Upplýsingarnar sem eru geymdar samkvæmt fyrstu og annarri málsgrein má einungis nota að því er varðar þessa reglugerð.

43. gr.

Gagnkvæm aðstoð

1. Ef lögbært yfirvald aðildarríkis framkvæmir eftirlit á sínu yfirráðasvæði er því heimilt að óska eftir upplýsingum frá lögbæru yfirvaldi í öðru aðildarríki sem getur orðið fyrir beinum eða óbeinum áhrifum. Slík beiðni skal lögð fram gegnum samskiptastofnanirnar, sem kveðið er á um í þriðju mgr. 40. gr., og veita skal aðstoðina tímanlega.

Þegar afurð, sem fellur undir eftirlitið sem um getur í fyrstu undirgrein, er upprunnin í þriðja landi og ef setning þessarar afurðar á markað kann að hafa sérstaka þýðingu fyrir hin aðildarríkin skal framkvæmdastjórninni ávallt tilkynnt um það.

Yfirvaldið sem beiðninni er beint til skal leggja fram allar þær upplýsingar sem geta gert yfirvaldinu sem leggur fram beiðnina kleift að sinna verkefnum sínum.

2. Að fenginni rökstuddri beiðni yfirvaldsins sem leggur beiðnina fram skal yfirvaldið, sem beiðninni er beint til, framkvæma eftirlit með það fyrir augum að ná þeim markmiðum sem stefnt er að, eins og lýst er í beiðninni, eða skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að slíkt eftirlit sé framkvæmt.

Yfirvaldið sem beiðninni er beint til skal koma fram eins og fyrir sína eigin hönd.

3. Í samráði við yfirvaldið sem beiðninni er beint til getur yfirvaldið sem leggur fram beiðnina tilnefnt embættismenn:

a) annaðhvort til að fá upplýsingar á athafnasvæði lögbærra yfirvalda aðildarríkisins þar sem yfirvaldið, sem beiðninni er beint til, er staðsett varðandi beitingu viðeigandi ákvæða um vínafurðir í reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, þessari reglugerð og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/274 eða varðandi eftirlit í tengslum við þær, þ.m.t. um gerð afrita af flutningsskjölum og öðrum skjölum eða útdráttum úr skrám,

b) eða til að vera viðstaddir á meðan eftirlitið, sem krafist er skv. 2. mgr., fer fram eftir að hafa upplýst yfirvaldið, sem beiðninni er beint til, um upphaf slíks eftirlits með góðum fyrirvara.

Afritin, sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar, er eingöngu heimilt að gera með samþykki yfirvaldsins sem beiðninni er beint til.

4. Embættismenn yfirvaldsins sem beiðninni er beint til skulu ætíð fara með stjórn eftirlits sem framkvæmt er á yfirráðasvæði aðildarríkis þeirra.

5. Embættismenn yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina skulu:

a) framvísa skriflegri heimild þar sem koma fram deili á þeim og opinber embætti þeirra,

b) með fyrirvara um þær takmarkanir sem aðildarríki yfirvaldsins, sem beiðninni er beint til, setur gagnvart eigin embættismönnum við framkvæmd á viðkomandi eftirliti, hafa:

   i. rétt til aðgangs, sem kveðið er á um í a- og b-lið 41. gr.,

   ii. rétt til að vera upplýstir um niðurstöður eftirlitsins sem embættismenn yfirvaldsins, sem beiðninni er beint til, framkvæma skv. c- og e-lið 41. gr.

6. Lögbært yfirvald aðildarríkisins, sem fór fram á sýnatökuna, skal bera þann kostnað sem stofnað er til í tengslum við töku, meðhöndlun og afgreiðslu á sýni og við framkvæmd greiningar- og skynmatsprófana í eftirlitsskyni. Slíkur kostnaður skal reiknaður út samkvæmt þeim gjöldum sem eiga við í aðildarríkinu þar sem aðgerðirnar eru framkvæmdar.

44. gr.

Sönnunargildi

Lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja er heimilt að skírskota til niðurstaðna embættismanna lögbærs yfirvalds í aðildarríki við beitingu þessa þáttar og hafa þær sama gildi og ef þær væru niðurstöður lögbæru landsyfirvaldanna.

45. gr.

Tilkynning um grun um að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum

Ef lögbært yfirvald aðildarríkis hefur ástæðu til að ætla eða fær vitneskju um að vínafurð sé ekki í samræmi við viðeigandi ákvæði um vínafurðir í reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, í reglunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og í framkvæmdar-reglugerð (ESB) 2018/274 eða að hún hafi fengist eða verið sett á markað með sviksamlegum hætti skal samskiptastofnunin í því aðildarríki án tafar tilkynna samskiptastofnuninni í sérhverju aðildarríki, sem hefur hagsmuna að gæta, um að ekki sé farið að þessum reglum og að það gæti leitt til stjórnsýsluráðstafana eða málshöfðunar.

Ef lögbær yfirvöld aðildarríkis komast að þeirri niðurstöðu eða hafa grun um að vínafurðir hafi verið viðfangsefni vörusvika, sem eru líkleg til að leiða til heilbrigðisáhættu fyrir neytendur, eða séu ekki í samræmi við ákvæði 80. eða 90. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 skal samskiptastofnun þess aðildarríkis tafarlaust upplýsa framkvæmdastjórnina og samskiptastofnanir annarra aðildarríkja og, ef við á, samskiptastofnanir hlutaðeigandi þriðju landa um það í gegnum upplýsingakerfið sem framkvæmdastjórnin kemur á fót.

II. ÞÁTTUR

VIÐURLÖG

46. gr.

Viðurlög og endurheimtarkostnaður í tengslum við plantanir sem ekki hefur verið veitt leyfi fyrir

Aðildarríkin skulu beita framleiðendur, sem ekki fara að skuldbindingunum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 71. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, fjárhagslegum viðurlögum.

Lágmark fjárhagslegu viðurlaganna skal vera:

a) 6000 evrur á hektara, ef framleiðandinn ryður allar plantanir sem ekki hefur verið veitt leyfi fyrir innan fjögurra mánaða frá þeim degi er honum er tilkynnt um misfelluna, eins og um getur í 2. mgr. 71. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013,

b) 12000 evrur á hektara, ef framleiðandinn ryður allar plantanir sem ekki hefur verið veitt leyfi fyrir á fyrsta árinu eftir að fjögurra mánaða fresturinn rennur út,

c) 20000 evrur á hektara, ef framleiðandinn ryður allar plantanir sem ekki hefur verið veitt leyfi fyrir eftir lok fyrsta ársins eftir að fjögurra mánaða fresturinn rennur út.

Ef áætlaðar árstekjur á svæðinu þar sem viðkomandi vínekrur eru staðsettar eru hærri en 6000 evrur á hektara geta aðildarríkin hækkað lágmarkið sem sett er í annarri undirgrein í hlutfalli við áætlaðar meðalárstekjur á hektara á því svæði.

Ef aðildarríki sér sjálft um ruðningu á plöntunum sem ekki hefur verið veitt leyfi fyrir skal tengdur kostnaður sem fellur á framleiðandann skv. 2. mgr. 71. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 reiknaður á hlutlægan hátt með teknu tilliti til launakostnaðar, notkunar á vélum og flutningum eða annars tilfallandi kostnaðar. Slíkum kostnaði skal bætt við viðurlögin.

47. gr.

Viðurlög sem varða fylgiskjöl og VI-1 skjöl m.t.t. ósamræmis við tilteknar reglur Sambandsins

1. Heimilt er að fresta beitingu 10., 11. og 12. gr. m.t.t. rekstraraðila, sem um getur í 1. mgr. 8. gr., ef lögbær yfirvöld aðildarríkis komast að þeirri niðurstöðu eða hafa grun um að vínafurðir hafi verið viðfangsefni vörusvika sem eru líkleg til að leiða til heilbrigðisáhættu fyrir neytendur eða séu ekki í samræmi við 80. eða 90. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

2. Heimilt er að fresta beitingu 26. og 27. gr. ef um er að ræða niðurstöður eða grun, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, að því er varðar innflutt vín.

48. gr.

Viðurlög ef ekki er staðið við skuldbindingar um að halda innfærslu- og útfærsluskrá, leggja fram yfirlýsingar eða gera tilkynningar

1. Rekstraraðilar, sem ber skylda til að halda innfærslu- og útfærsluskrá, leggja fram yfirlýsingar varðandi framleiðslu, uppskeru eða birgðir eða tilkynna lögbærum yfirvöldum um aðgerðir, sem um getur í 30. gr. (2. mgr.), en halda ekki slíkar skrár, leggja ekki fram slíkar yfirlýsingar fyrir þær dagsetningar sem um getur í 22., 23. og 24. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/274 eða gera ekki slíkar tilkynningar fyrir þá dagsetningu sem aðildarríkið ákveður skv. 30. gr. (2. mgr.) þessarar reglugerðar, skulu sæta stjórnsýsluviðurlögum.

2. Viðurlögin, sem um getur í 1. mgr., skulu vera í formi greiðslu tiltekinnar fjárhæðar og skulu aðildarríkin mæla fyrir um slík viðurlög og beita þeim á grundvelli verðmætis afurðanna, áætlaðs fjárhagslegs ávinnings eða efnahagslegs tjóns sem hlýst af svikum.

3. Ef um er að ræða alvarleg eða endurtekin tilvik þar sem ekki er farið að þeirri skyldu að leggja fram yfirlýsingar fyrir þær dagsetningar sem um getur í 1. mgr. skal viðkomandi rekstraraðili ekki njóta góðs af stuðningsráðstöfununum, sem kveðið er á um í 47. og 50. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, fyrir fjárhagsárið sem um er að ræða eða komandi fjárhagsár, með fyrirvara um eftirfarandi:

a) ef farið er fram yfir dagsetningarnar, sem um getur í 22., 23. og 24. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/274, en ekki meira en 15 virka daga skal einungs beita stjórnsýsluviðurlögunum sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar,

b) ef lögbær yfirvöld aðildarríkjanna telja upplýsingarnar í yfirlýsingunni, sem um getur í 1. mgr., vera ófullnægjandi eða rangar og ef vitneskja um upplýsingarnar sem vantar eða eru rangar er nauðsynleg vegna réttrar beitingar á stuðningsráðstöfununum, sem kveðið er á um í 47. og 50. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, skal sú aðstoð sem veitt er skert hlutfallslega um upphæð sem lögbært yfirvald ákveður, með hliðsjón af því hversu alvarlegt brotið er.

49. gr.

Undantekningartilvik og augljósar villur

1. Ef um er að ræða undantekningartilvik í skilningi 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1306/2013 skal ekki leggja á þau viðurlög sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

2. Leiðrétta má allar tilkynningar, kröfur eða beiðnir, sem beint er til aðildarríkjanna samkvæmt þessari reglugerð, hvenær sem er eftir að þær eru lagðar fram þegar um er að ræða augljósar villur sem lögbært yfirvald viðurkennir.

VIII. KAFLI

TILKYNNINGAR

50. gr.

Eðli og gerð upplýsinga sem skal tilkynna um

1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um eftirfarandi:

a) lög eða stjórnsýslufyrirmæli sem þau hafa samþykkt skv. a-lið 2. mgr. 120. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, þessari reglugerð og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/274,

b) heiti og heimilisfang lögbærra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd opinberrar greiningar, stjórnsýslumeðferð við vottun og eftirliti í tengslum við skrár og fylgiskjöl,

c) heiti og heimilisfang lögbærra yfirvalda sem bera ábyrgð á veitingu leyfa til að planta vínvið og þeirra sem bera ábyrgð á að halda og uppfæra skrána yfir vínekrur og að leggja fram uppfærða skrá yfir framleiðslugetu,

d) mörkin sem um getur í 1. og 2. lið fyrstu undirgreinar H-þáttar II. viðauka,

e) ráðstafanir sem þau hafa gert til að koma VII. kafla í framkvæmd, ef tilkynning um þessar ráðstafanir skiptir máli varðandi samstarf milli aðildarríkja, og heiti og heimilisfang samskiptastofnunarinnar sem hvert aðildarríki tilnefnir,

f) skilyrði sem þau beita að því er varðar gerð fylgiskjalanna sem um getur í iii. lið a-liðar og b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 10. gr.,

g) vínþrúguyrki sem beiting 81. gr. og b-liðar 2. mgr. 120. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 gildir um.

2. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um sérhverjar breytingar á heiti og heimilisfangi lögbæru yfirvaldanna og samskiptastofnananna sem framkvæmdastjórninni er tilkynnt um í samræmi við 1. mgr.

3. Tilkynningarnar, sem kveðið er á um í 1. mgr., skulu gerðar í samræmi við 34. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/274.

51. gr.

Birting upplýsinga sem eru tilkynntar

1. Á grundvelli tilkynninga frá lögbærum yfirvöldum þriðju landa skal framkvæmdastjórnin útbúa og uppfæra skrár sem innihalda eftirfarandi upplýsingar:

a) heiti og heimilisfang þar til bærra aðila í upprunalandi afurðarinnar sem ber ábyrgð á útgáfu VI-1 skjala,

b) heiti og heimilisfang stofnana eða deilda sem upprunalandið tilnefnir eða, ef þær eru ekki til staðar í upprunalandinu, rannsóknarstofu sem hefur þegar verið viðurkennd utan upprunalands afurðarinnar, í þeim tilgangi að fylla út greiningarskýrsluþátt VI-1 skjalanna,

c) heiti, heimilisfang og opinbert skráningarnúmer vínframleiðendanna og vinnsluaðilanna sem upprunaland afurðarinnar hefur veitt heimild til að útbúa VI-1 skjöl,

d) heiti og heimilisfang einnar samskiptastofnunar sem hefur verið tilnefnd í hverju þriðja landi til að taka á móti og áframsenda beiðnir um stjórnsýsluaðstoð og til að vera fulltrúi síns lands gagnvart framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum.

2. Framkvæmdastjórnin skal birta heiti og heimilisfang lögbæru yfirvaldanna sem um getur í 50. gr. (b- og c-lið 1. mgr.), upplýsingarnar varðandi framleiðslugetuna sem um getur í 50. gr. (c-lið 1. mgr.), heiti og heimilisfang samskiptastofnunarinnar sem um getur í 50. gr. (e-lið 1. mgr,), vínþrúguyrkin sem um getur í 50. gr. (g-lið 1. mgr.) og skrárnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

IX. KAFLI

BREYTINGAR, NIÐURFELLING, UMBREYTINGARÁKVÆÐI OG LOKAÁKVÆÐI

52. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 555/2008

Reglugerð (EB) nr. 555/2008 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæði 1. gr., 21. gr., 22. gr., 23. gr., 38. gr. til 54. gr., 74. gr., 83. gr. til 95. gr. a og 98. gr. til 102. gr. falli brott.

2) IX. til XIII. viðauki og XVI. til XXI. viðauki falli brott.

53. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 606/2009

Reglugerð (EB) nr. 606/2009 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæði 12. og 13. gr. falli brott.

2) Eftirfarandi 14. gr. a og 14. gr. b bætist við:

„14. gr. a

Lágmarkshlutfall alkóhóls í aukaafurðum fastsett

1. Með fyrirvara um 1. lið D-þáttar II. hluta VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 skulu aðildarríkin fastsetja lágmarkshlutfall alkóhólmagns, sem verður að vera í aukaafurðinni þegar búið er að skilja hana frá víninu, með tilliti til alkóhólmagnsins sem er í víninu sem framleitt er. Aðildarríkin geta breytt þessu lágmarkshlutfalli á grundvelli viðmiðana sem eru hlutlægar og án mismununar.

2. Ef viðeigandi hlutfall, sem aðildarríkin fastsetja skv. 1. mgr., næst ekki skal viðkomandi rekstraraðili afhenda vín úr eigin framleiðslu sem samsvarar því magni sem þarf til að ná lágmarkshlutfallinu.

3. Í þeim tilgangi að ákvarða áfengismagnið í aukaafurðunum með tilliti til áfengismagnsins sem er í víninu sem er framleitt skal staðlaður styrkur náttúrulegs alkóhóls í víni, miðað við rúmmál, sem á að nota á mismunandi vínræktarsvæðum, vera:

a) 8,0% á svæði A,

b) 8,5% á svæði B,

c) 9,0% á svæði C I,

d) 9,5% á svæði C II,

e) 10,0% á svæði C III.

14. gr. b

Ráðstöfun aukaafurða

1. Framleiðendur skulu innkalla aukaafurðir vínframleiðslu eða allrar annarrar vinnslu á þrúgum undir eftirliti lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna, með fyrirvara um kröfurnar um afhendingu og skráningu sem mælt er fyrir um í 9. gr. (b-lið 1. mgr.) framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/273 (*) og í 14. gr. (vii. lið b-liðar 1. mgr.) og 18. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/274 (**), eftir því sem við á.

2. Innköllunin skal framkvæmd án tafar og eigi síðar en í lok vínársins þegar aukaafurðirnar fengust, í samræmi við gildandi löggjöf Sambandsins, einkum að því er varðar umhverfið.

3. Aðildarríkin geta ákveðið að framleiðendur sem framleiða, á viðkomandi vínári, að hámarki 50 hektólítra af víni eða musti sjálfir eða á eigin athafnasvæði þurfi ekki að innkalla aukaafurðir sínar.

4. Framleiðendum er heimilt að uppfylla skylduna um ráðstöfun allra aukaafurða vínframleiðslunnar eða hluta þeirra eða um aðra vinnslu á þrúgum með því að afhenda aukaafurðirnar til eimingar. Lögbært yfirvald aðildarríkis skal votta slíka ráðstöfun aukaafurðanna.

5. Aðildarríkin geta ákveðið að afhending allra aukaafurða vínframleiðslunnar, eða hluta þeirra eða annarrar vinnslu á þrúgum, til eimingar verði gerð skyldubundin fyrir alla framleiðendur eða tiltekna framleiðendur á yfirráðasvæði þeirra á grundvelli viðmiðana sem eru hlutlægar og án mismununar.

(*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/273 frá 11. desember 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar fyrirkomulag við veitingu leyfa til plöntunar á vínvið, skrána yfir vínekrur, fylgiskjöl og vottun, innfærslu- og útfærsluskrána, lögboðnar yfirlýsingar, tilkynningar og birtingu tilkynntra upplýsinga og um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1306/2013 að því er varðar viðeigandi eftirlit og viðurlög, um breytingu á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 555/2008, (EB) nr. 606/2009 og (EB) nr. 607/2009 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 436/2009 og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/560 (Stjtíð. ESB L 58, 28.2.2018, bls. 1).

(**) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/274 frá 11. desember 2017 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar fyrirkomulag við veitingu leyfa til plöntunar á vínvið, vottun, innfærslu- og útfærsluskrána, lögboðnar yfirlýsingar og tilkynningar og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1306/2013 að því er varðar viðeigandi eftirlit og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/561 (Stjtíð. ESB L 58, 28.2.2018, bls. 60).“

54. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 607/2009

Í reglugerð (EB) nr. 607/2009 falli 63. gr. brott.

55. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (EB) nr. 436/2009 og framseld reglugerð (ESB) 2015/560 eru felldar úr gildi.

56. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. desember 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

(1) Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671.
(2) Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 549.
(3) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007 frá 22. október 2007 um sameiginlegt markaðskerfi í landbúnaði og um sértæk ákvæði varðandi tilteknar landbúnaðarvörur (reglugerðin um eitt sameiginlegt markaðskerfi) (Stjtíð. ESB L 299, 16.11.2007, bls. 1).
(4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 555/2008 frá 27. júní 2008 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir vín að því er varðar stuðningsáætlanir, viðskipti við þriðju lönd, framleiðslugetu og eftirlit innan víngeirans (Stjtíð. ESB L 170, 30.6.2008, bls. 1).
(5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 436/2009 frá 26. maí 2009 um nákvæmar reglur um beitingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 að því er varðar skrána yfir vínekrur, lögboðnar yfirlýsingar og söfnun upplýsinga til að vakta vínmarkaðinn, fylgiskjöl með sendingum vínafurða og skrár sem halda skal fyrir víngeirann (Stjtíð. ESB L 128, 27.5.2009, bls. 15).
(6) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009 frá 10. júlí 2009 um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 að því er varðar flokka vínræktarafurða, vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir þar að lútandi (Stjtíð. ESB L 193, 24.7.2009, bls. 1).
(7) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 607/2009 frá 14. júlí 2009 þar sem mælt er fyrir um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 um verndaðar upprunatáknanir, verndaðar, landfræðilegar merkingar, hefðbundin heiti, merkingu og framsetningu tiltekinna vínafurða (Stjtíð. ESB L 193, 24.7.2009, bls. 60).
(8) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/560 frá 15. desember 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar fyrirkomulag við veitingu leyfa til að planta vínvið (Stjtíð. ESB L 93, 9.4.2015, bls. 1).
(9) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/274 frá 11. desember 2017 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar fyrirkomulag við veitingu leyfa til plöntunar á vínvið, vottun, innfærslu- og útfærsluskrána, lögboðnar yfirlýsingar og tilkynningar og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1306/2013 að því er varðar viðeigandi eftirlit og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/561 (Stjtíð. ESB L 58, 28.2.2018, bls. 60).
(10) Tilskipun ráðsins 2008/118/EB frá 16. desember 2008 um almennt fyrirkomulag á vörugjaldi og um niðurfellingu tilskipunar 92/12/EBE (Stjtíð. ESB L 9, 14.1.2009, bls. 12).
(11) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013 frá 9. október 2013 um tollalög Sambandsins (Stjtíð. ESB L 269, 10.10.2013, bls. 1).
(12) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1186/2009 frá 16. nóvember 2009 um að koma á Bandalagsskipan um tollfríðindi (Stjtíð. ESB L 324, 10.12.2009, bls. 23).
(13) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1152/2003/EB frá 16. júní 2003 um tölvuvæðingu upplýsinga um flutning afurða sem borið geta vörugjald og um eftirlit með þeim (Stjtíð. ESB L 162, 1.7.2003, bls. 5).
(14) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 684/2009 frá 24. júlí 2009 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2008/118/EB að því er varðar málsmeðferðarreglur á tölvutæku formi um flutning vara sem bera vörugjald með tímabundinni frestun á vörugjaldi (Stjtíð. ESB L 197, 29.7.2009, bls. 24).
(15) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3649/92 frá 17. desember 1992 um einfaldað fylgiskjal vegna flutnings innan Bandalagsins á vörugjaldsskyldum afurðum sem hafa verið settar á neytendamarkað í sendingaraðildarríkinu (Stjtíð. EB L 369, 18.12.1992, bls. 17).
(16) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2447 frá 24. nóvember 2015 um ítarlegar reglur varðandi framkvæmd tiltekinna ákvæða reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013 um tollalög Sambandsins (Stjtíð. ESB L 343, 29.12.2015, bls. 558).
(17) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2446 frá 28. júlí 2015 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013 að því er varðar ítarlegar reglur varðandi tiltekin ákvæði tollalaga Sambandsins (Stjtíð. ESB L 343, 29.12.2015, bls. 1).
(18) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) (Stjtíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1).

I. VIÐAUKI

REGLUR SEM VARÐA HÆFISVIÐMIÐUNINA SEM ER TILGREIND Í c-LIÐ 1. MGR. 64. GR. REGLUGERÐAR (ESB) NR. 1308/2013 OG VIÐBÓTARVIÐMIÐUNINA SEM UM GETUR Í 1. MGR. 4. GR. ÞESSARAR REGLUGERÐAR

A. **Viðmiðun sem um getur í c-lið 1. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013**

Viðmiðunin sem um getur í c-lið 1. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 skal teljast uppfyllt ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

1) svæðið eða svæðin þar sem nýplöntun á að fara fram eru ætluð til framleiðslu á víni með tiltekna verndaða upprunatáknun svæðisins sem um ræðir eða

2) ef svæðið eða svæðin þar sem nýplöntun á að fara fram eru ekki ætluð til framleiðslu á víni með tiltekna verndaða upprunatáknun svæðisins sem um ræðir skal umsækjandinn taka á sig eftirfarandi skuldbindingar:

   a) að nota ekki eða setja á markað neinar af þeim þrúgum sem eru framleiddar á svæðunum þar sem nýplöntun hefur farið fram til að framleiða vín með verndaða upprunatáknun, þegar umrædd svæði eru staðsett innan svæða þar sem réttur til þess er til staðar,

   b) að ryðja ekki og endurplanta með það fyrir augum að endurplantaða svæðið öðlist rétt til framleiðslu á þrúgum fyrir vín með tilteknu vernduðu upprunatáknunina.

Umsækjandinn skal taka á sig þær skuldbindingar, sem um getur í 2. lið, í takmarkaðan tíma sem aðildarríkið fastsetur, sem má ekki vara lengur en til 31. desember 2030.

B. **Viðbótarviðmiðun sem um getur í 1. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar**

Viðbótarviðmiðunin sem um getur í 1. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar skal teljast uppfyllt ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

1) svæðið eða svæðin þar sem nýplöntun á að fara fram eru ætluð til framleiðslu á víni með tiltekna verndaða, landfræðilega merkingu svæðisins sem um ræðir eða

2) ef svæðið eða svæðin þar sem nýplöntun á að fara fram eru ekki ætluð til framleiðslu á víni með tiltekna verndaða, landfræðilega merkingu svæðisins sem um ræðir skal umsækjandinn taka á sig eftirfarandi skuldbindingar:

   a) að nota ekki eða setja á markað neinar af þeim þrúgum sem eru framleiddar á svæðunum þar sem nýplöntun hefur farið fram til að framleiða vín með verndaða, landfræðilega merkingu, þegar umrædd svæði eru staðsett innan svæða þar sem réttur til þess er til staðar,

   b) að ryðja ekki og endurplanta með það fyrir augum að endurplantaða svæðið öðlist rétt til framleiðslu á þrúgum fyrir vín með tilteknu vernduðu, landfræðilegu merkinguna.

Umsækjandinn skal taka á sig þær skuldbindingar, sem um getur í 2. lið, í takmarkaðan tíma sem aðildarríkið fastsetur, sem má ekki vara lengur en til 31. desember 2030.

———

II. VIÐAUKI

REGLUR SEM VARÐA FORGANGSVIÐMIÐANIRNAR SEM ERU TILGREINDAR Í a- TIL h-LIÐ 2. MGR. 64. GR. REGLUGERÐAR (ESB) NR. 1308/2013 OG VIÐBÓTARVIÐMIÐANIRNAR SEM UM GETUR Í 3. MGR. 4. GR. ÞESSARAR REGLUGERÐAR

A. **Viðmiðun sem um getur í a-lið 2. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013**

1) Lögaðilar skulu, án tillits til lagalegs form þeirra, teljast uppfylla þessa viðmiðun ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

a) einstaklingur sem er að planta vínvið í fyrsta skipti og er viðurkenndur sem yfirmaður bús („nýr aðili“) hefur raunverulegt og langvarandi stjórnunarvald yfir lögaðilanum með tilliti til ákvarðana sem tengjast stjórnun, ávinningum og fjárhagslegri áhættu. Ef nokkrir einstaklingar, þ.m.t. einn eða fleiri einstaklingar sem ekki eru nýir aðilar, eiga hlut í stofnfé eða taka þátt í stjórn lögaðilans skal nýi aðilinn vera fær um að beita slíku raunverulegu og langvarandi stjórnunarvaldi, annað hvort einn eða með öðrum einstaklingum, eða

b) ef lögaðila er eingöngu eða sameiginlega stjórnað af öðrum lögaðila skulu skilyrðin sem sett eru fram í a-lið gilda um hvern þann einstakling sem hefur stjórnunarvald yfir hinum lögaðilanum.

Skilyrðin sem mælt er fyrir um í a- og b-lið gilda að breyttu breytanda að því er varðar hóp einstaklinga, sama hvaða réttarstöðu hópurinn og aðilar hans hafa samkvæmt landslögum.

2) Aðildarríki geta ákveðið að bæta við þeirri viðbótarviðmiðun að umsækjandinn skuli vera einstaklingur sem er ekki eldri 40 ára á árinu þegar umsóknin er lögð fram („ungur framleiðandi“).

Lögaðilar sem um getur í 1. lið skulu teljast uppfylla viðbótarskilyrðið sem um getur í fyrsta undirlið þessa liðar ef einstaklingurinn, sem um getur í a- og b-lið 1. liðar, er ekki eldri en 40 ára á árinu þegar umsóknin er lögð fram.

Skilyrðin sem mælt er fyrir um í öðrum undirlið gilda að breyttu breytanda að því er varðar hóp einstaklinga sem um getur í öðrum undirlið 1. liðar.

3) Aðildarríki geta krafist þess að umsækjendurnir skuldbindi sig til að leigja ekki út eða selja svæðið eða svæðin þar sem nýplöntun hefur farið fram til annars einstaklings eða lögaðila í fimm ár.

Þegar umsækjandinn er lögaðili eða hópur einstaklinga geta aðildarríki einnig krafist þess að umsækjandinn framselji ekki til annars einstaklings eða einstaklinga raunverulegt og langvarandi stjórnunarvald sitt yfir búinu í fimm ár, með tilliti til ákvarðana um stjórnun, ávinning og fjárhagslega áhættu, nema viðkomandi einstaklingur eða einstaklingar uppfylli skilyrðin í 1. og 2. lið sem voru í gildi þegar leyfin voru veitt.

B. **Viðmiðun sem um getur í b-lið 2. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013**

Viðmiðunin sem um getur í b-lið 2. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 skal teljast uppfyllt ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

1) umsækjandinn skuldbindur sig til þess að fara að reglunum um lífræna framleiðslu sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 ([1]) og, eftir atvikum, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 ([2]) að því er varðar svæðið eða svæðin þar sem nýplöntun á að fara fram, eða allt búið, í minnst fimm til sjö ár. Slíkt tímabil skal ekki vara lengur en til 31. desember 2030.

Aðildarríki mega líta svo á að viðmiðunin sé uppfyllt ef umsækjendur eru þegar vínræktendur þegar umsóknin er lögð fram og hafa raunverulega beitt reglunum um lífræna framleiðslu, sem um getur í fyrsta undirlið, á öllu svæðinu á viðkomandi búi þar sem vínvið hefur verið plantað, í a.m.k. fimm ár áður en umsóknin var lögð fram,

([1]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 (Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1).

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 frá 5. september 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit (Stjtíð. ESB L 250, 18.9.2008, bls. 1).

2) umsækjandinn skuldbindur sig til þess að fara að einni af eftirfarandi viðmiðunarreglum eða vottunarkerfum umfram viðeigandi bindandi staðla sem komið var á skv. I. kafla VI. bálks reglugerðar (ESB) nr. 1306/2013 í minnst fimm til sjö ár en þó aldrei lengur en til 31. desember 2030:

   a) viðmiðunarreglur um samþættar varnir gegn skaðvöldum sem varða tilteknar plöntur eða geira og eiga við um vínrækt í samræmi við 5. mgr. 14. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/128/EB ([1]), þegar slíkar viðmiðunarreglur eru til,

   b) landsbundin vottunarkerfi fyrir samþætta framleiðslu, sem eiga við um vínrækt,

   c) landsbundin eða svæðisbundin umhverfisvottunarkerfi til að votta að farið sé að umhverfislöggjöf í tengslum við gæði jarðvegs og/eða vatns, líffræðilega fjölbreytni, varðveislu landslags, að dregið sé úr loftslagsbreytingum og/eða um aðlögun að loftslagsbreytingum, og eiga við um vínrækt.

   Vottunarkerfin, sem um getur í b- og c-lið, skulu votta að bóndinn fylgi starfsvenjum á búi sínu sem eru í samræmi við landsbundnar reglur um samþætta framleiðslu eða þau markmið sem um getur í c-lið. Þessi vottun skal framkvæmd af vottunarstofnunum sem eru faggiltar í samræmi við II. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 ([2]) og fylgja viðeigandi samhæfðum stöðlum, annað hvort „Samræmismat – Kröfur til aðila sem votta vörur, ferli og þjónustu“ eða „Samræmismat – Kröfur til stofnana sem annast úttektir og vottun stjórnunarkerfa“.

   Aðildarríki mega líta svo á að viðmiðunin sé uppfyllt ef umsækjendur eru þegar vínræktendur þegar umsóknin er lögð fram og hafa raunverulega beitt viðmiðunarreglunum eða vottunarkerfunum, sem um getur í fyrsta undirlið, á öllu svæðinu á viðkomandi búi þar sem vínvið hefur verið plantað, í a.m.k. fimm ár áður en umsóknin var lögð fram,

3) ef dreifbýlisþróunaráætlun eða -áætlanir aðildarríkja innihalda sértækar tegundir starfrækslu á sviði umhverfis- og loftslagsvæns landbúnaðar, sem mælt er fyrir um í 28. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1305/2013 ([3]), sem nær til svæða þar sem vínvið hefur verið plantað sem varðar það tiltekna svæði sem er tilgreint í umsókninni, og að því tilskildu að nægjanlegt fjármagn sé tiltækt, telst umsækjandinn hæfur og skuldbindur sig til að sækja um umrædda tegund eða tegundir starfrækslu fyrir svæðið þar sem nýplöntun á að fara fram, og að uppfylla skuldbindingarnar sem settar eru fram í viðeigandi dreifbýlisþróunaráætlun eða -áætlunum fyrir umrædda sértæka starfrækslu á sviði umhverfis- og loftslagsvæns landbúnaðar,

4) sú tiltekna landspilda eða -spildur sem tilgreindar eru í umsókninni eru staðsettar í halla þar sem eru stallar.

   Aðildarríki geta einnig krafist þess að framleiðendur skuldbindi sig, í minnst fimm til sjö ár, til að ryðja ekki og endurplanta á svæðum sem uppfylla ekki þessi skilyrði. Slíkt tímabil skal ekki vara lengur en til 31. desember 2030.

C. **Viðmiðun sem um getur í c-lið 2. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013**

Viðmiðunin sem um getur í c-lið 2. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 skal teljast uppfyllt ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1) landspildan eða spildurnar sem eru tilgreindar í umsókninni urðu eign umsækjandans vegna skipta á annarri landspildu eða -spildum þar sem vínvið hafði verið plantað innan ramma verkefnis til sameiningar jarðarparta,

2) vínvið hefur ekki verið plantað á landspildu eða -spildum sem eru tilgreindar í umsókninni eða þar hefur verið plantað vínvið á smærra svæði en því sem tapaðist vegna framkvæmdar slíks verkefnis til sameiningar jarðarparta,

3) heildarsvæðið, sem óskað er eftir leyfi fyrir, er ekki stærra en mismunurinn, ef einhver er, á milli svæðisins þar sem vínvið hefur verið plantað, á landspildunni eða -spildunum sem áður var eignarhald á og þess sem er tilgreint í umsókninni.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/128/EB frá 21. október 2009 um aðgerðaramma Bandalagsins til að ná fram sjálfbærri notkun varnarefna (Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 71).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum og um niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 339/93 (Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1305/2013 frá 17. desember 2013 um stuðning Dreifbýlisþróunarsjóðs evrópsks landbúnaðar (EAFRD) við dreifbýlisþróun og niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1698/2005 (Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 487).

D. **Viðmiðun sem um getur í d-lið 2. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013**

Viðmiðunin sem um getur í d-lið 2. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 skal teljast uppfyllt ef sú tiltekna landspilda eða -spildur sem eru tilgreindar í umsókninni eru staðsettar á einni af eftirfarandi tegundum svæða:

1) svæði undir áhrifum af þurrki, þar sem hlutfall árlegrar úrkomu á móti hlutfalli heildargufunar er innan við 0,5,

2) svæði þar sem rótardýpt er grunn, þ.e. innan við 30 cm,

3) svæði þar sem áferð jarðvegs og steinainnihald eru óhagstæð samkvæmt skilgreiningunni og mörkunum sem mælt er fyrir um í III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1305/2013,

4) svæði þar sem halli er minnst 15%,

5) svæði sem eru staðsett á fjallasvæðum sem eru hærra en a.m.k. 500 m yfir sjávarmáli, að hásléttum undanskildum,

6) svæði á ystu svæðum Sambandsins sem um getur í 349. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og á smærri eyjunum í Eyjahafi eins og er skilgreint í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 229/2013 ([1]) eða á smáeyjum þar sem heildarlandþekja er undir 250 km^2 og sem einkennast af kerfislægum eða félagslegum og hagrænum takmörkunum.

Aðildarríki geta einnig krafist þess að framleiðendur skuldbindi sig, í minnst fimm til sjö ár, til að ryðja ekki og endurplanta á svæðum sem ekki standa frammi fyrir náttúrulegum eða öðrum sértækum takmörkunum. Slíkt tímabil skal ekki vara lengur en til 31. desember 2030.

Aðildarríki geta, í síðasta lagi árið 2018, ákveðið að undanskilja eitt eða fleiri af þeim svæðum sem eru tilgreind í fyrsta undirlið frá því að þurfa að uppfylla þessa forgangsviðmiðun ef þeim er ekki fært með markvissum hætti að meta hvort það er gert.

E. **Viðmiðun sem um getur í e-lið 2. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013**

Viðmiðunin sem um getur í e-lið 2. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 skal teljast uppfyllt ef efnahagsleg sjálfbærni viðkomandi verkefnis byggist á einni eða fleiri af eftirfarandi stöðluðum aðferðum við fjárhagslega greiningu fyrir fjárfestingarverkefni í landbúnaði:

1) Hreint núvirði

2) Innri vextir

3) Ábata-/kostnaðarhlutfall

4) Endurgreiðslutími

5) Hreinn viðbótarábati

Aðferðinni skal beitt á máta sem er aðlagaður að tegund umsækjanda.

Aðildarríkin skulu enn fremur krefjast þess að umsækjandinn komi upp nýju vínviðarplöntuninni í samræmi við þá tæknilegu eiginleika sem eru tilteknir í umsókninni.

F. **Viðmiðun sem um getur í f-lið 2. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013**

Viðmiðunin sem um getur í f-lið 2. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 skal teljast uppfyllt ef möguleikinn á aukinni samkeppnishæfni byggist á einu af eftirfarandi sjónarmiðum:

1) svæðin þar sem starfandi vínræktandi ætlar að hefja nýplöntun geta skapað stærðarhagkvæmni vegna umtalsverðrar minnkunar á kostnaði á einingu, sem er bundinn við svæðið þar sem nýplöntun hefur farið fram, miðað við meðaltal fyrir vínekrur sem þegar eru til staðar á búi eða við meðaltalið fyrir svæðið,

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 229/2013 frá 13. mars 2013 um sértækar ráðstafanir í landbúnaði í þágu minni eyjanna í Eyjahafi og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1405/2006 (Stjtíð. ESB L 78, 20.3.2013, bls. 41).

2) svæðin þar sem starfandi vínræktandi ætlar að hefja nýplöntun geta skapað betri aðlögun að markaðskröfum vegna hærra verðs sem fæst fyrir afurðirnar eða fjölgunar á söluleiðum miðað við vínekrur sem þegar eru til staðar á búi eða við meðaltalið fyrir svæðið,

3) svæðin þar sem nýr aðili í geiranum ætlar að hefja nýplöntun geta stuðlað að notkun á framleiðslulíkani á býlinu sem gefur meira í aðra hönd en meðaltalið fyrir svæðið.

Aðildarríki geta skilgreint nánar sjónarmiðin sem eru tilgreind í 1., 2. og 3. lið.

Aðildarríkin skulu enn fremur krefjast þess að umsækjandinn komi upp nýju vínviðarplöntuninni í samræmi við þá tæknilegu eiginleika sem eru tilteknir í umsókninni.

G. **Viðmiðun sem um getur í g-lið 2. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013**

Viðmiðunin sem um getur í g-lið 2. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 skal teljast uppfyllt ef landspildan eða -spildurnar þar sem plöntunin á að fara fram eru staðsettar innan landfræðilegs framleiðslusvæðis fyrirliggjandi verndaðrar upprunatáknunar eða verndaðrar, landfræðilegrar merkingar, ef nota á þrúgurnar sem framleiddar verða í vín með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu og eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

1) landspildan eða -spildurnar þar sem plöntun á að fara fram er með betri jarðvegs- og loftslagseiginleika samanborið við aðrar landspildur með vínekrum sem uppfylla forskriftir landfræðilegrar merkingar á sama svæði,

2) þrúguyrkið eða -yrkin eða klón þeirra sem á að planta eru betur aðlöguð að sérstökum jarðvegs- og loftslagseiginleikum landspildunnar eða -spildnanna, þar sem plöntunin á að fara fram, samanborið við landspildur með vínekrum sem uppfylla forskriftir landfræðilegra merkinga, með svipaða jarðvegs- og loftslagseiginleika og eru staðsettar á sama svæði en eru vaxnar öðrum yrkjum eða öðrum klónum af sama yrki eða yrkjum,

3) þrúguyrkið eða -yrkin eða klón þeirra sem á að planta auka fjölbreytni þrúguyrkja eða klóna þeirra yrkja sem þegar eru til staðar á sama framleiðslulandsvæði og verndaða upprunatáknunin eða verndaða landfræðilega merkingin,

4) kerfið eða kerfin sem beitt er við að móta vínviðinn eða uppbygging vínekrunnar sem á að koma á fót á svæðinu eða svæðunum þar sem nýplöntun hefur farið fram gefur möguleika á að skila þrúgum í hærri gæðaflokki samanborið við þau mótunarkerfi og/eða þær uppbyggingar sem eru mest notaðar á sama framleiðslulandsvæði og verndaða upprunatáknunin eða verndaða landfræðilega merkingin.

Aðildarríki geta skilgreint nánar skilyrðin sem um getur í 1. til 4. lið.

Aðildarríkin skulu enn fremur krefjast þess að umsækjandinn komi upp nýju vínviðarplöntuninni í samræmi við þá tæknilegu eiginleika sem eru tilteknir í umsókninni.

Aðildarríkin geta beitt þessari forgangsviðmiðun á umsóknir um nýplantanir á svæði sem hefur verið afmarkað í tækniskjalinu sem fylgir umsókn um vernd fyrir upprunatáknun eða landfræðilega merkingu sem er í undanfarandi landsbundinni málsmeðferð eða á athugunartímabili hjá framkvæmdastjórninni. Í slíkum tilvikum gilda skilyrðin sem eru tilgreind í 1. til 4. lið að breyttu breytanda.

H. **Viðmiðun sem um getur í h-lið 2. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013**

Viðmiðunin sem um getur í h-lið 2. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 skal teljast uppfyllt ef stærð bús umsækjandans þegar umsóknin er lögð fram uppfyllir mörkin sem aðildarríkin skulu setja á landsvísu eða á svæðisvísu á grundvelli hlutlægra viðmiðana. Slík mörk skulu fastsett við:

1) minnst 0,5 hektara fyrir lítil bú,

2) mest 50 hektara fyrir meðalstór bú.

Aðildarríkin geta enn fremur krafist að farið sé að einu eða fleiri af eftirfarandi skilyrðum:

1) stærð bús umsækjandans mun stækka vegna nýplöntunarinnar,

2) umsækjandinn ræður þegar yfir svæði þar sem vínvið hefur verið plantað og sem nýtur ekki undanþáganna sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 62. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 þegar umsóknin er lögð fram.

I. **Viðbótarviðmiðun sem um getur í 3. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar**

I. ***„Fyrri hegðun framleiðandans“***

Viðbótarviðmiðunin sem um getur í 3. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar skal teljast uppfyllt ef umsækjandinn er ekki með vínvið sem var plantað án þess að leyfi væri fyrir hendi, sem um getur í 71. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, eða án réttinda til plöntunar, sem um getur í 85. gr. a og 85. gr. b í reglugerð (EB) nr. 1234/2007.

Aðildarríkin geta enn fremur krafist að farið sé að einu eða fleiri af eftirfarandi skilyrðum:

1) að ekkert leyfi sem umsækjandanum var áður veitt í samræmi við 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 hafi runnið út vegna þess að það var ekki nýtt,

2) að umsækjandinn hafi uppfyllt allar þær skuldbindingar sem um getur í A- og B-þætti I. viðauka, í A-, B- og D- til G-þætti þessa viðauka og í II. lið þessa þáttar,

3) að umsækjandinn ráði ekki yfir svæðum þar sem vínvið hefur verið plantað sem hefur ekki verið nýttur til framleiðslu í a.m.k. átta ár.

II. ***„Stofnanir sem eru ekki reknar í hagnaðarskyni og hafa félagslegan tilgang og hafa fengið afhent land sem var gert upptækt í tengslum við hryðjuverkastarfsemi og aðrar tegundir afbrota“***

Viðbótarviðmiðunin sem um getur í 3. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar skal teljast uppfyllt ef umsækjandinn er lögaðili, án tillits til lagalegs forms hans, og ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1) umsækjandinn er stofnun sem er ekki rekin í hagnaðarskyni og eini tilgangur hennar er félagsleg starfsemi,

2) umsækjandinn notar landið, sem var gert upptækt, einungis til að þjóna hinum félagslega tilgangi sínum skv. 10. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/42/ESB ([1]).

Aðildarríki geta einnig krafist þess að umsækjendur sem fara að þessari viðmiðun skuldbindi sig, á tímabili sem aðildarríkið ákveður, til að leigja ekki út eða selja svæðið eða svæðin þar sem nýplöntun hefur farið fram til annars einstaklings eða lögaðila. Slíkt tímabil skal ekki vera lengur en til 31. desember 2030.

———

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/42/ESB frá 3. apríl 2014 um frystingu og upptöku verknaðartækja og ávinnings af refsiverðum verknuðum í Evrópusambandinu (Stjtíð. ESB L 127, 29.4.2014, bls. 39).

III. VIÐAUKI

LÁGMARKSUPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ VERA Í SKRÁNNI YFIR VÍNEKRUR OG UPPFÆRÐAR ÞAR OG NÁKVÆMAR SKILGREININGAR SEM VARÐA ÞESSAR UPPLÝSINGAR EINS OG UM GETUR Í 7. GR.

1. UNDIRSKRÁ UM VÍNRÆKTENDUR

1.1. **Auðkenning og staðsetning**

1) Deili á vínræktandanum (sem samrýmist sameiginlega kerfinu til að skrá deili á hverjum aðstoðarþega, sem um getur í f-lið 1. mgr. 68. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1306/2013, og skrám eða upplýsingum í vörslu aðildarríkja).

2) Skrá yfir allar vínekruspildur sem teljast ekki innihalda yfirgefin vínræktarsvæði eingöngu og staðsetning þeirra (auðkenning sem samræmist auðkenningarkerfinu fyrir landbúnaðarspildur sem um getur í b-lið 1. mgr. 68. gr. og 1. mgr. 70. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1306/2013).

1.2. **Einkenni svæðis eða svæða þar sem vínvið hefur verið plantað á vínekruspildu**

Þessar upplýsingar í tengslum við hverja vínekruspildu skulu sýndar sérstaklega í undirskránni um vínræktendur. Þegar slíkt er mögulegt vegna sams konar eiginleika vínekruspildna mega upplýsingarnar þó eiga við um nokkrar samliggjandi vínekruspildur eða hluta af samliggjandi spildu eða spildum að því tilskildu að enn sé hægt að auðkenna hverja spildu.

1) Auðkenning vínekruspildunnar: auðkenningarkerfið fyrir vínekruspildur skal ákvarðað á grundvelli korta, þinglýstra fasteignaskjala eða annarra gagna sem eru sett fram sem kort. Nota skal tölvuvædd landupplýsingakerfi, þ.m.t. uppréttar loftmyndir eða uppréttar gervitunglamyndir, með einsleita stöðlun sem tryggir nákvæmnisstig sem er a.m.k. jafngilt og kort á mælikvarðanum 1: 5 000 (eða 1:10 000 hafi þær fengist á grundvelli langtímasamninga sem voru samþykktir fyrir nóvember 2012), að teknu tilliti til tekið til útlína og ástands spildunnar. Þetta skal fastsett í samræmi við gildandi staðla Sambandsins.

2) Flatarmál vínekruspildunnar

Í tilvikum þegar vínviður er ræktaður ásamt öðrum nytjaplöntum:

a) heildarflatarmál viðkomandi spildu,

b) flatarmál svæðis þar sem vínvið hefur verið plantað gefið upp sem hreinrækt (til umreiknings skal nota viðeigandi reiknistuðla sem aðildarríkið hefur ákveðið).

3) Flatarmál vínekruspildunnar eða, eftir því sem við á, flatarmál gefið upp sem hreinrækt, með eftirfarandi sundurliðun varðandi flatarmál svæðis eða svæða þar sem vínvið hefur verið plantað (upplýsingar sem samrýmast tilkynningunum sem um getur í a-lið 1. mgr. 33. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/274 og I. hluta IV. viðauka við þá reglugerð, sem liggja til grundvallar, ef þær eru notaðar, á útreikningi á því 1% sem um getur í 1. mgr. 63. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013):

a) svæði þar sem vínvið hefur verið plantað þar sem framleiða má vín með VUT,

b) svæði þar sem vínvið hefur verið plantað þar sem framleiða má vín með VLM,

— þar sem einnig má framleiða vín með VUT og vín án VUT/VLM,

— þar sem eingöngu má framleiða vín með VLM og vín án VUT/VLM,

c) svæði þar sem vínvið hefur verið plantað þar sem eingöngu má framleiða vín án VUT/VLM en er staðsett innan landfræðilegs framleiðslusvæðis VUT/VLM,

d) svæði þar sem vínvið hefur verið plantað þar sem eingöngu má framleiða vín án VUT/VLM og er staðsett utan landfræðilegs framleiðslusvæðis VUT/VLM,

e) svæði þar sem vínvið hefur verið plantað til annarrar notkunar.

4) Vínþrúguyrki sem eru ræktuð, samsvarandi mat á flatarmáli svæða og hlutföllum innan viðkomandi vínekruspildu sem og litur þrúgunnar (upplýsingar sem samrýmast reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1337/2011 ([1])).

5) Ártal plöntunar eða, ef það er ekki þekkt, mat á aldri viðkomandi vínekruspildu (upplýsingar sem samrýmast reglugerð (ESB) nr. 1337/2011).

6) Flatarmál svæðis þar sem vínvið hefur verið plantað sem hefur verið endurskipulagt eða umbreytt í samræmi við 46. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 (upplýsingar sem samrýmast tilkynningunum sem um getur í töflunum í IV., V. og VI. hluta IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/274).

7) Flatarmál svæðis þar sem vínvið hefur verið plantað þar sem grænuppskera hefur farið fram í samræmi við 47. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 (upplýsingar sem samrýmast tilkynningunum sem um getur í töflunum í IV., V. og VI. hluta IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/274).

Upplýsingarnar, sem um getur í 6. og 7. lið, verða einnig að taka til allra svæða sem hafa verið endurskipulögð eða umbreytt eða þar sem grænuppskera hefur farið fram í samræmi við 46. og 47. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 (upplýsingar sem samrýmast tilkynningunum sem um getur í IV. viðauka, IV. viðauka a og VI. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1150 ([2])).

Ef öll svæði þar sem vínvið hefur verið plantað, sem eru í undirskránni um vínræktendur, eru yfirgefin eða eru notuð fyrir annað en vínrækt skal undirskráin fjarlægð úr skránni yfir vínekrur eða merkt og viðkomandi svæði dregin frá þeim sem um getur í lið 1.2 í þessum viðauka.

1.3. **Yfirlýsingar**

Uppskeruyfirlýsing (upplýsingar sem samrýmast uppskeruyfirlýsingunum sem um getur í 33. gr.).

2. UNDIRSKRÁ UM FRAMLEIÐSLU

2.1. **Auðkenning**

Deili á einstaklingi eða lögaðila eða hópi slíkra aðila sem er skylt að leggja fram framleiðsluyfirlýsinguna sem kveðið er á um í 31. gr.

2.2. **Yfirlýsingar**

a) Framleiðsluyfirlýsing (upplýsingar sem samrýmast framleiðsluyfirlýsingunum sem um getur í 31. gr.).

b) Birgðayfirlýsing (upplýsingar sem samrýmast birgðayfirlýsingunum sem um getur í 32. gr.).

———

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1337/2011 frá 13. desember 2011 um evrópskar hagskýrslur um fjölærar nytjaplöntur og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 357/79 og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/109/EB (Stjtíð. ESB L 347, 30.12.2011, bls. 7).

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1150 frá 15. apríl 2016 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar landsbundnar stuðningsáætlanir í víngeiranum (Stjtíð. ESB L 190, 15.7.2016, bls. 23).

IV. VIÐAUKI

LÁGMARKSUPPLÝSINGAR TIL VIÐBÓTAR Í SKRÁNNI YFIR VÍNEKRUR OG NÁKVÆMAR SKILGREININGAR SEM VARÐA ÞESSAR UPPLÝSINGAR EINS OG UM GETUR Í 1. MGR. 7. GR.

1. UNDIRSKRÁ UM VÍNRÆKTENDUR

1.1. **Auðkenning og staðsetning**

1) Leyfi sem er sótt um, veitt og ekki búið að nýta til plöntunar og viðkomandi tiltekið svæði (upplýsingar sem samrýmast tilkynningunum sem um getur í a-lið 2. mgr. 33. gr. og í töflunum í IV. hluta IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/274).

2) Réttindi til plöntunar (eftir tegund) þar til frestur fyrir umbreytingu yfir í leyfi, sem aðildarríki ákvarða, er liðinn (upplýsingar sem samrýmast tilkynningunni sem gera skal fyrir 1. mars 2016, sem um getur í 11. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/561 ([1]) og í töflu A í VII. viðauka við þá reglugerð).

1.2. **Einkenni svæðis eða svæða þar sem vínvið hefur verið plantað á vínekruspildum**

Þessar upplýsingar í tengslum við hverja vínekruspildu skulu sýndar sérstaklega í undirskránni um vínræktendur. Þegar slíkt er mögulegt vegna sams konar eiginleika vínekruspildna mega upplýsingarnar þó eiga við um nokkrar samliggjandi vínekruspildur eða hluta af samliggjandi spildu eða spildum að því tilskildu að enn sé hægt að auðkenna hverja spildu.

1) Svæði sem njóta eftirfarandi undanþága frá fyrirkomulaginu við veitingu leyfa til plöntunar á vínvið:

a) svæði þar sem fram fer plöntun eða endurplöntun í tilraunaskyni (þ.m.t. þau sem eru með vínþrúguyrki sem eru ekki flokkuð í samræmi við 81. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013),

b) svæði þar sem fram fer plöntun eða endurplöntun fyrir gróðrarstöðvar fyrir ágræðslukvisti.

2) Svæði þar sem vínvið hefur verið plantað án leyfis eftir 31. desember 2015 og svæði, sem ekki hefur verið veitt leyfi fyrir, sem hafa verið rudd (upplýsingar sem samrýmast tilkynningunum sem um getur í e-lið 1. mgr. 33. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/274 og í III. viðauka við þá reglugerð).

3) Svæði þar sem vínvið hefur verið plantað án réttinda til plöntunar fyrir 1. janúar 2016 og ólögmæt plöntun sem hefur verið rudd (upplýsingar sem samrýmast tilkynningunum sem um getur í 2. mgr. 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 555/2008 og í töflum 3 og 7 í XIII. viðauka við þá reglugerð).

———

([1]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/561 frá 7. apríl 2015 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar fyrirkomulag við veitingu leyfa til að planta vínvið (Stjtíð. ESB L 93, 9.4.2015, bls. 12).

V. VIÐAUKI

FYLGISKJÖL

A. KRÖFUR VEGNA NOTKUNAR Á FYLGISKJALI

Upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. 10. gr. skulu settar fram í formi færslna sem settar eru fram í dálki nr. 1 í eftirfarandi töflu.

Að því er varðar skjölin sem um getur í i. og iii. lið a-liðar fyrstu undirgreinar 1. mgr. 10. gr. eru þessar færslur auðkenndar með númerunum og bókstöfunum sem koma fram í A- og B-dálki í töflunum í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 684/2009 (dálkur nr. 2 í eftirfarandi töflu).

Að því er varðar skjölin sem um getur í ii. lið a-liðar fyrstu undirgreinar 1. mgr. 10. gr. eru þessar færslur auðkenndar með númerum og bókstöfum í reglugerð (EBE) nr. 3649/92 (dálkur nr. 3 í eftirfarandi töflu).

Aðildarríkin skulu ákvarða röð færslnanna og nánari atriði varðandi framsetningu þeirra, á grundvelli reglnanna sem settar eru fram í B-þætti þessa viðauka.

1	2	3
Tilvísunarnúmer: hver sending skal bera tilvísunarnúmer sem auðkennir hana í skrám sendanda. Þetta númer er, eftir atvikum, ARC númer, MVV númer eða tilvísunarnúmer einfaldaða fylgiskjalsins sem fylgiskjalinu er úthlutað á formi þess sem stjórnsýslulegs eða viðskiptalegs skjals.	Nr. 1d	Nr. 2
Sendandi: fullt nafn og heimilisfang auk póstnúmers og vörugjaldsnúmers (SEED) viðurkennds umráðamanns vörugeymslunnar eða skráðs sendanda, eftir því sem við á.	Nr. 2	Nr. 1
Sendingarstaður: raunverulegur sendingarstaður, ef vörurnar eru ekki sendar frá heimilisfangi sendanda.	Nr. 3	Nr. 1
Viðtakandi: fullt nafn og heimilisfang auk póstnúmers og vörugjaldsnúmers (SEED) viðurkennds umráðamanns vörugeymslunnar eða skráðs viðtakanda, eftir því sem við á.	Nr. 5	Nr. 4
Afhendingarstaður: raunverulegur afhendingarstaður ef vörurnar eru ekki afhentar á heimilisfang viðtakanda.	Nr. 7	Nr. 7
Lögbær yfirvöld á sendingarstað: nafn og heimilisfang lögbæra yfirvaldsins sem ber ábyrgð á eftirliti með gerð fylgiskjala á sendingarstað. Þessa er einungis krafist ef um er að ræða flutning til annars aðildarríkis eða útflutning út úr Sambandinu.	Nr. 10	Reitur A
Flutningsaðili: nafn og heimilisfang þess aðila sem ber ábyrgð á að skipuleggja fyrsta flutning (ef annar en sendandi).	Nr. 15	Nr. 5
Aðrar upplýsingar um flutning: a) flutningsmáti (völuflutningabifreið, sendibifreið, tankbifreið, bifreið, járnbrautarvagn, járnbrautartankvagn, flugvél, skip), b) skráningarnúmer eða, ef um er að ræða skip, heiti (valkvæðar upplýsingar). Ef breytt er um flutningsmáta skal flytjandi sem fermir afurðina gefa upplýsingar á bakhlið skjalsins um: — sendingardag, — flutningsmáta og skráningarnúmer ökutækis og heiti skips, — nafn sitt, eiginnafn eða heiti fyrirtækis og heimilisfang auk póstnúmers. Ef breytt er um afhendingarstað: raunverulegan afhendingarstað.	Nr. 16	Nr. 5

1	2	3
SN-númer	Nr. 17c	Nr. 9
Lýsing á afurðinni: í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 og aðrar landsreglur sem eiga við, einkum skyldubundnar upplýsingar.	Nr. 17p	Nr. 8
Lýsing á pakkningum afurða: kenninúmer og fjöldi pakkninga, fjöldi innri pakkninga. Ef um er að ræða önnur skjöl en þau sem um getur í i. lið a-liðar fyrstu undirgreinar 1. mgr. 10. gr. má setja framhald lýsingar á sérstakt blað sem er fest við hvert afrit. Hægt er að nota pökkunarskrá í þessum tilgangi.	Nr. 17.1	Nr. 8
Vegna flutninga í lausu: — á víni: raunverulegur alkóhólstyrkleiki, — á afurðum sem ekki eru gerjaðar: brotstuðull eða eðlismassi, — á afurðum í gerjun: heildaralkóhólstyrkleiki, — á víni með sykurleifar yfir 4 grömm á lítra: heildaralkóhólstyrkleiki auk raunverulegs alkóhólstyrkleika.	Nr. 17g og 17o	Nr. 8
Valkvæðar upplýsingar fyrir flutning í lausu: að því er varðar flutning í lausu á vínunum sem um getur í 1. til 9. lið, 15. og 16. lið í II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 skal afurðalýsingin innihalda valkvæðu upplýsingarnar, sem settar eru fram í 120. gr. þeirrar reglugerðar, að því tilskildu að þær komi fram á merkingunum eða að fyrirhugað sé að þær komi fram á merkingunum.	Nr. 17p	Nr. 8
Magn: — afurða í lausu: heildarnettómagn, — pakkaðra afurða: fjöldi íláta sem eru notuð.	Nr. 17d/f og 17.l	Nr. 8
Vottanir: vottun um VUT, vottun um VLM eða vottun um árgang eða vínþrúguyrki: sjá 11. og 12. gr.	Nr. 17l	Nr. 14
Flokkur vínafurða	Nr. 17.2a	Nr. 8
Kóði vínræktarsvæðis	Nr. 17.2b	Nr. 8
Kóði fyrir flutning á víni	Nr. 17.2.1a	Nr. 8
Vottorð — eftirlit við útflutning, eftir því sem við á	Nr. 18	A
Sendingardagur og, ef aðildarríkið þar sem flutningsaðgerðin hefst mælir fyrir um slíkt, tímasetning sendingar	Nr. 18	Nr. 15
Uppáskrift frá þar til bærum aðila á sendingarstað, þegar um er að ræða önnur skjöl en þau sem um getur í i. lið a-liðar fyrstu undirgreinar 1. mgr. 10. gr. (ef þess er krafist).	Nr. 18	Nr. 15

B. LEIÐBEININGAR VIÐ GERÐ OG NOTKUN FYLGISKJALA

1. **Almennar reglur**

1.1. Þegar skjölin, sem um getur í 10. gr. (i. lið a-liðar fyrstu undirgreinar 1. mgr.), bera ARC númer sem tölvukerfið, sem um getur í 21. gr. (2. mgr.) tilskipunar 2008/118/EB, úthlutar eða MVV númer sem upplýsingakerfi sem sendingaraðildarríkið kemur á fót, sem um getur í 10. gr. (iii. lið a-liðar fyrstu undirgreinar 1. mgr.), úthlutar skulu upplýsingarnar, sem um getur í A-þætti, geymdar í kerfinu sem er notað.

1.2. Efst á skjölunum, sem um getur í öðrum undirlið iii. liðar a-liðar í fyrstu undirgrein 1. mgr. 10. gr., skal vera kennimerki Sambandsins, orðið „Evrópusambandið“, heiti sendingaraðildarríkisins og tákn eða kennimerki sem auðkennir sendingaraðildarríkið.

Á skjölunum, sem um getur í i. og ii. lið a-liðar og fyrsta undirlið iii. liðar a-liðar fyrstu undirgreinar 1. mgr. 10. gr., mega koma fram þær upplýsingar sem um getur í fyrstu undirgrein þessa liðar.

1.3. Skjölin sem um getur í 1. mgr. 10. gr. skulu fyllt þannig út að stafirnir séu auðlæsilegir og óafmáanlegir. Ekki má afmá eða skrifa yfir orð í skjalinu.

Sérhvert afrit af skjali sem krafist er skal merkt „afrit“ eða vera með jafngilda merkingu.

1.4. Heimilt er að fylla út eitt skjal ef fluttar eru frá einum og sama sendanda til sama viðtakanda í einni sendingu:

a) margar framleiðslulotur í sama afurðaflokki eða

b) margar framleiðslulotur í mismunandi afurðaflokkum, að því tilskildu að þær séu í merktum ílátum með nafnrúmmál að hámarki 60 lítrar og með einnota lokunarbúnaði.

1.5. Í því tilviki sem um getur í 1. mgr. 17. gr., eða ef lögbært yfirvald fyllir út fylgiskjal með sendingunni, gildir skjalið því aðeins að flutningurinn hefjist eigi síðar en á fimmta virka degi eftir fullgildingardag þess eða daginn sem það var fyllt út, eins og við á.

1.6. Ef afurðir eru fluttar í aðskildu rými í sama flutningagámi eða er blandað saman í flutningi verður að fylla út skjal til að fylgja hverjum hluta um sig, hvort sem þær eru fluttar aðskildar eða samanblandaðar. Í slíkum skjölum skal geta þess, í samræmi við reglur sem mælt er fyrir um í hverju aðildarríki, til hvers á að nota blönduðu afurðina.

Þó geta aðildarríkin heimilað sendendum eða umboðsaðilum að fylla út eitt skjal fyrir alla afurðina sem verður til við blöndun. Í slíkum tilvikum skal lögbært yfirvald ákvarða hvernig eigi að láta í té sannanir að því er varðar flokk, uppruna og magn hinna ýmsu farma.

2. **Sérreglur**

2.1. *Upplýsingar um **afurðalýsingu***

a) Tegund afurðar

Tilgreinið tegund afurðarinnar með orðalagi er samrýmist reglum Sambandsins og gefur nákvæmasta lýsingu á henni, t.d.: vín með VUT eða VLM/vín án VUT eða VLM/einyrkisvín án VUT/VLM/þrúgumust fyrir vín með VUT eða VLM/árgangsvín án VUT/VLM.

b) Flutningar í lausu

Að því er varðar flutning í lausu á vínunum sem um getur í 1. til 9. lið, 15. og 16. lið í II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 skal afurðalýsingin innihalda valkvæðu upplýsingarnar, sem settar eru fram í 120. gr. þeirrar reglugerðar, að því tilskildu að þær komi fram á merkingunum eða að fyrirhugað sé að þær komi fram á merkingunum.

c) Alkóhólstyrkleiki og eðlismassi

Að því er varðar flutning afurða í lausu eða í ómerktum ílátum með nafnrúmmál að hámarki 60 lítrar:

i. raunverulegur alkóhólstyrkleiki vínsins, þó ekki nýrra vína sem eru enn í gerjun, eða heildaralkóhólstyrkleiki nýs víns sem er enn í gerjun og þrúgumusts, sem er gerjað að hluta til, skal gefinn upp í % miðað við rúmmál og tugum % miðað við rúmmál,

ii. brotstuðull þrúgumusts skal fenginn með mæliaðferðum sem Sambandið viðurkennir. Hann skal gefinn upp í mögulegum alkóhólstyrkleika í % miðað við rúmmál. Í stað þess má gefa upp eðlismassa í grömmum á cm^3,

iii. eðlismassi fersks þrúgumusts, þar sem gerjun hefur verið stöðvuð með íblöndun alkóhóls, skal gefinn upp í grömmum á cm^3 og raunverulegur alkóhólstyrkleiki afurðarinnar skal gefinn upp í % miðað við rúmmál og tugum % miðað við rúmmál,

iv. sykurinnihald í þrúgumustsþykkni, hreinsuðu þrúgumustsþykkni og þrúgusafaþykkni skal gefið upp sem heildarsykurinnihald í grömmum á hvern lítra og á hvert kíló,

v. einnig má tilgreina raunverulegan alkóhólstyrkleika þrúguhrats og víndreggja (valkvætt) og gefa upp í lítrum af hreinu alkóhóli á hver 100 kg.

Þessar upplýsingar skulu gefnar upp með því að nota jafngildistöflur sem Sambandið viðurkennir og er að finna í reglum um greiningaraðferðir.

d) Vikmörk

Með fyrirvara um ákvæði Sambandsins, þar sem mælt er fyrir um mörk vegna tiltekinna vínafurða, skulu eftirtalin vikmörk heimiluð:

i. að því er varðar heildar- eða raunverulegan alkóhólstyrkleika: vikmörk sem nema ± 0,2% miðað við rúmmál,

ii. að því er varðar upplýsingar um eðlismassa: vikmörk sem nema sex einingum í fjórða tugasæti (± 0,0006),

iii. að því er varðar sykurinnihald: ± 3%.

e) Aðrar upplýsingar varðandi flutning afurða í lausu:

i. Vínræktarsvæði

Vínræktarsvæðið þar sem afurðin, sem er flutt, er upprunnin skal tilgreint í samræmi við I. viðbæti við VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 með því að nota eftirfarandi skammstafanir: A, B, C I, C II, C IIIa og C IIIb.

ii. Aðgerðir sem farið hafa fram

Tilgreina skal hvaða aðgerðir fluttu afurðirnar hafa gengist undir með því að nota eftirfarandi tölur í sviga:

0 afurðin hefur ekki gengist undir neina af neðangreindum aðgerðum,

1 afurðin hefur verið auðguð,

2 afurðin hefur verið sýrð,

3 afurðin hefur verið afsýrð,

4 afurðin hefur verið gerð sæt,

5 afurðin hefur verið styrkt fyrir eimingu,

6 við afurðina hefur verið bætt afurð sem er upprunnin á annarri landfræðilegri einingu en fram kemur í lýsingunni,

7 við afurðina hefur verið bætt afurð af öðru vínviðaryrki en fram kemur í lýsingunni,

8 við afurðina hefur verið bætt afurð sem var ræktuð á öðru ári en fram kemur í lýsingunni,

9 afurðin hefur verið framleidd með því að nota eikarspæni,

10 afurðin hefur verið framleidd á grundvelli beitingar á nýrri vínfræðilegri vinnsluaðferð í tilraunaskyni,

11 alkóhólinnihald afurðarinnar hefur verið leiðrétt,

12 aðrar aðgerðir sem skal tilgreina nánar. Dæmi:

a) að því er varðar vín, upprunnið á svæði B sem hefur verið styrkt: tilgreinið B (5),

b) að því er varðar þrúgumust, upprunnið á svæði CIIIb sem hefur verið sýrt: tilgreinið CIIIb (2).

Gefa skal upplýsingar um vínræktarsvæðið og aðgerðir sem hafa farið fram til viðbótar við upplýsingar sem varða lýsingu á afurðinni og innan sama sjónsviðs.


2.2. *Upplýsingar um **nettómagn**:*

a) þrúgna, þrúgumustsþykknis, hreinsaðs þrúgumustsþykknis, þrúgusafaþykknis, þrúguhrats og víndreggja í tonnum eða kílóum skal gefið upp með táknunum „t“ eða „kg“,

b) annarra afurða í hektólítrum eða lítrum skal gefið upp með táknunum „hl“ eða „l“.

Þegar magn afurðar í lausu er tilgreint má heimila vikmörk sem nema 1,5% af heildarnettómagninu.

C. SÉRSTAKUR STIMPILL SEM UM GETUR Í i. LIÐ. b-LIÐAR FYRSTU UNDIRGREINAR 3. MGR. 10. GR.



1. Tákn aðildarríkis
2. Lögbært yfirvald með svæðisbundna ábyrgð
3. Sannvottun

D. UPPLÝSINGARNAR SEM UM GETUR Í 2. MGR. 13. GR.

Á búlgörsku: Изнесено: Декларация за износ № … от [дата]

Á króatísku: Izvezeno: Izvozna deklaracija br. … [datum]

Á tékknesku: Vyvezeno: Vývozní prohlášení č. … ze dne [datum]

Á dönsku: Udførsel: Udførselsangivelse-nr.: … af [dato]

Á hollensku: Uitgevoerd: Uitvoeraangifte nr. … van [datum]

Á ensku: Exported: Export declaration No … of [date]

Á eistnesku: Eksporditud: Ekspordideklaratsiooni nr …, … [kuupäev]

Á finnsku: Viety: Vienti-ilmoitus nro …, … [päiväys]

Á frönsku: Exporté: Déclaration d'exportation no … du [date]

Á þýsku: Ausgeführt: Ausfuhranmeldung Nr. … vom [Datum]

Á grísku: Εξαχθέν: Δήλωση εξαγωγής αριθ. … της [ημερομηνία]

Á ungversku: Exportálva: Exportnyilatkozat-sz.: …, [dátum]

Á ítölsku: Esportato: Dichiarazione di esportazione n. … del [data]

Á lettnesku: Eksportēts: [datums] Eksporta deklarācija Nr. …

Á litháísku: Eksportuota: Eksporto deklaracija Nr. …, [data]

Á maltnesku: Esportat: Dikjarazzjoni tal-esportazzjoni nru … ta' [data]

Á pólsku: Wywieziono: Zgłoszenie eksportowe nr … z dnia [data]

Á portúgölsku: Exportado: Declaração de exportação n.º … de [data]

Á rúmensku: Exportat: Declarație de export nr. … din [data]

Á slóvakísku: Vyvezené: Vývozné vyhlásenie č. … zo dňa [dátum]

Á slóvensku: Izvoženo: Izvozna deklaracija št. … z dne [datum]

Á spænsku: Exportado: Declaración de exportación no … de [fecha]

Á sænsku: Exporterad: Export deklaration nr … av den [datum].

———

VI. VIÐAUKI

VOTTORÐ UM UPPRUNA EÐA UPPRUNASTAÐ OG EINKENNI VÍNAFURÐA, ÁRGANG EÐA ÞRÚGUYRKI SEM AFURÐIRNAR ERU FRAMLEIDDAR ÚR OG VUT EÐA VLM FYRIR VÍN SAMBANDSINS

(1. mgr. 11. gr. og 1. mgr. 12. gr.)

I. HLUTI

Viðeigandi upplýsingar sem um getur í 1. mgr. 11. gr. eða a-lið 1. mgr. 12. gr.

Upplýsingar sem tilgreina skal í reit 171 í fylgiskjalinu eða í viðskiptaskjalinu sem er notað í samræmi við 6. mgr. 21. gr. tilskipunar 2008/118/EB eða a-lið 1. mgr. 12. gr. þessarar reglugerðar

Ég, undirritaður/undirrituð, sem ber ábyrgð á afurðunum sem hér eru tilgreindar, votta að þær voru framleiddar og átappaðar í [aðildarríki eða Evrópusambandið] og að:

1) þær uppfylla kröfur um merkingu og kynningu að því er varðar:

a) verndaða upprunatáknun (VUT) eða verndaða, landfræðilega merkingu (VLM) nr. […, …] sem skráð er í „E-Bacchus skránni“ sem Sambandið kom á fót í samræmi við 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 607/2009,

b) árgang, í samræmi við reglurnar sem kveðið er á um í 120. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013,

c) vínþrúguyrki („einyrkisvín“), í samræmi við reglurnar sem kveðið er á um í 81. gr. og 120. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013,

2) allar afurðirnar eru í samræmi við ákvæði sem gilda um framleiðslu og afhendingu afurða til beinnar neyslu samkvæmt lögum Sambandsins,

3) afurðirnar voru framleiddar með samþykktum framleiðsluaðferðum og ekki sérstaklega til útflutnings, og

4) afurðirnar eru ósviknar og eru hæfar til manneldis í Sambandinu.

Undirritun** og **dagsetning	***Stjórnsýslulegt tilvísunarnúmer sem lögbært yfirvald úthlutar***
Heiti og titill framleiðanda/vinnsluaðila	***„ARC númer“*** eða ***„MVV númer“***

II. HLUTI

Sértækt vottorð fyrir útflutning sem um getur í b-lið 1. mgr. 12. gr.

A. SNIÐMÁT

ÚTFLUTNINGSVOTTORÐ FYRIR VÍN

Fyrir vín sem er flutt út frá Evrópusambandinu til ...

Þetta er fjölnota vottorð, gert í samræmi við 12. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/273, notað sem

Upprunavottorð, heilbrigðisvottorð og ósviknivottorð

Evrópusambandið

2. Sendandi:	A. Útflytjandi:
2a. Auðkenning:	Aa. Auðkenning:

3. Sendingarstaður:	A1. Athafnasvæði:	
5. Auðkenni flutningatækja:	6. Tilvísun:	
B. Innflytjandi:	Ba. Afhendingarstaður::	
17p. Lýsing	17df. Magn (lítrar)	Upplýsingar

17l. Vottun:

Ég, undirritaður/undirrituð, sem ber ábyrgð á þessum afurðum til útflutnings votta eftirfarandi upplýsingar:

Afurðirnar sem eru tilgreindar hér að framan voru framleiddar og átappaðar í Evrópusambandinu/í .....

Allar afurðirnar eru í samræmi við ákvæði sem gilda um framleiðslu og afhendingu afurða til beinnar neyslu samkvæmt lögum ESB

Afurðirnar voru framleiddar með venjulegum og samþykktum framleiðsluaðferðum og ekki sérstaklega til útflutnings, og

afurðirnar eru ósviknar og eru hæfar til manneldis í Evrópusambandinu.

Afurðirnar sem eru tilgreindar hér að framan voru framleiddar og átappaðar samkvæmt reglum ESB sem vín með:

☐ *verndaða upprunatáknun (VUT) eða verndaða, landfræðilega merkingu (VLM) sem skráð er í „E-Bacchus skránni“ sem ESB kom á fót í samræmi við 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 607/2009*

☐ *upplýsingum um árgang í samræmi við reglurnar sem kveðið er á um í 120. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013*

☐ *upplýsingum um vínþrúguyrki („einyrkisvín“), í samræmi við reglurnar sem kveðið er á um í 81. gr. og 120. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.*

Viðbótarvottun (valkvætt)

Kennimerki aðildarríkis	10. Eftirlitsyfirvöld staðfesta að sendandi vínafurðanna sem lýst er í þessu vottorði er skráður hjá og tengist ..... með þeirri skuldbindingu að allar vínafurðir skuli vera skráðar og falli undir eftirlit og skoðun lögbærra yfirvalda.

18. Undirritun Dagsetning:	18a. Einstök stjórnsýsluleg tilvísun sem lögbær yfirvöld úthluta
Nafn og titill	(i. og iii. liður a-liðar fyrstu undirgreinar 1. mgr. 10. gr. framseldu reglugerðarinnar (ESB) 2018/273) ARC/MVV

Sendandi eða fulltrúi sem vottar upplýsingarnar hér að framan
(2. mgr. 12 gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/0273)

B. KRÖFUR VEGNA NOTKUNAR Á SÉRTÆKU VOTTORÐI FYRIR ÚTFLUTNING

Upplýsingarnar sem skal veita í vottorðinu, sem um getur í b-lið 1. mgr. 12. gr., skulu settar fram í formi færslna sem settar eru fram í dálki nr. 1 í eftirfarandi töflu.

Þessar færslur eru auðkenndar með númerum og bókstöfum sem koma fram í dálki nr. 2 í eftirfarandi töflu:

1	2
Sendandi: fullt nafn og heimilisfang auk póstnúmers Auðkenning: vörugjaldsnúmer (SEED) eða tilvísun í númerið á skránni eða listanum sem kveðið er á um í 3. mgr. 8. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/273.	Nr. 2
Sendingarstaður: raunverulegur sendingarstaður, ef vörurnar eru ekki sendar frá heimilisfangi sendanda.	Nr. 3
Útflytjandi: fullt nafn og heimilisfang	Nr. A
Athafnasvæði: raunverulegur sendingarstaður, ef vörurnar eru ekki sendar frá heimilisfangi útflytjanda	Nr. A1
Auðkenni flutningatækja: gámur, skip, flugvél o.s.frv.	Nr. 5
Tilvísun: heiti og auðkenni flutningatækja	Nr. 6
Innflytjandi: fullt nafn og heimilisfang	Nr. B
Afhendingarstaður: raunverulegur afhendingarstaður ef vörurnar eru ekki afhentar á heimilisfang innflytjanda.	Nr. Ba
Kennimerki sendingaraðildarríkis og heiti, heimilisfang og tengiliður lögbæra yfirvaldsins sem ber ábyrgð á eftirliti með sendanda á sendingarstað Valkvæðar sértækar kröfur: staðfesting eftirlitsyfirvalda um að „*Innra gæðaeftirliti hafi verið komið á til að afurðirnar séu í samræmi við tilskilin ákvæði.*“	Nr. 10
Lýsing á afurðinni: í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 og aðrar landsreglur sem eiga við, einkum skyldubundnar upplýsingar. Heimilt er að veita nánari upplýsingar um lýsinguna í aðskildum skjölum sem um getur í þessum reit.	Nr. 17p
Magn: — afurða í lausu: heildarnettómagn, — pakkaðra afurða: fjöldi íláta sem eru notuð	Nr. 17d/f
Vottun: Vottorð um uppruna eða upprunastað og að farið sé að tilskildum ákvæðum sem gilda um framleiðslu og afhendingu til beinnar neyslu samkvæmt lögum Sambandsins og um venjulegar og samþykktar framleiðsluaðferðir (vínfræðilegar vinnsluaðferðir, hjálparefni við vinnslu og aukefni). Vottun um VUT eða VLM, vottun um árgang eða vínþrúguyrki, í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013. Viðbótarvottun (valkvætt): sendanda er frjálst að bæta við valkvæðum færslum sem hér segir: — Fyrirtæki mitt hefur innleitt gæðatryggingarkerfi — Framleiðsla og sala á framangreindum afurðum er heimil innan ESB samkvæmt löggjöf ESB og landslöggjöf — Sýni úr afurðum eru valin af handahófi og rannsökuð á opinberum rannsóknarstofum	Nr. 17l

1	2
— Á grundvelli greiningar frá þriðja aðila fer geislavirkni, að því er varðar sesíum 134 + 137 fyrir þessar afurðir, ekki yfir [er] ... Bq/kg (sjá viðfest skjöl og prófunarskýrslur) — Önnur vottun	
Undirritun, nafn og titill undirritunaraðila og dagsetning undirritunar	Nr. 18
Tilvísunarnúmer: hvert vottorð skal bera tilvísunarnúmer sem auðkennir það í skrám sendanda. Þetta númer er, eftir atvikum, ARC númer eða MVV númer sem fylgiskjalinu er úthlutað á formi þess sem stjórnsýslulegs eða viðskiptalegs skjals.	Nr. 18a

VII. VIÐAUKI

KRÖFUR VEGNA VI-1 SKJALS OG VI-2 ÚTDRÁTTA

I. HLUTI

Fyrirmynd að VI-1 skjalinu sem um getur í 22. gr.

<table>
<tr><td>1. Útflytjandi (nafn og heimilisfang)</td><td>ÞRIÐJA LAND SEM ER ÚTGÁFULAND

VI 1 Raðnúmer

SKJAL FYRIR INNFLUTNING Á VÍNI, ÞRÚGUSAFA EÐA ÞRÚGUMUSTI TIL EVRÓPUSAMBANDSINS</td></tr>
<tr><td>2. Viðtakandi (nafn og heimilisfang)</td><td>3. Stimpill tollyfirvalda (eingöngu til opinberra nota innan ESB)</td></tr>
<tr><td>4. Flutningatæki og upplýsingar um flutning</td><td>5. Affermingarstaður (ef annar en í reit 2)</td></tr>
<tr><td rowspan="2">6. Lýsing á innfluttu afurðinni</td><td>7. Magn í l/hl/kg (1)</td></tr>
<tr><td>8. Fjöldi íláta</td></tr>
<tr><td colspan="2">9. VOTTORÐ

Afurðin sem er lýst hér að framan (2) ☐ er/☐ er ekki ætluð til beinnar neyslu, er í samræmi við skilgreiningar eða flokkanir Evrópusambandsins á vínræktarafurðum og var framleidd með vínfræðilegum vinnsluaðferðum (2) ☐ sem Alþjóðavínstofnunin mælti með og birti/☐ sem Sambandið heimilar.

Fullt heiti og heimilisfang þar til bærs aðila: Staður og dagsetning:

Stimpill: Undirritun, nafn og titill embættismanns:</td></tr>
<tr><td colspan="2">10. GREININGARSKÝRSLA (sem lýsir greiningareinkennum afurðarinnar sem er lýst hér að framan)

FYRIR ÞRÚGUMUST OG ÞRÚGUSAFA
— Eðlismassi:

FYRIR VÍN OG ÞRÚGUMUST ENN Í GERJUN

— Heildaralkóhólstyrkleiki: — Raunverulegur alkóhólstyrkleiki:

FYRIR ALLAR AFURÐIR

— Heildarmagn þurrefnis: — Heildarmagn brennisteinsdíoxíðs:

— Heildarsýruinnihald: — Innihald rokgjarnra sýra: — Innihald sítrónusýra:

Fullt heiti og heimilisfang tilnefndrar stofnunar eða deildar (rannsóknarstofa):

Stimpill: Staður og dagsetning:
Undirritun, nafn og titill embættismanns:</td></tr>
</table>

(1) Strikið yfir það sem á ekki við.
(2) Setjið „x“ í viðeigandi reit.

Úthlutun (setning í frjálst flæði og útgáfa útdrátta)

Magn	11. Númer og dagsetning tollaskjalsins fyrir setningu í frjálst flæði og útdráttarins	12. Fullt nafn og heimilisfang viðtakanda (útdráttur)	13. Stimpill lögbærs yfirvalds
Tiltækt			
Úthlutað			
Tiltækt			
Úthlutað			
Tiltækt			
Úthlutað			
Tiltækt			
Úthlutað			
14. Aðrar athugasemdir			

II. HLUTI

Fyrirmynd að VI-2 útdrættinum sem um getur í 22. gr.

<table>
<tr><td>EVRÓPUSAMBANDIÐ</td><td>AÐILDARRÍKI SEM ER ÚTGÁFULAND</td></tr>
<tr><td>1. Sendandi (nafn og heimilisfang)</td><td>VI 2 Raðnúmer

ÚTDRÁTTUR ÚR SKJALI FYRIR INNFLUTNING Á VÍNI, ÞRÚGUSAFA EÐA ÞRÚGUMUSTI TIL EVRÓPUSAMBANDSINS</td></tr>
<tr><td>2. Viðtakandi (nafn og heimilisfang)</td><td></td></tr>
<tr><td>3. Útdráttur úr VI-1 skjali

Nr.

Gefið út af (heiti þriðja lands):

Hinn:</td><td>4. Útdráttur úr VI-2 útdrætti

Nr.

Stimplað af (fullt heiti og heimilisfang tollstöðvar Sambandsins):

Hinn:</td></tr>
<tr><td rowspan="2">5. Lýsing á innfluttu afurðinni</td><td>6. Magn í l/hl/kg (1)</td></tr>
<tr><td>7. Fjöldi íláta</td></tr>
<tr><td colspan="2">8. YFIRLÝSING SENDANDA (2)

VI-1 skjalið sem um getur í reit 3 ☐/Útdrátturinn sem um getur í reit 4 ☐ hefur verið útfyllt/útfylltur fyrir afurðina sem lýst er hér að framan og samanstendur af:

☐ VOTTORÐ um að afurðin sem er lýst hér að framan ☐ er/☐ er ekki ætluð til beinnar neyslu, er í samræmi við skilgreiningar eða flokkanir Evrópusambandsins á vínræktarafurðum og var framleidd með vínfræðilegum vinnsluaðferðum (2) ☐ sem Alþjóðavínstofnunin mælti með og birti/☐ sem Sambandið heimilar.

☐ GREININGARSKÝRSLA sem sýnir að afurðin hafi eftirfarandi greiningareinkenni:

FYRIR ÞRÚGUMUST OG ÞRÚGUSAFA
— Eðlismassi:

FYRIR VÍN OG ÞRÚGUMUST ENN Í GERJUN

— Heildaralkóhólstyrkleiki: — Raunverulegur alkóhólstyrkleiki:

FYRIR ALLAR AFURÐIR

— Heildarmagn þurrefnis: — Heildarmagn brennisteinsdíoxíðs:

— Heildarsýruinnihald: — Innihald rokgjarnra sýra: — Innihald sítrónusýra:

☐ ÁRITUN (2) frá þar til bærum aðila sem vottar að:
— vínið sem fellur undir þetta skjal er vottað sem framleitt í vínræktarhéraðinu og því var veitt landfræðileg merking, sem kemur fram í reit 5, í samræmi við ákvæði upprunalandsins

— alkóhólið sem er bætt við þetta vín er vottað sem alkóhól úr víni.

Undirritun:</td></tr>
</table>

9. TOLLYFIRVÖLD		
Yfirlýsing staðfest sem rétt Staður og dagsetning: Undirritun:	Stimpill:	Fullt heiti og heimilisfang viðkomandi tollstöðvar:

(1) Strikið yfir það sem á ekki við.
(2) Setjið „x“ í viðeigandi reit.

Úthlutun (setning í frjálst flæði og útgáfa útdrátta)

Magn	10. Númer og dagsetning tolla-skjalsins fyrir setningu í frjálst flæði og útdráttarins	11. Fullt nafn og heimilisfang viðtakanda (útdráttur)	12. Stimpill lögbærs yfirvalds
Tiltækt			
Úthlutað			
Tiltækt			
Úthlutað			
Tiltækt			
Úthlutað			
Tiltækt			
Úthlutað			
13. Aðrar athugasemdir			

III. HLUTI

Leiðbeiningar varðandi útfyllingu VI-1 skjals og VI-2 útdrátta

VI-1 skjalið og VI-2 útdrættirnir skulu annaðhvort fylltir út með vélrituðum texta eða handskrifuðum eða á jafngildan tæknilegan hátt sem opinber aðili samþykkir. Handskrifaður útdráttur skal útfylltur með bleki og með hástöfum. Ekki er heimilt að afmá eða skrifa yfir. Allar breytingar skulu gerðar með því að strika yfir röng atriði og, eftir því sem við á, bæta við því sem þarf. Allar slíkar breytingar skulu samþykktar af höfundi og stimplaðar, eftir atvikum, af þar til bærum aðila, tilnefndri rannsóknarstofu eða tollyfirvöldum.

A. **Prentun VI-1 skjals og VI-2 útdrátta**

1. Stærð eyðublaðsins skal vera u.þ.b. 210 x 297 mm.
2. Skjalið eða útdrættirnir skulu prentaðir á einu af opinberum tungumálum Sambandsins. Að því er varðar VI-2 útdrætti skal lögbært yfirvald í aðildarríkinu þar sem stimpla á útdrættina ákveða tungumál þeirra.

B. **Útfylling VI-1 skjals og VI-2 útdrátta**

Skjalið eða útdrættirnir skulu fylltur út á sama tungumáli og þeir eru prentaðir á.

Hvert skjal eða útdráttur skal bera raðnúmer sem er úthlutað:

a) ef um er að ræða VI-skjal: af þar til bærum aðila sem undirritar vottorðshlutann,

b) ef um er að ræða VI-2 útdrátt: af tollstöðinni sem stimplar þau.

C. **Innihald**

Reitur 1: Útflytjandi: fullt nafn og heimilisfang í hlutaðeigandi þriðja landi

Reitur 2: Viðtakandi: fullt nafn og heimilisfang í ESB

Reitur 4: (VI-1 skjal) **Flutningatæki og upplýsingar um flutning:**

— Á einungis við um flutningatæki sem er notað til afhendingar á komustað í ESB

— Tilgreinið flutningsmáta (með skipi, flugi o.s.frv.), tilgreinið heiti skips o.s.frv.

Reitur 6: (Reitur 5 fyrir VI-2) **Lýsing á innfluttu afurðinni:**

— Vörumerking (eins og birtist á merkimiðanum, s.s. heiti framleiðanda og vínræktarhéraðs, sérheiti o.s.frv.)

— Heiti upprunalands

— Heiti landfræðilegu merkingarinnar, að því tilskildu að vínið uppfylli kröfurnar til að fá slíka landfræðilega merkingu

— Raunverulegur alkóhólstyrkleiki miðað við rúmmál

— Litur afurðarinnar (skrifið aðeins „rautt“, „rósa“ eða „hvítt“)

— Kóði sameinaðrar nafnaskrár (SN-númer).

IV. HLUTI

Skrá yfir þriðju lönd sem um getur í 21. gr. (b-lið), 26. gr. og 27. gr.

A. Skrá yfir þriðju lönd sem um getur í b-lið 21. gr:

— Ástralía

— Chile (Síle)

B. Skrá yfir þriðju lönd sem um getur í 26. gr:

— Ástralía

— Chile (Síle)

— Bandaríki Ameríku.

C. Skrá yfir þriðju lönd sem um getur í 27. gr:

—.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/274 **2022/EES/72/68**

frá 11. desember 2017

um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar fyrirkomulag við veitingu leyfa til plöntunar á vínvið, vottun, innfærslu- og útfærsluskrána, lögboðnar yfirlýsingar og tilkynningar og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1306/2013 að því er varðar viðeigandi eftirlit og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/561 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 ([1]), einkum 70. gr., 72. gr., 91. gr. (d- til g-liður), 123. gr., 145. gr. (3. mgr), 147. gr. (4. mgr.) og 223. gr. (3. mgr.),

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1306/2013 frá 17. desember 2013 um fjármögnun, stjórnun og eftirlit með sameiginlegu landbúnaðarstefnunni og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 352/78, (EB) nr. 165/94, (EB) nr. 2799/98, (EB) nr. 814/2000, (EB) nr. 1290/2005 og (EB) nr. 485/2008 ([2]), einkum a- og b-lið 2. mgr. 62. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reglugerð (EB) nr. 1308/2013 felldi úr gildi og kom í stað reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1234/2007 ([3]). Ákvæði III. kafla I. bálks og 2. þáttar II. kafla II. bálks í II. hluta reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 innihalda reglur að því er varðar fyrirkomulag við veitingu leyfa til plöntunar á vínvið og stjórnun þess, skrána yfir vínekrur, fylgiskjöl, innfærslu- og útfærsluskrá og lögbær yfirvöld fyrir eftirlit og tilkynningakröfur í víngeiranum og fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hvað þetta varðar. Þessar gerðir ættu að koma í stað viðkomandi ákvæða í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 555/2008 ([4]) og (EB) nr. 436/2009 ([5]) sem og tiltekinna ákvæða í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009 ([6]) og (EB) nr. 607/2009 ([7]) sem eru felld úr gildi eða felld brott, eftir því sem við á, með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/273 ([8]).

2) Í 62. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 er mælt fyrir um þá almennu kröfu að aðildarríki veiti leyfi til að planta vínvið þegar framleiðendur, sem hyggjast planta eða endurplanta vínvið, hafa lagt fram umsókn. Í 63. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um verndarráðstöfun vegna nýplöntunar en samkvæmt því verða aðildarríkin að veita leyfi fyrir nýplöntun á

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 58, 28.2.2018, bls. 60. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 272/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671.

([2]) Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 549.

([3]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007 frá 22. október 2007 um sameiginlegt markaðskerfi í landbúnaði og um sértæk ákvæði varðandi tilteknar landbúnaðarvörur (reglugerðin um eitt sameiginlegt markaðskerfi) (Stjtíð. ESB L 299, 16.11.2007, bls. 1).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 555/2008 frá 27. júní 2008 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir vín að því er varðar stuðningsáætlanir, viðskipti við þriðju lönd, framleiðslugetu og eftirlit innan víngeirans (Stjtíð. ESB L 170, 30.6.2008, bls. 1).

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 436/2009 frá 26. maí 2009 um nákvæmar reglur um beitingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 að því er varðar skrána yfir vínekrur, lögboðnar yfirlýsingar og söfnun upplýsinga til að vakta vínmarkaðinn, fylgiskjöl með sendingum vínafurða og skrár sem halda skal fyrir víngeirann (Stjtíð. ESB L 128, 27.5.2009, bls. 15).

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009 frá 10. júlí 2009 um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 að því er varðar flokka vínræktarafurða, vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir þar að lútandi (Stjtíð. ESB L 193, 24.7.2009, bls. 1).

([7]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 607/2009 frá 14. júlí 2009 þar sem mælt er fyrir um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 um verndaðar upprunatáknanir, verndaðar, landfræðilegar merkingar, hefðbundin heiti, merkingu og framsetningu tiltekinna vínafurða (Stjtíð. ESB L 193, 24.7.2009, bls. 60).

([8]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/273 frá 11. desember 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar fyrirkomulag við veitingu leyfa til plöntunar á vínvið, skrána yfir vínekrur, fylgiskjöl og vottun, innfærslu- og útfærsluskrána, lögboðnar yfirlýsingar, tilkynningar og birtingu tilkynntra upplýsinga og um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1306/2013 að því er varðar viðeigandi eftirlit og viðurlög, um breytingu á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 555/2008, (EB) nr. 606/2009 og (EB) nr. 607/2009 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 436/2009 og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/560 (Stjtíð. ESB L 58, 28.2.2018, bls. 1).

hverju ári, sem samsvarar 1% af því heildarsvæði þar sem vínvið hefur verið plantað á yfirráðasvæði þeirra, en heimilt er að ákveða lægra hlutfall ef færð eru skýr rök fyrir því. Í 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 er mælt fyrir um reglur um veitingu leyfa fyrir nýplöntun og settar fram hæfis- og forgangsviðmiðanir sem aðildarríki geta beitt.

3) Setja ætti reglur á vettvangi Sambandsins varðandi þær verklagsreglur sem aðildarríkin skulu fylgja að því er varðar ákvarðanir um verndarráðstafanirnar og val á hæfis- og forgangsviðmiðunum. Slíkar reglur ættu að innihalda fresti til ákvarðanatöku og afleiðingar ef tilteknar ákvarðanir eru ekki teknar.

4) Til að tryggja samræmda beitingu laga Sambandsins í öllum aðildarríkjum og til að tryggja að framleiðendur í Sambandinu falli undir sömu reglur þegar sótt er um leyfi fyrir nýplöntun ættu reglurnar um veitingu leyfa fyrir nýplöntun einnig að taka til afgreiðslu umsókna, valferlis og árlegrar veitingar þeirra. Þessar reglur ættu að miða að því að tryggja gagnsæja, sanngjarna og tímanlega virkni kerfisins og vera aðlagaðar að þörfum víngeirans. Þær ættu einnig að koma í veg fyrir að umsækjendur standi frammi fyrir óréttmætum ójöfnuði, verulegum töfum eða óhóflegu stjórnsýsluálagi. Þar eð markaðsárið fyrir víngeirann hefst 1. ágúst virðist sem veiting leyfa fyrir nýplöntun fyrir þá dagsetningu falli vel að þörfum víngeirans og tryggi að plöntun á vínvið geti enn farið fram á sama almanaksári. Festa ætti viðeigandi dagsetningu til að tryggja að allar viðkomandi ákvarðanir sem aðildarríki tekur séu birtar opinberlega, tímanlega áður en opnað er fyrir umsóknir, og til að gera framleiðendum kleift að vera vel upplýstir um gildandi reglur áður en þeir leggja fram umsókn.

5) Ef heildarfjöldi hektara, sem óskað er eftir í tækum umsóknum, fer langt yfir þann fjölda hektara sem er í boði hjá aðildarríki getur það leitt til þess að stór hluti einstakra umsækjenda fái einungis brot af þeim hekturum sem þeir sóttu um, hafni þar af leiðandi viðkomandi leyfum og þurfi þar með að sæta stjórnsýsluviðurlögum. Til að takast á við slíkar aðstæður þykir rétt að beita ekki slíkum viðurlögum þegar leyfin, sem veitt voru, samsvara minna en tilteknum hundraðshluta af því sem sótt var um. Til að koma í veg fyrir að viðkomandi leyfi tapist ætti enn fremur að gera aðildarríkjunum kleift að færa þau annað hvort yfir á næsta ár eða endurúthluta þeim innan sama árs milli umsækjenda sem lögðu fram umsókn sem var ekki alveg fullnægjandi og sem höfnuðu ekki leyfum sem voru veitt.

6) Í 66. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 og 3. og 4. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/560 ([9]) eru settar reglur varðandi veitingu leyfis til endurplöntunar á sama búi. Einnig ætti að setja reglur á vettvangi Sambandsins varðandi verklagsreglurnar, sem aðildarríkin skulu fara eftir við veitingu þessara leyfa til endurplöntunar, og tímamörkin sem aðildarríkin fá til að veita þessi leyfi. Til að gera framleiðendum kleift að bregðast við takmörkununum að því er varðar endurplöntun á sama búi, af ástæðum er varða plöntuheilbrigði, umhverfi eða rekstur, ættu aðildarríkin að hafa þann möguleika að heimila framleiðendum að leggja fram umsókn innan hæfilegs en takmarkaðs tíma eftir ruðninguna. Þar eð framlagning og afgreiðsla umsókna um leyfi til endurplöntunar skapar mikið stjórnsýsluálag fyrir aðildarríki og framleiðendur ætti enn fremur að vera mögulegt að beita einfölduðu ferli í þeim sértæku tilvikum þar sem svæðið, þar sem endurplöntun á að fara fram, samsvarar svæðinu sem var rutt eða ef engar takmarkanir hafa verið settar varðandi endurplöntun.

7) Í 68. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 eru settar reglur um veitingu leyfa á grundvelli umbreytingar á réttindum til plöntunar sem veitt eru fyrir 31. desember 2015. Einnig ætti að setja reglur á vettvangi Sambandsins varðandi þær verklagsreglur sem aðildarríkin skulu fylgja við veitingu slíkra leyfa. Setja ætti tímamörk fyrir framlagningu og meðhöndlun beiðnanna svo aðildarríkin geti móttekið beiðnir um umbreytingu og afgreitt þær með viðeigandi hætti og tímanlega.

8) Í samræmi við 2. mgr. 62. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 skulu leyfi veitt fyrir tiltekið svæði á búi framleiðandans sem tilgreint er í umsókninni. Í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum ættu umsækjendur að eiga möguleika á að breyta slíku tilteknu svæði meðan leyfið er í gildi. Til að koma í veg fyrir að fyrirkomulagið við veitingu leyfa til plöntunar á vínvið sé sniðgengið ætti þessi möguleiki þó ekki að vera fyrir hendi í vissum tilvikum.

9) Í a-lið 2. mgr. 120. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 er kveðið á um að aðildarríkin eigi að innleiða lög eða stjórnsýslufyrirmæli til að tryggja málsmeðferð við vottun, samþykki og sannprófun í því skyni að tryggja sannleiksgildi upplýsinganna sem eru gefnar í merkingu og kynningu á víni án verndaðrar upprunatáknunar eða verndaðrar

([9]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/560 frá 15. desember 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar fyrirkomulag við veitingu leyfa til að planta vínvið (Stjtíð. ESB L 93, 9.4.2015, bls. 1).

landfræðilegrar merkingar. Til að tryggja vernd neytenda og réttar upplýsingar til þeirra og jafna meðferð rekstraraðila ætti að mæla fyrir um reglur varðandi verklag og tæknilegar viðmiðanir sem gilda um stjórnsýslulega vottun, samþykki og sannprófun vínafurða án verndaðrar upprunatáknunar eða verndaðrar, landfræðilegrar merkingar sem ætlunin er að setja á markað. Einnig ætti að mæla fyrir um reglur að því er varðar kostnaðinn sem leiðir af stjórnsýslulegri vottun og skilyrðin fyrir því að rekstraraðilunum sé heimilt að útbúa vottorð fyrir afurðir sínar undir eftirliti lögbærra yfirvalda sem eru tilnefnd í samræmi við 146. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

10) Samkvæmt 2. mgr. 147. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 eiga einstaklingar eða lögaðilar, sem hafa vínafurðir undir höndum, að halda innfærslu- og útfærsluskrá fyrir þessar afurðir. Til að tryggja rekjanleika vínafurðanna og til að gera aðildarríkjum kleift að sannprófa uppruna þeirra og einkenni eða að farið sé að tilskildum ákvæðum um leyfilegar vínfræðilegar vinnsluaðferðir eða stöðlum um öryggi matvæla er nauðsynlegt að setja fram reglur varðandi afurðir sem skal færa inn í skrána og upplýsingar varðandi þessar afurðir. Af sömu ástæðum þarf einnig að mæla fyrir um reglur um upplýsingar varðandi þá vinnslu sem fer fram á þessum afurðum.

11) Sérstök hætta er á svikum þegar notuð eru efni við vínfræðilegar vinnsluaðferðir, einkum auðgun, sýringu og sætun. Því ætti að halda skrár og ítarlegar upplýsingar varðandi þessar aðferðir og efni til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að hafa eftirlit með flutningi þeirra og notkun í öllu vínframleiðsluferlinu.

12) Þar eð öðrum afurðum er bætt í freyðivín og líkjörvín í framleiðsluferlinu ætti að leggja fram viðbótarupplýsingar til viðbótar við skrárnar sem haldnar eru fyrir vín sem freyðir ekki.

13) Til að tryggja samræmda beitingu og jafna meðferð rekstraraðila ætti að tilgreina þær kröfur sem gilda um að halda innfærslu- og útfærsluskrá og aðlaga þær að tegund vinnslu og afurðum. Í þessu skyni ætti að mæla fyrir um ráðstafanir í þessari reglugerð, að því er varðar samsetningu skrárinnar, fresti til að færa upplýsingar í skrána og lokun skrárinnar, sem og ráðstafanir varðandi viðunandi hlutfall sem tapast má vegna uppgufunar úr afurðum eða annarra breytinga á magni afurðanna.

14) Til að greiða fyrir stjórnun og vöktun markaðsaðgerða ætti að mæla fyrir um tímamörk til að leggja fram framleiðslu-, birgða og uppskeruyfirlýsingar. Þar eð uppskera fer fram á mismunandi tímum í mismunandi aðildarríkjum ættu frestir, sem framleiðendur fá til að leggja fram yfirlýsingar, að dreifast yfir viðeigandi tímabil.

15) Til að auðvelda skýrslugjöf ættu aðildarríkin að upplýsa rekstraraðilana um það á hvaða formi og með hvaða hætti þeir eigi að leggja fram upplýsingarnar sem eiga að koma fram í yfirlýsingunum um framleiðslu, birgðir, uppskeru og meðhöndlun eða setningu á markað.

16) Í VII. kafla framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/273 um eftirlit, lögbær yfirvöld, samskiptastofnanir og gagnkvæma aðstoð er kveðið á um þann möguleika að samskiptastofnun aðildarríkis geti farið þess á leit að samskiptastofnun annars aðildarríkis taki sýni úr víni, þrúgumusti eða öðrum fljótandi vínafurðum í eftirlitsskyni. Í þessari reglugerð ætti að mæla fyrir um reglur sem gilda um söfnun, meðhöndlun, geymslu og greiningu á sýnum sem tekin eru og ákvarða á hvaða rannsóknarstofu greiningarnar skuli fara fram.

17) Í samræmi við 39. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/273 skal hafa umsjón með og uppfæra greiningargagnagrunn fyrir samsætugögn á vettvangi Sambandsins. Til að auðvelda túlkun á niðurstöðum, sem fást úr samsætugreiningum sem framkvæmdar eru í til þess búnum rannsóknarstofum Sambandsins, og til að tryggja að niðurstöðurnar, sem fást hjá slíkum rannsóknarstofum, séu sambærilegar ætti að semja samræmdar reglur um söfnun sýna úr þrúgum og vínframleiðslu úr þeim. Til að tryggja gæði og sambærileika greiningargagnanna ætti enn fremur að nota kerfi viðurkenndra gæðastaðla á þeim rannsóknarstofum sem aðildarríkin tilnefna til að framkvæma samsætugreininguna á sýnunum fyrir gagnagrunninn.

18) Samsætugreining á vínafurðum og túlkun á niðurstöðum hennar er vandasamt ferli. Greiningargagnagrunnurinn ætti að hjálpa til við að samræma túlkunina á niðurstöðunum sem tilnefndar rannsóknarstofur aðildarríkjanna fá með notkun greiningaraðferðanna. Til að ná fram samræmdri túlkun á slíkum greiningarniðurstöðum ætti greiningargagnagrunnurinn að vera aðgengilegur, að fenginni beiðni, fyrir þær tilnefndu rannsóknarstofur sem tilkynna gögnin með því að nota aðferðirnar við samsætugreininguna og fyrir þau lögbæru yfirvöld sem aðildarríkin tilnefna til að tryggja að farið sé að reglum Sambandsins í víngeiranum en virða jafnframt vernd persónuupplýsinga og tilganginn með stofnun gagnagrunnsins.

19) Í 62. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1306/2013 er kveðið á um nauðsyn þess að mæla fyrir um ákvæði um vettvangseftirlit með framkvæmd fyrirkomulagsins við veitingu leyfa til plöntunar á vínvið sem aðildarríkin skulu framkvæma. Þörf er á almennum reglum um eftirlit til að skýra nánar að skráin yfir vínekrur er mikilvægasta tækið til að sannreyna að farið sé eftir fyrirkomulaginu. Slík ákvæði ættu að setja almennan ramma fyrir aðildarríkin til að þróa ítarlegri ákvæði á landsvísu til þess að komast hjá plöntunum, sem ekki hefur verið veitt leyfi fyrir, og til að tryggja að reglur fyrirkomulagsins við veitingu leyfa séu virtar, þ.m.t. að virða frestinn til að nota leyfin og til ruðnings ef gert er ráð fyrir endurplöntun sem og að framleiðendur virði þær skuldbindingar sínar að afla leyfa.

20) Til að unnt sé að sannreyna að ráðstafanirnar sem aðildarríkin innleiða innan ramma landsbundnu stuðningsáætlananna, sem um getur í 4. þætti II. kafla I. bálks í II. hluta reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, séu í samræmi við lög Sambandsins í víngeiranum ætti í þessari reglugerð að mæla fyrir um ákvæði varðandi eftirlit og í þessu skyni að kveða á um notkun skrárinnar yfir vínekrur sem um getur í 145. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013. Einnig ætti að mæla fyrir um skilyrði fyrir sannprófun á upplýsingunum í skránni yfir vínekrur, þ.m.t. aðgengileiki uppfærðra upplýsinga til að vakta og staðfesta að reglunum sem kveðið er á um í víngeiranum, sem upplýsingarnar varða, sé fylgt. Í þessu skyni ætti að mæla fyrir um framkvæmd stjórnsýslueftirlits og árlegs vettvangseftirlits, sem varðar alla vínræktendur sem tilgreindir eru í skránni yfir vínekrur, og ákvarða um leið lágmarkshlutfall eftirlits á hverju ári og sameiginlegar reglur.

21) Í samræmi við ákvæði 223. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 ætti að mæla fyrir um reglur um upplýsingar, sem fyrirtæki, aðildarríki og þriðju lönd skulu tilkynna um, aðferðir við tilkynninguna og fyrirkomulag við stjórnun þeirra upplýsinga sem skal tilkynna um.

22) Til að stuðla að sendingu upplýsinga frá aðildarríkjunum til framkvæmdastjórnarinnar um alla viðkomandi þætti stjórnunar og eftirlits með fyrirkomulaginu við veitingu leyfa til plöntunar á vínvið og til að gera það kleift að hafa tilhlýðilega vöktun á framkvæmd þess ætti að mæla fyrir um reglur varðandi innihald, snið, tímasetningu, tíðni og fresti fyrir árlegar tilkynningar að því er varðar þetta fyrirkomulag.

23) Að því er varðar tilhlýðilega stjórnun víngeirans þykir rétt að kveða á um að allar tilkynningar frá aðildarríkjunum til framkvæmdastjórnarinnar, sem krafist er í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, framselda reglugerð (ESB) 2018/273 og þessa reglugerð, skuli gerðar í samræmi við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1183 ([10]) og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1185 ([11]) og ákvarða hversu lengi eigi að geyma fylgiskjöl, upplýsingar, skráningar og skrár.

24) Reglur sem varða leyfi til plöntunar á vínvið, sem settar eru fram í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/561 ([12]), eru felldar inn í þessa reglugerð. Því ætti að fella framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/561 úr gildi.

25) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

INNGANGSÁKVÆÐI

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um beitingu reglugerða (ESB) nr. 1306/2013 og (ESB) nr. 1308/2013, eftir því sem við á, að því er varðar:

a) fyrirkomulag við veitingu leyfa til plöntunar á vínvið,

b) vottun,

([10]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1183 frá 20. apríl 2017 um viðbætur við reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1307/2013 og (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar miðlun á upplýsingum og skjölum til framkvæmdastjórnarinnar (Stjtíð. ESB L 171, 4.7.2017, bls. 100).

([11]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1185 frá 20. apríl 2017 um reglur um beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1307/2013 og (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar miðlun á upplýsingum og skjölum til framkvæmdastjórnarinnar og um breytingu og niðurfellingu á nokkrum reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (Stjtíð. ESB L 171, 4.7.2017, bls. 113).

([12]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/561 frá 7. apríl 2015 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar fyrirkomulag við veitingu leyfa til að planta vínvið (Stjtíð. ESB L 93, 9.4.2015, bls. 12).

c) innfærslu- og útfærsluskrána,

d) lögboðnar yfirlýsingar,

e) eftirlit og greiningargagnagrunn fyrir samsætugögn,

f) tilkynningar.

II. KAFLI

FYRIRKOMULAG VIÐ VEITINGU LEYFA TIL PLÖNTUNAR Á VÍNVIÐ

2. gr.

Leyfi til plöntunar á vínvið

1. Leyfi til plöntunar á vínvið, eins og kveðið er á um í III. kafla I. bálks í II. hluta reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, skulu veitt í samræmi við þessa reglugerð.

2. Leyfi til plöntunar á vínvið, sem um getur í 1. mgr., eiga við um nýplöntun, endurplöntun og réttindi til plöntunar sem á að umbreyta.

3. Leyfi fyrir nýplöntun, sem um getur í 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, skulu veitt árlega.

3. gr.

Fyrri ákvarðanir varðandi svæði sem verða í boði fyrir nýplöntun

1. Ef aðildarríki ákveða að takmarka heildarsvæði sem er í boði fyrir nýplöntun, sem á að úthluta með leyfum í samræmi við 2. og 3. mgr. 63. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, skulu þau birta slíkar ákvarðanir og þær ástæður sem liggja að baki opinberlega eigi síðar en 1. mars á viðkomandi ári.

2. Ef aðildarríki taka tillit til tilmæla frá fagfélögum eða hagsmunahópum framleiðenda, eins og um getur í 65. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, skulu þessi tilmæli sett fram tímanlega til að hægt sé að athuga þau áður en hlutaðeigandi aðildarríki tekur ákvörðun um að takmarka heildarsvæðið, sem er í boði fyrir nýplöntun, sem um getur í 1. mgr. Tilmælin skulu einnig birt opinberlega.

4. gr.

Viðmiðanir við veitingu leyfa fyrir nýplöntun

1. Ef aðildarríki ákveða að nota viðmiðanirnar fyrir veitingu leyfa fyrir nýplöntun, eins og mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, skulu slíkar ákvarðanir birtar opinberlega eigi síðar en 1. mars á viðkomandi ári.

2. Ákvarðanirnar, sem um getur í 1. mgr., skulu varða:

a) beitingu einnar eða fleiri viðmiðana sem tilgreindar eru í 64. gr. (annarri undirgrein 1. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, þ.m.t. tilhlýðilegur rökstuðningur ef aðildarríki ákveða að beita ákvæðum 64. gr. (d-liðar 1. mgr.) þeirrar reglugerðar, sem og viðmiðununum sem settar eru í 4. gr. (1. mgr.) framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/273,

b) fjölda hektara sem eru í boði fyrir veitingu leyfa á landsvísu:

   i. í réttu hlutfalli,

   ii. samkvæmt forgangsviðmiðununum sem tilgreindar eru í 2. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 sem og í 3. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/273.

3. Ef aðildarríki ætla að beita forgangsviðmiðununum, sem um getur í ii. lið b-liðar 2. mgr., skulu þau skilgreina hverri af þessum forgangsviðmiðunum verði beitt. Aðildarríkjunum er einnig heimilt að ákveða að þeim forgangsviðmiðunum sem verða fyrir valinu sé úthlutað mismiklu vægi. Slíkar ákvarðanir skulu gera aðildarríkjunum kleift að koma á forgangsröðun fyrir stakar umsóknir á landsvísu við veitingu á fjölda hektara skv. ii. lið b-liðar 2. mgr. á grundvelli þess hvort umsóknirnar uppfylli þær forgangsviðmiðanir sem valdar eru.

5. gr.

Staðlaðar reglur um nýplöntun

1. Ef aðildarríki birta ákvarðanirnar, sem um getur í 3. og 4. gr., ekki opinberlega eigi síðar en 1. mars á viðkomandi ári gilda eftirfarandi reglur við veitingu leyfa fyrir nýplöntun fyrir umrætt ár:

a) tiltækileiki leyfa fyrir nýplöntun samsvarar 1% af því heildarsvæði þar sem vínvið hefur verið plantað á yfirráðasvæði þeirra, eins og tilgreint er í 1. mgr. 63. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, og án annarra takmarkana,

b) hlutfallsleg úthlutun á hekturum til allra hæfra umsækjenda, á grundvelli þess svæðis sem þeir hafa farið fram á leyfi fyrir, ef svæðin sem sótt er um eru stærri en þau sem eru í boði.

2. Aðildarríki skulu tryggja að upplýsingar um reglur, sem gilda um veitingu leyfa á tilteknu ári skv. 1. mgr., séu birtar opinberlega.

6. gr.

Framlagning umsókna um nýplöntun

1. Þegar ákvarðanirnar, sem um getur í 3. og 4. gr., eða upplýsingar um reglurnar sem gilda um veitingu leyfa á tilteknu ári, sem um getur í 2. mgr. 5. gr., eru birtar opinberlega og eigi síðar en 1. maí skulu aðildarríkin opna tímabil, sem er a.m.k. einn mánuður, fyrir framlagningu stakra umsókna.

2. Í umsóknunum skal tilgreina tiltekna stærð og staðsetningu þess svæðis á búi umsækjanda sem óskað er eftir leyfi fyrir.

Ef engar ákvarðanir hafa verið teknar, í samræmi við 3. og 4. gr., um takmarkanir eða um viðmiðanir sem á að beita geta aðildarríkin veitt umsækjendum undanþágu frá kröfunni um að tilgreina í umsókninni tiltekna staðsetningu svæðisins á búi umsækjandans sem óskað er eftir leyfi fyrir. Aðildarríkjunum er heimilt, þar sem við á vegna framkvæmdar fyrirkomulagsins við veitingu leyfa, að fara fram á viðbótarupplýsingar frá umsækjendum.

3. Ef aðildarríki ákveða að nota tilteknar viðmiðanir við veitingu leyfa fyrir nýplöntun í samræmi við 4. gr. gilda eftirfarandi reglur:

a) hæfisviðmiðunin sem um getur í c-lið 1. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 og í 1. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/273: í umsóknum skal tilgreina vínræktarafurðina eða -afurðirnar sem umsækjandinn ætlar sér að framleiða á svæðinu eða svæðunum þar sem nýplöntunin á að fara fram og hvort umsækjandinn ætlar sér að framleiða eina eða fleiri af eftirfarandi afurðum:

   i. vín með verndaða upprunatáknun (VUT),

   ii. vín með verndaða, landfræðilega merkingu (VLM),

   iii. vín án landfræðilegrar merkingar, þ.m.t. með vínþrúguyrkismerkingu,

b) forgangsviðmiðunin sem um getur í e-lið 2. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013: umsóknir skulu innihalda upplýsingar sem eru efnahagslegs eðlis og sýna fram á efnahagslega sjálfbærni viðkomandi verkefnis sem byggist á einni eða fleiri af eftirfarandi stöðluðum aðferðum við fjárhagslega greiningu fyrir fjárfestingarverkefni í landbúnaði sem getið er í E-hluta II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2018/273,

c) forgangsviðmiðunin sem um getur í f-lið 2. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013: umsóknir skulu innihalda upplýsingar sem eru efnahagslegs eðlis og sýna fram á möguleikann á aukinni samkeppnishæfni sem byggist á sjónarmiðunum sem mælt er fyrir um í F-hluta II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2018/273,

d) forgangsviðmiðunin sem um getur í g-lið 2. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013: umsóknir skulu innihalda upplýsingar sem sýna fram á möguleikann á að geta bætt afurðir með landfræðilegum merkingum sem byggist á einu þeirra skilyrða sem mælt er fyrir um í G-hluta II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2018/273,

e) forgangsviðmiðunin sem um getur í h-lið 2. mgr. 64. gr. reglugerðar (EB) nr. 1308/2013: umsóknir skulu innihalda upplýsingar sem sýna að stærð bús umsækjandans, þegar umsóknin er lögð fram, er í samræmi við þau mörk sem aðildarríkin skulu setja á grundvelli ákvæðanna sem mælt er fyrir um í H-hluta II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2018/273,

f) ef aðildarríki fara fram á að umsækjendur taki á sig skuldbindingarnar, sem um getur í A- og B-hluta I. viðauka og A-, B-, D-, E-, F- og G-hluta og II. lið I. hluta II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2018/273, í tengslum við viðkomandi viðmiðanir skulu umsóknirnar innihalda þessar skuldbindingar.

Ef aðildarríki geta safnað með beinum hætti einhverjum af þeim atriðum sem getið er í a- til f-lið fyrstu undirgreinar er þeim heimilt að veita umsækjendum undanþágu frá því að tilgreina þau atriði í umsóknunum.

4. Eftir að frestur til framlagningar, sem um getur í 1. mgr., er runninn út skulu aðildarríkin upplýsa umsækjendur, sem teljast ekki hæfir, um að umsóknir þeirra teljist ekki tækar samkvæmt ákvörðuninni um hæfisviðmiðunina sem aðildarríkin hafa samþykkt í samræmi við 4. gr. Slíkar umsóknir skulu undanskildar frá síðari þrepum málsmeðferðarinnar.

7. gr.

Veiting leyfa fyrir nýplöntun

1. Ef heildarsvæði, sem fellur undir tækar umsóknir sem lagðar hafa verið fram, er ekki stærra en svæðið eða svæðin sem eru í boði í samræmi við 1. mgr. 3. gr. skulu aðildarríkin veita leyfi fyrir öllu því svæði sem framleiðendurnir sóttu um leyfi fyrir.

2. Ef heildarsvæði, sem fellur undir tækar umsóknir sem lagðar hafa verið fram, er stærra en svæðið eða svæðin sem eru í boði í samræmi við 1. mgr. 3. gr. skulu aðildarríkin nota valferlið sem mælt er fyrir um í I. viðauka.

Eigi síðar en 1. ágúst skulu aðildarríkin veita völdum umsækjendum leyfi samkvæmt útkomunni úr valferlinu sem um getur í fyrstu undirgrein. Ef ekki hefur verið unnt að uppfylla tækar umsóknir að öllu leyti skulu umsækjendur upplýstir um ástæðurnar fyrir slíkri ákvörðun.

3. Ef leyfið sem er veitt svarar til minna en 50% af því svæði sem óskað var eftir í viðkomandi umsókn er umsækjanda heimilt að hafna slíku leyfi innan mánaðar eftir þann dag sem leyfið var veitt.

Í tilvikinu, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal umsækjandinn ekki sæta stjórnsýsluviðurlögunum sem um getur í 3. mgr. 62. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013. Aðildarríkjunum er heimilt að ákveða að samsvarandi fjöldi hektara verði í boði á sama ári, eigi síðar en 1. október, að því er varðar leyfi sem á að veita umsækjendum sem fengu einungis úthlutað hluta af því svæði sem þeir fóru fram á, í samræmi við útkomuna úr valferlinu, sem um getur í 2. mgr., og sem höfnuðu ekki samsvarandi leyfum. Aðildarríkjunum er einnig heimilt að ákveða að hafa þessa hektara í boði á næsta ári, til viðbótar við 1% af því heildarsvæði þar sem vínvið hefur verið plantað eins og kveðið er á um í 1. mgr. 63. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

8. gr.

Takmarkanir á veitingu leyfa til endurplöntunar

1. Ef aðildarríki ákveða að takmarka veitingu leyfa til endurplöntunar á svæðum þar sem framleiða má vín með VUT eða VLM, í samræmi við 3. mgr. 66. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 og 6. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/273, skulu þau gera slíkar ákvarðanir opinberar eigi síðar en 1. mars.

Fagfélög eða hagsmunahópar framleiðenda, sem um getur í 65. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, skulu setja tilmælin, sem aðildarríkin skulu taka tillit til skv. 3. mgr. 66. gr., tímanlega fram til að unnt sé að athuga þau áður en ákvörðunin, sem um getur í fyrstu undirgrein, er tekin. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu birta þessi tilmæli opinberlega.

2. Ákvarðanirnar sem um getur í 1. mgr. skulu gilda í eitt ár frá þeim degi sem þær voru birtar opinberlega.

Ef tilmæli frá fagfélagi eða hagsmunahópi framleiðenda eru gerð fyrir lengra tímabil en eitt ár en ekki meira en þrjú ár, eins og kveðið er á um í annarri undirgrein 65. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, geta slíkar ákvarðanir einnig verið í gildi í allt að þrjú ár.

Ef slík fagfélög eða hagsmunahópar framleiðenda leggja viðkomandi tilmæli ekki fram tímanlega til að unnt sé að athuga þau, eins og kveðið er á um í 1. mgr., eða ef aðildarríkin birta viðkomandi ákvarðanir ekki opinberlega eigi síðar en 1. mars skulu aðildarríkin leyfa endurplöntunina sjálfvirkt eins og kveðið er á um í 9. gr.

9. gr.

Ferli við veitingu leyfa til endurplöntunar

1. Heimilt er að leggja umsóknir um leyfi til endurplöntunar, sem um getur í 1. mgr. 66. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, fram hvenær sem er á sama vínári og ruðningin fer fram. Aðildarríkjunum er þó heimilt að ákveða að leggja megi fram umsóknir um leyfi til endurplöntunar til loka annars vínársins á eftir því ári þegar ruðningin fór fram. Ef þessi tímamörk eru ekki virt skulu aðildarríkin ekki veita leyfi til endurplöntunar.

Í umsóknunum skal tilgreina tiltekna stærð og staðsetningu svæðis eða svæða sem hafa verið rudd og svæðis eða svæða þar sem endurplöntun á að fara fram á búi sama umsækjanda sem leyfið er veitt fyrir. Ef engar takmarkanir eru ákveðnar í samræmi við 8. gr. og umsækjandinn hefur ekki tekið á sig neinar af skuldbindingunum, sem um getur í b-lið 2. liðar A-hluta og b-lið 2. liðar B-hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2018/273 og í 4. lið B-hluta og D-hluta II. viðauka við þá framseldu reglugerð, er aðildarríkjunum heimilt að veita umsækjendum undanþágu frá þeirri kröfu að tilgreina í umsókninni tiltekna staðsetningu svæðisins eða svæðanna, sem leyfið er veitt fyrir, þar sem endurplöntunin á að fara fram. Aðildarríkjunum er heimilt, þar sem við á vegna framkvæmdar fyrirkomulagsins við veitingu leyfa, að fara fram á viðbótarupplýsingar frá umsækjendum.

Aðildarríkin skulu veita leyfin sjálfvirkt innan þriggja mánaða frá framlagningu umsóknanna. Aðildarríkjunum er þó heimilt að ákveða að beita tímamörkunum, sem um getur í 6. og 7. gr., varðandi framlagningu umsókna og veitingu leyfa til endurplöntunar, eftir því sem við á.

2. Ef svæðið þar sem endurplöntunin á að fara fram samsvarar svæðinu sem var rutt eða ef engar takmarkanir hafa verið ákveðnar í samræmi við 1. mgr. 8. gr. er heimilt að beita einfölduðu ferli á landsvísu eða fyrir tiltekin svæði innan yfirráðasvæðis aðildarríkisins. Í slíku tilviki er heimilt að líta svo á að leyfi til endurplöntunar hafi verið veitt á þeim degi sem svæðið var rutt. Í þessu skyni skal viðkomandi framleiðandi leggja fram eftirátilkynningu, sem gildir sem umsókn um leyfi, eigi síðar en í lok vínársins þegar ruðningin fór fram.

3. Heimilt er að leggja umsóknir um leyfi til endurplöntunar, sem um getur í 2. mgr. 66. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, fram hvenær sem er á árinu.

Í umsóknunum skal tilgreina tiltekna stærð og staðsetningu svæðis eða svæða sem skal ryðja og svæðis eða svæða þar sem endurplöntun á að fara fram á búi sama umsækjanda sem leyfið er veitt fyrir. Umsóknirnar skulu einnig innihalda þá skuldbindingu að ryðja svæði þar sem vínvið er plantað eigi síðar en í lok fjórða ársins frá þeim degi þegar nýja vínviðnum var plantað. Aðildarríkjunum er heimilt, þar sem við á vegna framkvæmdar fyrirkomulagsins við veitingu leyfa, að fara fram á viðbótarupplýsingar frá umsækjendum.

Aðildarríkin skulu veita leyfin sjálfvirkt innan þriggja mánaða frá framlagningu umsóknarinnar. Aðildarríkjunum er þó heimilt að ákveða að beita tímamörkunum, sem um getur í 6. og 7. gr., varðandi framlagningu umsókna og veitingu leyfa til endurplöntunar, eftir því sem við á.

10. gr.

Ferli við veitingu leyfa samkvæmt umbreytingarákvæðunum

1. Ef aðildarríkin hafa ákveðið, í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 68. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, að framlengja frestinn til að leggja fram beiðni um að umbreyta réttindum til plöntunar í leyfi fram yfir 31. desember 2015 og hafa birt þá ákvörðun opinberlega eigi síðar en 14. september 2015 er framleiðandanum heimilt að leggja fram beiðnir um umbreytingu hvenær sem er fram að lokum frestsins sem aðildarríkin hafa fastsett í viðkomandi ákvörðun.

Í umsóknunum skal tilgreina tiltekna stærð og staðsetningu svæðisins á búi umsækjandans sem leyfið er veitt fyrir. Aðildarríki geta veitt umsækjendum undanþágu frá þeirri kröfu að tilgreina í umsókninni tiltekna staðsetningu svæðisins á búi umsækjandans sem óskað er eftir leyfi fyrir. Aðildarríkjunum er heimilt, þar sem við á vegna framkvæmdar fyrirkomulagsins við veitingu leyfa, að fara fram á viðbótarupplýsingar frá umsækjendum.

2. Aðildarríkin skulu veita leyfin sjálfvirkt eftir sannprófun á því að réttindi til plöntunar, sem sótt er um umbreytingu á í samræmi við 1. mgr., séu enn í gildi. Tímabilið frá framlagningu á beiðninni um umbreytingu að veitingu leyfisins skal ekki vera lengra en þrír mánuðir.

11. gr.

Breyting á tilteknu svæði sem leyfið er veitt fyrir

Í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum er aðildarríkjunum heimilt að ákveða, að beiðni umsækjandans, að heimilt sé að planta vínvið á öðru svæði búsins en því tiltekna svæði sem leyfið hefur verið veitt fyrir að því tilskildu að nýja svæðið sé jafnstórt í hekturum og að leyfið sé enn í gildi í samræmi við 3. mgr. 62. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

Fyrsta málsgrein gildir ekki ef leyfin voru veitt á grundvelli þess að farið væri að sértækum hæfis- eða forgangsviðmiðunum, sem tengjast staðsetningunni sem er tilgreind í umsókninni, og í beiðninni um breytinguna er tilgreint nýtt tiltekið svæði utan þeirrar staðsetningar.

III. KAFLI

VOTTUN VÍNAFURÐA

12. gr.

Málsmeðferð og tæknilegar viðmiðanir sem gilda um vottun

1. Við málsmeðferð við vottun, samþykki og sannprófun á vínum, sem er ekki með VUT eða VLM skv. a-lið 2. mgr. 120. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, skal gera kröfu um stjórnsýslulegar sannanir fyrir því að upplýsingarnar um vínþrúguyrkið eða -yrkin og árganginn, sem tilgreindar eru á merkimiða viðkomandi vína eða settar fram í kynningu á því, séu réttar.

Þar að auki geta aðildarríki ákveðið eftirfarandi:

a) að framkvæmd verði skynmatsprófun, sem varðar lykt og bragð, á nafnlausum sýnum úr víni í því skyni að sannprófa að grundvallareinkenni vínsins séu til komin vegna vínþrúguyrkisins eða -yrkjanna sem notuð eru,

b) að framkvæmd verði greiningarprófun þegar um er að ræða vín sem er framleitt úr aðeins einu vínþrúguyrki.

Málsmeðferðin skal fara fram í aðildarríkinu þar sem vínið er framleitt. Ef um er að ræða blöndur vína frá mismunandi aðildarríkjum, eins og um getur í c-lið 2. mgr. 120. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, er hvaða hlutaðeigandi aðildarríki sem er heimilt að annast vottunina.

2. Vottunin skal fara fram með slembiathugunum og athugunum á grundvelli áhættu, í samræmi við 36. og 37. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/273 og VI. kafla þessarar reglugerðar.

Rekstraraðilar sem gangast undir vottun skulu bera kostnaðinn af henni nema ef aðildarríki ákveða annað.

3. Rekstraraðilar sem taka þátt í að setja vínafurðir, sem þeir framleiða, vinna eða átappa, á markað skulu viðurkenndir og fá leyfi frá lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna til að votta uppruna eða upprunastað, einkenni, árgang eða vínþrúguyrki, í samræmi við 11. og 12. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/273, undir eftirliti lögbærra yfirvalda sem eru tilnefnd í samræmi við 146. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

IV. KAFLI

INNFÆRSLU- OG ÚTFÆRSLUSKRÁ

13. gr.

Umfang og snið skrárinnar

1. Rekstraraðilar sem krafist er að haldi innfærslu- og útfærsluskrá, sem í þessum kafla nefnist „skráin“, skulu skrá:

a) inn- og útfærslu hverrar framleiðslulotu vínafurða, sem um getur í 2. mgr. 147. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, til eða frá athafnasvæði þeirra,

b) flokk afurðar, eins og tilgreint er í 14. gr.,

c) aðgerðirnar, sem eru tilgreindar í 29. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/273, ef þær eru framkvæmdar á athafnasvæði þeirra.

Að því er varðar hverja færslu í skrána verða rekstraraðilarnir, sem um getur í fyrstu undirgrein, að geta lagt fram eitt af fylgiskjölunum, sem um getur í 10. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/273, eða annað viðskiptaskjal sem fylgir viðkomandi sendingu.

2. Skráin skal vera í formi eins af eftirfarandi:

a) með föstum síðufjölda í hlaupandi númeraröð,

b) rafræn skráning sem lögð er fram í samræmi við nákvæmar reglur sem lögbær yfirvöld mæla fyrir um,

c) viðeigandi nútímabókhaldskerfi, sem lögbær yfirvöld samþykkja,

d) safn fylgiskjala þar sem fram kemur dagsetningin þegar skjölin voru gerð eða söluaðilar tóku við þeim.

Aðildarríkjunum er þó heimilt að kveða á um að skráin, sem framleiðendur halda, megi verið í formi athugasemda á bakhlið framleiðslu-, birgða- eða uppskeruyfirlýsinganna sem kveðið er á um í VI. kafla framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/273.

14. gr.

Afurðir sem færa skal í skrána

1. Að því er varðar afurðir sem færa skal í skrána skal halda aðskilið bókhald fyrir:

a) hvern flokk sem er skráður í II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, með því að aðgreina:

   i. allt vín með VUT og afurðir sem ætlaðar eru til framleiðslu á slíku víni,

   ii. allt vín með VLM og afurðir sem ætlaðar eru til framleiðslu á slíku víni,

   iii. allt vín, sem fellur hvorki undir VUT né VLM, framleitt úr einu vínþrúguyrki, og afurðirnar sem ætlaðar eru til framleiðslu á slíku víni, með tilvísun í flokkunina á vínþrúguyrkinu sem aðildarríkið samþykkti skv. 81. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 og með upplýsingum um árganginn,

   iv. allt vín, sem fellur hvorki undir VUT né VLM, framleitt úr tveimur eða fleiri vínþrúguyrkjum og afurðirnar sem ætlaðar eru til framleiðslu á slíku víni með upplýsingum um árganginn,

   v. allar afurðir, sem eru ekki í samræmi við vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir sem kveðið er á um í 80. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 eða í reglugerð (EB) nr. 606/2009, sem verður að eyða í samræmi við 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 606/2009,

b) sérhverja eftirfarandi afurð, sem höfð eru undir höndum, hver sem tilgangurinn er:

   i. súkrósi,

   ii. þrúgumustsþykkni,

   iii. hreinsað þrúgumustsþykkni,

   iv. afurðir sem eru notaðar til sýringar,

   v. afurðir sem eru notaðar til afsýringar,

   vi. brenndir drykkir eimaðir úr víni,

   vii. sérhverja aukaafurð vínafurða, sem skal ráðstafa í samræmi við D-þátt II. hluta VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 og 14. gr. a og 14. gr. b í reglugerð (EB) nr. 606/2009, með upplýsingum um hvort um er að ræða afhendingu til eimingar, edikframleiðslu eða tiltekinnar notkunar sem felur ekki í sér vínframleiðslu.

2. Þrátt fyrir a-lið 1. mgr. er heimilt að færa mismunandi vín með VUT eða VLM, sem eru sett í ílát sem taka ekki meira en 60 lítra og eru merkt í samræmi við löggjöf Sambandsins, sem eru fengin frá þriðju aðilum og geymd, með sölu í huga, í sama bókhald að því tilskildu að inn- og útfærsla á hverju víni með VUT eða VLM sé færð sérstaklega.

3. Ef leyfi fyrir notkun á VUT eða VLM tapast skal færa slíkt í skrána. Viðkomandi afurðir skulu fluttar yfir í bókhald yfir vín án VUT eða VLM.

15. gr.

Upplýsingar um vínafurðir sem eiga að koma fram í skránni

1. Að því er varðar hverja inn- eða útfærslu afurða, sem um getur í a-lið 1.mgr. 14. gr., skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í skránni:

a) lotunúmer afurðarinnar [ef slíks númers er] krafist samkvæmt lögum Sambandsins eða landslögum,

b) dagsetning aðgerðar,

c) magn sem var fært inn eða út,

d) viðkomandi afurð, lýst í samræmi við viðkomandi lög Sambandsins eða landslög,

e) tilvísun í fylgiskjal eða vottorð sem fylgir eða fylgdi viðkomandi sendingu, í samræmi við 10., 11. og 20. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/273, að undanskildum þeim tilvikum sem um getur í 9. gr. þeirrar reglugerðar.

2. Að því er varðar vín, sem um getur í 1. til 9. lið, 15. og 16. lið í II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, skal innfærslan í skrána, sem rekstraraðilarnir halda, innihalda valkvæðu upplýsingarnar sem settar eru fram í 120. gr. þeirrar reglugerðar, að því tilskildu að þær komi fram á merkingunum eða að fyrirhugað sé að þær komi fram á merkingunum.

3. Í skránni skal auðkenna ílát fyrir geymslu á vínunum, sem um getur í 2. mgr., og tilgreina nafnrúmmál þeirra. Einnig skal setja viðeigandi upplýsingar, sem aðildarríkin gera kröfu um, á ílátin til að lögbær yfirvöld geti sanngreint innihald þeirra með því að nota skrána.

Þegar um er að ræða ílát sem rúma 600 lítra eða minna, fyllt með sömu afurð og geymd saman innan sömu framleiðslueiningar, má þó merkja framleiðslueininguna í heild frekar en stök ílát, að því tilskildu að hún sé greinilega aðgreind frá öðrum einingum.

4. Ef um er að ræða fyrri sendingar á afurð skal færa í skrána tilvísun til þess skjals sem fylgdi afurðinni við fyrri flutning.

16. gr.

Upplýsingar varðandi aðgerðir sem eiga að koma fram í skránni

1. Að því er varðar sérhverja aðgerð, sem tilgreind eru í 29. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/2013, skal skráin innihalda:

a) aðgerðirnar sem eru framkvæmdar,

b) ef um er að ræða aðgerðirnar sem um getur í a-, b- og c-lið 2. mgr. 29. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/273:

   i. dagsetning aðgerðar,

   ii. eðli og magn þeirra afurða sem voru notaðar,

   iii. magn afurðar sem fæst með aðgerðinni, þ.m.t. alkóhól sem er framleitt með leiðréttingu á alkóhólinnihaldi víns og magn sykurs í sykurlausninni sem er fjarlægð úr upphaflega mustinu,

   iv. magn afurðar sem er notuð til að auka alkóhólstyrkleika, sýringar og afsýringar og sætunar.

   v. lýsing á afurðunum fyrir og eftir aðgerðina, í samræmi við viðkomandi lög Sambandsins eða landslög,

c) merkingar á ílátum sem afurðirnar, sem færðar voru í skrána, voru geymdar í fyrir og eru geymdar í eftir aðgerðina,

d) ef um er að ræða átöppun: fjölda íláta sem tappað var á og innihald þeirra,

e) ef um er að ræða átöppun samkvæmt samningi: nafn og heimilisfang átappara.

2. Ef afurð skiptir um flokk án þess að hún hafi gengist undir eina þeirra aðgerða sem um getur í 29. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/273, einkum ef um er að ræða gerjun þrúgumusts, skal færa í skrána magn og tegund afurðar sem var framleidd eftir breytinguna.

17. gr.

Upplýsingar varðandi freyðivín og líkjörvín sem eiga að koma fram í skránni

1. Að því er varðar framleiðslu freyðivíns skal koma fram í skránum fyrir hverja vínlögun (cuvée) sem er tilreidd:

a) tilreiðsludagur,

b) átöppunardagsetning fyrir alla flokka gæðafreyðivíns,

c) magn vínlögunarinnar og lýsing, magn og raunverulegur og mögulegur alkóhólstyrkleiki hvers efnisþáttar hennar,

d) hversu mikið var notað af tirage-líkjör,

e) hversu mikið var notað af *expedition*-líkjör til að koma sætun af stað,

f) fjöldi íláta sem fékkst, og skal tilgreina þar sem við á tegund freyðivíns og skal í heitinu vísa til magns sykurleifa ef heitið kemur fram á merkimiðanum.

2. Að því er varðar framleiðslu líkjörvíns skal koma fram í skránum fyrir hverja framleiðslulotu sem verið er að tilreiða:

a) hvenær afurðum, sem skráðar eru í e- og f -lið 3. liðar II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, var bætt við,

b) tegund og magn afurðar sem bætt var við.

18. gr.

Upplýsingar um tilteknar afurðir sem eiga að koma fram í skránni

1. Aðskilda bókhaldið fyrir afurðirnar, sem um getur í b-lið 1. mgr. 14. gr., skal sýna fyrir hverja afurð:

a) ef um er að ræða innfærslur:

i. nafn og heimilisfang birgis, þar sem vísað er til skjalsins sem fylgdi við flutning á afurðinni, eftir því sem við á,

ii. það magn sem um ræðir,

iii. dagsetning innfærslu,

b) ef um er að ræða útfærslur:

i. það magn sem um ræðir,

ii. notkunardagur eða útfærsludagur,

iii. nafn og heimilisfang viðtakanda, eftir því sem við á.

2. Að því er varðar aukaafurðir eða vínafurðir sem skal draga til baka, í samræmi við 2. mgr. 14. gr. a og 14. gr. b í reglugerð (EB) nr. 606/2009, skal magnið sem skal færa í skrána vera það sem viðkomandi rekstraraðilar áætla í samræmi við 14. gr. a í þeirri reglugerð.

19. gr.

Tap og einkaneysla eða neysla innan fjölskyldu

1. Aðildarríkin skulu ákveða viðunandi hámarkshlutfall sem tapast má vegna uppgufunar við geymslu, vegna aðgerða við vinnslu eða annars sem veldur því að breyting verður á flokkun afurðarinnar.

2. Sá sem heldur skrárnar skal gefa lögbæru yfirvaldi á viðkomandi yfirráðasvæði skriflega skýrslu um tap, innan þeirra tímamarka sem aðildarríkin mæla fyrir um þegar raunverulegt tap fer yfir:

a) vikmörkin, sem um getur í d-lið í lið 2.1 í B-hluta V. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2018/273, í flutningi og

b) hámarkshlutfallið sem aðildarríkin ákveða, í þeim tilvikum sem um getur í fyrstu málsgrein.

Lögbæra yfirvaldið, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að rannsaka tapið.

3. Aðildarríkin skulu tilgreina með hvaða hætti skuli færa upplýsingar í skrárnar sem varða:

a) einkaneyslu framleiðanda og fjölskyldu hans,

b) breytingar á rúmmáli afurðarinnar, sem verða vegna óhapps.

20. gr.

Frestir til að færa upplýsingar í skrána

1. Upplýsingarnar, sem um getur í 14. gr. (a-lið 1. mgr.), 15. gr. og 19. gr., skal færa í skrána:

a) ef um er að ræða innfærslur: eigi síðar en næsta virka dag eftir móttöku, og

b) ef um er að ræða tap, einkaneyslu og neyslu innan fjölskyldu eða útfærslur: eigi síðar en þriðja virka dag eftir staðfestingu, neyslu eða sendingu.

2. Upplýsingarnar, sem um getur í 29. gr. (1. og 2. mgr.) framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/273 og 16. gr. og 17. gr. þessarar reglugerðar, skal færa í skrána:

a) eigi síðar en næsta virka dag eftir aðgerð, og

b) ef um er að ræða auðgun: sama dag.

3. Upplýsingarnar, sem um getur í b-lið 1. mgr. 14. gr. og 18. gr. þessarar reglugerðar, skal færa í skrána:

a) ef um er að ræða inn- og útfærslur: eigi síðar en næsta virka dag eftir móttöku eða sendingu, og

b) ef um er að ræða notkun: á notkunardegi.

4. Þó geta aðildarríkin heimilað rýmri fresti, að hámarki 30 daga, einkum ef notaðar eru skrár á tölvutæku formi, að því tilskildu að samt sé unnt að hafa eftirlit með innfærslum, útfærslum og aðgerðum, sem um getur í 1. og 2. mgr. 29. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/273, hvenær sem er á grundvelli annarra fylgiskjala og að lögbær yfirvöld telji skjölin áreiðanleg.

Að því er varðar auðgunaraðgerðir, sem um getur í b-lið 2. mgr. 29. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/273, geta aðildarríki krafist þess að þær séu færðar í skrána áður en auðgunaraðgerðin er framkvæmd.

5. Þrátt fyrir ákvæði 1., 2. og 3. mgr. má færa útfærslur sömu afurðar í skrána sem eina mánaðarlega heildarupphæð ef afurðin er einungis sett í ílát með nafnrúmmáli að hámarki 10 lítra, sem lokuð eru með einnota lokunarbúnaði, eins og um getur í i. lið e-liðar 1. mgr. 9. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/273.

21. gr.

Lokun skrárinnar

Skránni skal lokað með árlegum efnahagsreikningi sem er gerður einu sinni á ári, á degi sem aðildarríkin ákvarða. Gera skal skrá yfir birgðir í tengslum við árlega efnahagsreikninginn. Fyrirliggjandi birgðir skulu fluttar til næsta árlega tímabils. Þær skulu færðar sem innfærsla í skrána með dagsetningu eftir árlega efnahagsreikninginn. Ef fram kemur misræmi í árlega efnahagsreikningnum á milli birgða í efnahagsreikningnum og fyrirliggjandi birgða skal gera athugasemd um það í lokuðu skránum.

V. KAFLI

YFIRLÝSINGAR

22. gr.

Framleiðsluyfirlýsingar

1. Framleiðendur skulu leggja fram framleiðsluyfirlýsinguna, sem um getur í 31. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/273, að því er varðar framleiðsluna á yfirstandandi vínári, eigi síðar en 15. janúar ár hvert. Aðildarríkjunum er heimilt að ákveða fyrri dagsetningu eða, að því er varðar uppskeru sem fer seint fram og tiltekna vínframleiðslu, dagsetningu sem er eigi síðar en 1. mars.

2. Framleiðsluyfirlýsingin, sem um getur í 1. mgr., skal a.m.k. innihalda eftirfarandi upplýsingar:

a) deili á framleiðandanum,

b) staðurinn þar sem afurðirnar eru geymdar,

c) afurðaflokkurinn sem er notaður fyrir vínframleiðsluna: þrúgur, þrúgumust (þykkni, hreinsað þykkni eða hlutgerjað) eða ný vín sem eru enn í gerjun,

d) nafn og heimilisfang birgja,

e) svæðin þar sem vínvið hefur verið plantað til framleiðslu, þ.m.t. í tilraunaskyni, sem þrúgurnar eru upprunnar á, gefin upp í hekturum og með tilvísun til staðsetningar vínekruspildunnar,

f) magn vínafurðanna, gefið upp í hektólítrum eða 100 kg, sem hefur fengist frá upphafi vínársins og er í geymslu þann dag sem yfirlýsingin er gerð, sundurliðað eftir lit (rautt/rósa eða hvítt), flokki afurða sem er notaður (þrúgur, ný vín enn í gerjun, must, þ.m.t. hlutgerjað en þó ekki þykkni og hreinsað þykkni) og einni af eftirfarandi tegundum:

   i. vín með VUT,

   ii. vín með VLM,

   iii. einyrkisvín án VUT/VLM,

   iv. vín án VUT/VLM,

   v. allar aðrar afurðir á vínárinu, þ.m.t. mustsþykkni, hreinsað mustsþykkni.

Aðildarríki geta heimilað að lögð sé fram ein yfirlýsing fyrir hverja víngerðarstöð.

3. Vínmagnið, sem færa skal í framleiðsluyfirlýsinguna, skal vera það heildarmagn sem fæst að lokinni aðalalkóhólgerjuninni, þ.m.t. víndreggjar.

Til að umreikna magn annarra afurða en víns yfir í hektólítra víns er aðildarríkjunum heimilt að ákveða reiknistuðla samkvæmt hlutlægum viðmiðunum sem skipta máli fyrir umreikninginn. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um reiknistuðlana ásamt tilkynningunum sem um getur í 8. lið III. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/1185.

4. Aðildarríkin skulu gera kröfu um að uppskerendur og söluaðilar, sem setja á markað afurðir sem eru ætlaðar til framleiðslu á víni, láti framleiðendum í té þau gögn sem þarf til að fylla út framleiðsluyfirlýsingarnar.

23. gr.

Birgðayfirlýsingar

1. Framleiðendur, vinnsluaðilar, átapparar og söluaðilar skulu leggja fram birgðayfirlýsinguna, sem um getur í 32. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/273, eigi síðar en 10. september. Aðildarríkjum er heimilt að ákveða fyrri dagsetningu.

2. Slík yfirlýsing skal a.m.k. innihalda eftirfarandi upplýsingar:

a) deili á framleiðendum, vinnsluaðilum, átöppurum eða söluaðilum,

b) staðurinn þar sem afurðirnar eru geymdar,

c) í tengslum við vín: heildarbirgðir sundurliðaðar eftir lit (rautt/rósa eða hvítt), tegund víns (með VUT, með VLM, einyrki án VUT/VLM eða án VUT/VLM), uppruni (Sambandið eða þriðju lönd) og tegund birgðahaldara (framleiðandi eða söluaðili),

d) í tengslum við must: heildarbirgðir sundurliðaðar eftir lit (rautt/rósa eða hvítt), tegund þrúgumusts (þykkni, hreinsað þykkni eða annað), tegund birgðahaldara (framleiðandi eða söluaðili).

Vínafurðir frá Sambandinu, sem eru framleiddar úr þrúgum sem koma úr uppskeru sama almanaksárs, skulu ekki taldar með í þessari yfirlýsingu.

24. gr.

Uppskeruyfirlýsingar

1. Ef aðildarríkin gera kröfu um uppskeruyfirlýsingarinnar, sem um getur í 1. mgr. 33. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/273, skulu uppskerendur leggja yfirlýsinguna fram eigi síðar en 15. janúar. Aðildarríkjum er heimilt að ákveða fyrri dagsetningu eða, að því er varðar uppskeru sem fer seint fram, eigi síðar en 1. mars.

2. Slík yfirlýsing skal a.m.k. innihalda eftirfarandi upplýsingar, sundurliðaðar samkvæmt flokkunum sem mælt er fyrir um í 3. lið í lið 1.2 í III. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2018/273:

a) deili á uppskerandanum (í samræmi við upplýsingarnar sem krafist er í 1. lið í lið 1.1 í III. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2018/273),

b) svæði þar sem vínvið hefur verið plantað til framleiðslu (í hekturum og með tilvísun til staðsetningar vínekruspildunnar),

c) magn uppskorinna þrúgna (í 100 kg),

d) áfangastaður þrúgnanna (í hektólítrum eða 100 kg):

   i. yfirlýsandinn framleiddi úr þeim vín, sem framleiðandi,

   ii. fluttar til vínbrugghúss samvinnufélags (sem þrúgur eða must),

   iii. seldar til vínframleiðanda (sem þrúgur eða must),

   iv. aðrir ákvörðunarstaðir (sem þrúgur eða must).

25. gr.

Tilkynningar og söfnun upplýsinga á einn stað

Upplýsingarnar, sem er að finna í framleiðslu- og birgðayfirlýsingunum í samræmi við 22. og 23. gr. og uppskeruyfirlýsingunum í samræmi við 24. gr. þessarar reglugerðar, og yfirlýsingarnar um meðhöndlun eða setningu á markað, í samræmi við 34. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/273, skulu, eftir atvikum, gerðar miðlægar á landsvísu.

Aðildarríkin skulu mæla fyrir um á hvaða sniði og með hvaða hætti skuli tilkynna þessar upplýsingar til þeirra.

VI. KAFLI

ÁKVÆÐI UM EFTIRLIT

I. ÞÁTTUR

SAMEIGINLEGAR REGLUR

26. gr.

Sýni í eftirlitsskyni

1. Að því er varðar VII. kafla framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/273 getur samskiptastofnun aðildarríkis farið þess á leit að samskiptastofnun annars aðildarríkis safni sýnum í samræmi við fyrirmælin sem sett eru fram í II. viðauka við þessa reglugerð.

2. Aðilinn sem leggur fram beiðnina skal geyma sýnin sem er safnað og skal m.a. ákveða á hvaða rannsóknarstofu skuli greina þau.

II. ÞÁTTUR

GREININGARGAGNAGRUNNUR FYRIR SAMSÆTUGÖGN

27. gr.

Sýni fyrir greiningargagnagrunninn

1. Með það fyrir augum að koma á fót greiningargagnagrunni fyrir samsætugögn, sem um getur í 39. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/273, skulu tilnefndar rannsóknarstofur aðildarríkjanna taka sýni úr ferskum þrúgum til greiningar og til meðhöndlunar og vinnslu í vín í samræmi við fyrirmælin sem sett eru fram í I. hluta III. viðauka við þessa reglugerð.

2. Sýnin úr fersku þrúgunum skulu tekin á vínekrum sem staðsettar eru á vínræktarsvæði þar sem jarðvegsgerð, aðstæður, kerfi sem beitt er við að móta vínviðinn, yrki, aldur og ræktunaraðferðir eru skýrt skilgreind.

3. Fjöldi sýna, sem skal taka fyrir gagnagrunninn á hverju ári, er settur fram í II. hluta III. viðauka. Við val á sýnum skal taka til greina landfræðilega staðsetningu vínekra í aðildarríkjunum sem skráð eru í II. hluta III. viðauka. Á hverju ári skal taka a.m.k. 25% af sýnunum úr sömu reitum og næstliðið ár.

4. Rannsóknarstofur, sem aðildarríkin tilnefna, skulu greina sýnin með þeim aðferðum sem framkvæmdastjórnin setur fram skv. 5. mgr. 80. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 og 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 606/2009. Tilnefndu rannsóknarstofurnar skulu uppfylla almennar viðmiðanir um starfsemi prófunarstofa, sem settar eru fram í staðlinum ISO/IEC 17025:2005, og skulu einkum taka þátt í hæfnisprófunarkerfi sem tekur til aðferða við samsætugreiningu. Rannsóknarstofurnar skulu láta evrópsku tilvísunarmiðstöðinni fyrir eftirlit innan víngeirans (e. *European reference centre for control in the wine sector*, (ERC-CWS)) í té skriflegar sannanir fyrir því að farið sé að þessum viðmiðunum að því er varðar gæðaeftirlit og fullgildingu á þeim gögnum sem lögð eru fram.

5. Rannsóknarstofurnar skulu útbúa greiningarskýrslu, í samræmi við IV. hluta III. viðauka, og blað með lýsingu fyrir hvert sýni í samræmi við spurningalistann í III. hluta III. viðauka.

6. Rannsóknarstofurnar skulu senda evrópsku tilvísunarmiðstöðinni fyrir eftirlit innan víngeirans afrit af skýrslunni með niðurstöðunum og túlkun á greiningunum ásamt afriti af blaðinu með lýsingunni.

7. Aðildarríkin og evrópska tilvísunarmiðstöðin fyrir eftirlit innan víngeirans skulu:

a) varðveita gögnin í greiningargagnagrunninum,

b) geyma sérhvert sýni í a.m.k. þrjú ár frá þeim degi er sýnið var tekið,

c) nota gagnagrunninn eingöngu til að vakta beitingu löggjafar Sambandsins og landslöggjafar að því er varðar vín eða í tölfræðilegum eða vísindalegum tilgangi,

d) gera ráðstafanir til að vernda gögnin, einkum gegn þjófnaði og íhlutun,

e) gera skrár aðgengilegar þeim sem málið varðar, án ástæðulausrar tafar eða kostnaðar, svo að hægt sé að leiðrétta hvers konar skekkjur.

8. Evrópska tilvísunarmiðstöðin fyrir eftirlit innan víngeirans skal útbúa skrá yfir rannsóknarstofur aðildarríkjanna, sem eru tilnefndar til að undirbúa sýni og mæla fyrir greiningargagnagrunninn, og uppfæra hana árlega.

28. gr.

Sending upplýsinga sem er að finna í greiningargagnagrunninum

1. Upplýsingarnar í greiningargagnagrunninum fyrir samsætugögn skulu, að fenginni beiðni, gerðar aðgengilegar fyrir rannsóknarstofurnar sem aðildarríkin tilnefna.

2. Í vel rökstuddum tilvikum og að fenginni beiðni er heimilt að gera upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr., ef þær eru dæmigerðar, aðgengilegar fyrir lögbær yfirvöld sem aðildarríkin tilnefna til að tryggja að farið sé að reglum Sambandsins í víngeiranum.

3. Upplýsingar sem gerðar eru aðgengilegar skulu eingöngu tengjast viðeigandi greiningargögnum sem þörf er á til að túlka greiningu sem framkvæmd er á sýni með sambærilega eiginleika og uppruna. Öllum tilkynningum um upplýsingar, sem gerðar eru aðgengilegar, skal fylgja áminning um skilyrði fyrir notkun gagnagrunnsins eins og um getur í c-lið 7. mgr. 27. gr.

29. gr.

Landsbundnir gagnagrunnar fyrir samsætugögn

Niðurstöður úr samsætugreiningum, sem eru í gagnagrunnum aðildarríkjanna, skulu fengnar með greiningu á sýnum sem eru tekin og meðhöndluð í samræmi við 27. gr.

III. ÞÁTTUR

SÉRTÆK ÁKVÆÐI UM EFTIRLIT

30. gr.

Eftirlit með fyrirkomulaginu við veitingu leyfa til plöntunar á vínvið

Í þeim tilgangi að sýna fram á að reglunum, sem settar eru fram í III. kafla I. bálks II. hluta reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, II. kafla framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/273 og II. kafla þessarar reglugerðar, sé fylgt skulu aðildarríki nota skrána yfir vínekrur sem um getur í 145. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

31. gr.

Sannprófun upplýsinga í skránni yfir vínekrur

1. Aðildarríki skulu gera gögnin í skránni yfir vínekrur aðgengileg í þeim tilgangi að vakta og sannprófa þær ráðstafanir sem eru fjármagnaðar samkvæmt landsbundnu stuðningsáætluninni, sem um getur í 4. þætti II. kafla I. bálks II. hluta reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, sem þau varða.

2. Að því er varðar svæði þar sem vínvið hefur verið plantað skal a.m.k. framkvæma eftirfarandi eftirlit til að viðhalda uppfærðri skrá yfir vínekrur:

a) stjórnsýslueftirlit með öllum vínræktendum sem tilgreindir eru í skránni yfir vínekrur sem:

   i. hafa virkjað leyfi til plöntunar eða endurplöntunar eða hafa skráð eða gert breytingu á upplýsingum í skránni yfir vínekrur eftir að hafa lagt fram umsókn eða tilkynningu varðandi fyrirkomulagið við veitingu leyfa til plöntunar á vínvið,

   ii. hafa lagt fram umsókn um ráðstafanirnar „endurskipulagning og breyting á vínekrum“ eða „grænuppskera“ samkvæmt landsbundinni stuðningsáætlun sem um getur í 46. og 47. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013,

   iii. hafa lagt fram eina af yfirlýsingunum sem um getur í 31., 32. og 33. gr. reglugerðar (ESB) 2018/273,

b) árlegt vettvangseftirlit með a.m.k. 5% allra vínræktenda sem tilgreindir eru í skránni yfir vínekrur.

   Ef vínræktendurnir, sem valdir eru til sýnatöku, eiga að gangast undir vettvangseftirlit sama ár í tengslum við ráðstafanirnar sem um getur í i. og ii. lið a-liðar skal taka slíkt vettvangseftirlit með til að ná árlegu 5% viðmiðunarmörkunum án þess að þörf sé á að endurtaka það,

c) kerfisbundið vettvangseftirlit skal framkvæmt á svæðum þar sem vínvið hefur verið plantað, sem eru ekki tilgreind í neinni undirskrá um vínræktendur, eins og mælt er fyrir um í IV. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2018/273.

32. gr.

Eftirlit varðandi yfirlýsingarnar

Að því er varðar yfirlýsingarnar, sem um getur í 31. til 34. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/273, skulu aðildarríkin annast hvers konar eftirlit og gera ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að tryggja áreiðanleika þessara yfirlýsinga.

VII. KAFLI

TILKYNNINGAR

33. gr.

Tilkynningar um fyrirkomulagið við veitingu leyfa til plöntunar á vínvið

1. Eigi síðar en 1. mars ár hvert skulu aðildarríkin leggja fyrir framkvæmdastjórnina:

a) tilkynningu um vínræktarsvæðin, sem um getur í 3. mgr. 145. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, varðandi stöðuna 31. júlí á næstliðnu vínári. Þessi tilkynning skal vera á því sniði sem sett er fram í I. hluta IV. viðauka við þessa reglugerð,

b) tilkynningarnar sem um getur í 4. mgr. 63. gr. og 3. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013. Þessar tilkynningar skulu vera á því sniði sem sett er fram í II. hluta IV. viðauka við þessa reglugerð,

c) tilkynningu um þær takmarkanir sem aðildarríki ákveða í tengslum við endurplöntun á sama búi, eins og um getur í 8. gr. þessarar reglugerðar. Þessi tilkynning skal vera á því sniði sem sett er fram í töflu A í V. hluta IV. viðauka við þessa reglugerð,

d) uppfærða landsskrá yfir fagfélög eða hagsmunahópa framleiðenda sem um getur í 3. og 8. gr. þessarar reglugerðar,

e) tilkynningu um heildarstærð svæðanna þar sem staðfest er að vínvið hefur verið plantað án leyfis, sem og um þau svæði sem ekki var veitt leyfi fyrir sem hafa verið rudd, eins og um getur í 3. mgr. 71. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013. Slík tilkynning skal vísa til næstliðins vínárs. Tilkynningin skal vera á því sniði sem sett er fram í III. hluta IV. viðauka við þessa reglugerð,

f) ef aðildarríkin ákveða að beita forgangsviðmiðuninni sem um getur í h-lið 2. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013: mörkin sem eru ákvörðuð í tengslum við lágmarks- og hámarksstærð búa, eins og um getur í H-lið II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2018/273.

2. Eigi síðar en 1. nóvember ár hvert skulu aðildarríkin tilkynna framkvæmdastjórninni um:

a) umsóknir um leyfi fyrir nýplöntunum, leyfi sem er úthlutað í raun á næstliðnu vínári skv. 1. eða 2. mgr. 7. gr. þessarar reglugerðar og leyfi sem umsækjendur hafa hafnað, sem og þau sem veitt eru öðrum umsækjendum fyrir 1. október, skv. 3. mgr. 7. gr. þessarar reglugerðar. Þessar tilkynningar skulu vera á því sniði sem sett er fram í IV. hluta IV. viðauka við þessa reglugerð,

b) leyfi til endurplöntunar, sem veitt voru á næstliðnu vínári eins og um getur í 9. gr. þessarar reglugerðar. Þessar tilkynningar skulu vera á því sniði sem sett er fram í töflu B í V. hluta IV. viðauka við þessa reglugerð,

c) leyfi sem veitt voru á næstliðnu vínári á grundvelli umbreytingar á gildum réttindum til plöntunar eins og um getur í 10. gr. þessarar reglugerðar. Slíkar tilkynningar skulu vera á því sniði sem sett er fram í VI. hluta IV. viðauka við þessa reglugerð og einungis gerðar fram til 1. nóvember á næsta ári eftir að frestur til umbreytingar, sem um getur í 1. mgr. 68. gr. reglugerðar (ESB) 1308/2013, rennur út eða fresturinn sem aðildarríkin ákvarða í samræmi við 1. mgr. 10. gr. þessarar reglugerðar.

3. Ef aðildarríki fer ekki að reglunum, sem settar eru fram í 1. og 2. mgr., eða ef viðkomandi upplýsingar virðast vera rangar getur framkvæmdastjórnin stöðvað tímabundið, í heild eða að hluta til, mánaðarlegu greiðslurnar sem um getur í 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar víngeirann þar til tilkynningin er gerð á réttan hátt.

4. Þessi grein skal ekki hafa áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1337/2011 ([13]).

([13]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1337/2011 frá 13. desember 2011 um evrópskar hagskýrslur um fjölærar nytjaplöntur og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 357/79 og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/109/EB (Stjtíð. ESB L 347, 30.12.2011, bls. 7).

34. gr.

Almennar reglur um tilkynningar og aðgengi að upplýsingum

Tilkynningarnar til framkvæmdastjórnarinnar, sem um getur í framseldri reglugerð (ESB) 2018/273 og í þessari reglugerð, skulu gerðar í samræmi við framselda reglugerð (ESB) 2017/1183 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/1185.

35. gr.

Geymsla fylgiskjala, upplýsinga og skráa

1. Fylgiskjölin og afrit af þeim skulu geymd í a.m.k. fimm ár frá lokum þess almanaksárs þegar þau voru útfyllt.

2. Upplýsingar um fyrirkomulagið við veitingu leyfa til plöntunar á vínvið, sem lagðar eru fram í samræmi við 33. gr., skulu geymdar í a.m.k. tíu vínár í kjölfar vínársins sem þær voru lagðar fram.

3. Innfærslu- og útfærsluskráin og skjöl sem varða aðgerðir sem færðar eru í hana skulu geymd í a.m.k. fimm ár eftir að bókhaldinu, sem þau vísa til, hefur verið lokað. Ef einu eða fleiri bókhaldi í skrá, sem fjallar um lítið magn af víni, hefur ekki verið lokað má flytja það yfir í aðra skrá að því tilskildu að vísað sé til flutningsins í upphaflegu skránni. Í því tilviki skal fimm ára tímabilið hefjast á þeim degi sem reikningurinn er færður á milli skráa.

4. Gögnin í skránni yfir vínekrur, eins og kveðið er á um í 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/273, skulu geymd eins lengi og þörf krefur í þeim tilgangi að vakta og sannprófa ráðstafanirnar eða fyrirkomulagið sem þau varða og í öllu falli annars vegar í a.m.k. fimm vínár, ef um er að ræða gögn sem varða ráðstafanirnar, og hins vegar í a.m.k. tíu vínár, ef um er að ræða gögn sem varða fyrirkomulagið við veitingu leyfa til plöntunar á vínvið, á eftir því vínári sem þau varða.

VIII. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

36. gr.

Niðurfelling

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/561 er felld úr gildi.

37. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. desember 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

VALFERLIÐ SEM UM GETUR Í 2. MGR. 7. GR.

A.ÚTHLUTUN Í RÉTTU HLUTFALLI

Þeim hluta af heildarfjölda hektara sem er í boði fyrir nýplöntun, sem aðildarríkin hafa ákveðið að úthluta í réttu hlutfalli til allra umsækjanda á landsvísu eins og um getur í i. lið b-liðar 2. mgr. 4. gr., skal skipt á milli stakra, tækra umsókna samkvæmt eftirfarandi formúlu um leið og möguleg tímamörk, sem um getur í 1. mgr. 3. gr., eru virt:

$$A1 = Ar \times (\%Pr \times Tar/Tap)$$

A_1 = leyfi veitt einstökum umsækjanda samkvæmt réttu hlutfalli (í hekturum)

A_r = svæði sem framleiðandi fer fram á í umsókn sinni (í hekturum)

%Pr = hlutfall af heildarfjölda í boði sem á að veita í réttu hlutfalli

Tar = heildarsvæði sem er í boði með leyfum (í hekturum)

Tap = summa allra umsókna framleiðenda (í hekturum)

B.ÚTHLUTUN SAMKVÆMT FORGANGSVIÐMIÐUNUNUM

Þeim hluta af heildarfjölda hektaranna sem er í boði fyrir nýplöntun, sem aðildarríkin hafa ákveðið að úthluta á landsvísu samkvæmt forgangsviðmiðunum sem valdar eru eins og um getur í ii. lið b-liðar 2. mgr. 4. gr., skal skipt á milli stakra, tækra umsókna á eftirfarandi hátt:

a) Aðildarríkin skulu velja forgangsviðmiðanirnar á landsvísu og þeim er heimilt að gefa öllum völdum viðmiðunum sama vægi eða úthluta þeim mismunandi vægi. Aðildarríkjunum er heimilt að beita slíku vægi með samfelldum hætti á landsvísu eða breyta vægi viðmiðananna með hliðsjón af svæðinu innan yfirráðasvæðis aðildarríkisins.

   Ef aðildarríkin úthluta sama vægi fyrir allar viðmiðanirnar sem valdar eru á landsvísu skal hver þeirra fá gildið einn (1).

   Ef aðildarríkin úthluta mismunandi vægi fyrir viðmiðanir, sem valdar eru á landsvísu, skal hver þessara viðmiðana fá gildi á bilinu núll (0) til einn (1) og summan af öllum stökum gildum skal alltaf vera einn (1).

   Ef vægi þessara viðmiðana er breytilegt með hliðsjón af svæðinu innan yfirráðasvæðis aðildarríkisins skal hver þessara viðmiðana fyrir hvert svæði fá stakt gildi á bilinu núll (0) til einn (1). Í því tilviki skal summan af öllum stökum gildum valinna viðmiðana fyrir hvert þessara svæða alltaf vera einn (1).

b) Aðildarríkin skulu meta hverja tæka, staka umsókn á grundvelli þess að valdar forgangsviðmiðanir séu uppfylltar. Til að meta að hve miklu leyti sérhver forgangsviðmiðun er uppfyllt skulu aðildarríki koma á fót einföldum mælikvarða á landsvísu og úthluta hverri umsókn tilteknum stigafjölda á grundvelli hans í tengslum við hverja viðmiðun.

c) Í einfalda mælikvarðanum skal skilgreina fyrirfram þann stigafjölda sem á að úthluta í tengslum við að uppfylla hverja viðmiðun og tilgreina einnig nákvæmlega þann stigafjölda sem á að úthluta í tengslum við sérhvern þátt hverrar tiltekinnar viðmiðunar.

d) Aðildarríkin skulu koma á forgangsröðun fyrir stakar umsóknir á landsvísu á grundvelli heildarstiga sem hverri stakri umsókn er úthlutað samkvæmt fylgni við tilskilin ákvæði eða að hve miklu leyti er farið að tilskildum ákvæðum, sem um getur í b-lið og, eftir atvikum, vægi viðmiðananna sem um getur í a-lið. Í því skyni skulu þau nota eftirfarandi formúlu:

$$Pt = W_1 \times Pt_1 + W_2 \times Pt_2 + \ldots + W_n \times Pt_n$$

Pt = heildarstig sem veitt eru tiltekinni, stakri umsókn

$W_1, W_2 \ldots, W_n$ = gildi viðmiðanna 1, 2, ..., n

$Pt_1, Pt_2 \ldots, Pt_n$ = hversu vel umsóknin er í samræmi við viðmiðanir 1, 2, ... n

Á svæðum þar sem gildið er núll fyrir allar forgangsviðmiðanir skal öllum tækum umsóknum úthlutað hámarksgildinu á mælikvarða þess að hve miklu leyti er farið að tilskildum ákvæðum

e) Aðildarríkin skulu veita einstökum umsækjendum leyfi í samræmi við forgangsröðunina sem getið er í d-lið og þar til hektararnir, sem skal úthluta samkvæmt forgangsviðmiðununum, eru fullnýttir. Umsækjandi skal fá leyfi fyrir þeim heildarfjölda hektara sem hann fór fram á áður en áður en næsti umsækjandi fær leyfi samkvæmt forgangsröðuninni.

Ef hektarar í boði eru fullnýttir á þeim stað í forgangsröðuninni þar sem nokkrar umsóknir eru með sama stigafjölda skal úthluta þeim hekturum sem eftir eru í réttu hlutfalli milli þessara umsókna.

f) Ef takmörkunum er náð á tilteknu landsvæði, eða svæði sem er hæft fyrir VUT eða VLM eða svæði án landfræðilegrar merkingar, við veitingu leyfa samkvæmt A-lið og a-, b-, c-, d- og e-lið þessa B-liðar skal ekki úthluta vegna fleiri umsókna frá þessu landsvæði eða svæði.

———

II. VIÐAUKI

SÝNI EINS OG UM GETUR Í 26. GR.

I. HLUTI

Aðferð og tilhögun við sýnatöku

1. Þegar sýni eru tekin úr víni, þrúgumusti eða öðrum fljótandi vínafurðum, í tengslum við aðstoð milli eftirlitsaðila, skal þar til bær aðili tryggja að:

   a) sýnin séu dæmigerð fyrir alla lotuna, ef um er að ræða afurðir í ílátum að hámarki 60 lítrar sem geymdar eru í einni lotu,

   b) sýnin séu dæmigerð fyrir innihald ílátsins sem sýnin eru tekin úr, ef um er að ræða afurðir í ílátum með nafnrúmtak sem er meira en 60 lítrar.

2. Sýnin skulu tekin með því að hella viðkomandi afurð í a.m.k. fimm hrein ílát sem hvert um sig er með a.m.k. 75 cl nafnrúmtak. Ef um er að ræða afurðir, sem um getur í a-lið 1. mgr., er einnig heimilt að haga sýnatökunni þannig að a.m.k. fimm ílát með a.m.k. 75 cl nafnrúmtak eru tekin úr lotunni sem á að rannsaka.

   Ef greina á sýni úr víneimi með segulómun á tvívetni skal setja sýnin í ílát með 25 cl nafnrúmtak, eða jafnvel 5 cl ef það á að senda þau frá einni opinberri rannsóknarstofu til annarrar.

   Taka skal sýnin, loka þeim eftir því sem við á, og innsigla í viðurvist fulltrúa stöðvarinnar þar sem sýnið er tekið eða fulltrúa flutningsaðilans ef sýnið er tekið meðan á flutningi stendur. Ef enginn fulltrúi er viðstaddur skal þess getið í skýrslunni sem um getur í 4. lið.

   Öll sýni skulu búin einnota lokunarbúnaði úr óvirku efni.

3. Á hverju sýni skal vera merkimiði sem er í samræmi við A-lið II. hluta.

   Ef ílát er of lítið til að hægt sé að festa merkimiðann, sem mælt er fyrir um, á það skal merkja ílátið með óafmáanlegu númeri og tilgreina tilskildar upplýsingar á sérstöku blaði.

   Fulltrúi stöðvarinnar þar sem sýnið er tekið eða fulltrúi flutningsaðilans skal beðinn um að undirrita merkimiðann eða blaðið, eftir því sem við á.

4. Embættismaður þar til bæra aðilans, sem hefur heimild til að taka sýni, skal útbúa skriflega skýrslu þar sem hann skal tilgreina allar athugasemdir sem hann telur mikilvægar fyrir matið á sýnunum. Hann skal tilgreina í skýrslunni, ef nauðsyn krefur, allar yfirlýsingar frá fulltrúa flutningsaðilans eða fulltrúa stöðvarinnar þar sem sýnið var tekið og skal fara fram á að viðkomandi fulltrúi skrifi undir. Hann skal tilgreina magn afurðarinnar sem sýnið var tekið úr. Ef undirritununum, sem um getur hér að framan og í þriðju undirgrein 3. liðar, var hafnað skal þess getið í skýrslunni.

5. Við hverja sýnatöku skal eitt af sýnunum verða eftir sem samanburðarsýni í stöðinni þar sem sýnið var tekið og annað hjá þar til bærum aðila sem embættismaðurinn, sem tók sýnið, heyrir undir. Þrjú af sýnunum skulu send til opinberrar rannsóknarstofu sem framkvæmir greiningar- eða skynmatsprófun. Þar skal greina eitt af sýnunum. Annað skal geymt sem samanburðarsýni. Samanburðarsýni skulu geymd í a.m.k. þrjú ár eftir sýnatöku.

6. Á ytri umbúðum sendinga af sýnum skal vera rauður merkimiði sem er í samræmi við fyrirmyndina í B-lið II. hluta. Merkimiðinn skal vera 50 mm × 25 mm.

   Þegar sýni eru send skal þar til bær aðili aðildarríkisins þaðan sem sýnin eru send setja stimpil sinn að hluta til á ystu umbúðir pakkans og að hluta til á rauða merkimiðann.

II. HLUTI

A. **Merkimiði með lýsingu á sýninu í samræmi við 3. lið I. hluta**

1. Tilskildar upplýsingar:

   a) heiti, heimilisfang, þ.m.t. aðildarríki, sími, símbréf og tölvupóstfang þar til bærs aðila sem gaf fyrirmælin um sýnatökuna,

   b) raðnúmer sýnisins,

   c) dagsetningin þegar sýnið var tekið,

   d) heiti embættismanns þar til bæra aðilans sem hefur heimild til að taka sýnið,

   e) heiti, heimilisfang, sími, símbréf, tölvupóstfang fyrirtækisins þar sem sýnið var tekið,

   f) auðkenni ílátsins þaðan sem sýnið var tekið (t.d. númer ílátsins, númer flöskulotu, o.s.frv.),

   g) lýsing á afurðinni, þ.m.t. framleiðslusvæði, uppskeruár, raunverulegur eða mögulegur alkóhólstyrkleiki og, ef unnt er, vínþrúguyrki,

   h) orðin: „Einungis rannsóknarstofa, sem hefur leyfi til að framkvæma samanburðargreiningu, má rannsaka geymda samanburðarsýnið. Rof á innsigli er brot sem varðar refsingu.“

2. Athugasemdir:

3. Lágmarksstærð: 100 mm × 100 mm.

B. **Fyrirmynd að rauða merkimiðanum sem um getur í 6. lið I. hluta**

EVRÓPUSAMBANDIÐ

Afurðir til greiningar- og skynmatsprófunar samkvæmt framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/274

———

III. VIÐAUKI

SÝNI EINS OG UM GETUR Í 27. GR.

I. HLUTI

Fyrirmæli varðandi töku sýna úr ferskum þrúgum og vinnslu á þeim í vín til greiningar með samsætuaðferðunum sem um getur í 27. gr.

A. **Sýnataka úr þrúgum**

1. Hvert sýni skal samanstanda af a.m.k. 10 kg af þroskuðum þrúgum af sama yrki. Þær skulu teknar í því ástandi sem þær eru. Sýnataka skal fara fram meðan á uppskeru stendur á viðkomandi reitum. Þrúgurnar sem safnað er skulu vera dæmigerðar fyrir allan reitinn. Sýnin úr fersku þrúgunum, eða pressað must sem fæst úr þeim, má frysta fram að notkun. Einungis er heimilt að taka deiliskammt af mustinu aðskilið og varðveita hann eftir að allt sýnið úr þrúgunum hefur verið pressað í því tilviki þegar séð er fram á mælingar á súrefni 18 í vatninu í mustinu.

2. Þegar sýni eru tekin skal útbúa blað með lýsingu. Þetta blað skal innihalda I. hluta, sem varðar sýnatökuna úr þrúgunum, og II. hluta sem varðar vínframleiðsluna. Það skal geymt hjá sýninu og verður að fylgja því meðan á öllum flutningi stendur. Því skal haldið uppfærðu með innfærslu fyrir sérhverja tegund meðhöndlunar sem sýnið hefur hlotið. Blað með lýsingu sem varðar sýnatökuna skal útbúið í samræmi við A-lið spurningalistans í III. hluta.

B. **Vínframleiðsla**

1. Þar til bær aðili eða deild, sem sá aðili hefur veitt heimild í því skyni, skal annast vínframleiðsluna, þar sem því verður við komið, við skilyrði sem eru sambærileg við venjuleg skilyrði á framleiðslusvæðinu sem sýnið er dæmigert fyrir. Við vínframleiðsluna skal allur sykurinn umbreytast í alkóhól, þ.e. að sykurleifarnar eru minni en 2 g/l. Í tilteknum tilvikum, t.d. til að tryggja að sýnið verði dæmigerðara, er þó hægt að samþykkja meira magn sykurleifa. Um leið og búið er að grugghreinsa vínið og stöðga það með brennisteinsdíoxíði skal það sett í 75 cl flöskur og merkt.

2. Blað með lýsingu sem varðar vínframleiðsluna skal útbúið í samræmi við B-lið spurningalistans í III. hluta.

II. HLUTI

Fjöldi sýna sem aðildarríkin skulu taka á hverju ári fyrir greiningargagnagrunninn eins og um getur í 3. mgr. 27. gr.

— 30 sýni í Búlgaríu,

— 20 sýni í Tékklandi,

— 200 sýni í Þýskalandi,

— 50 sýni í Grikklandi,

— 200 sýni á Spáni,

— 400 sýni í Frakklandi,

— 30 sýni í Króatíu,

— 400 sýni á Ítalíu,

— 10 sýni á Kýpur,

— 4 sýni í Lúxemborg,

— 50 sýni í Ungverjalandi,

— 4 sýni á Möltu,

— 50 sýni í Austurríki,

— 50 sýni í Portúgal,

— 70 sýni í Rúmeníu,

— 20 sýni í Slóveníu,

— 15 sýni í Slóvakíu,

— 4 sýni í Bretlandi.

III. HLUTI

Spurningalisti varðandi söfnun og vínframleiðslu úr sýnum úr þrúgum sem eru ætlaðar til greiningar með samsætuaðferðum eins og um getur í 5. mgr. 27. gr.

Nota skal greiningaraðferðirnar og framsetninguna á niðurstöðunum (einingar) sem Alþjóðavínstofnunin mælir með og birtir.

A.

1. Almennar upplýsingar

   1.1. Númer sýnis

   1.2. Heiti og starfssvið embættismannsins eða aðilans, sem hefur til þess heimild, sem tók sýnið

   1.3. Heiti og heimilisfang þar til bærs aðila sem ber ábyrgð á sýnatökunni

   1.4. Heiti og heimilisfang þar til bærs aðila sem ber ábyrgð á vínframleiðslunni og sendingu sýnisins, ef annar en aðilinn sem um getur í lið 1.3:

2. Almenn lýsing á sýnunum

   2.1. Uppruni (land, landsvæði):

   2.2. Uppskeruár:

   2.3. Vínviðaryrki:

   2.4. Litur þrúgnanna:

3. Lýsing á vínekrunni

   3.1. Heiti og heimilisfang vínræktandans:

   3.2. Staðsetning reitsins

      — sveitarfélag:

      — staður:

      — tilvísun til lóðar:

      — breiddar- og lengdargráða:

   3.3. Jarðvegsgerð (t.d. kalkkenndur, leirkenndur, kalk- og leirkenndur, sendinn):

   3.4. Staðsetning (t.d. halli, slétta, afstaða gagnvart sól):

   3.5. Fjöldi vínviða á hektara:

   3.6. Áætlaður aldur vínekrunnar (yngri en 10 ára/á bilinu 10 til 25 ára/eldri en 25 ára):

   3.7. Hæð yfir sjávarmáli:

   3.8. Aðferð við mótun og snyrtingu:

   3.9. Víntegund sem er alla jafna framleidd úr þrúgunum (sjá flokka vínræktarafurða í II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013):

4. Einkenni uppskeru og musts

   4.1. Áætlaður afrakstur á hvern hektara reitsins sem er uppskorið á: (kg/ha):

   4.2. Heilbrigðisástand þrúgnanna (t.d. heilbrigðar, rotnar), með upplýsingum um hvort þrúgurnar hafi verið þurrar eða blautar þegar sýnið var tekið:

   4.3. Dagsetning þegar sýni var tekið:

5. Veðurskilyrði á undan uppskeru

   5.1. Úrkoma á 10 dögum fyrir uppskeru: já/nei

   5.2. Ef já, viðbótarupplýsingar ef þær eru aðgengilegar

6. Áveituvínekrur:

   Ef vatni er veitt á vínekruna, dagsetning síðustu vökvunar:

   (Stimpill þar til bærs aðila, sem ber ábyrgð á sýnatökunni, og heiti, staða og undirritun embættismannsins sem tekur sýnið)

B.

1. Örvínframleiðsla (e. *microvinification*)

   1.1. Þyngd sýnisins úr þrúgunum í kg:

   1.2. Aðferð við pressun:

   1.3. Magn musts sem fæst:

   1.4. Einkenni mustsins:

   — styrkleiki sykurs, gefinn upp í g/l, með ljósbrotsmælingu:

   — heildarsýruinnihald gefið upp í g/l af vínsýru: (valkvætt):

   1.5. Aðferð við meðhöndlun á musti (t.d. botnfelling, skiljun):

   1.6. Ísetning gers (gertegund sem er notuð). Tilgreina skal hvort sjálfkrafa gerjun hafi átt sér stað eða ekki:

   1.7. Hitastig meðan á gerjun stendur:

   1.8. Aðferð til að ákvarða lok gerjunar:

   1.9. Aðferð við meðhöndlun á víni (t.d. umhelling):

   1.10. Viðbætt brennisteinsdíoxíð í mg/l:

   1.11. Greining á víninu sem verður til

   — raunverulegur alkóhólstyrkleiki í % miðað við rúmmál:

   — heildarmagn þurrefnis:

   — afoxandi sykrur gefnar upp sem andsykur í g/l:

2. Yfirlit yfir vínframleiðslu úr sýninu í tímaröð:

   Dagsetning:

   — þegar sýni var tekið: (sama dagsetning og dagsetning uppskerudags, liður 4.3 í I. hluta)

   — þegar pressun fer fram:

   — þegar gerjun hefst:

   — þegar gerjun lýkur:

   — þegar átöppun fer fram:

   Dagsetning þegar II. hluta var lokið:

   (Stimpill þar til bærs aðila sem annaðist vínframleiðsluna og undirritun þar til bærs embættismanns þess aðila)

IV. HLUTI

Sniðmát fyrir greiningarskýrslu um sýni úr víni og vínræktarafurðum, sem eru greind með aðferð sem Alþjóðavínstofnunin mælir með og birtir, sem um getur í 5. mgr. 27. gr.

A. ALMENNAR UPPLÝSINGAR

1. Land:
2. Númer sýnis:
3. Ár:
4. Vínviðaryrki:
5. Víntegund:
6. Landsvæði/hérað:
7. Heiti, heimilisfang, sími, símbréf og tölvupóstfang rannsóknarstofu sem ber ábyrgð á niðurstöðunum:
8. Sýni til samanburðargreiningar hjá evrópsku tilvísunarmiðstöðinni fyrir eftirlit innan víngeirans: já/nei

B. AÐFERÐIR OG NIÐURSTÖÐUR

1. Vín (yfirfært frá III. hluta III. viðauka)
   1.1. Alkóhólstyrkleiki miðað við rúmmál: % miðað við rúmmál
   1.2. Heildarmagn þurrefnis: g/l
   1.3. Afoxandi sykrur: g/l
   1.4. Heildarsýruinnihald gefið upp sem vínsýra: g/l
   1.5. Heildarmagn brennisteinsdíoxíðs: mg/l
2. Eiming á víni fyrir SNIF-NMR
   2.1. Lýsing á eimingarbúnaði:
   2.2. Magn eimaðs víns/þyngd eimis sem verður til
3. Greining á eimi
   3.1. Alkóhólstyrkleiki eimisins % (m/m):
4. Niðurstaða varðandi samsætuhlutfall tvívetnis/vetnis í etanóli, mælt með kjarnsegulómun (NMR)
   4.1. (D/H)I = ppm
   4.2. (D/H)II = ppm
   4.3. „R“ =
5. Mæliþættir NMR

   Mæld tíðni:
6. Niðurstaða varðandi samsætuhlutfall 18O/16O í víni

   δ 18O [‰] = ‰ V. SMOW — SLAP
7. Niðurstaða varðandi samsætuhlutfall 18O/16O í musti (þegar við á)

   δ 18O [‰] = ‰ V. SMOW — SLAP
8. Niðurstaða varðandi samsætuhlutfall 13C/12C í etanóli úr víni

   δ 13C [‰] = ‰ V-PDB.

———

IV. VIÐAUKI

TILKYNNINGARNAR SEM UM GETUR Í 33. GR.

I. HLUTI

Eyðublað fyrir tilkynninguna sem um getur í a-lið 1. mgr. 33. gr.

Tafla

Skrá yfir vínræktarsvæði

Aðildarríki:						
Dagsetning tilkynningar:						
Vínár:						
Svæði/landsvæði	Svæði þar sem vínvið hefur verið plantað (ha) þar sem framleiða má (*):					
	vín með verndaðri upprunatáknun (VUT) (**)	vín með verndaðri, landfræðilegri merkingu (VLM) (***)		vín án VUT/VLM og staðsett á svæði með VUT/VLM	vín án VUT/VLM og staðsett utan svæðis með VUT/VLM	Samtals
		þar af tilgreint í dálki 2	þar af ekki tilgreint í dálki 2			
(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)
1						
2						
…						
Samtals í aðildarríki						

Ath: gildi sem skal færa inn í dálk (7) = (2) + (4) + (5) + (6)

(*) Gögnin vísa til 31. júlí á næstliðnu vínári.

(**) Á slíkum svæðum má einnig framleiða vín með VLM eða vín án landfræðilegrar merkingar.

(***) Á slíkum svæðum má einnig framleiða vín með VUT og vín án landfræðilegrar merkingar (dálkur (3)) eða einungis vín með VUT og vín án landfræðilegrar merkingar (dálkur (4)). Ekkert svæðanna sem skráð eru í dálki (3) og (4) ætti að vera tilgreint í dálki (5) og (6.)

Frestur fyrir tilkynningu: 1. mars.

II. HLUTI

Eyðublað fyrir tilkynningarnar sem um getur í b-lið 1. mgr. 33. gr.

Tafla A

Leyfi fyrir nýplöntun — hlutfall

Aðildarríki:	
Dagsetning tilkynningar:	
Ár:	
Heildarsvæði (ha) þar sem plantað hefur verið (31. júlí á næstliðnu ári):	
Hlutfall sem skal nota á landsvísu:	
Heildarsvæði (ha) fyrir nýplöntun á landsvísu, á grundvelli hlutfallsins sem er ákveðið:	

Rökstuðningur fyrir takmörkunum á hlutfalli á landsvísu (ef undir 1%):

Heildarsvæði (ha) fært frá næstliðnu ári í samræmi við 3. mgr. 7. gr.:	
Heildarsvæði (ha) sem verða í boði fyrir nýplöntun á landsvísu:	

Eindagi fyrir tilkynningar: 1. mars.

Tafla B

Leyfi fyrir nýplöntun — landfræðilegar takmarkanir

Aðildarríki:	
Dagsetning tilkynningar:	
Ár:	

Takmarkanir ákveðnar á viðkomandi landfræðilegu þrepi, eftir því sem við á:

A. á hverju landsvæði, eftir því sem við á	Takmarkað svæði
svæði 1	
svæði 2	
…	
B. á hverju „undirsvæði“, eftir því sem við á	**Takmarkað svæði**
undirsvæði 1	
undirsvæði 2	
…	
C. á hverju svæði með VUT/VLM, eftir því sem við á	**Takmarkað svæði**
svæði 1 með VUT/VLM	
svæði 2 með VUT/VLM	
…	
D. á hverju svæði án VUT/VLM, eftir því sem við á	**Takmarkað svæði**
svæði 1 án VUT/VLM	
svæði 2 án VUT/VLM	
…	

Ath: Þessari töflu skal fylgja viðeigandi rökstuðningur sem um getur í 3. mgr. 63. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

Eindagi fyrir tilkynningar: 1. mars.

Tafla C

Leyfi fyrir nýplöntun — ákvarðanir varðandi hæfisviðmiðanir á viðkomandi landfræðilegu þrepi birtar opinberlega

Aðildarríki:

Dagsetning tilkynningar:	
Ár:	

Hæfisviðmiðanir, eftir því sem við á:

Hæfisviðmiðanir í 1. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 og annarri undirgrein 1. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/273	Valdar af aðildarríki: J/N	Ef já, tilgreinið viðkomandi landfræðilegt þrep eftir því sem við á:
a-liður 1. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013		landsvæði, undirsvæði, svæði 1 (án) VUT/VLM landsvæði, undirsvæði, svæði 2 (án) VUT/VLM …
b-liður 1. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013		landsvæði, undirsvæði, svæði 1 (án) VUT/VLM landsvæði, undirsvæði, svæði 2 (án) VUT/VLM …
c-liður 1. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013		Svæði 1 með VUT Svæði 2 með VUT …
Önnur undirgrein 1. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/273		Svæði 1 með VLM Svæði 2 með VLM …
d-liður 1. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013	Valdar af aðildarríki: J/N	Ef já að því er varðar d-lið 1. mgr. 64. gr., tilgreinið tiltekið landfræðilegt þrep eftir því sem við á:
Forgangsviðmiðun í 2. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013		
a-liður 2. mgr. 64. gr.		landsvæði, undirsvæði, svæði 1 (án) VUT/VLM landsvæði, undirsvæði, svæði 2 (án) VUT/VLM …
b-liður 2. mgr. 64. gr.		landsvæði, undirsvæði, svæði 1 (án) VUT/VLM landsvæði, undirsvæði, svæði 2 (án) VUT/VLM …
c-liður 2. mgr. 64. gr.		landsvæði, undirsvæði, svæði 1 (án) VUT/VLM landsvæði, undirsvæði, svæði 2 (án) VUT/VLM …

d-liður 2. mgr. 64. gr.		landsvæði, undirsvæði, svæði 1 (án) VUT/VLM landsvæði, undirsvæði, svæði 2 (án) VUT/VLM …
e-liður 2. mgr. 64. gr.		landsvæði, undirsvæði, svæði 1 (án) VUT/VLM landsvæði, undirsvæði, svæði 2 (án) VUT/VLM …
f-liður 2. mgr. 64. gr.		landsvæði, undirsvæði, svæði 1 (án) VUT/VLM landsvæði, undirsvæði, svæði 2 (án) VUT/VLM …
g-liður 2. mgr. 64. gr.		landsvæði, undirsvæði, svæði 1 (án) VUT/VLM landsvæði, undirsvæði, svæði 2 (án) VUT/VLM …
h-liður 2. mgr. 64. gr.		landsvæði, undirsvæði, svæði 1 (án) VUT/VLM landsvæði, undirsvæði, svæði 2 (án) VUT/VLM …

Ath: Ef svarið er „Já“ að því er varðar 64. gr. (d-lið 1. mgr.) skal þessari töflu fylgja viðeigandi rökstuðningur sem um getur í 64. gr. (d-lið 1. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 og í 4. gr. (5. mgr.) framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/273:

Eindagi fyrir tilkynningar: 1. mars.

Tafla D

Leyfi fyrir nýplöntun — ákvarðanir varðandi hlutfallslega úthlutun og forgangsviðmiðanir á viðkomandi landfræðilegu þrepi birtar opinberlega

Aðildarríki:	
Dagsetning tilkynningar:	
Ár:	
Heildarsvæði (ha) sem verða í boði fyrir nýplöntun á landsvísu:	

1. **Hlutfallsleg úthlutun, eftir því sem við á:**

Hlutfall af svæði sem hægt er að veita í réttu hlutfalli á landsvísu:	
Fjöldi hektara:	

2. **Forgangsviðmiðanir, eftir því sem við á:**

Hlutfall af svæði sem hægt er að veita samkvæmt forgangsviðmiðunum á landsvísu:	
Fjöldi hektara:	

Upplýsingar um **einfalda mælikvarðann** sem komið er á fót á landsvísu til að meta að hve miklu leyti stakar umsóknir eru í samræmi við valdar forgangsviðmiðanir (gildissvið, lægsta og hæsta ...):

2.1. **Ef forgangsviðmiðunum er beitt á landsvísu án aðgreiningar eftir svæði**

Valdar forgangsviðmiðanir og viðkomandi vægi:

Forgangsviðmiðun: 2. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 og önnur undirgrein 3. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/273:	a-liður 2. mgr. 64. gr. (*)	a-liður 2. mgr. 64. gr. (**)	b-liður 2. mgr. 64. gr.	c-liður 2. mgr. 64. gr.	d-liður 2. mgr. 64. gr.	e-liður 2. mgr. 64. gr.	f-liður 2. mgr. 64. gr.	g-liður 2. mgr. 64. gr.	h-liður 2. mgr. 64. gr.	Önnur undirgrein 3. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/273 (***)	Önnur undirgrein 3. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/273 (****)
Vægi (0 til 1):											

(*) Nýr aðili (Ath. ekki er hægt að velja viðmiðanirnar „nýr aðili“ og „ungur framleiðandi“ samtímis, einungis önnur þeirra getur átt við)
(**) Ungur framleiðandi
(***) Fyrri hegðun framleiðandans
(****) Stofnanir sem eru ekki reknar í hagnaðarskyni, sem hafa félagslegan tilgang og hafa fengið afhent land sem var gert upptækt vegna hryðjuverkastarfsemi og annarra tegunda afbrota

2.2. **Ef forgangsviðmiðunum er beitt á landsvísu með aðgreiningu eftir svæði**

2.2.1. **Svæði 1:** (lýsing á landfræðilegum mörkum svæðis 1)

Valdar forgangsviðmiðanir og viðkomandi vægi:
[Ef engin viðmiðun er valin fyrir þetta tiltekna svæði skal setja núll í alla dálka hér á eftir]

Forgangsviðmiðun: 2. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 og önnur undirgrein 3. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/273:	a-liður 2. mgr. 64. gr. (*)	a-liður 2. mgr. 64. gr. (**)	b-liður 2. mgr. 64. gr.	c-liður 2. mgr. 64. gr.	d-liður 2. mgr. 64. gr.	e-liður 2. mgr. 64. gr.	f-liður 2. mgr. 64. gr.	g-liður 2. mgr. 64. gr.	h-liður 2. mgr. 64. gr.	Önnur undirgrein 3. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/273 (***)	Önnur undirgrein 3. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/273 (****)
Vægi (0 til 1):											

(*) Nýr aðili (Ath. ekki er hægt að velja viðmiðanirnar „nýr aðili“ og „ungur framleiðandi“ samtímis, einungis önnur þeirra getur átt við)
(**) Ungur framleiðandi
(***) Fyrri hegðun framleiðandans
(****) Stofnanir sem eru ekki reknar í hagnaðarskyni, sem hafa félagslegan tilgang og hafa fengið afhent land sem var gert upptækt vegna hryðjuverkastarfsemi og annarra tegunda afbrota

…

2.2.n. **Svæði n:** (lýsing á landfræðilegum mörkum svæðis n)

Valdar forgangsviðmiðanir og viðkomandi vægi:
[Ef engin viðmiðun er valin fyrir þetta tiltekna svæði skal setja núll í alla dálka hér á eftir]

Forgangsviðmiðun: 2. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 og önnur undirgrein 3. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/273	a-liður 2. mgr. 64. gr. (*)	a-liður 2. mgr. 64. gr. (**)	b-liður 2. mgr. 64. gr.	c-liður 2. mgr. 64. gr.	d-liður 2. mgr. 64. gr.	e-liður 2. mgr. 64. gr.	f-liður 2. mgr. 64. gr.	g-liður 2. mgr. 64. gr.	h-liður 2. mgr. 64. gr.	Önnur undirgrein 3. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/273 (***)	Önnur undirgrein 3. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/273 (****)
Vægi (0 til 1):											

(*) Nýr aðili (Ath. ekki er hægt að velja viðmiðanirnar „nýr aðili“ og „ungur framleiðandi“ samtímis, einungis önnur þeirra getur átt við)
(**) Ungur framleiðandi
(***) Fyrri hegðun framleiðandans
(****) Stofnanir sem eru ekki reknar í hagnaðarskyni, sem hafa félagslegan tilgang og hafa fengið afhent land sem var gert upptækt vegna hryðjuverkastarfsemi og annarra tegunda afbrota

Eindagi fyrir tilkynningar: 1. mars.

III. HLUTI

Eyðublað fyrir tilkynninguna sem um getur í e-lið 1. mgr. 33. gr.

Tafla

Svæði þar sem plöntun hefur farið fram án tilsvarandi leyfa eftir 31. desember 2015 og svæði sem hafa verið rudd skv. 3. mgr. 71. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013

Aðildarríki:

Dagsetning tilkynningar:			
Vínár eða tímabil ([1]):			
Svæði/landsvæði	Svæði (ha) þar sem plöntun hefur farið fram án tilsvarandi leyfis til plöntunar eftir 31. desember 2015:		
	Svæði sem framleiðendur hafa rutt á vínárinu	Svæði sem aðildarríkið hafa rutt á vínárinu	Skrá yfir heildarsvæði með plöntunum sem ekki hefur verið veitt leyfi fyrir og sem hafa enn ekki verið rudd við lok vínársins
(1)	(2)	(3)	(4)
1			
2			
…			
Samtals í aðildarríki:			

([1]) Gögnin skulu vísa til vínársins á undan tilkynningunni.

Frestur fyrir tilkynningu: 1. mars.

IV. HLUTI

Eyðublað fyrir tilkynningarnar sem um getur í a-lið 2. mgr. 33. gr.

Tafla A

Leyfi fyrir nýplöntun sem umsækjendur óska eftir

Aðildarríki:

Dagsetning tilkynningar:	
Ár:	

Svæði/landsvæði	Fjöldi hektara sem óskað er eftir fyrir nýplöntun sem eru staðsettir á svæði þar sem framleiða má:			
	vín með VUT (*)	vín með VLM (**)	einungis vín án VUT/VLM	Samtals
(1)	(2)	(3)	(4)	(5)
1				
2				
…				
Samtals í aðildarríki				

Ef takmarkanir gilda á viðkomandi landfræðilegu þrepi (2. mgr. 63. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013):

á hvert viðkomandi svæði (án) VUT/VLM:	Svæði sem óskað er eftir (ha)
(1)	(2)
svæði 1 (án) VUT/VLM	
svæði 2 (án) VUT/VLM	
…	

(*) Á slíkum svæðum má einnig framleiða vín með VLM eða vín án landfræðilegrar merkingar; ekkert þeirra svæða sem skráð eru í dálki 2 ættu að vera tilgreind í dálki 3.

(**) Á slíkum svæðum má einnig framleiða vín án landfræðilegrar merkingar, en ekki vín með VUT; ekkert þeirra svæða sem skráð eru í dálki 3 ættu að vera tilgreind í dálki 4.

Eindagi fyrir tilkynningar: 1. nóvember.

Tafla B

Leyfi fyrir nýplöntun, sem er úthlutað í raun, og svæði sem er hafnað

Aðildarríki:

Dagsetning tilkynningar:	
Hlutaðeigandi ár:	

Svæði/landsvæði	Fjöldi hektara, sem er úthlutað í raun fyrir nýplöntun, sem eru staðsettir á svæði þar sem framleiða má:				Svæði sem umsækjendur hafna (3. mgr. 7. gr.) (ha)
	vín með VUT (*)	vín með VLM (**)	einungis vín án VUT/VLM	Samtals	
(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)
1					
2					
…					
Samtals í aðildarríki					
Svæði sem umsækjendur hafna (3. mgr. 7. gr.):					

Ef takmarkanir gilda á viðkomandi landfræðilegu þrepi (2. mgr. 63. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013):

á hvert viðkomandi svæði (án) VUT/VLM:	Svæði sem er úthlutað (ha)	Svæði sem umsækjendur hafna (3. mgr. 7. gr.) (ha)	Svæði sem óskað er eftir en aðildarríki úthluta ekki (ha) vegna þess að:	
			farið er yfir tiltekin mörk	hæfisviðmiðanir eru ekki uppfylltar
(1)	(2)	(3)	(4)	(5)
svæði 1 (án) VUT/VLM				
svæði 2 (án) VUT/VLM				
…				

(*) Á slíkum svæðum má einnig framleiða vín með VLM eða vín án landfræðilegrar merkingar; ekkert þeirra svæða sem skráð eru í dálki 2 ættu að vera tilgreind í dálki 3.

(**) Á slíkum svæðum má einnig framleiða vín án landfræðilegrar merkingar, en ekki vín með VUT; ekkert þeirra svæða sem skráð eru í dálki 3 ættu að vera tilgreind í dálki 4.

Eindagi fyrir tilkynningar: 1. nóvember.

V. HLUTI

Eyðublað fyrir tilkynningarnar sem um getur í c-lið 1. mgr. 33. gr. og b-lið 2. mgr. 33. gr.

Tafla A

Leyfi til endurplöntunar — takmörkunum beitt

Aðildarríki:	
Dagsetning tilkynningar:	
Ár:	

Tilgreina skal, **eftir því sem við á**, takmarkanir varðandi endurplöntun fyrir viðkomandi svæði með VUT/VLM sem aðildarríkin ákveða, eins og um getur í 3. mgr. 66. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 og í 6. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/273

Svæði með VUT, eftir því sem við á	Gildissvið takmörkunar (T (*)/P (**))
Svæði 1 með VUT	
Svæði 2 með VUT	
…	
Svæði með VLM, eftir því sem við á	**Gildissvið takmörkunar (T (*)/P (**))**
Svæði 1 með VLM	
Svæði 2 með VLM	
…	

Frekari upplýsingar sem kunna að nýtast til að skýra beitingu slíkra takmarkana:

(*) Í heild (T): takmörkunin er án undantekninga, endurplöntun sem stríðir gegn takmörkununum sem eru ákveðnar er með öllu óheimil.
(**) Að hluta til (P): takmörkunin er ekki án undantekningar, endurplöntun sem stríðir gegn takmörkununum sem eru ákveðnar er leyfð að hluta til að því marki sem aðildarríkið ákveður.

Eindagi fyrir tilkynningar: 1. mars.

Tafla B

Leyfi til endurplöntunar sem er úthlutað í raun

Aðildarríki:

Dagsetning tilkynningar:				
Vínár:				
Svæði/landsvæði	Fjöldi hektara sem er úthlutað í raun fyrir endurplöntun á svæðum þar sem framleiða má:			
	vín með VUT (*)	vín með VLM (**)	vín án VUT/VLM	Samtals
(1)	(2)	(3)	(4)	(5)
1				
2				
…				
Samtals í aðildarríki				

(*) Á slíkum svæðum má einnig framleiða vín með VLM eða vín án landfræðilegrar merkingar; ekkert þeirra svæða sem skráð eru í dálki 2 ættu að vera tilgreind í dálki 3.
(**) Á slíkum svæðum má einnig framleiða vín án landfræðilegrar merkingar, en ekki vín með VUT; ekkert þeirra svæða sem skráð eru í dálki 3 ættu að vera tilgreind í dálki 4.

Eindagi fyrir tilkynningar: 1. nóvember.

Ath: Gögnin skulu vísa til vínársins á undan tilkynningunni.

VI. HLUTI

Eyðublað fyrir tilkynningarnar sem um getur í c-lið 2. mgr. 33. gr.

Réttindi til plöntunar sem veitt eru fyrir 31. desember 2015 og umbreytt í leyfi — leyfi sem er úthlutað í raun

Aðildarríki:				
Dagsetning tilkynningar:				
Vínár:				
Svæði/landsvæði	Fjöldi hektara sem er úthlutað í raun á svæðum þar sem framleiða má:			
	vín með VUT (*)	vín með VLM (**)	vín án VUT/VLM	Samtals
(1)	(2)	(3)	(4)	(5)
1				
2				
…				
Samtals í aðildarríki				

(*) Á slíkum svæðum má einnig framleiða vín með VLM eða vín án landfræðilegrar merkingar; ekkert þeirra svæða sem skráð eru í dálki 2 ættu að vera tilgreind í dálki 3.

(**) Á slíkum svæðum má einnig framleiða vín án landfræðilegrar merkingar, en ekki vín með VUT; ekkert þeirra svæða sem skráð eru í dálki 3 ættu að vera tilgreind í dálki 4.

Eindagi fyrir tilkynningar: 1. nóvember.

Ath: Þessa töflu skal tilkynna fyrir hvert vínár (frá 1. ágúst árið n-1 til 31. júlí árið fyrir tilkynninguna) fram til 1. nóvember á næsta ári eftir að fresturinn, sem um getur í 1. mgr. 68. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, rennur út eða fresturinn sem aðildarríkin ákveða í samræmi við 1. mgr. 10. gr. þessarar reglugerðar.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/33 **2022/EES/72/69**

frá 17. október 2018

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar umsóknir um vernd fyrir upprunatáknanir, landfræðilegar merkingar og hefðbundin heiti í víngeiranum, andmælameðferð, takmarkanir á notkun, breytingar á forskriftum fyrir afurðir, afturköllun verndar og merkingu og kynningu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 ([1]), einkum 109. gr., 114. gr. og 122. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 felldi úr gildi og kom í stað reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1234/2007 ([2]). Í 2. og 3. þætti I. kafla II. bálks II. hluta reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 er mælt fyrir um reglur um upprunatáknanir, landfræðilegar merkingar, hefðbundin heiti, merkingar og kynningu í víngeiranum og framkvæmdastjórninni falið vald til að samþykkja framseldar gerðir og framkvæmdargerðir að því er það varðar. Samþykkja þarf tilteknar reglur með slíkum gerðum til að tryggja snurðulausa starfsemi markaðsins með vín innan nýja lagarammans. Þær gerðir ættu að koma í stað ákvæðanna í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 607/2009 ([3]) sem ætti því að fella niður.

2) Reynslan sem hefur fengist af beitingu reglugerðar (EB) nr. 607/2009 hefur sýnt að núgildandi málsmeðferðarreglur um skráningu, breytingu og afturköllun upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar aðildarríkis Sambandsins eða þriðja lands geta verið flóknar, íþyngjandi og tímafrekar. Reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 hefur skapað lagalegt tómarúm, einkum að því er varðar þá málsmeðferð sem skal fylgja varðandi breytingar á forskriftum fyrir afurðir. Málsmeðferðarreglur varðandi upprunatáknanir og landfræðilegar merkingar í víngeiranum samræmast ekki reglunum sem gilda um gæðakerfi í geirum matvæla, brenndra drykkja og kryddvíns í lögum Sambandsins. Þetta skapar ósamræmi í því hvernig haga á framkvæmd innan þessarar greinar hugverkaréttar. Taka ætti á þessu misræmi í ljósi réttarins til að njóta verndar hugverkaréttinda sem komið var á með 2. mgr. 17. gr. sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi. Því ætti með þessari reglugerð að einfalda, skýra, fullgera og samræma viðeigandi málsmeðferðarreglur. Byggja ætti málsmeðferðarreglur að því marki sem mögulegt er á þeim skilvirku og vel prófuðu málsmeðferðarreglum um vernd hugverkaréttinda sem varða landbúnaðarafurðir og matvæli sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1151/2012 ([4]), framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 664/2014 ([5]) og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 668/2014 ([6]) og aðlaga þær að sérkennum víngeirans.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 9, 11.1.2019, bls. 2. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 273/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671.

([2]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007 frá 22. október 2007 um sameiginlegt markaðskerfi í landbúnaði og um sértæk ákvæði varðandi tilteknar landbúnaðarvörur (reglugerðin um eitt sameiginlegt markaðskerfi) (Stjtíð. ESB L 299, 16.11.2007, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 607/2009 frá 14. júlí 2009 þar sem mælt er fyrir um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 um verndaðar upprunatáknanir, verndaðar, landfræðilegar merkingar, hefðbundin heiti, merkingu og framsetningu tiltekinna vínafurða (Stjtíð. ESB L 193, 24.7.2009, bls. 60).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1151/2012 frá 21. nóvember 2012 um gæðakerfi fyrir landbúnaðarafurðir og matvæli (Stjtíð. ESB L 343, 14.12.2012, bls. 1).

([5]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 664/2014 frá 18. desember 2013 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1151/2012 að því er varðar stofnun Evrópusambandstákna fyrir verndaðar upprunatáknanir, verndaðar landfræðilegar merkingar og hefðbundnar afurðir eða matvæli sem viðurkennt er að hafi tiltekin sérkenni og að því er varðar tilteknar reglur um uppruna, tilteknar málsmeðferðarreglur og tilteknar viðbótarumbreytingarreglur (Stjtíð. ESB L 179, 19.6.2014, bls. 17).

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 668/2014 frá 13. júní 2014 um reglur vegna beitingar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1151/2012 um gæðakerfi fyrir landbúnaðarafurðir og matvæli (Stjtíð. ESB L 179, 19.6.2014, bls. 36).

3) Upprunatáknanir og landfræðilegar merkingar eru órjúfanlega tengdar við yfirráðasvæði aðildarríkja. Landsbundin yfirvöld og staðaryfirvöld búa yfir bestu sérþekkingu og vitneskju um þær staðreyndir sem málið varða. Þetta ætti að endurspeglast í viðkomandi málsmeðferðarreglum, með tilliti til nálægðarreglunnar sem sett er fram í 3. mgr. 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.

4) Einungis ætti að skrá heiti sem á að vernda sem upprunatáknun eða landfræðilega merkingu á tungumáli sem a.m.k. hefur söguleg tengsl við landsvæðið þar sem afurðin er framleidd. Mæla ætti fyrir um sértækar reglur um notkun á málfræðilegum rittáknum fyrir verndaða upprunatáknun og verndaða, landfræðilega merkingu til að tryggja að rekstraraðilar og neytendur í öllum aðildarríkjum eigi betra með að lesa og skilja slík heiti.

5) Skilgreina ætti skilyrðin fyrir því að stakur framleiðandi geti talist hæfur umsækjandi. Ekki ætti að refsa stökum framleiðendum ef viðvarandi aðstæður koma í veg fyrir stofnun framleiðendahóps. Hins vegar ætti að koma skýrt fram að aðrir framleiðendur sem hafa staðfestu á hinu afmarkaða landsvæði megi nota hið verndaða heiti að því tilskildu að skilyrðin sem mælt er fyrir um í forskriftinni fyrir afurðina séu uppfyllt, jafnvel þegar verndaða heitið samanstendur af eða inniheldur heitið á búi staka framleiðandans sem er umsækjandi.

6) Þegar einungis er heimilt að pakka afurð úr víngeiranum, sem ber upprunatáknun eða landfræðilega merkingu, innan afmarkaðs landsvæðis samkvæmt forskriftinni fyrir afurðina telst það vera takmörkun á frjálsum vöruflutningum og frelsi til að veita þjónustu. Í ljósi dómaframkvæmdar Evrópudómstólsins má einungis setja slíkar takmarkanir ef þær eru nauðsynlegar og hóflegar til að vernda gæði, til að votta uppruna afurðarinnar eða til að tryggja eftirlit. Því er nauðsynlegt að kveða á um að allar takmarkanir sem varða pakkningar skuli vera tilhlýðilega rökstuddar með tilliti til frjálsra vöruflutninga og frelsis til að veita þjónustu.

7) Í reglugerð (EB) nr. 607/2009 er mælt fyrir um fjölda undanþága varðandi framleiðslu innan afmarkaða landsvæðisins. Þessum undanþágum ætti að halda til að varðveita hefðbundnar framleiðsluaðferðir. Til glöggvunar og í þágu réttarvissu ætti að setja þær fram á skýran hátt.

8) Landsbundin yfirvöld í hlutaðeigandi aðildarríki rannsaka umsóknir um vernd í undanfarandi landsbundinni málsmeðferð. Þegar um verndaðar upprunatáknanir er að ræða ættu aðildarríkin að beina sérstakri athygli að lýsingunni á tengslunum á milli gæða og einkenna afurðarinnar og tiltekna landfræðilega umhverfisins. Þegar um verndaðar landfræðilegar merkingar er að ræða ættu aðildarríkin að beina sérstakri athygli að lýsingunni á tengslunum á milli tiltekinna gæða, orðspors eða annarra einkenna og landfræðilegs uppruna afurðarinnar með tilliti til afmarkaða svæðisins og einkenna afurðarinnar. Skilgreining afmarkaða svæðisins ætti að vera ítarleg, nákvæm og ótvíræð þannig að framleiðendur, lögbær yfirvöld og eftirlitsstofnanir geti gengið úr skugga um hvort starfsemin fari fram innan afmarkaða landfræðilega svæðisins.

9) Matið sem lögbær yfirvöld framkvæma er nauðsynlegur þáttur í málsmeðferðinni. Aðildarríkin búa yfir vitneskju, sérþekkingu og aðgangi að gögnum og staðreyndum sem gera þau best til þess fallin að meta hvort umsókn sem varðar upprunatáknun eða landfræðilega merkingu uppfylli þær kröfur sem þarf til að fá vernd. Því ættu aðildarríkin að tryggja að niðurstöðurnar úr þessu mati, sem ætti að skrá með nákvæmum hætti í eitt skjal með samantekt á viðeigandi þáttum forskriftarinnar fyrir afurðina, séu áreiðanlegar og réttar. Framkvæmdastjórnin ætti því næst, með hliðsjón af nálægðarreglunni, að grannskoða umsóknir til að sjá til þess að ekki séu neinar augljósar villur fyrir hendi og að tekið hafi verið tillit til laga Sambandsins og hagsmuna hagsmunaaðila utan umsóknaraðildarríkisins.

10) Til að greiða fyrir sameiginlegum umsóknum um vernd upprunatáknana og landfræðilegra merkinga ætti að skilgreina tiltekin stig málsmeðferðarreglnanna fyrir þessar umsóknir.

11) Telji aðildarríki að heiti sem umsókn um vernd fjallar um sé hæft til skráningar sem vernduð upprunatáknun eða landfræðileg merking í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, ættu aðildarríkin að geta veitt landsbundna vernd á umbreytingartímabili meðan framkvæmdastjórnin framkvæmir matið á umsókninni um vernd.

12) Setja ætti fram þær upplýsingar sem umsækjandi skal leggja fram til að umsóknir um vernd, breytingu, andmæli eða afturköllun teljist tækar, til að greiða fyrir meðhöndlun slíkra umsókna og til að hraða fyrir rannsókn skránna.

13) Stytta ætti andmælameðferðina og bæta hana. Í þágu réttarvissu ætti að setja fasta fresti fyrir hin ýmsu stig málsmeðferðarinnar og tilgreina ástæður fyrir andmælum. Bæta ætti við stigi þar sem aðilarnir eiga samskipti með það fyrir augum að ná samkomulagi á friðsamlegan hátt.

14) Setja ætti ákvæði um sértækar undanþágur sem leyfa að verndað heiti sé notað á umbreytingartímabili fyrir vínræktarafurðir sem uppfylla ekki forskriftina fyrir afurðina. Heimila ætti aðildarríkjunum, til að yfirstíga tímabundna erfiðleika og til að tryggja að allir framleiðendur fari að forskriftunum til lengri tíma, að veita undanþágur til allt að 10 ára í tilteknum tilvikum.

15) Framleiðendur vínræktarafurða sem bera heiti sem er verndað sem upprunatáknun eða landfræðileg merking standa frammi fyrir markaði sem er bæði breytilegur og krefjandi. Þeir hafa þörf fyrir málsmeðferðir sem gera þeim kleift að laga sig hratt að kröfum markaðarins, þó gjalda þeir í raun fyrir lengd núverandi málsmeðferðar vegna breytinga og hversu flókin hún er, og áhrif þess hefta getu þeirra til að bregðast hratt við markaðnum. Framleiðendum vínræktarafurða sem bera heiti sem er verndað sem upprunatáknun eða landfræðileg merking ætti einnig að vera heimilt að hafa hliðsjón af þróun á sviði vísinda- og tækniþekkingar og af umhverfisbreytingum. Til að fækka stigunum í slíkum málsmeðferðum og framfylgja nálægðarreglunni á þessu sviði ætti að samþykkja, á vettvangi aðildarríkjanna, ákvarðanir um breytingar sem ekki varða mikilvæga þætti forskriftarinnar fyrir afurðina. Gera ætti framleiðendum kleift að beita þessum breytingum um leið og landsbundinni málsmeðferð lýkur. Ekki ætti að vera gerð krafa um endurskoðun umsóknarinnar að því er varðar viðurkenningu á vettvangi Sambandsins.

16) Framkvæmdastjórnin ætti þó áfram að bera ábyrgð á að samþykkja breytingar þar sem andmælameðferðar er krafist á vettvangi Sambandsins til að vernda hagsmuni þriðju aðila sem hafa staðfestu í öðrum aðildarríkjum en þeim þar sem vínræktarafurðin er framleidd. Því ætti að bæta við nýrri flokkun breytinga: almennum breytingum sem taka gildi um leið og aðildarríki hefur samþykkt þær, þar eð ekki er krafist andmælameðferðar hvað þær varðar á vettvangi Sambandsins, og breytingum á vegum Sambandsins sem gilda einungis að fengnu samþykki framkvæmdastjórnarinnar að lokinni andmælameðferð á vettvangi Sambandsins.

17) Bæta ætti við tímabundnum breytingum til að halda megi áfram að setja á markað vínræktarafurðir sem bera verndaða upprunatáknun eða landfræðilega merkingu undir vernduðu heitunum ef náttúruhamfarir, óhagstæð veðurskilyrði eða samþykkt ráðstafana um hollustuhætti eða heilbrigði plantna koma tímabundið í veg fyrir að rekstraraðilar geti farið að forskriftinni fyrir afurðina. Þar sem um neyðarráðstafanir er að ræða ættu tímabundnar breytingar að gilda um leið og aðildarríkið hefur samþykkt þær. Skráin yfir neyðarástæður fyrir tímabundnum breytingum er tæmandi vegna þess að tímabundnar breytingar eru í eðli sínu einstakar.

18) Breytingar á vegum Sambandsins ættu að fylgja málsmeðferðinni fyrir umsóknir um vernd til að þær hafi sömu skilvirkni og tryggingar. Beita ætti henni að breyttu breytanda, að undanskildum tilteknum stigum sem ætti að sleppa til að draga úr stjórnsýsluálagi. Koma ætti upp málsmeðferð fyrir almennar breytingar og tímabundnar breytingar þannig að aðildarríki geti gert viðeigandi mat á umsóknunum og til að tryggja samræmda nálgun á milli aðildarríkja. Mat aðildarríkjanna ætti að vera sambærilegt, að því er varðar nákvæmni og ítarleika, því sem krafist er fyrir matsferlið innan málsmeðferðarinnar fyrir umsóknir um vernd.

19) Almennar og tímabundnar breytingar sem tengjast vernduðum upprunatáknunum og landfræðilegum merkingum þriðju landa ættu að fylgja þeirri nálgun sem kveðið er á um fyrir aðildarríkin, og taka ætti ákvörðun um samþykki í samræmi við það kerfi sem er í gildi í hlutaðeigandi þriðja landi.

20) Afturköllunarferlið ætti að vera gagnsærra og skýrara. Einkum ætti að vera hægt að andmæla afturköllunarbeiðninni. Með það fyrir augum ætti afturköllunarferlið, að breyttu breytanda, að fylgja stöðluðu málsmeðferðinni fyrir umsóknir um vernd að undanskildum tilteknum stigum sem ætti að sleppa til að draga úr stjórnsýsluálagi. Það ætti að vera mögulegt að afturkalla vernduð heiti ef þau eru ekki lengur í notkun á markaðnum.

21) Samþykkja ætti reglur um tímabundnar merkingar og kynningu á vínræktarafurðum með heiti sem sótt hefur verið um vernd fyrir sem upprunatáknun eða landfræðilega merkingu, til að tryggja vernd lögmætra hagsmuna rekstraraðilanna samhliða því að taka tillit til meginreglunnar um sanngjarna samkeppni og skuldbindingarinnar um að tryggja að viðeigandi upplýsingum sé miðlað til neytenda.

22) Tilteknar verndaðar upprunatáknanir njóta undanþága frá skuldbindingunni um að nota hugtakið „vernduð upprunatáknun“ á merkimiðum. Til að viðhalda þessari sögulegu tilslökun þykir rétt að staðfesta tilvist þessarar undanþágu fyrir slík heiti.

23) Notkun á hefðbundnum heitum til að lýsa vínræktarafurðum er viðtekin venja í Sambandinu. Slík heiti vísa til framleiðslu- eða þroskunaraðferðar, gæða, litar, tegundar staðar eða tiltekins viðburðar sem tengist sögu vínræktarafurðar sem ber verndaða upprunatáknun eða landfræðilega merkingu eða gefa til kynna að um sé að ræða vínræktarafurð með verndaða upprunatáknun eða landfræðilega merkingu. Í 112. og 113. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 er mælt fyrir um almennar reglur varðandi notkun á og vernd fyrir hefðbundin heiti. Til að tryggja sanngjarna samkeppni og til að komast hjá því að villa um fyrir neytendum ætti að mæla fyrir um sameiginlegan ramma fyrir verndun og skráningu slíkra hefðbundinna heita. Enn fremur ætti að einfalda málsmeðferðarreglur varðandi veitingu verndar fyrir hefðbundin heiti og samræma þær, ef mögulegt er, við málsmeðferðarreglur sem varða veitingu verndar fyrir upprunatáknanir og landfræðilegar merkingar.

24) Hefðbundið heiti getur minnt á sérstök einkenni vínræktarafurðar sem ber það hefðbundna heiti. Því ætti, til að miðla skýrum upplýsingum, að tilgreina það heiti eingöngu á því tungumáli sem vanalega er notað, með upprunalegri stafsetningu og letri.

25) Til að tryggja að ekki sé villt um fyrir neytendum ætti að heimila notkun á hefðbundnum heitum fyrir vínræktarafurðir sem eru framleiddar í þriðju löndum, að því tilskildu að þær uppfylli sömu eða sambærileg skilyrði og krafist er í aðildarríkjum. Því ættu bæði aðildarríki og þriðju lönd að hafa möguleika á að sækja um vernd fyrir hefðbundið heiti á vettvangi Sambandsins. Með hliðsjón af því að í sumum þriðju löndum er kerfið fyrir vernd hefðbundinna heita ekki eins miðlægt og í Sambandinu ætti að mæla fyrir um skilgreiningu á „atvinnugreinasamtökum“ sem starfa í þriðju löndum til að tryggja sömu ábyrgðir og kveðið er á um í reglum Sambandsins.

26) Aðildarríki, þriðju lönd eða atvinnugreinasamtök sem starfa í þriðju löndum ættu að tryggja að umsókn um vernd sem er lögð fyrir framkvæmdastjórnina sé að fullu útfyllt og innihaldi allar viðeigandi upplýsingar sem gera framkvæmdastjórninni kleift að staðfesta að hefðbundna heitið uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í 112. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 og sanna að hefðbundna heitið njóti þegar verndar í aðildarríkinu.

27) Einungis ætti að veita vernd fyrir hefðbundin heiti sem eru þekkt víða og hafa veruleg efnahagsleg áhrif á vínræktarafurðirnar sem þau eru frátekin fyrir. Því ætti framkvæmdastjórnin einungis að samþykkja umsóknir um vernd fyrir hefðbundið heiti ef umsóknin inniheldur tæmandi sannanir fyrir því að hefð sé fyrir því að nota heitið til að lýsa vínræktarafurðum sem eru framleiddar á stórum hluta yfirráðasvæðis Sambandsins eða að það sé þekkt heiti sem hefð er fyrir að nota á öllu yfirráðasvæði aðildarríkis eða þriðja lands, að sanngjörn samkeppni sé tryggð fyrir framleiðendur sem notuðu heitið áður en því var veitt vernd og að hefðbundna heitið sé ekki almennt heiti. Í þessu skyni ætti að skilgreina merkingu hugtaksins „hefðbundin notkun“ og „almennt“ í þessari reglugerð.

28) Framkvæmdastjórnin ætti að grannskoða umsókn um vernd fyrir hefðbundið heiti til að tryggja að umsóknin sé fyllt út á viðeigandi hátt og uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Ef kröfur varðandi umsókn eru ekki uppfylltar ætti framkvæmdastjórnin að fara fram á að umsækjandinn geri nauðsynlegar breytingar eða dragi umsóknina til baka. Aðhafist umsækjandinn ekkert ætti að hafna umsókninni.

29) Til að tryggja að ekki séu neinar hindranir í vegi fyrir verndun hefðbundins heitis ætti hvert það aðildarríki eða þriðja land, eða einstaklingur eða lögaðili, sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta að geta lagt fram andmæli gegn því að hefðbundna heitið fái vernd. Til að andmæli megi teljast tæk ættu þau vera rökstudd og ættu sýna fram á að umsóknin samræmist ekki reglum Sambandsins um hefðbundin heiti. Enn fremur, ef andmæli teljast tæk, ætti framkvæmdastjórnin að afhenda umsækjandanum afrit af andmælunum sem bárust til að gera aðilunum kleift að komast að samkomulagi. Ef aðilarnir ná ekki samkomulagi ætti framkvæmdastjórnin að skera úr um andmælin og veita vernd eða hafna umsókninni um vernd fyrir hefðbundna heitið.

30) Til að tryggja skýrleika fyrir neytendur að því er varðar eðli og uppruna afurðarinnar og til að tryggja sanngjarna samkeppni milli framleiðenda er nauðsynlegt að setja notkunarskilyrði fyrir vörumerki sem innihalda eða samanstanda af hefðbundnu heiti og um notkun á einsheita hefðbundnum heitum.

31) Til að taka tillit til þróunar neyslumynstra og til að fjalla um þróun í framleiðslu vínræktarafurða og setningar þeirra á markað ætti að vera mögulegt fyrir aðildarríki og þriðju lönd að sækja um að breyta hefðbundnu heiti eða afturkalla það. Til að umsóknir um breytingu eða afturköllun á hefðbundnu heiti teljist tækar ættu þær að vera tilhlýðilega rökstuddar.

32) Kerfi sem eru til staðar í þriðju löndum fyrir verndun og notkun hefðbundinna heita geta verið ólík því sem er fyrir hendi í Sambandinu. Fyrir sakir samræmis ætti að heimila notkun hefðbundinna heita til að lýsa vínræktarafurðum sem eru framleiddar í þriðju löndum, að því tilskildu að þau brjóti ekki í bága við lög Sambandsins.

33) Taka ætti tillit til áunnins réttar hefðbundins heitis til verndar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 607/2009. Því ættu þau heiti að halda áfram að njóta sjálfkrafa verndar samkvæmt þessari reglugerð.

34) Í 117. til 121. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 er mælt fyrir um almennar reglur varðandi merkingar og kynningu á vínræktarafurðum. Í þeirri reglugerð er einnig samræmd notkun á öðrum heitum en þeim sem eru sérstaklega tiltekin í löggjöf Sambandsins, að því tilskildu að þau séu ekki villandi. Vegna snurðulausrar starfsemi innri markaðarins ætti að mæla fyrir um reglur Sambandsins um notkun á skyldubundnum merkingarupplýsingum fyrir vínræktarafurðir. Enn fremur ætti, til að villa ekki um fyrir neytendum, að setja fram ákvæði um notkun á valkvæðum merkingarupplýsingum.

35) Til að aðstoða neytendur ætti að safna skyldubundnum upplýsingum á einn sýnilegan flöt á umbúðunum. Í samræmi við kröfurnar í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 ([7]) ætti þessi skuldbinding þó ekki að ná til tiltekinna lögboðinna upplýsinga, s.s. tilgreiningu á innflytjanda og skrá yfir innihaldsefni sem geta verið ofnæmis- eða óþolsvaldandi.

36) Samkvæmt skilmálum í reglugerð (ESB) nr. 1169/2011 eru þau efni eða afurðir sem geta valdið ofnæmi eða óþoli og hugtökin sem skal nota til að tilgreina þau á merkimiðum matvæla þau sem eru skráð í II. viðauka við hana. Ef um er að ræða vínræktarafurðir eru einnig notuð önnur hugtök til að vísa til eggjaafurða, mjólkurafurða og súlfíta. Því ætti að nota þau hugtök við merkingar á vínræktarafurðum.

37) Vínræktarafurðir sem eru framleiddar innan Sambandsins eru fluttar út til þriðju landa. Til að tryggja að neytendur í þessum löndum skilji upplýsingarnar um afurðina sem þeir kaupa ætti að vera mögulegt að láta þýða merkimiðann á tungumál innflutningslandsins. Enn fremur ætti, til að greiða fyrir viðskiptum, að setja ákvæði um að heimila að á merkimiðunum komi fram þær upplýsingar sem krafist er samkvæmt lögum innflutningslandsins, hvort sem þær eru í samræmi við lög Sambandsins eða ekki. Enn fremur ætti, af öryggisástæðum, að vera mögulegt að víkja frá kröfum Sambandsins um kynningu á vínræktarafurðum sem á að neyta um borð í flugvélum, s.s. kröfunni um að nota glerflöskur undir freyðivín.

38) Notkun á hettum sem innihalda blý til að hylja lokunarbúnað íláta sem innihalda afurðir sem falla undir reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 ætti áfram að vera bönnuð til að koma í veg fyrir áhættu á mengun vegna snertingar við slíkar hettur og umhverfismengun frá úrgangi.

39) Taka ætti tilhlýðilegt tillit til sérstaks eðlis vínræktarafurða og breytileika milli alkóhólinnihalds þeirra. Því ætti að leyfa jákvæð og neikvæð vikmörk, að því er varðar tilgreininguna á merkimiðanum, á raunverulegum alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál.

40) Til að tryggja rekjanleika ætti að taka upp reglur um upplýsingar um uppruna. Í þessum reglum ætti enn fremur að taka tillit til væntinga neytenda að því er varðar uppruna vínræktarafurðanna og þrúgnanna og mustsins sem voru notuð til að framleiða lokaafurðina.

41) Tilgreining á heiti og heimilisfangi átappara, framleiðanda, seljanda eða innflytjanda ætti að vera lögboðin til að innri markaðurinn geti starfað snurðulaust og til að tryggja að ekki sé villt um fyrir neytendum.

42) Neytendur byggja oft kaupákvarðanir sínar á upplýsingum sem eru veittar um sykurinnihald freyðivíns, loftblandaðs freyðivíns, gæðafreyðivíns og ilmríks gæðafreyðivíns. Því ætti tilgreining sykurinnihalds að vera lögboðin fyrir þessa flokka vínræktarafurða en vera áfram valkvæð fyrir aðra flokka vínræktarafurða.

43) Neytendur þekkja ekki alltaf til einkenna og framleiðsluaðferða fyrir loftblandað freyðivín og loftblandað, hálffreyðandi vín, einkum að því er varðar notkun á koltvísýringi. Því er nauðsynlegt að tilgreina á merkimiða slíks víns að það hafi verið framleitt með viðbættum koltvísýringi.

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 og (EB) nr. 1925/2006 og um niðurfellingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/250/EBE, tilskipun ráðsins 90/496/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/10/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2002/67/EB og 2008/5/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 608/2004 (Stjtíð. ESB L 304, 22.11.2011, bls. 18).

44) Tilgreining á árgangi og tilgreining eins eða fleiri vínþrúguyrkja krefjast sértækra reglna til að tryggja að upplýsingar sem er miðlað til neytenda séu ekki villandi. Einkum ætti að setja takmarkanir fyrir notkun á heitum vínþrúguyrkja sem samanstanda af eða innihalda verndaða upprunatáknun eða landfræðilega merkingu.

45) Neytendur taka einnig oft kaupákvarðanir á grundvelli vínþrúguyrkisins sem var notað. Til að koma í veg fyrir blekkjandi aðferðir í merkingum ætti að mæla fyrir um reglur um skilyrði fyrir notkun heita sem eru notuð til að tilgreina vínþrúguyrki. Með tilliti til efnahagslegs mikilvægis einyrkisvíns fyrir framleiðendur ætti enn fremur að vera mögulegt fyrir framleiðendur vínræktarafurða, sem bera ekki verndaða upprunatáknun eða landfræðilega merkingu, að tilgreina á merkimiðanum upplýsingarnar „einyrkisvín“ ásamt heiti þess lands þar sem vínræktarafurðin var framleidd.

46) Sykurinnihald vínræktarafurða, annarra en freyðivíns, loftblandaðs freyðivíns, gæðafreyðivíns og ilmríks gæðafreyðivíns, er ekki nauðsynlegur hluti upplýsinga fyrir neytendur. Því ætti framleiðendum að vera frjálst að velja hvort þeir tilgreina sykurinnihald þessara vínræktarafurða á merkimiðanum. Hins vegar ætti að setja reglur um valfrjálsa notkun á hugtökum sem varða sykurinnihald þessara afurða til að ekki sé villt um fyrir neytendum.

47) Til að tryggja sannleiksgildi og nákvæmni upplýsinga sem er miðlað til neytenda ætti að setja sértæk skilyrði fyrir tilgreiningu á framleiðsluaðferðum á merkimiðanum, einkum að því er varðar framleiðsluaðferðir freyðivíns og þroskunaraðferðir fyrir allar vínræktarafurðir. Þessi hugtök vekja upp hugmyndir hjá neytendum um vandaðri vínræktarafurðir og því ætti að taka þau frá fyrir vínræktarafurðir sem bera verndaða upprunatáknun eða landfræðilega merkingu.

48) Tilgreiningin á búinu sem nytjar vínekrurnar þaðan sem vínræktarafurðirnar koma og þar sem öll vínframleiðsluferlin fara fram getur talist vera virðisauki fyrir framleiðendur og vísbending um hærri gæði fyrir neytendur. Því ætti framleiðendum að vera heimilt að tilgreina heiti á búi á merkimiðum vínræktarafurða sem bera verndaða upprunatáknun eða verndaða landfræðilega merkingu.

49) Heimilt ætti að vera að tilgreina, á merkimiða vínræktarafurðar sem ber verndaða upprunatáknun eða landfræðilega merkingu, heiti landsvæðis sem er minna eða stærra en svæðið sem verndaða upprunatáknunin eða landfræðilegra merkingin vísar til, í því skyni að upplýsa neytendur betur um staðinn þar sem vínræktarafurðin var framleidd, einkum þegar neytendur þekkja vel til slíkra staða.

50) Löng hefð er fyrir notkun á flöskum með tiltekna lögun undir tilteknar vínræktarafurðir sem bera verndaða upprunatáknun eða landfræðilega merkingu innan Sambandsins og slík notkun getur vakið upp í hugum neytenda tiltekin einkenni eða uppruna umræddra vínræktarafurða. Því ætti slík lögun á flöskum að vera frátekin fyrir þau vín sem um er að ræða.

51) Hefðbundnar gerðir og lokunarbúnaður glerflaskna fyrir freyðivín endurspegla hefðbundna framleiðslu og átöppunaraðferðir. Því ættu þær að vera fráteknar fyrir freyðivín. Hins vegar ætti aðildarríkjunum að vera heimilt að leyfa notkun á slíkum flöskutegundum og lokunarbúnaði fyrir aðra drykki, að því tilskildu að það villi ekki um fyrir neytendum um raunverulegt eðli afurðarinnar.

52) Gera ætti aðildarríkjum kleift, vegna framkvæmdar gæðastefnu þeirra, að mæla fyrir um viðbótarreglur um merkingar vínræktarafurða sem eru framleiddar á yfirráðasvæðum þeirra, að því tilskildu að þær samræmist lögum Sambandsins.

53) Öll skjöl eða upplýsingar sem eru send til framkvæmdastjórnarinnar varðandi umsókn um vernd, breytingu eða afturköllun á verndaðri upprunatáknun, verndaðri landfræðilegri merkingu eða vernduðu hefðbundnu heiti ættu að vera á einu af opinberum tungumálum Sambandsins eða þeim ætti að fylgja þýðing yfir á eitt þessara tungumála til að framkvæmdastjórnin geti framkvæmt rétta greiningu á framlögðum skjölum og upplýsingum.

54) Til að tryggja snurðulausa umbreytingu frá reglunum í reglugerð (EB) nr. 607/2009 yfir í nýju reglurnar sem settar eru fram í þessari reglugerð og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/34 ([8]) ætti að kveða á um umbreytingartímabil til að gera rekstraraðilum með staðfestu í Sambandinu og þriðju löndum kleift að fara að kröfunum um merkingar. Samþykkja ætti ákvæði til að tryggja að vínræktarafurðir sem merktar eru í samræmi við gildandi reglur megi áfram setja á markað þangað til birgðir eru uppurnar.

([8]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/34 frá 17. október 2018 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar umsóknir um vernd fyrir upprunatáknanir, landfræðilegar merkingar og hefðbundin heiti í víngeiranum, andmælameðferð, breytingar á forskriftum fyrir afurðir, skrána yfir vernduð heiti, afturköllun verndar og notkun tákna og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1306/2013 að því er varðar viðeigandi kerfi fyrir eftirlit (Stjtíð. ESB L 9, 11.1.2019, bls. 46).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

INNGANGSÁKVÆÐI

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur til viðbótar við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 um verndaðar upprunatáknanir, verndaðar, landfræðilegar merkingar og hefðbundin heiti, auk merkinga og kynninga í víngeiranum að því er varðar:

a) umsóknir um vernd,

b) andmælameðferð,

c) takmarkanir á notkun verndaðra upprunatáknana og verndaðra, landfræðilegra merkinga,

d) breytingar á forskriftum fyrir afurðir og breytingar á hefðbundnum heitum,

e) afturköllun verndar,

f) merkingar og kynningu.

II. KAFLI

VERNDAÐAR UPPRUNATÁKNANIR OG LANDFRÆÐILEGAR MERKINGAR

1. ÞÁTTUR

Umsókn um vernd

2. gr.

Heiti sem á að vernda

1. Heitið sem á að vernda sem upprunatáknun eða landfræðilega merkingu skal einungis skráð á þeim tungumálum sem eru eða voru sögulega notuð til að lýsa þessari tilteknu afurð á afmarkaða landsvæðinu.

2. Heiti upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar skal skráð með upprunalega letrinu. Ef upprunalega letrið er ekki með latneskum rittáknum skal einnig umrita það með latneskum rittáknum og skrá það þannig ásamt heitinu með upprunalega letrinu.

3. gr.

Umsækjandi

Stakur framleiðandi getur talist vera umsækjandi í skilningi 1. mgr. 95. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 ef sýnt er fram á að:

a) viðkomandi einstaklingur er staki framleiðandinn sem er tilbúinn að leggja fram umsókn og

b) afmarkaða landsvæðið hefur einkenni sem eru talsvert ólík einkennum nærliggjandi svæða eða einkenni afurðarinnar eru ólík einkennum þeirra afurða sem eru framleiddar á nærliggjandi svæðum.

Þó að vernduð upprunatáknun eða landfræðileg merking samanstandi af eða innihaldi heiti á búi staka framleiðandans sem lagði fram umsóknina skal það ekki koma í veg fyrir að aðrir framleiðendur noti heitið, að því tilskildu að þeir uppfylli forskriftina fyrir afurðina.

4. gr.

Viðbótarkröfur varðandi forskriftir fyrir afurðir

1. Í lýsingunni á vínræktarafurðunum skal tilgreina viðeigandi flokk eða flokka vínræktarafurða úr hópi þeirra flokka sem settir eru fram í II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013.

2. Þegar tilgreint er í forskriftinni fyrir afurðina að pökkun, þ.m.t. átöppun, skuli fara fram innan afmarkaða landsvæðisins eða innan svæðis sem er mjög nálægt afmarkaða svæðinu sem um ræðir skal hún einnig innihalda rökstuðning fyrir því af hverju, í þessu ákveðna tilviki, pökkunin verði að eiga sér stað á þessu tiltekna landsvæði til að standa vörð um gæði, tryggja uppruna eða eftirlit, með tilliti til laga Sambandsins, einkum þeirra sem fjalla um frjálsa vöruflutninga og frjálsa þjónustustarfsemi.

5. gr.

Undanþágur sem varða framleiðslu innan afmarkaða landsvæðisins

1. Þrátt fyrir iii. lið a-liðar og iii. lið b-liðar 1. mgr. 93. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, og að því tilskildu að það sé tekið fram í forskriftinni fyrir afurðina, má framleiða vín úr afurð með verndaða upprunatáknun eða landfræðilega merkingu á einhverjum af eftirfarandi stöðum:

a) á svæði sem er mjög nálægt afmarkaða svæðinu sem um er að ræða,

b) á svæði sem er innan sömu stjórnsýslueiningar eða aðliggjandi stjórnsýslueiningar, í samræmi við landsreglur,

c) á svæði sem er mjög nálægt viðkomandi afmarkaða svæði ef um er að ræða upprunatáknun eða landfræðilega merkingu sem nær yfir landamæri, eða samningur um eftirlitsráðstafanir er í gildi milli tveggja eða fleiri aðildarríkja eða milli eins eða fleiri aðildarríkja og eins eða fleiri þriðju landa.

2. Þrátt fyrir iii. lið a-liðar 1. mgr. 93. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, og að því tilskildu að það sé tekið fram í forskriftinni fyrir afurðina, má nota afurð til framleiðslu á freyðivíni eða hálffreyðandi víni sem ber verndaða upprunatáknun utan næsta nágrennis við afmarkaða svæðið sem um er að ræða, ef slík aðferð var í notkun fyrir 1. mars 1986.

3. Þrátt fyrir iii. lið a-liðar 1. mgr. 93. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 má mustið úr léttþurrkuðum þrúgum sem í hefur verið bætt hreinum vínanda úr víni til að koma í veg fyrir gerjun og sem er framleitt úr vínviðaryrkinu Pedro Ximénez, þó koma frá héraðinu Montilla-Moriles, að því er varðar líkjörvín með vernduðu upprunatáknanirnar „Málaga“ og „Jerez-Xérès-Sherry“.

6. gr.

Landsbundin málsmeðferð

Þegar aðildarríki sendir framkvæmdastjórninni umsókn um vernd í samræmi við 5. mgr. 96. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 skal það senda með henni yfirlýsingu um að það telji að umsókn umsækjandans uppfylli skilyrðin fyrir vernd skv. 2. undirþætti 2. þáttar I. kafla II. bálks II. hluta reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 og ákvæðunum sem samþykkt voru í samræmi við hann, og að það votti að eina skjalið sem um getur í d-lið 1. mgr. 94. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 sé rétt samantekt á forskriftinni fyrir afurðina.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um tæk andmæli sem berast innan landsbundnu málsmeðferðarinnar. Aðildarríkin skulu halda framkvæmdastjórninni upplýstri um allar landsbundnar dómsmeðferðir sem gætu haft áhrif á málsmeðferð við skráningu.

7. gr.

Sameiginlegar umsóknir

Þegar lagðar eru fram sameiginlegar umsóknir um vernd heitis sem upprunatáknun eða landfræðileg merking, eins og um getur í 3. mgr. 95. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, skulu tengdu undanfarandi landsbundnu málsmeðferðirnar, þ.m.t. andmælastigið, fara fram í öllum hlutaðeigandi aðildarríkjum.

8. gr.

Landsbundin vernd á umbreytingargrundvelli

1. Aðildarríki getur, einungis á umbreytingargrundvelli, veitt heiti landsbundna vernd frá og með þeim degi þegar umsókn um vernd er send framkvæmdastjórninni.

Slíkri landsbundinni vernd á umbreytingargrundvelli skal ljúka á þeim degi þegar annaðhvort ákvörðun um skráningu er tekin samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 eða umsóknin er dregin til baka.

2. Hlutaðeigandi aðildarríki ber ábyrgð á afleiðingum slíkrar landsbundinnar verndar þegar heiti er ekki verndað samkvæmt þessari reglugerð. Ráðstafanirnar sem aðildarríki gera skv. 1. mgr. skulu ekki hafa áhrif á viðskipti innan Sambandsins eða á alþjóðaviðskipti.

9. gr.

Tæki umsóknarinnar

1. Umsóknir um vernd teljast tækar ef þær eru lagðar fram í samræmi við 94., 95. og 96. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 og 3. gr. og 5. gr. (3. mgr.) framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/34 og þær eru fylltar út á viðeigandi hátt.

Umsókn um vernd skal teljast fyllt út á viðeigandi hátt þegar hún uppfyllir 1. og 3. mgr. 94. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 og 2. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/34 og eina skjalið er fyllt út á viðeigandi hátt.

Eina skjalið með samantektinni á forskriftinni fyrir afurðina sem um getur í d-lið 1. mgr. 94. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 skal teljast fyllt út á viðeigandi hátt ef það uppfyllir kröfurnar sem eru taldar upp í 1. og 2. mgr. 5. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/34. Forskriftin fyrir afurðina skal teljast fyllt út á viðeigandi hátt þegar hún uppfyllir kröfurnar sem eru settar fram í 2. mgr. 94. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

2. Telji framkvæmdastjórnin að umsókn sé ótæk skal hún tilkynna lögbærum yfirvöldum aðildarríkisins eða þriðja landsins eða umsækjandanum, sem hefur staðfestu í þriðja landi, um ástæðurnar fyrir niðurstöðunni um ótæki.

3. Framkvæmdastjórnin skal, a.m.k. einu sinni í mánuði, birta opinberlega skrána yfir heiti sem henni hafa borist umsóknir um vernd fyrir sem upprunatáknanir eða landfræðilegar merkingar, heiti umsóknaraðildarríkisins eða þriðja landsins sem sækir um og dagsetningu framlagningar umsóknarinnar.

10. gr.

Grannskoðun umsóknar

Rannsókn framkvæmdastjórnarinnar á umsókn, eins og um getur í 2. mgr. 97. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, skal fela í sér athugun á því að engar augljósar villur séu í umsókninni. Við rannsóknina á umsókninni skal framkvæmdastjórnin einkum rannsaka eina skjalið. Rannsókninni skal ljúka á innan við 6 mánuðum. Ef farið er yfir þessi tímamörk skal framkvæmdastjórnin upplýsa umsækjandann skriflega um ástæður fyrir þessari töf.

2. ÞÁTTUR

Andmælameðferð

11. gr.

Tæki andmæla og ástæður fyrir þeim

1. Að því er varðar 98. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 skal rökstudd yfirlýsing um andmæli teljast tæk ef:

a) hún berst framkvæmdastjórninni innan frestsins sem settur er fram í 98. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013,

b) hún uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 1. mgr. 8. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 2019/34,

og:

c) hún sýnir fram á að umsóknin um vernd eða um breytingu á forskrift fyrir afurð eða um afturköllun verndarinnar uppfyllir ekki reglurnar um upprunatáknanir og landfræðilegar merkingar af því að:

i. hún bryti í bága við 92. til 95. gr., 105. eða 106. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 og við ákvæði sem hafa verið samþykkt samkvæmt þeim,

ii. fyrirhuguð skráning heitisins bryti í bága við 100. eða 101. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013,

iii. fyrirhuguð skráning heitisins mundi stofna í hættu rétti handhafa vörumerkis eða notanda einsheitis eða samsetts heitis þar sem eitt hugtak er eins og heitið sem á að skrá, eða vegna tilvistar heita sem eru að hluta til einsheiti við heitið sem á að skrá eða annarra heita sem svipar til þess heitis sem á að skrá og vísa til vínræktarafurða sem hafa verið löglega á markaði í minnst fimm ár fyrir birtingardagsetninguna sem kveðið er á um í 3. mgr. 97. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

Meta skal ástæðurnar fyrir andmælum í tengslum við yfirráðasvæði Sambandsins.

Þegar einstaklingur eða lögaðili leggur fram andmæli skal yfirlýsing um andmæli, sem er rökstudd á viðeigandi hátt, einungis teljast tæk ef hún sýnir fram á lögmæta hagsmuni andmælandans.

2. Telji framkvæmdastjórnin að andmælin séu ótæk skal hún tilkynna yfirvaldinu eða einstaklingnum eða lögaðilanum sem lagði fram andmælin um ástæðurnar fyrir niðurstöðunni um ótæki.

12. gr.

Andmælameðferð

1. Telji framkvæmdastjórnin að andmælin séu tæk skal hún bjóða yfirvaldinu eða einstaklingnum eða lögaðilanum sem lagði fram andmælin og yfirvaldinu eða einstaklingnum eða lögaðilanum sem lagði fram umsóknina um vernd að taka þátt í viðeigandi viðræðufundum á þriggja mánaða tímabili. Boðið skal gefið út innan fjögurra mánaða frá birtingardegi umsóknarinnar um vernd, sem rökstudda yfirlýsingin um andmæli varðar, í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og því skal fylgja afrit af rökstuddu yfirlýsingunni um andmæli. Framkvæmdastjórnin getur, að fenginni beiðni frá yfirvaldinu eða einstaklingnum eða lögaðilanum sem lagði fram umsóknina, hvenær sem er á þessum þremur mánuðum framlengt viðræðufrestinn um allt að þrjá mánuði.

2. Yfirvaldið eða aðilinn sem lagði fram andmælin og yfirvaldið eða aðilinn sem lagði fram umsóknina um vernd skulu hefja slíkar viðræður án ótilhlýðilegrar tafar. Þeir skulu skiptast á viðeigandi upplýsingum til að meta hvort umsóknin um vernd uppfylli skilyrði þessarar reglugerðar og reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

3. Komist aðilarnir að samkomulagi skal annaðhvort umsækjandinn, sem hefur staðfestu í þriðja landinu, eða yfirvöld aðildarríkisins eða þriðja landsins þaðan sem umsóknin um vernd var send tilkynna framkvæmdastjórninni um niðurstöður viðræðanna sem áttu sér stað og um alla þá þætti sem gerðu þeim kleift að ná samkomulagi, þ.m.t. álit aðilanna. Ef verulegar breytingar hafa verið gerðar á upplýsingunum sem voru birtar í samræmi við 3. mgr. 97. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 skal framkvæmdastjórnin endurtaka grannskoðunina sem um getur í 2. mgr. 97. gr. þeirrar reglugerðar að lokinni landsbundinni málsmeðferð sem tryggir viðunandi birtingu þessara breyttu upplýsinga. Ef engar breytingar eða óverulegar breytingar eru gerðar á forskrift fyrir afurð eftir að samkomulag er í höfn skal framkvæmdastjórnin samþykkja ákvörðun í samræmi við 99. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 um að veita upprunatáknuninni eða landfræðilegu merkingunni vernd.

4. Náist ekki samkomulag skal annaðhvort umsækjandinn, sem hefur staðfestu í þriðja landinu, eða yfirvöld aðildarríkisins eða þriðja landsins þaðan sem umsóknin um vernd var send tilkynna framkvæmdastjórninni um niðurstöður viðræðanna sem áttu sér stað og um allar tengdar upplýsingar og skjöl. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ákvörðun í samræmi við 99. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 um að annaðhvort veita vernd eða hafna umsókninni.

13. gr.

Takmarkanir á notkun verndaðra upprunatáknana og verndaðra, landfræðilegra merkinga

1. Þrátt fyrir 102. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 getur framkvæmdastjórnin samþykkt framkvæmdargerðir til að veita umbreytingartímabil í allt að fimm ár sem gera kleift, að því er varðar afurðir sem eru upprunnar í aðildarríki eða þriðja landi og bera merkingu sem samanstendur af eða inniheldur heiti sem gengur gegn ákvæði 2. mgr. 103. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, að nota áfram merkinguna sem notuð var við setningu þeirra á markað.

Veiting slíks umbreytingartímabils er bundin því skilyrði að lögð sé fram tæk yfirlýsing um andmæli skv. 3. mgr. 96. gr. eða 98. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 sem sýnir fram á að ákvörðunin um að veita heitinu vernd mundi stefna í hættu tilvist:

a) algerlega eins heitis eða samsetts heitis þar sem eitt hugtak er eins og heitið sem á að skrá eða

b) heita sem eru að hluta til einsheiti við heitið sem á að skrá eða annarra heita sem svipar til þess og vísa til vínræktarafurða sem hafa verið löglega á markaðnum í a.m.k. fimm ár fyrir birtingardaginn sem kveðið er á um í 3. mgr. 97. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

2. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að framlengja umbreytingartímabilið sem um getur í 1. mgr. í allt að 15 ár í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum þar sem sýnt er fram á að:

a) merkingin sem um getur í 1. mgr. hafi verið samfleytt í löglegri og réttri notkun í a.m.k. 25 ár áður en umsókn um skráningu var lögð fyrir framkvæmdastjórnina,

b) tilgangurinn með notkun merkingarinnar sem um getur í 1. mgr. hefur aldrei verið að hagnast á orðspori skráða heitisins og sýnt er fram á að ekki hafi verið, eða getað verið, villt um fyrir neytendum að því er varðar réttan uppruna afurðarinnar.

3. Ef merking sem um getur í 1. og 2. mgr. er notuð skal tilgreining upprunalands koma skýrt og sýnilega fram á merkimiðanum.

4. Aðildarríki getur, til að yfirstíga tímabundna erfiðleika með það að langtímamarkmiði að tryggja að allir framleiðendur á viðkomandi svæði uppfylli forskriftina fyrir afurðina, veitt vernd á umbreytingartímabili sem hefst á þeim degi þegar umsóknin er send framkvæmdastjórninni, með því skilyrði að viðkomandi rekstraraðilar hafi sett umræddar vínræktarafurðir á markað með lögmætum hætti og notað viðkomandi heiti samfleytt í minnst fimm ár fyrir innlagningu umsóknarinnar til yfirvalda aðildarríkisins og að fjallað hafi verið um þessa tímabundnu erfiðleika í landsbundnu andmælameðferðinni sem um getur í 3. mgr. 96. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013. Umbreytingartímabilið skal vera eins stutt og hægt er og skal ekki vara lengur en 10 ár.

Fyrsta undirgrein gildir að breyttu breytanda um verndaða landfræðilega merkingu eða verndaða upprunatáknun sem vísar til landsvæðis sem er staðsett í þriðja landi, að andmælameðferðinni undanskilinni.

Slík umbreytingartímabil skulu tilgreind í umsóknarskjalinu sem um getur í 1. mgr. 94. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

3. ÞÁTTUR

Breytingar á forskriftum fyrir afurðir

14. gr.

Tegundir breytinga

1. Að því er varðar 105. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 eru breytingar á forskrift fyrir afurð flokkaðar í tvo flokka að því er varðar mikilvægi þeirra: breytingar sem krefjast andmælameðferðar á vettvangi Sambandsins („breytingar á vegum Sambandsins“) og breytingar sem skal fjalla um á vettvangi aðildarríkis eða þriðja lands („almennar breytingar“).

Breyting telst vera breyting á vegum Sambandsins þegar:

a) hún felur í sér breytingu á heiti verndaðrar upprunatáknunar eða verndaðrar landfræðilegrar merkingar,

b) hún samanstendur af breytingu, brottfalli eða viðbót flokks vínræktarafurða eins og um getur í II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013,

c) hún gæti hugsanlega ógilt tengslin sem um getur í i. lið a-liðar eða i. lið b-liðar 1. mgr. 93. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013,

d) hún felur í sér frekari takmarkanir á setningu afurðarinnar á markað.

Umsóknir um breytingar á vegum Sambandsins sem þriðja land eða framleiðendur í þriðja landi leggja fram skulu innihalda sönnun þess að breytingin sem óskað er eftir sé í samræmi við lög um vernd upprunatáknana eða landfræðilegra merkinga sem gilda í því þriðja landi.

Allar aðrar breytingar teljast vera almennar breytingar.

2. Að því er varðar 105. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 er tímabundin breyting almenn breyting varðandi tímabundna breytingu á forskriftinni fyrir afurðina vegna álagðra skyldubundinna ráðstafana á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna af hálfu opinberra yfirvalda eða tengist náttúruhamförum eða óhagstæðum veðurskilyrðum sem lögbær yfirvöld hafa viðurkennt formlega.

15. gr.

Málsmeðferð við breytingar á vegum Sambandsins á forskriftum fyrir afurðir

1. Umsókn um samþykki fyrir breytingu á vegum Sambandsins á forskrift fyrir afurð, eins og er skilgreint í 14. gr. þessarar reglugerðar, skal fylgja málsmeðferðarreglunum sem mælt er fyrir um í 94. gr. og 96. til. 99 gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, í 1., 2. og 3. þætti II. kafla þessarar reglugerðar og í 1., 2. og 3. þætti II. kafla framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/34 að breyttu breytanda.

2. Ef framkvæmdastjórnin telur, á grundvelli rannsóknar sem gerð var skv. 2. mgr. 97. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, að skilyrðin sem er krafist skv. 3. mgr. 97. gr. þeirrar reglugerðar séu uppfyllt skal hún birta umsóknina um vernd á vegum Sambandsins, sem um getur í 1. mgr. 9. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/34, í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins*. Endanleg ákvörðun um samþykki fyrir breytingunni skal samþykkt án þess að beita rannsóknarmálsmeðferðinni sem um getur í 2. mgr. 229. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 nema tæk andmæli hafi verið lögð fram eða umsókninni um breytingu sé hafnað, en þá gildir ákvæði annarrar málsgreinar 99. gr. þeirrar reglugerðar.

3. Umsókn um samþykki fyrir breytingum á vegum Sambandsins skal einungis innihalda breytingar sem gera skal á vegum Sambandsins. Ef umsókn um breytingu á vegum Sambandsins inniheldur einnig almennar eða tímabundnar breytingar gildir málsmeðferðin fyrir breytingar á vegum Sambandsins einungis um breytingar á vegum Sambandsins. Líta skal svo á að almennu eða tímabundnu breytingarnar hafi ekki verið lagðar fram.

4. Við rannsókn á umsóknum um breytingar skal framkvæmdastjórnin beina athygli sinni að tillögðum breytingum.

16. gr.

Tæki umsókna um breytingu á vegum Sambandsins

1. Umsóknir um samþykki fyrir breytingum á forskrift fyrir afurð á vegum Sambandsins teljast tækar ef þær eru lagðar fram í samræmi við 105. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 og 3. gr. og 9. gr. (2. mgr.) framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/34, að breyttu breytanda, og þær eru fylltar út á viðeigandi hátt.

Umsókn um samþykki fyrir breytingu á vegum Sambandsins á forskrift fyrir afurð skal teljast vera fyllt út á viðeigandi hátt ef hún er yfirgripsmikil og tæmandi og uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. gr. og 1. mgr. 9. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/34.

Samþykki framkvæmdastjórnarinnar á umsókn um samþykki fyrir breytingu á vegum Sambandsins á forskrift fyrir afurð skal einungis ná til þeirra breytinga sem lagðar eru fram í umsókninni sjálfri.

2. Teljist umsókn ótæk skal tilkynna lögbærum yfirvöldum aðildarríkisins eða þriðja landsins eða umsækjandanum, sem hefur staðfestu í þriðja landi, um ástæðurnar fyrir ótæki.

17. gr.

Almennar breytingar

1. Almennar breytingar skulu samþykktar og birtar af þeim aðildarríkjum sem landsvæði upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar varðar.

Umsóknir um samþykki fyrir almennri breytingu á forskrift fyrir afurð skulu lagðar fyrir yfirvöld aðildarríkisins sem landsvæði táknunarinnar eða merkingarinnar varðar. Umsækjendur skulu uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 95. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013. Ef umsókn um samþykki fyrir almennri breytingu á forskrift fyrir afurð kemur ekki frá umsækjandanum sem lagði fram umsóknina um verndun heitisins eða heitanna sem forskriftin fyrir afurð varðar skal aðildarríkið gefa þeim umsækjanda tækifæri til að gera athugasemdir varðandi umsóknina, ef sá umsækjandi er enn til staðar.

Umsóknin um almenna breytingu skal innihalda lýsingu á almennu breytingunum, samantekt á ástæðunum fyrir því að gera þarf breytingarnar og sýna fram á að tillagðar breytingar uppfylli skilyrði til að teljast vera almennar í samræmi við 14. gr. þessarar reglugerðar.

2. Telji aðildarríki að kröfurnar í reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 og ákvæði sem hafa verið samþykkt samkvæmt þeim séu uppfyllt getur það samþykkt og birt almennu breytinguna. Ákvörðunin um samþykki skal innihalda breytta, samsteypta eina skjalið, ef við á, og breyttu, samsteyptu forskriftina fyrir afurðina.

Almenna breytingin skal gilda í aðildarríkinu um leið og hún hefur verið birt opinberlega. Aðildarríkið skal tilkynna framkvæmdastjórninni um almennu breytingarnar eigi síðar en einum mánuði eftir opinberan birtingardag landsbundnu ákvörðunarinnar.

3. Ákvarðanir um að samþykkja almennar breytingar sem varða vínræktarafurðir með uppruna í þriðju löndum skulu teknar í samræmi við það kerfi sem er í gildi í hlutaðeigandi þriðja landi og skal stakur framleiðandi í skilningi 3. gr. eða hópur framleiðenda, sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta, senda þær til framkvæmdastjórnarinnar, annaðhvort beint eða í gegnum yfirvöld þess þriðja lands, eigi síðar en einum mánuði eftir að þær eru birtar opinberlega.

4. Orðsending um almennar breytingar skal teljast vera fyllt út á viðeigandi hátt þegar hún uppfyllir ákvæði 10. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/34.

5. Ef almenna breytingin ber með sér breytingu á eina skjalinu skal framkvæmdastjórnin birta lýsinguna á almennu breytingunni sem um getur í 10. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/34 og breytta eina skjalið í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* innan þriggja mánaða frá viðtökudegi orðsendingarinnar frá aðildarríkinu, þriðja landinu eða stökum framleiðanda eða hópi framleiðenda í þriðja landi.

6. Ef almenna breytingin ber ekki með sér breytingu á eina skjalinu skal framkvæmdastjórnin birta lýsinguna á almennu breytingunni, í gegnum upplýsingakerfin sem um getur í 32. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/34, innan þriggja mánaða frá viðtökudegi orðsendingarinnar frá aðildarríkinu, þriðja landinu eða umsækjanda sem hefur staðfestu í þriðja landi.

7. Almennar breytingar skulu gilda á yfirráðasvæði Sambandsins þegar þær hafa verið birtar í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* eða þegar framkvæmdastjórnin hefur birt þær í upplýsingakerfunum sem um getur í 32. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/34.

8. Ef landsvæðið nær yfir fleiri en eitt aðildarríki skulu hlutaðeigandi aðildarríki beita málsmeðferðinni fyrir almennar breytingar hvort fyrir sig fyrir þann hluta svæðisins sem er innan yfirráðasvæðis þeirra. Almenna breytingin skal einungis taka gildi þegar síðasta landsbundna ákvörðunin um samþykki tekur gildi. Síðasta aðildarríkið sem samþykkir almennu breytinguna skal senda framkvæmdastjórninni orðsendinguna sem um getur í 4. mgr. eigi síðar en einum mánuði frá þeirri dagsetningu þegar ákvörðun hennar um að samþykkja almennu breytinguna er birt opinberlega.

Ef eitt eða fleiri hlutaðeigandi aðildarríki samþykkja ekki landsbundnu ákvörðunina um samþykki, sem um getur í fyrstu undirgrein, getur hvert hlutaðeigandi aðildarríkja sem er lagt fram umsókn samkvæmt málsmeðferðinni fyrir breytingar á vegum Sambandsins. Slík regla skal einnig gilda að breyttu breytanda þegar eitt eða fleiri hlutaðeigandi landa er þriðja land.

18. gr.

Tímabundnar breytingar

1. Tímabundnar breytingar skulu samþykktar og birtar af þeim aðildarríkjum sem landsvæðið sem upprunatáknunin eða landfræðilega merkingin varðar. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni um þær ásamt ástæðum sem styðja tímabundnu breytingarnar eigi síðar en einum mánuði eftir opinberan birtingardag landsbundnu ákvörðunarinnar. Tímabundin breyting gildir í aðildarríkinu um leið og hún hefur verið birt opinberlega.

2. Ef landsvæðið nær yfir fleiri en eitt aðildarríki gildir málsmeðferðin sitt í hvoru lagi í hlutaðeigandi aðildarríkjum fyrir þann hluta svæðisins sem er innan yfirráðasvæðis þeirra. Tímabundnar breytingar skulu einungis taka gildi þegar síðasta landsbundna ákvörðunin um samþykki tekur gildi. Síðasta aðildarríkið sem samþykkir tímabundnu breytinguna skal tilkynna framkvæmdastjórninni um hana eigi síðar en einum mánuði eftir opinberan birtingardag ákvörðunar sinnar. Þessi regla gildir einnig að breyttu breytanda þegar eitt eða fleiri hlutaðeigandi landa er þriðja land.

3. Stakur framleiðandi í skilningi 3. gr. eða hópur framleiðenda, sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta, skal senda framkvæmdastjórninni tímabundnar breytingar sem varða vínræktarafurðir með uppruna í þriðju löndum, ásamt ástæðum sem styðja tímabundnu breytingarnar, annaðhvort beint eða í gegnum yfirvöld þess þriðja lands, eigi síðar en einum mánuði eftir að þær eru samþykktar.

4. Orðsending um tímabundnar breytingar skal teljast vera fyllt út á viðeigandi hátt þegar hún inniheldur öll atriðin sem um getur í 11. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/34.

5. Framkvæmdastjórnin skal birta slíkar breytingar opinberlega innan þriggja mánaða frá viðtökudegi orðsendingarinnar frá aðildarríkinu, þriðja landinu eða stökum framleiðanda eða hópi framleiðenda í þriðja landi. Tímabundin breyting gildir á yfirráðasvæði Sambandsins um leið og framkvæmdastjórnin hefur birt hana opinberlega.

4. ÞÁTTUR

Afturköllun verndaðrar upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar

19. gr.

Afturköllunarferli

Beiðnir um afturköllun verndaðrar upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar, eins og um getur í 106. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, skal fylgja málsmeðferðarreglunum sem mælt er fyrir um í 94. gr. og 96. til. 99 gr. þeirrar reglugerðar ásamt ákvæðunum í 1., 2. og 4. þætti II. kafla þessarar reglugerðar og í 1., 2., 4. og 5. þætti II. kafla framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/34, að breyttu breytanda.

Framkvæmdastjórnin skal birta afturköllunarbeiðnina, sem um getur í 13. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/34, í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins*.

20. gr.

Ástæður fyrir afturköllun

Að því er varðar 106. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 skal það ekki teljast tryggt að farið sé að forskrift fyrir afurð þegar engin afurð sem ber verndaða heitið hefur verið sett á markað í a.m.k. síðustu sjö ár samfleytt.

21. gr.

Tæki afturköllunarbeiðna

1. Að því er varðar 106. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 skal rökstudd afturköllunarbeiðni teljast tæk ef:

a) afturköllunarbeiðnin uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 1. mgr. 13. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/34 og

b) afturköllunarbeiðnin byggist á þeim ástæðum sem um getur í 106. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

2. Telji framkvæmdastjórnin að afturköllunarbeiðnin sé ótæk skal hún tilkynna yfirvaldinu í aðildarríkinu eða þriðja landinu eða einstaklingnum eða lögaðilanum sem lagði fram beiðnina um ástæðurnar fyrir niðurstöðunni um ótæki.

3. Rökstuddar yfirlýsingar um andmæli gegn afturköllun skulu einungis teljast tækar ef þær sýna fram á að hagsmunaaðili reiði sig á notkun skráða heitisins í viðskiptum.

5. ÞÁTTUR

Notkun tákna, upplýsinga og skammstafana

22. gr.

Tímabundnar merkingar og kynningar

Eftir að umsókn um vernd fyrir upprunatáknun eða landfræðilega merkingu er send framkvæmdastjórninni mega framleiðendur nota hana á merkimiðum og við kynningar og nota landsbundin kennimerki og upplýsingar í samræmi við lög Sambandsins og þá einkum reglugerð (ESB) nr. 1169/2011.

Tákn Sambandsins sem sýna vernduðu upprunatáknunina eða vernduðu landfræðilegu merkinguna, upplýsingar Sambandsins „vernduð upprunatáknun“ eða „vernduð, landfræðileg merking“ og skammstafanir Sambandsins „VUT“ eða „VLM“ mega einungis koma fram á merkimiðunum að lokinni birtingu ákvörðunar um að veita þeirri upprunatáknun eða landfræðilegu merkingu vernd.

Ef umsókninni er hafnað má setja vínræktarafurðir, sem eru merktar í samræmi við fyrstu undirgrein, áfram á markað þar til birgðir þeirra eru uppurnar.

23. gr.

Undanþágur frá skuldbindingunni um að nota hugtakið „vernduð upprunatáknun“ á merkimiðum

Í samræmi við 3. mgr. 119. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 er heimilt að sleppa tilvísun í hugtakið „vernduð upprunatáknun“ fyrir vín sem bera eftirfarandi verndaða upprunatáknun:

a) Grikkland:

Σάμος (Samos),

b) Spánn:

Cava, Jerez, Xérès eða Sherry, Manzanilla,

c) Frakkland:

Champagne,

d) Ítalía:

Asti, Marsala, Franciacorta,

e) Kýpur:

„Κουμανδαρία“ (Commandaria),

f) Portúgal:

Madeira eða Madère, Port eða Porto.

III. KAFLI

HEFÐBUNDIN HEITI

1. ÞÁTTUR

Umsóknir um vernd og rannsóknarmálsmeðferð

24. gr.

Tungumál og stafsetning hefðbundna heitisins

1. Hefðbundið heiti skal skráð:

a) á opinberu tungumáli eða svæðisbundnu tungumáli aðildarríkisins eða þriðja landsins þar sem heitið er upprunnið eða

b) á tungumálinu sem er notað fyrir heitið í viðskiptum.

2. Hefðbundið heiti skal skráð með upprunalegri stafsetningu og upprunalegu letri. Ef upprunalega letrið er ekki með latneskum rittáknum skal umrita það með latneskum rittáknum og skrá það þannig ásamt heitinu með upprunalega letrinu.

25. gr.

Umsækjendur

1. Lögbær yfirvöld aðildarríkja eða þriðju landa eða fulltrúar atvinnugreinasamtaka með staðfestu í þriðju löndum geta sótt um vernd fyrir hefðbundið heiti.

2. Atvinnugreinasamtök eru hver þau samtök framleiðenda eða félag samtaka framleiðenda sem hafa samþykkt sömu reglur, starfa á svæði með eina eða fleiri upprunatáknun eða landfræðilega merkingu fyrir vín þar sem þau hafa innan sinna banda minnst tvo þriðju þeirra framleiðenda sem hafa staðfestu á svæðinu þar sem þau starfa og framleiða minnst tvo þriðju af framleiðslunni á svæðinu. Atvinnugreinasamtök mega einungis leggja fram umsókn um vernd fyrir vínræktarafurðir sem þau framleiða sjálf.

26. gr.

Tæki umsóknarinnar

1. Umsóknir um vernd teljast tækar ef þær eru lagðar fram í samræmi við 25. gr. þessarar reglugerðar og 21. gr. og 30. gr. (3. mgr.) framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/34 og þær eru fylltar út á viðeigandi hátt.

Umsókn skal teljast vera fyllt út á viðeigandi hátt ef hún inniheldur eftirfarandi upplýsingar:

a) heitið sem skal vernda sem hefðbundið heiti,

b) tegund hefðbundins heitis, hvort sem það fellur undir a- eða b-lið 112. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013,

c) tungumálið sem heitið sem skal vernda er sett fram á,

d) flokk eða flokka vínræktarafurða sem um ræðir,

e) samantekt á skilgreiningunni og skilyrðum fyrir notkun,

f) verndaðar upprunatáknanir eða verndaðar landfræðilegar merkingar sem um ræðir.

2. Með umsókninni skal fylgja eintak af löggjöf hlutaðeigandi aðildarríkis eða reglur sem gilda um vínframleiðendur í hlutaðeigandi þriðja landi eða löndum og eiga við um notkun viðkomandi heitis, og tilvísun í birta útgáfu þeirrar löggjafar eða reglna.

3. Ef umsóknin er ekki fyllt út á viðeigandi hátt eða skjölin sem um getur í 2. mgr. hafa ekki verið lögð fram með umsókninni skal umsóknin teljast ótæk.

4. Ef umsóknin er ótæk skal tilkynna yfirvöldunum í aðildarríkinu eða þriðja landinu eða umsækjandanum sem hefur staðfestu í viðkomandi þriðja landi um ástæðurnar fyrir því að hún telst ótæk og að viðkomandi aðili hafi rétt til að leggja fram aðra umsókn sem er fyllt út á viðeigandi hátt.

27. gr.

Skilyrði fyrir réttmæti

1. Umsókn um vernd fyrir hefðbundið heiti skal teljast réttmæt ef heitið sem sóst er eftir vernd fyrir:

a) uppfyllir kröfurnar um hefðbundið heiti eins og þær eru skilgreindar í 112. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, sem og kröfurnar sem mælt er fyrir um í 24. gr. þessarar reglugerðar,

b) samanstendur eingöngu af annaðhvort:

i. heiti sem hefð er fyrir að nota í viðskiptum á stórum hluta yfirráðasvæðis Sambandsins eða viðkomandi þriðja lands til að auðkenna tiltekna flokka vínræktarafurða sem um getur í 1. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 eða

ii. þekktu heiti sem hefð er fyrir að nota í viðskiptum a.m.k. á yfirráðasvæði viðkomandi aðildarríkis eða þriðja lands, til að aðgreina tiltekna flokka vínræktarafurða sem um getur í 1. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013,

c) hefur ekki orðið almennt og

d) er skilgreint og reglufest í löggjöf aðildarríkisins eða er bundið skilyrðum um notkun eins og kveðið er á um í reglum sem gilda um vínframleiðendur í viðkomandi þriðja landi, þ.m.t. reglur sem atvinnugreinasamtök hafa sett.

Ákvæði b-liðar gilda ekki um hefðbundin heiti sem um getur í a-lið 112. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

2. Að því er varðar b-lið 1. mgr. skal hefðbundin notkun merkja:

a) notkun sem nemur a.m.k. fimm árum þegar um er að ræða heiti sem skráð eru á opinberu tungumáli eða svæðisbundnu tungumáli aðildarríkisins eða þriðja landsins þar sem heitið er upprunnið,

b) notkun sem nemur a.m.k. 15 árum þegar um er að ræða heiti sem eru skráð á tungumálinu sem er notað í viðskiptum.

3. Að því er varðar c-lið 1. mgr. er heiti sem hefur orðið almennt, heiti sem hefur orðið að almennu heiti þeirra afurðar í Sambandinu þrátt fyrir að það vísi til tiltekinnar framleiðslu- eða þroskunaraðferðar, gæða, litar, tegundar staðar eða tiltekins atburðar sem tengist sögu vínræktarafurðarinnar.

28. gr.

Grannskoðun framkvæmdastjórnarinnar

1. Framlagningardagsetning umsóknar um vernd fyrir hefðbundið heiti er sú dagsetning þegar umsóknin berst framkvæmdastjórninni.

2. Framkvæmdastjórnin skal rannsaka hvort umsóknin um vernd uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessum kafla.

3. Telji framkvæmdastjórnin að skilyrðin sem mælt er fyrir um í 26. og 27. gr. séu uppfyllt skal hún samþykkja framkvæmdargerð varðandi birtingu umsóknarinnar um vernd í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. Ef umsókn um vernd fyrir hefðbundið heiti uppfyllir ekki skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessum kafla skal framkvæmdastjórnin upplýsa umsækjandann um ástæðurnar fyrir höfnuninni og gefa frest til að draga umsóknina til baka eða breyta henni eða til að leggja fram athugasemdir.

5. Ef umsækjandinn bætir ekki úr ágöllunum innan frestsins sem um getur í 4. mgr. skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerð til að hafna umsókninni í samræmi við 2. mgr. 115. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

2. ÞÁTTUR

Andmælameðferð

29. gr.

Framlagning andmæla

Framlagningardagsetning andmæla er sú dagsetning þegar andmælin berast framkvæmdastjórninni.

30. gr.

Tæki andmæla og ástæður fyrir þeim

1. Rökstudd andmæli skulu teljast tæk ef:

a) þau eru lögð fram af aðildarríki eða þriðja landi, eða einstaklingi eða lögaðila sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta,

b) þau berast framkvæmdastjórninni innan frestsins sem kveðið er á um 1. mgr. 22. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/34,

c) þau sýna fram á að umsóknin um vernd samræmist ekki reglunum um hefðbundin heiti vegna þess að hún uppfylli ekki ákvæði 27. gr. þessarar reglugerðar eða vegna þess að fyrirhuguð skráning heitisins bryti í bága við 32. eða 33. gr. þessarar reglugerðar.

2. Tilkynna skal yfirvöldunum í viðkomandi aðildarríki eða þriðja landi eða atvinnugreinasamtökunum í þriðja landinu um andmæli sem teljast tæk.

31. gr.

Grannskoðun andmæla

1. Hafni framkvæmdastjórnin ekki andmælum í samræmi við 3. mgr. 23. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/34 skal hún tilkynna umsækjandanum sem lagði fram umsóknina um þau og bjóða honum að leggja fram athugasemdir innan þess tímabils sem um getur í 1. mgr. 24. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/34. Andmælanda skal tilkynnt um allar athugasemdir sem berast á þessu tímabili.

Framkvæmdastjórnin skal, meðan á grannskoðun hennar á andmælum stendur, óska eftir athugasemdum frá aðilunum, ef við á, innan þess tíma sem um getur í 2. mgr. 24. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/34, um orðsendingar sem hafa borist frá hinum aðilunum.

2. Ef hvorki umsækjandinn né andmælandinn leggja fram athugasemdir á móti, eða ef þau tímamörk sem gefin eru til að leggja fram umsagnir og athugasemdir sem um getur í 24. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/34 eru ekki virt, skal framkvæmdastjórnin úrskurða um andmælin.

3. Framkvæmdastjórnin skal taka ákvörðun um að hafna viðkomandi hefðbundnu heiti eða viðurkenna það á grundvelli þeirra sönnunargagna sem hún hefur aðgang að. Framkvæmdastjórnin skal taka til athugunar hvort skilyrðin sem um getur eða mælt er fyrir um í 27., 32. eða 33. gr. þessarar reglugerðar séu uppfyllt. Andmælandanum og umsækjandanum skal tilkynnt um ákvörðun um að hafna hefðbundna heitinu.

4. Ef fleiri en ein andmæli eru lögð fram getur undanfarandi athugun á einum eða fleiri slíkum andmælum komið í veg fyrir áframhaldandi meðferð á umsókn um vernd. Við slíkar aðstæður getur framkvæmdastjórnin stöðvað hinar andmæla-meðferðirnar tímabundið. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna öðrum andmælendum um allar ákvarðanir sem teknar eru við málsmeðferðina sem hafa áhrif á þá.

Þegar umsókn er hafnað skal líta svo á að andmælameðferðum sem stöðvaðar voru tímabundið sé lokið og viðkomandi andmælendum skal tilkynnt um það á viðeigandi hátt.

3. ÞÁTTUR

Vernd

32. gr.

Tengsl við vörumerki

1. Skráningu á vörumerki sem inniheldur eða samanstendur af hefðbundnu heiti sem uppfyllir ekki skilgreininguna og skilyrðin fyrir notkun þess hefðbundna heitis eins og um getur í 112. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 og sem tengist afurð sem fellur undir einn af flokkunum sem tilgreindir eru í II. hluta VII. viðauka við hana skal:

a) hafnað ef umsóknin um skráningu vörumerkisins er lögð fram eftir framlagningardag umsóknarinnar um vernd fyrir hefðbundna heitið til framkvæmdastjórnarinnar og hefðbundna heitinu hefur í kjölfarið verið veitt vernd eða

b) ógilda.

2. Heiti skal ekki njóta verndar sem hefðbundið heiti ef slík vernd er líkleg til að villa um fyrir neytendum að því er varðar raunverulegan uppruna vínsins, eðli þess, einkenni eða gæði, í ljósi orðspors og orðstírs vínræktarafurðarinnar.

3. Með fyrirvara um 2. mgr. má halda áfram að nota og endurnýja vörumerki sem um getur í 1. mgr., þrátt fyrir verndun hefðbundins heitis, sem sótt hefur verið um, skráð eða fest í sessi með notkun í góðri trú, ef kveðið er á um slíkt í landslöggjöf, á yfirráðasvæði Sambandsins, áður en hefðbundna heitið fékk vernd í upprunalandinu, að því tilskildu engar ástæður fyrir ógildingu eða afturköllun vörumerkisins séu fyrir hendi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/95/EB ([9]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2436 ([10]) eða samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1001 ([11]).

Í slíkum tilvikum skal heimila notkun hefðbundins heitis samhliða viðkomandi vörumerkjum.

33. gr.

Einsheiti

1. Heiti sem umsókn um vernd er lögð fram fyrir og sem er að öllu leyti eða að hluta til einsheiti við hefðbundið heiti, sem þegar er verndað skv. 113. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, skal skráð að teknu tilhlýðilegu tilliti til staðbundinnar og hefðbundinnar notkunar og hættu á ruglingi.

Einsheiti sem villir um fyrir neytendum að því er varðar eðli, gæði eða raunverulegan uppruna vínræktarafurðanna skal ekki skráð, jafnvel þó að heitið sé rétt.

Einungis má nota skráð heiti ef nægjanlegur munur er í raun milli einsheitisins, sem skráð er síðar, og heitisins sem var fyrir í skránni, með hliðsjón af þeirri nauðsyn að meðhöndla viðkomandi framleiðendur á sama hátt og til að komast hjá því að villa um fyrir neytendum.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda að breyttu breytanda um hefðbundin heiti sem hlutu vernd fyrir 1. ágúst 2009 og eru að öllu leyti eða hluta til einsheiti við verndaða upprunatáknun eða landfræðilega merkingu eða heiti vínþrúguyrkis eða samheiti þess sem er að finna í IV. viðauka.

4. ÞÁTTUR

Breyting og afturköllun

34. gr.

Breyting á hefðbundnu heiti

Umsækjandi sem uppfyllir skilyrðin í 25. gr. getur sótt um samþykki fyrir breytingu á skráðu hefðbundnu heiti sem varðar þá þætti sem um getur í b-, c- og d-lið 1. mgr. 26. gr.

Ákvæði 26. til 31. gr. gilda að breyttu breytanda um umsóknir um breytingar.

35. gr.

Afturköllun á hefðbundnu heiti

Framkvæmdastjórnin getur, í samræmi við 2. mgr. 115. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 og að fenginni tilhlýðilega rökstuddri beiðni aðildarríkis, þriðja lands eða einstaklings eða lögaðila sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta, samþykkt framkvæmdargerðir til að afturkalla vernd fyrir hefðbundið heiti.

Ákvæði 26. til 31. gr. gilda að breyttu breytanda um umsóknir um afturkallanir.

36. gr.

Ástæður fyrir afturköllun

Afturkalla skal vernd fyrir hefðbundið heiti ef:

a) hefðbundna heitið uppfyllir ekki lengur kröfurnar sem mælt er fyrir um í 27., 32. eða 33. gr.,

b) ekki er lengur hægt að tryggja að farið sé að samsvarandi skilgreiningu og skilyrðum fyrir notkun.

([9]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/95/EB frá 22. október 2008 um samræmingu á lögum aðildarríkja um vörumerki (Stjtíð. ESB L 299, 8.11.2008, bls. 25).

([10]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2436 frá 16. desember 2015 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vörumerki (endurútgefin) (Stjtíð. ESB L 336, 23.12.2015 bls. 1).

([11]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1001 frá 14. júní 2017 um Evrópuvörumerkið (Stjtíð. ESB L 154, 16.6.2017, bls. 1).

37. gr.

Tæki afturköllunarbeiðni

1. Rökstudd beiðni um afturköllun skal teljast tæk ef:

a) aðildarríki, þriðja land eða einstaklingur eða lögaðili sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta lögðu hana fyrir framkvæmdastjórnina og

b) hún byggist á einni af þeim ástæðum sem um getur í 36. gr.

Tilhlýðilega rökstudd beiðni um afturköllun skal einungis teljast tæk ef í henni er sýnt fram á lögmæta hagsmuni umsækjandans.

2. Telji framkvæmdastjórnin að afturköllunarbeiðnin sé ótæk skal hún tilkynna yfirvaldinu eða aðilanum sem lagði fram beiðnina um ástæðurnar fyrir úrskurðinum um ótæki.

3. Framkvæmdastjórnin skal gera afturköllunarbeiðnina aðgengilega fyrir þau yfirvöld og aðila sem verða fyrir áhrifum, í samræmi við 4. mgr. 30. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/34.

4. Rökstuddar yfirlýsingar um andmæli gegn afturköllunarbeiðnum skulu einungis teljast tækar ef í þeim er sýnt fram á að hagsmunaaðili reiði sig samfleytt á notkun skráða heitisins í viðskiptum.

38. gr.

Reglur varðandi hefðbundin heiti sem eru notuð í þriðju löndum

1. Skilgreiningin á hefðbundnum heitum, sem kveðið er á um í 112. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, skal gilda að breyttu breytanda um heiti sem hefð er fyrir að nota í þriðju löndum um vínræktarafurðir með landfræðilegar merkingar eða upprunatáknanir sem löggjöf þessara þriðju landa gildir um.

2. Að því er varðar vínræktarafurðir upprunnar í þriðju löndum með merkimiða þar sem fram koma önnur hefðbundin sérheiti en hefðbundnu heitin sem talin eru upp í rafræna gagnagrunninum „E-Bacchus“, sem um getur í 1. mgr. 25. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/34, þá má nota þessi hefðbundnu sérheiti á merkimiðum á vínum í samræmi við gildandi reglur í viðkomandi þriðju löndum, þ.m.t. reglur sem atvinnugreinasamtök setja.

5. ÞÁTTUR

39. gr.

Vernduð hefðbundin heiti sem þegar eru fyrir hendi

Hefðbundið heiti sem nýtur verndar samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 607/2009 skal sjálfkrafa njóta verndar samkvæmt þessari reglugerð.

IV. KAFLI

MERKING OG KYNNING

1. ÞÁTTUR

Lögboðnar upplýsingar

40. gr.

Framsetning á lögboðnum upplýsingum

1. Lögboðnar upplýsingar sem um getur í 119. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 skulu koma fram á sama sjónsviði á ílátinu, þannig að hægt sé að lesa þær samtímis án þess að nauðsynlegt sé að snúa ílátinu, með óafmáanlegum rittáknum og skulu skýrt aðgreindar frá nærliggjandi texta eða myndum.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. mega lögboðnu upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. 41. gr., og lotunúmerið koma fram utan sjónarsviðsins sem um getur í þeirri málsgrein.

3. Stærð rittáknanna fyrir upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar og í 1. mgr. 41. gr. þarf að vera 1,2 mm eða stærri, sama hvaða gerð rittákna er notuð.

41. gr.

Beiting tiltekinna þverlægra reglna

1. Í þeim tilgangi að tilgreina tiltekin efni eða afurðir sem valda ofnæmi eða óþoli, eins og um getur í 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011, skal nota þau hugtök sem varða súlfít, egg og afurðir, sem eru að stofni til úr eggjum, og mjólk og afurðir, sem eru að stofni til úr mjólk, sem skráð eru í A-hluta I. viðauka.

2. Hugtökunum, sem um getur í 1. mgr., má fylgja viðeigandi skýringarmynd sem sýnd er í B-hluta I. viðauka.

42. gr.

Setning á markað og útflutningur

1. Þegar merkimiði eða framsetning vínræktarafurða samræmist ekki samsvarandi skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð má ekki setja þær á markað innan Sambandsins eða flytja þær út.

2. Þrátt fyrir 3. undirþátt 2. þáttar og 3. þátt I. kafla II. bálks II. hluta reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 geta aðildarríki, þegar vínræktarafurðir eru ætlaðar til útflutnings, heimilað upplýsingar og framsetningar sem samræmast ekki gildandi reglum Sambandsins um merkingar og kynningar ef slíkra upplýsinga eða framsetninga vínræktarafurðanna er krafist í löggjöf viðkomandi þriðja lands. Þessar upplýsingar mega koma fram á öðrum tungumálum en opinberum tungumálum Sambandsins.

3. Þrátt fyrir 3. undirþátt 2. þáttar og 3. þátt I. kafla II. bálks II. hluta reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 geta aðildarríki, ef neyta á vínræktarafurða um borð í flugvélum, heimilað framsetningar sem samræmast ekki gildandi reglum Sambandsins um kynningar ef slíkar framsetningar vínræktarafurðanna eru nauðsynlegar af öryggisástæðum.

43. gr.

Bann við hettum eða þynnum sem innihalda blý

Lokunarbúnaðinn fyrir vínræktarafurðir, sem um getur í 1. til 11. lið, 13., 15. og 16. lið II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, má ekki hylja með hettum eða þynnum sem innihalda blý.

44. gr.

Raunverulegur alkóhólstyrkleiki

Tilgreina skal raunverulegan alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál, sem um getur í c-lið 1. mgr. 119. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, í heilum og hálfum prósentum.

Tölunni skal fylgja merkingin „*% miðað við rúmmál*“ og á undan henni má setja orðin „*raunverulegur alkóhólstyrkleiki*“, „*raunverulegt alkóhól*“ eða „*alk*“. Að því er varðar hlutgerjað þrúgumust eða nýtt vín sem er enn að gerjast má, í stað raunverulegs alkóhólstyrkleika eða með honum, setja töluna yfir heildaralkóhólstyrkleika og þar á eftir merkinguna „*% miðað við rúmmál*“ og á undan má setja orðin „*heildaralkóhólstyrkleiki*“ eða „*heildaralkóhól*“.

Með fyrirvara um ákvörðuð vikmörk tilvísunargreiningaraðferðarinnar sem beitt er má styrkleiki ekki víkja meira frá niðurstöðum greiningar en sem nemur 0,5% miðað við rúmmál. Þó má alkóhólstyrkleiki vínræktarafurða með verndaðar upprunatáknanir eða landfræðilegar merkingar, sem geymdar hafa verið á flösku í meira en þrjú ár, freyðivína, gæðafreyðivína, loftblandaðra freyðivína, hálffreyðandi vína, loftblandaðra hálffreyðandi vína, líkjörvína og vína úr ofþroskuðum þrúgum, með fyrirvara um vikmörk í þeirri tilvísunargreiningaraðferð sem er notuð, ekki víkja meira frá niðurstöðum greiningar en sem nemur 0,8% miðað við rúmmál.

45. gr.

Upplýsingar um uppruna

1. Upplýsingar um uppruna, eins og um getur í d-lið 1. mgr. 119. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, skulu tilgreindar á eftirfarandi hátt:

a) að því er varðar vínræktarafurðir sem um getur í 1., 3. til 9., 15. og 16. lið II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, skal nota orðin „*vín frá (...)*“, „*framleitt í (...)*“, „*afurð frá (...)*“ eða „*sekt frá (...)*“, eða samsvarandi hugtök að viðbættu heiti aðildarríkisins eða þriðja landsins þar sem þrúgurnar eru tíndar og vín unnið úr þeim,

b) ef um er að ræða vín sem fást með blöndun á vínum sem eru upprunnin í nokkrum aðildarríkjum, með orðunum „*vín frá Evrópusambandinu*“ eða „*blanda úr vínum frá mismunandi löndum Evrópusambandsins*“ eða samsvarandi hugtökum,

c) að því er varðar vín sem eru framleidd í aðildarríki úr þrúgum sem eru tíndar í öðru aðildarríki, með orðunum „*vín frá Evrópusambandinu*“ eða „*vín fengið í (...) úr þrúgum tíndum í (...)*“ og tilgreina heiti viðkomandi aðildarríkja,

d) ef um er að ræða vín sem eru framleidd með blöndun á vínum sem eru upprunnin í nokkrum þriðju löndum, með orðunum „*blanda frá (...)*“ eða samsvarandi hugtökum að viðbættu heiti viðkomandi þriðju landa,

e) að því er varðar vín sem eru framleidd í þriðja landi úr þrúgum sem eru tíndar í öðru þriðja landi, með orðunum „*vín fengið í (...) úr þrúgum sem voru tíndar í (...)*“ og tilgreina skal heiti viðkomandi þriðju landa.

Þrátt fyrir a-lið fyrstu undirgreinar er leyfilegt, að því er varðar vínræktarafurðir sem um getur í 4., 5. og 6. lið II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 sem ekki bera verndaða upprunatáknun eða landfræðilega merkingu, að nota, í stað tilgreiningarinnar sem um getur í þeim a-lið, tilgreininguna „*framleitt í (...)*“ eða samsvarandi hugtök, að viðbættu heiti aðildarríkisins þar sem eftirgerjunin fór fram.

Fyrsta og önnur undirgrein hafa ekki áhrif á ákvæði 47. og 56. gr.

2. Upplýsingar um uppruna sem um getur í d-lið 1. mgr. 119. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 skulu, að því er varðar vínræktarafurðir sem um getur í 2., 10., 11. og 13. lið II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, tilgreindar á eftirfarandi hátt:

a) „*must frá* (…)“ eða „*must framleitt í* (…)“ eða með samsvarandi hugtökum, að viðbættu heiti aðildarríkisins,

b) að því er varðar blöndun vínræktarafurða sem eru framleiddar í tveimur eða fleiri aðildarríkjum, með orðunum *„blanda úr afurðum tveggja eða fleiri landa Evrópusambandsins“*,

c) að því er varðar þrúgumust sem er ekki framleitt í aðildarríkinu þar sem þrúgurnar, sem voru notaðar, voru tíndar, með orðunum *„must fengið í (...) úr þrúgum sem voru tíndar í (...)“*.

3. Að því er varðar Bretland og ákvæðin sem mælt er fyrir um í a- og c-lið 1. mgr. og í a- og c-lið 2. mgr. má í stað heitis aðildarríkis setja heiti viðeigandi lands, sem myndar hluta af Bretlandi, þar sem þrúgurnar sem voru notaðar til að framleiða vínræktarafurðina, voru tíndar.

46. gr.

Upplýsingar um átappara, framleiðanda, innflytjanda og seljanda

1. Að því er varðar beitingu e- og f-liðar 1. mgr. 119. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 og þessarar greinar er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) *„átappari“*: einstaklingur eða lögaðili eða hópur slíkra aðila með staðfestu í Evrópusambandinu sem stundar átöppun eða lætur átöppun fara fram á sínum vegum,

b) *„átöppun“*: það að tappa viðkomandi afurð á ílát, sem rúma mest 60 lítra, til að bjóða megi hana til sölu,

c) *„framleiðandi“*: einstaklingur eða lögaðili eða hópur slíkra aðila sem vinnur vín úr þrúgum eða þrúgumusti eða freyðivín, loftblandað freyðivín, gæðafreyðivín eða ilmríkt gæðafreyðivín úr þrúgum, þrúgumusti og víni eða lætur slíkt fara fram á sínum vegum,

d) *„innflytjandi“*: einstaklingur eða lögaðili eða hópur slíkra aðila með staðfestu innan Sambandsins sem ber ábyrgð á að koma í dreifingu vörum frá löndum utan Sambandsins í skilningi 24. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013 ([12]),

e) *„seljandi“*: einstaklingur eða lögaðili eða hópur slíkra aðila sem fellur ekki undir skilgreiningu á framleiðanda og sem kaupir freyðivín, loftblandað freyðivín, gæðafreyðivín eða ilmríkt gæðafreyðivín og setur í dreifingu,

f) *„heimilisfang“*: upplýsingar um staðbundna stjórnsýslusvæðið og aðildarríkið eða þriðja landið þar sem athafnasvæði eða aðalskrifstofa átapparans, framleiðandans, seljandans eða innflytjandans er staðsett.

2. Við nafn og heimilisfang átapparans skal bæta annaðhvort:

a) orðunum „*átappari*“ eða „*átöppun annaðist* (…)“ og við það má bæta hugtökum sem vísa til bús framleiðandans eða

([12]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013 frá 9. október 2013 um tollalög Sambandsins (Stjtíð. ESB L 269, 10.10.2013, bls. 1).

b) hugtökum sem aðildarríkin skilgreina notkunarskilyrðin fyrir, þegar átöppun vínræktarafurða með verndaða upprunatáknun eða landfræðilega merkingu á sér stað:

i. á búi framleiðandans eða

ii. á athafnasvæði framleiðsluhóps eða

iii. í fyrirtæki sem er staðsett á viðkomandi afmörkuðu landfræðilegu svæði eða mjög nálægt viðkomandi afmörkuðu landfræðilegu svæði.

Við upplýsingar um átappara skal bæta orðunum *„átöppun fyrir (...)“* þegar átöppun fer fram samkvæmt samningi eða orðunum *„átöppun fyrir (...) annaðist (...)“* þar sem fram koma upplýsingar um nafn og heimilisfang þess sem annaðist átöppunina fyrir þriðja aðila.

Þegar átöppun á sér stað annars staðar en hjá átapparanum skal fylgja upplýsingunum, sem um getur í þessari málsgrein, nákvæm tilvísun á þann stað þar sem starfsemin fór fram og, ef hún fer fram í öðru aðildarríki, heiti þess ríkis. Þessar kröfur gilda ekki þegar átöppun fer fram á stað í næsta nágrenni við átapparann.

Þegar um er að ræða önnur ílát en flöskur skulu orðin „*pökkunaraðili*“ og „*pökkun annaðist (...)*“ koma í stað orðanna „*átappari*“ og „*átöppun annaðist (...)*“, eftir því sem við á, nema þegar slíkur greinarmunur er ekki gerður á því tungumáli sem notað er.

3. Heiti og heimilisfangi framleiðandans eða seljandans skulu fylgja hugtökin „*framleiðandi*“ eða „*framleitt af*“ og „*seljandi*“ eða „*selt af*“ eða sambærileg hugtök.

Aðildarríki geta ákveðið að:

a) krefjast þess að framleiðandi sé tilgreindur,

b) leyfa að í stað orðanna „*framleiðandi*“ eða „*framleitt af*“ komi orðin sem tilgreind eru í II viðauka.

4. Á undan heiti og heimilisfangi innflytjanda skal setja orðin „*innflytjandi*“ eða „*innflutt af* (…)“. Að því er varðar vínræktarafurðir sem eru fluttar inn í búlkum og átappaðar í Sambandinu má í stað heitis innflytjandans, eða því til viðbótar, koma tilgreining á átapparanum, í samræmi við 2. mgr.

5. Hópa má saman upplýsingarnar, sem um getur í 2., 3. og 4. mgr., ef þær varða sama einstakling eða lögaðila.

Í stað einnar af þessum upplýsingum má setja kóða sem skal ákvarðaður í því aðildarríki þar sem aðalskrifstofa átappara, framleiðanda, innflytjanda eða seljanda er staðsett. Við kóðann skal bæta tilvísun til viðkomandi aðildarríkis. Nafn og heimilisfang annars einstaklings eða lögaðila sem á þátt í dreifingu í viðskiptaskyni og er ekki átappari, framleiðandi, innflytjandi eða seljandi, sem vísað er til með kóða, skal einnig koma fram á merkimiða á víni viðkomandi afurðar.

6. Ef nafn eða heimilisfang átappara, framleiðanda, innflytjanda eða seljanda er samsett úr eða inniheldur verndaða upprunatáknun eða landfræðilega merkingu skal það koma fram á merkimiðanum:

a) með rittáknum sem eru í mesta lagi helmingur af stærð þess leturs sem notað er fyrir annaðhvort vernduðu upprunatáknunina eða landfræðilegu merkinguna eða fyrir tilgreiningu á flokki viðkomandi vínræktarafurðar eða

b) með því að nota kóða eins og kveðið er á um í öðrum undirlið 5. mgr.

Aðildarríkin geta ákveðið hvor valkosturinn á við um vínræktarafurðir sem framleiddar eru á yfirráðasvæði þeirra.

47. gr.

Upplýsingar um sykurinnihald freyðivíns, loftblandaðs freyðivíns, gæðafreyðivíns eða ilmríks gæðafreyðivíns

1. Hugtökin sem talin eru upp í A-hluta III. viðauka við þessa reglugerð og notuð eru til að tilgreina sykurinnihaldið skulu koma fram á merkimiðum þeirra vínræktarafurða sem kveðið er á um í g-lið 1. mgr. 119. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

2. Ef sykurinnihald vínræktarafurðanna, gefið upp sem frúktósi, glúkósi og súkrósi, er slíkt að hægt er að nota tvö af þeim hugtökum sem talin eru upp í A-hluta III. viðauka skal aðeins velja annað þeirra tveggja hugtaka.

3. Með fyrirvara um notkunarskilyrðin sem lýst er í A-hluta III. viðauka má sykurinnihaldið ekki víkja meira en 3 grömm á lítra frá því sem tilgreint er á merkimiða afurðarinnar.

48. gr.

Sértækar reglur um loftblönduð freyðivín, loftblönduð, hálffreyðandi vín og gæðafreyðivín

1. Við orðin „*loftblandað freyðivín*“ og „*loftblandað, hálffreyðandi vín*“, eins og um getur í II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 skal bæta, með rittáknum af sömu gerð og stærð, hugtakinu „*koltvísýringsbætt*“, jafnvel þegar ákvæði 2. mgr. 119. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 gilda.

2. Ákvæði 1. mgr. gildir ekki þegar orðalagið sem er notað gefur eitt og sér til kynna að koltvísýringi hafi verið bætt við.

3. Þegar um er að ræða gæðafreyðivín má sleppa tilvísun í flokk vínræktarafurðarinnar þegar orðið „Sekt“ kemur fram á merkimiða viðkomandi vína.

2. ÞÁTTUR

Valkvæðar upplýsingar

49. gr.

Árgangur

1. Árganginn, sem um getur í a-lið 1. mgr. 120. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, má tilgreina á merkimiðum vínræktarafurða eins og um getur í 1. til 11. lið, 13., 15. og 16. lið II. hluta VII viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, að því tilskildu að a.m.k. 85% þrúgnanna, sem notaðar eru í framleiðslu afurðanna, hafi verið tíndar á viðkomandi ári. Þetta gildir ekki um:

a) það magn vínræktarafurða sem notað er til sætunar, í „expedition-líkjör“ eða „tirage-líkjör“ eða

b) það magn vínræktarafurða sem um getur í e- og f-lið 3. liðar II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013.

2. Að því er varðar 1. mgr. skulu vínræktarafurðir sem ekki bera verndaða upprunatáknun eða landfræðilega merkingu en bera tilgreiningu á árganginum á merkimiðanum vottaðar skv. 12. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/274 ([13]).

3. Þegar um er að ræða vínræktarafurðir sem hefð er fyrir að framleiða úr þrúgum sem eru tíndar í janúar- eða febrúarmánuði skal tilgreina almanaksárið á undan sem árgang á merkimiðanum.

50. gr.

Heiti vínþrúguyrkja

1. Heiti vínþrúguyrkja eða samheiti þeirra sem um getur í b-lið 1. mgr. 120. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013, sem eru notuð til framleiðslu á vínræktarafurðum sem um getur í 1. til 11. lið, 13., 15. og 16. lið II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, mega koma fram á merkimiða þessara afurða samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í a- og b-lið ef þær eru framleiddar í Sambandinu eða samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í a- og c-lið ef þær eru framleiddar í þriðju löndum.

a) Tilgreina má heiti vínþrúguyrkjanna eða samheiti þeirra að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

   i. ef aðeins eitt vínþrúguyrki eða samheiti þess er tilgreint skulu a.m.k. 85% viðkomandi afurðar vera framleidd úr því yrki, að undanskildu:

      — því magni vínræktarafurða sem notað er til sætunar, í „expedition-líkjör“ eða „tirage-líkjör“ eða

      — því magni vínræktarafurða sem um getur í e- og f-lið 3. liðar II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013,

([13]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/274 frá 11. desember 2017 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar fyrirkomulag við veitingu leyfa til plöntunar á vínvið, vottun, innfærslu- og útfærsluskrána, lögboðnar yfirlýsingar og tilkynningar og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1306/2013 að því er varðar viðeigandi eftirlit og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/561 (Stjtíð. ESB L 58, 28.2.2018, bls. 1).

ii. ef tvö eða fleiri vínþrúguyrki eða samheiti þeirra eru tilgreind skulu 100% viðkomandi afurðar vera framleidd úr þeim yrkjum, að undanskildu:

— því magni vínræktarafurða sem notað er til sætunar, í „expedition-líkjör“ eða „tirage-líkjör“ eða

— því magni vínræktarafurða sem um getur í e- og f-lið 3. liðar II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013,

Vínþrúguyrkin verða að koma fram á merkimiðanum í lækkandi röð eftir því í hvaða hlutfalli þau eru notuð, með rittáknum í sömu stærð.

b) Að því er varðar vínræktarafurðir sem framleiddar eru í Sambandinu skulu heiti vínþrúguyrkjanna eða samheiti vera þau sem tilgreind eru í flokkuninni á vínþrúguyrkjum sem um getur í 2. mgr. 81. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

Að því er varðar aðildarríki sem eru undanþegin flokkunarskuldbindingunni, sem kveðið er á um í 3. mgr. 81. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, skulu heiti vínþrúguyrkjanna eða samheiti þeirra vera þau sem eru tilgreind í alþjóðlegu skránni yfir vínviðaryrki og samheiti þeirra sem Alþjóðavínstofnunin hefur umsjón með.

c) Að því er varðar vínræktarafurðir sem eru upprunnar í þriðju löndum skulu skilyrði fyrir notkun á heitum vínþrúguyrkjanna eða samheitum þeirra vera í samræmi við reglurnar sem gilda um vínframleiðendur í viðkomandi þriðja landi, þ.m.t. þær reglur sem koma frá atvinnugreinasamtökum, og heiti vínþrúguyrkjanna eða samheiti þeirra skulu vera þau sem tilgreind eru á lista a.m.k. einna eftirfarandi samtaka:

i. Alþjóðavínstofnunarinnar,

ii. Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja,

iii. Alþjóðaráðsins um erfðaauðlindir plantna.

2. Að því er varðar 1. mgr. skal vínræktarafurð sem ekki ber verndaða upprunatáknun eða landfræðilega merkingu en sem ber tilgreiningu á vínþrúguyrkinu á merkimiðanum vottuð skv. 12. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/274.

Ef um er að ræða freyðivín og gæðafreyðivín er heimilt að setja samheitið „pinot“ í stað heita vínþrúguyrkjanna sem notuð eru sem viðbót við vörulýsinguna, nánar tiltekið „pinot blanc“, „pinot noir“, „pinot meunier“ eða „pinot gris“ og jafngildra heita á öðrum tungumálum Sambandsins.

3. Heiti vínþrúguyrkja og samheiti þeirra sem samanstanda af eða innihalda verndaða upprunatáknun eða landfræðilega merkingu sem kann að koma fram á merkingu afurðar sem ber verndaða upprunatáknun eða landfræðilega merkingu eða landfræðilega merkingu þriðja lands eru þau sem eru skráð í A-hluta IV. viðauka við þessa reglugerð.

Framkvæmdastjórninni er einungis heimilt að breyta A-hluta IV. viðauka til að taka tillit til hefða í merkingum hjá nýjum aðildarríkjum að inngöngu lokinni.

4. Heiti vínþrúguyrkjanna og samheiti þeirra, sem talin eru upp í B-hluta IV. viðauka við þessa reglugerð, sem innihalda hluta af verndaðri upprunatáknun eða landfræðilegri merkingu og vísa beint til landfræðilegs hluta viðkomandi verndaðrar upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar mega einungis koma fram á merkimiða afurðar sem ber verndaða upprunatáknun eða landfræðilega merkingu eða landfræðilega merkingu þriðja lands.

51. gr.

Sértækar reglur um tilgreiningu vínþrúguyrkja á vínræktarafurðum sem ekki bera verndaða upprunatáknun eða landfræðilega merkingu

Aðildarríkin geta ákveðið, að því er varðar vínræktarafurðir sem um getur í 1. til 9. lið og 16. lið II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 sem ekki bera verndaða upprunatáknun eða verndaða landfræðilega merkingu og að því tilskildu að skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 120. gr. þeirrar reglugerðar séu uppfyllt, að nota hugtakið „einyrkisvín“ ásamt einu eða báðum eftirfarandi:

a) heiti viðkomandi aðildarríkis eða -ríkja,

b) heiti vínþrúguyrkisins eða -yrkjanna.

Þriðju lönd geta ákveðið, að því er varðar vínræktarafurðir, sem um getur í fyrstu málsgrein, sem ekki bera verndaða upprunatáknun, verndaða landfræðilega merkingu eða landfræðilega merkingu þriðja lands og sem bera heiti eins eða fleiri vínþrúguyrkja á merkimiðum sínum, að nota hugtakið „einyrkisvín“ ásamt heiti eða heitum viðkomandi þriðja lands eða þriðju landa.

Ákvæði 45. gr. þessarar reglugerðar skulu ekki gilda í tengslum við tilgreiningu á heiti aðildarríkisins eða -ríkjanna eða þriðja landsins eða þriðju landanna.

Ef um er að ræða Bretland má í stað heitis aðildarríkis koma heiti viðeigandi lands, sem myndar hluta af Bretlandi, þar sem þrúgurnar sem voru notaðar til að framleiða vínræktarafurðina voru tíndar.

52. gr.

Upplýsingar um sykurinnihald vínræktarafurða annarra en freyðivíns, loftblandaðs freyðivíns, gæðafreyðivíns eða ilmríks gæðafreyðivíns

1. Sykurinnihald, gefið upp sem frúktósi og glúkósi eins og kveðið er á um í B-hluta III. viðauka við þessa reglugerð, má koma fram á merkimiða vínræktarafurða, annarra en þeirra sem um getur í g-lið 1. mgr. 119. reglugerðar (ESB) 1308/2013.

2. Ef sykurinnihald vínræktarafurðanna réttlætir að notuð séu tvö af þeim hugtökum sem talin eru upp í B-hluta III. viðauka við þessa reglugerð skal aðeins velja annað þeirra tveggja hugtaka.

3. Með fyrirvara um notkunarskilyrðin sem lýst er í B-hluta III. viðauka við þessa reglugerð má sykurinnihaldið ekki víkja meira en 1 gramm á lítra frá því sem tilgreint er á merkimiða afurðarinnar.

4. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um vínræktarafurðir sem um getur í 3., 8. og 9. lið II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 að því tilskildu að aðildarríkin reglufesti notkunarskilyrðin um tilgreiningu sykurinnihalds eða að um þau séu settar reglur sem gilda í viðkomandi þriðja landi, þ.m.t., ef um þriðju lönd er að ræða, reglur sem atvinnugreinasamtök setja.

53. gr.

Hugtök sem vísa til tiltekinna framleiðsluaðferða

1. Í samræmi við f-lið 1. mgr. 120. gr. reglugerðar (ESB) 1308/2013 geta vínræktarafurðir sem um getur í 1. til 11. lið, 13., 15. og 16. lið II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) 1308/2013 borið merkingar sem vísa til tiltekinna framleiðsluaðferða. Þessar merkingar geta m.a. náð til þeirra framleiðsluaðferða sem um getur í þessari grein.

2. Einungis skal nota hugtökin sem eru notuð til að vísa til tiltekinna framleiðsluaðferða, sem eru skráð í V. viðauka, til að lýsa vínræktarafurð, sem ber verndaða upprunatáknun eða verndaða landfræðilega merkingu eða landfræðilega merkingu þriðja lands, sem hefur gerjast, þroskast eða verið geymd í íláti úr viði. Aðildarríki og þriðju lönd geta þó ákveðið aðrar merkingar jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í V. viðauka fyrir slíkar vínræktarafurðir.

Heimilt er að nota einhverja af þeim merkingum, sem um getur í fyrstu undirgrein, þegar vínræktarafurðin hefur verið látin þroskast í íláti úr viði í samræmi við gildandi landsreglur, jafnvel þegar þroskunarferlið heldur áfram í annars konar íláti.

Ekki er heimilt að nota merkingarnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, til að lýsa vínræktarafurð sem framleidd er með því að nota eikarspæni, jafnvel þegar það er gert í tengslum við notkun íláta úr viði.

3. Orðalagið „gerjað á flösku“ má aðeins nota til að lýsa freyðivínum sem bera verndaða upprunatáknun eða landfræðilega merkingu þriðja lands, eða gæðafreyðivínum, að því tilskildu að:

a) afurðin hafi verið gerð freyðandi með seinni alkóhólgerjun í flösku,

b) framleiðsluferlið, þ.m.t. þroskun í framleiðslustöð afurðarinnar, talið frá upphafi gerjunar, sem er ætlað að gera vínlögunina freyðandi, hafi ekki verið styttra en níu mánuðir,

c) gerjunin, sem er ætlað að gera vínlögunina freyðandi og sá tími sem vínlögunin liggur með dreggjunum, tók a.m.k. 90 daga,

d) dreggjarnar hafi verið skildar frá afurðinni með síun í samræmi við umhellingaraðferð eða útskotsaðferð.

4. Einungis má nota orðalagið „gerjað á flösku með hefðbundinni aðferð“ eða „hefðbundin aðferð“ eða „sígild aðferð“ eða „sígild hefðbundin aðferð“ til að lýsa freyðivínum sem bera verndaða upprunatáknun eða landfræðilega merkingu þriðja lands, eða gæðafreyðivínum, að því tilskildu að afurðin:

a) hafi verið gerð freyðandi með seinni alkóhólgerjun í flöskunni,

b) hafi legið stöðugt með dreggjunum í a.m.k. níu mánuði hjá sömu framleiðslustöð frá myndun vínlögunarinnar,

c) hafi verið aðskilin frá dreggjunum með útskotsaðferð.

5. Einungis má nota orðalagið „Crémant“ til að lýsa hvítum eða rósagæðafreyðivínum sem bera verndaða upprunatáknun eða landfræðilega merkingu þriðja lands, að því tilskildu að:

a) þrúgurnar séu handtíndar,

b) vínið sé framleitt úr musti sem fengið er með því að pressa heilar þrúgur eða þrúgur sem hafa verið teknar af stilkunum. Í mesta lagi má framleiða 100 lítra af musti úr hverjum 150 kg. af þrúgum,

c) hámarksinnihald brennisteinsdíoxíðs skal ekki vera meira en 150 mg/l,

d) sykurinnihald sé minna en 50 g/l,

e) vínið uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 4. mgr.

Með fyrirvara um 55. gr. skal tilgreina hugtakið „Crémant“ á merkimiða gæðafreyðivína ásamt heiti landfræðilegu einingarinnar sem liggur til grundvallar afmarkaðs svæðis viðkomandi verndaðrar upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar viðkomandi þriðja lands.

Ákvæði a-liðar fyrstu undirgreinar og annarrar undirgreinar gilda ekki um framleiðendur sem eiga vörumerki sem innihalda hugtakið „Crémant“ og eru skráð fyrir 1. mars 1986.

6. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 ([14]) gildir um tilvísanir til lífrænnar framleiðslu þrúgna.

54. gr.

Upplýsingar um bú

1. Hugtökin sem vísa til bús og talin eru upp í VI. viðauka, að undanskildu heiti átapparans, framleiðandans eða seljandans, skulu frátekin fyrir vínræktarafurðir með verndaðar upprunatáknanir eða landfræðilegar merkingar.

Einungis skal nota þessi hugtök ef vínræktarafurðin er eingöngu framleidd úr þrúgum sem eru tíndar á vínekrum sem viðkomandi bú nytjar og vínframleiðslan fer eingöngu fram á því búi.

2. Aðildarríkin skulu reglufesta notkun sína á viðeigandi hugtökum sínum sem talin eru upp í VI. viðauka. Þriðju lönd skulu koma á fót reglum um notkun viðkomandi hugtaka sinna sem talin eru upp í VI. viðauka, þ.m.t. þau sem koma frá atvinnugreinasamtökum.

3. Þeir rekstraraðilar sem koma að markaðssetningu vínræktarafurðanna sem eru framleiddar á slíku búi mega einungis nota heiti búsins í merkingum og kynningum þeirrar vínræktarafurðar ef viðkomandi bú samþykkir þá notkun.

55. gr.

Tilvísun í heiti landfræðilegra eininga sem eru minni eða stærri en svæðið sem liggur til grundvallar vernduðu upprunatáknuninni eða landfræðilegu merkingunni

1. Samkvæmt g-lið 1. mgr. 120. gr. reglugerðar (ESB) 1308/2013 og með fyrirvara um 45. og 46. gr. má einungis vínræktarafurð sem ber verndaða upprunatáknun, verndaða landfræðilega merkingu eða landfræðilega merkingu þriðja lands hafa tilvísun á merkimiðanum í heiti landfræðilegrar einingar sem er minni eða stærri en svæðið sem liggur til grundvallar þeirri vernduðu upprunatáknun eða landfræðilegu merkingu.

2. Ef vísað er til heita landfræðilegra eininga sem eru minni en svæðið sem liggur til grundvallar upprunatáknuninni eða landfræðilegu merkingunni skal umsækjandinn skilgreina viðkomandi landfræðilegu einingu vel í forskriftinni fyrir afurðina og í eina skjalinu. Aðildarríkin geta sett reglur varðandi notkun þessara landfræðilegu eininga.

([14]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 (Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1).

Að því er varðar vínræktarafurðir sem eru framleiddar innan minni landfræðilegrar einingar gildir eftirfarandi:

a) Að minnsta kosti 85% þrúgnanna sem vínræktarafurðin er framleidd úr skulu vera upprunnar í viðkomandi minni landfræðilegri einingu. Þetta gildir ekki um:

   i. það magn vínræktarafurða sem notað er til sætunar, í „expedition-líkjör“ eða „tirage-líkjör“ eða

   ii. það magn vínræktarafurða sem um getur í e- og f-lið 3. liðar II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013.

b) Þrúgurnar sem eftir eru og notaðar eru í framleiðsluna skulu vera upprunnar á hinu afmarkaða landsvæði viðkomandi upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar.

Ef um er að ræða skráð vörumerki eða vörumerki sem hafa öðlast þegnrétt vegna notkunar fyrir 11. maí 2002 og sem innihalda eða samanstanda af heiti landfræðilegrar einingar sem er minni en svæðið sem liggur til grundvallar upprunatáknuninni eða landfræðilegu merkingunni og tilvísana til landsvæðis í viðkomandi aðildarríkjum geta aðildarríkin ákveðið að beita ekki kröfunum sem mælt er fyrir um í a- og b-lið annarrar undirgreinar.

3. Heiti landfræðilegrar einingar, sem er minni eða stærri en svæðið sem liggur til grundvallar upprunatáknuninni eða landfræðilegu merkingunni eða tilvísana til landsvæðis, skal vísa til:

a) staðar eða einingar sem nær yfir fleiri slíka staði,

b) staðbundins stjórnsýslusvæðis eða hluta þess,

c) undirhéraðs vínræktarsvæðis eða hluta þess.

d) stjórnsýslusvæðis.

3. ÞÁTTUR

Reglur um tiltekna sérstaka lögun á flöskum og lokunarbúnað

56. gr.

Notkunarskilyrði sem gilda um tiltekna sérstaka lögun á flöskum

Til að skrá megi tiltekna gerð af flösku í skrána yfir sérstakar gerðir af flöskum, sem sett er fram í VII. viðauka, skal hún uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) hún verður að hafa verið í einstakri, raunverulegri, hefðbundinni notkun síðastliðin 25 ár, fyrir vínræktarafurð sem ber tiltekna verndaða upprunatáknun eða landfræðilega merkingu og

b) notkun hennar verður að minna neytendur á vínræktarafurð sem ber tiltekna verndaða upprunatáknun eða landfræðilega merkingu.

Í VII. viðauka eru sett fram skilyrði fyrir notkun viðurkenndra sérstakra gerða af flöskum.

57. gr.

Reglur um framsetningu tiltekinna vínræktarafurða

1. Freyðivín, gæðafreyðivín og ilmrík gæðafreyðivín sem framleidd eru í Sambandinu skulu sett á markað eða flutt út í „freyðivínsflöskum“ úr gleri sem er lokað með:

a) svepplaga tappa úr korki eða annars konar efni, sem má komast í snertingu við matvæli, sem er haldið á sínum stað með festingu sem er, ef nauðsyn krefur, hulin af loki og hjúpuð með þynnu sem þekur tappann og allan flöskuhálsinn eða hluta hans, þegar um er að ræða flöskur sem eru yfir 0,20 lítrar að nafnrúmmáli,

b) annars konar viðeigandi lokunarbúnaði þegar um er að ræða flöskur sem eru minna en 0,20 lítrar að nafnrúmmáli.

Aðrar drykkjarvörur sem eru framleiddar í Sambandinu skulu hvorki settar á markað né fluttar út í „freyðivínsflöskum“ úr gleri eða með lokunarbúnaði eins og lýst er í a-lið fyrstu undirgreinar.

2. Þrátt fyrir aðra undirgrein 1. mgr. geta aðildarríki ákveðið að setja megi á markað eða flytja út aðrar drykkjarvörur í „freyðivínsflöskum“ úr gleri eða með lokunarbúnaði eins og lýst er í a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. eða bæði, að því tilskildu að hefð sé fyrir því að tappa þeim á slíkar flöskur og þær villi ekki um fyrir neytendum að því er varðar raunverulegt eðli drykkjarvörunnar.

58. gr.

Viðbótarákvæði aðildarríkja, sem eru framleiðsluríki, varðandi merkingu og kynningu

1. Aðildarríkjunum er heimilt að skyldubinda, banna eða takmarka notkun á þeim atriðum sem um getur í 49., 50., 52., 53. og 55. gr. þessarar reglugerðar og í 13. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 2019/34 fyrir vínræktarafurðir sem bera verndaða upprunatáknun eða landfræðilega merkingu, sem eru framleiddar á yfirráðasvæði þeirra, með því að innleiða strangari skilyrði en þau sem mælt er fyrir um í þessum kafla með samsvarandi forskriftum fyrir þessar vínræktarafurðir.

2. Aðildarríkjum er heimilt að skyldubinda notkun þeirra upplýsinga sem um getur í 52. og 53. gr. þessarar reglugerðar fyrir vínræktarafurðir sem eru framleiddar á yfirráðasvæði þeirra þegar þessar vínræktarafurðir bera ekki verndaða upprunatáknun eða landfræðilega merkingu.

3. Aðildarríkin geta í eftirlitsskyni ákveðið að skilgreina og setja reglur um aðrar upplýsingar en þær sem eru taldar upp í 1. mgr. 119. gr. og 1. mgr. 120. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 fyrir vínræktarafurðir sem eru framleiddar á yfirráðasvæðum þeirra.

4. Aðildarríkin geta í eftirlitsskyni ákveðið að 118., 119. og 120. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 skuli gilda um vínræktarafurðir sem átappaðar eru á yfirráðasvæðum þeirra en hafa enn ekki verið settar á markað eða fluttar út.

V. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI, UMBREYTINGARÁKVÆÐI OG LOKAÁKVÆÐI

59. gr.

Tungumál málsmeðferðar

Öll skjöl og upplýsingar sem eru send framkvæmdastjórninni að því er varðar umsókn um vernd, umsókn um breytingu á forskrift fyrir afurð, andmælameðferð og afturköllunarmeðferð vegna upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar í samræmi við 94. til 98. gr. og 105. og 106. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 og hefðbundins heitis í samræmi við 25. til 31. gr. og 34. og 35. gr. þessarar reglugerðar skulu vera á einu af opinberum tungumálum Sambandsins eða þeim skal fylgja vottuð þýðing á einu af þessum tungumálum.

60. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (EB) nr. 607/2009 er felld úr gildi.

61. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Ákvæði 2. til 12. gr. og 72. gr. reglugerðar (EB) nr. 607/2009 varðandi umsókn um vernd og tímabundnar merkingar skulu gilda áfram að því er varðar allar umsóknir um vernd sem eru til meðferðar á þeim degi þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda.

2. Ákvæði 13. til 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 607/2009 varðandi andmælameðferð skulu gilda áfram um umsóknir um vernd ef einu skjölin sem þeim tengjast hafa þegar verið birt til andmæla í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* á þeim degi þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda.

3. Ákvæði 21., 22. og 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 607/2009 varðandi afturköllun verndar skulu gilda áfram um beiðnir um afturköllun verndar sem eru til meðferðar á þeim degi þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda.

4. Ákvæði þessarar reglugerðar og framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/34 sem gilda um andmæli skulu gilda um umsóknir um vernd sem eru til meðferðar ef eina skjalið er birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eftir daginn þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda.

5. Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. gilda að breyttu breytanda um málsmeðferðir sem varða hefðbundin heiti ef umsókn um vernd eða beiðni um afturköllun er til meðferðar á þeim degi þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda.

6. Ákvæði 20. og. 72. gr. reglugerðar (EB) nr. 607/2009 varðandi breytingar á forskriftum fyrir afurðir og tímabundnar merkingar gilda áfram bæði um umsóknir um breytingar á forskrift fyrir afurð sem þegar hafa verið birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* á þeim degi þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda og um umsóknir um minni háttar eða breytingar, sem ekki eru minniháttar, sem aðildarríkin gefa til kynna að uppfylli kröfurnar um breytingu á vegum Sambandsins.

Að því er varðar umsóknir um breytingar sem eru til meðferðar og falla ekki undir 1. undirgrein skulu ákvarðanir aðildarríkja um að leggja slíkar breytingar fyrir framkvæmdastjórnina teljast vera samþykki fyrir almennri breytingu í samræmi við 2. mgr. 17. gr. þessarar reglugerðar.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni skrána yfir breytingar sem eru til meðferðar, í gegnum tölvupóst, innan þriggja mánaða frá deginum þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda. Skránni skal skipt upp í eftirfarandi tvo flokka:

a) breytingar sem teljast uppfylla kröfur um breytingu á vegum Sambandsins,

b) breytingar sem teljast uppfylla kröfur um almenna breytingu.

Framkvæmdastjórnin skal birta skrá hvers aðildarríkis yfir almennar breytingar í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* innan þriggja mánaða frá því að henni berst fullfrágengin skrá hvers aðildarríkis og hún skal birta opinberlega umsóknirnar og einu skjölin sem tengjast þessum almennu breytingum.

7. Reglugerð (EB) nr. 607/2009 gildir áfram um umsóknir um breytingu á hefðbundnu heiti sem eru til meðferðar á þeim degi þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda.

8. Breytingar á forskrift fyrir afurð sem eru lagðar fyrir lögbær yfirvöld aðildarríkis 1. ágúst 2009 eða síðar og þessi yfirvöld senda framkvæmdastjórninni fyrir 30. júní 2014, í samræmi við 2. mgr. 73. gr. reglugerðar (EB) nr. 607/2009, teljast samþykktar ef framkvæmdastjórnin hefur viðurkennt að þær geri það að verkum að forskriftin fyrir afurðina samræmist nú 118. gr. c í reglugerð (EB) nr. 1234/2007.

Breytingar sem framkvæmdastjórnin hefur ekki viðurkennt að geri það að verkum að forskriftin fyrir afurðina samræmist 118. gr. c í reglugerð (EB) nr. 1234/2007 skulu teljast vera umsóknir um almennar breytingar og skulu fylgja umbreytingar-reglunum sem settar eru fram í 6. mgr. þessarar greinar.

9. Setja má vínræktarafurðir, sem settar eru á markað eða merktar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 607/2009, á markað þar til birgðir þeirra eru uppurnar.

10. Málsmeðferðin sem sett er fram í 118. gr. s í reglugerð (EB) nr. 1234/2007 gildir um allar breytingar á forskrift fyrir afurð sem lagðar eru fyrir aðildarríki 1. ágúst 2009 eða síðar og það aðildarríki sendir þær til framkvæmdastjórnarinnar fyrir 31. desember 2011.

62. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. október 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

A-HLUTI

Hugtök sem um getur í 1. mgr. 41. gr.

Tungumál	Hugtök sem varða súlfít	Hugtök sem varða egg og afurðir sem eru að stofni til úr eggjum	Hugtök sem varða afurðir sem eru að stofni til úr mjólk
á búlgörsku	„сулфити“ eða „серен диоксид“	„яйце“, „яйчен протеин“, „яйчен продукт“, „яйчен лизозим“ eða „яйчен албумин“	„мляко“, „млечни продукти“, „млечен казеин“ eða „млечен протеин“
á spænsku	„sulfitos“ eða „dióxido de azufre“	„huevo“, „proteína de huevo“, „ovoproducto“, „lisozima de huevo“ eða „ovoalbúmina“	„leche“, „productos lácteos“, „caseína de leche“ eða „proteína de leche“
á tékknesku	„siřičitany“ eða „oxid siřičitý“	„vejce“, „vaječná bílkovina“, „výrobky z vajec“, „vaječný lysozym“ eða „vaječný albumin“	„mléko“, „výrobky z mléka“, „mléčný kasein“ eða „mléčná bílkovina“
á dönsku	„sulfitter“ eða „svovldioxid“	„æg“, „ægprotein“, „ægprodukt“, „æglysozym“, eða „ægalbumin“	„mælk“, „mælkeprodukt“, „mælkecasein“ eða „mælkeprotein“
á þýsku	„Sulfite“ eða „Schwefeldioxid“	„Ei“, „Eiprotein“, „Eiprodukt“, „Lysozym aus Ei“eða „Albumin aus Ei“	„Milch“, „Milcherzeugnis“, „Kasein aus Milch“ eða „Milchprotein“
á eistnesku	„sulfitid“ eða „vääveldioksiid“	„muna“, „munaproteiin“, „munatooted“, „munalüsosüüm“ eða „munaalbumiin“	„piim“, „piimatooted“, „piimakaseiin“ eða „piimaproteiin“
á grísku	„θειώδη“, „διοξείδιο του θείου“ eða „ανυδρίτης του θειώδους οξέος“	„αυγό“, „πρωτεΐνη αυγού“, „προϊόν αυγού“, „λυσοζύμη αυγού“ eða „αλβουμίνη αυγού“	„γάλα“, „προϊόντα γάλακτος“, „καζεΐνη γάλακτος“ eða „πρωτεΐνη γάλακτος“
á ensku	„sulphites“, „sulfites“, „sulphur dioxide“ eða „sulfur dioxide“	„egg“, „egg protein“, „egg product“, „egg lysozyme“ eða „egg albumin“	„milk“, „milk products“, „milk casein“ eða „milk protein“
á frönsku	„sulfites“ eða „anhydride sulfureux“	„œuf“, „protéine de l'œuf“, „produit de l'œuf“, „lysozyme de l'œuf“ eða „albumine de l'œuf“	„lait“, „produits du lait“, „caséine du lait“ eða „protéine du lait“
á króatísku	„sulfiti“ eða „sumporov dioksid“	„jaje“, „bjelančevine iz jaja“, „proizvodi od jaja“, „lizozim iz jaja“ eða „albumin iz jaja“	„mlijeko“, „mliječni proizvodi“, „kazein iz mlijeka“ eða „mliječne bjelančevine“
á ítölsku	„solfiti“, eða „anidride solforosa“	„uovo“, „proteina dell’uovo“, „derivati dell’uovo“, „lisozima da uovo“ eða „ovoalbumina“	„latte“, „derivati del latte“, „caseina del latte“ eða „proteina del latte“
á lettnesku	„sulfīti“ eða „sēra dioksīds“	„olas“, „olu olbaltumviela“, „olu produkts“, „olu lizocīms“ eða „olu albumīns“	„piens“, „piena produkts“, „piena kazeīns“ eða „piena olbaltumviela“
á litháísku	„sulfitai“ eða „sieros dioksidas“	„kiaušiniai“, „kiaušinių baltymai“, „kiaušinių produktai“, „kiaušinių lizocimas“ eða „kiaušinių albuminas“	„pienas“, „pieno produktai“, „pieno kazeinas“ eða „pieno baltymai“

Tungumál	Hugtök sem varða súlfít	Hugtök sem varða egg og afurðir sem eru að stofni til úr eggjum	Hugtök sem varða afurðir sem eru að stofni til úr mjólk
á ungversku	„szulfitok“ eða „kén-dioxid“	„tojás“, „tojásból származó fehérje“, „tojástermék“, „tojásból származó lizozim“ eða „tojásból származó albumin“	„tej“, „tejtermékek“, „tejkazein“ eða „tejfehérje“
á maltnesku	„sulfiti“, eða „diossidu tal-kubrit“	„bajd“, „proteina tal-bajd“, „prodott tal-bajd“, „liżożima tal-bajd“ eða „albumina tal-bajd“	„ħalib“, „prodotti tal-ħalib“, „kaseina tal-ħalib“ eða „proteina tal-ħalib“
á hollensku	„sulfieten“ eða „zwaveldioxide“	„ei“, „eiproteïne“, „eiderivaat“, „eilysozym“ eða „eialbumine“	„melk“, „melkderivaat“, „melkcaseïne“ eða „melkproteïnen“
á pólsku	„siarczyny“, „dwutlenek siarki“ eða „ditlenek siarki“	„jajo“, „białko jaja“, „produkty z jaj“, „lizozym z jaja“ eða „albuminę z jaja“	„mleko“, „produkty mleczne“, „kazeinę z mleka“ eða „białko mleka“
á portúgölsku	„sulfitos“ eða „dióxido de enxofre“	„ovo“, „proteína de ovo“, „produto de ovo“, „lisozima de ovo“ eða „albumina de ovo“	„leite“, „produtos de leite“, „caseína de leite“ eða „proteína de leite“
á rúmensku	„sulfiți““ eða „dioxid de sulf“	„ouă“, „proteine din ouă“, „produse din ouă“, „lizozimă din ouă“ eða „albumină din ouă“	„lapte“, „produse din lapte“, „cazeină din lapte“ eða „proteine din lapte“
á slóvakísku	„siričitany“ eða „oxid siričitý“	„vajce“, „vaječná bielkovina“, „výrobok z vajec“, „vaječný lyzozým“ eða „vaječný albumín“	„mlieko“, „výrobky z mlieka“, „mliečne výrobky“, „mliečny kazeín“ eða „mliečna bielkovina“
á slóvensku	„sulfiti“ eða „žveplov dioksid“	„jajce“, „jajčne beljakovine“, „proizvod iz jajc“, „jajčni lizocim“ eða „jajčni albumin“	„mleko“, „proizvod iz mleka“, „mlečni kazein“ eða „mlečne beljakovine“
á finnsku	„sulfiittia“, „sulfiitteja“ eða „rikkidioksidia“	„kananmunaa“, „kananmunaproteiinia“, „kananmunatuotetta“, „lysotsyymiä (kananmunasta)“ eða „kananmuna-albumiinia“	„maitoa“, „maitotuotteita“, „kaseiinia (maidosta)“ eða „maitoproteiinia“
á sænsku	„sulfiter“ eða „svaveldioxid“	„ägg“, „äggprotein“, „äggprodukt“, „ägglysozym“ eða „äggalbumin“	„mjölk“, „mjölkprodukter“, „mjölkkasein“ eða „mjölkprotein“

B-HLUTI

Skýringarmyndir sem um getur í 2. mgr. 41. gr.









II. VIÐAUKI

Orð sem um getur í b-lið annarrar undirgreinar 3. mgr. 46. gr.

Tungumál	Orð sem eru leyfð í staðinn fyrir „framleiðandi“	Orð sem eru leyfð í staðinn fyrir „framleitt af“
BG	„преработвател“	„преработено от“
ES	„elaborador“	„elaborado por“
CS	„zpracovatel“ eða „vinař“	„zpracováno v“ eða „vyrobeno v“
DA	„forarbejdningsvirksomhed“ eða „vinproducent“	„forarbejdet af“
DE	„Verarbeiter“	„verarbeitet von“ eða „versektet durch“ „Sektkellerei“
ET	„töötleja“	„töödelnud“
EL	„οινοποιός“	„οινοποιήθηκε από“
EN	„processor“ eða „winemaker“	„processed by“ eða „made by“
FR	„élaborateur“	„élaboré par“
IT	„elaboratore“ eða „spumantizzatore“	„elaborato da“ eða „spumantizzato da“
LV	„izgatavotājs“	„vīndaris“ eða „ražojis“
LT	„perdirbėjas“	„perdirbo“
HU	„feldolgozó:“	„feldolgozta:“
MT	„proċessur“	„ipproċessat minn“
NL	„verwerker“ eða „bereider“	„verwerkt door“ eða „bereid door“
PL	„przetwórca“ eða „wytwórca“	„przetworzone przez“ eða „wytworzone przez“
PT	„elaborador“ eða „preparador“	„elaborado por“ eða „preparado por“
RO	„elaborator“	„elaborat de“
SI	„pridelovalec“	„prideluje“
SK	„spracovateľ“	„spracúva“
FI	„valmistaja“	„valmistanut“
SV	„bearbetningsföretag“	„bearbetat av“

III. VIÐAUKI

A-HLUTI

Skrá yfir hugtök sem um getur í 1. mgr. 47. gr. sem skal nota um freyðivín, loftblönduð freyðivín, gæðafreyðivín eða ilmrík gæðafreyðivín

Hugtök	Notkunarskilyrði
brut nature, naturherb, bruto natural, pas dosé, dosage zéro, natūralusis briutas, īsts bruts, přírodně tvrdé, popolnoma suho, dosaggio zero, брют натюр, brut natur	Ef sykurinnihald er minna en 3 grömm á lítra má einungis nota þessi heiti um afurðir sem engum sykri er bætt í eftir seinni gerjun.
extra brut, extra herb, ekstra briutas, ekstra brut, ekstra bruts, zvláště tvrdé, extra bruto, izredno suho, ekstra wytrawne, екстра брют	Ef sykurinnihald er 0–6 grömm á lítra.
brut, herb, briutas, bruts, tvrdé, bruto, zelo suho, bardzo wytrawne, брют	Ef sykurinnihald er undir 12 grömmum á lítra.
extra dry, extra trocken, extra seco, labai sausas, ekstra kuiv, ekstra sausais, különlegesen száraz, wytrawne, suho, zvláště suché, extra suché, екстра сухо, extra sec, ekstra tør, vrlo suho	Ef sykurinnihald er 12–17 grömm á lítra.
sec, trocken, secco, asciutto, dry, tør, ξηρός, seco, torr, kuiva, sausas, kuiv, sausais, száraz, półwytrawne, polsuho, suché, сухо, suho	Ef sykurinnihald er 17–32 grömm á lítra.
demi-sec, halbtrocken, abboccato, medium dry, halvtør, ημίξηρος, semi seco, meio seco, halvtorr, puolikuiva, pusiau sausas, poolkuiv, pussausais, félszáraz, półsłodkie, polsladko, polosuché, polosladké, полусухо, polusuho	Ef sykurinnihald er 32–50 grömm á lítra.
doux, mild, dolce, sweet, sød, γλυκός, dulce, doce, söt, makea, saldus, magus, édes, ħelu, słodkie, sladko, sladké, сладко, dulce, saldais, slatko	Ef sykurinnihald er meira en 50 grömm á lítra.

B-HLUTI

Skrá yfir hugtök sem um getur í 1. mgr. 52. gr. sem skal nota um aðrar afurðir en þær sem eru taldar upp í A-hluta

Hugtök	Notkunarskilyrði
сухо, seco, suché, tør, trocken, kuiv, ξηρός, dry, sec, secco, asciuttto, sausais, sausas, száraz, droog, wytrawne, seco, sec, suho, kuiva	Ef sykurinnihald er ekki meira en: — 4 grömm á lítra eða — 9 grömm á lítra, að því tilskildu að heildarsýruinnihald, gefið upp sem grömm af vínsýru á lítra, sé ekki meira en 2 grömmum lægra en magn sykurleifa.
полусухо, semiseco, polosuché, halvtør, halbtrocken, poolkuiv, ημίξηρος, medium dry, demi-sec, abboccato, pussausais, pusiau sausas, félszáraz, halfdroog, półwytrawne, meio seco, adamado, demisec, polsuho, puolikuiva, halvtorrt, polusuho	Ef sykurinnihald er meira en leyfilega hámarkið en er ekki meira en: — 12 grömm á lítra eða — 18 grömm á lítra, að því tilskildu að heildarsýruinnihald, gefið upp sem grömm af vínsýru á lítra, sé ekki meira en 10 grömmum lægra en magn sykurleifa.

Hugtök	Notkunarskilyrði
полусладко, semidulce, polosladké, halvsød, lieblich, poolmagus, ημίγλυκος, medium, medium sweet, moelleux, amabile, pussaldais, pusiau saldus, félédes, halfzoet, półsłodkie, meio doce, demidulce, polsladko, puolimakea, halvsött, poluslatko	Ef sykurinnihald er meira en leyfilega hámarkið en er ekki meira en 45 grömm á lítra.
сладко, dulce, sladké, sød, süss, magus, γλυκός, sweet, doux, dolce, saldais, saldus, édes, ħelu, zoet, słodkie, doce, dulce, sladko, makea, sött, slatko.	Ef sykurinnihald er a.m.k. 45 grömm á lítra.

IV. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR VÍNVIÐARYRKI OG SAMHEITI ÞEIRRA SEM HEIMILT ER AÐ KOMI FRAM Á MERKIMIÐUM VÍNA ([1])

A-HLUTI

Skrá yfir vínviðaryrki og samheiti þeirra sem heimilt er að komi fram á merkimiðum vína í samræmi við 3. mgr. 50. gr.

	Heiti verndaðrar upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar	Heiti yrkis eða samheiti þess	Lönd sem hafa heimild til að nota heiti yrkis eða eitt af samheitum þess ([1])
1	Alba (IT)	**Albarossa**	Ítalía[o]
2	Alicante (ES)	**Alicante Bouschet**	**Grikkland[o], Ítalía[o], Portúgal[o], Alsír[o], Túnis[o], Bandaríkin[o], Kýpur[o]**, Suður-Afríka, Króatía ATH.: *Ekki er heimilt að nota heitið „Alicante“ eitt og sér sem heiti á víni.*
3		**Alicante Branco**	**Portúgal**[o]
4		**Alicante Henri Bouschet**	**Frakkland[o], Serbía og Montenegró** (6)
5		**Alicante**	**Ítalía**[o]
6		Alikant Buse	Serbía og Montenegró (4)
7	Avola (IT)	Nero d’Avola	Ítalía
8	Bohotin (RO)	**Busuioacă de Bohotin**	**Rúmenía**
9	Borba (PT)	**Borba**	**Spánn**[o]
10	Bourgogne (FR)	Blauburgunder	Makedónía (Fyrrverandi lýðveldi Júgóslavíu) (13-**20**-30), Austurríki (18-20), Kanada (20-30), Chile (20-30), Ítalía (20-30), Sviss
11		**Blauer Burgunder**	**Austurríki** (10-13), Serbía og Montenegró (**17**-30)
12		**Blauer Frühburgunder**	**Þýskaland** (24)
13		**Blauer Spätburgunder**	**Þýskaland** (30), Makedónía (Fyrrverandi lýðveldi Júgóslavíu) (10-**20**-30), Austurríki (10-**11**), Búlgaría (30), Kanada (10-30), Chile (10-30), Rúmenía (30), Ítalía (10-30)
14		**Burgund Mare**	**Rúmenía** (35, 27, 39, 41)
14a		Borgonja istarska	Króatía
15		**Burgundac beli**	**Serbía og Montenegró** (34)
15a		Burgundac bijeli	Króatía

([1]) SKÝRING:
— skáletruð heiti: tilvísun til samheitis vínþrúguyrkisins
— skáletruð heiti: ekkert samheiti
— „o“: 3. dálkur: heiti vínþrúguyrkisins
— feitletruð heiti: 4. dálkur: land þar sem heitið svarar til yrkis og tilvísun til yrkisins
— ekki feitletruð heiti: 3. dálkur: samheiti vínviðaryrkis
4. dálkur: heiti landsins sem notar samheiti vínviðaryrkis

	Heiti verndaðrar upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar	Heiti yrkis eða samheiti þess	Lönd sem hafa heimild til að nota heiti yrkis eða eitt af samheitum þess ([1])
17		**Burgundac crni**	**Serbía og Montenegró** (11-30), Króatía
18		**Burgundac sivi**	Króatía[o], **Serbía og Montenegró**[o]
19		**Burgundec bel**	**Makedónía (Fyrrverandi lýðveldi Júgóslavíu)**[o]
20		**Burgundec crn**	**Makedónía (Fyrrverandi lýðveldi Júgóslavíu)** (10-13-30)
21		**Burgundec siv**	**Makedónía (Fyrrverandi lýðveldi Júgóslavíu)**[o]
22		**Early Burgundy**	**Bandaríkin**[o]
23		Fehér Burgundi, Burgundi	Ungverjaland (31)
24		Frühburgunder	Þýskaland (12), **Holland**[o]
25		Grauburgunder	Þýskaland, Búlgaría, Ungverjaland[o], Rúmenía (26)
26		Grauer Burgunder	Kanada, Rúmenía (25), Þýskaland, **Austurríki**
27		Grossburgunder	Rúmenía (37, **14**, 40, 42)
28		Kisburgundi kék	Ungverjaland (30)
29		Nagyburgundi	Ungverjaland[o]
30		Spätburgunder	Makedónía (Fyrrverandi lýðveldi Júgóslavíu) (10-13-**20**), Serbía og Montenegró (11-**17**), Búlgaría (13), Kanada (10-13), Chile, Ungverjaland (29), Moldóva°, Rúmenía (13), Ítalía (10–13), **Bretland**, Þýskaland (**13**)
31		Weißburgunder	Suður-Afríka (33), Kanada, Chile (32), Ungverjaland (23), Þýskaland (**32**, 33), Austurríki (**32**), Bretland°, Ítalía
32		**Weißer Burgunder**	**Þýskaland** (31, 33), **Austurríki** (31), Chile (31), Slóvenía, Ítalía
33		**Weissburgunder**	Suður-Afríka (31), Þýskaland (31, **32**), Bretland, Ítalía, **Sviss**[o]
34		Weisser Burgunder	Serbía og Montenegró (15)
35	Calabria (IT)	Calabrese	**Ítalía**
36	Cotnari (RO)	**Grasă de Cotnari**	**Rúmenía**
37	Franken (DE)	**Blaufränkisch**	Tékkland (**39**), Austurríki°, Þýskaland, Slóvenía (**Modra frankinja**, Frankinja), Ungverjaland, Rúmenía (**14**, 27, 39, 41)
38		**Frâncușă**	**Rúmenía**
39		**Frankovka**	**Tékkland** (37), Slóvakía (**40**), Rúmenía (**14**, 27, 38, 41), Króatía
40		**Frankovka modrá**	**Slóvakía** (39)
41		**Kékfrankos**	Ungverjaland, Rúmenía (37, **14**, 27, 39)

	Heiti verndaðrar upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar	Heiti yrkis eða samheiti þess	Lönd sem hafa heimild til að nota heiti yrkis eða eitt af samheitum þess (1)
42	Friuli (IT)	Friulano	Ítalía
43	Graciosa (PT)	**Graciosa**	**Portúgal**[o]
44	Мелник (BU) *Melnik*	**Мелник** *Melnik*	**Búlgaría**
45	Montepulciano (IT)	**Montepulciano**	**Ítalía**[o]
46	Moravské (CZ)	Cabernet Moravia	**Tékkland**[o]
47		Moravia dulce	**Spánn**[o]
48		Moravia agria	**Spánn**[o]
49		**Muškat moravský**	**Tékkland**[o]**, Slóvakía**
50	Odobești (RO)	**Galbenă de Odobești**	**Rúmenía**
51	Porto (PT)	**Portoghese**	**Ítalía**[o]
52	Rioja (ES)	**Torrontés riojano**	**Argentína**[o]
53	Sardegna (IT)	Barbera Sarda	Ítalía
54	Sciacca (IT)	Sciaccarello	France
55	Teran (SI)	Teran	Króatía (2)

(1) Undanþágurnar, sem kveðið er á um í þessum viðauka, skulu aðeins gilda í viðkomandi löndum þegar um er að ræða vín sem bera verndaða upprunatáknun eða landfræðilega merkingu sem eru framleidd með viðkomandi yrkjum.

(2) Á eingöngu við fyrir „Hrvatska Istra“ VUT (PDO-HR-A1652) með því skilyrði að „Hrvatska Istra“ og „Teran“ komi fram á sama sjónsvæði og að leturstærð heitisins „Teran“ sé minni en leturstærð orðanna „Hrvatska Istra“.“

B-HLUTI

Skrá yfir vínviðaryrki og samheiti þeirra sem heimilt er að komi fram á merkimiðum vína í samræmi við 4. mgr. 50. gr.

	Heiti verndaðrar upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar	Heiti yrkis eða samheiti þess	Lönd sem hafa heimild til að nota heiti yrkis eða eitt af samheitum þess (1)
1	Mount Athos — Agioritikos (GR)	**Agiorgitiko**	**Grikkland**, Kýpur[o]
2	Aglianico del Taburno (IT)	**Aglianico**	**Ítalía**[o]**, Grikkland**[o]**, Malta**[o]**, Bandaríkin**
2a	Aglianico del Taburno	Aglianico crni	Króatía
	Aglianico del Vulture (IT)	**Aglianicone**	**Ítalía**[o]
4	Aleatico di Gradoli (IT) Aleatico di Puglia (IT)	**Aleatico**	**Ítalía, Ástralía, Bandaríkin**
5	Ansonica Costa dell'Argentario (IT)	**Ansonica**	**Ítalía, Ástralía**

	Heiti verndaðrar upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar	Heiti yrkis eða samheiti þess	Lönd sem hafa heimild til að nota heiti yrkis eða eitt af samheitum þess ([1])
6	Conca de Barbera (ES)	**Barbera Bianca**	**Ítalía**[o]
7		**Barbera**	**Suður-Afríka**[o]**, Argentína**[o]**, Ástralía**[o]**, Króatía**[o]**, Mexíkó**[o]**, Slóvenía**[o]**, Úrúgvæ**[o]**, Bandaríkin**[o]**, Grikkland**[o]**, Ítalía**[o]**, Malta**[o]
8		**Barbera Sarda**	**Ítalía**[o]
9	Malvasia di Castelnuovo Don Bosco (IT) Bosco Eliceo (IT)	**Bosco**	**Ítalía**[o]
10	Brachetto d'Acqui (IT)	**Brachetto**	**Ítalía, Ástralía**
11	Etyek-Buda (HU)	**Budai**	**Ungverjaland**[o]
12	Cesanese del Piglio (IT) Cesanese di Olevano Romano (IT) Cesanese di Affile (IT)	**Cesanese**	**Ítalía, Ástralía**
13	Cortese di Gavi (IT) Cortese dell'Alto Monferrato (IT)	**Cortese**	**Ítalía, Ástralía, Bandaríkin**
14	Duna (HU)	**Duna gyöngye**	**Ungverjaland**
15	Dunajskostredský (SK)	**Dunaj**	**Slóvakía**
16	Côte de Duras (FR)	**Durasa**	**Ítalía**
17	Korinthos-Korinthiakos (GR)	**Corinto Nero**	**Ítalía**[o]
18		**Korinthiaki**	**Grikkland**[o]
19	Fiano di Avellino (IT)	**Fiano**	**Ítalía, Ástralía, Bandaríkin**
20	Fortana del Taro (IT)	**Fortana**	**Ítalía, Ástralía**
21	Freisa d'Asti (IT) Freisa di Chieri (IT)	**Freisa**	**Ítalía, Ástralía, Bandaríkin**
22	Greco di Bianco (IT) Greco di Tufo (IT)	**Greco**	**Ítalía, Ástralía**
23	Grignolino d'Asti (IT) Grignolino del Monferrato Casalese (IT)	**Grignolino**	**Ítalía, Ástralía, Bandaríkin**
24	Izsáki Arany Sárfehér (HU)	**Izsáki Sárfehér**	**Ungverjaland**
25	Lacrima di Morro d'Alba (IT)	**Lacrima**	**Ítalía, Ástralía**

	Heiti verndaðrar upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar	Heiti yrkis eða samheiti þess	Lönd sem hafa heimild til að nota heiti yrkis eða eitt af samheitum þess ([1])
26	Lambrusco Grasparossa di Castelvetro	**Lambrusco grasparossa**	**Ítalía**
27		**Lambrusco**	**Ítalía, Ástralía** ([2]), **Bandaríkin**
28	Lambrusco di Sorbara (IT)		
29	Lambrusco Mantovano (IT)		
30	Lambrusco Salamino di Santa Croce (IT)		
31		**Lambrusco Salamino**	**Ítalía**
32	Colli Maceratesi	Maceratino	**Ítalía, Ástralía**
33	Nebbiolo d'Alba (IT)	**Nebbiolo**	**Ítalía, Ástralía, Bandaríkin, Króatía**
34	Colli Orientali del Friuli Picolit (IT)	**Picolit**	**Ítalía**
35		**Pikolit**	**Slóvenía**
36	Colli Bolognesi Classico Pignoletto (IT)	**Pignoletto**	**Ítalía, Ástralía**
37	Primitivo di Manduria	**Primitivo**	**Ítalía, Ástralía, Bandaríkin, Króatía**
38	Rheingau (DE)	**Rajnai rizling**	**Ungverjaland (41)**
39	Rheinhessen (DE)	Rajnski rizling	Serbía og Montenegró (40-41-**46**), Króatía
40		Renski rizling	Serbía og Montenegró (39-43-**46**), **Slóvenía**[o] (45)
41		Rheinriesling	Búlgaría°, Austurríki, Þýskaland (43), Ungverjaland (**38**), Tékkland (**49**), Ítalía (43), Grikkland, Portúgal, Slóvenía
42		Rhine Riesling	Suður-Afríka[o], Ástralía[o], Chile (44), Moldóva[o], Nýja-Sjáland[o], **Kýpur, Ungverjaland**[o]
43		Riesling renano	Þýskaland (41), Serbía og Montenegró (39-40-**46**), **Ítalía** (41)
44		Riesling Renano	Chile (42), **Malta**[o]
45		Radgonska ranina	**Slóvenía, Króatía**
46		**Rizling rajnski**	**Serbía og Montenegró** (39-40-43)
47		**Rizling Rajnski**	**Makedónía (Fyrrverandi lýðveldi Júgóslavíu)[o], Króatía[o]**
48		**Rizling rýnsky**	**Slóvakía**[o]
49		**Ryzlink rýnský**	Tékkland (41)
50	Rossese di Dolceacqua (IT)	**Rossese**	**Ítalía, Ástralía**
51	Sangiovese di Romagna (IT)	**Sangiovese**	**Ítalía, Ástralía, Bandaríkin, Króatía**

	Heiti verndaðrar upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar	Heiti yrkis eða samheiti þess	Lönd sem hafa heimild til að nota heiti yrkis eða eitt af samheitum þess (1)
52	Štajerska Slovenija (SI)	Štajerska belina	Slóvenía, Króatía
52a	Štajerska Slovenija (SI)	Štajerka	Króatía
53	Teroldego Rotaliano (IT)	Teroldego	**Ítalía, Ástralía, Bandaríkin**
54	Vinho Verde (PT)	**Verdea**	**Ítalía**[o]
55		**Verdeca**	**Ítalía**
56		**Verdese**	**Ítalía**[o]
57	Verdicchio dei Castelli di Jesi (IT) Verdicchio di Matelica (IT)	**Verdicchio**	**Ítalía, Ástralía**
58	Vermentino di Gallura (IT) Vermentino di Sardegna (IT)	**Vermentino**	**Ítalía, Ástralía, Bandaríkin, Króatía**
59	Vernaccia di San Gimignano (IT) Vernaccia di Oristano (IT) Vernaccia di Serrapetrona (IT)	**Vernaccia**	**Ítalía, Ástralía**
60	Zala (HU)	**Zalagyöngye**	**Ungverjaland**

(1) Undanþágurnar, sem kveðið er á um í þessum viðauka, skulu aðeins gilda í viðkomandi löndum þegar um er að ræða vín sem bera verndaða upprunatáknun eða landfræðilega merkingu sem eru framleidd með viðkomandi yrkjum.

(2) Notkun heimiluð í samræmi við ákvæði 4. mgr. 22. gr. í samningnum á milli Evrópubandalagsins og Ástralíu frá 1. desember 2008 um viðskipti með vín (Stjtíð. ESB L 28, 30.1.2009, bls. 3).

V. VIÐAUKI

Merkingar sem heimilt er að nota á merkimiðum vína samkvæmt 2. mgr. 53. gr.

látið gerjast í tunnu	látið þroskast í tunnu	látið eldast í tunnu
látið gerjast í […]ámu [tilgreina skal viðartegund]	látið þroskast í […]ámu [tilgreina skal viðartegund]	látið eldast í […]ámu [tilgreina skal viðartegund]
látið gerjast í ámu	látið þroskast í ámu	látið eldast í ámu

Í stað orðsins „áma“ má koma orðið „tunna“.

———

VI. VIÐAUKI

Hugtök sem um getur í 1. mgr. 54. gr.

Aðildarríki	Hugtök
Austurríki	Burg, Domäne, Eigenbau, Familie, Gutswein, Güterverwaltung, Hof, Hofgut, Kloster, Landgut, Schloss, Stadtgut, Stift, Weinbau, Weingut, Weingärtner, Winzer, Winzermeister
Tékkland	Sklep, vinařský dům, vinařství
Þýskaland	Burg, Domäne, Kloster, Schloss, Stift, Weinbau, Weingärtner, Weingut, Winzer
Frakkland	Abbaye, Bastide, Campagne, Chapelle, Château, Clos, Commanderie, Cru, Domaine, Mas, Manoir, Mont, Monastère, Monopole, Moulin, Prieuré, Tour
Grikkland	Αγρέπαυλη (Agrepavlis), Αμπελι (Ampeli), Αμπελώνας(-ες) (Ampelonas-(es)), Αρχοντικό (Archontiko), Κάστρο (Kastro), Κτήμα (Ktima), Μετόχι (Metochi), Μοναστήρι (Monastiri), Ορεινό Κτήμα (Orino Ktima), Πύργος (Pyrgos)
Ítalía	abbazia, abtei, ansitz, burg, castello, kloster, rocca, schlofl, stift, torre, villa
Kýpur	Αμπελώνας (-ες) (Ampelonas (-es), Κτήμα (Ktima), Μοναστήρι (Monastiri), Μονή (Moni)
Portúgal	Casa, Herdade, Paço, Palácio, Quinta, Solar
Slóvenía	Klet, Kmetija, Posestvo, Vinska klet
Slóvakía	Kaštieľ, Kúria, Pivnica, Vinárstvo, Usadlosť

VII. VIÐAUKI

Takmarkanir á notkun sérstakra gerða af flöskum, eins og um getur í 56. gr.

1. „Flûte d'Alsace“:

   a) gerð: glerflaska sem samanstendur af beinum sívölum bol með langan háls og hefur u.þ.b. eftirfarandi hlutföll:

      — heildarhæð/þvermál við botn = 5:1,

      — hæð sívala bolsins = heildarhæð/3,

   b) vínin, sem þessi gerð af flösku er frátekin fyrir, þegar um er að ræða vín sem eru framleidd úr þrúgum sem eru tíndar á frönsku yfirráðasvæði, eru vín sem bera eftirfarandi upprunatáknun:

      — „Alsace“ eða „vin d'Alsace“, „Alsace Grand Cru“,

      — „Crépy“,

      — „Château-Grillet“,

      — „Côtes de Provence“, rauðvín og rósavín,

      — „Cassis“,

      — „Jurançon“, „Jurançon sec“,

      — „Béarn“, „Béarn-Bellocq“, rósavín,

      — „Tavel“, rósavín.

   Þó gildir takmörkun á notkun flaskna af þessari gerð aðeins fyrir vín sem eru framleidd úr þrúgum sem eru tíndar á frönsku yfirráðasvæði.

2. „Bocksbeutel“ eða „Cantil“:

   a) gerð: glerflaska með stuttan háls, belgmikil en formið útflatt; botn og þversnið flöskunnar á þeim stað þar sem meginhluti flöskunnar er kúptastur eru sporöskjulaga:

      — hlutfallið á milli langa og stutta ássins við sporöskulaga þversniðið = 2:1,

      — hlutfallið milli hæðar kúpta bolsins og sívals háls flöskunnar = 2,5:1,

   b) þessi gerð af flösku er frátekin fyrir eftirtalin vín:

      i. þýsk vín sem bera eftirfarandi verndaðar upprunatáknanir:

         — Franken,

         — Baden,

            — upprunnin í Taubertal og Schüpfergrund,

            — upprunnin í eftirfarandi hlutum staðbundins stjórnsýslusvæðis Baden-Baden: Neuweier, Steinbach, Umweg og Varnhalt,

      ii. ítölsk vín sem bera eina af eftirfarandi vernduðum upprunatáknunum:

         — Santa Maddalena (St. Magdalener),

         — Valle Isarco (Eisacktaler), framleitt úr Sylvaner- og Müller-Thurgau-yrkjunum,

         — Terlaner, framleitt úr Pinot bianco-yrkinu,

         — Bozner Leiten,

         — Alto Adige (Südtiroler), framleitt úr yrkjunum Riesling, Müller-Thurgau, Pinot nero, Moscato giallo, Sylvaner, Lagrein, Pinot blanco (Weissburgunder) og Moscato rosa (Rosenmuskateller),

         — Greco di Bianco,

         — Trentino, framleitt úr Moscato-yrkinu,

      iii. grísk vín:

         — Agioritiko,

         — Rombola Kephalonias,

— vín frá eyjunni Kefalóníu,

— vín frá eyjunni Paros,

— vín sem bera verndaða, landfræðilega merkingu frá Pelópsskaga,

iv) portúgölsk vín:

— rósavín og önnur vín sem bera verndaðar upprunatáknanir og landfræðilegar merkingar sem hægt er að færa sönnur á að hafi þegar verið sett fram með hefðbundnum og réttum hætti á „cantil“-flöskum áður en þau voru flokkuð sem vín með verndaðar upprunatáknanir og landfræðilegar merkingar.

3. „Clavelin“:

a) gerð: glerflaska með stuttan háls sem inniheldur 0,62 lítra, samanstendur af sívölum bol með breiðum öxlum, sem gefur flöskunni kubbslegt útlit, hefur u.þ.b. eftirfarandi hlutföll:

— heildarhæð/þvermál við botn = 2,75,

— hæð á sívölum hluta = heildarhæð/2,

b) þessi gerð af flösku er frátekin fyrir eftirtalin vín:

— frönsk vín sem bera eina af eftirfarandi vernduðum upprunatáknunum:

— Côte du Jura,

— Arbois,

— L’Etoile,

— Château Chalon.

4. „Tokaj“:

a) gerð: bein, hálslöng, litarlaus glerflaska sem samanstendur af sívölum bol og hefur eftirfarandi hlutföll:

— hæð sívala bolsins/heildarhæð = 1:2,7,

— heildarhæð/þvermál við botn = 1:3,6,

— rúmtak: 500 ml, 375 ml, 250 ml, 100 ml eða 187,5 ml (ef um er að ræða útflutning til þriðja lands),

— á flöskuna má setja kennimerki sem er úr sama efni og flaskan og vísar til vínræktarsvæðisins eða framleiðandans,

b) þessi gerð af flösku er frátekin fyrir eftirtalin vín:

ungversk og slóvakísk vín sem bera eina af eftirfarandi vernduðum upprunatáknunum:

— Tokaj,

— Vinohradnícka oblasť Tokaj,

að viðbættu einhverju af eftirfarandi vernduðum hefðbundnum heitum:

— aszú/výber,

— aszúeszencia/výberová esencia,

— eszencia/esencia,

— máslas/mášláš,

— fordítás/forditáš,

— szamorodni/samorodné.

Þó gildir takmörkun á notkun flaskna af þessari gerð aðeins fyrir vín framleidd úr þrúgum sem eru tíndar á ungversku eða slóvakísku yfirráðasvæði.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/934 **2022/EES/72/70**

frá 12. mars 2019

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar vínræktarsvæði þar sem auka má alkóhólstyrkleikann, leyfilegar vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir sem eiga við um framleiðslu og varðveislu vínræktarafurða, lágmarkshlutfall alkóhóls í aukaafurðum og ráðstöfun þeirra og birtingu skráa Alþjóðavínstofnunarinnar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 ([1]), einkum 2. mgr. 75. gr. og 4. mgr. 80. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 felldi úr gildi og kom í stað reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1234/2007 ([2]). Í 1. þætti I. kafla II. bálks II. hluta reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 er mælt fyrir um reglur um flokka vínræktarafurða, vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir þar að lútandi og framkvæmdastjórninni veitt vald til að samþykkja framseldar gerðir og framkvæmdargerðir sem þetta varða. Samþykkja þarf tilteknar reglur með slíkum gerðum til að tryggja snurðulausa starfsemi markaðsins með vín innan nýja lagarammans. Þær gerðir ættu að koma í stað ákvæðanna í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009 ([3]) sem ætti því að fella niður.

2) Í II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, þar sem skráðir eru flokkar vínræktarafurða, er kveðið á um að vín skuli ekki hafa meiri heildaralkóhólstyrkleika en 15% miðað við rúmmál. Þó er veitt undanþága sem heimilar að hækka þau mörk í 20% miðað við rúmmál fyrir vín sem eru framleidd án auðgunar á tilteknum vínræktarsvæðum. Skilgreina ætti þessi svæði.

3) Í 80. og 83. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 og í VIII. viðauka við hana er mælt fyrir um almennar reglur um vínfræðilegar vinnsluaðferðir og -ferli og vísað til ítarlegra reglna sem framkvæmdastjórnin skal samþykkja. Skilgreina ætti þær vínfræðilegu vinnsluaðferðir sem eru leyfilegar, þ.m.t. aðferðir til að sæta vín, á skýran og nákvæman hátt, og mæla ætti fyrir um takmarkanir á notkun tiltekinna efna sem nota má í vínframleiðslu og um skilyrðin fyrir notkun sumra þessara efna í vínframleiðslu.

4) Í I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 606/2009 eru tilgreindar landsbundnar vínfræðilegar vinnsluaðferðir og -ferli. Gera ætti skrána yfir leyfilegar vínfræðilegar vinnsluaðferðir skýrari og samræma hana betur. Einnig ætti að bæta við skrána með hliðsjón af tækniframförum. Til að bæta skýrleikann ætti að skipta skránni í tvær töflur til að skilja vínfræðileg vinnsluferli frá vínfræðilegum efnasamböndum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 149, 7.6.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 273/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671.

([2]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007 frá 22. október 2007 um sameiginlegt markaðskerfi í landbúnaði og um sértæk ákvæði varðandi tilteknar landbúnaðarvörur (reglugerðin um eitt sameiginlegt markaðskerfi) (Stjtíð. ESB L 299, 16.11.2007, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009 frá 10. júlí 2009 um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 að því er varðar flokka vínræktarafurða, vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir þar að lútandi (Stjtíð. ESB L 193, 24.7.2009, bls. 1).

5) Skrá ætti leyfileg vínfræðileg vinnsluferli ásamt skilyrðum fyrir og takmörkunum á notkun þeirra í töflu 1 í A-hluta I. viðauka við þessa reglugerð. Leyfðu vinnsluferlin ættu að byggjast á viðeigandi aðferðum sem Alþjóðavínstofnunin (OIV) mælir með, sem fram koma í skrám Alþjóðavínstofnunarinnar sem vísað er til í töflunni, og í viðeigandi löggjöf Sambandsins sem vísað er til í töflunni.

6) Til að tryggja að framleiðendur vínræktarafurða sem nota leyfileg vínfræðileg efnasambönd fái betri upplýsingar og öðlist betri skilning á viðeigandi reglum ætti að skrá leyfileg vínfræðileg efnasambönd í töflu 2 í A-hluta I. viðauka við þessa reglugerð ásamt skilyrðum fyrir og takmörkunum á notkun þeirra. Leyfilegu vínfræðilegu efnasamböndin ættu að byggjast á viðeigandi efnasamböndum sem Alþjóðavínstofnunin mælir með, sem fram koma í skrám Alþjóðavínstofnunarinnar sem vísað er til í töflunni, og í viðeigandi löggjöf Sambandsins sem vísað er til í töflunni. Í töflunni ætti enn fremur að auðkenna með skýrum hætti alþjóðlega númerið, E-númerið ef það er fyrir hendi, og/eða númerið frá Upplýsingaþjónustunni um íðefni (CAS). Í henni ætti enn fremur að flokka efnasamböndin í tvo flokka samkvæmt notkun þeirra sem aukefna eða hjálparefna við vinnslu sem er einkum nauðsynlegt vegna merkinga.

7) Til að einfalda gildandi reglur og tryggja samræmi á milli reglnanna sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og alþjóðlegra staðla ætti að láta af þeirri eldri hefð að tvítaka tilteknar upplýsingar í skránum í reglum Alþjóðavínstofnunarinnar um vínfræðilegar vinnsluaðferðir með því að endurtaka innihaldið í viðbætum við I. viðauka. Skilyrðin fyrir og takmarkanirnar á notkun ættu að jafnaði að fylgja tilmælum Alþjóðavínstofnunarinnar nema ef viðbótarskilyrði, takmarkanir og undanþágur frá skrám Alþjóðavínstofnunarinnar eru viðeigandi.

8) Framkvæmdastjórnin ætti að birta skrárnar í reglum Alþjóðavínstofnunarinnar um vínfræðilegar vinnsluaðferðir sem um getur í I. viðauka við þessa reglugerð í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og tryggja að viðkomandi skrár Alþjóðavínstofnunarinnar séu tiltækar á öllum tungumálum Sambandsins.

9) Í I. viðauka B við reglugerð (EB) nr. 606/2009 er mælt fyrir um hámarksgildi brennisteinsdíoxíðs í vínum sem eru framleidd í Sambandinu. Þessi gildi eru í samræmi við gildi Alþjóðavínstofnunarinnar, sem eru alþjóðlega viðurkennd, og fyrir tiltekin sæt vín, sem eru framleidd í litlu magni, skal halda undanþágum sem veittar eru vegna meira sykurinnihalds þeirra og til að tryggja góða endingu þeirra. Í ljósi nýlegra vísindarannsókna, sem fjalla um það að draga úr súlfíti í víni og skipta því út og um inntekið magn súlfíts úr víni í fæðu manna, er hægt að endurskoða hámarksgildi síðar með það fyrir augum að lækka gildin enn frekar.

10) Mæla ætti fyrir um þær málsmeðferðarreglur sem aðildarríkjunum er heimilt að nota til að heimila tilteknar vínfræðilegar vinnsluaðferðir og -ferli, sem ekki er kveðið á um í reglum Sambandsins, í tiltekinn tíma og í tilraunaskyni.

11) Framleiðsla á freyðivínum, gæðafreyðivínum og ilmríkum gæðafreyðivínum krefst ýmissa sérstakra aðferða til viðbótar við þær vínfræðilegu vinnsluaðferðir sem eru leyfðar fyrir aðrar vínræktarafurðir. Til glöggvunar ætti að tilgreina þessar aðferðir í sérstökum viðauka við þessa reglugerð.

12) Framleiðsla á líkjörvínum krefst ýmissa sérstakra aðferða til viðbótar við þær vínfræðilegu vinnsluaðferðir sem eru leyfðar fyrir aðrar vínræktarafurðir og framleiðsla á líkjörvínum með verndaðri upprunatáknun hefur tiltekin séreinkenni. Til glöggvunar ætti að tilgreina þessar aðferðir og takmarkanir í sérstökum viðauka við þessa reglugerð.

13) Blöndun er útbreidd vínfræðileg vinnsluaðferð sem getur haft umtalsverð áhrif á gæði vínræktarafurða. Því ætti að skilgreina vinnsluaðferðina og setja um hana strangar reglur til að koma í veg fyrir misnotkun og tryggja há gæði vínræktarafurða og um leið að stuðla að samkeppnishæfari geira. Að því er varðar rósavínframleiðslu ætti, af sömu ástæðu, að reglufesta þessa vinnsluaðferð, einkum að því er varðar tiltekin vín sem falla ekki undir nákvæmar skilgreiningar.

14) Í reglum Sambandsins um matvæli og alþjóðlegri, vínfræðilegri skrá Alþjóðavínstofnunarinnar er þegar mælt fyrir um nákvæmar skilgreiningar varðandi hreinleika og auðkenningu í tengslum við mörg efni sem eru notuð við vínfræðilegar vinnsluaðferðir. Til samhæfingar og glöggvunar ætti í fyrsta lagi að virða þessar nákvæmu skilgreiningar og einnig að mæla fyrir um viðbótarreglur sem eiga sérstaklega við um aðstæður í Sambandinu.

15) Ekki er heimilt að setja á markað vínafurðir sem samræmast ekki ákvæðum 1. þáttar I. kafla II. bálks II. hluta reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 eða ákvæðum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, og skal þeim fargað. Þó má heimila iðnaðarnotkun eingöngu á einhverjum þessara afurða og því ætti að mæla fyrir um skilyrði fyrir notkun þeirra til

að tryggja fullnægjandi eftirlit með endanlegri notkun þeirra. Til að komast hjá fjárhagstjóni rekstraraðila sem eiga birgðir tiltekinna afurða sem voru framleiddar fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar ætti auk þess mæla fyrir um að dreifa megi afurðum, sem eru framleiddar í samræmi við þær reglur sem eru í gildi fyrir þann dag, til neyslu.

16) Þrátt fyrir almennu regluna sem mælt er fyrir um í D-lið II. hluta VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 er það grundvallareinkenni framleiðslu á tilteknum ungverskum og slóvakískum vínum þegar víni eða þrúgumusti er hellt yfir dreggjar eða þrúguhrat eða pressað aszú-mauk eða výber-mauk. Mæla skal fyrir um sérstakar reglur varðandi þessa aðferð í samræmi við ákvæði landslaga sem eru í gildi í viðkomandi aðildarríkjum 1. maí 2004.

17) Til að tryggja gæði vínræktarafurða ætti að mæla fyrir um ákvæði sem varða framkvæmd bannsins við því að ofpressa þrúgur. Sannprófun á því að þessu banni sé beitt rétt útheimtir viðunandi vöktun á aukaafurðum úr vínframleiðslu og endanlegri notkun þeirra. Í þessu skyni ætti að tilgreina reglur um lágmarkshlutfall alkóhóls í aukaafurðum eftir pressun á þrúgum, sem og um skilyrði fyrir skyldubundinni ráðstöfun aukaafurða sem einstaklingar eða lögaðilar eða hópar einstaklinga eða lögaðila hafa undir höndum, undir eftirliti lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna. Þar eð slík skilyrði hafa beina tengingu við vínframleiðsluferlið ætti að tilgreina þau með vínfræðilegu vinnsluaðferðunum og viðeigandi takmörkunum, sem gilda um framleiðslu á víni, sem settar eru fram í þessari reglugerð.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

Í reglugerð þessari er mælt fyrir um reglur til viðbótar við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar vínræktarsvæði þar sem auka má alkóhólstyrkleika, leyfilegar vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir sem eiga við um framleiðslu og varðveislu vínræktarafurða, lágmarkshlutfall alkóhóls í aukaafurðum og ráðstöfun þeirra og birtingu skráa Alþjóðavínstofnunarinnar.

2. gr.

Vínræktarsvæði þar sem heildaralkóhólstyrkleiki vína má ekki vera meiri en 20% miðað við rúmmál

Vínræktarsvæðin, sem um getur í fyrsta undirlið c-liðar annarrar málsgreinar 1. liðar II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, skulu vera svæði C I, C II og C III, sem um getur í 1. viðbæti við þann viðauka, og þau svæði á svæði B þar sem heimilt er að framleiða hvítvín með eftirtöldum vernduðum, landfræðilegum merkingum: „Vin de pays de Franche-Comté“ og „Vin de pays du Val de Loire“.

3. gr.

Leyfilegar vínfræðilegar vinnsluaðferðir

1. Í I. viðauka við þessa reglugerð er mælt fyrir um leyfilegar, vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir sem gilda um framleiðslu og varðveislu vínræktarafurða sem falla undir gildissvið II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, sem um getur í 1. mgr. 80. gr. þeirrar reglugerðar.

Í töflu 1 í A-hluta I. viðauka er mælt fyrir um leyfileg vínfræðileg vinnsluferli ásamt skilyrðum fyrir og takmörkunum á notkun þeirra.

Í töflu 2 í A-hluta I. viðauka er mælt fyrir um leyfileg vínfræðileg efnasambönd ásamt skilyrðum fyrir og takmörkunum á notkun þeirra.

2. Framkvæmdastjórnin skal birta skrárnar í reglum Alþjóðavínstofnunarinnar um vínfræðilegar vinnsluaðferðir sem um getur í 2. dálki töflu 1 og í 3. dálki í töflu 2 í A-hluta I. viðauka við þessa reglugerð í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins*.

3. Í B-hluta I. viðauka er mælt fyrir um hámarksinnihald brennisteinsdíoxíðs í víni.

4. Í C-hluta I.viðauka er mælt fyrir um hámarksinnihald rokgjarnrar sýru í víni.

5. Í D-hluta I. viðauka er mælt fyrir um reglur um sætun.

4. gr.

Beiting nýrra vínfræðilegra vinnsluaðferða í tilraunaskyni

1. Hvert aðildarríki getur, í tilraunaskyni eins og um getur í 3. mgr. 83. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, heimilað beitingu tiltekinna vínfræðilegra vinnsluaðferða eða -ferla, sem ekki er kveðið á um í þeirri reglugerð eða í þessari reglugerð, að hámarki í fimm ár, að því tilskildu:

a) að viðkomandi vinnsluaðferðir og -ferli standist kröfurnar í þriðju undirgrein 1. mgr. 80. gr. og b- til e-lið 3. mgr. 80. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013,

b) að slíkar vinnsluaðferðir og -ferlar séu ekki notuð fyrir meira magn en 50 000 hektólítra á ári fyrir hverja einstaka tilraun,

c) að hlutaðeigandi aðildarríki upplýsi framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin um skilyrði fyrir hverri heimild við upphaf tilraunarinnar,

d) að vinnsluferlin séu skráð í fylgiskjalið sem um getur í 1. mgr. 147. gr. og í skrána sem um getur í 2. mgr. 147. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

„Tilraun“ merkir aðgerð eða aðgerðir, sem fara fram innan ramma vel skilgreinds rannsóknarverkefnis með einni aðferðarlýsingu.

2. Heimilt er að setja afurðirnar, sem fást með notkun slíkra vínfræðilegra vinnsluaðferða og -ferla í tilraunaskyni, á markað í öðru aðildarríki en viðkomandi aðildarríki að því tilskildu að aðildarríkið, sem heimilar tilraunina, tilkynni lögbærum yfirvöldum í viðtökuaðildarríkinu fyrir fram um skilyrðin fyrir heimildinni og magnið sem um ræðir.

3. Á fyrstu þremur mánuðunum eftir lok tímabilsins sem um getur í 1. mgr. skal hlutaðeigandi aðildarríki senda framkvæmdastjórninni skýrslu um tilraunina, sem veitt var heimild fyrir, og niðurstöður hennar. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna hinum aðildarríkjunum um þessar niðurstöður.

4. Hlutaðeigandi aðildarríki getur, með hliðsjón af niðurstöðunum, sótt um leyfi til framkvæmdastjórnarinnar til að halda tilrauninni áfram, hugsanlega á meira magni afurða en í upphaflegu tilrauninni, í mest þrjú ár til viðbótar. Hlutaðeigandi aðildarríki skal leggja fram viðeigandi málsskjöl til stuðnings umsókn sinni. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ákvörðun um umsóknina í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

5. Tilkynning um upplýsingar eða skjöl til framkvæmdastjórnarinnar, sem kveðið er á um í c-lið 1. mgr. og 3. og 4. mgr., skal vera í samræmi við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/1183 ([4]).

5. gr.

Vínfræðilegar vinnsluaðferðir sem gilda um flokka freyðivína

Auk þeirra almennu vínfræðilegu vinnsluaðferða og takmarkana sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 og í I. viðauka við þessa reglugerð eru leyfilegar, sértækar vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir, þ.m.t. auðgun, sýring og afsýring, sem varða freyðivín, gæðafreyðivín og ilmrík gæðafreyðivín, sem um getur í 4., 5. og 6. lið II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, tilgreindar í II. viðauka við þessa reglugerð.

([4]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1183 frá 20. apríl 2017 um viðbætur við reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1307/2013 og (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar miðlun á upplýsingum og skjölum til framkvæmdastjórnarinnar (Stjtíð. ESB L 171, 4.7.2017, bls. 100).

6. gr.

Vínfræðilegar vinnsluaðferðir sem gilda um líkjörvín

Auk þeirra almennu vínfræðilegu vinnsluaðferða og takmarkana sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 og í I. viðauka við þessa reglugerð eru leyfilegar, sértækar vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir sem varða líkjörvín, sem um getur í 3. lið II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, tilgreindar í III. viðauka við þessa reglugerð.

7. gr.

Skilgreining á blöndun

1. „Blöndun“, sem um getur í h-lið 3. mgr. 75. gr. og í C-þætti II. hluta VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, merkir að blandað er saman vínum eða musti af mismunandi uppruna, mismunandi vínviðaryrkjum, frá mismunandi uppskeruárum eða úr mismunandi flokkum vína eða musts.

2. Eftirfarandi flokkar skulu teljast til mismunandi flokka víns eða musts:

a) rauðvín, hvítvín og must eða vín sem henta til framleiðslu á einum þessara flokka vína,

b) vín án verndaðrar upprunatáknunar og vín án verndaðrar landfræðilegrar merkingar, vín með verndaða upprunatáknun (VUT) og vín með verndaða, landfræðilega merkingu (VLM) svo og must eða vín sem henta til framleiðslu á einum af þessum flokkum vína.

Að því er varðar þessa málsgrein skal rósavín teljast til rauðvíns.

3. Ekki skal líta á eftirfarandi vinnsluferli sem blöndun:

a) auðgun með því að bæta við þrúgumustsþykkni eða hreinsuðu þrúgumustsþykkni,

b) sætun.

8. gr.

Almennar reglur um blöndun (e. *blending and coupage*)

1. Einungis má framleiða vín með blöndun þegar innihaldsefni þessarar blöndunar hafa til að bera öll þau einkenni sem krafist er til framleiðslu víns og samrýmast reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 og þessari reglugerð.

Ekki er hægt að framleiða rósavín með blöndun hvítvíns, sem ekki er með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu, með rauðvíni sem ekki er með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu.

Ákvæði annarrar undirgreinar útiloka þó ekki blöndun tegunda, sem um getur í þeirri undirgrein, ef lokaafurðin er ætluð til framleiðslu á vínlögun, eins og hún er skilgreind í 12. lið IV. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, eða til framleiðslu á hálffreyðandi vínum.

2. Blöndun þrúgumusts eða víns, sem vínfræðilegu vinnsluaðferðinni, sem um getur í lið 11.1 í töflu 2 í A. hluta I. viðauka við þessa reglugerð, hefur verið beitt á, og þrúgumusts eða víns sem þeirri aðferð hefur ekki verið beitt á, er bönnuð.

9. gr.

Nákvæmar skilgreiningar fyrir hreinleika og auðkenni efna sem notuð eru við vínfræðilegar vinnsluaðferðir

1. Nákvæmar skilgreiningar fyrir hreinleika og auðkenni efna, sem notuð eru við vínfræðilegar vinnsluaðferðir sem um getur í f-lið 3. mgr. 75. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, skulu vera þær sem um getur í 4. dálki í töflu 2 í A-hluta I. viðauka við þessa reglugerð ef ekki er mælt fyrir um þær í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 ([5]).

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 frá 9. mars 2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 (Stjtíð ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1).

2. Ensím og ensímblöndur sem eru notuð í leyfilegum vínfræðilegum vinnsluaðferðum og -ferlum sem talin eru upp í A-hluta I. viðauka skulu uppfylla kröfurnar í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1332/2008 ([6]).

10. gr.

Skilyrði sem gilda um geymslu, dreifingu og notkun afurða sem samrýmast hvorki 80. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 né þessari reglugerð

1. Afurðir, sem um getur í fyrstu undirgrein 2. mgr. 80. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, skulu ekki settar á markað og skal þeim fargað. Aðildarríki geta þó, við tilteknar aðstæður, heimilað að sumar þessara afurða séu nýttar í eimingarstöðvum eða edikverksmiðjum eða í iðnaði og skulu þau ákvarða einkenni þeirra.

2. Framleiðendum eða kaupmönnum er óheimilt að hafa slíkar afurðir undir höndum án lögmætrar ástæðu og þær má aðeins flytja til eimingarstöðva, ediksverksmiðja eða starfsstöðva þar sem þær eru notaðar í iðnaði eða í iðnaðarvörur, eða til eyðingarstöðva.

3. Aðildarríkin geta látið bæta mengandi efnum eða litvísum í vín sem um getur í 1. mgr. til að auðveldara sé að þekkja þau. Í rökstuddum tilvikum geta þau einnig bannað notkunina, sem kveðið er á um í 1. mgr., og látið farga afurðunum.

4. Heimilt er að bjóða eða afhenda vín, framleidd fyrir 1. ágúst 2009, til beinnar neyslu að því tilskildu að slíkt samræmist reglum Sambandsins eða landsreglum sem eru í gildi fyrir þann dag.

11. gr.

Almennar reglur sem gilda um auðgun, sýringu og afsýringu á afurðum öðrum en víni

Leyfilegu vinnsluferlin sem um getur í 1. lið D-þáttar I. hluta VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 verða að fara fram í einni aðgerð. Aðildarríkjunum er þó heimilt að leyfa að einhver þessara vinnsluferla fari fram í fleiri en einni aðgerð ef það bætir vínframleiðslu viðkomandi afurðar. Í slíkum tilvikum gilda mörkin sem mælt er fyrir um í VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 um viðkomandi aðgerð í heild.

12. gr.

Vín eða þrúgumusti hellt yfir dreggjar eða þrúguhrat eða pressað aszú- eða výbermauk

Þegar vín eða þrúgumusti er hellt yfir dreggjar eða þrúguhrat eða pressað aszú- eða výbermauk, eins og kveðið er á um í 2. lið D-þáttar II. hluta VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, skal það gert á eftirfarandi hátt, í samræmi við ákvæði landslaga sem voru í gildi 1. maí 2004:

a) framleiða skal „Tokaji fordítás“ eða „Tokajský fordítáš“ með því að hella musti eða víni yfir pressað aszú- eða výbermauk,

b) framleiða skal „Tokaji máslás“ eða „Tokajský mášláš“ með því að hella musti eða víni yfir szamorodni- eða samorodné- eða aszú- eða výberdreggjar.

Afurðirnar sem um er að ræða verða að vera frá sama uppskeruári.

13. gr.

Lágmarkshlutfall alkóhóls í aukaafurðum fastsett

1. Með fyrirvara um 1. lið D-þáttar II. hluta VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 skulu aðildarríkin fastsetja lágmarkshlutfall alkóhólmagns, sem verður að vera í aukaafurðinni þegar búið er að skilja hana frá víninu, með tilliti til alkóhólmagnsins sem er í víninu sem framleitt er. Aðildarríkin geta breytt þessu lágmarkshlutfalli á grundvelli viðmiðana sem eru hlutlægar og án mismununar

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1332/2008 frá 16. desember 2008 um ensím í matvælum og um breytingu á tilskipun ráðsins 83/417/EBE, reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999, tilskipun 2000/13/EB, tilskipun ráðsins 2001/112/EB og reglugerð (EB) nr. 258/97 (Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 7).

2. Ef viðeigandi hlutfall, sem aðildarríkin fastsetja skv. 1. mgr., næst ekki skal viðkomandi rekstraraðili afhenda vín úr eigin framleiðslu sem samsvarar því magni sem þarf til að ná lágmarkshlutfallinu.

3. Í þeim tilgangi að ákvarða áfengismagnið í aukaafurðunum með tilliti til áfengismagnsins sem er í víninu sem er framleitt skal staðlaður styrkur náttúrulegs alkóhóls í víni, miðað við rúmmál, sem á að nota á mismunandi vínræktarsvæðum, vera:

a) 8,0% á svæði A,

b) 8,5% á svæði B,

c) 9,0% á svæði C I,

d) 9,5% á svæði C II,

e) 10,0% á svæði C III.

14. gr.

Ráðstöfun aukaafurða

1. Framleiðendur skulu innkalla aukaafurðir vínframleiðslu eða allrar annarrar vinnslu á þrúgum undir eftirliti lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna, með fyrirvara um kröfurnar um afhendingu og skráningu sem mælt er fyrir um í 9. gr. (b-lið 1. mgr.) framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/273 ([7]) og í 14. gr. (vii. lið b-liðar 1. mgr.) og 18. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/274 ([8]), eftir því sem við á.

2. Innköllunin skal framkvæmd án tafar og eigi síðar en í lok vínársins þegar aukaafurðirnar fengust, í samræmi við gildandi löggjöf Sambandsins, einkum að því er varðar umhverfisvernd.

3. Aðildarríkin geta ákveðið að framleiðendur sem framleiða, sjálfir og á eigin athafnasvæði, mest 50 hektólítra af víni eða musti á viðkomandi vínári, þurfi ekki að innkalla aukaafurðir sínar.

4. Framleiðendum er heimilt að uppfylla skylduna um ráðstöfun allra aukaafurða vínframleiðslunnar eða hluta þeirra eða um aðra vinnslu á þrúgum með því að afhenda aukaafurðirnar til eimingar. Lögbært yfirvald hlutaðeigandi aðildarríkis skal votta slíka ráðstöfun aukaafurða.

5. Aðildarríkin geta ákveðið að afhending allra aukaafurða vínframleiðslunnar eða hluta þeirra eða annarrar vinnslu á þrúgum til eimingar verði gerð skyldubundin fyrir alla framleiðendur eða tiltekna framleiðendur á yfirráðasvæði þeirra á grundvelli viðmiðana sem eru hlutlægar og án mismununar.

15. gr.

Umbreytingarfyrirkomulag

Afhenda má til manneldis birgðir vínræktarafurða sem voru framleiddar fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir þann dag.

16. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (EB) nr. 606/2009 er felld úr gildi.

([7]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/273 frá 11. desember 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar fyrirkomulag við veitingu leyfa til plöntunar á vínvið, skrána yfir vínekrur, fylgiskjöl og vottun, innfærslu- og útfærsluskrána, lögboðnar yfirlýsingar, tilkynningar og birtingu tilkynntra upplýsinga og um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1306/2013 að því er varðar viðeigandi eftirlit og viðurlög, um breytingu á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 555/2008, (EB) nr. 606/2009 og (EB) nr. 607/2009 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 436/2009 og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/560 (Stjtíð. ESB L 58, 28.2.2018, bls. 1).

([8]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/274 frá 11. desember 2017 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar fyrirkomulag við veitingu leyfa til plöntunar á vínvið, vottun, innfærslu- og útfærsluskrána, lögboðnar yfirlýsingar og tilkynningar og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1306/2013 að því er varðar viðeigandi eftirlit og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/561 (Stjtíð. ESB L 58, 28.2.2018, bls. 60).

17. gr.

Gildistaka

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Hún kemur til framkvæmda frá og með 7. desember 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. mars 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

I. VIÐAUKI

A-HLUTI

LEYFILEGAR VÍNFRÆÐILEGAR VINNSLUAÐFERÐIR

TAFLA 1: LEYFILEG VÍNFRÆÐILEG VINNSLUFERLI SEM UM GETUR Í 1. MGR. 3. GR.

	1	2
	Vínfræðileg vinnsluferli	Skilyrði fyrir og takmarkanir á notkun ([1])
1	Loftun eða súrefnismettun	Einungis með loftkenndu súrefni.
2	Hitameðhöndlun	Með fyrirvara um þau skilyrði sem sett eru fram í skrám 1.8 (1970), 2.4.4 (1988), 3.4.3 (1988) og 3.4.3.1 (1990) í reglum Alþjóðavínstofnunarinnar um vínfræðilegar vinnsluaðferðir.
3	Skiljun í skilvindu og síun, með eða án óvirks síunarhjálparefnis	Notkun óvirks síunarhjálparefnis má ekki skilja eftir óæskilegar leifar í meðhöndluðu afurðinni.
4	Sköpun óvirkra aðstæðna	Einungis til að meðhöndla afurðina án þess að hún komist í snertingu við loft.
5	Fjarlæging brennisteinsdíoxíðs með eðlisrænum aðferðum	Einungis með nýjum þrúgum, þrúgumusti, hlutgerjuðu þrúgumusti, hlutgerjuðu þrúgumusti úr léttþurrkuðum þrúgum, þrúgumustsþykkni, hreinsuðu þrúgumustsþykkni eða nýju víni sem er enn í gerjun.
6	Jónaskiptaresín	Einungis með þrúgumusti sem er ætlað til framleiðslu á hreinsuðu þrúgumustsþykkni. Með fyrirvara um þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 3. viðbæti.
7	Loftbólun	Einungis með argoni eða köfnunarefni.
8	Fleyting	Einungis með köfnunarefni eða koltvísýringi eða með loftun. Með fyrirvara um þau skilyrði sem eru sett fram í skrá 2.1.14 (1999).
9	Skífur úr hreinu paraffíni, gegnd-reyptar með allýlísóþíósýanati.	Einungis til að skapa dauðhreinsaðar aðstæður. Er einungis heimil á Ítalíu svo fremi að hún samræmist löggjöf landsins og einungis í ílátum sem rúma meira en 20 lítra. Notkun á allýlísóþíósýanati er með fyrirvara um skilyrðin og takmarkanirnar í töflu 2 varðandi leyfileg vínfræðileg efnasambönd.
10	Meðferð með rafskiljun	Einungis til að tryggja stöðugun vínsins með tilliti til vínsýrumagns. Einungis fyrir hlutgerjað must til beinnar neyslu og afurðirnar sem eru skilgreindar í 1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 15. og 16. lið II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013. Með fyrirvara um þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 5. viðbæti við þennan viðauka.

	1	2
	Vínfræðileg vinnsluferli	Skilyrði fyrir og takmarkanir á notkun (1)
11	Eikarbitar	Notkun við vínframleiðslu og þroskun, þ.m.t. við gerjun ferskra þrúgna og þrúgumusts. Með fyrirvara um þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 7. viðbæti.
12	Leiðrétting á alkóhólinnihaldi víns	Leiðrétting sem er einungis gerð með víni. Með fyrirvara um þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 8. viðbæti.
13	Plúsjónaskipti til stöðgunar með tilliti til vínsýrumagns	Einungis til stöðgunar á hlutgerjuðu musti til beinnar neyslu, með tilliti til vínsýrumagns, og afurðunum sem eru skilgreindar í 1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 15. og 16. lið II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013. Með fyrirvara um þau skilyrði sem mælt er fyrir um í skrá 3.3.3 (2011) í reglum Alþjóðavínstofnunarinnar um vínfræðilegar vinnsluaðferðir. Verður einnig að samræmast reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 (2) og landsbundnum ákvæðum um framkvæmd hennar. Meðferðin skal skráð í skránni sem um getur í 2. mgr. 147. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.
14	Rafhimnumeðhöndlun	Einungis til sýringar eða afsýringar. Með fyrirvara um skilyrðin og takmarkanirnar sem mælt er fyrir um í C- og D-þætti I. hluta VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 og 11. gr. þessarar reglugerðar. Verður að samræmast reglugerð (EB) nr. 1935/2004 og reglugerð (ESB) nr. 10/2011 (3) og landsbundnum ákvæðum sem samþykkt eru til framkvæmdar þeirra. Með fyrirvara um þau skilyrði sem sett eru fram í skrám 2.1.3.1.3 (2010), 2.1.3.2.4 (2012), 3.1.1.4 (2010), 3.1.2.3 (2012) í reglum Alþjóðavínstofnunarinnar um vínfræðilegar vinnsluaðferðir. Meðferðin skal skráð í skránni sem um getur í 2. mgr. 147. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.
15	Plúsjónaskipti til sýringar	Með fyrirvara um skilyrðin og takmarkanirnar sem mælt er fyrir um í C- og D-þætti I. hluta VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 og 11. gr. þessarar reglugerðar. Verður að samræmast reglugerð (EB) nr. 1935/2004 og landsbundnum ákvæðum sem samþykkt eru til framkvæmdar hennar. Með fyrirvara um þau skilyrði sem sett eru fram í skrám 2.1.3.1.4 (2012) og 3.1.1.5 (2012) í reglum Alþjóðavínstofnunarinnar um vínfræðilegar vinnsluaðferðir. Meðferðin skal skráð í skránni sem um getur í 2. mgr. 147. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.
16	Himnutengingar	Einungis til að minnka sykurinnihald í musti eins og er skilgreint í 10. lið II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013. Með fyrirvara um þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 9. viðbæti.
17	Himnusnertlar (e. *membrane contractors*)	Einungis til að meðhöndla uppleystar lofttegundir í víni. Einungis fyrir afurðirnar sem eru skilgreindar í 1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 15. og 16. lið II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013. Bannað er að bæta koltvísýringi í þær afurðir sem eru skilgreindar í 4., 5., 6., og 8. lið II. hluta þess viðauka. Verður að samræmast reglugerð (EB) nr. 1935/2004 og reglugerð (EB) nr. 10/2011 og landsbundnum ákvæðum sem samþykkt eru til framkvæmdar þeirra. Með fyrirvara um þau skilyrði sem mælt er fyrir um í skrá 3.5.17 (2013) í reglum Alþjóðavínstofnunarinnar um vínfræðilegar vinnsluaðferðir.
18	Himnutækni ásamt virku kolefni	Einungis til að draga úr umframmagni 4-etýlfenóls og 4-etýlgvæjakóls í víni. Með fyrirvara um þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 10. viðbæti.

	1	2
	Vínfræðileg vinnsluferli	Skilyrði fyrir og takmarkanir á notkun (1)
19	Síuplötur sem innihalda seólítið Y-faujasít	Einungis til að ásoga halóanísól. Með fyrirvara um þau skilyrði sem mælt er fyrir um í skrá 3.2.15 (2016) í reglum Alþjóðavínstofnunarinnar um vínfræðilegar vinnsluaðferðir.

(1) Ártalið í svigunum á eftir tilvísunum í skrá í reglum Alþjóðavínstofnunarinnar um vínfræðilegar vinnsluaðferðir gefur til kynna hvaða útgáfu skrárinnar Sambandið hefur heimilað sem leyfilega vínfræðilega vinnsluaðferð, með fyrirvara um þau skilyrði og þær takmarkanir sem sett eru fram í þessari töflu.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 um efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli og niðurfellingu á tilskipunum 80/590/EBE og 89/109/EBE (Stjtíð. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 4).

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 10/2011 frá 14. janúar 2011 um efnivið og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli (Stjtíð ESB L 12, 15.1.2011, bls. 1).

TAFLA 2: LEYFILEG VÍNFRÆÐILEG EFNASAMBÖND SEM UM GETUR Í 1. MGR. 3. GR.

	1	2	3	4	5	6	7	8
	Efni/Virkni	E-númer og/eða CAS-númer	Reglur Alþjóðavínstofnunarinnar um vínfræðilegar vinnsluaðferðir (1)	Tilvísun í skrá í reglum Alþjóðavínstofnunarinnar sem um getur í 1. mgr. 9. gr.	Aukefni	Hjálparefni við vinnslu/efni sem er notað sem hjálparefni við vinnslu (2)	Skilyrði fyrir og takmarkanir á notkun (3)	Flokkar vínræktarafurða (4)
1	Sýrustillar							
1.1	Vínsýra (L(+)-)	E 334/CAS-nr. 87-69-4	Skrá 2.1.3.1.1 (2001), 3.1.1.1 (2001)	COEI-1-LTARAC	x		Skilyrði og takmarkanir sem mælt er fyrir um í C- og D-þætti I. hluta VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 og 11. gr. þessarar reglugerðar. Nákvæmar skilgreiningar fyrir vínsýru (L(+)-) sem mælt er fyrir um í 2. lið 1. viðbætis við þennan viðauka.	1., 2., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.
1.2	Eplasýra (D,L-; L-)	E 296/-	Skrá 2.1.3.1.1 (2001), 3.1.1.1 (2001)	COEI-1-ACIMAL	x			1., 2., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.
1.3	Mjólkursýra	E 270/-	Skrá 2.1.3.1.1 (2001), 3.1.1.1 (2001)	COEI-1-ACILAC	x			1., 2., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.
1.4	Kalíum-L(+)-tartrat	E 336(ii)/CAS-nr. 921-53-9	Skrá 2.1.3.2.2 (1979), 3.1.2.2 (1979)	COEI-1-POTTAR		x		1., 2., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.

	1	2	3	4	5	6	7	8
	Efni/Virkni	E-númer og/eða CAS-númer	Reglur Alþjóðavínstofnunarinnar um vínfræðilegar vinnsluaðferðir (1)	Tilvísun í skrá í reglum Alþjóðavínstofnunarinnar sem um getur í 1. mgr. 9. gr.	Aukefni	Hjálparefni við vinnslu/efni sem er notað sem hjálparefni við vinnslu (2)	Skilyrði fyrir og takmarkanir á notkun (3)	Flokkar vínræktarafurða (4)
1.5	Kalíumbíkarbónat	E 501(ii)/CAS-nr. 298-14-6	Skrá 2.1.3.2.2 (1979), 3.1.2.2 (1979)	COEI-1-POTBIC		x		1., 2., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.
1.6	Kalsíumkarbónat	E 170/CAS-nr. 471-34-1	Skrá 2.1.3.2.2 (1979), 3.1.2.2 (1979)	COEI-1-CALCAR		x		1., 2., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.
1.7	Kalsíumtartrat	E 354/-	Skrá 3.3.12 (1997)	COEI-1-CALTAR		x		1., 2., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 15. og 16.
1.8	Kalsíumsúlfat	E 516/-	Skrá 2.1.3.1.1.1 (2017)		x		Skilyrði og takmarkanir sem mælt er fyrir um í b-lið 2. liðar A-þáttar III. viðauka. Hámarksnotkunar-magn: 2 g/l.	(3)
1.9	Kalíumkarbónat	E 501(i)	Skrá 2.1.3.2.5 (2017); 3.1.2.2 (1979)			x		1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.
2	Rotvarnarefni og þráavarnarefni							
2.1	Brennisteinsdíoxíð	E 220/CAS-nr. 7446-09-5	Skrá 1.12 (2004); 2.1.2 (1987); 3.4.4 (2003)	COEI-1-SOUDIO	x		Gildi, (þ.e. hámarksmagn í afurðinni sem sett er á markað) eins og mælt er fyrir um í B-þætti I. viðauka.	1., 2., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.
2.2	Kalíumbísúlfít	E 228/CAS-nr. 7773-03-7	Skrá 2.1.2 (1987)	COEI-1-POTBIS	x			1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.
2.3	Kalíummetabísúlfít	E 224/CAS-nr. 16731-55-8	Skrá 1.12 (2004); 3.4.4 (2003),	COEI-1-POTANH	x			1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.

	1	2	3	4	5	6	7	8
	Efni/Virkni	E-númer og/eða CAS-númer	Reglur Alþjóðavínstofnunarinnar um vínfræðilegar vinnsluaðferðir (1)	Tilvísun í skrá í reglum Alþjóðavínstofnunarinnar sem um getur í 1. mgr. 9. gr.	Aukefni	Hjálparefni við vinnslu/efni sem er notað sem hjálparefni við vinnslu (2)	Skilyrði fyrir og takmarkanir á notkun (3)	Flokkar vínræktarafurða (4)
2.4	Kalíumsorbat	E 202	Skrá 3.4.5 (1988)	COEI-1-POTSOR	x			1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 15. og 16.
2.5	Lýsósím	E 1105	Skrá 2.2.6 (1997); 3.4.12 (1997)	COEI-1-LYSOZY	x	x		1., 2., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.
2.6	L-askorbínsýra	E 300	Skrá 1.11 (2001); 2.2.7 (2001); 3.4.7 (2001)	COEI-1-ASCACI	x		Hámarksinnihald í víni sem er meðhöndlað á þennan hátt og sett á markað: 250 mg/l. Mest 250 mg/l fyrir hverja meðhöndlun.	Ferskar þrúgur, 1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.
2.7	Dímetýldíkarbónat (DMDC)	E242/CAS-nr. 4525-33-1	Skrá 3.4.13 (2001)	COEI-1-DICDIM	x		Meðhöndlunin skal skráð í skránni sem um getur í 2. mgr. 147. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.	hlutgerjað must til beinnar neyslu, 1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 15. og 16.
3	Tengiefni							
3.1	Vínfræðileg viðarkol		Skrá 2.1.9 (2002); 3.5.9 (1970)	COEI-1-CHARBO		x		Hvítvín, 2., 10. og 14.
3.2	Valkvæðar plöntutrefjar		Skrá 3.4.20 (2017)	COEI-1-FIBVEG		x		1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 15. og 16.
4	Hvatar fyrir alkóhólgerjun og gerjun eplasýru í mjólkursýru							
4.1	Örkristallaður sellulósi	E 460(i)/CAS-nr. 9004-34-6	Skrá 2.3.2 (2005), 3.4.21 (2015)	COEI-1-CELMIC		x	Verður að samræmast nákvæmu skilgreiningunum sem mælt er fyrir um í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012.	Ferskar þrúgur, 2., 4., 5., 6., 7., 10., 11. og 12.

	1	2	3	4	5	6	7	8
	Efni/Virkni	E-númer og/eða CAS-númer	Reglur Alþjóðavínstofnunarinnar um vínfræðilegar vinnsluaðferðir (1)	Tilvísun í skrá í reglum Alþjóðavínstofnunarinnar sem um getur í 1. mgr. 9. gr.	Aukefni	Hjálparefni við vinnslu/efni sem er notað sem hjálparefni við vinnslu (2)	Skilyrði fyrir og takmarkanir á notkun (3)	Flokkar vínræktarafurða (4)
4.2	Díammóníumhýdrógenfosfat	E 342/CAS-nr. 7783-28-0	Skrá 4.1.7 (1995)	COEI-1-PHODIA		x	Einungis til alkóhólgerjunar. Ekki meira en 1 g/l (gefið upp sem sölt) (5) eða 0,3 g/l fyrir eftirgerjun freyðivína.	Ferskar þrúgur, 2., 10., 11., 12., 13., seinni alkóhólgerjun á 4., 5., 6. og 7.
4.3	Ammóníumsúlfat	E 517/CAS-nr. 7783-20-2	Skrá 4.1.7 (1995)	COEI-1AMMSUL		x		
4.4	Ammóníumbísúlfít	-/CAS-nr. 10192-30-0		COEI_1-AMMHYD		x	Einungis til alkóhólgerjunar. Ekki meira en 0,2g/l (gefið upp sem sölt) og upp að mörkunum sem sett eru í liðum 2.1 til 2.3.	Ferskar þrúgur, 2., 10., 11., 12., og 13.
4.5	Þíamínvetnisklóríð	-/CAS-nr. 67-03-8	Skrá 2.3.3 (1976); 4.1.7 (1995)	COEI-1-THIAMIN		x	Einungis til alkóhólgerjunar.	Ferskar þrúgur, 2., 10., 11., 12., 13., seinni alkóhólgerjun á 4., 5., 6. og 7.
4.6	Sjálfrofin gerefni	-/-	Skrá 2.3.2 (2005); 3.4.21 (2015)	COEI-1-AUTLYS		x (2)		Ferskar þrúgur, 2., 10., 11., 12., og 13.
4.7	Frumuveggir gersveppa	-/-	Skrá 2.3.4 (1988); 3.4.21 (2015)	COEI-1-YEHULL		x (2)		Ferskar þrúgur, 1., 2. 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.
4.8	Óvirkjaðir gersveppir	-/-	Skrá 2.3.2 (2005); 3.4.21 (2015)	COEI-1-INAYEA		x (2)		Ferskar þrúgur, 1., 2. 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.
4.9	Óvirkjaðir gersveppir með tryggðu magni af glútaþíóni	-/-	Skrá 2.2.9 (2017)	COEI-1-LEVGLU		x (2)	Einungis til alkóhólgerjunar.	Ferskar þrúgur, 1., 2. 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.

	1	2	3	4	5	6	7	8
	Efni/Virkni	E-númer og/eða CAS-númer	Reglur Alþjóðavínstofnunarinnar um vínfræðilegar vinnsluaðferðir (1)	Tilvísun í skrá í reglum Alþjóðavínstofnunarinnar sem um getur í 1. mgr. 9. gr.	Aukefni	Hjálparefni við vinnslu/efni sem er notað sem hjálparefni við vinnslu (2)	Skilyrði fyrir og takmarkanir á notkun (3)	Flokkar vínræktarafurða (4)
5	Fellingarefni							
5.1	Ætt gelatín	-/CAS-nr. 9000-70-8	Skrá 2.1.6 (1997); 3.2.1 (2011)	COEI-1-GELATI		x (2)		1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.
5.2	Hveitiprótín		Skrá 2.1.17 (2004); 3.2.7 (2004)	COEI-1-PROVEG		x (2)		1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.
5.3	Ertuprótín		Skrá 2.1.17 (2004); 3.2.7 (2004)	COEI-1-PROVEG		x (2)		1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.
5.4	Kartöfluprótín		Skrá 2.1.17 (2004); 3.2.7 (2004)	COEI-1-PROVEG		x (2)		1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.
5.5	Fiskilím		Skrá 3.2.1 (2011)	COEI-1-COLPOI		x		1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 15. og 16.
5.6	Kasein	-/CAS-nr. 9005-43-0	Skrá 2.1.16 (2004)	COEI-1-CASEIN		x (2)		1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.
5.7	Kalíumkaseinöt	-/CAS-nr. 68131-54-4	Skrá 2.1.15 (2004); 3.2.1 (2011)	COEI-1-POTCAS		x (2)		1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.
5.8	Eggjahvíta	-/CAS-nr. 9006-59-1	Skrá 3.2.1 (2011)	COEI-1-OEUALB		x (2)		1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 15. og 16.

	1	2	3	4	5	6	7	8
	Efni/Virkni	E-númer og/eða CAS-númer	Reglur Alþjóðavínstofnunarinnar um vínfræðilegar vinnsluaðferðir (1)	Tilvísun í skrá í reglum Alþjóðavínstofnunarinnar sem um getur í 1. mgr. 9. gr.	Aukefni	Hjálparefni við vinnslu/efni sem er notað sem hjálparefni við vinnslu (2)	Skilyrði fyrir og takmarkanir á notkun (3)	Flokkar vínræktarafurða (4)
5.9	Bentónít	E 558/-	Skrá 2.1.8 (1970); 3.3.5 (1970)	COEI-1-BENTON		x		1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.
5.10	Kísildíoxíð (hlaup eða kvoðulausn)	E 551/-	Skrá 2.1.10 (1991); 3.2.1 (2011); 3.2.4 (1991)	COEI-1-DIOSIL		x		1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.
5.11	Kaólín	-/CAS-nr. 1332-58-7	Skrá 3.2.1 (2011)	COEI-1-KAOLIN		x		1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 15. og 16.
5.12	Tannín		Skrá 2.1.7 (1970); 2.1.17 (2004); 3.2.6 (1970); 3.2.7 (2004); 4.1.8 (1981); 4.3.2 (1981)	COEI-1-TANINS		x		1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 15. og 16.
5.13	Kítósan sem er fengið úr *Aspergillus niger*	-/CAS-nr. 9012-76-4	Skrá 2.1.22 (2009); 3.2.1 (2011); 3.2.12 (2009); 3.2.1 (2009)	COEI-1-CHITOS		x		1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.
5.14	Kítínglúkan sem er fengið úr *Aspergillus niger*	Kítín: CAS-nr. 1398-61-4; Glúkan: CAS-nr. 9041-22-9.	Skrá 2.1.23 (2009); 3.2.1 (2011); 3.2.13 (2009); 3.2.1 (2009)	COEI-1-CHITGL		x		1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.
5.15	Gerprótínkjarnar	-/-	Skrá 2.1.24 (2011); 3.2.14 (2011); 3.2.1 (2011)	COEI-1-EPLEV		x		1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.
5.16	Pólývínýlpólýpýr-rólídón	E 1202/CAS-nr. 25249-54-1	Skrá 3.4.9 (1987)	COEI-1-PVPP		x		1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 15. og 16.

	1	2	3	4	5	6	7	8
	Efni/Virkni	E-númer og/eða CAS-númer	Reglur Alþjóðavínstofnunarinnar um vínfræðilegar vinnsluaðferðir (1)	Tilvísun í skrá í reglum Alþjóðavínstofnunarinnar sem um getur í 1. mgr. 9. gr.	Aukefni	Hjálparefni við vinnslu/efni sem er notað sem hjálparefni við vinnslu (2)	Skilyrði fyrir og takmarkanir á notkun (3)	Flokkar vínræktarafurða (4)
5.17	Kalsíumalgínat	E 404/CAS-nr. 9005-35-0	Skrá 4.1.8 (1981)	COEI-1-ALGIAC		x	Einungis til framleiðslu á öllum flokkum freyðivína og hálf-freyðandi vína sem fást með gerjun í flösku og dreggjarnar eru skildar frá með útskotsaðferð.	4., 5., 6., 7., 8. og 9.
5.18	Kalíumalgínat	E 402/CAS-nr. 9005-36-1	Skrá 4.1.8 (1981)	COEI-1-POTALG		x	Einungis til framleiðslu á öllum flokkum freyðivína og hálf-freyðandi vína sem fást með gerjun í flösku og dreggjarnar eru skildar frá með útskotsaðferð.	4., 5., 6., 7., 8. og 9.
6	Stöðgarar							
6.1	Kalíumvetnistartrat	E336(i)/CAS-nr. 868-14-4	Skrá 3.3.4 (2004)	COEI-1-POTBIT		x	Einungis til að örva útfellingu vínsalta.	hlutgerjað must til beinnar neyslu, 1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 15. og 16.
6.2	Kalsíumtartrat	E354/-	Skrá 3.3.12 (1997)	COEI-1-CALTAR		x		hlutgerjað must til beinnar neyslu, 1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 15. og 16.
6.3	Sítrónusýra	E 330	Skrá 3.3.8 (1970); 3.3.1 (1970)	COEI-1-CITACI	x		Hámarksinnihald í víni sem er meðhöndlað á þennan hátt og sett á markað: 1 g/l	hlutgerjað must til beinnar neyslu, 1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 15. og 16.

	1	2	3	4	5	6	7	8
	Efni/Virkni	E-númer og/eða CAS-númer	Reglur Alþjóðavínstofnunarinnar um vínfræðilegar vinnsluaðferðir (1)	Tilvísun í skrá í reglum Alþjóðavínstofnunarinnar sem um getur í 1. mgr. 9. gr.	Aukefni	Hjálparefni við vinnslu/efni sem er notað sem hjálparefni við vinnslu (2)	Skilyrði fyrir og takmarkanir á notkun (3)	Flokkar vínræktarafurða (4)
6.4	Tannín	-/-	3.3.1 (1970);	COEI-1-TANINS				hlutgerjað must til beinnar neyslu, 1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 15. og 16.
6.5	Kalíumferrósýaníð	E 536/-	Skrá 3.3.1 (1970)	COEI-1-POTFER		x	Með fyrirvara um þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 4. viðbæti við þennan viðauka.	hlutgerjað must til beinnar neyslu, 1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 15. og 16.
6.6	Kalsíumfýtat	-/CAS-nr. 3615-82-5	Skrá 3.3.1 (1970)	COEI-1-CALPHY		x	Fyrir rauðvín, ekki meira en 8 g/hl Með fyrirvara um þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 4. viðbæti við þennan viðauka.	hlutgerjað must til beinnar neyslu, 1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 15. og 16.
6.7	Metavínsýra	E 353/-	Skrá 3.3.7 (1970)	COEI-1-METACI	x			hlutgerjað must til beinnar neyslu, 1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 15. og 16.
6.8	Arabískt gúmmí	E 414/CAS-nr. 9000-01-5	Skrá 3.3.6 (1972)	COEI-1-GOMARA	x		Eftir þörfum	hlutgerjað must til beinnar neyslu, 1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 15. og 16.

	1	2	3	4	5	6	7	8
	Efni/Virkni	E-númer og/eða CAS-númer	Reglur Alþjóðavínstofnunarinnar um vínfræðilegar vinnsluaðferðir (1)	Tilvísun í skrá í reglum Alþjóðavínstofnunarinnar sem um getur í 1. mgr. 9. gr.	Aukefni	Hjálparefni við vinnslu/efni sem er notað sem hjálparefni við vinnslu (2)	Skilyrði fyrir og takmarkanir á notkun (3)	Flokkar vínræktarafurða (4)
6.9	Vínsýra D, L- eða hlutlaust kalíumsalt hennar	-/CAS-nr. 133-37-9	Skrá 2.1.21 (2008); 3.4.15 (2008)	COEI-1-DLTART		x	Einungis til að fella út umfram-magn kalks. Með fyrirvara um þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 4. viðbæti við þennan viðauka.	hlutgerjað must til beinnar neyslu, 1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 15. og 16.
6.10	Mannóprótín úr geri	-/-	Skrá 3.3.13 (2005)	COEI-1-MANPRO	x			hlutgerjað must til beinnar neyslu, 1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 15. og 16.
6.11	Karboxýmetýl-sellulósi	E466/-	Skrá 3.3.14 (2008)	COEI-1-CMC	x		Einungis til að tryggja stöðgun með tilliti til vínsýrumagns.	Hvítvín, 4., 5., 6., 7., 8., 9.
6.12	Pólývínýlimídasól-/pólývínýlpýrrólídón samfjölliður (PVI/PVP)	-/CAS-nr. 87865-40-5	Skrá 2.1.20 (2014); 3.4.14 (2014)	COEI-1-PVIPVP		x	Meðhöndlunin skal skráð í skránni sem um getur í 2. mgr. 147. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.	1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.
6.13	Kalíumfjölaspartat	E 456/CAS-nr. 64723-18-8	Skrá 3.3.15 (2016)	COEI-1-POTASP	x		Einungis sem framlag til stöðgunar með tilliti til vínsýrumagns.	1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 15. og 16.
7	Ensím (6)							
7.1	Úreasi	EC 3.5.1.5	Skrá 3.4.11 (1995)	COEI-1-UREASE		x	Einungis til að draga úr styrk þvagefnis í víni. Með fyrirvara um þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 6. viðbæti við þennan viðauka.	hlutgerjað must til beinnar neyslu, 1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 15. og 16.

	1	2	3	4	5	6	7	8
	Efni/Virkni	E-númer og/eða CAS-númer	Reglur Alþjóðavínstofnunarinnar um vínfræðilegar vinnsluaðferðir (1)	Tilvísun í skrá í reglum Alþjóðavínstofnunarinnar sem um getur í 1. mgr. 9. gr.	Aukefni	Hjálparefni við vinnslu/efni sem er notað sem hjálparefni við vinnslu (2)	Skilyrði fyrir og takmarkanir á notkun (3)	Flokkar vínræktarafurða (4)
7.2	Pektínlýasar	EC 4.2.2.10	Skrá 2.1.4 (2013); 2.1.18 (2013); 3.2.8 (2013); 3.2.11 (2013)	COEI-1-ACTPLY		x	Einungis í vínfræðilegum tilgangi við lögn í bleyti, fellingu, stöðgun, síun og til að leiða í ljós arómatíska forvera úr þrúgum.	1., 2., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.
7.3	Pektínmetýlesterasi	EC 3.1.1.11	Skrá 2.1.4 (2013); 2.1.18 (2013); 3.2.8 (2013); 3.2.11 (2013)	COEI-1-ACTPME		x	Einungis í vínfræðilegum tilgangi við lögn í bleyti, fellingu, stöðgun, síun og til að leiða í ljós arómatíska forvera úr þrúgum.	1., 2., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.
7.4	Pólýgalaktúrónasi	EC 3.2.1.15	Skrá 2.1.4 (2013); 2.1.18 (2013); 3.2.8 (2013); 3.2.11 (2013)	COEI-1-ACTPGA		x	Einungis í vínfræðilegum tilgangi við lögn í bleyti, fellingu, stöðgun, síun og til að leiða í ljós arómatíska forvera úr þrúgum.	1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.
7.5	Hemisellulasi	EC 3.2.1.78	Skrá 2.1.4 (2013); 2.1.18 (2013); 3.2.8 (2013); 3.2.11 (2013)	COEI-1-ACTGHE		x	Einungis í vínfræðilegum tilgangi við lögn í bleyti, fellingu, stöðgun, síun og til að leiða í ljós arómatíska forvera úr þrúgum.	1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.
7.6	Sellulasi	EC 3.2.1.4	Skrá 2.1.4 (2013); 2.1.18 (2013); 3.2.8 (2013); 3.2.11 (2013)	COEI-1-ACTCEL		x	Einungis í vínfræðilegum tilgangi við lögn í bleyti, fellingu, stöðgun, síun og til að leiða í ljós arómatíska forvera úr þrúgum.	1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.

	1	2	3	4	5	6	7	8
	Efni/Virkni	E-númer og/eða CAS-númer	Reglur Alþjóðavínstofnunarinnar um vínfræðilegar vinnsluaðferðir (1)	Tilvísun í skrá í reglum Alþjóðavínstofnunarinnar sem um getur í 1. mgr. 9. gr.	Aukefni	Hjálparefni við vinnslu/efni sem er notað sem hjálparefni við vinnslu (2)	Skilyrði fyrir og takmarkanir á notkun (3)	Flokkar vínræktarafurða (4)
7.7	Betaglúkanasi	EC 3.2.1.58	Skrá 3.2.10 (2004)	COEI-1-BGLUCA		x	Einungis í vínfræðilegum tilgangi við lögn í bleyti, fellingu, stöðgun, síun og til að leiða í ljós arómatíska forvera úr þrúgum.	1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.
7.8	Glýkósíðasi	EC 3.2.1.20	Skrá 2.1.19 (2013); 3.2.9 (2013)	COEI-1-GLYCOS		x	Einungis í vínfræðilegum tilgangi við lögn í bleyti, fellingu, stöðgun, síun og til að leiða í ljós arómatíska forvera úr þrúgum.	1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.
8	Lofttegundir og loftskiptar (7)							
8.1	Argon	E 938/CAS-nr. 7440-37-1	Skrá 2.2.5 (1970); 3.2.3 (2002)	COEI-1-ARGON	x (7)	x		1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.
8.2	Köfnunarefni	E 941/CAS-nr. 7727-37-9	Skrá 2.1.14 (1999);2.2.5 (1970); 3.2.3 (2002)	COEI-1-AZOTE	x (7)	x		1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.
8.3	Koltvísýringur	E 290/CAS-nr. 124-38-9	Skrá 1.7 (1970); 2.1.14 (1999); 2.2.3 (1970); 2.2.5 (1970); 2.3.9 (2005); 4.1.10 (2002)	COEI-1-DIOCAR	x (7)	x	Ef um er að ræða vín sem freyðir ekki skal hámarksinnihald koltvísýrings í víninu, sem þannig er meðhöndlað og sett á markað, vera 3 g/l en umframþrýstingur af völdum koltvísýringsins skal vera undir 1 bari við hitastigið 20 °C	hlutgerjað must til beinnar neyslu, 1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.

	1	2	3	4	5	6	7	8
	Efni/Virkni	E-númer og/eða CAS-númer	Reglur Alþjóðavínstofnunarinnar um vínfræðilegar vinnsluaðferðir (1)	Tilvísun í skrá í reglum Alþjóðavínstofnunarinnar sem um getur í 1. mgr. 9. gr.	Aukefni	Hjálparefni við vinnslu/efni sem er notað sem hjálparefni við vinnslu (2)	Skilyrði fyrir og takmarkanir á notkun (3)	Flokkar vínræktarafurða (4)
8.4	Loftkennt súrefni	E 948/CAS-nr. 17778-80-2	Skrá 2.1.1 (2016); 3.5.5 (2016)	COEI-1-OXYGEN		x		1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.
9	Gerjunarvaldar							
9.1	Vínger til vínframleiðslu	-/-	Skrá 2.3.1 (2016); 4.1.8 (1981)	COEI-1-LESEAC		x (2)		Ferskar þrúgur, 2., 10., 11., 12., 13., seinni alkóhólgerjun á 4., 5., 6. og 7.
9.2	Mjólkursýrugerlar	-/-	Skrá 3.1.2 (1979); 3.1.2.3 (1980)	COEI-1-BALACT		x (2)		1., 2., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 15. og 16.
10	Úrbætur á göllum							
10.1	Fimmvatnað kúprísúlfat	-/CAS-nr. 7758-99-8	Skrá 3.5.8 (1989)	COEI-1-CUISUL		x	Ekki meira en 1 g/hl, að því tilskildu að koparinnihald afurðarinnar sem þannig er meðhöndluð fari ekki yfir 1 mg/hl, að undanskildum líkjörvínum sem eru löguð úr fersku, ógerjuðu eða lítillega gerjuðu þrúgumusti, en í þeim má koparinnihald ekki fara yfir 2 mg/l.	hlutgerjað must til beinnar neyslu, 1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 15. og 16.
10.2	Koparsítrat	-/CAS-nr. 866-82-0	Skrá 3.5.2014 (2008)	COEI-1-CUICIT		x	Ekki meira en 1 g/hl, að því tilskildu að koparinnihald afurðarinnar sem þannig er meðhöndluð fari ekki yfir 1 mg/hl, að undanskildum líkjörvínum sem eru löguð úr fersku, ógerjuðu eða lítillega gerjuðu þrúgumusti, en í þeim má koparinnihald ekki fara yfir 2 mg/l.	hlutgerjað must til beinnar neyslu, 1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 15. og 16.

	1	2	3	4	5	6	7	8
	Efni/Virkni	E-númer og/eða CAS-númer	Reglur Alþjóðavínstofnunarinnar um vínfræðilegar vinnsluaðferðir (1)	Tilvísun í skrá í reglum Alþjóðavínstofnunarinnar sem um getur í 1. mgr. 9. gr.	Aukefni	Hjálparefni við vinnslu/efni sem er notað sem hjálparefni við vinnslu (2)	Skilyrði fyrir og takmarkanir á notkun (3)	Flokkar vínræktarafurða (4)
10.3	Kítósan sem er fengið úr *Aspergillus niger*	-/CAS-nr. 9012-76-4	Skrá 3.4.2016 (2009)	COEI-1-CHITOS		x		1., 2., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.
10.4	Kítínglúkan sem er fengið úr *Aspergillus niger*	Kítín: CAS-nr. 1398-61-4; Glúkan: CAS-nr. 9041-22-9.	Skrá 3.4.17 (2009)	COEI-1-CHITGL		x		1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.
10.5	Óvirkjaðir gersveppir	-/-		COEI-1-INAYEA		x (2)		1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.
11	Aðrar vinnsluaðferðir							
11.1	Resín úr aleppófuru	-/-			x		Með fyrirvara um þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 2. viðbæti við þennan viðauka.	2., 10., 11.
11.2	Ferskar dreggjar	-/-				x (2)	Einungis í þurr vín. Ferskar dreggjar eru heilnæmar og óþynntar og innihalda ger úr nýlegri vínframleiðslu á þurru víni. Í magni sem ekki er umfram 5% af magni afurðanna sem eru meðhöndlaðar.	1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 15. og 16.
11.3	Karamellubrúnn	E 150 a-d/-	Skrá 4.3 (2007)	COEI-1-CARAMEL	x		Til að styrkja litinn eins og er skilgreint í 2. lið I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.	(3)

	1	2	3	4	5	6	7	8
	Efni/Virkni	E-númer og/eða CAS-númer	Reglur Alþjóðavínstofnunarinnar um vínfræðilegar vinnsluaðferðir (1)	Tilvísun í skrá í reglum Alþjóðavínstofnunarinnar sem um getur í 1. mgr. 9. gr.	Aukefni	Hjálparefni við vinnslu/efni sem er notað sem hjálparefni við vinnslu (2)	Skilyrði fyrir og takmarkanir á notkun (3)	Flokkar vínræktarafurða (4)
11.4	Allýlísóþíósýanat	-/57-06-7				x	Einungis til að gegndreypa skífur úr hreinu paraffíni. Sjá töflu 1. Leifar af allýlísóþíósýanati mega ekki vera fyrir hendi í víninu.	Einungis í hlutgerjað must til beinnar neyslu og í vín.
11.5	Óvirkjaðir gersveppir	-/-		COEI-1-INAYEA		x (2)		1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.

(1) Ártalið í svigunum á eftir tilvísunum í skrá í reglum Alþjóðavínstofnunarinnar um vínfræðilegar vinnsluaðferðir gefur til kynna hvaða útgáfu skrárinnar Sambandið hefur heimilað sem leyfilega vínfræðilega vinnsluaðferð, með fyrirvara um þau skilyrði og þær takmarkanir sem sett eru fram í þessari töflu.

(2) Efni sem eru notuð sem hjálparefni við vinnslu eins og um getur í d-lið 20 gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 og (EB) nr. 1925/2006 og um niðurfellingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/250/EBE, tilskipun ráðsins 90/496/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/10/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2002/67/EB og 2008/5/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 608/2004 (Stjtíð. ESB L 304, 22.11.2011, bls. 18).

(3) Nota skal leyfilegu vínfræðilegu efnasamböndin í samræmi við ákvæðin í skránum í reglum Alþjóðavínstofnunarinnar sem um getur í 3. dálki, nema frekari skilyrði fyrir þeim og takmarkanir á notkun þeirra, sem mælt er fyrir um í þessum dálki, gildi.

(4) Ef það nær ekki til allra flokka vínafurða sem mælt er fyrir um í II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013.

(5) Einnig má nota ammóníumsöltin sem um getur í línum 4.2, 4.3 og 4.4 í samsetningum, upp að 1g/l eða 0,3 g/l heildarmörkunum, fyrir eftirgerjun freyðivíns. Þó má ammóníumsaltið sem um getur í línu 4.4 ekki fara yfir þau mörk sem um getur í línu 4.4.

(6) Sjá einnig 2. mgr. 9. gr. þessarar reglugerðar.

(7) Þegar þau eru notuð sem aukefni eins og um getur í 20. lið I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum (Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16).

1. viðbætir

Vínsýra (L(+)-) og afleiddar afurðir

1. Vínsýru, en kveðið er á um notkun hennar til afsýringar í lið 1.1 í töflu 2 í þessum viðauka, má einungis má nota í afurðir sem:

   eru úr þrúgum af vínviðaryrkjunum Elbling og Riesling og

   eru fengnar úr þrúgum sem eru ræktaðar í eftirfarandi vínræktarhéruðum í norðurhluta vínræktarsvæðis A:

   — Ahr,

   — Rheingau,

   — Mittelrhein,

   — Mosel,

   — Nahe,

   — Rheinhessen,

   — Pfalz,

   — Moselle luxembourgeoise.

2. Vínsýra, en kveðið er á um notkun hennar í lið 1.1 í töflu 2. í þessum viðauka, sem einnig er kölluð vínsýra (L(+)-), verður að vera upprunnin úr landbúnaði og sérstaklega dregin úr vínafurðum. Hún skal einnig vera í samræmi við hreinleikaskilyrðin sem mælt er fyrir um í reglugerð nr. 231/2012.

3. Eftirfarandi afleiddar afurðir úr vínsýru (L(+)-), en kveðið er á um notkun hennar í eftirfarandi línum í töflu 2 í þessum viðbæti, verða að vera upprunnar úr landbúnaði:

   — kalsíumtartrat (1.7)

   — kalíumtartrat (1.4)

   — kalíumvetnistartrat (6.1)

   — metavínsýra (6.7).

———

2. viðbætir

Resín úr aleppófuru

1. Resín úr aleppófuru, en kveðið er á um notkun þess í lið 11.1 í töflu 2 í þessum viðauka, má einungis nota við framleiðslu á „retsina“-vínum. Þessi vínfræðilega vinnsluaðferð má aðeins fara fram:

   a) á landfræðilegu yfirráðasvæði Grikklands,

   b) með þrúgumusti úr þrúgum af þeim yrkjum og frá þeim framleiðslusvæðum og víngerðarsvæðum sem eru tilgreind í gríska landsákvæðum sem voru í gildi 31. desember 1980,

   c) með því að bæta við að hámarki 1000 grömmum af resíni í hvern hektólítra af afurðinni, sem notuð er, fyrir gerjun, eða á meðan gerjun stendur yfir ef raunverulegur alkóhólstyrkleiki miðað við rúmmál fer ekki yfir einn þriðja af heildaralkóhólstyrkleika miðað við rúmmál.

2. Grikkland skal tilkynna framkvæmdastjórninni um það fyrir fram ef það hyggst breyta ákvæðunum sem um getur í b-lið 1. liðar. Sú tilkynning skal gerð í samræmi við framselda reglugerð (ESB) nr. 2017/1183. Svari framkvæmdastjórnin ekki innan tveggja mánaða frá því að slík tilkynning berst er Grikklandi heimilt að framkvæma áformaðar breytingar.

———

3. viðbætir

Jónaskiptaresín

Jónaskiptaresínin, sem heimilt er að nota í samræmi við 6. lið í töflu 1 í þessum viðauka, eru stýren- og dívínylbensen-samfjölliður sem innihalda súlfónsýru eða ammóníumhópa. Þau verða að samræmast kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1935/2004 og ákvæðum Sambandsins og landsbundnum ákvæðum um framkvæmd hennar. Enn fremur mega þau, við prófun með greiningaraðferðinni sem mælt er fyrir um í þriðja lið þessa viðbætis, ekki tapa meira en 1 mg/l af lífrænu efni í neinn af leysunum sem taldir eru upp. Þau verður að endurgera með efnum sem eru leyfð til notkunar í matvælavinnslu.

Þessi resín má aðeins nota undir eftirliti vínfræðings eða tæknimanns og í mannvirkjum sem eru samþykkt af yfirvöldum í því aðildarríki þar sem þau eru notuð. Yfirvöld skulu mæla fyrir um skyldur og ábyrgð viðurkenndra vínfræðinga og tæknimanna.

Greiningaraðferð til að ákvarða tap á lífrænu efni úr jónaskiptaresínum:

1. GILDISSVIÐ OG NOTKUNARSVIÐ

   Með aðferðinni er ákvarðað tap á lífrænu efni úr jónaskiptaresíni.

2. SKILGREINING

   Tap á lífrænu efni úr jónaskiptaresínum. Tapið er ákvarðað með aðferðinni sem er lýst hér á eftir.

3. MEGINREGLA

   Útdráttarleysar eru látnir fara gegnum tilbúin resín og þyngd lífræna efnisins, sem dregið er út, er ákvörðuð með þyngdarmælingu.

4. PRÓFEFNI

   Öll prófefni skulu vera af greiningarhreinleika.

   Útdráttarleysar.

4.1. Eimað vatn eða afjónað vatn af sambærilegum hreinleika.

4.2. Etanól, 15% rúmmálshlutfall. Tilreiðið með því að blanda 15 hluta af hreinu etanóli með 85 hlutum vatns (liður 4.1).

4.3. Ediksýra, 5%, massahlutfall. Tilreiðið með því að blanda 5 hluta af ísediki með 95 hlutum vatns (liður 4.1).

5. BÚNAÐUR

5.1. Jónagreiningarsúlur.

5.2. Mæliglös, rúmmál 2 l.

5.3. Uppgufunarskálar sem verða að þola 850 ºC í glæðiofni.

5.4. Hitaskápur, stilltur með hitastilli á 105 ± 2 ºC.

5.5. Glæðiofn, stilltur með hitastilli á 850 ± 25 ºC.

5.6. Fínvog, með 0,1 mg nákvæmni.

5.7. Eimir, hitaplata eða eimir með innrauðum geislum.

6. AÐFERÐ

6.1. Í hverja af þremur aðskildum jónagreiningarsúlum (liður 5.1) er hellt 50 ml af jónaskiptaresíni til prófunar, eftir að það hefur verið skolað og meðhöndlað í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda um tilreiðslu á resínum sem nota á í tengslum við matvæli.

6.2. Ef resínin eru mínusjónaresín eru útdráttarleysarnir þrír (liðir 4.1, 4.2 og 4.3) látnir fara hver fyrir sig gegnum súlurnar, sem búið er að undirbúa (liður 6.1), með streyminu 350 til 450 ml/klst. Fyrsta lítra skolvökvans frá hverri súlu er hent og næstu tveimur lítrum safnað í mæliglös (liður 5.2). Ef resínin eru plúsjónaresín eru einungis leysarnir sem um getur í liðum 4.1 og 4.2 látnir fara gegnum súlurnar sem búið er að undirbúa í þessum tilgangi.

6.3. Skolvökvarnir þrír eru eimaðir yfir hitaplötu eða með eimi með innrauðum geislum (liður 5.7) í aðskildum uppgufunarskálum (liður 5.3) sem búið er að hreinsa og vigta (m0). Skálarnar eru settar í ofn (liður 5.4) og þurrkaðar þar til stöðugri þyngd er náð (m1).

6.4. Eftir að stöðug þyngd hefur verið skráð (liður 6.3) skal setja uppgufunarskálina í glæðiofninn (liður 5.5) og aska innihaldið þar til stöðugri þyngd er náð (m2).

6.5. Magn lífræna efnisins, sem er dregið út (liður 7.1), er reiknað. Ef innihaldið er yfir 1 mg/l skal framkvæma blankprófun á prófefnunum og endurreikna þyngd lífræns efnis sem er dregið út.

Blankprófunin er gerð með því að endurtaka aðgerðirnar, sem um getur í lið 6.3 og 6.4, en með tveimur lítrum af útdráttarleysinum, til að finna þyngdirnar m3 og m4 í liðum 6.3 og 6.4, í þeirri röð.

7. FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

7.1. Formúla og útreikningar niðurstaðna

Lífræna efnið, sem er dregið út úr jónaskiptaresíninu, í mg/l, má finna á eftirfarandi hátt:

$$500\ (m1 - m2)$$

þar sem m1 og m2 eru gefin upp í grömmum.

Leiðrétt þyngd (mg/l) af lífrænu efni sem er dregið út úr jónaskiptaresíninu er fundið á eftirfarandi hátt:

$$500\ (m1 - m2 - m3 + m4)$$

þar sem m1, m2, m3 og m4 eru gefin upp í grömmum.

7.2. Mismunur á niðurstöðum úr tveimur samhliða ákvörðunum á sama sýninu má ekki vera meiri en 0,2 mg/l.

———

4. viðbætir

Kalíumferrósýaníð

Kalsíumfýtat

DL-vínsýra

Kalíumferrósýaníð eða kalsíumfýtat, en kveðið er á um notkun þess í liðum 6.5 og 6.6 í töflu 2 í þessum viðauka, eða DL-vínsýru, en kveðið er á um notkun hennar í lið 6.9 í 2 töflu í þessum viðauka, má einungis nota undir eftirliti vínfræðings eða tæknimanns, sem yfirvöld aðildarríkisins, þar sem vinnslan fer fram, hafa samþykkt og hlutaðeigandi aðildarríki skal, ef nauðsyn krefur, fastsetja ábyrgðarsvið hans.

Vínið verður að innihalda snefil af járni eftir meðhöndlun með kalíumferrósýaníði eða kalsíumfýtati.

Eftirlit með notkun afurðar, sem um getur í fyrstu málsgrein, skal heyra undir ákvæði sem aðildarríkin hafa samþykkt.

———

5. viðbætir

Kröfur varðandi meðferð með rafskiljun

Markmiðið er að ná fram stöðugleika í víninu með tilliti til kalíumvetnistartrats og kalsíumtartrats (og annarra kalsíumsalta) með því að fjarlægja umframjónir úr víninu við rafsvið og með notkun mínusjónagegndræpra eða plúsjónagegndræpra himna.

1. KRÖFUR SEM GILDA UM HIMNURNAR

1.1. Himnunum skal raðað á víxl í kerfi af gerð sem kallast „síupressa“ eða annað hentugt kerfi sem skilur að meðhöndlaða vökvann (vínið) og úrgangsvatnið.

1.2. Plúsjónagegndræpu himnurnar skulu aðeins hleypa plúsjónum í gegn, einkum K+ og Ca++.

1.3. Mínusjónagegndræpu himnurnar skulu aðeins hleypa mínusjónum í gegn, einkum mínushlöðnum tartratjónum.

1.4. Himnurnar skulu ekki valda verulegum breytingum á eðlis- og efnafræðilegri samsetningu vínsins eða skynrænum eiginleikum þess. Þær skulu standast eftirtaldar kröfur:

— þær skulu framleiddar í samræmi við góða framleiðsluhætti úr efnum sem eru leyfð til framleiðslu plastefna, sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli, eins og er tilgreint í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011,

— notandi rafskiljubúnaðarins skal sýna fram á að þær himnur, sem eru notaðar, standist framangreindar kröfur og að sérhæft starfsfólk hafi annast himnuskiptin,

— þær skulu ekki gefa frá sér efni í svo ríkum mæli að heilsu manna geti stafað hætta af eða það hafi áhrif á bragð eða lykt matvælanna og þær skulu samræmast þeim viðmiðunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 10/2011,

— notkun þeirra má ekki hrinda af stað víxlverkun milli efnanna sem í þeim eru og efna í víninu, sem gæti leitt til þess að í afurðinni, sem verið er að meðhöndla, mynduðust ný og hugsanlega eitruð efnasambönd.

Stöðugleiki ónotaðra rafskiljunarhimna er prófaður með hermi, sem líkir eftir eðlis- og efnafræðilegum eiginleikum vínsins svo að unnt sé að rannsaka hugsanlegt flæði tiltekinna efna frá þeim.

Mælt er með eftirfarandi tilraunaaðferð:

Hermirinn er lausn vatns og alkóhóls sem er jöfnuð að pH-stigi og leiðni vínsins. Samsetning hans er sem hér segir:

— hreint etanól: 11 l,

— kalíumvetnistartrat: 380 g,

— kalíumklóríð: 60 g,

— óþynnt brennisteinssýra: 5 ml,

— eimað vatn: fyllt að 100 lítrum,

Þessi lausn er notuð við flæðiprófanir í lokuðu kerfi með rafskiljunarstæðu við spennu (1 volt á sellu), miðað við 50 l/m² af mínusjóna- og plúsjónahimnu, uns steinefnamagn í lausninni hefur rýrnað um 50%. Skolvökvahringrásin er sett af stað með 5 g/l kalíumklóríðlausn. Flæðiefni eru mæld bæði í herminum og skolvökvanum.

Þær lífrænu sameindir, sem verða hluti af efnisþáttum himnunnar og líklegar eru til að flæða í lausnina sem aðferðinni er beitt á, eru ákvarðaðar. Ákvarða skal sérstaklega sérhvern efnisþátt á viðurkenndri rannsóknarstofu. Hámarksmagn allra ákvarðaðra samsetningarefna í herminum skal samanlagt vera innan við 50 µg/l.

Almennu reglurnar um eftirlit með efnum, sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli, gilda um þessar himnur.

2. KRÖFUR SEM GILDA UM NOTKUN HIMNANNA

Samsetning himnuparsins skal vera þannig að eftirtalin skilyrði séu uppfyllt:

— sýrustig vínsins skal ekki lækka um meira en sem nemur 0,3 pH-einingum,

— rýrnun rokgjarnrar sýru skal vera minni en sem nemur 0,12 g/l (2 meq, gefið upp sem ediksýra),

— meðhöndlunin skal ekki hafa áhrif á ójónaða efnisþætti vínsins, sérstaklega ekki á fjölfenól og fjölsykrur,

— takmarka skal flæði smárra sameinda á borð við etanól og það má ekki valda því að alkóhólstyrkur minnki meira en sem nemur 0,1%, miðað við rúmmál,

— himnurnar skulu geymdar og hreinsaðar með viðurkenndum aðferðum með efnum sem eru viðurkennd til notkunar við tilreiðslu matvæla,

— himnurnar skulu merktar þannig að alltaf megi sannreyna röðun þeirra í stæðunni,

— tækjakosturinn, sem notaður er, skal vera búinn stjórn- og eftirlitsbúnaði sem gerir kleift að taka tillit til óstöðugleika hvers einstaks víns svo að unnt sé að fjarlægja eingöngu umframmagn kalíumvetnistartrats og kalsíumsalta,

— vínfræðingur eða sérhæfður tæknimaður skal hafa umsjón með meðhöndluninni.

Gera skal grein fyrir meðhöndluninni í skránni sem um getur í 2. mgr. 147. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

———

6. viðbætir

Kröfur varðandi úreasa

1. Alþjóðlegt númer úreasa: EC 3-5-1-5, CAS-nr.: 9002-13-5.
2. Virkni: úreasi (virkur í súru umhverfi) brýtur niður þvagefni í ammoníak og koltvísýring. Virknin er a.m.k. 5 einingar/mg, en ein eining er skilgreind sem það magn sem losar 1 µmól af ammoníaki á mínútu við 37 °C úr 5 g/l af þvagefni við pH-gildið 4.
3. Uppruni: *Lactobacillus fermentum*.
4. Notkunarsvið: niðurbrot þvagefnis í víni sem ætlað er til langrar þroskunar ef upprunalegur styrkur þvagefnis er meiri en 1 mg/l.
5. Hámarksskammtur: 75 mg af ensímblöndu í lítra af víni sem meðhöndlað er, þó mest 375 einingar af úreasa í lítra af víni. Að meðhöndlun lokinni verður að útiloka alla eftirstandandi ensímvirkni með því að sía vínið (opstærð < 1 µm).
6. Nákvæm skilgreining fyrir efna- og örverufræðilegan hreinleika:

Efnistap við þurrkun	Innan við 10%
Þungmálmar	Innan við 30 milljónarhlutar
Pb	Innan við 10 milljónarhlutar
As	Innan við 2 milljónarhlutar
Heildarfjöldi kólígerla	Greinist ekki
Salmonella spp	Greinist ekki í 25 g sýni
Fjöldi örvera við loftháð skilyrði	Innan við 5×10^4 frumur/g

Úreasi, sem leyfður er til meðhöndlunar á víni, verður að vera búinn til við svipaðar aðstæður og úreasinn sem fjallað er um í áliti vísindanefndarinnar um matvæli frá 10. desember 1998 um notkun á úreasa úr *Lactobacillus fermentum* í vínframleiðslu.

———

7. viðbætir

Kröfur varðandi eikarbita

TILGANGUR, UPPRUNI OG NOTKUNARSVIÐ

Eikarbitar eru notaðir við vínframleiðslu og þroskun, þ.m.t. við gerjun ferskra þrúgna og þrúgumusts, í því skyni að vín fái tiltekna eiginleika eikarinnar.

Eikarbitarnir mega eingöngu koma af trjám af ættkvíslinni *Quercus.*

Þeir mega vera eins og þeir koma fyrir eða hafa verið hitaðir við lágt, miðlungs- eða hátt hitastig en mega hvorki hafa brunnið, þ.m.t. yfirborðsbruni, né vera kolefniskenndir eða auðmyljanlegir við snertingu. Þeir mega ekki hafa verið unnir með efnafræðilegri aðferð, ensímvinnslu eða eðlisrænni aðferð annarri en hitun. Ekki má bæta neinni afurð við í því skyni að auka náttúrulegt bragð þeirra eða magn útdraganlegra fenólsambanda.

MERKING

Á merkimiða verður að geta um uppruna grasafræðilegrar tegundar eikarinnar, hversu mikil hugsanleg hitun var, geymsluskilyrði og varúðarráðstafanir.

STÆRÐARMÁL

Stærðarmál viðaragnanna verður að vera þannig að a.m.k. 95% af þyngd þeirra verði eftir í síu með 2 mm möskvum (möskvastærð 9).

HREINLEIKI

Eikarbitarnir mega ekki gefa frá sér efni í styrk sem getur verið skaðlegur fyrir heilbrigði.

Gera skal grein fyrir meðhöndluninni í skránni sem um getur í 2. mgr. 147. gr. reglugerðar ESB nr. 1308/2013.

———

8. viðbætir

Kröfur varðandi meðhöndlun til að leiðrétta alkóhólinnihald víns

Markmiðið með meðhöndlun til að leiðrétta alkóhólinnihald víns (meðhöndlunin) er að draga úr umframmagni etanóls í víni til að bæta bragðjafnvægi.

Kröfur:

1) Markmiðunum má ná með einni aðskiljunartækni eða fleiri sem beitt er aðskilið eða saman.

2) Vínin sem eru meðhöndluð mega ekki vera með skynmatsgalla og verða að henta til beinnar neyslu.

3) Ekki má fjarlægja allan vínanda úr víni ef einhverri af aðgerðunum til auðgunar, sem mælt er fyrir um í I. hluta VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, var beitt að því er varðar eina af vínafurðunum sem notaðar voru til að framleiða umrætt vín.

4) Skerða má alkóhólstyrkleika um allt að 20% og heildaralkóhólstyrkleiki lokaafurðarinnar miðað við rúmmál verður að vera í samræmi við skilgreininguna í a-lið annarrar málsgreinar 1. liðar II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013.

5) Vínfræðingur eða sérhæfður tæknimaður skal hafa umsjón með meðhöndluninni.

6) Meðhöndlunin skal tilgreind í skránni sem um getur í 2. mgr. 147. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

7) Aðildarríkin geta krafist þess að lögbærum yfirvöldum sé tilkynnt fyrir fram um þessa meðhöndlun.

———

9. viðbætir

Kröfur varðandi meðhöndlun til að draga úr sykurinnihaldi musts með himnutengingu

Markmiðið með meðhöndlun til að draga úr sykurinnihaldi (meðhöndlunin) er að fjarlægja sykur úr musti með himnutengingu sem tengir smásíun (e. *microfiltration*) eða örsíun (e. *ultrafiltration*) við nanósíun eða himnusíun.

Kröfur:

1) Meðhöndlunin framkallar minnkun á rúmmáli sem ræðst af sykurinnihaldinu í sykurlausninni sem er fjarlægð úr upphaflega mustinu.

2) Í ferlinu verður innihald efnisþátta í mustinu, annarra en sykurs, að haldast óbreytt.

3) Minnkun á sykurinnihaldi musts útilokar leiðréttingu á alkóhólinnihaldi vína sem eru fengin úr því.

4) Ekki skal nota meðhöndlunina samhliða einhverri af auðgunaraðgerðunum sem kveðið er á um í I. hluta VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013.

5) Meðhöndlunin er gerð á magni musts sem er ákvarðað sem hlutfall af því markmiði um minnkun sykurinnihalds sem sóst er eftir.

6) Markmiðið með fyrsta stiginu er að gera mustið tilbúið fyrir annað stig þykkingar og til að varðveita þær stórsameindir sem of stórar til að komast gegnum himnuna. Þetta stig má fara fram með örsíun.

7) Síuvökvinn sem fæst á fyrsta stigi meðhöndlunarinnar er síðan þykktur með nanósíun eða himnusíun.

   Blanda má upprunalega vatninu og lífrænu sýrunum sem skiljast frá, einkum við nanósíunina, aftur saman við meðhöndlaða mustið.

8) Vínfræðingur eða sérhæfður tæknimaður skal hafa umsjón með meðhöndluninni.

9) Himnurnar, sem eru notaðar, skulu vera í samræmi við kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1935/2004 og reglugerð (ESB) nr. 10/2011 og landsbundin ákvæði sem samþykkt eru til framkvæmdar þeirra. Þær skulu vera í samræmi við kröfurnar í Alþjóðlegu vínfræðilegu skránni sem Alþjóðavínstofnunin gefur út.

———

10. viðbætir

Kröfur varðandi meðhöndlun á vínum með notkun á himnutækni ásamt virku kolefni til að draga úr umframmagni 4-etýlfenóls og 4-etýlgvæjakóls

Markmið meðhöndlunarinnar er að draga úr innihaldi 4-etýlfenóls og 4-etýlgvæjakóls af örverufræðilegum uppruna sem veldur skynmatsgöllum og felur ilm vínsins.

Kröfur:

1) Vínfræðingur eða sérhæfður tæknimaður skal hafa umsjón með meðhöndluninni.

2) Meðhöndlunin skal tilgreind í skránni sem um getur í 2. mgr. 147. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

3) Himnurnar, sem eru notaðar, skulu vera í samræmi við kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1935/2004 og reglugerð (ESB) nr. 10/2011 og landsbundin ákvæði sem samþykkt eru til framkvæmdar þeirra. Þær skulu vera í samræmi við kröfurnar í Alþjóðlegu vínfræðilegu skránni sem Alþjóðavínstofnunin gefur út.

———

B-HLUTI

HÁMARKSINNIHALD BRENNISTEINSDÍOXÍÐS Í VÍNI

A. INNIHALD BRENNISTEINSDÍOXÍÐS Í VÍNI

1. Heildarinnihald brennisteinsdíoxíðs í vínum, öðrum en freyðivínum og líkjörvínum, má ekki, þegar þau eru sett á markað til beinnar neyslu, vera meira en:

   a) 150 milligrömm á lítra í rauðvínum,

   b) 200 milligrömm á lítra í hvítvínum og rósavínum.

2. Þrátt fyrir a- og b-lið 1. liðar skal auka hámarksinnihald brennisteinsdíoxíðs, að því er varðar vín sem innihalda a.m.k. fimm grömm af sykri á lítra, gefið upp sem summa glúkósa og frúktósa, í:

   a) 200 milligrömm á lítra í rauðvínum,

   b) 250 milligrömm á lítra í hvítvínum og rósavínum,

   c) 300 milligrömm á lítra í:

   — vínum sem mega bera lýsinguna „Spätlese“ í samræmi við ákvæði Sambandsins,

   — hvítvínum sem mega bera eina af eftirfarandi vernduðum upprunatáknunum: Bordeaux supérieur, Graves de Vayres, Côtes de Bordeaux-Saint-Macaire fyrir svokölluð „moelleux“ vín, Premières Côtes de Bordeaux, Côtes de Bergerac, Côtes de Montravel, Gaillac og þar á eftir orðin „doux“ eða „vendanges tardives“, Rosette og Savennières,

   — hvítvínum sem mega bera vernduðu upprunatáknanirnar Allela, Navarra, Penedès, Tarragona og Valencia og vínum sem mega bera vernduðu upprunatáknunina frá Comunidad Autónoma del País Vasco og er lýst sem „vendimia tardia“,

   — sætum vínum sem mega bera vernduðu upprunatáknunina „Binissalem-Mallorca“,

   — vínum framleiddum úr ofþroskuðum þrúgum og úr léttþurrkuðum þrúgum sem mega bera vernduðu upprunatáknunina „Málaga“ með sykurleifar sem eru 45 g/l eða meira,

   — vínum sem eru upprunnin í Bretlandi og framleidd í samræmi við löggjöf Bretlands ef sykurinnihaldið er meira en 45 g/l,

   — vínum frá Ungverjalandi sem eru með vernduðu upprunatáknunina „Tokaji“ og er lýst, í samræmi við ungversk ákvæði, sem „Tokaji édes szamorodni“ eða „Tokaji szàraz szamorodni“,

   — vínum sem mega bera eina af eftirfarandi vernduðum upprunatáknunum: Loazzolo, Alto Adige og Trentino sem er lýst með heitunum eða öðru hvoru heitinu: „passito“ eða „vendemmia tardiva“,

   — vínum sem mega bera vernduðu upprunatáknunina: „Colli orientali del Friuli“ ásamt heitinu „Picolit“,

   — vínum sem mega bera vernduðu upprunatáknanirnar „Moscato di Pantelleria naturale“ og „Moscato di Pantelleria“,

   — vínum frá Tékklandi sem mega bera lýsinguna „pozdní sběr“,

   — vínum frá Slóvakíu sem mega bera verndaða upprunatáknun og er lýst með heitinu „neskorý zber“ og slóvakísk „Tokaj“-vín sem mega bera vernduðu upprunatáknunina „Tokajské samorodné suché“ eða „Tokajské samorodné sladké“,

   — vínum frá Slóveníu sem mega bera verndaða upprunatáknun og er lýst með heitinu „vrhunsko vino ZGP — pozna trgatev“,

   — hvítvínum með eftirfarandi vernduðum, landfræðilegum merkingum, með meiri heildaralkóhólstyrkleika en 15% miðað við rúmmál og meira sykurinnihald en 45 g/l:

      — Franche-Comté,

      — Coteaux de l'Auxois,

- — Saône-et-Loire,
- — Coteaux de l'Ardèche,
- — Collines rhodaniennes,
- — Comté Tolosan,
- — Côtes de Gascogne,
- — Gers,
- — Lot,
- — Côtes du Tarn,
- — Corrèze,
- — Ile de Beauté,
- — Oc,
- — Thau,
- — Val de Loire,
- — Méditerranée,
- — Comtés rhodaniens,
- — Côtes de Thongue,
- — Côte Vermeille,
- — Agenais,
- — Landes,
- — Allobrogie,
- — Var,

— sætum vínum, sem eru upprunnin í Grikklandi, með raunverulegan alkóhólstyrkleika sem er 15% eða meira miðað við rúmmál og sykurinnihald sem er 45 g/l eða meira og mega bera eina af eftirfarandi vernduðum, landfræðilegum merkingum:

- — Άγιο Όρος (Mount Athos — Holy Mount Athos — Holy Mountain Athos — Mont Athos — Άγιο Όρος Άθως),
- — Αργολίδα (Argolida),
- — Αχαΐα (Achaia),
- — Επανομή (Epanomi),
- — Κυκλάδες (Cyclades),
- — Λακωνία (Lakonia),
- — Πιερία (Pieria),
- — Τύρναβος (Tyrnavos),
- — Φλώρινα (Florina),

— sætum vínum sem eru upprunnin á Kýpur, með raunverulegan alkóhólstyrkleika sem er 15% eða minni miðað við rúmmál og sykurinnihald sem er 45 g/l eða meira og mega bera vernduðu upprunatáknunina Κουμανδαρία (Commandaria),

— sætum vínum sem eru upprunnin á Kýpur og eru framleidd úr ofþroskuðum þrúgum eða úr léttþurrkuðum þrúgum með heildaralkóhólstyrkleika sem er 15% eða meira miðað við rúmmál og sykurinnihald sem er 45 g/l eða meira og mega bera eina af eftirfarandi vernduðum, landfræðilegum merkingum:

- — Τοπικός Οίνος Λεμεσός (svæðisbundið vín frá Lemesos),
- — Τοπικός Οίνος Πάφος (svæðisbundið vín frá Pafos),

— Τοπικός Οίνος Λάρνακα (svæðisbundið vín frá Larnaka),

— Τοπικός Οίνος Λευκωσία (svæðisbundið vín frá Lefkosia),

— vínum sem eru upprunnin á Möltu, með heildaralkóhólstyrkleika sem er 13,5% eða meiri miðað við rúmmál og sykurinnihald sem er 45 g/l eða meira og mega bera vernduðu upprunatáknanirnar „Malta“ og „Gozo“,“

— vínum frá Króatíu sem mega bera verndaða upprunatáknun og er lýst með orðunum „kvalitetno vino KZP — desertno vino“ eða „vrhunsko vino KZP — desertno vino“ þegar sykurinnihaldið er meira en 50 g/l, eða „vrhunsko vino KZP — kasna berba“,

— vín úr léttþurrkuðum þrúgum með vernduðu upprunatáknunina „Ponikve“, þegar sykurinnihaldið er meira en 50 g/l,

— vín með vernduðu upprunatáknunina „Muškat momjanski/Moscato di Momiano“ og er lýst með orðunum „kvalitetno vino KZP — desertno vino“ eða „vrhunsko vino KZP — desertno vino“ þegar sykurinnihaldið er meira en 50 g/l,

d) 350 milligrömm á lítra í:

— vínum sem mega bera lýsinguna „Auslese“ í samræmi við ákvæði Sambandsins,

— rúmenskum hvítvínum sem mega bera eitt af eftirfarandi vernduðum upprunatáknunum: Murfatlar, Cotnari, Târnave, Pietroasa, Valea Călugărească,

— vínum frá Tékklandi sem mega bera lýsinguna „výběr z hroznů“,

— vínum frá Slóvakíu sem mega bera verndaða upprunatáknun og er lýst með heitinu „výber z hrozna“ og slóvakískum „Tokaj“-vínum sem mega bera vernduðu upprunatáknunina „Tokajský másláš“ eða „Tokajský forditáš“,

— vínum frá Slóveníu sem mega bera verndaða upprunatáknun og er lýst með heitinu „vrhunsko vino ZGP — izbor“,

— vínum sem mega bera hefðbundna orðalagið „Késői szüretelésű bor“,

— vínum frá Ítalíu af tegundinni „aleatico“ sem mega bera vernduðu upprunatáknunina „Pergola“ og hefðbundna orðalagið „passito“,

— vínum frá Króatíu sem mega bera verndaða upprunatáknun og er lýst með orðunum „vrhunsko vino KZP — izborna berba“,

— vínum frá Ungverjalandi sem mega bera verndaða upprunatáknun og er lýst, í samræmi við ungversk ákvæði, sem „Válogatott szüretelésű bor“ eða „Főbor“,

e) 400 milligrömm á lítra í:

— vínum sem mega bera lýsinguna „Beerenauslese“, „Ausbruch“, „Ausbruchwein“, „Trockenbeerenauslese“, „Strohwein“, „Schilfwein“ og „Eiswein“ í samræmi við ákvæði Sambandsins,

— hvítvínum sem mega bera eina af eftirfarandi vernduðum upprunatáknunum: Sauternes, Barsac, Cadillac, Cérons, Loupiac, Sainte-Croix-du-Mont, Monbazillac, Bonnezeaux, Quarts de Chaume, Coteaux du Layon, Coteaux de l’Aubance, Graves Supérieures, Sainte-Foy Bordeaux, Saussignac og Jurançon nema heitið „sec“ fylgi á eftir, Anjou-Coteaux de la Loire, Coteaux du Layon ásamt heiti upprunasveitarfélagsins, Chaume, Coteaux de Saumur, Coteaux du Layon og heitið „premier cru“ á eftir og fullgert með því að bæta við landfræðilega heitinu Chaume, Pacherenc du Vic Bilh nema „sec“ fylgi á eftir, Alsace et Alsace grand cru ásamt heitinu „vendanges tardives“ eða „sélection de grains nobles“,

— sætum vínum sem eru upprunnin í Grikklandi, sem eru framleidd úr ofþroskuðum þrúgum og úr léttþurrkuðum þrúgum, með sykurleifar sem eru 45 g/l eða meira, gefið upp sem sykur, og mega bera eina af eftirfarandi vernduðum upprunatáknunum:

— Δαφνές (Dafnes),

— Λήμνος (Limnos),

— Malvasia Πάρος (Malvasia Paros),

— Malvasia Σητείας (Malvasia Sitia),

— Malvasia Χάνδακας — Candia,

— Μονεμβασία- Malvasia (Monemvasia — Malvasia),

— Μοσχάτος Κεφαλληνίας (Muscat frá Kefalóníu — Muscat de Céphalonie),

— Μοσχάτος Λήμνου (Muscat frá Limnos),

— Μοσχάτο Πατρών (Muscat frá Patra),

— Μοσχάτος Ρίου Πάτρας (Muscat frá Rio Patra),

— Μοσχάτος Ρόδου (Muscat frá Rodos),

— Νεμέα (Nemea),

— Σάμος (Samos),

— Σαντορίνη (Santorini),

— Σητεία (Sitia),

og sætum vínum sem eru upprunnin í Grikklandi og framleidd úr ofþroskuðum þrúgum og úr léttþurrkuðum þrúgum og mega bera eina af eftirfarandi vernduðum landfræðilegum merkingum:

— Άγιο Όρος (Mount Athos — Holy Mount Athos — Holy Mountain Athos — Mont Athos — Άγιο Όρος Άθως),

— Αιγαίο Πέλαγος (Aegean Sea — Aigaio Pelagos),

— Δράμα (Drama),

— Ηράκλειο (Iraklio),

— Καστοριά (Kastoria),

— Κρήτη (Crete),

— Μακεδονία (Macedonia),

— Ρέθυμνο (Rethimno),

— Σιάτιστα (Siatista),

— Στερεά Ελλάδα (Sterea Ellada),

— Χανιά (Chania),

— vínum frá Tékklandi sem mega bera lýsinguna „výběr z bobulí“, „výběr z cibéb“, „ledové víno“ eða „slámové víno“,

— vínum frá Slóvakíu sem mega bera verndaða upprunatáknun og er lýst með heitinu „bobuľový výber“, „hrozienkový výber“, „cibébový výber“, „ľadové víno“ eða „slamové víno“ og slóvakískum „Tokaj“-vínum sem mega bera vernduðu upprunatáknunina „Tokajský výber“, „Tokajská esencia“ eða „Tokajská výberová esencia“,

— vínum frá Ungverjalandi sem mega bera verndaða upprunatáknun og er lýst, í samræmi við ungversk ákvæði, sem „Tokaji máslás“, „Tokaji fordítás“, „Tokaji aszúeszencia“, „Tokaji eszencia“, „Tokaji aszú“ eða „Töppedt szőlőből készült bor“ eða „Jégbor“,“

— vínum sem mega bera vernduðu upprunatáknunina „Albana di Romagna“ og er lýst með heitinu „passito“,

— vínum frá Lúxemborg sem mega bera verndaða upprunatáknun og er lýst með heitinu „vendanges tardives“, „vin de glace“ eða „vin de paille“,

— vínum frá Portúgal sem mega bera verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu og yfirlýsinguna „colheita tardia“,“

— vínum frá Slóveníu sem mega bera verndaða upprunatáknun og er lýst með heitinu „vrhunsko vino ZGP — jagodni izbor“, „vrhunsko vino ZGP — ledeno vino“ eða „vrhunsko vino ZGP — suhi jagodni izbor“,

— vínum sem eru upprunnin í Kanada og mega bera lýsinguna „Icewine“,

— vínum frá Króatíu sem mega bera verndaða upprunatáknun og er lýst með orðunum „vrhunsko vino KZP — izborna berba bobica“, „vrhunsko vino KZP — izborna berba prosušenih bobica“ eða „vrhunsko vino KZP — ledeno vino“.

3. Heimilt er að breyta skrám yfir vín sem bera verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu sem fjallað er um í c-, d- og e-lið 2. liðar, til að taka inn ný vín eða ef framleiðsluskilyrðum viðkomandi vína er breytt eða ef verndaðri upprunatáknun eða verndaðri, landfræðilegri merkingu er breytt. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni beiðni um undanþágu í samræmi við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1183 og leggja fram allar nauðsynlegar tæknilegar upplýsingar um viðkomandi vín, þ.m.t. nákvæma skilgreiningu fyrir vínin og árlegt magn sem framleitt er.

4. Á árum þegar veðurfarsskilyrði gera þessa undantekningu nauðsynlega er aðildarríkjunum heimilt að auka hámarksheildarinnihald brennisteinsdíoxíðs á lítra í vínum með minna en 300 milligrömm á lítra um mest 50 milligrömm á lítra fyrir vín sem eru framleidd á tilteknum vínræktarsvæðum innan yfirráðasvæðis þeirra. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessar undanþágur innan eins mánaðar frá því að undanþága er veitt, í samræmi við framselda reglugerð (ESB) 2017/1183, og tilgreina árið, viðkomandi vínræktarsvæði og vín og leggja fram sannanir fyrir því að veðurfarsskilyrði geri aukninguna nauðsynlega. Framkvæmdastjórnin skal síðan birta undanþáguna vefsetri sínu.

5. Aðildarríkjunum er heimilt að beita strangari ákvæðum um vín sem eru framleidd innan yfirráðasvæðis þeirra.

B. INNIHALD BRENNISTEINSDÍOXÍÐS Í LÍKJÖRVÍNI

Heildarinnihald brennisteinsdíoxíðs í líkjörvínum má ekki, þegar þau eru sett á markað til beinnar neyslu, vera umfram:

a) 150 mg/l þegar sykurinnihald er minna en 5 g/l,

b) 200 mg/l þegar sykurinnihald er a.m.k. 5 g/l.

C. INNIHALD BRENNISTEINSDÍOXÍÐS Í FREYÐIVÍNI

1. Heildarinnihald brennisteinsdíoxíðs í freyðivínum má ekki, þegar þau eru sett á markað til beinnar neyslu, vera umfram:

   a) 185 mg/l fyrir alla flokka gæðafreyðivína og

   b) 235 mg/l fyrir önnur freyðivín.

2. Ef veðurfarsskilyrði gera þetta nauðsynlegt á tilteknum vínræktarsvæðum Sambandsins geta hlutaðeigandi aðildarríki heimilað að hækka megi hámarksheildarinnihald brennisteinsdíoxíðs í freyðivínunum sem um getur í a- og b-lið 1. liðar, sem eru framleidd innan yfirráðasvæðis þeirra, um allt að 40 mg/l að því tilskildu að vínin, sem falla undir þessa heimild, séu ekki send út fyrir hlutaðeigandi aðildarríki.

C-HLUTI

HÁMARKSINNIHALD ROKGJARNRAR SÝRU Í VÍNI

1. Innihald rokgjarnrar sýru má ekki vera umfram:

   a) 18 millijafngildi á lítra í hlutgerjuðu þrúgumusti,

   b) 18 millijafngildi á lítra í hvítvínum og rósavínum, eða

   c) 20 millijafngildi á lítra í rauðvínum.

2. Viðmiðunarmörkin, sem um getur í 1. lið, gilda:

   a) um afurðir úr þrúgum sem eru tíndar innan Sambandsins, á framleiðslustigi og á öllum stigum markaðssetningar,

   b) um hlutgerjað þrúgumust og vín sem eru upprunnin í þriðju löndum, á öllum stigum eftir að þau koma inn á landfræðilegt yfirráðasvæði Sambandsins.

3. Aðildarríkin geta veitt undanþágur frá mörkunum í 1. lið:

   a) fyrir tiltekin vín með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu:

      — ef þau hafa verið látin þroskast í a.m.k. tvö ár eða

      — ef þau hafa verið framleidd með sérstökum aðferðum,

   b) fyrir vín með a.m.k. 13% heildaralkóhólstyrkleika miðað við rúmmál.

   Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni þessar undanþágur í samræmi við framselda reglugerð (ESB) 2017/1183, innan eins mánaðar frá deginum þegar undanþágan var veitt. Framkvæmdastjórnin skal síðan birta undanþáguna á vefsetri sínu.

D-HLUTI

SKILYRÐI OG TAKMARKANIR UM SÆTUN VÍNA

1. Aðeins má heimila sætun víns ef hún er framkvæmd með því að nota eina eða fleiri eftirtalinna afurða:

   a) þrúgumust,

   b) þrúgumustsþykkni,

   c) hreinsað þrúgumustsþykkni.

   Aukning á heildaralkóhólstyrkleika viðkomandi víns má ekki vera meiri en 4% miðað við rúmmál.

2. Sætun innfluttra vína, sem ætluð eru til beinnar neyslu og bera landfræðilega merkingu, er bönnuð á yfirráðasvæði Sambandsins. Sætun annarra innfluttra vína skal háð sömu skilyrðum og vín sem eru framleidd í Sambandinu.

3. Aðildarríki getur því aðeins heimilað sætun víns með verndaða upprunatáknun ef hún fer fram:

   a) í samræmi við skilyrðin og takmarkanirnar sem mælt er fyrir um í þessum viðauka,

   b) innan svæðisins þar sem vínið var framleitt eða innan svæðis í næsta nágrenni.

   Þrúgumustið og þrúgumustsþykknið, sem um getur í 1. lið, verða að vera upprunnin á sama svæði og vínið sem þau eru notuð til að sæta.

4. Sætun vína skal einungis heimil á framleiðslu- og heildsölustigi.

———

II. VIÐAUKI

LEYFILEGAR, VÍNFRÆÐILEGAR VINNSLUAÐFERÐIR OG TAKMARKANIR SEM GILDA UM FREYÐIVÍN, GÆÐAFREYÐIVÍN OG ILMRÍK GÆÐAFREYÐIVÍN

A. **Freyðivín**

1. Að því er varðar þennan lið og B- og C-þátt þessa viðauka gildir eftirfarandi:

   a) „tirage-líkjör“ er afurð sem bætt er í vínlögun til að koma seinni gerjun af stað,

   b) „expedition-líkjör“ er afurð sem bætt er í freyðivín til að gefa þeim tiltekin bragðeinkenni.

2. Expedition-líkjör má aðeins innihalda:

   — súkrósa,

   — þrúgumust,

   — þrúgumust í gerjun,

   — þrúgumustsþykkni,

   — hreinsað þrúgumustsþykkni,

   — vín eða

   — blöndu þessara afurða,

   ásamt mögulegri viðbót víneimis.

3. Með fyrirvara um auðgun innihaldsefna vínlögunar, sem heimiluð er samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, er öll auðgun vínlögunar bönnuð.

4. Hvert aðildarríki getur þó, að því er varðar svæði og yrki þar sem tæknilegur rökstuðningur liggur fyrir, leyft auðgun vínlögunar á framreiðslustað freyðivínanna, að því tilskildu:

   a) að ekkert af innihaldsefnum vínlögunarinnar hafi áður verið auðgað,

   b) að fyrrnefnd innihaldsefni séu eingöngu fengin úr þrúgum sem eru tíndar á yfirráðsvæði þess,

   c) að auðgunin fari fram í einni aðgerð,

   d) að ekki sé farið yfir eftirfarandi mörk:

      i) 3% miðað við rúmmál í vínlögun úr innihaldsefnum frá vínræktarsvæði A,

      ii) 2% miðað við rúmmál í vínlögun úr innihaldsefnum frá vínræktarsvæði B,

      iii) 1,5% miðað við rúmmál í vínlögun úr innihaldsefnum frá vínræktarsvæði C,

   e) að aðferðin, sem er notuð, felist í viðbót súkrósa, þrúgumustsþykknis eða hreinsaðs þrúgumustsþykknis.

5. Viðbót tirage-líkjörs og expedition-líkjörs skal hvorki teljast auðgun né sætun. Viðbót tirage-líkjörs má ekki verða til þess að heildaralkóhólstyrkleiki vínlögunarinnar aukist um meira en 1,5% miðað við rúmmál. Aukninguna skal mæla þannig að reiknaður er út munurinn á heildaralkóhólstyrkleika vínlögunarinnar miðað við rúmmál og heildaralkóhólstyrkleika freyðivínsins miðað við rúmmál, áður en nokkrum expedition-líkjör er bætt út í.

6. Viðbót expedition-líkjörs skal framkvæma þannig að raunverulegur alkóhólstyrkleiki freyðivínsins miðað við rúmmál aukist ekki um meira en 0,5% miðað við rúmmál.

7. Sætun vínlögunar og innihaldsefna hennar er bönnuð.

8. Auk þess að sýra eða afsýra innihaldsefni vínlögunarinnar er heimilt, í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, að sýra eða afsýra vínlögunina. Ef vínlögun er sýrð má ekki afsýra hana. Sýring má aðeins nema 1,5 grömmum á lítra að hámarki, gefið upp sem vínsýra, þ.e. 20 millijafngildum á lítra.

9. Á árum þegar veðurfarsskilyrði eru óvenjuleg má hækka hámarksgildið úr 1,5 grömmum á lítra eða 20 millijafngildum á lítra í 2,5 grömm á lítra eða 34 millijafngildi á lítra, að því tilskildu að náttúrulegt sýruinnihald afurðanna sé ekki minna en 3 g/l, gefið upp sem vínsýra, eða 40 millijafngildi á lítra.

10. Koltvísýringur í freyðivínum má aðeins stafa af alkóhólgerjun vínlögunarinnar sem vínið er framleitt úr.

    Slík gerjun má einungis stafa af viðbót tirage-líkjörs, nema um sé að ræða gerjun til að vinna freyðivín beint úr þrúgum, þrúgumusti eða hlutgerjuðu þrúgumusti. Hún má aðeins fara fram á flöskum eða í lokuðum tönkum.

    Heimilt er að nota koltvísýring í tengslum við átöppun með mótþrýstingi undir eftirliti og með því skilyrði að óhjákvæmileg loftskipti með koltvísýringi frá alkóhólgerjuninni í vínlöguninni auki ekki þrýsting koltvísýrings í freyðivíni.

11. Ef um er að ræða freyðivín önnur en freyðivín með verndaða upprunatáknun:

    a) má tirage-líkjörinn, sem ætlaður er til framleiðslu þeirra, aðeins innihalda:

        — þrúgumust,

        — þrúgumust í gerjun,

        — þrúgumustsþykkni,

        — hreinsað þrúgumustsþykkni eða

        — súkrósa og vín,

    b) raunverulegur alkóhólstyrkleiki miðað við rúmmál, þ.m.t. alkóhól í viðbættum expedition-líkjör, skal ekki vera minni en 9,5% miðað við rúmmál.

B. **Gæðafreyðivín**

1. Tirage-líkjörinn, sem er ætlaður til framleiðslu á gæðafreyðivíni, má aðeins innihalda:

    a) súkrósa,

    b) þrúgumustsþykkni,

    c) hreinsað þrúgumustsþykkni,

    d) þrúgumust eða hlutgerjað þrúgumust eða

    e) vín.

2. Aðildarríkjum, sem eru framleiðsluríki, er heimilt að setja önnur eða strangari ákvæði um einkenni eða framleiðslu- og dreifingarskilyrði fyrir gæðafreyðivín sem eru framleidd á yfirráðasvæði þeirra.

3. Framleiðsla gæðafreyðivína fellur einnig undir reglurnar sem um getur í:

    — 1. til 10. lið C-þáttar,

    — 3. lið C-þáttar að því er varðar raunverulegan alkóhólstyrkleika, 5. lið C-þáttar að því er varðar lágmarks-umframþrýsting og 6. og 7. lið C-þáttar að því er varðar lágmarkslengd framleiðsluferlisins, sbr. þó d-lið 4. liðar B-þáttar þessa viðauka,

4. Eftirfarandi gildir um ilmrík gæðafreyðivín:

    a) þau má einungis framleiða, nema með undanþágu, úr vínlögun sem eingöngu er mynduð úr þrúgumusti eða hlutgerjuðu þrúgumusti sem fengið er úr vínviðaryrkjum í skránni sem er að finna í viðbætinum við þennan viðauka. Þó má framleiða ilmrík gæðafreyðivín á hefðbundinn hátt með því að bæta við vínlögunina vínum sem eru framleidd úr þrúgum af vínviðaryrkinu „Glera“ sem eru tíndar í héruðunum Veneto og Friuli-Venezia Giulia,

    b) gerjunarferlinu, sem sett er í gang fyrir og eftir myndun vínlögunarinnar, í þeim tilgangi að gera hana freyðandi, má aðeins stýra með kælingu eða með öðrum eðlisrænum aðferðum,

    c) viðbót expedition-líkjörs er bönnuð,

    d) lengd framleiðsluferlis ilmríkra gæðafreyðivína má ekki vera skemmri en einn mánuður.

C. **Freyðivín og gæðafreyðivín með verndaða upprunatáknun**

1. Heildaralkóhólstyrkleiki miðað við rúmmál í vínlögunum, sem ætlaðar eru til framleiðslu á gæðafreyðivínum með verndaða upprunatáknun, skal ekki vera minni en:

   — 9,5% miðað við rúmmál á vínræktarsvæðum C III,

   — 9% miðað við rúmmál á öðrum vínræktarsvæðum.

2. Heildaralkóhólstyrkleiki vínlagana, sem ætlaðar eru til framleiðslu á gæðafreyðivínum með vernduðu upprunatáknanirnar „Prosecco“, „Conegliano Valdobbiadene — Prosecco“ og „Colli Asolani — Prosecco“ eða „Asolo — Prosecco“ og eru tilreiddar úr einu vínviðaryrki, skal ekki vera minni en 8,5% miðað við rúmmál.

3. Raunverulegur alkóhólstyrkleiki, miðað við rúmmál, í gæðafreyðivínum með verndaða upprunatáknun, þ.m.t. alkóhól í viðbættum expedition-líkjör, skal ekki vera minni en 10% miðað við rúmmál.

4. Tirage-líkjör í freyðivín og gæðafreyðivín með verndaða upprunatáknun má aðeins innihalda:

   a) súkrósa,

   b) þrúgumustsþykkni,

   c) hreinsað þrúgumustsþykkni,

   og:

   a) þrúgumust,

   b) hlutgerjað þrúgumust,

   c) vín,

   sem henta til framleiðslu sama freyðivíns eða gæðafreyðivíns með verndaða upprunatáknun og vínið sem tirage-líkjörnum er bætt í.

5. Þrátt fyrir c-lið 5. liðar II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 verða gæðafreyðivín með verndaða upprunatáknun að hafa a.m.k. 3 bara umframþrýsting þegar vínin eru geymd við 20 °C í lokuðum ílátum sem rúma minna en 25 sentilítra.

6. Framleiðslutími gæðafreyðivíns með verndaða upprunatáknun, að meðtalinni þroskun í framleiðslustöð afurðarinnar og talið frá upphafi gerjunarferlisins sem er ætlað að gera vínin freyðandi, má ekki vera skemmri en:

   a) sex mánuðir ef gerjunarferlið, sem er ætlað að gera vínin freyðandi, fer fram í lokuðum tönkum,

   b) níu mánuðir ef gerjunarferlið, sem er ætlað að gera vínin freyðandi, fer fram í flöskunum.

7. Tími gerjunar, sem á að gera vínlögun freyðandi og sá tími sem hún liggur með dreggjunum, skal ekki vera skemmri en sem hér segir:

   — 90 dagar,

   — 30 dagar ef gerjunin fer fram í ílátum með hræripinnum.

8. Reglurnar, sem mælt er fyrir um í 1. til 10. lið A-þáttar og 2. lið B-þáttar, gilda einnig um freyðivín og gæðafreyðivín með verndaða upprunatáknun.

9. Að því er varðar ilmrík gæðafreyðivín með verndaða upprunatáknun:

   a) má einungis framleiða þessi vín úr vínlögun sem eingöngu er samsett úr þrúgumusti eða hlutgerjuðu þrúgumusti, sem fengið er úr vínviðaryrkjum í skránni, sem er að finna í viðbætinum við þennan viðauka, að því tilskildu að viðurkennt sé að þessi yrki henti til framleiðslu á gæðafreyðivíni með verndaða upprunatáknun á tilgreinda svæðinu sem gæðafreyðivínið með vernduðu upprunatáknuninni dregur nafn sitt af. Með undanþágu er heimilt að framleiða ilmrík gæðafreyðivín með verndaða upprunatáknun með því að nota vín úr þrúgum af „Glera“-vínviðaryrkinu, sem eru tíndar í tilgreindum héruðum vernduðu upprunatáknananna „Prosecco“, „Conegliano-Valdobbiadene — Prosecco“, „Colli Asolani — Prosecco“ og „Asolo — Prosecco“, sem innihaldsefni í vínlögunina,

   b) gerjunarferlinu, sem sett er í gang fyrir og eftir myndun vínlögunarinnar, í þeim tilgangi að gera hana freyðandi, má aðeins stýra með kælingu eða með öðrum eðlisrænum aðferðum,

c) viðbót expedition-líkjörs er bönnuð,

d) má raunverulegur alkóhólstyrkleiki ilmríkra gæðafreyðivína með verndaða upprunatáknun ekki vera minni en 6% miðað við rúmmál,

e) má heildaralkóhólstyrkleiki ilmríkra gæðafreyðivína með verndaða upprunatáknun ekki vera minni en 10% miðað við rúmmál,

f) verða ilmrík gæðafreyðivín með verndaða upprunatáknun að hafa a.m.k. 3 bara umframþrýsting þegar vínin eru geymd við 20 °C í lokuðum ílátum,

g) má lengd framleiðsluferlis ilmríkra gæðafreyðivína með verndaða upprunatáknun ekki vera skemmri en einn mánuður, þrátt fyrir ákvæði 6. liðar þessa þáttar.

———

Viðbætir

Skrá yfir vínþrúguyrki sem heimilt er að nota til að mynda vínlögun fyrir framleiðslu á ilmríkum gæðafreyðivínum og gæðafreyðivínum með verndaða upprunatáknun

Airén
Albariño
Aleatico N
Alvarinho
Ασύρτικο (Assyrtiko)
Bourboulenc B
Brachetto N.
Busuioacă de Bohotin
Clairette B
Colombard B
Csaba gyöngye B
Cserszegi fűszeres B
Devín
Fernão Pires
Freisa N
Gamay N
Gewürztraminer Rs
Girò N
Glera
Γλυκερύθρα (Glykerythra)
Huxelrebe
Irsai Olivér B
Macabeo B
Macabeu B
Toutes les Malvasías
Öll Malvoisies-yrki
Mauzac blanc og rosé
Monica N
Tous les Moscateles
Μοσχοφίλερο (Moschofilero)
Müller-Thurgau B
Öll Muscatels-yrki
Manzoni moscato
Nektár
Pálava B
Parellada B
Perle B
Piquepoul B
Poulsard
Ροδίτης (Roditis)
Scheurebe
Tămâioasă românească
Torbato
Touriga Nacional
Verdejo
Zefír B

III. VIÐAUKI

LEYFILEGAR, VÍNFRÆÐILEGAR VINNSLUAÐFERÐIR OG TAKMARKANIR SEM GILDA UM LÍKJÖRVÍN OG LÍKJÖRVÍN MEÐ VERNDAÐA UPPRUNATÁKNUN EÐA VERNDAÐA, LANDFRÆÐILEGA MERKINGU

A. **Líkjörvín**

1. Afurðirnar, sem um getur í c-lið 3. liðar II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, sem eru notaðar við framleiðslu á líkjörvínum og líkjörvínum með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu mega aðeins hafa farið í gegn um, eftir því sem við á, vínfræðilegar vinnsluaðferðir og -ferli sem um getur í reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 eða í þessari reglugerð.

2. Þó gildir eftirfarandi:

   a) aukningin á styrk náttúrulegs alkóhóls miðað við rúmmál má aðeins stafa af notkun á afurðunum sem um getur í e- og f-lið 3. liðar II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 og

   b) Spáni er heimilt, með undanþágu, að leyfa notkun á kalsíumsúlfati í spænsk vín sem er lýst með hefðbundna heitinu „vino generoso“ eða „vino generoso de licor“ þar sem hefð er fyrir slíku og að því tilskildu að súlfatinnihald afurðarinnar, sem meðhöndluð hefur verið á þennan hátt, sé ekki meira en 2,5 g/l, gefið upp sem kalsíumsúlfat. Heimilt er að sýra þessar afurðir enn frekar, að hámarki 1,5 g/l.

3. Með fyrirvara um strangari ákvæði sem aðildarríkin kunna að samþykkja fyrir líkjörvín og líkjörvín með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu sem eru framleidd á yfirráðasvæði þeirra skal heimila vínfræðilegu vinnsluaðferðirnar, sem um getur í reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 og í þessari reglugerð, fyrir þessar afurðir.

4. Eftirfarandi er einnig leyfilegt:

   a) sætun, háð kröfu um tilkynningu og skráningu, hafi afurðirnar, sem eru notaðar, ekki verið auðgaðar með þrúgumustsþykkni, með:

      — þrúgumustsþykkni eða hreinsuðu þrúgumustsþykkni, að því tilskildu að aukning á heildaralkóhólstyrkleika umrædds víns sé ekki meiri en 3% miðað við rúmmál,

      — þrúgumustsþykkni, hreinsuðu þrúgumustsþykkni eða musti úr léttþurrkuðum þrúgum sem í hefur verið bætt hreinum vínanda úr víni til að koma í veg fyrir gerjun, fyrir spænsk vín sem er lýst með hefðbundna heitinu „vino generoso de licor“ og að því tilskildu að aukning á heildaralkóhólstyrkleika viðkomandi víns sé ekki meiri en 8% miðað við rúmmál,

      — þrúgumustsþykkni eða hreinsuðu þrúgumustsþykkni fyrir líkjörvín með vernduðu upprunatáknuninni „Madeira“ og að því tilskildu að aukning á heildaralkóhólstyrkleika viðkomandi víns sé ekki meiri en 8% miðað við rúmmál,

   b) viðbót alkóhóls, eimis eða brenndra vína, eins og um getur í e- og f-lið 3. liðar II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, til að bæta upp tap vegna uppgufunar við þroskun,

   c) þroskun í kerjum við hitastig sem ekki er hærra en 50 °C fyrir líkjörvín með vernduðu upprunatáknunina „Madeira“.

5. Vínviðaryrkin, sem afurðirnar, sem um getur í c-lið 3. liðar II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, eru framleiddar úr og eru notaðar við framleiðslu á líkjörvínum og líkjörvínum með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu, skulu valin úr yrkjunum sem um getur í 2. mgr. 81. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

6. Styrkur náttúrulegs alkóhóls miðað við rúmmál í afurðunum sem um getur í c-lið 3. liðar II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, sem eru notaðar við framleiðslu líkjörvína annarra en líkjörvína með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu, má ekki vera minni en 12% miðað við rúmmál.

B. **Líkjörvín með verndaða upprunatáknun (ákvæði önnur en þau sem mælt er fyrir um í A-þætti þessa viðauka og varða sérstaklega líkjörvín með verndaða upprunatáknun)**

1. Skráin yfir líkjörvín með verndaða upprunatáknun, þar sem þrúgumusti eða blöndu af þrúgumusti og víni, sem um getur í fjórða undirlið c-liðar 3. liðar II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, er bætt við í framleiðslunni, er að finna í A-þætti 1. viðbætis við þennan viðauka.

2. Skrá yfir líkjörvín með verndaða upprunatáknun, sem heimilt er að bæta í þeim afurðum sem um getur í f-lið 3. liðar II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, er að finna í B-þætti 1. viðbætis við þennan viðauka.

3. Afurðirnar, sem um getur í c-lið 3. liðar II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, og þrúgumustsþykkni og hlutgerjað þrúgumust, sem fengið er úr léttþurrkuðum þrúgum sem um getur í iii. lið f-liðar 3. liðar þess sama II. hluta VII. viðauka, sem notuð eru við framleiðslu líkjörvína með verndaðri upprunatáknun, verða að koma frá því svæði sem líkjörvínið með vernduðu upprunatáknuninni dregur nafn sitt af.

   Að því er varðar líkjörvín með vernduðu upprunatáknanirnar „Málaga“ og „Jerez-Xérès-Sherry“ má mustið úr léttþurrkuðum þrúgum, sem í hefur verið bætt hreinum vínanda úr víni til að koma í veg fyrir gerjun og sem er framleitt úr vínviðaryrkinu Pedro Ximénez, þó koma frá héraðinu Montilla-Moriles.

4. Aðgerðirnar, sem um getur í 1. til 4. lið A-þætti þessa viðauka, til að framleiða líkjörvín með verndaðri upprunatáknun má einungis framkvæma á svæðinu sem um getur í 3. lið.

   Að því er varðar líkjörvín með verndaða upprunatáknun þar sem heitið „Porto“ er frátekið fyrir afurð sem er framleidd úr þrúgum sem fengnar eru á afmarkaða svæðinu „Douro“, mega frekari vinnsla og þroskunarferli þó fara fram annaðhvort á hinu áðurnefnda afmarkaða svæði eða í Vila Nova de Gaia — Porto.

5. Með fyrirvara um strangari ákvæði sem aðildarríkin kunna að samþykkja varðandi líkjörvín með verndaða upprunatáknun sem eru framleidd á yfirráðasvæði þeirra:

   a) styrkur náttúrulegs alkóhóls miðað við rúmmál í afurðunum sem um getur í c-lið 3. liðar II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, sem eru notaðar við framleiðslu líkjörvíns með verndaða upprunatáknun, má ekki vera minni en 12% miðað við rúmmál. Sum líkjörvín með verndaða upprunatáknun, sem eru í einni af skránum í A-þætti 2. viðbætis við þennan viðauka, má þó framleiða úr:

      i. þrúgumusti með styrk náttúrulegs alkóhóls sem er a.m.k. 10% miðað við rúmmál ef um er að ræða líkjörvín með verndaða upprunatáknun sem eru fengin með viðbót brennds víns, sem fengið er úr víni eða þrúguhrati með upprunatáknun, hugsanlega frá sömu bújörð eða

      ii. hlutgerjuðu þrúgumusti eða, ef um er að ræða annan undirlið hér á eftir, úr víni sem er með ekki minni upprunalegan styrk náttúrulegs alkóhóls miðað við rúmmál en:

         — 11% miðað við rúmmál ef um er að ræða líkjörvín með verndaða upprunatáknun sem fengið er með viðbót hreins vínanda eða víneimis með raunverulegan alkóhólstyrkleika sem er ekki minni en 70% miðað við rúmmál, eða brennds víns, sem fengið er úr vínafurðum,

         — 10,5% miðað við rúmmál þegar um er að ræða vín sem um getur í skrá 3 í A-þætti 2. viðbætis, sem eru framleidd úr musti úr grænum þrúgum,

         — 9% miðað við rúmmál ef um er að ræða portúgölsk líkjörvín með vernduðu upprunatáknuninni „Madeira“ þegar framleiðsla þeirra er hefðbundin og venjubundin í samræmi við landslög sem hafa skýr ákvæði um slík vín,

   b) skrá yfir líkjörvín með verndaða upprunatáknun þar sem heildaralkóhólstyrkleiki er minni en 17,5% miðað við rúmmál en ekki minni en 15% miðað við rúmmál, þrátt fyrir ákvæði b-liðar 3. liðar II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, ef kveðið er skýrt á um þetta í landslögum sem giltu um þetta fyrir 1. janúar 1985, er að finna í B-þætti 2. viðbætis.

6. Hefðbundnu sérheitin „οίνος γλυκύς φυσικός“, „vino dulce natural“, „vino dolce naturale“ og „vinho doce natural“ skal aðeins nota fyrir líkjörvín með vernduðum upprunatáknunum sem eru:

   — fengin úr uppskeru þar sem a.m.k. 85% hennar koma af vínviðaryrkjunum sem eru skráð í 3. viðbæti,

— fengin úr musti með upphaflegt náttúrulegt sykurinnihald sem nemur a.m.k. 212 grömmum á lítra,

— fengin með viðbót alkóhóls, eimis eða brenndra vína, eins og um getur í e- og f-lið 3. liðar II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, en með útilokun allrar annarrar auðgunar.

7. Að því marki sem er nauðsynlegt til að halda samræmi við hefðbundnar framleiðsluaðferðir er aðildarríkjunum heimilt að mæla fyrir um, að því er varðar líkjörvín með verndaða upprunatáknun sem eru framleidd á yfirráðasvæði þeirra, að hefðbundna sérheitið „vin doux naturel“ sé aðeins notað um líkjörvín með verndaða upprunatáknun sem eru:

— framleidd beint af framleiðendunum sem láta tína þrúgurnar og eingöngu úr uppskeru þeirra á Muscatel-, Grenache-, Maccabeo- eða Malvoisie-þrúgum; þó er heimilt að nota uppskeru frá vínekrum þar sem einnig vaxa aðrar vínviðartegundir en þessar fjórar framangreindu, að því tilskildu að þær nemi ekki meira en 10% alls vínviðarins,

— framleidd innan marka afraksturs á hektara sem nemur 40 hl af þrúgumusti, eins og um getur í fyrsta og fjórða undirlið c-liðar 3. liðar II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, en allur afrakstur umfram það hefur í för með sér að uppskeran í heild uppfyllir ekki lengur skilyrðin til að bera lýsinguna „vin doux naturel“,

— fengin úr þrúgumusti, eins og um getur hér að framan, með upphaflegt náttúrulegt sykurinnihald sem nemur a.m.k. 252 grömmum á lítra,

— fengin, með útilokun allrar annarrar auðgunar, með viðbót alkóhóls, sem fengið er úr vínafurðum, sem í hreinu alkóhóli nemur minnst 5% af rúmmáli þrúgumustsins, sem um getur hér að framan, sem er notað og að hámarki lægra hlutfallinu af þeim tveimur sem hér fara á eftir:

— annaðhvort 10% af rúmmáli framangreinda þrúgumustsins, sem er notað eða

— 40% af heildaralkóhólstyrkleika miðað við rúmmál í fullunnu vörunni, táknað með summu raunverulegs alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál og jafngildi mögulegs alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál, reiknað á grundvelli 1% hreins alkóhóls miðað við rúmmál á 17,5 grömm sykurleifa á lítra.

8. Að því er varðar líkjörvín skal aðeins nota hefðbundna sérheitið „vino generoso“ fyrir þurr líkjörvín með verndaða upprunatáknun sem eru framleidd undir gerskán að hluta til eða að öllu leyti og:

— eru eingöngu fengin úr grænum þrúgum sem fást af vínviðaryrkjunum Palomino de Jerez, Palomino fino, Pedro Ximénez, Verdejo, Zalema og Garrido Fino,

— sem hafa verið sett á markað eftir að hafa þroskast í að meðaltali tvö ár á eikartunnum.

Framleiðsla undir gerskán, sem um getur í fyrsta undirlið, er líffræðilegt ferli sem á sér stað þegar dæmigerð gerskán myndast sjálfkrafa á óheftu yfirborði vínsins eftir heildaralkóhólgerjun mustsins og gefur afurðinni sérstök greiningar- og skynmatseinkenni.

9. Aðeins skal nota hefðbundna sérheitið „vinho generoso“ fyrir líkjörvín með vernduðu upprunatáknuninni „Porto“, „Madeira“, „Moscatel de Setúbal“ eða „Carcavelos“ í tengslum við viðkomandi upprunatáknun.

10. Aðeins skal nota hefðbundna sérheitið „vino generoso de licor“ fyrir líkjörvín með verndaða upprunatáknun:

— sem fengið er úr „vino generoso“, eins og um getur í 8. lið, eða úr víni, framleiddu undir gerskán, sem getur framleitt slíkt „vino generoso“, sem í hefur verið bætt annaðhvort musti úr léttþurrkuðum vínþrúgum sem í hefur verið bætt hreinum vínanda úr víni til að koma í veg fyrir gerjun, eða hreinsuðu þrúgumustsþykkni eða „vino dulce natural“,

— sem hafa verið sett á markað eftir að hafa þroskast í að meðaltali tvö ár á eikartunnum.

———

1. viðbætir

Skrá yfir líkjörvín með verndaða upprunatáknun þar sem sérstakar reglur gilda um framleiðsluna

A. SKRÁ YFIR LÍKJÖRVÍN MEÐ VERNDAÐA UPPRUNATÁKNUN ÞAR SEM ÞRÚGUMUST EÐA BLANDA AF ÞRÚGUMUSTI OG VÍNI ER NOTUÐ Í FRAMLEIÐSLUNNI

(1. liður B-þáttar þessa viðauka)

GRIKKLAND

Σάμος (Samos), Μοσχάτος Πατρών (Muscat frá Patra), Μοσχάτος Ρίου Πατρών (Muscat frá Rio Patra), Μοσχάτος Κεφαλληνίας (Muscat frá Kefalóníu/Muscat de Kephalonia), Μοσχάτος Ρόδου (Muscat frá Rodos), Μοσχάτος Λήμνου (Muscat frá Limnos), Σητεία (Sitia), Νεμέα (Nemea), Σαντορίνη (Santorini), Δαφνές (Dafnes), Μαυροδάφνη Κεφαλληνίας (Mavrodaphne frá Kefalóníu), Μαυροδάφνη Πατρών (Mavrodaphni frá Patra)

SPÁNN

Líkjörvín með verndaða upprunatáknun	Lýsing á afurð eins og hún er fastsett með reglum Sambandsins eða landslöggjöf
Alicante	Moscatel de Alicante Vino dulce
Cariñena	Vino dulce
Condado de Huelva	Pedro Ximénez Moscatel Mistela
Empordà	Mistela Moscatel
Jerez-Xérès-Sherry	Pedro Ximénez Moscatel
Malaga	Vino dulce
Montilla-Moriles	Pedro Ximénez Moscatel
Priorato	Vino dulce
Tarragona	Vino dulce
Valencia	Moscatel de Valencia Vino dulce

ÍTALÍA

Cannonau di Sardegna, Giró di Cagliari, Malvasia di Bosa, Marsala, Moscato di Sorso-Sennori, Moscato di Trani, Nascodi Cagliari, Oltrepó Pavese Moscato, San Martino della Battaglia, Trentino, Vesuvio Lacrima Christi.

B. SKRÁ YFIR LÍKJÖRVÍN MEÐ VERNDAÐA UPPRUNATÁKNUN ÞAR SEM AFURÐUNUM, SEM UM GETUR Í f-LIÐ 3. LIÐAR II. HLUTA VII. VIÐAUKA VIÐ REGLUGERÐ (ESB) NR. 1308/2013, ER BÆTT VIÐ Í FRAMLEIÐSLUNNI

(2. liður B-þáttar þessa viðauka)

1. **Skrá yfir líkjörvín með verndaða upprunatáknun þar sem alkóhóli úr víni eða alkóhóli úr þurrkuðum þrúgum, með raunverulegan alkóhólstyrkleika sem er ekki minni en 95% miðað við rúmmál og ekki meiri en 96%, er bætt við í framleiðslunni**

(Fyrsti undirliður ii. liðar f-liðar 3. liðar II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013)

GRIKKLAND

Σάμος (Samos), Μοσχάτος Πατρών (Muscat frá Patra), Μοσχάτος Ρίου Πατρών (Muscat frá Rio Patra), Μοσχάτος Κεφαλληνίας (Muscat frá Kefallóníu/Muscat de Kephalonia), Μοσχάτος Ρόδου (Muscat frá Rodos), Μοσχάτος Λήμνου (Muscat frá Limnos), Σητεία (Sitia), Σαντορίνη (Santorini), Δαφνές (Dafnes), Μαυροδάφνη Πατρών (Mavrodaphni frá Patra), Μαυροδάφνη Κεφαλληνίας (Mavrodaphne frá Kefalóníu).

SPÁNN

Condado de Huelva, Jerez-Xérès-Sherry, Manzanilla-Sanlúcar de Barrameda, Málaga, Montilla-Moriles, Rueda, Terra Alta.

KÝPUR

Κουμανδαρία (Commandaria).

2. **Skrá yfir líkjörvín með verndaða upprunatáknun þar sem brenndu víni, eimuðu úr víni eða þrúguhrati, með raunverulegan alkóhólstyrkleika sem er ekki minni en 52% og ekki meiri en 86% miðað við rúmmál, er bætt við í framleiðslunni**

(Annar undirliður ii. liðar f-liðar 3. liðar II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013)

GRIKKLAND

Μαυροδάφνη Πατρών (Mavrodaphni frá Patra), Μαυροδάφνη Κεφαλληνίας (Mavrodaphne frá Kefalóníu), Σητεία (Sitia), Σαντορίνη (Santorini), Δαφνές (Dafnes), Νεμέα (Nemea).

FRAKKLAND

Pineau des Charentes or Pineau charentais, Floc de Gascogne, Macvin du Jura.

KÝPUR

Κουμανδαρία (Commandaria).

3. **Skrá yfir líkjörvín með verndaða upprunatáknun þar sem brenndu víni, eimuðu úr þurrkuðum þrúgum, með alkóhólstyrkleika sem er ekki minni en 52% en minni en 94,5% miðað við rúmmál, er bætt við í framleiðslunni**

(Þriðji undirliður ii. liðar f-liðar 3. liðar II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013)

GRIKKLAND

Μαυροδάφνη Πατρών (Mavrodaphni frá Patra), Μαυροδάφνη Κεφαλληνίας (Mavrodaphne frá Kefalóníu).

4. **Skrá yfir líkjörvín með verndaða upprunatáknun þar sem hlutgerjuðu þrúgumusti, sem fengið er úr léttþurrkuðum þrúgum, er bætt við í framleiðslunni**

(Fyrsti undirliður iii. liðar f-liðar 3. liðar II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013)

SPÁNN

Líkjörvín með verndaða upprunatáknun	Lýsing á afurð eins og hún er fastsett með reglum Sambandsins eða landslöggjöf
Jerez-Xérès-Sherry	Vino generoso de licor
Málaga	Vino dulce
Montilla-Moriles	Vino generoso de licor

ÍTALÍA

Aleatico di Gradoli, Giró di Cagliari, Malvasia delle Lipari, Pantelleria passito

KÝPUR

Κουμανδαρία (Commandaria).

5. **Skrá yfir líkjörvín með verndaða upprunatáknun þar sem þrúgumustsþykkni, sem er fengið með beinni hitun, sem samræmist skilgreiningunni á þrúgumustsþykkni, að undanskilinni þessari aðgerð, er bætt við í framleiðslunni**

(Annar undirliður iii. liðar f-liðar 3. liðar II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013)

SPÁNN

Líkjörvín með verndaða upprunatáknun	Lýsing á afurð eins og hún er fastsett með reglum Sambandsins eða landslöggjöf
Alicante	
Condado de Huelva	Vino generoso de licor
Empordà	Garnacha/Garnatxa
Jerez-Xérès-Sherry	Vino generoso de licor
Málaga	Vino dulce
Montilla-Moriles	Vino generoso de licor
Navarra	Moscatel

ÍTALÍA

Marsala

6. **Skrá yfir líkjörvín með verndaða upprunatáknun þar sem þrúgumustsþykkni er bætt við í framleiðslunni**

(Þriðji undirliður iii. liðar f-liðar 3. liðar II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013)

SPÁNN

Líkjörvín með verndaða upprunatáknun	Lýsing á afurð eins og hún er fastsett með reglum Sambandsins eða landslöggjöf
Málaga	Vino dulce
Montilla-Moriles	Vino dulce
	Vino generoso de licor

Líkjörvín með verndaða upprunatáknun	Lýsing á afurð eins og hún er fastsett með reglum Sambandsins eða landslöggjöf
Tarragona	Vino dulce
Jerez-Xerès-Sherry	Vino generoso de licor
Condado de Huelva	Vino generoso de licor

ÍTALÍA

Oltrepó Pavese Moscato, Marsala, Moscato di Trani.

———

2. viðbætir

A. **Skrár sem um getur í a-lið 5. liðar B-þáttar III. viðauka**

1. **Skrá yfir líkjörvín með verndaða upprunatáknun, sem eru framleidd úr þrúgumusti með minnst 10% styrk náttúrulegs alkóhóls miðað við rúmmál, sem eru fengin með viðbót brennds víns, sem fengið er úr víni eða þrúguhrati með verndaða upprunatáknun, hugsanlega frá sömu bújörð.**

FRAKKLAND

Pineau des Charentes or Pineau charentais, Floc de Gascogne, Macvin du Jura.

2. **Skrá yfir líkjörvín með verndaða upprunatáknun, sem eru framleidd úr þrúgumusti í gerjun með a.m.k. 11% upphaflegan styrk náttúrulegs alkóhóls miðað við rúmmál, sem eru fengin með viðbót hreins vínanda eða víneimis með minnst 70% raunverulegan alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál, eða brennds víns sem er fengið úr vínafurðum.**

PORTÚGAL

Porto — Port

Moscatel de Setúbal, Setúbal

Carcavelos

Moscatel do Douro.

ÍTALÍA

Moscato di Noto

3. **Skrá yfir líkjörvín með verndaða upprunatáknun sem eru framleidd úr víni með minnst 10,5% upphaflegan náttúrulegan alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál.**

SPÁNN

Jerez-Xérès-Sherry

Manzanilla-Sanlúcar de Barrameda

Condado de Huelva

Rueda

ÍTALÍA

Trentino

4. **Skrá yfir líkjörvín með verndaða upprunatáknun sem eru framleidd úr þrúgumusti í gerjun með minnst 9% upphaflegan náttúrulegan alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál**

PORTÚGAL

Madeira

B. **Skrár sem um getur í b-lið 5. liðar B-þáttar III. viðauka**

Skrá yfir líkjörvín með verndaða upprunatáknun, þar sem heildaralkóhólstyrkleiki er minni en 17,5% miðað við rúmmál en ekki minni en 15%, ef kveðið er skýrt á um þetta í landslögum sem giltu um þetta fyrir 1. janúar 1985

(b-liður 3. liðar II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013)

SPÁNN

Líkjörvín með verndaða upprunatáknun	Lýsing á afurð eins og hún er fastsett með reglum Sambandsins eða landslöggjöf
Condado de Huelva	Vino generoso
Jerez-Xérès-Sherry	Vino generoso
Manzanilla-Sanlúcar de Barrameda	Vino generoso
Málaga	Seco
Montilla-Moriles	Vino generoso
Priorato	Rancio seco
Rueda	Vino generoso
Tarragona	Rancio seco

ÍTALÍA

Trentino

PORTÚGAL

Líkjörvín með verndaða upprunatáknun	Lýsing á afurð eins og hún er fastsett með reglum Sambandsins eða landslöggjöf
Porto — Port	Branco leve seco

3. viðbætir

Skrá yfir yrki sem nota má til framleiðslu á líkjörvínum með verndaða upprunatáknun sem bera hefðbundnu sérheitin „vino dulce natural“, „vino dolce naturale“, „vinho doce natural“ og „οινος γλυκυς φυσικος“

Muscats — Grenache — Garnacha Blanca — Garnacha Peluda — Listán Blanco — Listán Negro-Negramoll — Maccabéo — Malvoisies — Mavrodaphne — Assirtiko — Liatiko — Garnacha tintorera — Monastrell — Palomino — Pedro Ximénez — Albarola — Aleatico — Bosco — Cannonau — Corinto nero — Giró — Monica — Nasco — Primitivo — Vermentino — Zibibbo — Moscateles — Garnacha.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/565 2022/EES/72/71

frá 13. febrúar 2020

um leiðréttingu á framseldri reglugerð (ESB) 2019/934 að því er varðar umbreytingarfyrirkomulag vegna setningar birgða af vínræktarafurðum á markað (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 ([1]), einkum 2. mgr. 75. gr. og 4. mgr. 80. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/934 ([2]) fellir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009 ([3]) úr gildi og kemur í stað hennar. Í kjölfar birtingar framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/934 fannst villa sem kom fram í öllum tungumálaútgáfum hennar.

2) Villan varðar umbreytingarfyrirkomulag vegna setningar á markað á birgðum af vínræktarafurðum sem mælt er fyrir um í 15. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/934. Reglugerð (EB) nr. 606/2009 gilti til 6. desember 2019. Framseld reglugerð (ESB) 2019/934 öðlaðist gildi 27. júní 2019. Til að gefa rekstraraðilum nægjanlegan tíma til að laga sig að nýju reglunum var ákveðið að dagurinn þegar sú reglugerð kæmi til framkvæmda yrði 7. desember 2019.

3) Umbreytingarfyrirkomulaginu sem kveðið er á um í 15. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/934 var því ætlað að heimila að vínræktarafurðir, sem voru framleiddar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 606/2009 fyrir þann dag þegar framseld reglugerð (ESB) 2019/934 kæmi til framkvæmda, væru settar á markað. Í 15. gr. er hins vegar vísað til gildistökudags framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/934 í stað þess að vísa til dagsins þegar hún kemur til framkvæmda. Þetta hafði þær ótilætluðu afleiðingar að ekki má setja á markað vínræktarafurðir úr nýrri uppskeru ársins 2019 sem eru framleiddar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 606/2009 ef þær voru framleiddar á gildistökudeginum eða eftir hann.

4) Til að heimila að setja á markað vínræktarafurðir sem eru framleiddar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 606/2009 á tímabilinu á milli 27. júní og 6. desember 2019 ætti að leiðrétta það umbreytingarfyrirkomulag sem mælt er fyrir um í 15. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/934 til að það nái til þess tímabils.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 129, 24.4.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 273/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/934 frá 12. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar vínræktarsvæði þar sem auka má alkóhólstyrkleikann, leyfilegar vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir sem eiga við um framleiðslu og varðveislu vínræktarafurða, lágmarkshlutfall alkóhóls í aukaafurðum og ráðstöfun þeirra og birtingu skráa Alþjóðavínstofnunarinnar (Stjtíð. ESB L 149, 7.6.2019, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009 frá 10. júlí 2009 um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 að því er varðar flokka vínræktarafurða, vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir þar að lútandi (Stjtíð. ESB L 193, 24.7.2009, bls. 1).

5) Því ætti að leiðrétta framselda reglugerð (ESB) 2019/934 til samræmis við það.

6) Leiðrétta verður villuna í framseldri reglugerð (ESB) 2019/934 til að heimila setningu vínræktarafurða, sem eru framleiddar á tímabilinu á milli 27. júní og 6. desember 2019, á markað. Af þeim sökum ætti þessi leiðréttingarreglugerð að öðlast gildi afturvirkt frá og með 27. júní 2019.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 15. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/934 kemur eftirfarandi:

„15. gr.

Umbreytingarfyrirkomulag

Afhenda má til manneldis birgðir vínræktarafurða sem voru framleiddar áður en þessi reglugerð kom til framkvæmda, í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir þann dag.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 27. júní 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. febrúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/34 **2022/EES/72/72**

frá 17. október 2018

um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar umsóknir um vernd fyrir upprunatáknanir, landfræðilegar merkingar og hefðbundin heiti í víngeiranum, andmælameðferð, breytingar á forskriftum fyrir afurðir, skrána yfir vernduð heiti, afturköllun verndar og notkun tákna og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1306/2013 að því er varðar viðeigandi kerfi fyrir eftirlit (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 ([1]), einkum 110. gr. (b-, c- og e-lið 1. mgr.), 110. gr. (2. mgr.), 111. gr., 115. gr. (1. mgr.) og 123. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1306/2013 frá 17. desember 2013 um fjármögnun, stjórnun og eftirlit með sameiginlegu landbúnaðarstefnunni og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 352/78, (EB) nr. 165/94, (EB) nr. 2799/98, (EB) nr. 814/2000, (EB) nr. 1290/2005 og (EB) nr. 485/2008 ([2]), einkum 4. mgr. 90. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 felldi úr gildi og kom í stað reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1234/2007 ([3]). Í ákvæðum 2. og 3. þáttar I. kafla II. bálks II. hluta reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 er mælt fyrir um reglur um upprunatáknanir, landfræðilegar merkingar, hefðbundin heiti og merkingar og kynningar í víngeiranum. Í þessum 2. og 3. þætti er framkvæmdastjórninni einnig falið vald til að samþykkja framseldar gerðir og framkvæmdargerðir. Samþykkja þarf nýjar reglur með slíkum gerðum til að tryggja snurðulausa starfsemi markaðsins með vín innan nýja lagaramm-ans. Þessar gerðir ættu að koma í staðinn fyrir ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 607/2009 ([4]) sem er felld úr gildi með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/33 ([5]).

2) Reynslan sem fengist hefur af beitingu reglugerðar (EB) nr. 607/2009 hefur sýnt að núgildandi málsmeðferðarreglur við skráningu, breytingu og afturköllun upprunatáknana og landfræðilegra merkinga geta verið flóknar, íþyngjandi og tímafrekar. Reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 hefur skapað lagalegt tómarúm, einkum að því er varðar þá málsmeðferð sem skal fylgja varðandi breytingar á forskriftum fyrir afurðir. Málsmeðferðarreglur varðandi upprunatáknanir og landfræðilegar merkingar í víngeiranum samræmast ekki reglunum sem gilda um gæðakerfi í geirum matvæla, brenndra drykkja og kryddvíns í lögum Sambandsins. Þetta skapar ósamræmi í því hvernig haga á framkvæmd innan þessarar greinar hugverkaréttar. Taka ætti á þessu misræmi í ljósi réttarins til að njóta verndar hugverkaréttinda sem komið var á með 2. mgr. 17. gr. sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi. Því ætti með þessari reglugerð að einfalda, skýra, fullgera og samræma viðeigandi málsmeðferðarreglur. Byggja ætti málsmeðferðarreglur, að því marki sem mögulegt er, á þeim skilvirku og þrautreyndu málsmeðferðarreglum til verndunar hugverkaréttinda í tengslum við

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 9, 11.1.2019, bls. 46. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 273/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671.

([2]) Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 549.

([3]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007 frá 22. október 2007 um sameiginlegt markaðskerfi í landbúnaði og um sértæk ákvæði varðandi tilteknar landbúnaðarvörur (reglugerðin um eitt sameiginlegt markaðskerfi) (Stjtíð. ESB L 299, 16.11.2007, bls. 1).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 607/2009 frá 14. júlí 2009 þar sem mælt er fyrir um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 um verndaðar upprunatáknanir, verndaðar, landfræðilegar merkingar, hefðbundin heiti, merkingu og framsetningu tiltekinna vínafurða (Stjtíð. ESB L 193, 24.7.2009, bls. 60).

([5]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/33 frá 17. október 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar umsóknir um vernd fyrir upprunatáknanir, landfræðilegar merkingar og hefðbundin heiti í víngeiranum, andmælameðferð, takmarkanir á notkun, breytingar á forskriftum fyrir afurðir, afturköllun verndar og merkingu og kynningu (Stjtíð. ESB L 9, 11.1.2019, bls. 2).

landbúnaðarafurðir og matvæli sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1151/2012 ([6]), framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 664/2014 ([7]) og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 668/2014 ([8]) og aðlaga þær til að taka til greina séreinkenni víngeirans.

3) Upprunatáknanir og landfræðilegar merkingar eru órjúfanlega tengdar við yfirráðasvæði aðildarríkjanna. Landsbundin yfirvöld og staðaryfirvöld búa yfir bestu sérþekkingu og vitneskju um þær staðreyndir sem málið varða. Þetta ætti að endurspeglast í viðkomandi málsmeðferðarreglum, með tilliti til nálægðarreglunnar sem sett er fram í 3. mgr. 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.

4) Til glöggvunar ætti að setja fram í smáatriðum tiltekin skref málsmeðferðarinnar sem gildir um umsókn um vernd upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar í víngeiranum.

5) Mæla ætti fyrir um viðbótarreglur um sameiginlegar umsóknir sem varða fleiri en eitt landsbundið yfirráðasvæði.

6) Til að einu skjölin geti verið samræmd og sambærileg er nauðsynlegt að tilgreina lágmarksinnihald sem koma ætti fram í slíkum skjölum. Ef um er að ræða upprunatáknanir ætti að leggja sérstaka áherslu á lýsinguna á tengslunum á milli gæða og einkenna vörunnar og tiltekins landfræðilegs umhverfis. Ef um er að ræða landfræðilegar merkingar ætti að leggja sérstaka áherslu á að skilgreina tengslin á milli sérstakra gæða, orðspors eða annarra einkenna og landfræðilegs uppruna vörunnar.

7) Í forskriftinni fyrir afurðina ætti að lýsa því afmarkaða landsvæði upprunatáknana og landfræðilegra merkinga sem sóst er eftir vernd fyrir, á sundurliðaðan, nákvæman og ótvíræðan hátt sem gerir framleiðendum, lögbærum yfirvöldum og eftirlitsyfirvöldum kleift að starfa á öruggum, endanlegum og áreiðanlegum grunni.

8) Til að tryggja snurðulausa virkni kerfisins er nauðsynlegt að setja samræmdar reglur um höfnunarstig málsmeðferðarinnar sem gilda um umsóknir um vernd. Einnig er þörf fyrir samræmdar reglur varðandi innihald umsókna um breytingar á vegum Sambandsins, almennar breytingar og tímabundnar breytingar og varðandi innihald beiðna um afturköllun.

9) Í þágu réttarvissu ætti að setja fasta fresti varðandi höfnunarferlið og koma á viðmiðunum um auðkenningu á upphafsdagsetningum umræddra fresta.

10) Til að tryggja að fyrir hendi séu samræmdar og skilvirkar málsmeðferðir ætti að leggja fram eyðublöð fyrir framlagningu á umsóknum, andmælum, breytingum og afturköllunum.

11) Til að tryggja gagnsæi og samræmi á milli aðildarríkja er nauðsynlegt að samþykkja reglur um innihald og form rafrænu skrárinnar yfir verndaðar upprunatáknanir og verndaðar landfræðilegar merkingar sem komið var á fót skv. 104. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 (hér eftir nefnd skráin). Skráin er rafrænt gagnasafn sem er geymt í upplýsingakerfi og er aðgengilegt almenningi. Færa ætti öll gögn sem tengjast vernduðum upprunatáknunum og vernduðum landfræðilegum merkingum sem er að finna í eldri skránni sem var komið á fót í rafræna gagnasafninu „e-Bacchus“, sem um getur í 18 gr. reglugerðar (EB) nr. 607/2009, inn í skrána á gildistökudegi þessarar reglugerðar.

12) Taka ætti gildandi reglur um notkun Evrópusambandstáknsins fyrir verndaðar upprunatáknanir og verndaðar landfræðilegar merkingar fyrir landbúnaðarafurðir og matvæli, sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 668/2014, óbreyttar inn til að gera neytendum kleift að bera kennsl á vín sem ber verndaða upprunatáknun eða verndaða landfræðilega merkingu.

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1151/2012 frá 21. nóvember 2012 um gæðakerfi fyrir landbúnaðarafurðir og matvæli (Stjtíð. ESB L 343, 14.12.2012, bls. 1).

([7]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 664/2014 frá 18. desember 2013 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1151/2012 að því er varðar stofnun Evrópusambandstákna fyrir verndaðar upprunatáknanir, verndaðar landfræðilegar merkingar og hefðbundnar afurðir eða matvæli sem viðurkennt er að hafi tiltekin sérkenni og að því er varðar tilteknar reglur um uppruna, tilteknar málsmeðferðarreglur og tilteknar viðbótarumbreytingarreglur (Stjtíð. ESB L 179, 19.6.2014, bls. 17).

([8]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 668/2014 frá 13. júní 2014 um reglur vegna beitingar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1151/2012 um gæðakerfi fyrir landbúnaðarafurðir og matvæli (Stjtíð. ESB L 179, 19.6.2014, bls. 36).

13) Virðisauki verndaðrar upprunatáknunar eða verndaðrar landfræðilegrar merkingar byggist á virðisábyrgðunum sem neytendum eru veittar. Kerfið er einungis marktækt ef því fylgir skilvirk auðkenning, eftirlit og endurskoðun sem felst m.a. í kerfi fyrir eftirlit á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar, sem er stjórnað af lögbærum yfirvöldum sem aðildarríkin tilnefna í samræmi við 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 882/2004 ([9]). Í þessu samhengi er nauðsynlegt að líta til reglna um eftirlit, opinbert eftirlit og úttektir sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 882/2004 og aðlaga þær að rekstri sem varðar verndaðar upprunatáknanir og verndaðar landfræðilegar merkingar í víngeiranum.

14) Setja ætti reglur að því er varðar eftirlit með vínum sem bera verndaða upprunatáknun eða verndaða landfræðilega merkingu sem varðar landsvæði í þriðja landi.

15) Faggilding eftirlitsyfirvalda ætti að fara fram í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 ([10]) og ætti að fara að alþjóðastöðlum sem þróaðir eru af Staðlasamtökum Evrópu (CEN) og Alþjóðlegu staðlasamtökunum (ISO). Faggilt eftirlitsyfirvöld ættu að fara að þessum stöðlum í starfi sínu.

16) Rétt þykir, til að gefa Kýpur nægilegan tíma til að aðlaga og samstilla eftirlitskerfi sitt við ákvæði reglugerðar (EB) nr. 765/2008, að veita henni undanþágu frá kröfunni um að vottunaraðilar skuli fara að ISO-stöðlum í tvö ár frá gildistöku þessarar reglugerðar.

17) Veita ætti aðildarríkjum heimild til að innheimta gjöld af rekstraraðilum til að standa undir kostnaðinum við að koma á fót og reka eftirlitskerfið.

18) Til að tryggja samræmi á milli aðildarríkja í því hvernig heiti, sem eru færð í skrána, eru vernduð gegn óréttmætri notkun og hvernig komið er í veg fyrir notkun aðferða sem eru líklegar til að villa um fyrir notendum ætti að mæla fyrir um samræmd skilyrði varðandi þær aðgerðir sem ætti að framkvæma á vettvangi aðildarríkjanna að því er þetta varðar.

19) Aðildarríki ættu að senda framkvæmdastjórninni heiti og heimilisföng lögbæru yfirvaldanna og eftirlitsaðilanna. Til að greiða fyrir samræmingu og samstarfi meðal aðildarríkjanna, að því er varðar eftirlitskerfi sem eru til staðar fyrir verndaðar upprunatáknanir og verndaðar landfræðilegar merkingar, ætti framkvæmdastjórnin að birta þessi heiti og heimilisföng opinberlega. Lögbær yfirvöld þriðju landa ættu að senda upplýsingar til framkvæmdastjórnarinnar um eftirlit sem er í gildi í þeim löndum, fyrir heiti sem njóta verndar í Sambandinu, í því skyni að kanna samræmi eftirlitskerfisins.

20) Fyrir sakir skýrleika og gagnsæis og í þágu þess að tryggja samræmda beitingu laga Sambandsins er nauðsynlegt að mæla fyrir um sértæk tæknileg ákvæði um eðli og innihald eftirlitsins, sem framkvæma skal á ársgrundvelli til viðbótar við reglurnar um samstarf milli aðildarríkja um það efni, einkum með vísan í ákvæði framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/273 ([11]).

21) Til að tryggja að hefðbundin heiti sem sóst er eftir vernd fyrir uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 og í þágu réttarvissu er nauðsynlegt að koma á nákvæmum reglum um málsmeðferð fyrir umsóknir um vernd, andmæli, breytingu eða afturköllun á hefðbundnum heitum tiltekinna vínræktarafurða. Í þessum reglum ætti að tilgreina upplýsingar að því er varðar innihald umsóknarinnar, sem og í tengslum við viðeigandi viðbótarupplýsingar og fylgiskjöl sem krafist er, fresti sem skal virða og samskipti milli framkvæmdastjórnarinnar og þeirra aðila sem koma að hverri málsmeðferð fyrir sig.

22) Setja ætti sértækar reglur um skráningu og færslu á hefðbundnum heitum inn í skrá Sambandsins til að neytendur og rekstraraðilar í viðskiptum geti komist að því hvaða hefðbundnu heiti njóta verndar í Sambandinu. Til að tryggja að skráin sé öllum aðgengileg skal hún vera aðgengileg á rafrænu formi.

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt (Stjtíð. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1).

([10]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum og um niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 339/93 (Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30).

([11]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/273 frá 11. desember 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar fyrirkomulag við veitingu leyfa til plöntunar á vínvið, skrána yfir vínekrur, fylgiskjöl og vottun, innfærslu- og útfærsluskrána, lögboðnar yfirlýsingar, tilkynningar og birtingu tilkynntra upplýsinga og um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1306/2013 að því er varðar viðeigandi eftirlit og viðurlög, um breytingu á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 555/2008, (EB) nr. 606/2009 og (EB) nr. 607/2009 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 436/2009 og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/560 (ESB) 2015/560 (Stjtíð. ESB L 58, 28.2.2018, bls. 1).

23) Í ljósi efnahagslegs mikilvægis hefðbundinna heita og til að sjá til þess að ekki sé villt um fyrir neytendum, ættu landsbundin yfirvöld að gera ráðstafanir gegn ólögmætri notkun hefðbundinna heita og banna markaðssetningu slíkra afurða.

24) Til að auka skilvirkni í rekstri stjórnsýslu og með tilliti til fenginnar reynslu af notkun á upplýsingakerfum sem framkvæmdastjórnin hefur komið upp skal einfalda samskiptin milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar og skiptast skal á upplýsingum í samræmi við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1183 ([12]) og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1185 ([13]).

25) Framkvæmdastjórnin hefur komið á fót upplýsingakerfinu „E-Ambrosia“ til að halda utan um umsóknir um vernd og um breytingar á forskriftum fyrir afurðir með verndaðar upprunatáknanir og landfræðilegar merkingar í víngeiranum. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin ættu að halda áfram að nota þetta kerfi til samskipta varðandi málsmeðferðir sem tengjast umsóknum um vernd og um samþykki fyrir breytingum. Vegna hins stranga faggildingakerfis ætti hins vegar ekki að nota þetta kerfi til samskipta við aðildarríki varðandi málsmeðferð vegna andmæla og beiðna um afturköllun og ekki ætti að nota það til samskipta við þriðju lönd. Þess í stað ættu aðildarríki, lögbær yfirvöld og atvinnugreinasamtök þriðju landa, sem og einstaklingar eða lögaðilar sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta samkvæmt þessari reglugerð, að eiga samskipti við framkvæmdastjórnina í gegnum tölvupóst að því er varðar málsmeðferð vegna andmæla og beiðna um afturkallanir.

26) Enn er ekki haldið utan um umsóknir um skráningu, breytingu eða afturköllun á hefðbundnum heitum með miðlægu upplýsingakerfi. Þess í stað ætti að halda áfram að leggja þessar umsóknir fram í gegnum tölvupóst, á eyðublöðunum sem sett eru fram í VIII. til XI. viðauka. Öll önnur samskipti eða upplýsingaskipti varðandi hefðbundin heiti ættu einnig að fara fram í gegnum tölvupóst.

27) Skilgreina ætti hvernig framkvæmdastjórnin gerir upplýsingar um verndaðar upprunatáknanir og verndaðar landfræðilegar merkingar og hefðbundin heiti í víngeiranum aðgengilegar almenningi.

28) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

INNGANGSÁKVÆÐI

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um beitingu ákvæða reglugerðar (ESB) nr. 1306/2013 og (ESB) nr. 1308/2013, eftir því sem við á, varðandi verndaðar upprunatáknanir, verndaðar, landfræðilegar merkingar og hefðbundin heiti í víngeiranum, að því er varðar:

a) umsóknir um vernd,

b) andmælameðferð,

c) breytingar á forskriftum fyrir afurðir og breytingar á hefðbundnum heitum,

d) skrána,

([12]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1183 frá 20. apríl 2017 um viðbætur við reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1307/2013 og (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar miðlun á upplýsingum og skjölum til framkvæmdastjórnarinnar (Stjtíð. ESB L 171, 4.7.2017, bls. 100).

([13]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1185 frá 20. apríl 2017 um reglur um beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1307/2013 og (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar miðlun á upplýsingum og skjölum til framkvæmdastjórnarinnar og um breytingu og niðurfellingu á nokkrum reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (Stjtíð. ESB L 171, 4.7.2017, bls. 113).

e) afturköllun verndar,

f) notkun Evrópusambandstákna,

g) eftirlit,

h) samskipti.

II. KAFLI

VERNDAÐAR UPPRUNATÁKNANIR OG LANDFRÆÐILEGAR MERKINGAR

1. ÞÁTTUR

Umsókn um vernd

2. gr.

Umsóknir aðildarríkja um vernd

Þegar aðildarríki senda umsókn um vernd til framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 96. gr. (5. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 skulu þau láta fylgja rafræna tilvísun í birtinguna á forskriftinni fyrir afurðina, sem um getur í 97. gr. (3. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, og yfirlýsinguna sem um getur í 6. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/33.

3. gr.

Umsóknir þriðju landa um vernd

Umsóknir um vernd sem varða landsvæði í þriðja landi skulu lagðar fram af stökum framleiðanda í skilningi 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/33 eða hópi framleiðenda sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta, annaðhvort beint til framkvæmdastjórnarinnar eða í gegnum yfirvöld þess þriðja lands og skulu að auki uppfylla kröfurnar í 3. mgr. 94. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

4. gr.

Sameiginlegar umsóknir

1. Eitt hlutaðeigandi aðildarríkja eða umsækjandi, í skilningi 3. gr., í einu þeirra þriðju landa sem um ræðir, skal leggja sameiginlega umsókn, eins og um getur í 3. mgr. 95. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, fyrir framkvæmdastjórnina, annaðhvort beint eða í gegnum yfirvöld þess þriðja lands. Kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 94. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 og í 2. og 3. gr. þessarar reglugerðar, skulu uppfylltar í öllum hlutaðeigandi aðildarríkjum og þriðju löndum.

2. Aðildarríki, þriðja land eða umsækjandi í skilningi 3. gr. sem hefur staðfestu í þriðja landi, sem leggur fyrir framkvæmdastjórnina sameiginlega umsókn eins og um getur í 1. mgr., verður viðtakandi allra tilkynninga eða ákvarðana sem framkvæmdastjórnin gefur út.

5. gr.

Eitt skjal

1. Eina skjalið sem um getur í d-lið 1. mgr. 94. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 skal m.a. innihalda eftirfarandi meginþætti forskriftarinnar fyrir afurðina:

a) heitið sem á að njóta verndar sem upprunatáknun eða landfræðileg merking,

b) aðildarríkið eða þriðja landið sem afmarkaða svæðið tilheyrir,

c) tegund landfræðilegrar merkingar,

d) lýsingu á víninu eða vínunum,

e) flokka vínræktarafurða,

f) hámarksafrakstur á hektara,

g) merkingu vínþrúguyrkisins eða -yrkjanna sem vínið eða vínin eru gerð úr,

h) nákvæma skilgreiningu á afmarkaða landsvæðinu,

i) lýsingu á tengslunum sem um getur í i. lið a-liðar eða i. lið b-liðar 1. mgr. 93. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013,

j) eftir atvikum, tilgreindar vínfræðilegar vinnsluaðferðir sem notaðar eru til að framleiða vínið eða vínin, ásamt takmörkunum sem skipta máli varðandi framleiðslu þeirra,

k) eftir atvikum, sértækar reglur um umbúðir og merkingar og aðrar nauðsynlegar og viðeigandi kröfur.

2. Lýsingin á tengslunum sem um getur í i. lið 1. mgr. skal innihalda:

a) ef um er að ræða upprunatáknun, lýsingu á orsakatengslunum milli gæða og einkenna afurðarinnar og landfræðilega umhverfisins ásamt eðlislægum náttúrulegum og mannlegum þáttum þess sem tengjast þeim í grundvallaratriðum eða eingöngu, þ.m.t., eftir atvikum, þættir afurðalýsingarinnar eða framleiðsluaðferðarinnar sem réttlæta tengslin,

b) ef um er að ræða landfræðilega merkingu, lýsingu á orsakatengslunum á milli landfræðilega upprunans og viðkomandi sérstakra gæða, orðspors eða annarra einkenna afurðarinnar sem rekja má til landfræðilegs uppruna hennar, ásamt yfirlýsingu sem gefur til kynna á hverjum hinna tilgreindu þátta — sérstakra gæða, orðspors eða annarra einkenna sem rekja má til landfræðilegs uppruna afurðarinnar — orsakatengslin byggjast. Lýsingin má einnig varða þætti afurðalýsingarinnar eða framleiðsluaðferðarinnar sem réttlæta orsakatengslin.

Ef umsókn varðar ólíka flokka vínræktarafurða skal sýna fram á upplýsingarnar sem sanna tengslin fyrir sérhverja vínræktarafurð sem um ræðir.

3. Eina skjalið skal tekið saman í samræmi við eyðublaðið sem er hægt að nálgast í gegnum upplýsingakerfin sem um getur í a-lið 1. mgr. 30. gr. Þriðju lönd skulu nota fyrirmyndina fyrir einu skjölin sem er sett fram í I. viðauka.

6. gr.

Landsvæði

Afmarkaða landsvæðið skal skilgreint á nákvæman hátt sem býður ekki upp á neina tvíræðni og vísar eftir því sem mögulegt er til efnislegra eða stjórnsýslulegra marka.

7. gr.

Grannskoðunarferli

1. Ef tæk umsókn uppfyllir ekki skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. undirþætti 2. þáttar I. kafla II. bálks II. hluta reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 skal framkvæmdastjórnin tilkynna aðildarríkinu eða yfirvöldum þriðja landsins eða umsækjandanum sem hefur staðfestu í viðkomandi þriðja landi um ástæður synjunar og gefa frest til að draga umsóknina til baka eða breyta henni eða til að leggja fram athugasemdir.

Ef, að þeim upplýsingum fengnum, umtalsverðar breytingar eru gerðar á forskriftinni fyrir afurðina áður en ný útgáfa eina skjalsins er send til framkvæmdastjórnarinnar skal birta þær breytingar þannig að það nægi til að einstaklingar eða lögaðilar, sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta og hafa staðfestu eða búsetu á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis, geti lagt fram andmæli. Rafræna tilvísunin í birtri útgáfu forskriftarinnar fyrir afurðina skal uppfærð og skal leiða til samsteyptrar útgáfu af fyrirhugaðri forskrift fyrir afurðina.

2. Ef yfirvöld aðildarríkisins eða þriðja landsins eða umsækjandinn sem hefur staðfestu í viðkomandi þriðja landi ræður ekki bót á þeim hindrunum sem standa í vegi fyrir veitingu verndar innan frestsins sem veittur er skal framkvæmdastjórnin hafna umsókninni í samræmi við 4. mgr. 97. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

3. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um að hafna viðkomandi umsókn skal byggjast á þeim skjölum og upplýsingum sem hún hefur aðgang að. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna yfirvöldum aðildarríkisins eða þriðja landsins eða umsækjandanum sem hefur staðfestu í viðkomandi þriðja landi um þá ákvörðun að hafna umsókninni.

2. ÞÁTTUR

Andmælameðferð

8. gr.

Málsmeðferðarreglur vegna andmæla

1. Rökstudd yfirlýsing um andmæli eins og um getur í 98. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 og 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/33 skal innihalda:

a) tilvísunina í heitið, sem andmælin varða, sem birt var í L-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins*,

b) heiti og samskiptaupplýsingar yfirvaldsins eða aðilans sem lagði fram andmælin,

c) lýsingu á lögmætum hagsmunum einstaklingsins eða lögaðilans sem lagði fram andmælin, að undanskildum landsbundnum yfirvöldum sem hafa réttarstöðu lögaðila í réttarkerfi þess lands,

d) tilgreiningu á ástæðunum fyrir andmælunum, eins og um getur í 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/33,

e) upplýsingar um staðreyndir málsins, sönnunargögn og athugasemdir sem styðja við andmælin.

Henni mega fylgja fylgiskjöl ef við á.

Ef andmælin byggjast á tilveru eldra vörumerkis sem nýtur orðspors og orðstírs skal eftirfarandi fylgja andmælunum:

a) sönnun fyrir umsókn um eða skráningu á eldra vörumerkinu eða sönnun fyrir notkun þess og

b) sönnun fyrir orðspori og orðstír þess.

Upplýsingarnar og sönnunargögnin sem leggja skal fram til stuðnings þess að eldra vörumerki hafi verið notað skulu fela í sér upplýsingar varðandi staðsetningu, tímalengd, umfang og eðli notkunar eldra vörumerkisins og um orðspor þess og orðstír.

Útbúa skal rökstudda yfirlýsingu um andmæli í samræmi við eyðublaðið sem sett er fram í II. viðauka.

2. Þriggja mánaða tímabilið sem um getur í 1. mgr. 12. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/33 skal hefjast á þeim degi þegar boðið um að taka þátt í viðræðufundum er afhent hagsmunaaðilum með rafrænum hætti.

3. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni um niðurstöður viðræðufundanna sem um getur í 3. og 4. mgr. 12. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/33 innan eins mánaðar frá lokum viðræðnanna, í samræmi við eyðublaðið sem sett er fram í III. viðauka við þessa reglugerð.

3. ÞÁTTUR

Breytingar á forskrift fyrir afurð

9. gr.

Umsóknir um breytingar á vegum Sambandsins

1. Umsókn um breytingu á vegum Sambandsins á forskrift fyrir afurð, eins og um getur í 105. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 og 15. og 16. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/33, skal innihalda:

a) tilvísunina í verndaða heitið sem breytingin varðar,

b) heiti umsækjanda og lýsingu á lögmætum hagsmunum umsækjandans,

c) yfirskriftina í forskriftinni fyrir afurðina sem breytingin hefur áhrif á,

d) tæmandi lýsingu á og sérstakar ástæður fyrir hverri breytingu sem lögð er til,

e) samsteypt og tilhlýðilega útfyllt eitt skjal, með breytingum,

f) rafrænu tilvísunina í birta útgáfu samsteyptrar og tilhlýðilega útfylltrar forskriftar fyrir afurðina, með breytingum.

2. Umsókn um breytingu á vegum Sambandsins skal tekin saman í samræmi við eyðublaðið sem er hægt að nálgast í gegnum upplýsingakerfin sem um getur í a-lið 1. mgr. 30. gr. Þriðju lönd skulu nota eyðublaðið sem sett er fram í IV. viðauka.

Breytta eina skjalið skal tekið saman í samræmi við 5. gr. Rafræna tilvísunin í birta útgáfu forskriftarinnar fyrir afurðina skal leiða til samsteyptrar útgáfu af fyrirhugaðri forskrift fyrir afurðina. Umsókn frá þriðja landi getur innihaldið afrit af samsteyptri útgáfu forskriftarinnar fyrir afurðina í stað rafrænu tilvísunarinnar í útgefna útgáfu forskriftarinnar fyrir afurð.

3. Upplýsingarnar, sem birta skal skv. 3. mgr. 97. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, skulu innihalda tilhlýðilega útfylltu umsóknina sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

10. gr.

Orðsending um almenna breytingu

1. Orðsending um almenna breytingu á forskrift fyrir afurð, sem um getur í 17. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/33, skal innihalda:

a) tilvísunina í verndaða heitið sem almenna breytingin varðar,

b) lýsingu á og ástæður fyrir samþykktum breytingum,

c) ákvörðunina um að samþykkja almennu breytinguna eins og um getur í 2. og 3. mgr. 17. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/33,

d) samsteypta eina skjalið, með breytingum, ef við á,

e) rafrænu tilvísunina í birta útgáfu samsteyptu forskriftarinnar fyrir afurðina, með breytingum.

2. Orðsending frá aðildarríki skal innihalda yfirlýsingu frá því aðildarríki um að það telji samþykktu breytinguna samræmast kröfunum í reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 og framseldri reglugerð (ESB) 2019/33.

3. Ef um er að ræða afurðir upprunnar í þriðju löndum skal orðsendingin frá yfirvöldunum í þriðja landinu eða frá umsækjanda í skilningi 3. gr., sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta, innihalda sannanir fyrir því að breytingin gildi í þriðja landinu. Í stað tilvísunarinnar í birtu útgáfuna getur hún innihaldið samsteyptu forskriftina fyrir afurðina eins og hún var birt opinberlega.

4. Nota skal eyðublaðið sem hægt er að nálgast í gegnum upplýsingakerfin sem um getur í a-lið 1. mgr. 30. gr. fyrir orðsendingarnar sem um getur í 1. og 2. mgr.

5. Nota skal eyðublaðið sem sett er fram í V. viðauka fyrir orðsendingarnar sem um getur í 3. mgr.

11. gr.

Orðsending um tímabundna breytingu

1. Orðsending um tímabundna breytingu á forskrift fyrir afurð, sem um getur í 18. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/33, skal innihalda:

a) tilvísunina í verndaða heitið sem hún varðar,

b) lýsingu á samþykktu tímabundnu breytingunni ásamt ástæðum sem styðja tímabundnu breytinguna sem um getur í 2. mgr. 14. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/33,

c) rafrænu tilvísunina í birta útgáfu landsbundnu ákvörðunarinnar um að samþykkja tímabundnu breytinguna.

2. Orðsending frá aðildarríki skal innihalda yfirlýsingu frá því aðildarríki um að það telji samþykktu breytinguna samræmast kröfunum í reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 og framseldri reglugerð (ESB) 2019/33.

3. Ef um er að ræða afurðir upprunnar í þriðju löndum skal orðsendingin frá yfirvöldunum í þriðja landinu eða frá umsækjanda í skilningi 3. gr., sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta, innihalda sannanir fyrir því að breytingin gildi í þriðja landinu. Í stað tilvísunarinnar í birtu útgáfuna getur hún innihaldið samsteyptu forskriftina fyrir afurðina eins og hún var birt opinberlega.

4. Nota skal eyðublaðið sem hægt er að nálgast í gegnum upplýsingakerfin sem um getur í a-lið 1. mgr. 30. gr. fyrir orðsendingarnar sem um getur í 1. og 2. mgr.

5. Nota skal eyðublaðið sem sett er fram í VI. viðauka fyrir orðsendingarnar sem um getur í 3. mgr.

4. ÞÁTTUR

Skrá

12. gr.

Skrá

1. Við gildistöku ákvörðunar um að veita vernd fyrir heiti upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar skal framkvæmdastjórnin skrá eftirfarandi gögn í rafrænu skrána yfir verndaðar upprunatáknanir og verndaðar, landfræðilegar merkingar sem komið var á fót í samræmi við 104. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013:

a) heitið sem á að njóta verndar sem upprunatáknun eða landfræðileg merking,

b) skrárnúmerið,

c) hvort heitið njóti verndar sem upprunatáknun eða landfræðileg merking,

d) heiti upprunalandsins eða -landanna,

e) dagsetningu skráningar,

f) rafræna tilvísun í lagagerninginn sem veitir heitinu vernd,

g) rafræna tilvísun í eina skjalið,

h) rafræna tilvísun í birta útgáfu forskriftarinnar fyrir afurðina, ef landsvæðið liggur innan yfirráðasvæðis aðildarríkis.

2. Þegar framkvæmdastjórnin samþykkir breytingu á forskrift fyrir afurð eða fær orðsendingu um samþykkta breytingu á forskrift fyrir afurð, sem felur í sér breytingu á þeim upplýsingum sem eru skráðar í skrána, skal hún skrá nýju gögnin frá og með gildistöku ákvörðunarinnar um að samþykkja breytinguna.

3. Þegar afturköllun tekur gildi skal framkvæmdastjórnin fjarlægja heitið úr skránni og halda eftir skráningu á afturkölluninni.

4. Færa skal öll gögn, sem eru til staðar í rafræna gagnasafninu „e-Bacchus“ sem um getur í 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 607/2009 á gildistökudegi þessarar reglugerðar, í rafrænu skrána sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

5. Skráin skal vera aðgengileg almenningi.

5. ÞÁTTUR

Afturköllun

13. gr.

Beiðnir um afturköllun

1. Beiðni um að afturkalla vernd fyrir upprunatáknun eða landfræðilega merkingu eins og um getur í 106. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 skal innihalda:

a) tilvísunina í verndaða heitið sem hún varðar,

b) heiti og samskiptaupplýsingar yfirvaldsins eða einstaklingsins eða lögaðilans sem vill láta afturkalla verndina,

c) lýsingu á lögmætum hagsmunum einstaklingsins eða lögaðilans sem vill láta afturkalla verndina, að undanskildum landsbundnum yfirvöldum sem hafa réttarstöðu lögaðila í réttarkerfi þess lands,

d) tilgreiningu á ástæðunni fyrir afturkölluninni,

e) upplýsingar um staðreyndir málsins, sönnunargögn og athugasemdir sem styðja við afturköllunarbeiðnina.

Henni mega fylgja fylgiskjöl ef við á.

Útbúa skal beiðni um afturköllun í samræmi við eyðublaðið í VII. viðauka.

6. ÞÁTTUR

Notkun á Evrópusambandstákninu

14. gr.

Evrópusambandstáknið

Evrópusambandstáknið sem gefur til kynna verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu, sem um getur í e-lið 1. mgr. 120. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, skal birt á því formi sem mælt er fyrir um í X. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 668/2014.

7. ÞÁTTUR

Eftirlit

15. gr.

Yfirvöld sem bera ábyrgð á að sannprófa að farið sé að forskrift fyrir afurð

1. Þegar ábyrg lögbær yfirvöld og eftirlitsaðilar framkvæma eftirlitið sem kveðið er á um í þessum þætti skulu þau fara að kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 882/2004.

2. Að því er varðar verndaðar upprunatáknanir og verndaðar, landfræðilegar merkingar sem varða landsvæði í þriðja landi skulu eftirfarandi aðilar framkvæma árlega sannprófun á því að farið sé að forskriftinni fyrir afurðina á framleiðslustiginu og meðan á formeðhöndlun vínsins stendur eða að henni lokinni:

a) eitt eða fleiri opinber yfirvöld sem þriðja landið tilnefnir eða

b) einn eða fleiri vottunaraðilar.

3. Eftirlitsyfirvöldin sem um getur í 3. mgr. 90. gr. reglugerðar (ESB) 1306/2013 og einn eða fleiri vottunaraðilar sem um getur í b-lið 2. mgr. þessarar greinar skulu uppfylla, og vera faggilt í samræmi við, alþjóðlega staðalinn ISO/IEC 17065:2012.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. og í tvö ár frá gildistökudegi þessarar reglugerðar skal Kýpur ekki vera bundin af skuldbindingunni um að uppfylla, og vera faggilt í samræmi við, alþjóðlega staðalinn ISO/IEC 17065:2012.

4. Ef yfirvaldið sem um getur í 2. mgr. 90. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1306/2013 og eitt eða fleiri yfirvöld, sem um getur í a-lið 2. mgr. þessarar greinar, sannprófa að farið sé að forskriftinni fyrir afurð skulu þau bjóða upp á viðunandi tryggingu fyrir hlutlægni og óhlutdrægni og hafa yfir að ráða sérmenntuðu starfsfólki og þeim tilföngum sem þarf til að þau geti sinnt störfum sínum.

5. Allir rekstraraðilar sem vilja taka þátt, í heild eða að hluta til, í framleiðslu eða, ef við á, pakkningu afurðar með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu skulu upplýsa lögbæra yfirvaldið sem um getur í 2. mgr. 90. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1306/2013 um það.

6. Veita skal aðildarríkjum heimild til að leggja gjöld á rekstraraðila sem sæta eftirliti til að standa undir kostnaðinum við að koma eftirlitskerfinu fót og reka það.

16. gr.

Aðgerðir sem aðildarríkin skulu framkvæma til að koma í veg fyrir ólögmæta notkun á vernduðum upprunatáknunum og vernduðum, landfræðilegum merkingum

Aðildarríkin skulu framkvæma eftirlit á grundvelli áhættugreiningar til að koma í veg fyrir eða stöðva ólögmæta notkun á vernduðum upprunatáknunum og vernduðum, landfræðilegum merkingum á afurðum sem eru framleiddar eða settar á markað á yfirráðasvæðum þeirra.

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að takast á við að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum, þ.m.t. stjórnsýslulegar og réttarfarslegar ráðstafanir.

Aðildarríkin skulu tilnefna yfirvöldin sem bera ábyrgð á þessum ráðstöfunum, í samræmi við málsmeðferðarreglur sem eru ákvarðaðar í hverju aðildarríki. Tilnefndu yfirvöldin skulu leggja fram viðeigandi tryggingar fyrir hlutlægni sinni og óhlutdrægni og hafa yfir að ráða sérmenntuðu starfsfólki og þeim tilföngum sem þarf til að það geti sinnt störfum sínum.

17. gr.

Samskipti milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni upplýsingar um lögbæra yfirvaldið sem um getur í 90. gr. (2. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 1306/2013, þ.m.t. yfirvöld sem um getur í 16. gr. þessarar reglugerðar og, eftir atvikum, eftirlitsaðila sem um getur í 90. gr. (3. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 1306/2013. Framkvæmdastjórnin skal birta opinberlega heiti og heimilisföng lögbæra yfirvaldsins eða lögbæru yfirvaldanna eða eftirlitsaðilanna.

18. gr.

Samskipti milli þriðju landa og framkvæmdastjórnarinnar

Þegar vín frá þriðju löndum njóta verndaðrar upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar skal hlutaðeigandi þriðja land senda framkvæmdastjórninni, að beiðni hennar:

a) upplýsingar um tilnefnd yfirvöld eða vottunaraðila sem framkvæma árlega sannprófun á því að farið sé að forskriftinni fyrir afurðina á meðan á framleiðslu stendur og meðan á formeðhöndlun vínsins stendur eða að henni lokinni,

b) upplýsingar þar sem fram kemur hvaða þættir falla undir eftirlitið,

c) sönnun fyrir því að umrætt vín uppfylli skilyrði viðkomandi upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar.

19. gr.

Árleg sannprófun

1. Árlega sannprófunin sem lögbæra yfirvaldið eða eftirlitsaðilarnir, sem um getur í 3. mgr. 90. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1306/2013, framkvæma skal samanstanda af:

a) skynmats- og greiningarprófun á afurðum sem bera upprunatáknun,

b) greiningarprófun eingöngu eða bæði skynmats- og greiningarprófun á afurðum sem bera landfræðilega merkingu,

c) athugun á því hvort önnur skilyrði sem sett eru fram í forskriftinni fyrir afurðina séu uppfyllt.

Árlega sannprófunin skal framkvæmd í aðildarríkinu þar sem framleiðsla í samræmi við forskriftina fyrir afurðina fer fram og skal gerð með einni eða fleiri eftirtöldum aðferðum:

a) með slembiathugunum á grundvelli áhættugreiningar,

b) með sýnatöku,

c) með kerfisbundnu eftirliti.

Þegar aðildarríki kjósa að framkvæma slembiathuganir sem um getur í a-lið annarrar undirgreinar skulu þau velja lágmarksfjölda rekstraraðila til að sæta þessu eftirliti.

Ef aðildarríkin kjósa að beita sýnatöku sem um getur í b-lið annarrar undirgreinar skulu þau tryggja að fjöldi, eðli og tíðni athugana séu dæmigerð fyrir allt afmarkaða landfræðilega svæðið sem um ræðir og séu í hlutfalli við það magn afurða úr víngeiranum sem er sett á markað eða geymt með það í huga að setja það á markað.

2. Prófanirnar sem um getur í a- og b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. skulu gerðar á nafnlausum sýnum og skulu sýna fram á að afurðin sem prófuð er samræmist þeim einkennum og gæðum sem lýst er í forskriftinni fyrir afurðina fyrir viðkomandi upprunatáknun eða landfræðilega merkingu.

Prófanirnar skulu gerðar hvenær sem er í framleiðsluferlinu og á pökkunarstiginu ef við á. Hvert sýni sem tekið er skal vera dæmigert fyrir viðkomandi vín sem rekstraraðilinn á til á lager.

3. Í þeim tilgangi að athuga fylgni við forskriftina fyrir afurðina, sem um getur í c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr., skal eftirlitsyfirvaldið:

a) framkvæma vettvangsskoðun á athafnasvæði rekstraraðila til að sannreyna að rekstraraðilarnir séu í raun færir um að uppfylla þau skilyrði sem mælt er fyrir um í forskriftinni fyrir afurðina,

b) framkvæma skoðun á afurðunum hvenær sem er í framleiðsluferlinu og á pökkunarstiginu, ef við á, á grundvelli skoðunaráætlunar sem nær til allra stiga framleiðslu afurðarinnar, sem eftirlitsyfirvaldið gerir fyrir fram og rekstraraðilar hafa vitneskju um.

4. Með árlegu sannprófuninni skal tryggja að vernduð upprunatáknun eða landfræðileg merking sé eingöngu notuð í tengslum við afurð þegar:

a) niðurstöður prófananna sem um getur í a- og b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. og í 2. mgr. sýna fram á að afurðin sem um ræðir standist skilyrðin í forskriftinni fyrir afurðina og búi yfir öllum viðeigandi eiginleikum sem krafist er fyrir þá upprunatáknun eða landfræðilegu merkingu sem um er að ræða,

b) skoðanir sem eru gerðar í samræmi við 3. mgr. staðfesta að önnur skilyrði sem skráð eru í forskriftinni fyrir afurðina séu uppfyllt.

5. Ef um er að ræða verndaða upprunatáknun eða landfræðilega merkingu sem nær yfir landamæri mega eftirlitsyfirvöld hvors hlutaðeigandi aðildarríkis sem er framkvæma sannprófunina.

6. Setja má afurð, sem uppfyllir ekki þau skilyrði sem sett eru fram 1. til 5. mgr., á markað en þá án viðkomandi upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar, að því tilskildu að önnur lagaskilyrði séu uppfyllt.

7. Þrátt fyrir 1. mgr. má framkvæma árlega sannprófun á pökkunarstigi afurðarinnar, á yfirráðasvæði annars aðildarríkis en þess þar sem framleiðslan átti sér stað, og þá gilda ákvæði 43. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/273.

Lögbær yfirvöld eða eftirlitsyfirvöld ólíkra aðildarríkja sem bera ábyrgð á að framkvæma eftirlit með verndaðri upprunatáknun eða verndaðri, landfræðilegri merkingu skulu vinna saman, einkum til að tryggja, með tilliti til skuldbindinga um pakkningar, að rekstraraðilar með staðfestu í öðru aðildarríki en því þar sem framleiðsla vínsins, sem er skráð með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu, fer fram uppfylli eftirlitsskyldurnar fyrir viðkomandi forskrift fyrir afurð.

8. Ákvæði 1. til 5. mgr. gilda um vín sem njóta landsbundinnar verndar á umbreytingargrundvelli skv. 8. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/33.

20. gr.

Greiningar- og skynmatsprófanir

Greiningar- og skynmatsprófunin sem um getur í a- og b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 19. gr. skal samanstanda af:

a) efnislegri og efnafræðilegri greiningu á viðkomandi víni með því að mæla eftirfarandi einkennandi eiginleika:

   i. heildaralkóhólstyrkleika og raunverulegan alkóhólstyrkleika,

   ii. heildarsykurinnihald, gefið upp sem frúktósi og glúkósi (þ.m.t. súkrósi þegar um er að ræða hálffreyðandi vín og freyðivín),

   iii. heildarsýruinnihald

   iv. innihald rokgjarnra sýra,

   v. heildarmagn brennisteinsdíoxíðs,

b) viðbótargreiningu á viðkomandi víni, þar sem eftirfarandi einkennandi eiginleikar eru mældir:

   i. koltvísýringur (hálffreyðandi vín og freyðivín, umframþrýstingur í börum við 20 °C),

   ii. allir aðrir einkennandi eiginleikar sem kveðið er á um í löggjöf aðildarríkja eða forskriftum fyrir afurðir fyrir viðkomandi verndaðar upprunatáknanir og landfræðilegar merkingar,

c) skynmatsprófun sem nær til útlits, lyktar og bragðs.

III. KAFLI

HEFÐBUNDIN HEITI

1. ÞÁTTUR

Umsóknir um vernd

21. gr.

Umsókn um vernd

1. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna eða þriðju landanna eða atvinnugreinasamtök með staðfestu í þriðju löndum skulu senda framkvæmdastjórninni umsókn um vernd fyrir hefðbundið heiti í samræmi við 3. mgr. 30. gr.

2. Þegar um er að ræða beiðni, sem atvinnugreinasamtök með staðfestu í þriðja landi leggja fram, skal umsækjandinn senda framkvæmdastjórninni upplýsingar um atvinnugreinasamtökin og aðila að þeim í samræmi við 3. mgr. 30. gr. Framkvæmdastjórnin skal birta þessar upplýsingar opinberlega.

2. ÞÁTTUR

Andmælameðferð

22. gr.

Framlagning andmæla

1. Aðildarríki, þriðja land, eða einstaklingur eða lögaðili sem á lögmætra hagsmuna að gæta getur lagt fram andmæli gegn umsókn um vernd á hefðbundnu heiti innan tveggja mánaða frá birtingardegi framkvæmdargerðarinnar, sem um getur í 3. mgr. 28. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/33, í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Andmæli skulu send framkvæmdastjórninni í samræmi við 3. mgr. 30. gr.

23. gr.

Skjöl sem styðja við andmæli

1. Tilhlýðilega rökstudd andmæli skulu innihalda upplýsingar um staðreyndir, sönnunargögn og athugasemdir, sem lögð eru fram til stuðnings andmælunum, ásamt viðeigandi fylgiskjölum.

2. Ef andmælin byggjast á tilveru eldra vörumerkis sem nýtur orðspors og orðstírs skal eftirfarandi fylgja andmælunum:

a) sönnun fyrir umsókn um eða skráningu á eldra vörumerkinu eða sönnun fyrir notkun þess og

b) sönnun fyrir orðspori og orðstír þess.

Upplýsingarnar og sönnunargögnin sem leggja skal fram til stuðnings þess að eldra vörumerki hafi verið notað skulu fela í sér upplýsingar varðandi staðsetningu, tímalengd, umfang og eðli notkunar eldra vörumerkisins og um orðspor þess og orðstír.

3. Ef upplýsingar um eldri rétt sem tilkall er gert til, ástæður, staðreyndir, sönnunargögn eða athugasemdir, eða fylgiskjölin, sem um getur í 1. og 2. mgr., eru ekki lögð fram á sama tíma og andmælin eða það vantar upplýsingar eða skjöl skal framkvæmdastjórnin tilkynna yfirvaldinu eða aðilanum sem lagði fram andmælin um það og gefa kost á að ráða bót á þeim ágöllum sem um ræðir innan tveggja mánaða. Ef ekki er ráðin bót á ágöllunum fyrir þann tíma skal framkvæmdastjórnin hafna andmælunum sem ótækum. Yfirvaldinu eða aðilanum sem lagði fram andmælin og aðildarríkinu eða yfirvaldi þriðja landsins eða atvinnugreinasamtökunum með staðfestu í viðkomandi þriðja landi skal tilkynnt um þá ákvörðun að hafna andmælum.

24. gr.

Framlagning aðila á umsögnum

1. Ef framkvæmdastjórnin tilkynnir umsækjandanum, sem lagði fram umsókn um vernd, um andmæli sem er ekki hafnað, í samræmi við 3. mgr. 23. gr., skal umsækjandinn leggja fram umsögn innan tveggja mánaða frá útgáfudegi slíkrar orðsendingar.

2. Óski framkvæmdastjórnin þess, meðan á grannskoðun hennar á andmælum stendur, skulu aðilarnir leggja fram athugasemdir um orðsendingarnar sem bárust frá hinum aðilunum, ef við á, innan tveggja mánaða frá útgáfu slíkrar beiðni.

3. ÞÁTTUR

Vernd fyrir hefðbundin heiti

25. gr.

Skráning

1. Við gildistöku ákvörðunar um að veita vernd fyrir hefðbundið heiti skal framkvæmdastjórnin skrá eftirfarandi gögn í rafrænu skrána yfir vernduð hefðbundin heiti:

a) heitið sem skal vernda sem hefðbundið heiti,

b) tegund hefðbundins heitis skv. 112. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013,

c) tungumálið sem um getur í 24. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/33,

d) flokk eða flokka vínræktarafurða sem verndin varðar,

e) tilvísun í landslöggjöf aðildarríkisins eða þriðja landsins þar sem hefðbundna heitið er skilgreint og reglufest, eða í reglur sem gilda um vínframleiðendur í þriðja landinu, þ.m.t. reglur atvinnugreinasamtaka ef landslöggjöf er ekki er til staðar í þessum þriðju löndum,

f) samantekt á skilgreiningunni eða skilyrðunum fyrir notkun,

g) heiti upprunalandsins eða -landanna,

h) dagsetning færslu á skrá.

2. Rafræna skráin yfir vernduð hefðbundin heiti skal gerð aðgengileg almenningi.

26. gr.

Framfylgd verndarinnar

Að því er varðar beitingu 113. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, þegar um er að ræða ólögmæta notkun verndaðra hefðbundinna heita, skulu lögbær landsyfirvöld, að eigin frumkvæði eða að beiðni aðila, gera allar ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða stöðva setningu viðkomandi afurða á markað, þ.m.t. útflutning þeirra.

4. ÞÁTTUR

Breyting og afturköllun

27. gr.

Beiðni um breytingu

1. Ákvæði 21. til 24. gr. skulu gilda að breyttu breytanda um beiðni um að breyta vernduðu hefðbundnu heiti.

2. Þegar framkvæmdastjórnin samþykkir breytingu á hefðbundnu heiti skal hún skrá nýju forskriftirnar frá og með þeim degi þegar framkvæmdargerð til samþykkis breytingunni tekur gildi.

28. gr.

Beiðni um afturköllun

1. Beiðni um afturköllun verndar fyrir hefðbundið heiti skal innihalda:

a) tilvísun í hefðbundna heitið sem um ræðir,

b) heiti og samskiptaupplýsingar einstaklingsins eða lögaðilans sem vill láta afturkalla verndina,

c) lýsingu á lögmætum hagsmunum einstaklingsins eða lögaðilans sem lagði fram beiðnina um afturköllun,

d) tilgreiningu á ástæðunum fyrir afturkölluninni, eins og um getur í 36. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/33,

e) upplýsingar um staðreyndir málsins, sönnunargögn og athugasemdir sem styðja við afturköllunarbeiðnina.

Henni mega fylgja fylgiskjöl ef við á.

2. Ef ítarlegar upplýsingar um ástæðurnar, staðreyndirnar, sönnunargögnin og athugasemdirnar, sem og fylgiskjölin sem um getur í 1. mgr., voru ekki afhent á sama tíma og afturköllunarbeiðnin skal framkvæmdastjórnin upplýsa höfund afturköllunarbeiðninnar um það og gefa honum kost á að ráða bót á þeim ágöllum sem um ræðir innan tveggja mánaða.

Ef ekki er ráðin bót á ágöllunum fyrir þann tíma skal framkvæmdastjórnin telja afturköllunarbeiðnina ótæka og hafna henni. Tilkynna skal höfundi afturköllunarbeiðninnar um ákvörðunina um að telja beiðnina ótæka.

29. gr.

Grannskoðun á beiðni um afturköllun

1. Ef framkvæmdastjórnin telur afturköllunarbeiðnina ekki ótæka í samræmi við 2. mgr. 28. gr. skal hún tilkynna yfirvöldum aðildarríkisins eða þriðja landsins eða umsækjandanum, sem hefur staðfestu í viðkomandi þriðja landi, um afturköllunarbeiðnina og bjóða þeim að leggja fram umsögn innan tveggja mánaða frá útgáfudegi slíks boðs. Höfundi beiðninnar skal tilkynnt um allar umsagnir sem berast á þessu tveggja mánaða tímabili.

Við rannsókn sína á afturköllunarbeiðni skal framkvæmdastjórnin bjóða aðilunum að leggja fram athugasemdir varðandi orðsendingarnar, sem bárust frá hinum aðilunum, innan tveggja mánaða frá útgáfudegi slíkrar beiðni.

2. Ef yfirvöld aðildarríkisins eða þriðja landsins eða umsækjandinn, sem hefur staðfestu í viðkomandi þriðja landi, eða höfundur afturköllunarbeiðninnar leggja ekki fram athugasemdir á móti eða virða ekki frestina skal framkvæmdastjórnin kveða upp úrskurð um beiðnina.

3. Framkvæmdastjórnin skal taka ákvörðun um að afturkalla vernd fyrir viðkomandi hefðbundið heiti á grundvelli þeirra sönnunargagna sem hún hefur aðgang að. Hún skal íhuga hvort ástæðurnar sem um getur í 36. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/33 séu uppfylltar.

Höfundi afturköllunarbeiðninnar og yfirvöldum hlutaðeigandi aðildarríkis eða þriðja lands skal tilkynnt um ákvörðunina um að afturkalla verndina fyrir hefðbundna heitið.

4. Þegar fleiri en ein afturköllunarbeiðni er send inn fyrir hefðbundið heiti og hægt er að sjá af forskoðun á einni eða fleiri slíkum beiðnum að ekki sé lengur hægt að halda áfram að vernda hefðbundið heiti getur framkvæmdastjórnin frestað hinum afturköllunarferlunum. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna þeim aðilum sem lögðu fram hinar afturköllunarbeiðnirnar um allar ákvarðanir, sem teknar eru við málsmeðferðina, sem hafa áhrif á þá.

Þegar ákvörðun um að afturkalla hefðbundið heiti er samþykkt skal líta svo á að afturköllunarferlum, sem stöðvuð voru tímabundið, sé lokið og höfundum viðkomandi afturköllunarbeiðna skal tilkynnt um það.

5. Þegar afturköllun á hefðbundnu heiti tekur gildi skal framkvæmdastjórnin fjarlægja heitið úr skránni og halda eftir skráningu á afturkölluninni.

IV. KAFLI

SAMSKIPTI, BIRTING OG LOKAÁKVÆÐI

30. gr.

Samskipti milli framkvæmdastjórnarinnar, aðildarríkjanna, þriðju landa og annarra rekstraraðila

1. Senda skal framkvæmdastjórninni þau skjöl og upplýsingar sem þarf til að koma ákvæðum II. kafla til framkvæmda eins og hér segir:

a) í gegnum upplýsingakerfi sem framkvæmdastjórnin gerir aðgengileg, í samræmi við framselda reglugerð (ESB) 2017/1183 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/1185, að því er varðar lögbær yfirvöld aðildarríkja,

b) með tölvupósti, á eyðublöðunum sem sett eru fram í I. til VII. viðauka, að því er varðar lögbær yfirvöld og atvinnugreinasamtök þriðju landa sem og einstaklinga eða lögaðila sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta samkvæmt þessari reglugerð.

2. Þrátt fyrir a-lið 1. mgr. skulu lögbær yfirvöld aðildarríkjanna leggja fyrir framkvæmdastjórnina rökstuddar yfirlýsingar um andmæli, tilkynningar um niðurstöður viðræðufunda sem fóru fram með því markmiði að ná samkomulagi í tengslum við andmælameðferð og afturköllunarbeiðnir, sem um getur í 11., 12. og 21. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/33, í þeirri röð, með tölvupósti og á eyðublöðunum sem sett eru fram í II., III. og VII. viðauka við þessa reglugerð, í þeirri röð.

3. Senda skal framkvæmdastjórninni þau skjöl og upplýsingar sem þarf til að koma ákvæðum III. kafla til framkvæmda, með tölvupósti, á eyðublöðunum sem sett eru fram í VIII. til XI. viðauka.

4. Framkvæmdastjórnin skal senda upplýsingar og gera þær aðgengilegar fyrir lögbær yfirvöld aðildarríkjanna í gegnum upplýsingakerfin sem framkvæmdastjórnin kom á fót í samræmi við a-lið 1. mgr. Framkvæmdastjórnin skal senda upplýsingar í tengslum við málsmeðferðir sem um getur í b-lið 1. mgr. og í 2. og 3. mgr. til aðildarríkja, lögbærra yfirvalda og atvinnugreinasamtaka þriðju landa, sem og til einstaklinga eða lögaðila sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta samkvæmt þessari reglugerð, með tölvupósti.

Aðildarríki, lögbær yfirvöld og atvinnugreinasamtök þriðju landa, sem og einstaklingar eða lögaðilar sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta samkvæmt þessari reglugerð, geta haft samband við framkvæmdastjórnina í gegnum þau tvö tölvupóstföng sem tilgreind eru í XII. viðauka til að fá upplýsingar um hagnýt atriði er varða aðgang að upplýsingakerfunum, um samskiptaaðferðir og um það hvernig gera skuli upplýsingar, sem þarf til að koma II. og III. kafla til framkvæmda, aðgengilegar.

31. gr.

Framlagning og viðtaka orðsendinga

1. Þær orðsendingar og upplýsingar sem um getur í 30. gr. skulu teljast hafa verið framlagðar á þeim degi sem þær berast framkvæmdastjórninni.

2. Framkvæmdastjórnin skal nota upplýsingakerfin, sem um getur í a-lið 1. mgr. 30. gr., til að senda lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna staðfestingar á viðtöku allra orðsendinga sem henni berast og allra skráa sem eru lagðar fram í gegnum upplýsingakerfin.

Framkvæmdastjórnin skal úthluta hverri nýrri umsókn um vernd, um breytingar á vegum Sambandsins, orðsendingum sem varða umsóknir um almennar breytingar og orðsendingum varðandi umsóknir um tímabundnar breytingar, skrásetningarnúmeri.

Staðfesting á móttöku skal a.m.k. innihalda eftirfarandi þætti:

a) skrásetningarnúmerið,

b) viðkomandi heiti,

c) viðtökudaginn.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna um og gera aðgengilegar upplýsingar og athugasemdir varðandi slíkar orðsendingar og framlagningar í gegnum upplýsingakerfin sem um getur í a-lið 1. mgr. 30. gr.

3. Að því er varðar orðsendingar og framlagningar skráa sem eru sendar með tölvupósti skal framkvæmdastjórnin staðfesta móttöku í gegnum tölvupóst.

Hún skal úthluta hverri nýrri umsókn um vernd, um breytingu á vegum Sambandsins, orðsendingum sem varða umsóknir um almennar breytingar og orðsendingum varðandi umsóknir um tímabundnar breytingar, skrásetningarnúmeri.

Staðfesting á móttöku skal a.m.k. innihalda eftirfarandi þætti:

a) skrásetningarnúmerið,

b) viðkomandi heiti,

c) viðtökudaginn.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna um og gera aðgengilegar upplýsingar og athugasemdir varðandi slíkar orðsendingar og framlagningar í gegnum tölvupóst.

4. Ákvæði 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/1183 og 1. til 5. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2017/1185 gilda að breyttu breytanda um tilkynningar og að gera upplýsingar aðgengilegar eins og um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

32. gr.

Upplýsingar sem birta skal opinberlega

Þær upplýsingar sem framkvæmdastjórninni ber að birta opinberlega í samræmi við 2. þátt I. kafla II. bálks II. hluta reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, framselda reglugerð (ESB) 2019/33 og þessa reglugerð skulu birtar opinberlega í gegnum upplýsingakerfin sem framkvæmdastjórnin gerir aðgengileg í samræmi við a-lið 1. mgr. 30. gr. þessarar reglugerðar.

33. gr.

Birting ákvörðunar

Birta skal ákvarðanir um að veita eða hafna vernd, ákvarðanir um að samþykkja eða hafna breytingum á vegum Sambandsins, eins og um getur í II. kafla, og ákvarðanir um að hafna andmælum sem ótækum, eins og um getur í 111. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, í L-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins*.

Birta skal ákvarðanir um að veita eða hafna vernd og ákvarðanir um að samþykkja eða hafna breytingum, eins og um getur í III. kafla, í L-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins*.

34. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. október 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

I. VIÐAUKI

EITT SKJAL

„HEITI“

VUT/VLM-XX-XXXX

Dagsetning umsóknar: XX-XX-XXXX

1. **Heiti sem á að skrá:**

…

2. **Þriðja land sem afmarkaða svæðið tilheyrir:**

…

3. **Tegund landfræðilegrar merkingar:**

…

4. **Flokkar vínræktarafurða:**

…

5. **Lýsing á víninu eða vínunum:**

…

5.1. **Skynmatseinkenni:**

Útlit

Lykt

Bragð

5.2. **Greiningareinkenni:**

…

Hámarksheildaralkóhólstyrkleiki (í % rúmmáls)	
Raunverulegur alkóhólstyrkleiki að lágmarki (í % rúmmáls)	
Lágmarksheildarsýruinnihald	
Hámarksinnihald rokgjarnrar sýru (í millijafngildum á lítra)	
Hámarksheildarinnihald brennisteinsdíoxíðs (í milligrömmum á lítra)	

6. **Aðferðir við vínframleiðslu:**

6.1. **Sértækar vínfræðilegar vinnsluaðferðir sem notaðar eru til að framleiða vínið eða vínin og viðeigandi takmarkanir varðandi framleiðsluna:**

6.2. **Hámarksafrakstur á hektara:**

7. **Vínviðaryrki sem vínið eða vínin eru fengin úr:**

…

8. **Skilgreining á afmarkaða svæðinu:**

…

9. **Lýsing á tengslunum:**

…

10. **Frekari viðeigandi kröfur:**

10.1. **Sértækar kröfur varðandi pakkningar:**

10.2. **Sértækar kröfur varðandi merkingu:**

10.3. **Viðbótarkröfur:**

11. **Eftirlit**

11.1. **Lögbær yfirvöld eða vottunaraðilar sem bera ábyrgð á eftirlitinu:**

11.2. **Sértæk verkefni lögbæru yfirvaldanna eða vottunaraðilanna sem bera ábyrgð á eftirlitinu:**

———

II. VIÐAUKI

RÖKSTUDD YFIRLÝSING UM ANDMÆLI

[Setjið X í viðeigandi reit:] ☐ VUT ☐ VLM

1. **Heiti afurðar**

   [eins og það birtist í *Stjórnartíðindunum*]

   …

2. **Opinber tilvísun**

   [eins og það birtist í *Stjórnartíðindunum*]

   Tilvísunarnúmer: …

   Dagsetning birtingar í *Stjórnartíðindunum*: …

3. **Heiti andmælanda (aðili, stofnun, aðildarríki eða þriðja land)**

   …

4. **Samskiptaupplýsingar**

   Tengiliður: Titill (hr., frú...): … Heiti: …

   Hópur/samtök/einstaklingur: …

   eða landsyfirvald:

   Deild: …

   Heimilisfang: …

   Sími + …

   Tölvupóstfang: …

5. **Lögmætir hagsmunir (ekki krafist af landsyfirvöldum)**

   [*Leggið fram yfirlýsingu með útskýringum á lögmætum hagsmunum andmælanda. Landsyfirvöld eru undanþegin þessari kröfu.*]

6. **Ástæður fyrir andmælum:**

   ☐ Umsóknin um vernd, breytingu eða afturköllun samræmist ekki reglunum um upprunatáknanir og landfræðilegar merkingar vegna þess að hún myndi brjóta í bága við ákvæði 92. til 95. gr., 105. eða 106. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 og við ákvæði sem samþykkt hafa verið í samræmi við þau.

   ☐ Umsóknin um vernd eða breytingu samræmist ekki reglunum um upprunatáknanir og landfræðilegar merkingar vegna þess að fyrirhuguð skráning heitisins bryti í bága við ákvæði 100. eða 101. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

   ☐ Umsóknin um vernd eða breytingu samræmist ekki reglunum um upprunatáknanir og landfræðilegar merkingar vegna þess að fyrirhuguð skráning heitisins myndi stofna í hættu rétti handhafa vörumerkis eða notanda einsheitis eða samsetts heitis þar sem eitt hugtak er eins og heitið sem á að skrá, eða vegna tilvistar heita sem eru að hluta til einsheiti við heitið sem á að skrá eða annarra heita sem svipar til þess og vísa til vínræktarafurða sem hafa verið löglega á markaði í minnst fimm ár fyrir birtingardagsetninguna sem kveðið er á um í 3. mgr. 97. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

7. **Upplýsingar um andmæli**

   [*Leggið fram tilhlýðilega rökstuddar ástæður og rökstuðning, upplýsingar um staðreyndir málsins, sannanir og athugasemdir til stuðnings andmælunum. Leggið fram nauðsynleg gögn ef um er að ræða andmæli á grundvelli tilvistar eldra vörumerkis sem nýtur orðspors og orðstírs (1. mgr. 8. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/34).*]

8. **Skrá yfir fylgiskjöl**

[*Leggið fram skrá yfir skjölin sem eru send til að styðja við andmælin*].

9. **Dagsetning og undirskrift**

[Heiti]

[Deild/stofnun eða fyrirtæki]

[Heimilisfang]

[Símanúmer: +]

[Tölvupóstfang:]

———

III. VIÐAUKI

TILKYNNING UM LOK VIÐRÆÐUFUNDA Í KJÖLFAR ANDMÆLAMEÐFERÐAR

[Setjið X í viðeigandi reit:] ☐ VUT ☐ VLM

1. **Heiti afurðar**

[eins og það birtist í *Stjórnartíðindunum*]

2. **Opinber tilvísun**

[eins og það birtist í *Stjórnartíðindunum*]

Tilvísunarnúmer:

Dagsetning birtingar í *Stjórnartíðindunum*:

3. **Heiti andmælanda (aðili, stofnun, aðildarríki eða þriðja land)**

…

4. **Niðurstaða viðræðufundanna**

4.1 **Samkomulag náðist við eftirfarandi mótaðila:**

[bætið við afritum af bréfum sem sýna fram á samkomulag og alla þá þætti sem gerðu kleift að samkomulag náðist (3. mgr. 12. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/33).]

4.2 **Samkomulag náðist ekki við eftirfarandi mótaðila:**

[bætið við þeim upplýsingum sem um getur í 4. mgr. 12. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/33.]

5. **Forskrift fyrir afurð og eitt skjal**

5.1 **Forskrift fyrir afurð hefur verið breytt:**

… Já* … Nei

* Ef merkt var við „Já“ skal bæta við lýsingu á breytingunum og breyttu forskriftinni fyrir afurðina

5.2 **Eina skjalinu hefur verið breytt:**

… Já** … Nei

** Ef merkt var við „Já“ skal bæta við afriti af uppfærða skjalinu

6. **Dagsetning og undirskrift**

[Heiti]

[Deild/stofnun eða fyrirtæki]

[Heimilisfang]

[Símanúmer: +]

[Tölvupóstfang:]

IV. VIÐAUKI

UMSÓKN UM BREYTINGU Á VEGUM SAMBANDSINS Á FORSKRIFTINNI FYRIR AFURÐINA

[Skráð heiti] „…“…

ESB-nr.: [notist einungis innan ESB]

[Setjið X í viðeigandi reit] ☐ VUT ☐ VLM

1. **Umsækjandi og lögmætir hagsmunir**

[*Gefið upp nafn, heimilisfang, símanúmer og tölvupóstfang umsækjandans sem leggur til breytinguna. Leggið einnig fram yfirlýsingu þar sem fram koma lögmætir hagsmunir umsækjandans.*]

2. **Þriðja land sem afmarkaða svæðið tilheyrir**

…

3. **Yfirskrift í forskriftinni fyrir afurðina sem breytingin eða breytingarnar hafa áhrif á**

☐ Heiti afurðar

☐ Flokkur vínræktarafurðar

☐ Tengsl

☐ Markaðshindranir

4. **Tegund breytinga(r)**

[*Leggið fram yfirlýsingu með útskýringum á því af hverju breytingin eða breytingarnar falla undir skilgreininguna á breytingu á vegum Sambandsins sem kveðið er á um í 1. mgr. 14. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/33.*]

5. **Breyting(ar)**

[*Leggið fram tæmandi lýsingu á og sérstakar ástæður fyrir hverri breytingu. Umsókn um breytingu verður að vera fullfrágengin og ítarleg. Upplýsingar sem eru gefnar undir þessum lið verða að vera tæmandi eins og kveðið er á um í 1. mgr. 16. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/33.*]

6. **Viðaukar**

6.1. Samsteypt og tilhlýðilega útfyllt eitt skjal, með breytingum

6.2. Samsteypta útgáfan af forskriftinni fyrir afurðina, eins og hún var birt, eða tilvísunin í birtingu forskriftarinnar fyrir afurðina.

———

V. VIÐAUKI

ORÐSENDING UM SAMÞYKKI FYRIR ALMENNRI BREYTINGU

[Skráð heiti] „…“…

ESB-nr.: [notist einungis innan ESB]

[Setjið X í viðeigandi reit:] ☐ VUT ☐ VLM

1. **Sendandi**

Stakur framleiðandi eða hópur framleiðenda, sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta, eða yfirvöld í þriðja landinu sem afmarkaða svæðið tilheyrir (sjá 3. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/34).

2. **Lýsing á samþykktu breytingunni eða breytingunum**

[*Leggið fram lýsingu á almennu breytingunni eða breytingunum og ástæður fyrir henni eða þeim og yfirlýsingu með útskýringum á því af hverju breytingin eða breytingarnar falla undir skilgreininguna á almennri breytingu sem kveðið er á um í 1. mgr. 14. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/33.*]

3. **Þriðja land sem afmarkaða svæðið tilheyrir**

…

4. **Viðaukar**

4.1. Umsóknin um samþykktu almennu breytinguna

4.2. Ákvörðunin um að samþykkja almennu breytinguna

4.3. Sönnun fyrir því að breytingin gildi í þriðja landinu

4.4. Samsteypta eina skjalið, með breytingum, ef við á

4.5. Afrit af samsteyptu útgáfunni af forskriftinni fyrir afurðina, eins og hún var birt, eða tilvísunin í birtingu forskriftarinnar fyrir afurðina

———

VI. VIÐAUKI

ORÐSENDING UM SAMÞYKKI FYRIR TÍMABUNDINNI BREYTINGU

[Skráð heiti] „“

ESB-nr.: [notist einungis innan ESB]

(Setjið X við annað hvort) ☐ VUT ☐ VLM

1. **Sendandi**

Einn framleiðandi eða hópur framleiðenda, sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta, eða yfirvöld í þriðja landinu sem afmarkaða svæðið tilheyrir (sjá 3. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/34).

2. **Lýsing á samþykktu breytingunni eða breytingunum**

[*Leggið fram lýsingu á tímabundnu breytingunni eða breytingunum og sérstökum ástæðum fyrir henni eða þeim, þ.m.t. tilvísun í formlega viðurkenningu lögbæru yfirvaldanna á náttúruhamförum eða óhagstæðum veðurskilyrðum eða um setningu lögboðinna ráðstafana um hollustuhætti eða heilbrigði plantna*. [*Leggið fram yfirlýsingu með útskýringum á því af hverju breytingin eða breytingarnar falla undir skilgreininguna á tímabundinni breytingu sem kveðið er á um í 2. mgr. 14. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/33.*]

3. **Þriðja land sem afmarkaða svæðið tilheyrir**

…

4. **Viðaukar**

4.1. Umsóknin um samþykktu tímabundnu breytinguna

4.2. Ákvörðunin um að samþykkja tímabundnu breytinguna

4.3. Sönnun fyrir því að breytingin gildi í þriðja landinu

———

VII. VIÐAUKI

BEIÐNI UM AFTURKÖLLUN

[Skráð heiti:] „…“

ESB-nr.: [notist einungis innan ESB]

[Setjið X í viðeigandi reit:] ☐ VLM ☐ VUT

1. **Skráð heiti sem lagt er til að verði afturkallað**

   …

2. **Aðildarríki eða þriðja land sem afmarkaða svæðið tilheyrir**

   …

3. **Aðili, stofnun, aðildarríki eða þriðja land sem leggur fram afturköllunarbeiðni**

   [*Gefið upp nafn, heimilisfang, símanúmer og tölvupóstfang einstaklingsins eða lögaðilans eða framleiðendanna sem óska eftir afturkölluninni (ef um er að ræða beiðnir sem varða heiti frá þriðju löndum skal einnig gefa upp heiti og heimilisfang yfirvaldanna eða vottunaraðilanna sem sannprófa að farið sé að ákvæðinu í forskriftinni fyrir afurðina). Leggið einnig fram yfirlýsingu með útskýringum á lögmætum hagsmunum einstaklingsins eða lögaðilans sem óskar eftir afturkölluninni (ekki krafist fyrir landsyfirvöld með réttarstöðu lögaðila).*]

4. **Ástæður fyrir afturköllun**

   ☐ Ekki er lengur hægt að tryggja að farið sé að samsvarandi forskrift fyrir afurð (106. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013).

   ☐ Ekki er lengur hægt að tryggja að farið sé að samsvarandi forskrift fyrir afurð af þeirri sérstöku ástæðu að engin afurð sem ber verndaða heitið hefur verið sett á markað næstliðin sjö ár samfleytt (106. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 ásamt 20. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/33).

5. **Nánari upplýsingar um afturköllunarbeiðnina**

   [*Leggið fram tilhlýðilega rökstuddar ástæður og rökstuðning fyrir afturköllunarbeiðninni, upplýsingar um staðreyndir málsins, sannanir og athugasemdir til stuðnings afturkölluninni. Leggið fram fylgiskjöl ef við á.*]

6. **Skrá yfir fylgiskjöl**

   [*Leggið fram skrá yfir skjölin sem eru send til að styðja við afturköllunarbeiðnina*].

7. **Dagsetning og undirskrift**

   [Heiti]

   [Deild/stofnun eða fyrirtæki]

   [Heimilisfang]

   [Símanúmer: +]

   [Tölvupóstfang:]

———

VIII. VIÐAUKI

UMSÓKN UM VERND FYRIR HEFÐBUNDIÐ HEITI

Viðtökudagur (DD/MM/ÁÁÁÁ) …

[framkvæmdastjórnin fylli út]

Fjöldi blaðsíðna (að meðtaldri þessari blaðsíðu) …

Tungumál sem umsóknin er á …

Skrásetningarnúmer …

[framkvæmdastjórnin fylli út]

Umsækjandi

Lögbært yfirvald aðildarríkisins (*)

Lögbært yfirvald þriðja landsins (*)

Atvinnugreinasamtök (*)

[(*) Strikið yfir það sem á ekki við]

Heimilisfang (götuheiti og húsnúmer, bær/borg og póstnúmer, land) …

Lögaðili (*skal útfyllt fyrir atvinnugreinasamtök*) …

Ríkisfang...

Sími, símbréf, tölvupóstur …

Hefðbundið heiti sem óskað er eftir vernd fyrir …

Hefðbundið heiti skv. a-lið 112. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 (*)

Hefðbundið heiti skv. b-lið 112. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 (*)

[(*) Strikið yfir það sem á ekki við]

Tungumál …

Skrá yfir viðkomandi verndaðar upprunatáknanir eða landfræðilegar merkingar …

Flokkar vínræktarafurða …

Skilgreining …

Afrit af reglunum

[skal fylgja]

Nafn undirritunaraðila …

Undirskrift …

IX. VIÐAUKI

ANDMÆLI GEGN UMSÓKN UM VERND FYRIR HEFÐBUNDIÐ HEITI

Viðtökudagur (DD/MM/ÁÁÁÁ) …

[framkvæmdastjórnin fylli út]

Fjöldi blaðsíðna (að meðtaldri þessari blaðsíðu) …

Tungumálið sem andmælin eru á …

Skrásetningarnúmer …

[framkvæmdastjórnin fylli út]

Hefðbundið heiti sem er andmælt …

Andmælandi

Heiti andmælanda (*aðildarríki eða þriðja land, eða lögaðili eða einstaklingur sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta*)

Fullt heimilisfang (götuheiti og húsnúmer, bær/borg og póstnúmer, land)…

Ríkisfang...

Sími, símbréf, tölvupóstur …

Milliliður

— Aðildarríki (eitt eða fleiri) (*)

— Yfirvald þriðja lands (valkvætt) (*)

[(*) Strikið yfir það sem á ekki við]

Nafn/nöfn milliliða…

Fullt heimilisfang eða heimilisföng (götuheiti og húsnúmer, bær/borg og póstnúmer, land)…

Eldri réttur

— Vernduð upprunatáknun (*)

— Vernduð landfræðileg merking (*)

— Landsbundin landfræðileg merking (*)

[(*) Strikið yfir það sem á ekki við]

Heiti...

Skráningarnúmer…

Dagsetning skráningar (DD/MM/ÁÁÁÁ)…

— Vörumerki

Tákn…

Skrá yfir vörur og þjónustu…

Skráningarnúmer…

Dagsetning skráningar…

Upprunaland…

Orðstír/orðspor (*)…

[(*) Strikið yfir það sem á ekki við]

Ástæður fyrir andmælum

— 27. gr. framseldrar reglugerðar (*)

— 2. mgr. 32. gr. framseldrar reglugerðar (*)

— 1. mgr. 33. gr. framseldrar reglugerðar (*)

— 2. mgr. 33. gr. framseldrar reglugerðar (*)

[(*) Strikið yfir það sem á ekki við]

Útskýringar á ástæðum …

[*Leggið fram tilhlýðilega rökstuddar ástæður og rökstuðning, upplýsingar um staðreyndir málsins, sannanir og athugasemdir til stuðnings andmælunum. Leggið fram nauðsynleg gögn ef um er að ræða andmæli á grundvelli tilvistar eldra vörumerkis sem nýtur orðspors og orðstírs*].

Nafn undirritunaraðila…

Undirskrift …

———

X. VIÐAUKI

BEIÐNI UM BREYTINGU SEM VARÐAR HEFÐBUNDIÐ HEITI

Viðtökudagur (DD/MM/ÁÁÁÁ) …

[framkvæmdastjórnin fylli út]

Fjöldi blaðsíðna (að meðtaldri þessari blaðsíðu) …

Tungumál sem beiðni um breytingu er á …

Skrásetningarnúmer …

[framkvæmdastjórnin fylli út]

Hefðbundið heiti sem óskað er eftir breytingu á …

Heiti eða nafn þess lögaðila eða einstaklings sem óskar eftir breytingunni …

Fullt heimilisfang (götuheiti og húsnúmer, bær/borg og póstnúmer, land)…

Ríkisfang...

Sími, símbréf, tölvupóstur …

Lýsing á breytingunni …

Útskýringar á ástæðunum fyrir breytingunni

[*Leggið fram tilhlýðilega rökstuddar ástæður og rökstuðning, upplýsingar um staðreyndir málsins, sannanir og athugasemdir til stuðnings breytingunni.]*

Nafn undirritunaraðila…

Undirskrift …

XI. VIÐAUKI

BEIÐNI UM AFTURKÖLLUN SEM VARÐAR HEFÐBUNDIÐ HEITI

Viðtökudagur (DD/MM/ÁÁÁÁ) …

[framkvæmdastjórnin fylli út]

Fjöldi blaðsíðna (að meðtaldri þessari blaðsíðu) …

Tungumál sem beiðni um afturköllun er á…

Skrásetningarnúmer …

[framkvæmdastjórnin fylli út]

Hefðbundið heiti sem óskað er eftir afturköllun á …

Höfundur afturköllunarbeiðninnar

Heiti eða nafn þess lögaðila eða einstaklings sem óskar eftir afturkölluninni …

Fullt heimilisfang (götuheiti og húsnúmer, bær/borg og póstnúmer, land)…

Ríkisfang...

Sími, símbréf, tölvupóstur …

Lögmætir hagsmunir höfundar beiðninnar…

Ástæður fyrir afturköllun

— 27. gr. framseldrar reglugerðar (*)

— 2. mgr. 32. gr. framseldrar reglugerðar (*)

— 1. mgr. 33. gr. framseldrar reglugerðar (*)

— 2. mgr. 33. gr. framseldrar reglugerðar (*)

— b-liður 36. gr. framseldrar reglugerðar (*)

[(*) Strikið yfir það sem á ekki við]

Útskýringar á ástæðu/ástæðum fyrir afturköllun …

[*Leggið fram tilhlýðilega rökstuddar ástæður og rökstuðning, upplýsingar um staðreyndir málsins, sannanir og athugasemdir til stuðnings afturkölluninni. Leggið fram nauðsynleg gögn ef um er að ræða afturköllun á grundvelli tilvistar eldra vörumerkis sem nýtur orðspors og orðstírs*].

Nafn undirritunaraðila…

Undirskrift …

XII. VIÐAUKI

A-HLUTI

HAGNÝT ATRIÐI VARÐANDI SAMSKIPTI OG BIRTINGAR Í TENGSLUM VIÐ AÐ KOMA II. KAFLA TIL FRAMKVÆMDA EINS OG UM GETUR Í ANNARRI UNDIRGREIN 4. MGR. 30. GR.

Til að afla upplýsinga um hagnýt atriði sem varða aðgang að upplýsingakerfum, um samskiptaaðferðir og um það hvernig gera skuli upplýsingar sem þarf til að koma II. kafla til framkvæmda aðgengilegar, eins og um getur í annarri undirgrein 4. mgr. 30. gr., skulu þau yfirvöld og þeir aðilar sem þessi reglugerð hefur áhrif á hafa samband við framkvæmdastjórnina í gegnum eftirfarandi tölvupóstfang:

Virkt pósthólf: AGRI-CONTACT-E-Ambrosia@ec.europa.eu

B-HLUTI

HAGNÝT ATRIÐI VARÐANDI SAMSKIPTI OG BIRTINGAR Í TENGSLUM VIÐ AÐ KOMA III. KAFLA TIL FRAMKVÆMDA EINS OG UM GETUR Í ANNARRI UNDIRGREIN 4. MGR. 30. GR.

Til að afla upplýsinga um hagnýt atriði sem varða aðgang að upplýsingakerfum, um samskiptaaðferðir og um það hvernig gera skuli upplýsingar sem þarf til að koma III. kafla til framkvæmda aðgengilegar, eins og um getur í annarri undirgrein 4. mgr. 30. gr., skulu þau yfirvöld og þeir aðilar sem þessi reglugerð hefur áhrif á hafa samband við framkvæmdastjórnina í gegnum eftirfarandi tölvupóstfang:

Virkt pósthólf: AGRI-CONTACT-EBACCHUS@ec.europa.eu

_____

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/935 **2022/EES/72/73**

frá 16. apríl 2019

um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar greiningaraðferðir til að ákvarða eðlisfræðilega og efnafræðilega eiginleika og skynmatseinkenni vínræktarafurða og tilkynningar um ákvarðanir aðildarríkja varðandi aukningu á styrk náttúrulegs alkóhóls (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 ([1]), einkum 80. gr. (5. mgr.), 91. gr. (c- og d-lið) og 223. gr. (3. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 felldi úr gildi og kom í stað reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1234/2007 ([2]). Í 1. þætti I. kafla II. bálks II. hluta reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 er mælt fyrir um reglur um flokka vínræktarafurða, vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir þar að lútandi og framkvæmdastjórninni veitt vald til að samþykkja framseldar gerðir og framkvæmdargerðir sem þetta varðar. Samþykkja þarf nýjar reglur með slíkum gerðum til að tryggja snurðulausa starfsemi markaðsins með vín innan nýja lagarammans. Þessar gerðir ættu að koma í staðinn fyrir ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009 ([3]) sem er felld úr gildi með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/934 ([4]).

2) Samkvæmt 5. mgr. 80. gr. og d-lið 91. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 skal framkvæmdastjórnin, ef nauðsyn krefur, mæla fyrir um reglur um greiningaraðferðir til að ákvarða eðlisfræðilega og efnafræðilega eiginleika og skynmatseinkenni vínræktarafurða. Aðferðirnar skulu byggjast á viðeigandi aðferðum sem Alþjóðavínstofnunin (OIV) mælir með og birtir, nema þær teljist óskilvirkar eða óviðeigandi. Enn fremur er framkvæmdastjórninni, með c-lið 91. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, veitt vald til að mæla fyrir um reglur um athugun á því hvort umræddar afurðir hafi verið settar í vinnslu sem brýtur gegn þeim vínfræðilegu vinnsluaðferðum sem eru leyfðar í Sambandinu.

3) Mælt er fyrir um greiningaraðferðina til að ákvarða hvort allýlísóþíósýanat er til staðar í vínafurðum í viðaukanum við þessa reglugerð. Að því er varðar aðrar aðferðir til að ákvarða hvort afurðir hafi verið settar í vinnslu sem brýtur gegn leyfilegum vínfræðilegum vinnsluaðferðum skulu viðeigandi reglur vera þær sem hlutaðeigandi aðildarríki leyfa.

4) Í 3. lið A-þáttar I. hluta VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 er sett fram skuldbinding fyrir aðildarríkin að tilkynna framkvæmdastjórninni um alla hækkun á mörkunum sem mælt er fyrir um í 2. lið þess þáttar. Mæla ætti nákvæmlega fyrir um framlagningu aðildarríkjanna á þessum upplýsingum til framkvæmdastjórnarinnar.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 149, 7.6.2019, bls. 53. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 273/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671.

([2]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007 frá 22. október 2007 um sameiginlegt markaðskerfi í landbúnaði og um sértæk ákvæði varðandi tilteknar landbúnaðarvörur (reglugerðin um eitt sameiginlegt markaðskerfi) (Stjtíð. ESB L 299, 16.11.2007, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009 frá 10. júlí 2009 um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 að því er varðar flokka vínræktarafurða, vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir þar að lútandi (Stjtíð. ESB L 193, 24.7.2009, bls. 1).

([4]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/934 frá 12. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar vínræktarsvæði þar sem auka má alkóhólstyrkleikann, leyfilegar vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir sem eiga við um framleiðslu og varðveislu vínræktarafurða, lágmarkshlutfall alkóhóls í aukaafurðum og ráðstöfun þeirra og birtingu skráa Alþjóðavínstofnunarinnar (Stjtíð. ESB L 149, 7.6.2019, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

Í reglugerð þessari er mælt fyrir um reglur um beitingu ákvæða I. kafla II. bálks reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 um greiningaraðferðir til að ákvarða eðlisfræðilega og efnafræðilega eiginleika og skynmatseinkenni vínræktarafurða og um tilkynningar um ákvarðanir aðildarríkja um að leyfa aukningu á styrk náttúrulegs alkóhóls.

2. gr.

Gildandi greiningaraðferðir Sambandsins

Í viðaukanum við þessa reglugerð er mælt fyrir um greiningaraðferðir þær sem um getur í d-lið 5. mgr. 75. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, sem nota skal við sannprófun á þeim mörkum sem mælt er fyrir um í reglum Sambandsins um notkun á allýlísóþíósýanati við framleiðslu tiltekinna vínræktarafurða.

3. gr.

Tilkynningar um ákvarðanir aðildarríkja um að leyfa aukningu á styrk náttúrulegs alkóhóls

1. Aðildarríki sem leyfa aukningu á styrk náttúrulegs alkóhóls miðað við rúmmál í samræmi við 3. lið A-þáttar I. hluta VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um það innan eins mánaðar frá veitingu undanþágunnar. Í tilkynningunni skulu aðildarríkin tilgreina þau svæði og yrki sem ákvörðunin varðar og skulu leggja fram gögn og sannanir sem sýna fram á að veðurfarsskilyrði hafi verið einkar óhagstæð á viðkomandi svæðum.

2. Tilkynningin skal gerð í samræmi við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1183 ([5]) og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1185 ([6]).

3. Framkvæmdastjórnin skal síðan tilkynna það hinum aðildarríkjunum.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 7. desember 2019.

([5]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1183 frá 20. apríl 2017 um viðbætur við reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1307/2013 og (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar miðlun á upplýsingum og skjölum til framkvæmdastjórnarinnar (Stjtíð. ESB L 171, 4.7.2017, bls. 100).

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1185 frá 20. apríl 2017 um reglur um beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1307/2013 og (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar miðlun á upplýsingum og skjölum til framkvæmdastjórnarinnar og um breytingu og niðurfellingu á nokkrum reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (Stjtíð. ESB L 171, 4.7.2017, bls. 113).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. apríl 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

SÉRSTAKAR GREININGARAÐFERÐIR SAMBANDSINS

ALLÝLÍSÓÞÍÓSÝANAT

1. Meginregla aðferðarinnar

Allýlísóþíósýanati, sem er fyrir hendi í víni, er safnað með eimingu og það sanngreint með gasgreiningu.

2. Prófefni

2.1. Etanól, hreint.

2.2. Staðallausn: lausn allýlísóþíósýanats í hreinu alkóhóli sem inniheldur 15 mg af allýlísóþíósýanati á lítra.

2.3. Frystiblanda sem samanstendur af etanóli og þurrís (hitastig – 60 °C).

3. Búnaður

3.1. Eimingarbúnaður eins og sést á myndinni. Köfnunarefni er látið streyma stöðugt gegnum búnaðinn.

3.2. Hitasveppur, hitastýrður.

3.3. Rennslismælir.

3.4. Gasgreinir sem er tengdur við logaljósmælisnema með valvísri síu fyrir brennisteinssambönd (bylgjulengd = 394 nm) eða annan hentugan skynjara.

3.5. Skiljunarsúla úr ryðfríu stáli, innanmál 3 mm og lengd 3 m, fyllt með 10% af 20M Carbowax á Chromosorb WHP, möskvastærð 80 til 100.

3.6. Míkrósprauta, 10µl.

4. Aðferð

Tveir lítrar af víni eru settir í eimingarflöskuna, nokkrir millilítrar af etanóli (liður 2.1) eru settir í söfnunarglösin tvö þannig að það fljóti alveg yfir gropna hluta gasgjafanna. Glösin tvö eru kæld að utanverðu með frystiblöndunni. Flaskan er tengd við söfnunarglösin og búnaðurinn skolaður með köfnunarefni með rennslinu þrír lítrar á klst. Vínið er hitað í 80 °C með hitasveppnum, eimað og 45 til 50 ml af eiminu er safnað.

Litskiljan er gerð stöðug. Mælt er með eftirfarandi skilyrðum:

— hiti innspýtis: 200 °C,

— hitastig súlu: 130 °C,


— streymi burðargass (helíum): 20 ml á mínútu.

Með smásprautunni er staðallausninni sprautað inn í því magni að auðvelt sé að greina toppgildið, sem stafar af allýlísóþíósýanatinu, á gasskiljuritinu.

Á sama hátt er deiliskammti af eiminu sprautað inn í litskiljuna. Fylgjast skal með því að rástími toppgildisins, sem fæst, samsvari toppgildi allýlísóþíósýanatsins.

Við skilyrðin sem lýst er hér að framan framkalla efnasambönd sem eru í víninu frá náttúrunnar hendi ekki truflandi toppa í skiljuriti sýnislausnarinnar.

Búnaður til eimingar með streymandi köfnunarefni



REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1751 **2022/EES/72/74**

frá 17. nóvember 2020

um að veita heitinu „Würzburger Stein-Berg“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 ([1]), einkum 99. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 2. og 3. mgr. 97. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 hefur framkvæmdastjórnin tekið til meðferðar umsókn sem Þýskaland sendi um skráningu heitisins „Würzburger Stein-Berg“ og birt hana í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* ([2]).

2) Framkvæmdastjórninni hefur ekki borist nein yfirlýsing um andmæli skv. 98. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

3) Í samræmi við 99. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 ætti að veita heitinu „Würzburger Stein-Berg“ vernd og færa það inn í skrána sem um getur í 104. gr. sömu reglugerðar.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heitinu „Würzburger Stein-Berg“ (VUT) er hér með veitt vernd.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. nóvember 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd forsetans,

Janusz WOJCIECHOWSKI

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 394, 24.11.2020, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 274/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671.

([2]) Stjtíð. ESB C 124, 17.4.2020, bls. 26.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1375 2022/EES/72/75

frá 11. júní 2021

um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2019/33 að því er varðar breytingu á hefðbundnum heitum í víngeiranum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 ([1]), einkum 114. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/33 ([2]) sem kom í stað fyrir og felldi niður reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 607/2009 ([3]) er mælt fyrir um reglur til viðbótar við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar vernd, afturköllun og breytingu á hefðbundnum heitum.

2) Í 34. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/33 er mælt fyrir um að breyting á skráðu hefðbundnu heiti megi einungis varða þá þætti sem um getur í b-, c- og c-lið 1. mgr. 26. gr. þeirrar reglugerðar sem vísa, í þeirri röð, í tegund hefðbundna heitisins, tungumálið sem hefðbundna heitið er sett fram á og flokk vínræktarafurða sem um ræðir.

3) Í 42. gr. a í reglugerð (EB) nr. 607/2009 er hins vegar kveðið á um lengri skrá yfir hugsanlegar breytingar. Einkum er þar minnst á möguleikann á að breyta hefðbundna heitinu sjálfu, tungumálinu sem hefðbundna heitið er sett fram á, víninu eða vínunum sem um ræðir og samantektinni á skilgreiningunni eða skilyrðunum fyrir notkun hefðbundna heitisins. Breytingarmöguleikarnir samkvæmt reglugerð (EB) nr. 607/2009 voru því víðtækari og gerðu vínframleiðendum kleift að útvíkka eða takmarka, svo dæmi sé tekið, skrána yfir vín með verndaða upprunatáknun eða verndaða landfræðileg merkingu sem leyfð eru fyrir notkun á hefðbundnu heiti eða að breyta skilyrðum fyrir notkun hefðbundins heitis, þ.m.t. aðferðum við framleiðslu viðkomandi vína.

4) Ákvæði framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/33 um hefðbundin heiti voru samin með það fyrir augum að tryggja samfellu í sameiginlega rammanum í tengslum við hefðbundin heiti sem komið var á fót samkvæmt reglugerð (EB) nr. 607/2009 ásamt því að ljúka við og skýra fyrirliggjandi málsmeðferðarreglur þegar þörf væri á. Í 34. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/33 er vísað beint til efnisþátta rétt útfyllts umsóknareyðublaðs eins og það er sett fram í 1. mgr. 26. gr. þeirrar reglugerðar. Hins vegar varð sú yfirsjón að í skránni sem sett var fram í 34. gr. var óvart ekki getið um ákvæði a-liðar 1. mgr. 26. gr., sem vísar til heitis viðkomandi hefðbundins heitis, e-liðar 1. mgr. 26. gr., sem vísar til samantektar á skilgreiningunni og skilyrðunum fyrir notkun, og f-liðar 1. mgr. 26. gr., sem vísar til verndaðra upprunatáknana eða verndaðra landfræðilegra merkinga, þrátt fyrir að þessir þættir væru hafðir með í 42. gr. a í reglugerð (EB) nr. 607/2009. Þetta hafði óviljandi þá afleiðingu að möguleikinn á að breyta hefðbundnu heiti eru takmarkaðir við tegund hefðbundna heitisins, tungumálið og viðkomandi flokk vínræktarafurða.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 297, 20.8.2021, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 274/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/33 frá 17. október 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar umsóknir um vernd fyrir upprunatáknanir, landfræðilegar merkingar og hefðbundin heiti í víngeiranum, andmælameðferð, takmarkanir á notkun, breytingar á forskriftum fyrir afurðir, afturköllun verndar og merkingu og kynningu (Stjtíð. ESB L 9, 11.1.2019, bls. 2).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 607/2009 frá 14. júlí 2009 þar sem mælt er fyrir um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 um verndaðar upprunatáknanir, verndaðar, landfræðilegar merkingar, hefðbundin heiti, merkingu og framsetningu tiltekinna vínafurða (Stjtíð. ESB L 193, 24.7.2009, bls. 60).

5) Þetta þýðir að í reynd kemur núgildandi orðalag í fyrstu málsgrein 34. gr. í veg fyrir að hægt sé að útvíkka notkun hefðbundins heitis til að ná til nýrra verndaðra upprunatáknana eða verndaðra landfræðilegra merkinga eða til að útiloka úr skránni yfir vín, sem leyfilegt er að nota hefðbundið heiti fyrir, þau vín sem ekki uppfylla lengur skilyrðin fyrir notkun þess. Enn fremur leyfir það t.d. ekki að hægt sé að aðlaga þær framleiðsluaðferðir sem um getur í forskriftum fyrir hefðbundin heiti þegar þessar aðferðir þróast vegna breyttra umhverfis- eða loftslagsskilyrða.

6) Til að leiðrétta þessa yfirsjón sem óvart varð og koma aftur á þeim sveigjanleika sem handhöfum hefðbundinna heita var veittur samkvæmt reglugerð (EB) nr. 607/2009 ætti að útvíkka skrána yfir mögulegar breytingar á skráðu hefðbundnu heiti sem um getur í fyrstu málsgrein 34. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/33 til að ná til þeirra þátta sem um getur í a-, e- og f-lið 1. mgr. 26. gr. þeirrar reglugerðar.

7) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2019/33 til samræmis við það.

8) Í þágu lagalegs skýrleika og til að tryggja jafna meðferð allra umsókna um breytingu á skráðu hefðbundnu heiti ætti þessi reglugerð að gilda afturvirkt frá 14. janúar 2019.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 34. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/33 kemur eftirfarandi:

„34. gr.

Breyting á hefðbundnu heiti

Umsækjandi sem uppfyllir skilyrðin í 25. gr. getur sótt um samþykki fyrir breytingu á skráðu hefðbundnu heiti sem varðar þá þætti sem um getur í a- til f-lið 1. mgr. 26. gr.

Ákvæði 26. til 31. gr. gilda að breyttu breytanda um umsóknir um breytingar.”

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Hún kemur til framkvæmda frá og með 14. janúar 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. júní 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1062 **2022/EES/72/76**

frá 13. júlí 2020

um að veita heitinu „Csopak“ /„Csopaki“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 ([1]), einkum 99. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 2. og 3. mgr. 97. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 hefur framkvæmdastjórnin tekið til meðferðar umsókn sem Ungverjaland sendi um skráningu heitisins „Csopak“ /„Csopaki“ og birt hana í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* ([2]).

2) Framkvæmdastjórninni hefur ekki borist nein yfirlýsing um andmæli skv. 98. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

3) Í samræmi við 99. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 ætti að veita heitinu „Csopak“ /„Csopaki“ vernd og færa það inn í skrána sem um getur í 104. gr. sömu reglugerðar.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heitinu „Csopak“ /„Csopaki“ (VUT) er hér með veitt vernd.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. júlí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd forsetans,

Janusz WOJCIECHOWSKI

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 232, 20.7.2020, bls. 39. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 274/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín (síðar birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671.

([2]) Stjtíð. ESB C 70, 4.3.2020, bls. 12.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1063 **2022/EES/72/77**

frá 13. júlí 2020

um að veita heitinu „Achterhoek – Winterswijk“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 ([1]), einkum 99. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 2. og 3. mgr. 97. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 hefur framkvæmdastjórnin tekið til meðferðar umsókn sem Holland sendi um skráningu heitisins „Achterhoek – Winterswijk“ og birt hana í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* ([2]).

2) Framkvæmdastjórninni hefur ekki borist nein yfirlýsing um andmæli skv. 98. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

3) Í samræmi við 99. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 ætti að veita heitinu „Achterhoek – Winterswijk“ vernd og færa það inn í skrána sem um getur í 104. gr. sömu reglugerðar.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heitinu „Achterhoek – Winterswijk“ (VUT) er hér með veitt vernd.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. júlí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd forsetans,

Janusz WOJCIECHOWSKI

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 232, 20.7.2020, bls. 40. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 274/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671.

([2]) Stjtíð. ESB C 94, 23.3.2020, bls. 4.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1064 **2022/EES/72/78**

frá 13. júlí 2020

um að veita heitinu „delle Venezie“/„Beneških okolišev“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 ([1]), einkum 99. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 2. og 3. mgr. 97. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 hefur framkvæmdastjórnin tekið til meðferðar umsókn sem Ítalía sendi um skráningu heitisins „delle Venezie“/„Beneških okolišev“ og birt hana í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* ([2]).

2) Framkvæmdastjórninni hefur ekki borist nein yfirlýsing um andmæli skv. 98. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

3) Í samræmi við 99. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 ætti að veita heitinu „delle Venezie“/„Beneških okolišev“ vernd og færa það inn í skrána sem um getur í 104. gr. sömu reglugerðar.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heitinu „delle Venezie“/„Beneških okolišev“ (VUT) er hér með veitt vernd.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. júlí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd forsetans,

Janusz WOJCIECHOWSKI

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 232, 20.7.2020, bls. 41. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 274/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671.

([2]) Stjtíð. ESB C 58, 21.2.2020, bls. 21.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1120 **2022/EES/72/79**

frá 23. júlí 2020

um að veita heitinu „Adamclisi“ (vernduð upprunatáknun) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 ([1]), einkum 99. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 2. og 3. mgr. 97. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 hefur framkvæmdastjórnin tekið til meðferðar umsókn sem Rúmenía sendi um skráningu heitisins „Adamclisi“ og birt hana í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* ([2]).

2) Framkvæmdastjórninni hefur ekki borist nein yfirlýsing um andmæli skv. 98. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

3) Í samræmi við 99. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 ætti að veita heitinu „Adamclisi“ vernd og færa það inn í skrána sem um getur í 104. gr. sömu reglugerðar.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heitinu „Adamclisi“ (vernduð upprunatáknun) er hér með veitt vernd.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 245, 30.7.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 274/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671.

([2]) Stjtíð. ESB C 51, 14.2.2020, bls. 46.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. júlí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd forsetans,

Janusz WOJCIECHOWSKI

framkvæmdastjóri.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1679 **2022/EES/72/80**

frá 6. nóvember 2020

um að veita heitinu „Soltvadkerti“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 ([1]), einkum 99. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 2. og 3. mgr. 97. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 hefur framkvæmdastjórnin tekið til meðferðar umsókn sem Ungverjaland sendi um skráningu heitisins „Soltvadkerti“ og birt hana í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* ([2]).

2) Framkvæmdastjórninni hefur ekki borist nein yfirlýsing um andmæli skv. 98. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

3) Í samræmi við 99. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 ætti að veita heitinu „Soltvadkerti“ vernd og færa það inn í skrána sem um getur í 104. gr. sömu reglugerðar.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heitinu „Soltvadkerti“ (VUT) er hér með veitt vernd.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. nóvember 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd forsetans,

Janusz WOJCIECHOWSKI

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 379, 13.11.2020, bls. 25. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 274/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín (síðar birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671.

([2]) Stjtíð. ESB C 170, 18.5.2020, bls. 51.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1680 **2022/EES/72/81**

frá 6. nóvember 2020

um að veita heitinu „Friuli“/„Friuli Venezia Giulia“/„Furlanija“/„Furlanija Julijska krajina“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 ([1]), einkum 99. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 2. og 3. mgr. 97. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 hefur framkvæmdastjórnin tekið til meðferðar umsókn sem Ítalía sendi um skráningu heitisins „Friuli“/„Friuli Venezia Giulia“/„Furlanija“/„Furlanija Julijska krajina“ og birt hana í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* ([2]).

2) Framkvæmdastjórninni hefur ekki borist nein yfirlýsing um andmæli skv. 98. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

3) Í samræmi við 99. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 ætti að veita heitinu „Friuli“/„Friuli Venezia Giulia“/„Furlanija“/„Furlanija Julijska krajina“ vernd og færa það inn í skrána sem um getur í 104. gr. sömu reglugerðar.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heitinu „Friuli“/„Friuli Venezia Giulia“/„Furlanija“/„Furlanija Julijska krajina“ (VUT) er hér með veitt vernd.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. nóvember 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd forsetans,

Janusz WOJCIECHOWSKI

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 379, 13.11.2020, bls. 26. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 274/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671.

([2]) Stjtíð. ESB C 202, 16.6.2020, bls. 32.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/152 **2022/EES/72/82**

frá 3. febrúar 2021

um að veita heitinu Ponikve (vernduð upprunatáknun) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 ([1]), einkum 99. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 2. og 3. mgr. 97. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 hefur framkvæmdastjórnin tekið til meðferðar umsókn sem Króatía sendi um skráningu heitisins „Ponikve“ og birt hana í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* ([2]).

2) Framkvæmdastjórninni hefur ekki borist nein yfirlýsing um andmæli skv. 98. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

3) Í samræmi við 99. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 ætti að veita heitinu „Ponikve“ vernd og færa það inn í skrána sem um getur í 104. gr. sömu reglugerðar.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heitinu „Ponikve“ (VUT) er hér með veitt vernd.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 46, 10.2.2021, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 274/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671.

([2]) Stjtíð. ESB C 323, 1.10.2020, bls. 12.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd forsetans,

Janusz WOJCIECHOWSKI

framkvæmdastjóri.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1263 **2022/EES/72/83**

frá 26. júlí 2021

um að veita heitinu „Muškat momjanski/Moscato di Momiano“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 ([1]), einkum 99. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 2. og 3. mgr. 97. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 hefur framkvæmdastjórnin tekið til meðferðar umsókn sem Króatía sendi um skráningu heitisins „Muškat momjanski/Moscato di Momiano“ og birt hana í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* ([2]).

2) Framkvæmdastjórninni hefur ekki borist nein yfirlýsing um andmæli skv. 98. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

3) Í samræmi við 99. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 ætti að veita heitinu „Muškat momjanski/Moscato di Momiano“ vernd og færa það inn í skrána sem um getur í 104. gr. sömu reglugerðar.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heitinu „Muškat momjanski/Moscato di Momiano“ (VUT) er hér með veitt vernd.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. júlí 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd forsetans,

Janusz WOJCIECHOWSKI

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 277, 2.8.2021, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 274/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671.

([2]) Stjtíð. ESB C 36, 2.2.2021, bls. 22.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1915 **2022/EES/72/84**

frá 28. október 2021

um að veita heitinu „Urueña“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 ([1]), einkum 99. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 2. og 3. mgr. 97. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 hefur framkvæmdastjórnin tekið til meðferðar umsókn sem Spánn sendi um skráningu heitisins „Urueña“ og birt hana í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* ([2]).

2) Framkvæmdastjórninni hefur ekki borist nein yfirlýsing um andmæli skv. 98. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

3) Í samræmi við 99. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 ætti að veita heitinu „Urueña“ vernd og færa það inn í skrána sem um getur í 104. gr. sömu reglugerðar.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heitinu „Urueña“ (VUT) er hér með veitt vernd.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. október 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd forsetans,

Janusz WOJCIECHOWSKI

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 389, 4.11.2021, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 274/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671.

([2]) Stjtíð. ESB C 139, 20.4.2021, bls. 21.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/16 2022/EES/72/85

frá 22. október 2021

um leiðréttingu á tilteknum tungumálaútgáfum af framseldri reglugerð (ESB) 2019/934 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar vínræktarsvæði þar sem auka má alkóhólstyrkleikann, leyfilegar vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir sem eiga við um framleiðslu og varðveislu vínræktarafurða, lágmarkshlutfall alkóhóls í aukaafurðum og förgun þeirra og birtingu skráa Alþjóðavínstofnunarinnar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 ([1]), einkum 2. mgr. 75. gr. og 4. mgr. 80. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í frönsku, lettnesku, pólsku, rúmensku og spænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/934 ([2]) er villa í ellefta undirlið e-liðar liðar A.2 í B-hluta I. viðauka að því er varðar vín sem eru upprunnin í Kanada með fyrirvara um hámarksinnihald brennisteinsdíoxíðs sem nemur 400 mg á lítra.

2) Því ætti að leiðrétta frönsku, lettnesku, pólsku, rúmensku og spænsku útgáfuna af framseldri reglugerð (ESB) 2019/934 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

(Á ekki við um íslensku útgáfuna).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 5, 10.1.2022, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 275/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/934 frá 12. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar vínræktarsvæði þar sem auka má alkóhólstyrkleikann, leyfilegar vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir sem eiga við um framleiðslu og varðveislu vínræktarafurða, lágmarkshlutfall alkóhóls í aukaafurðum og förgun þeirra og birtingu skráa Alþjóðavínstofnunarinnar (Stjtíð. ESB L 149, 7.6.2019, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. október 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1146 **2022/EES/72/86**

frá 7. júní 2018

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/892 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar geira aldina og grænmetis og unninna aldina og grænmetis og reglugerð (EB) nr. 606/2009 um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 að því er varðar flokka vínræktarafurða, vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir þar að lútandi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 ([1]), einkum 38. gr., 182. gr. (1. og 4. mgr.) og 223. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1306/2013 frá 17. desember 2013 um fjármögnun, stjórnun og eftirlit með sameiginlegu landbúnaðarstefnunni og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 352/78, (EB) nr. 165/94, (EB) nr. 2799/98, (EB) nr. 814/2000, (EB) nr. 1290/2005 og (EB) nr. 485/2008 ([2]), einkum 2. mgr. 62. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/892 ([3]) eru settar reglur um beitingu reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar geira aldina og grænmetis og unninna aldina og grænmetis. Reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2393 ([4]), einkum að því er varðar aðstoð í aldin- og grænmetisgeiranum. Þessar breytingar á viðeigandi ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 ættu því að endurspeglast í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/892.

2) Uppfæra ætti framkvæmdarreglur um landsbundna fjárhagsaðstoð í aldin- og grænmetisgeiranum.

3) Mæla ætti nákvæmlega fyrir um framkvæmd hækkunar á mörkum fjárhagsaðstoðar Sambandsins úr 50% í 60% í aðildarríkjum þar sem samtök framleiðenda setja á markað innan við 20% af aldin- og grænmetisframleiðslu, eins og um getur í f-lið 3. mgr. 34. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, og einkum ætti að mæla fyrir um upplýsingar um útreikninginn á skipulagsstigi framleiðenda í aðildarríki, til að tryggja að umsóknir um aðstoð og sannprófun á skilyrðunum fyrir hækkuninni séu framkvæmdar á samræmdan hátt í öllu Sambandinu.

4) Einnig ætti að gera skýra grein fyrir því að kynning á afurðunum sem krísuráðstöfun felur í sér að auka fjölbreytni og þétta markaði með aldin og grænmeti.

5) Einfalda ætti ákvæði sem varða ársskýrslur um samtök framleiðenda, félög samtaka framleiðenda, þ.m.t. fjölþjóðleg samtök, og hópa framleiðenda, og um aðgerðasjóði, aðgerðaáætlanir og viðurkenningaráætlanir. Þessar skýrslur ættu að gera framkvæmdastjórninni kleift að vakta geirann með fullnægjandi hætti.

6) Gera ætti skýra grein fyrir skilyrðum fyrir beitingu innflutningsgjaldanna sem um getur í 182. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 sem kunna að gilda um innflutning tiltekinna aldina og grænmetis.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 208, 17.8.2018, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 276/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671.

([2]) Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 549.

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/892 frá 13. mars 2017 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar geira aldina og grænmetis og unninna aldina og grænmetis (Stjtíð. ESB L 138, 25.5.2017, bls. 57).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2393 frá 13. desember 2017 um breytingum á reglugerðum (ESB) nr. 1305/2013 um stuðning Dreifbýlisþróunarsjóðs evrópsks landbúnaðar (EAFRD) við dreifbýlisþróun, (ESB) nr. 1306/2013 um fjármögnun, stjórnun og eftirlit með sameiginlegu landbúnaðarstefnunni, (ESB) nr. 1307/2013 um að koma á reglum um beingreiðslur til bænda samkvæmt stuðningskerfum innan ramma sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar, (ESB) nr. 1308/2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og (ESB) nr. 652/2014 um ákvæði um stjórnun útgjalda er varða matvælaferlið, heilbrigði dýra og velferð dýra og sem varða plöntuheilbrigði og fjölgunarefni plantna (Stjtíð. ESB L 350, 29.12.2017, bls. 15).

7) Ef félag samtaka framleiðenda eða fjölþjóðlegt félag samtaka framleiðenda framkvæmir aðgerðaáætlun ættu aðildarríkin að tryggja að komist sé hjá tvífjármögnun og að viðeigandi eftirlit sé viðhaft að því er varðar ráðstafanir sem eru framkvæmdar á vettvangi félags samtaka framleiðenda, sem og á vettvangi aðila að samtökum framleiðenda, eins og krafist er samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1306/2013.

8) Uppfæra ætti I. og II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/892 til að einfalda A-hluta í ársskýrslum aðildarríkjanna, sameiginlega frammistöðuvísa og til að fjarlægja sameiginlegu vísana fyrir grunnástand.

9) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/892 til samræmis við það.

10) Í 3. lið A-þáttar I. hluta VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 er sett fram skuldbinding fyrir aðildarríkin um að tilkynna framkvæmdastjórninni um alla hækkun á mörkunum sem mælt er fyrir um í 2. lið þess þáttar. Breyta ætti reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009 ([5]) til að kveða á um upplýsingar varðandi framlagningu aðildarríkjanna á þessum upplýsingum til framkvæmdastjórnarinnar.

11) Þessi reglugerð ætti að gilda frá og með gildistökudegi reglugerðar (ESB) 2017/2393. Ákvæði sem varða skýrslugjöf ættu þó að gilda frá 1. janúar 2019 til að gefa aðildarríkjunum og hlutaðeigandi rekstraraðilunum nægan tíma til að koma breytingunum, sem settar eru fram í þessari reglugerð, í framkvæmd. Sveigjanleikinn sem samtökum framleiðenda er veittur með nýju ráðstöfununum og aðgerðunum, sem koma til vegna umbreytingarákvæðanna, ætti að gilda afturvirkt til að hann falli saman við gildistökudag reglugerðar (ESB) 2017/2393 og til að breytingarnar í reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 séu virtar.

12) Skilyrðin fyrir beitingu nýju ráðstafananna og aðgerðanna, sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, sem hægt er að fá fjárhagsaðstoð frá Sambandinu fyrir ættu að gilda frá þeim degi þegar breytingarnar á þeirri reglugerð, sem innleiddar voru með reglugerð (ESB) nr. 2017/2393, koma til framkvæmda, til að tryggja stöðugleika á markaðnum fyrir samtök framleiðenda og aðila þeirra, einkum þar sem þessar ráðstafanir varða aðallega krísustjórnun og forvarnir gegn krísuástandi og gera þeim kleift að njóta nýju ráðstafananna til fulls. Til að vernda lögmætar væntingar geta samtök framleiðenda valið að halda áfram með aðgerðaáætlanir sínar samkvæmt fyrri lagaramma eða að breyta aðgerðaáætlunum sínum til að njóta góðs af nýju ráðstöfununum og aðgerðunum sem hægt er að fá fjárhagsaðstoð frá Sambandinu fyrir, eins og um getur í reglugerð (ESB) nr. 1308/2013.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/892

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/892 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi 8. gr. a er bætt við:

„8. gr. a

Framkvæmd hækkunar á mörkum fjárhagsaðstoðar Sambandsins úr 50% í 60%

1. Hækkun á mörkum fjárhagsaðstoðar Sambandsins úr 50% í 60% vegna aðgerðaáætlunar eða hluta aðgerðaáætlunar viðurkenndra samtaka framleiðenda, eins og um getur í f-lið 3. mgr. 34. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, skal veitt ef:

a) skilyrðin, eins og um getur í f-lið 3. mgr. 34. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, eru uppfyllt á hverju ári sem aðgerðaáætlunin er í framkvæmd og farið er að málsmeðferð þeirri sem um getur í g-lið 2. mgr. 9. gr. þessarar reglugerðar,

b) beiðni kemur frá viðurkenndum samtökum framleiðenda um leið og aðgerðaáætlun þeirra er lögð fram.

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009 frá 10. júlí 2009 um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 að því er varðar flokka vínræktarafurða, vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir þar að lútandi (Stjtíð. ESB L 193, 24.7.2009, bls. 1).

2. Til að hækka megi mörk fjárhagsaðstoðar Sambandsins til aðgerðaáætlunar eða hluta hennar úr 50% í 60% skal reikna hlutfall samtaka framleiðenda í setningu aldina og grænmetis, sem um getur í f-lið 3. mgr. 34. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, á markað fyrir hvert ár sem aðgerðaáætlunin stendur, sem hluta af framleiðsluverðmætinu sem samtök framleiðenda setja á markað í tilteknu aðildarríki, af heildarverðmæti framleiðslu á aldinum og grænmeti sem sett er á markað í því tiltekna aðildarríki á viðmiðunartímabilinu sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 23. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/891.

Aðildarríki sem beita staðgönguaðferðinni, sem sett er fram í 3. mgr. 23. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/891, skulu þó reikna hlutfall setningar samtaka framleiðenda á aldinum og grænmeti, sem um getur í f-lið 3. mgr. 34. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, á markað fyrir hvert ár sem aðgerðaáætlunin stendur, sem hluta af framleiðsluverðmætinu sem samtök framleiðenda setja á markað í tilteknu aðildarríki, af heildarverðmæti framleiðslu á aldinum og grænmeti sem sett er á markað í því tiltekna aðildarríki á tímabilinu frá 1. janúar til 31. desember á árinu á undan því ári þegar aðstoðin er samþykkt í samræmi við 8. gr. þessarar reglugerðar.

3. Aðildarríkin skulu tilkynna samtökum framleiðenda, sem leggja fram beiðnina, um fjárhæð aðstoðarinnar sem er samþykkt, þ.m.t. hækkunina sem er veitt samkvæmt f-lið 3. mgr. 34. gr. í reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, í síðasta lagi fyrir 15. desember á árinu á undan því ári þegar aðgerðaáætluninni er hrint af stað, eins og mælt er fyrir um í 8. gr. þessarar reglugerðar.

4. Á hverju ári meðan aðgerðaáætlunin stendur yfir skulu aðildarríkin sannprófa að skilyrðin fyrir hækkuninni á mörkum fjárhagsaðstoðar Sambandsins úr 50% í 60%, eins og um getur í f-lið 3. mgr. 34. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, séu uppfyllt.“

2) Ákvæðum a-liðar 1. mgr. 4. gr. er breytt sem hér segir:

„a) lýsingu á upphafsstöðu sem byggir á, ef við á, vísunum sem eru tilgreindir í töflu 4.1 í II. viðauka.“

3) Í stað 6. og 7. mgr. 9. gr. kemur eftirfarandi:

„6. Samtök framleiðenda skulu leggja fram umsókn um aðstoð varðandi aðgerðir sem eru framkvæmdar á vettvangi samtaka framleiðenda í því aðildarríki þar sem þau eru viðurkennd. Ef samtök framleiðenda eru aðilar að fjölþjóðlegu félagi samtaka framleiðenda skulu þau afhenda því aðildarríki þar sem hið fjölþjóðlega félag samtaka framleiðenda hefur höfuðstöðvar sínar afrit af umsókninni.

7. Fjölþjóðleg félög samtaka framleiðenda skulu leggja fram umsókn um aðstoð varðandi aðgerðir sem framkvæmdar eru á vettvangi fjölþjóðlega félagsins í því aðildarríki þar sem það félag hefur höfuðstöðvar sínar. Aðildarríkin skulu sjá til þess að ekki sé hætta á tvífjármögnun.“

4) Í stað 1. mgr. 14. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu samþykkja ákvæði um þau skilyrði sem þarf að uppfylla með kynningar- og samskiptaráðstöfunum, þ.m.t. aðgerðir og starfsemi sem miðar að því að auka fjölbreytni og styrkja markaði með aldin og grænmeti, hvort sem þær ráðstafanir varða forvarnir gegn krísuástandi eða krísustjórnun. Í þessum ákvæðum skal gera ráð fyrir skjótri beitingu ráðstafananna þegar þörf er á.

Meginmarkmiðið með þessum ráðstöfunum skal vera að efla samkeppnishæfni afurðanna sem samtök framleiðenda og félög þeirra setja á markað ef um er að ræða alvarlegar markaðsraskanir, tap á tiltrú neytenda eða önnur skyld vandamál.

Sértæku markmiðin með kynningar- og samskiptaráðstöfununum sem samtök framleiðenda og félög þeirra framkvæma skulu vera:

a) að auka vitund um gæði landbúnaðarafurða sem eru framleiddar í Sambandinu og um háa gæðastaðla sem gilda um framleiðslu þeirra í Sambandinu,

b) að auka samkeppnishæfni og neyslu landbúnaðarafurða og tiltekinna unninna afurða sem eru framleiddar í Sambandinu og auka vitund um gæði þeirra, bæði innan og utan Sambandsins,

c) að auka vitund um gæðakerfi Sambandsins, bæði innan og utan þess,

d) að auka markaðshlutdeild landbúnaðarafurða og tiltekinna unnina afurða sem eru framleiddar í Sambandinu, með áherslu á markaði í þriðju löndum sem hafa mestu vaxtarmöguleikana og

e) að stuðla að endurheimt eðlilegra markaðsaðstæðna á markaði Sambandsins ef upp koma alvarlegar markaðsraskanir, tap á tiltrú neytenda eða önnur skyld vandamál.“

5) III. kafli fellur brott,

6) Í stað 21. gr. kemur eftirfarandi:

„21. gr.

Upplýsingar og ársskýrslur frá hópum framleiðenda, samtökum framleiðenda og félögum samtaka framleiðenda og ársskýrslur aðildarríkja

Að beiðni lögbærs yfirvalds aðildarríkis skulu hópar framleiðenda, sem komið er á fót skv. 125. gr. e í reglugerð (EB) nr. 1234/2007, viðurkennd samtök framleiðenda, félög samtaka framleiðenda, fjölþjóðleg félög samtaka framleiðenda og hópar framleiðenda láta í té allar viðeigandi upplýsingar sem nauðsynlegar eru við gerð ársskýrslunnar sem um getur í b-lið 54. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/891.Uppbygging ársskýrslunnar er sett fram í II. viðauka við þessa reglugerð.

